



Lýðræði í mótun: félagastarf, fjölmiðlun og þátttaka almennings 1874–1915

Hrafnkell Lárusson

Ritgerð lögð fram til doktorsprófs
2021



HÁSKÓLI ÍSLANDS
HUGVÍSINDASVIÐ

SAGNFRÆÐI- OG HEIMSPEKIDEILD

Lýðræði í mótun:

félagastarf, fjölmiðlun og þátttaka almennings 1874–1915

Hrafnkell Lárusson

Ritgerð lögð fram til doktorsprófs

Háskóli Íslands
Hugvísindasvið
Sagnfræði- og heimspekideild
Apríl 2021

Sagnfræði- og heimspekideild Háskóla Íslands
hefur metið ritgerð þessa hæfa til varnar
við doktorspróf í sagnfræði

Reykjavík, 1. febrúar 2021

Steinunn Kristjánsdóttir
deildarforseti

Doktorsnefnd:

Guðmundur Hálfðanarson, leiðbeinandi

Ragnheiður Kristjánsdóttir

Sigurður Gylfi Magnússon

Lýðræði í mótun

© Hrafnkell Lárusson
Reykjavík 2021

Doktorsritgerð við Háskóla Íslands. Allur réttur áskilinn. Ritgerðina má ekki afrita, að hluta eða í heild, svo sem með ljósmyndun, skönnun, prentun, hljóðritun, eða á annan sambærilegan hátt, án skriflegs leyfis höfundar.

ISBN 978-9935-9563-4-7

Ágrip

Á árunum 1874–1915 tók íslenskt samfélag marghátuðum breytingum sem birtust m.a. í efnahags- og félagslegum umskiptum sem tengdust þéttbýlismyndun og lýðræðisþróun. Íslenska sveita-samfélagið átti undir högg að sækja eftir að hafa verið allsráðandi samfélagsgerð fram til þessa tíma. Fjöldi fólks fluttist úr sveitum til sjávarsíðunnar eða vestur um haf, þéttbýli óx og vöxtur hljóp í sjávarútveg og iðnað. Sveitasamfélagið lifði þó áfram, bæði sem veruleiki og hugmynd. Til þess var oft vísað, bæði á rannsóknartímanum og síðar, sem fyrirmyndar og uppsprettu þjóðlegra gilda og menningar. Þetta tímabil einkenndist af vaxandi réttindum almennings, bættri alþýðumenntun og meiri félags- og menningarlegri virkni, sem birtist m.a. í frumkvæði almennings að stofnun margvíslegra félaga og þátttöku í menningarviðburðum. Það ásamt vexti útgáfustarfs eflði og stækkaði hið opinbera rými. Árið 1915 var íslenskt samfélag mikið breytt frá því sem það var rúmum 40 árum fyrr.

Ýmsar hindranir voru í vegi félagastarfs á Íslandi á 19. öld, bæði hugarfars- og efnislegar. Íhaldssemi var rótgróin og andstaða var við breytingar á samfélagsgerðinni. Það viðhélt jaðar-setningu stórs hluta landsmanna (einkum kvenna og fátækra karla). Landið var strjálbýlt, innviðir samfélagsins veikir og samgöngur víða erfiðar. Fátækt og hörð lífsbarátta voru hlutskipti stórs hluta landsmanna sem þrengdi svigrúm þeirra til félagsstarfa. Þrátt fyrir þessar hindranir varð til á síðasta fjórðungi 19. aldar fjölbreytt félagastarf á Íslandi með þátttöku fólks af báðum kynjum, ýmsum aldri og úr mörgum þjóðfélagshópum. Það var þó ekki fyrr en undir lok 19. aldar sem fyrstu skipulögðu félagshreyfingarnar tóku að myndast.

Markmið þessarar rannsóknar er að greina lýðræðisþróun á Íslandi á tímabilinu 1874–1915 og hvort – og þá hvaða – áhrif almenningur hafði á þessa þróun. Áherslan er á virkni og þátttöku almennings í starfi félaga og félagshreyfinga sem studdu með beinum eða óbeinum hætti við eflingu og þróun lýðræðis og er sjónum sérstaklega beint að Austurlandi. Við greininguna er reynt að varpa ljósi á afstöðu almennings gagnvart lýðræðisstofnunum og kjörnum fulltrúum en einnig er tekið tillit til annarra áhrifaþátta, s.s. þróunar menntunar á tímabilinu, búsetu- og atvinnubreytinga og valdaafstæðna í nærsamfélögum. Í hnotskurn er þessu verki ætlað að vera félags-, menningar- og stjórnmálasöguleg rannsókn á áhrifum (eða áhrifaleysi) almennings á lýðræðisþróun á Íslandi á tímabilinu 1874–1915. Þó þessi rannsókn taki til alls landsins er megináherslan á austfirskt samfélag tímabilsins. Með Austurlandi er hér átt við Múlasýslur. Með þessari afmörkun fæst meiri dýpt í rannsóknina og hún eykur möguleika á að varpa skýrara ljósi á samspil einstaklinga, félaga og valdaafstæðna, en ef stærri hluti landsins eða landið allt væri undir.

Þessi rannsókn byggist á eftirfarandi grundvallarspurningu: Hafði íslenskur almenningur, starfandi félög og félagshreyfingar merkjanleg áhrif á þróun íslenskra stjórnmála, lýðræðis og samfélags á rannsóknartímanum (1874–1915)? Ef svarið er já er afleidd spurning: Hvaða áhrif? Ef svarið er nei er næsta spurning: Hvers vegna? Þessi grundvallarspurning mótar efnistöku og nálgun í öllum þremur meginhlutum ritgerðarinnar og henni, sem og afleiddum sértækari spurningum, er leitast við að svara í niðurstöðukafla.

Rannsóknin skiptist í þrjá meginhluta: „Lýðræði, samfélagsgerð og fjölmiðlun“, „Almenningur, heimilin og almannarými“ og „Austurland: samfélag, lýðræðisþróun, félagastarf og fjölmiðlun.“ Efnislega færirst sjónarhorn rannsóknarinnar frá hinu almenna til hins sértæka. Annar hluti miðast við landið allt, þriðji hlutinn einnig en með skýrri austfirskri áherslu og fjórði hluti miðast við Austurland. Í fimmta og síðasta hlutanum eru niðurstöður rannsóknarinnar dregnar saman.

Annar hluti hefst á umfjöllun um lýðræði, inntak þess, þróun og væntingar sem til þess eru gerðar. Lýðræðisþróun á Íslandi á 19. öld og til loka rannsóknartímans er þar skýrð, sett í fræðilegt

samhengi og tengd við sambærilega þróun í nágrannalöndum. Þar er einkum byggt á rannsóknum Jean Grugel, David Held og Charles Tilly. Markmið þessa hluta er að skýra félagsgerð íslensks samfélags og undirbyggja umfjöllun í þriðja og fjórða hluta. Rætt er um megin hugmyndastrauma sem mótuðu íslenskt samfélag og mismunandi stöðu þjóðfélagshópa gagnvart lýðræðislegum réttindum, um félagslega aðgreiningu í íslensku samfélagi, á hverju hún byggði og hvernig henni var viðhaldið, um hlutverk valdhafa og um opinberar umræður, upplýsingadreifingu og sköpun almenningsálits, með áherslu á vaxandi hlutverk fjölmiðla.

Í þriðja hluta er leitast við að skýra vöxt og áhrif félaga og félagsshreyfinga í íslensku samfélagi á rannsóknartímanum og hlutverk þeirra í lýðræðisþróun. Þessi hluti brúar bilið milli almennrar samfélagslýsingar annars hluta og afmarkaðri umfjöllunar í fjórða hluta. Rætt er um tilkomu og vöxt félaga og félagsshreyfinga á Íslandi frá því um miðja 19. öld og fram á upphaf 20. aldar með hliðsjón af kenningu Jürgen Habermas um *almannarými*. Rætt er um félagslega þætti sem sköpuðu forsendur fyrir vexti félagastarfs og fjallað um félags- og menningarlegt ástand, einkum með tilliti til áhrifa heimila og nærsamfélags og möguleikum fólks til að afla sér þekkingar og efla félagslega færni sína.

Fjórði hluti beinist að félags-, atvinnu- og búsetuþróun á Austurlandi á rannsóknartímanum, einkum í sveitasamfélögum en einnig með tilliti til vaxandi þéttbýlissamfélaga. Nálgun þessa kafla er persónumiðaðri og sértækari en fyrri hlutanna tveggja og byggir að verulegu leyti á persónulegum heimildum og skjölum félaga. Umfjöllun þessa hluta styðst við notkun Pierre Bourdieu á hugtakinu *doxa* og hvernig það mótar samfélög og setur íbúum þeirra mörk og viðmið. Fjallað er um austfirsku félagsgerð, búsetuþróun, atvinnuhætti og stöðu menntunar og menningar sem og valdaafstæður í nærsamfélögum og hlutverk fjölmiðla í austfirsku almannarými. Meginefni þessa hluta er þó greining á austfirskum félögum og hlutverks þeirra í samfélagsþróun.

Abstract

In the years 1874–1915, Icelandic society underwent multitudinous changes which among other things appeared in an economic and social shift regarding urbanisation and democratic development. The Icelandic rural society was on the wane, after being the prevailing community structure for centuries. Many people moved from the countryside to the seaside or to America, villages grew, and fishing and industry became more prominent. However, the rural society remained, both as an idea and reality. It was often referenced, during the research period and at later times, as exemplary and the source of national values and culture. This period was characterised by increased public rights, growth in public education and more social and cultural activity, which for example manifested itself in the foundation of diverse associations and public participation in cultural events. This, along with increased publishing activities, strengthened and enlarged the social space. The year 1915 saw a dramatically changed society from forty years earlier.

There were several hindrances in the way of social activities in Iceland during the 19th century, both temperamental and material. There was ingrained conservatism and opposition to any changes to the societal structure. This maintained the marginalisation of a large part of the population (particularly females and poor males). The country was sparsely populated, its infrastructure weak and transport largely difficult. For a large part of Icelanders, poverty and struggle for existence limited their opportunities to partake in social activities. Despite these obstacles, the last quarter of the 19th century saw the emergence of diverse activities with participants of both genders, of various ages and from many social groups. Despite that, the first organised associations did not appear until towards the end of the century.

This research aims at analysing democratic development in Iceland from 1874 to 1915, and whether the general public had any influence on this development, and if so, how? The focus is on the participation and activity of the public in associations and social movements that directly or indirectly supported the promotion and development of the democracy, particularly in East-Iceland. An attempt is made to cast a light on the public's attitude towards democratic institutions and elected representatives, but other factors are also taken into consideration, such as the development of education during this period, changes in residential and employment issues, and power relativity in the local society. In a nutshell, this work is meant to be a social, cultural and political-historical research of the influence (or lack of) of the general public on democratic development in Iceland between 1874 and 1915. Although the research covers the whole country, its main focus is on East-Iceland, more precisely the Múli Districts. This demarcation brings more depth to the research and gives a better view of the interplay of individuals, associations and power relations than could be had by focusing on the whole country.

The research is based on the following fundamental question: Did the Icelandic public, working associations and social movements, markedly influence the development of Icelandic politics, democracy and society during the research period (1874–1915)? If yes, then in what way? If no, then why not? This fundamental question shapes the treatment of material and approach in the three main parts of the dissertation, and an attempt is made to provide an answer to this and other derivative questions in the conclusion chapter.

The research is divided into three main parts: “Democracy, Community Structure and Mass Communication”, “The Public, The Household and The Public Sphere”, and “East-Iceland – Community, Democratization, Social Activities and Mass Communication”. Materially, the viewpoint moves from the general to the specific. The second part is aimed at the whole country and

so is the third part, but the latter has a clear East-Iceland emphasis, and the fourth part revolves only around East-Iceland. The fifth and last part contains conclusions.

The second part starts with a discussion about democracy, its meaning, development and expectations towards it. Democratization in Iceland in the 19th century and until the end of the research period is explained, put in academic context and connected to comparable development in neighbouring countries. This part is mainly based on the research of Jean Grugel, David Held and Charles Tilly. The goal here is to explain the Icelandic social structure during the research period and lay the foundation for the discussions in part three and four. There is discussion of the main ideologies which shaped Icelandic society and how different social groups were on unequal footing regarding democratic rights; of social discrimination in Icelandic communities, what it was based on and how it was maintained; of the role of the authorities and public debates; of dissemination of information and the creation of the public opinion, with an emphasis on the growing role of the media.

The third part is an attempt to explain the growth and influence of associations and social movements in Icelandic communities during the research period and their role in democratic development. This part bridges the gap between the general community description in the second part, and a more specific discussion in the fourth part. There is discussion about the emergence and growth of associations and social movements in Iceland from the middle of the 19th century to the start of the 20th, with reference to Jürgen Habermas' theory of *the public sphere*. Also about the social factors which created the premise for the growth of social activities, and about social and cultural situation, particularly in regard to the influence of the household and the local society, and people's opportunities to educate themselves and strengthen their social skills.

The fourth part is directed towards changes in social, employment and community development in East-Iceland during the research period, particularly in rural communities but with reference to growing urbanisation. The approach here is more personalised and specific than in the previous two parts and is largely based on personal papers and associations' documents. The discussion in this part relies on Pierre Bourdieu's use of the *doxa* concept, how it shapes communities and places boundaries and guidelines upon their residents. The social structure in East-Iceland is discussed, along with community development, employment structure and the education and culture situation, as well as power relations in the local communities and the role of media in the public sphere in East-Iceland. However, the main subject of this part is an analysis of East-Iceland associations during the research period and their role in the development of the society.

EFNISYFIRLIT

Formáli.....	7
1. Inngangur	11
1.1 Rannsóknin	12
1.2 Staða þekkingar.....	17
1.3 Aðferðir, kenningar og lykilhugtök	20
1.4 Heimildir: val, framsetning og túlkun	26
2. Lýðræði, samfélagsgerð og fjölmiðlun.....	31
2.1 Lýðræðisþróun: ferð án enda?	32
2.1.1 Íhaldsmenn, frjálslyndir og „fólkið“.....	34
2.1.2 Kosningaréttur og kjörgengi.....	38
2.2 Kynjahlutverk, aðgreining og menntun	41
2.2.1 Félagsleg aðgreining og áhrif embættismanna	43
2.2.2 Fræðsla og menntun	51
2.3 Útgáfa: þjóðmálablöð, tímarit og sveitarblöð	56
2.3.1 Breytingar á íslenskri blaðaútgáfu eftir 1874.....	60
2.3.2 Prentað efni og handskrifað: Dreifing og viðtökur.....	62
3. Almennigur, heimilin og almannarými.....	69
3.1 Almennarýmið: félög og félagsshreyfingar.....	70
3.1.1 Félagastarf um miðja 19. öld	72
3.1.2 Uppgangur félaga undir lok 19. aldar	75
3.1.3 Samspil félagsshreyfinga og lýðræðisþróunar	79
3.1.4 Upphaf íslenskra félagsshreyfinga	85
3.2 Nærsamfélög: menning, vald og ritvæðing.....	90
3.2.1 Heimilin: menning og húsbóndavald	91
3.2.2 Lestrarfélög og ritvæðing almennings	95
3.3 Almennigur, lýðræði og valdaafstæður	98
3.3.1 Kjörnir fulltrúar og aðkoma almennings	99
3.3.2 Leiksvið lýðræðis: Frásagnir sjónarvotta á kjörfundum	111
3.3.3 Viðfangsefni og áhugasvið: „stórpólitík“ og önnur samfélagsmál.....	115
3.3.4 Almennarými og nútímavæðing	123
3.3.5 Fráhvarf frá dyggðum og andstaða við vald	133

4. Austurland: samfélag, lýðræðisþróun, félög og fjölmiðlun	141
4.1 Búsetuþróun, atvinnuhættir, menntun og menning.....	144
4.1.1 Vaxandi þéttbýli og bætтар samgöngur	144
4.1.2 Vesturferðir, landbúnaður og vinnufólk.....	148
4.1.3 Menntun og menning um aldamótin	152
4.2 Félagsleg aðgreining og valdaafstæður í nærsamfélögum.....	156
4.2.1 Félagslegur hreyfanleiki: möguleikar og hindranir	156
4.2.2 Valdaafstæður og félagslegt tengslanet í nærsamfélögum	161
4.2.3 Ráðgjafar almennings og átök í kjölfar lýðræðisumbóta	167
4.3 Áhrif þjóðmálablaða á austfirskt almannarými.....	172
4.3.1 Austfirsk þjóðmálablöð á rannsóknartímanum	172
4.3.2 Opinber skoðanaskipti og félagslegt stigveldi.....	175
4.3.3 Speglar samfélagslegrar togstreitu: búseta, atvinna og samfélagsstaða.....	178
4.3.4 Þjóðmálablöð og lýðræðisþróun: efling opinberra skoðanaskipta.....	185
4.4 Félagastarf: tegundir félaga, áherslur og þátttaka.....	190
4.4.1 Austfirskt félagastarf fram til 1874.....	192
4.4.2 Búnaðarfélög.....	195
4.4.3 Lestrarfélög.....	198
4.4.4 Bindindisfélög og stúkur.....	203
4.4.5 Kvenfélög.....	207
4.4.6 Málfundafélög.....	210
4.4.7 Sveitar- og félagsblöð	215
4.4.8 Félagastarf: framtak, viðhorf og væntingar	220
4.5 Austfirsk tilvik:fólk á tvennum tímum.....	225
4.5.1 Arnbjörg Stefánsdóttir og Framfarafélag Loðmundarfjarðar.....	225
4.5.2 Systkinin frá Skógargerði	231
4.5.3 Hákon Finnsson: kennari, félagsmálamaður og bóndi.....	239
5. Niðurstöður.....	244
Summary.....	248
Heimildaskrá.....	253
Viðauki 1: Austfirsk þjóðmálablöð 1874–1915	279

Formáli

Haustið 2011 fékk ég leyfi stjórnar Héraðsskjalasafns Austfirðinga til að færa starfshlutfall mitt árið 2012 niður í 50% til að hefja doktorsnám í sagnfræði við Háskóla Íslands (HÍ), samhliða þáverandi starfi mínu sem forstöðumaður Héraðsskjalasafnsins. Ég lauk MA-prófi í sagnfræði frá HÍ vorið 2006 og hafði síðan þá haft hug á að fara í doktorsnám þegar ég hefði aflað mér starfsreynslu. Ég leitaði til Guðmundar Hálfðanarsonar prófessors í sagnfræði við HÍ, sem var leiðbeinandi minn við MA-ritgerð, um að leiðbeina mér við doktorsverkefnið og tók hann þeirri beiðni minni vel.

Ég var með metnaðarfulla hugmynd að rannsóknarverkefni og hugðist rannsaka þróun tjáningarfrelsis á Íslandi frá 1770–1930! Frá valdatíð Struensees í Danmörku til stofnunar RÚV. Guðmundur leiddi mér brátt fyrir sjónir að ég væri að færast alltof mikið í fang enda reyndist þetta verkefni, við nánari athugun, vera nær því að vera ævistarf en doktorsverkefni ef ætti að vinna það af nákvæmni. Rannsókn á mál- og ritfrelsi þessa tímabils væri ein og sér of stórt efni í doktorsrannsókn. Ég breytti því um stefnu og hugðist rannsaka og bera saman þróun mál- og ritfrelsis í fjölmiðlum á tveimur aðgreindum tímabilum. Þar spiluðu inn í áhrif frá rannsóknarverkefni um þróun austfirskrar fjölmiðlunar á árunum 1985–2010 sem ég vann að sem verkefnisstjóri hjá stofnun Rannsóknarsetra Háskóla Íslands frá vori 2013 til sumars 2014. En þá kom babb í bátinn. Guðmundur tjáði mér að þó verkefnishugmyndin væri ágæt væri ég með henni kominn með efni sem væri að mestu utan hans rannsóknasviðs. Ég varð því að velja milli leiðbeinanda og verkefnis. Ég valdi leiðbeinandann og sé ekki eftir því. Upp úr þessu þróaðist sú rannsókn sem nú er lokið.

Þessi ritgerð er lögð fram til doktorsprófs í sagnfræði við Sagnfræði- og heimspekideild Háskóla Íslands. Vinna við þetta verkefni hófst í ársbyrjun 2015 og lauk haustið 2020. Leiðbeinandi minn var Guðmundur Hálfðanarson, forseti Hugvísindasviðs Háskóla Íslands og prófessor í sagnfræði við sama skóla. Með honum í doktorsnefndinni voru Ragnheiður Kristjánsdóttir, prófessor í sagnfræði við HÍ, og Sigurður Gylfi Magnússon, prófessor í menningarsögu við HÍ. Samstarfið við þau hefur verið afar gott og mjög hvetjandi. Þau hafa sýnt verkefninu lifandi áhuga og veitt mér hvatningu og aðhald. Ég kann þeim öllum hinar bestu þakkir fyrir gott samstarf og þá aðstoð sem þau hafa veitt mér. Stærstan þátt þeirra þriggja á Guðmundur og leyfi ég mér að fullyrða að án hans frábæru leiðsagnar og stuðnings væri þessu verki ekki lokið.

Ég hlaut tveggja ára rannsóknarstyrk frá Rannsóknarsjóði Háskóla Íslands vorið 2017. Ég er þakklátur fyrir þann styrk sem gerði mér kleift að einbeita mér að doktorsverkefninu. Fyrir þann tíma leið vinna við verkefnið fyrir að ég þurfti ítrekað að takast á hendur launuð verkefni, ótengd doktorsverkefninu, til að hafa í mig og á. Það er mín reynsla að það að hafa varanlega fjármögnun sé lykilatriði til að framvinda doktorsrannsóknarinnar sé viðunandi. Fjárhagsleg óvissa og það að þurfa að leggja rannsóknina til hliðar til að sinna öðrum störfum eða verkefnum heldur mjög aftur af framvindu – í raun mun meira en sem nemur þeim tíma sem fer í þá vinnu. Slíkar frátafir auka hættu á brottfalli nemenda og eru bagalegar á margan hátt, bæði fyrir nemandann og háskólann. Til að fjármagna vinnu við verkefnið eftir að styrkurinn frá Rannsóknarsjóði Háskólans kláraðist leitaði ég m.a. til austfirskra sveitarfélaga og fyrirtækja. Fljótdalshreppur og fyrirtækin Launafl og Tanni travel veittu mér smærri styrki sem þó munaði sannarlega um og er ég þeim þakklátur fyrir það. Sömuléiðis vil ég þakka leiðbeinanda mínum sem réði mig tímabundið sem aðstoðarmann við rannsóknarverkefni. Vorið 2020 hlaut ég svo styrk úr Minningarsjóði Eðvarðs Sigurðssonar sem Alþýðusamband Íslands hefur í sinni umsjá og var það mér mikið gleðiefni. Hagþenkir veitti mér ferðastyrk til að sækja Norræna sagnfræðingapíngið í Álaborg í Danmörku sumarið 2017 þar sem ég flutti erindi byggt á efni ritgerðarinnar. Fleiri slík erindi hef ég flutt, m.a. á Hugvísindapíngi (2017 og 2019), á málþingum í pólsku vísindaakadémíunni (IfiS/PAN, 2016 og tvívegis 2019), á

ráðstefnu um bréf vesturfara í Háskóla Íslands (2019), á föstudagsseminar í sagnfræði við Háskóla Íslands (2020) og í málstofum doktorsnema í sagnfræði við Háskóla Íslands sem haldnar eru á hverju skólaári. Frá 2015 hef ég haft aðgang að vinnuaðstöðu doktorsnema í Hug- og félagsvísindum við HÍ sem er til húsa á þriðju hæð í Gimli.

Í janúar 2016 fékk ég tækifæri til að fara um þriggja mánaða skeið í skiptináám til Graduate School of Social Research (GSSR) í Varsjá í Póllandi. GSSR er hluti pólsku vísindaakademíunnar (IfiS/PAN). Skiptinámið gaf mér tækifæri til að kynnst öðru háskólaumhverfi en ég átti að venjast að heiman sem og fjölbreyttum hópi nemenda en GSSR, sem er systurháskóli Lancaster háskóla í Bretlandi, leggur mikið upp úr því að fá til sín erlenda MA- og doktorsnema. Í byrjun árs 2018 fluttist ég til Varsjár eftir að hafa fengið sex mánaða Erasmus+ styrk til starfsþjálfunar við IfiS/PAN. Þar dvaldi ég til loka júní það ár en sneri aftur síðla hausts 2018 eftir að hafa fengið fimm mánaða styrk til viðbótar frá Erasmus+ og lauk því tímabili í apríl 2019. Í Varsjá starfaði ég undir umsjón Rafal Smoczyński, prófessors í félagsfræði við IfiS/PAN. Hann og Ragnheiður Kristjánsdóttir, prófessor í sagnfræði við Háskóla Íslands, eiga heiðurinn af því tækifæri til skiptináms sem mér hlotnaðist árið 2016.

Ég hef að mestu búið í Varsjá síðan í ársbyrjun 2018. Að vinna að rannsókninni erlendis hefur reynst mér vel á flestan hátt þó fjarvera frá leiðbeinanda og viðburðum í fræðunum á Íslandi hafi á stundum verið bagaleg, einkum eftir að heimsfaraldurinn fór að gera ferðir milli landa erfiðar og stundum ómögulegar. Það sem gerði mér kleift að flytja til annars lands með rannsóknina var að þegar ég fór var gagnaöflun að mestu lokið og meginverkefnið framundan í úrvinnslu og ritun.

Fjölmargir eiga þakkir skyldar fyrir ýmiss konar aðstoð við vinnu mína við verkefnið. Fyrst langar mig að þakka starfsfólki Safnahússins á Egilsstöðum fyrir aðstoð og áhuga á verkefninu. Til þeirra er gott að leita eins og ég raunar vissi, verandi fyrrum starfsmaður Minjasafns Austurlands og síðar Héraðsskjalasafns Austfirðinga á árunum 2006–2013. Sérstaklega vil ég þakka starfskonum Héraðsskjalasafnsins, Báru Stefánsdóttur forstöðukonu og Magnhildi Björnsdóttur. Einnig ber að þakka starfsfólki Handritasafns Landsbókasafnsins fyrir aðstoð og leiðbeiningar og vil ég þar nefna sérstaklega Braga Þorgrím Ólafsson forstöðumann en einnig Gunnar Marel Hinriksson, Halldóru Kristinsdóttur og Guðrúnu Laufeyju Guðmundsdóttur. Aðrir starfsmenn Landsbókasafnsins sem ég hef átt samskipti við hafa verið mjög hjálplegir og vil ég þar sérstaklega geta starfsfólks Íslandssafns. Auk þeirra sem hér er getið hef ég notið liðsinnis og góðrar þjónustu starfsfólks Þjóðskjalasafns Íslands og héraðsskjalasafnanna á Akureyri og Húsavík. Ég hef átt góð og gagnleg samtöl við fræðafólk um efni ritgerðarinnar og oft hafa slík samskipti nýst mér beint og óbeint við rannsóknina. Í þeim efnum lét ég nægja að geta þriggja einstaklinga sem ég vil þakka sérstaklega. Það eru Erla Hulda Halldórsdóttir, prófessor í sagnfræði við HÍ, Vilhjálmur Árnason, prófessor í heimspeki við HÍ, og Vilhelm Vilhelmsson, doktor í sagnfræði og forstöðumaður Rannsóknaseturs Háskóla Íslands á Norðurlandi vestra. Urði Snædal þakka ég prófarkalestur og góðar ábendingar um málfar og Ingunni Snædal og Simon Knight fyrir enskar þýðingar á ágripi og útdrætti.

Samfélag við aðra doktorsnema hefur verið mér dýrmætt á þeirri vegferð sem nú er að ljúka. Á það bæði við um samnemendur mína í Reykjavík og í Varsjá. Gagnkvæmur stuðningur í þeim hópi er mikilvægur bæði á góðum stundum og slæmum í ferlinu. Það er örvandi að sjá þegar öðrum doktorsnemum gengur vel með sín verk og þeir hljóta verðskuldaða viðurkenningu fyrir þau en líka mikilvægt að læra af reynslu annarra og eiga vísan skilning og stuðning þegar á móti blæs.

Að lokum er óhjákvæmilegt að geta vinnu mína sem hafa skotið yfir mig skjólshúsi á ferðum mínum til Íslands eftir að ég fluttist til Varsjár og reynst mér í alla staði vel, bæði fyrr og síðar. Þar vil ég nefna Guðmund Þór Þorsteinsson, Ástu Kristínu Þorsteinsdóttur, Simon Knight, Orra Pál Jóhannsson, Jóhannes Elmar Jóhannesson Lange, Frey Rögnvaldsson, Snærós Sindradóttur,

Kristján Ketil Stefánsson og Kristínu Unu Friðjónsdóttur. Takk fyrir! Þið eruð öll frábær! Ekkert fólk hefur þó stutt mig meira í gegnum tíðina en foreldrar mínir, Helga Pálína Harðardóttir og Lárus Sigurðsson. Allur sá stuðningur og öll sú þolinmæði sem þau hafa sýnt mínum störfum og viðvarandi sérvisku minni verður seint að fullu þökkun. Síðast en ekki síst vil ég þakka fyrrum sambyliskonu minni, Malgorzötu Łukianow, fyrir alla þá hvatningu, skilning og kærleika sem hún sýndi mér.

Akureyri, 29. október 2020.
Hrafnkell Lárusson

1. Inngangur

Þann 29. mars árið 1887 birtist í seyðfirska blaðinu *Austra* grein undir heitinu „Um búnaðarskóla og alþýðumenntun.“¹ Höfundur var Jón Jónsson (1852–1923), hálfbertugur og sjálfmenntaður bóndi, þá búsettur í Húsey í Hróarstungu á Fljótsdalshéraði. Jón hóf mál sitt á að taka undir hugmyndir um sameiningu búnaðarskólanna á Eiðum og Hólum. Hann vildi að reistir yrðu tveir öflugir búnaðarskólar í landinu að erlendri fyrirmynd í stað þess að hrófa upp mörgum getulitlum smáskólum, þar sem námið væri lélegt og búskapurinn síst til fyrirmyndar. Þessari skoðun fylgdi Jón svo eftir með harðri gagnrýni á starfsemi Búnaðarskólans á Eiðum, einkum varðandi búskapinn þar, og beindist sú gagnrýni mest að skólastjóranum, Guttormi Vigfússyni (1850–1928).

Aftan við grein Jóns birtist stutt athugasemd ritstjóra *Austra* þar sem hann kvaðst ekki hafa viljað synja greininni birtingar, þar sem hún væri almenns efnis og að mörgu leyti vel samin, en hann lýsti sig ósammála höfundu í dómum hans um Eiðaskóla og starfsemina þar. Slíkar athugasemdir voru algengar í þjóðmálablöðum á þessum tíma. Af þessari má draga þá ályktun að ritstjóranum hafi verið það fremur á móti skapi að birta greinina en ekki fundið flöt á að hafna henni og því viljað fyrirbyggja að væntanleg reiði vegna hennar beindist að blaðinu. Það reyndust vera skynsamleg viðbrögð.

Fyrsta svargreinin við skrifum Jóns birtist í *Austra* þann 2. maí 1887. Sú grein var stutt og án tilgreinds höfundar. Þar var sett ofan í við Jón fyrir að hafa sýnt skólastjóra Eiðaskólans dónaskap með skrifum sínum. Greinin hefur yfirbragð þöggunar þar sem tilgangurinn virðist sá að setja Jón á sinn stað en engin afstaða var tekin til meginatriða þess sem hann ritaði. Greininni lauk svo með þessum orðum: „Ef mér auðnast að sjá aptur línur um þetta mál ættaðar úr Húsey, skal ég svara svo lítið greinilegar.“² Jón tók til varna í grein í *Austra* þann 10. júní. Þar kallaði hann höfund svargreinarinnar „ómerking“ sem fæli sig bak við nafnleysi, afbakaði orð sín og sneiddi hjá meginefni greinar sinnar. Svo bætti Jón við: „En það vita víst allir nema þessi höf[undur] að nú eru liðnir þeir tímar, þegar stjórnendur og umsjónarmenn almennra stofnana, þóttust hafnir yfir það að fundið væri að gjörðum sínum, og álitu það sama og ærumeiðing ef talað var um slíkt opinberlega.“³

Í næstu tveimur tölublöðum *Austra* (17. og 25. júní) birtist ítarleg svargrein Guttorms Vigfússonar skólastjóra á Eiðum við upphaflegri grein Jóns.⁴ Þó tónninn í svörum Guttorms væri hvass í upphafi og niðurlagi eyddi hann mestu rými í að gera grein fyrir rekstri og starfsemi Eiðaskóla enda kom fram í máli hans að hann áleit það megintilgang Jóns að sverta skólastarfið á Eiðum. Guttormur lauk máli sínu á að staðhæfa að dómar Jóns um Eiðaskóla væru byggðir á slúðri og að síðustu sneiddi hann að Jóni fyrir hans eigin búskap með eftirfarandi orðum: „í annan stað efast eg um að hann kunni að meta búskap — o: hvað er slarkarabúskapur og hvað ekki — því aldrei hefi eg heyrt búskapar hans getið, sem fyrirmyndar, nema í því að treysta á náungann með heyföng þegar hans eigin hafa verið þrotin.“⁵ Með þessum orðum setti Guttormur viðmælanda sinn á tossabekk meðal bænda enda hefur löngum þótt skammarlegt fyrir bændur að verða heyllausir, jafnvel í harðindum.

Jón lét þó ekki þagga niður í sér og átti lokaorðin í þessum orðaskiptum á síðum *Austra*, í ítarlegri grein sem þar birtist 6. september árið 1887. Þar skýrði hann mál sitt frekar og dró síst úr gagnrýni sinni á Eiðaskóla en kvaðst aldrei hafa ætlað sér að standa í persónulegum deilum við Guttorm þó hann deildi á störf hans sem opinbers embættismanns.⁶ Ekki urðu frekari greinaskrif um þetta mál í

¹ Jón Jónsson (frá Sleðbrjót), „Um búnaðarskóla og alþýðumenntun,“ 29. mars 1887, 9–10.

² [Án tilgreinds höfundar] „Svar til Jóns Jónssonar í Húsey,“ 2. maí 1887, 19.

³ Jón Jónsson (frá Sleðbrjót), „Ei er héra at borgnara þó hæna beri skjöld,“ 10. júní 1887, 31–32.

⁴ Guttormur Vigfússon, „Svar til Jóns Jónssonar í Húsey,“ 17. júní 1887, 35–36; 25. júní 1887, 38–39.

⁵ Guttormur Vigfússon, „Svar til Jóns Jónssonar í Húsey,“ 25. júní 1887, 39.

⁶ Jón Jónsson (frá Sleðbrjót), „Um Eyðaskólann,“ 6. september 1887, 62–64.

Austra. Blaðið var um þetta leyti komið í tilvistarkreppu sem leiddi til að reglulegri útgáfu þess var hætt snemma árs 1888. Þessi deila fann sér þó brátt annan farveg. Guttormur hóf meiðyrðamál og lauk þeim málarekstri með því að Jón var dæmdur, fyrst í héraði og svo fyrir landsyfirrætti, til að greiða 100 krónur í sekt. Auk þess var Jóni gert að greiða allan málskostnað, nærri 600 krónur.⁷

Þeir tveir menn sem þarna áttust við voru holdgervingar tveggja þjóðfélagshópa á Íslandi á þeim tíma sem deilan hófst, þó báðir væru bændasynir, upprunnir á Fljótsdalshéraði og starfandi við búskap stóran hluta ævinnar. Guttormur Vigfússon var ættstór valdsmaður (skólastjóri) með framhaldsmenntun erlendis frá. Jón Jónsson (sem síðar var jafnan kenndur við bæinn Sleðbrjót í Jökulsárhlíð) var á þessum tíma óbreyttur bóndi, kominn af alþýðufólki. Hann hafði aðeins notið þess barnalærdóms sem tíðkaðist á uppvaxtarárum hans en var sjálfmenntaður vel umfram það sem almennt gerðist. Þessi deila og málaferlin sem af henni spunnust eru á vissan hátt lýsandi fyrir samfélagslegar breytingar sem voru að verða á Íslandi undir lok 19. aldar. Aukin útgáfa, einkum blaða, opnaði fyrir þátttöku fleira fólks en áður í opinberri umræðu. Umræðuefni greinar Jóns, sem hleypti ofangreindri ritdeilu og málaferlum af stað, má brjóta niður í tvö hugtök: menntun og framfarir. Þessi hugtök voru meðal þeirra fyrirferðarmestu í opinberri umræðu undir lok 19. aldar og fram á upphaf 20. aldar.

Undir lok 19. aldar var almenningur á Íslandi orðinn betur undirbúinn en fyrr til að taka þátt í opinberri umræðu, þó embættis- og menntamenn væru enn fyrirferðarmestir á því sviði. Þótt orð Jóns um breytta tíma sem leyfðu gagnrýni á valdsmenn án þess að slíkt teldist ærumeiðing hafi ekki reynst allskostar rétt í tilfelli hans sjálfs, þá voru þau engu að síður til marks um breytingar. Almenningur var að öðlast aukið sjálfstraust og var tekinn að gera kröfur um fullan þegnrétt, frekari hlutdeild í samfélaginu og áhrif á þróun þess og stjórnun.

Áður en dómsmálið milli Guttorms og Jóns var að fullu til lykta leitt voru þeir báðir orðnir alþingismenn, Jón fyrir Norður-Múlasýslu og Guttormur fyrir Suður-Múlasýslu. Á Alþingi áttu þeir eftir að starfa saman í áratug. Þeir stóðu þó oft fyrir ólíkar skoðanir og sóttu stuðning í ólíkar áttir.

1.1 Rannsóknin

Markmið þessarar rannsóknar er að greina lýðræðisþróun á Íslandi á tímabilinu 1874–1915 og hvort – og þá hvaða – áhrif almenningur hafði á þessa þróun. Áherslan er á virkni og þátttöku almennings í starfi félaga og félagsshreyfinga sem studdu með beinum eða óbeinum hætti við eflingu og þróun lýðræðis og er sjónum sérstaklega beint að Austurlandi. Við greininguna er reynt að varpa ljósi á afstöðu almennings gagnvart lýðræðisstofnunum, hinu opinbera valdi á landsvísu og í héraði, og kjörnum fulltrúum. Einnig er tekið tillit til annarra áhrifaþátta, s.s. þróunar menntunar á tímabilinu, búsetu- og atvinnubreytinga og valdaafstæðna í nærsamfélögum. Í hnotskurn er þessu verki ætlað að vera félags-, menningar- og stjórnmálasöguleg rannsókn á áhrifum (eða áhrifaleysi) almennings á lýðræðisþróun á Íslandi á tímabilinu 1874–1915.

Um miðjan áttunda áratug 19. aldar hófst vaxtarskeið í félaga- og útgáfustarfi á Íslandi sem virðist helst mega tengja við tilkomu stjórnarskrárinnar árið 1874 og hátíðahöldin í tilefni 1000 ára afmælis Íslandsbyggðar sama ár. Þessi þróun fór hægt af stað en kraftur hennar jókst er nær dró aldamótum og enn frekar í upphafi 20. aldar. Helstu birtingarmyndir hennar voru annars vegar vaxandi félagsleg virkni almennings og hins vegar breytingar á opinberri umræðu. Þessir þættir eru samtvinnnaðir en líka að nokkru leyti aðskildir. Hið opinbera rými var misaðgengilegt fyrir fólk, t.d. var misjafnt hvort félög sóttust eftir almennri þátttöku eða aðeins þátttöku valins hóps, og

⁷ *Landsyfjrrjettardómar og hæstarjettardómar í íslenskum málum*, 4:178–181; Jóhann Pálsson, „Safn til Landnámssögu Íslendinga í Vesturheimi,“ 109.

greinilegur aðstöðumunur var milli þjóðfélagshópa þegar kom að því að hasla sér völl á hinum ýmsu sviðum samfélagsins, t.d. því pólitíska. Greining á þróun þessa verður því ávallt að taka tillit til samfélagslegs valds og valdaafstæðna, bæði innan nærsamfélaga, í héruðum og landshlutum og á landinu öllu. Einstaklingar með mikil samfélagsleg áhrif í nærsamfélagi kunna að hafa verið valdalitlir utan þess. Á hinn bóginn gat valdsvið stjórnvalda (ríkisvalds) verið takmarkað, bæði vegna fjarlægðar frá valdmiðju og vegna valdaafstæðna innan svæðis. Þótt markmið rannsóknarinnar sé að greina áhrif þátttöku almennings á samfélagsmótun, hvernig hún birtist í félagastarfi og opinberri tjáningu og hvaða áhrif slík viðleitni hafði á þróun samfélagsins, frekar en að skoða virkni formlegra lýðræðislegra stofnana (Alþingis, sveitarstjórna o.s.frv.) er nauðsynlegt að hafa í huga samspil þessara stofnana við staðbundin samfélög, félagastarf þar og daglegt líf íbúa. Í þeim efnum er hér litið til þess hvernig frambjóðendur til Alþingis voru valdir, hverjir höfðu þar áhrif og hverjir ekki, til hvers var ætlast af kjörnum fulltrúum og hver staða þeirra var í nærsamfélagi.

Í öðrum hluta er fjallað um íslenska samfélagsgerð á rannsóknartímanum. Þeirri umfjöllun er ætlað að skýra hvaða mörk ráðandi samfélagsgerð við upphaf tímabilsins og fram eftir því setti fólki af ólíkum stigum, t.d. varðandi aðgengi að hinu opinbera rými, og til hvers var ætlast af fólki. Þessi umfjöllun dregur líka fram breytingar á samfélaginu sem varða efni síðari tveggja meginhluta ritgerðarinnar og hvaða möguleika þær sköpuðu. Í þessu er í senn litið til þróunar íslensks samfélags sem heildar sem og til nærsamfélags og heimila. Lögð er áhersla á að nálgast viðfangs-efnið út frá atbeina og viðhorfum fólks eins og þau birtast í opinberum skrifum og persónulegum heimildum (sendibréfum, dagbókum, æviminningum o.fl.) fremur en að draga ályktanir út frá öðrum þáttum, s.s. þróun löggjafar eða stuðningi við stjórn málaöfl. Þessi rannsókn snertir með beinum hætti á því hvernig hugmyndir um aukið frelsi og lýðræðisréttindi almennings tókust á við stigveldisskipt valdakerfi, formlegt og óformlegt. Megináherslan er á austfirsk dreifbýlissamfélög, félagslega uppbyggingu þeirra og hvernig samfélagsgerð og valdaafstæður innan þeirra höfðu áhrif á möguleika til lýðræðislegrar þátttöku.

Á árunum 1874–1915 tók íslenskt samfélag margháttuðum breytingum sem birtust m.a. í efnahags- og félagslegum umskiptum sem tengdust þéttbýlismyndun og lýðræðisþróun. Íslenska sveitasamfélagið átti undir högg að sækja eftir að hafa verið allsráðandi samfélagsgerð fram til þessa tíma. Fjöldi fólks fluttist úr sveitum til sjávarsíðunnar eða vestur um haf, þéttbýli óx og vöxtur hljóp í sjávarútveg og iðnað.⁸ Sveitasamfélagið lifði þó áfram, bæði sem veruleiki og hugmynd. Til þess var oft vísað, bæði á rannsóknartímanum og síðar, sem fyrirmyndar og uppsprettu þjóðlegra gilda og menningar. Þetta tímabil einkenndist af vaxandi réttindum almennings, bættri alþýðumenntun og meiri félags- og menningarlegri virkni, sem birtist m.a. í frumkvæði almennings að stofnun margvíslegra félaga og þátttöku í menningarviðburðum. Það og vöxtur útgáfustarfs, ekki aðeins þjóðmálablaða og prentaðra tímarita heldur ekki síður í útgáfu handskrifaðra blaða (sveitarblaða og félagsblaða), efldi og stækkaði hið opinbera rými. Árið 1915 var íslenskt samfélag mikið breytt frá því sem það var 40 árum fyrr.

Árið 1874 fékk Ísland stjórnarskrá og með henni fjárveitingavald og takmarkað löggjafarvald. Stjórnarskráin innihélt einnig ákvæði um félagafrelsi. Áður var stofnun og starfræksla félaga ekki bönnuð en þau sem störfuðu á Íslandi fram til 1874 voru flest félög embættismanna og annarra forystumanna samfélagsins eða í nánnum tengslum við þá. Eftir miðja 19. öld komu fram búnaðar- og samvinnufélög meðal bænda, en mörg þeirra urðu skammlíf og óljóst er hvaða áhrif þau höfðu. Á síðasta fjórðungi aldarinnar margfaldaðist fjöldi frjálsra félaga og starfssvið þeirra breikkaði. Fólki úr fleiri þjóðfélagshópum tók þá virkan þátt í félagastarfi sem byggði á lýðræðislegum grunni, enda

⁸ Guðmundur Hálfðanarson, „Íslensk þjóðfélagsþróun á 19. öld,“ 53–56.

var yfirlýst markmið margra félaga og félagshreyfinga að virkja fleira fólk til félagastarfa, einkum ungt fólk. Víða um land voru stofnuð félög sem höfðu skýr markmið sem beindust að því að bæta samfélagið – oftast nærsamfélagið. Í þeim efnum voru atvinnu- og menntamál fyrirferðarmikil.⁹ Þó ekki megi eigna tilkomu stjórnarskrárinnar allan heiður af vexti félagastarfs undir lok 19. aldar voru ákvæði hennar um félagafrelsi til þess fallin að skýra réttarstöðu fólks og hafa að líkindum einnig verið hvatning til athafna.

Ýmsar hindranir voru í vegi félagastarfs á Íslandi á 19. öld, bæði hugarfars- og efnislegar. Íhaldssemi var rótgróin og andstaða við breytingar á samfélagsgerðinni miðaði að því að halda samfélaginu í sömu skorðum. Það leiddi m.a. til jaðarsetningar stórs hluta landsmanna (einkum kvenna og fátækra karla). Landið var strjálbýlt, innviðir samfélagsins veikir og samgöngur víða erfiðar. Fátækt og hörð lífsbarátta voru hlutskipti stórs hluta landsmanna sem þrengdi svigrúm þeirra til félagsstarfa. Þrátt fyrir þessar hindranir varð til á síðasta fjórðungi 19. aldar fjölbreytt félagastarf á Íslandi með þátttöku fólks af báðum kynjum, ýmsum aldri og úr mörgum þjóðfélagsþópum. Það var þó ekki fyrr en undir lok 19. aldar sem fyrstu skipulögðu félags-hreyfingarnar tóku að myndast á Íslandi.

Rannsóknir á sviði íslenskrar félags- og menningarsögu hafa sýnt fram á vöxtinn sem varð í starfsemi félaga á árunum 1874–1915.¹⁰ Samt sem áður hefur lítið verið rannsakað hvaða áhrif þessi vöxtur hafði á lýðræðisþróun hér á landi. Í Danmörku og Noregi var þróunin, fyrr og á sama tíma, drifin áfram bæði af félagshreyfingum og einstaklingum. Þar og í Svíaríki þróaðist lýðræði að hluta til „að neðan“ (frá almenningi og félagshreyfingum) og að hluta til „að ofan“ (frá umbótamönnum á stjórnmalasviðinu).¹¹ Á Íslandi var ungmennafélagshreyfingin, sem myndaðist undir lok fyrsta áratugar 20. aldar, undir skýrum áhrifum frá dönsku lýðháskólahreyfingunni og í sterkum tengslum við hana. Aðrar fjöldahreyfingar þessa tíma (þeirra helstar bindindishreyfingin, kvenna-hreyfingin og verkalýðshreyfingin) sóttu styrk og fyrirmyndir í samsvarandi fjöldahreyfingar erlendis, einkum á Norðurlöndum en líka í Norður-Ameríku.¹² Félög þjálfuðu fólk í opinberri tjáningu, bæði í töluðu máli og rituðu. Auk funda- og samkomuhalds stóðu mörg félög í útgáfustarfsemi sem ætlað var að koma upplýsingum á framfæri og efla umræðu og skoðanaskipti. Í þessu tilliti er einnig vert að nefna sérstaklega hlutverk alþýðlegra ungmennaskóla þessa tíma (einkum gagnfræðaskóla, búnaðarskóla og kvennaskóla). Innan margra þeirra sýndu nemendur frumkvæði að því að efla hæfni sína til opinberrar tjáningar í gegnum málfundafélög og skólablöð; hæfni sem síðan nýttist þeim til þátttöku í félagastarfi eftir námslok.¹³

Meðal einkenna rannsóknartímans var aukning í útgáfustarfi (blaða- og tímaritaútgáfu). Flest þjóðmálablöð sem þá voru gefin út voru fyrst og fremst málöggn eigenda og ritstjóra í pólitískri baráttu og dró efni blaðanna dóm af því.¹⁴ Þátttaka almennings í að sjá þjóðmálablöðunum fyrir efni var lítil lengst af og virðist tjáningarpörf almennings fremur hafa fundið sér farveg innan félaga eða í handskrifuðum blöðum (sveitar- og félagsblöðum). Þessar tvær gerðir útgáfu voru á ýmsan hátt ólíkar, eins og fram kemur í öðrum hluta. Í þjóðmálablöðum mátti þó á tíðum finna hvatningu

⁹ Hrafnkell Lárusson, *Í óræðri samtíð með óvissa framtíð*, 78–91, 143–146, 188–193.

¹⁰ Sjá t.d.: Hrefna Róbertsdóttir, *Reykjavíkurfélög*; Ingi Sigurðsson, *Erlendir straumar og íslenskt viðhorf*; Jón M. Ívarsson, *Vormenn Íslands*; Lbs.-Hbs. Nanna Þorbjörg Lárusdóttir, „Í trú von og kærleika.“

¹¹ Sejersted, *The Age of Social Democracy*, 50.

¹² Lbs.-Hbs. Nanna Þorbjörg Lárusdóttir, „Í trú von og kærleika,“ Sigríður Matthíasdóttir, *Hinn sanni Íslendingur*; Erla Hulda Halldórsdóttir, *Núútímans konur*; Sumarliði R. Ísleifsson, *Í samtök*.

¹³ Um tjáningu og útgáfustarf innan skólanna sjá m.a.: Guðni Jónsson, *Minningarrít Flensborgarskólans 1882–1932*, 59–60; *Landsins útvöldu synir*, 45–46; Guðmundur Jónsson, *Bændaskólinn á Hvanneyri 90 ára*, 82–83, 148–150.

¹⁴ Guðjón Friðriksson, *Nýjustu fréttir!* 58–73.

til fólks að byggja á félagsskap og samtökum. Líta má á það sem viðleitni til að styðja við þróun lýðræðislegs starfs í félögum, þótt hugtakið lýðræði sé lítt sýnilegt í þessum skrifum.¹⁵

Að miða rannsóknina við tímabilið 1874–1915 á sér nokkrar skýringar. Ísland fékk nýja stjórnarskrá árið 1874 og sama ár var stigið stórt skref í lýðræðisþróun þegar kosið var til hreppsnefnda í fyrsta sinn samkvæmt tilskipun um sveitarstjórn frá 1872. Árið 1874 voru hátíðahöld víða um land í tilefni af 1000 ára afmæli Íslandsbyggðar. Samtímafólk ber vitni um að þau hafi vakið mikla bjartsýni og trú meðal landsmanna á að nýir tímar væru að hefjast.¹⁶ Á áttunda áratug 19. aldar urðu kynslóðaskipti í hópi pólitískra forystumanna landsins og áherslur í stjórnámálum hættu um sinn að einskorðast nær alveg við sambandið við Dani. Um sama leyti tóku samgöngur milli Íslands og nágrannalanda að batna og eflast, auk þess sem um miðbik áratugarins hófst blómaskeið Vesturheimsferða frá Íslandi.

Árið 1915 markar þáttaskil í íslenskri lýðræðisþróun. Breytingar sem þá urðu á stjórnarskrá og kosningalögum fólu í sér augljósa útvíkkun á þegnrétti. Konur og vinnumenn/verkamenn fengu þá kosningarétt og kjörgengi í alþingiskosningum. Þær breytingar sem þá urðu að veruleika voru afrakstur baráttu sem hafði litað samfélagsumræðuna sífellt sterkari litum allt frá því á síðustu áratugum 19. aldar. Heimsstyrjöldin sem hófst árið 1914 hafði áhrif á samskipti Íslendinga við nágrannabjóðir og átti þátt í að knýja fram frekari breytingar á íslensku samfélagi. Með henni lauk einnig „hinna löngu 19. öld“ (1789–1914) sem oft hefur verið stuðst við í sagnfræðilegri tímabils- skiptingu. Upphaf íslenskra stéttastjórnamála og þess flokkakerfis sem var ríkjandi á 20. öld er rakið til ársins 1916, þegar Alþýðuflokkur og Framsóknarflokkur voru stofnaðir. Því má segja að 1915 sé síðasta árið þar sem „óformlegar stjórnmalahreyfingar“ voru ráðandi í íslenskum stjórnámálum.

Þó þessi rannsókn taki til alls landsins er megináherslan á austfirskt samfélag tímabilsins. Með Austurlandi er hér átt við Múlasýslur. Með þessari afmörkun fæst meiri dýpt í rannsóknina og hún eykur möguleikana á að varpa skýrara ljósi á samspil einstaklinga, félaga og valdaafstæðna, en ef stærri hluti landsins eða landið allt væri undir. Á tímabilinu 1874–1915 var verulegt samfélagslegt umrót á Austurlandi, útgáfustarfsemi skaut rótum og þéttbýli óx, fyrst einkum Seyðisfjarðar- kaupstaður en síðar fleiri þéttbýlisstaðir, og félagastarfsemi skaut varanlegum rótum. Á þessum tíma voru veruleg umsvif útlendinga á Austurlandi (einkum Norðmanna, Dana, Færeyinga og Frakka) sem höfðu skýr áhrif á atvinnulíf, bæði í verslun og útgerð, og má leiða líkur að því að félags- og menningarleg áhrif hafi einnig verið umtalsverð.¹⁷ Austurland þessa tíma var meðal einangruðustu hluta Íslands, ef litið er til samgangna á landi þar sem jökulár, öræfi og eyðisandar voru farartálmar beggja vegna Vatnajökuls. Á hinn bóginn er Austurland sá hluti Íslands sem næstur er öðrum löndum Evrópu. Það skipti miklu máli meðan samgöngur Íslands við umheiminn voru eingöngu á sjó. Á Austurlandi voru nokkrar helstu miðstöðvar vesturferða og ásamt atvinnu- umsvifum útlendinga á svæðinu sköpuðu þær tengingar bæði við Evrópu og Norður-Ameríku.

Þekking mín á sögu Austurlands og tengsl við svæðið nýtast þessari rannsókn.¹⁸ Sömu sögu má

¹⁵ Hrafnkell Lárusson, *Í óræðri samtíð með óvissa framtíð*, 76–82.

¹⁶ Bríet Héðinsdóttir, *Strá í breiðrið*, 18; Gestur Pálsson, *Menntunarástandið á Íslandi*, 10; Hannes Þorsteinsson, „Þjóðólfur 1848 – 5. nóv. – 1898“, 205.

¹⁷ Um umsvif útlendinga á Austurlandi á rannsóknartímanum má m.a. lesa í: Smári Geirsson, *Stórhvalaveiðar við Ísland til 1915*; Ögmundur Helgason, *Norðfjarðarsaga I*, 196–254; Smári Geirsson, *Norðfjarðarsaga II*, 165–185, 237–246, 304–327; *Saga Borgarfjarðar eystra*, 89–128.

¹⁸ Ég er uppalinn í Breiðdal og bjó þar mín æsku- og unglingsár. Ég sótti framhaldsskóla á Fljótsdalshéraði, fyrst á Eiðum og síðan á Egilsstöðum, og bjó þar og starfaði til 22 ára aldurs er ég fluttist burt til að stunda frekara nám. Ég flutti aftur austur tæpum sjö árum síðar og bjó næstu níu ár á Austurlandi. Á þeim tíma starfaði ég fyrst við Minjasafn Austurlands en tók í ársbyrjun 2008 við starfi forstöðumanns Héraðsskjalasafns Austfirðinga. Því starfi gegndi ég í rúm fimm ár en söðlaði þá um og hóf störf fyrir Stofnun rannsóknasetra Háskóla Íslands, með aðsetur á Egilsstöðum. Á vegum stofnunarinnar starfaði ég að rannsókn á austfirskri fjölmiðlasögu.

segja af rannsóknum mínum á útgáfu sveitarblaða á Íslandi á 19. öld og í byrjun 20. aldar. Umfangsmesta afurð þeirra er MA-ritgerð mín í sagnfræði frá árinu 2006 sem Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands gaf út síðar sama ár. Þessar rannsóknir hafa leitt mig á slóðir vitnisburða um lýðræðisþátttöku og félagslega virkni almennings, m.a. innan félaga og hreyfinga. Þær gagnast líka við greiningu á þátttöku í lýðræðislegu starfi utan lýðræðisstofnana og þjóðmálablaða þessa tíma.¹⁹

Þessi rannsókn byggist á eftirfarandi grundvallarspurningu: Hafði íslenskur almenningur, starfandi félög og félagshreyfingar merkjanleg áhrif á þróun íslenskra stjórnmála, lýðræðis og samfélags á rannsóknartímanum (1874–1915)? Ef svarið er já er afleidd spurning: Hvaða áhrif? Ef svarið er nei er næsta spurning: Hvers vegna? Þessi grundvallarspurning mótar efnistök og nálgun í öllum þremur meginhlutum ritgerðarinnar og henni, sem og afleiddum sértækari spurningum, er leitast við að svara í niðurstöðukafla.

Rannsóknin skiptist í þrjá meginhluta: „Lýðræði, samfélagsgerð og fjölmiðlun“, „Almenningur, heimilin og almannarými“ og „Austurland: samfélag, lýðræðisþróun, félagastarf og fjölmiðlun.“ Efnislega færirst sjónarhornið frá hinu almenna til hins sértæka. Annar hluti miðast við landið allt, þriðji hlutinn einnig en með skýrri austfirskri áherslu og fjórði hluti miðast við Austurland.

Annar hluti hefst á umfjöllun um lýðræði, inntak þess, þróun og væntingar sem til þess eru gerðar. Lýðræðisþróun á Íslandi á 19. öld og til loka rannsóknartímans er þar skýrð, sett í fræðilegt samhengi og tengd við sambærilega þróun í nágrannalöndum. Þar er einkum byggt á rannsóknum Jean Grugel, David Held og Charles Tilly. Markmið þessa hluta er að skýra félagsgerð íslensks samfélags og undirbyggja umfjöllun í þriðja og fjórða hluta. Rætt er um megin hugmyndastrauma sem mótuðu íslenskt samfélag og mismunandi stöðu þjóðfélags hópa gagnvart lýðræðislegum réttindum. Einnig er fjallað um félagslega aðgreiningu í íslensku samfélagi, á hverju hún byggði og hvernig henni var viðhaldið, bæði innan heimila og í samfélaginu. Rætt er um hlutverk valdhafa, bæði við að styðja við framtak almennings en einnig að viðhalda ráðandi samfélagsgerð. Í því samhengi er komið inn á breytingar á búsetu, atvinnuháttum og stjórn samfélagsins. Sérstök áhersla er á möguleika til þátttöku í hinu opinbera rými. Að endingu er fjallað um opinberar umræður, upplýsingadreifingu og sköpun almenningsálits, með áherslu á vaxandi hlutverk fjölmiðla.

Í þriðja hluta er leitast við að skýra vöxt og áhrif félaga og félagshreyfinga í íslensku samfélagi og hlutverk þeirra í lýðræðisþróun. Þessi hluti brúar bilið milli almennrar samfélagslýsingar annars hluta og afmarkaðri umfjöllunar í fjórða hluta. Rætt er um tilkomu og vöxt félaga og félagshreyfinga á Íslandi frá því um miðja 19. öld og fram á upphaf 20. aldar með hliðsjón af kenningu Jürgen Habermas um *almannarými*. Hugað er að þeim félagslegu þáttum sem sköpuðu forsendur fyrir vexti félagastarfs og fjallað um félags- og menningarlegt ástand, einkum með tilliti til áhrifa heimila og nærsamfélags en einnig út frá leiðum fólks til að afla sér þekkingar og efla félagslega færni sína. Að lokum er fjallað um stjórnmálastarf, aðgengi að því, áhrif félagslegrar stöðu fólks á umgengni forystumanna við það og um pólitískar áherslur meðal almennings og forystumanna í stjórnmálum.

Fjórði hluti er afmarkaðri en hinir fyrri og beinist að félags-, atvinnu- og búsetuþróun á Austurlandi á rannsóknartímanum, einkum í sveitasamfélögum en einnig með tilliti til vaxandi þéttbýlissamfélaga. Nálgun þessa kafla er persónumiðaðri og sértækari en fyrri hlutanna tveggja og byggir að verulegu leyti á persónulegum heimildum og skjölum félaga. Umfjöllun þessa hluta styðst við notkun Pierre Bourdieu á hugtakinu *doxa* og hvernig það mótar samfélög og setur íbúum þeirra mörk og viðmið. Í byrjun hlutans er fjallað um austfirsku félagsgerð, búsetuþróun, atvinnuhætti og stöðu menntunar og menningar. Auk þess er sérstaklega fjallað um valdaafstæður í nærsamfélögum og hlutverk fjölmiðla í austfirsku almannarými. Meginefni þessa hluta er þó greining á austfirskum

¹⁹ Hrafnkell Lárusson, *Í óræðri samtíð með óvissa framtíð*; Hrafnkell Lárusson, „Áttavíllt við aldahvörf;“ Hrafnkell Lárusson, „Handwritten Journals in 19th- and Early 20th-Century Iceland.“

félögum og er þar einkum stuðst við frumheimildir. Síðasti kaflinn dregur fram persónulegra sjónarhorn á þær samfélagsbreytingar sem eru viðfangsefni ritgerðarinnar þar sem umfjöllunar-efnin eru einstaklingar sem bjuggu á Austurlandi.

Í fimmta og síðasta hlutanum eru niðurstöður rannsóknarinnar dregnar saman. Aftan við heimildaskrá er svo að finna viðauka sem inniheldur samandregnar upplýsingar um starfandi þjóðmálablöð á Austurlandi á þeim tíma sem rannsóknin tekur til.

1.2 Staða þekkingar

Pótt félagssaga, menningarsaga og stjórnмálasaga séu aðgreind hugtök og standi hver fyrir sína undirgrein sagnfræði, sem nálgast fræðileg viðfangsefni með ólíkum hætti, eru viðfangsefni þeirra oft á tíðum áþekkt. Í þessari rannsókn er ekki gerður skarpur greinarmunur á þessum þremur hugtökum enda er meginefni ritgerðarinnar í senn mótað af félagsgerð, menningu og stjórnмáluм þess tíma sem um ræðir.

Samtímamenn fjölluðu nokkuð um félagsgerð 19. aldar og má styðjast við skrif þeirra þó sum hafi aðeins verið fáorðar lýsingar innan um annað efni, t.d. í aldamótayfirlitum.²⁰ Ítarlegri umfjallanir um félagsgerð 19. aldar má þó finna, t.d. í skrifum Þorkels Bjarnasonar, Kristleifs Þorsteinssonar, Eiríks Eiríkssonar og Jónasar Jónassonar frá Hrafnagili.²¹ Það beið áttunda og níunda áratugar 20. aldar að félagssaga yrði áberandi í íslenskri sagnaritun og að rannsóknir undir áhrifum hennar kæmu með aðra nálgun á söguleg viðfangsefni en ríkjandi söguritun fram til þess tíma hafði gert. Hún einkenndist af þjóðerniskennd og persónusniði (stórmennasögu) og gengur undir nafninu söguskoðun sjálfstæðisbaráttunnar.²²

Menning og hugmyndastraumar 19. aldar og upphafs 20. aldar voru ekki meðal helstu viðfangsefna íslenskra sagnfræðinga fram eftir 20. öld. Þeir sagnfræðingar á fyrri hluta aldarinnar sem fjölluðu um menningu leituðu einkum í sögu fyrri alda og menning þess tímabils sem hér er fjallað um var að mestu óþlæggður akur þar til undir lok 20. aldar. Erlendra strauma tók ekki að gæta í íslenskri menningarsöguritun í verulegum mæli fyrr en á áttunda áratug 20. aldar eða á sama tíma og íslensk sagnfræði tók að skipa sér í undirgreinar að erlendri fyrirmynd.²³ Svipaða sögu má segja um rannsóknir á þróun lýðræðis á Ísland á 19. öld og fram að því er skipulagðir stjórnмála-flokkar komu fram. Þeir háskólamenntuðu sagnfræðingar sem skrifuðu um sögu landsins og stjórnмálaþróun þess um aldamótin 1900 voru meira með hugann við sögu miðalda en við samtímasögu. Umfjöllun um stjórnмál þessa tíma var langt fram á 20. öld undir skýrum áhrifum söguritunar sjálfstæðisbaráttunnar og einkenndist af sögu lýðræðisstofnana og forystumanna í stjórnмáluм þar sem áherslan var á þjóðréttarlegar deilur, bæði innanlands og við dönsk stjórnвöld.²⁴

Rannsóknir á áhrifum félagastarfs á samfélagsþróun hafa jafnan miðast við ákveðna gerð félaga eða félagshreyfinga og því ekki tekið tillit til þess hvort og þá hvaða áhrif ólíkar gerðir félagasamtaka höfðu hver á aðra og á lýðræðisþróun.²⁵ Aðaláhersla seinni tíma rannsókna á lýðræðisþróun á Íslandi á síðari hluta 19. aldar og í byrjun 20. aldar hefur verið á stærri formbreytingar (breytingar á stjórnarskrá, tilkomu ráðherra o.s.frv.), starfsemi lýðræðisstofnana og

²⁰ Sjá t.d. Björn Jónsson, „Á aldamótum;“ Þorvaldur Thoroddsen, „Hugleiðingar um aldamótin;“ Þorsteinn Erlingsson, „Seyðisfjörður um aldamótin 1900.“

²¹ Sjá t.d.: Jónas Jónasson, *Íslenzkir þjóðhættir*; Þorkell Bjarnason, „Fyrir 40 árum;“ Kristleifur Þorsteinsson, *Úr byggðum Borgarfjarðar I*; Eiríkur Eiríksson, „Lífnaðarhættir Skagfirðinga á 19. öld.“

²² Loftur Guttormsson, „Rannsóknir í félagssögu 19. og 20. aldar,“ 138–139.

²³ Guðmundur Hálfðanarson, „Rannsóknir í menningar- og hugmyndasögu 19. og 20. aldar,“ 188–192.

²⁴ Gunnar Karlsson, „Sagan af þjóðríkismyndun Íslendinga 1830–1944,“ 110–118.

²⁵ Dæmi um nýlegar rannsóknir sem fjalla um þær félagshreyfingar sem hér eru nefndar eru: Erla Hulda Halldórsdóttir, *Núttímans konur*; Sigríður Matthíasdóttir, *Hinn sanni Íslendingur*; Sumarliði R. Ísleifsson, *Í samtök; Lbs.-Hbs.* Nanna Þorbjörg Lárusdóttir, „Í trú von og kærleika.“

orð og athafnir forystufólks í stjórnmálum.²⁶ Sú þróun er ekki einsdæmi á Íslandi heldur sambærileg við það sem þekktist víða í Evrópu. Stjórnmálafræðingarnir Giovanni Capoccia og Daniel Ziblatt segja í grein frá árinu 2010 að rannsóknir á lýðræðisþróun í Evrópu á tímabilinu frá 1848 og fram til áttunda áratugar 20. aldar hafi að mestu legið í láginni þar til undir lok 20. aldar.²⁷

Af viðamiklum rannsóknum á íslensku samfélagi 19. aldar og byrjun 20. aldar sem gerðar hafa verið á undanförunum áratugum í íslenskri félags-, menningar- og stjórnmálasögu er engin ein sem þessi rannsókn miðast sérstaklega við. Hún á þó ýmiss konar skyldleika (mismikinn þó) við allnokkrar sagnfræðirannsóknir á þessum sviðum og verða þær sem helst tengjast henni nefndar hér. Hvað mestan skyldleika á þessi rannsókn við doktorsrannsókn Gunnars Karlssonar, sem kom út í bókformi árið 1977 og er því komin nokkuð til ára sinna. Það var fyrsta viðamikla sagnfræðirannsóknin á eðli, starfsemi og hlutverki íslenskra félaga og félagsshreyfinga. Gunnar miðaði sína rannsókn við Suður-Þingeyjarsýslu og vann með tímabil sem bæði hefst og lýkur um aldarfjórðungi fyrir en það sem hér er unnið út frá. Rannsókn Gunnars er ekki síst gagnleg fyrir þessa að því leyti sem hann greindi félagslegt umhverfi og lýðræðisþróun fyrir árið 1874. Þó rannsóknaráherslur Gunnars séu töluvert frábrugðnar mínum er ýmislegt sameiginlegt með þessum rannsóknum, m.a. sú hugsun sem liggur að baki verkefnunum. Í inngangi doktorsritgerðar sinnar lýsti Gunnar nálgun sinni svo: „Bókin er skrifuð út frá því sjónarmiði að frelsisbarátta íslensks almennings á 19. öld sé fullrar athygli verð en ekki aðeins starf þeirra sem sköruðu sérstaklega fram úr.“²⁸ Á níunda áratug 20. aldar urðu umskipti í íslenskri sagnfræði, einkum vegna áhrifa frá evrópskri og bandarískri félagsögu. Áðurnefnt verk Gunnars Karlssonar var ritað fyrir þann tíma og er meira í anda eldri íslenskrar sagnfræði. Það var þó um margt nýstárlegt á sínum tíma bæði í nálgun og efnistöðum.

Þessi rannsókn sækir einnig til skrifa Sigurðar Gylfa Magnússonar um félagsgerð og menningarlega virkni alþýðufólks á Íslandi á 19. öld. Af ritverkum hans er *Menntun, ást og sorg* það verk sem mest nýtist þessari rannsókn en bækurnar *Sjálfsögur* og *Wasteland with Words* hafa líka reynst gagnlegar, ásamt fleiri verkum Sigurðar Gylfa.²⁹ *Menntun, ást og sorg* er einsögurannsókn á lífi bræðranna Halldórs og Níelsar Jónssona sem skildu eftir sig mikið magn persónulegra heimilda – dagbóka, sendibréfa og annars handritaðs efnis. Sigurður Gylfi hefur verið helsti forgöngumaður einsögurannsókna í íslenskri sagnfræði. Þótt ýmsar hugmyndir hans í þeim efnum hafi mætt andstöðu og hlotið gagnrýni hefur einsagan glætt rannsóknir á íslenskri menningarsögu nýju lífi. Áherslan á einstaklinginn og líf og möguleika alþýðufólks í samfélögum fortíðar hefur átt ríkan þátt í að auka áhuga fræðimanna á persónulegum heimildum og hagnýtingu þeirra.³⁰ Sigurður Gylfi hefur með verkum sínum dregið fram nýja sýn á félagsgerð og menningu 19. aldar og haldið á lofti gerendahæfni alþýðufólks. Eitt mikilvægasta framlag rannsókna hans er markviss notkun á persónulegum heimildum, einkum dagbókum og sendibréfum. Þann þráð hefur Sigurður Gylfi ítrekað tekið upp og haft áhrif á að fleiri íslenskir fræðimenn hafa nýtt sér persónulegar heimildir.

Sá íslenski fræðimaður sem hefur með verkum sínum víðtækasta snertingu við efni þessarar rannsóknar er Guðmundur Hálfðanarson. Hann hefur í bókum og greinum fjallað um þjóðfélags- og stjórnmálaþróun á rannsóknartímanum, bæði gagnvart ríki og nærsamfélögum. Í þeim felst m.a. greining á viðhorfum ráðandi afla í íslensku samfélagi til réttinda almennings og til samfélagsgerðarinnar sem og umræða um hverjir voru „fólkið“ og hver völd þess og réttarstaða var.

²⁶ Sjá t.d. Guðmundur Jónsson, ritstj., *Frjálst og fullvalda ríki*; Ragnhildur Helgadóttir, Helgi Skúli Kjartansson og Þorsteinn Magnússon, ritstj., *Þingræði á Íslandi*; Guðjón Friðriksson, *Ég elska þig stormur*; Jón Þ. Þór, *Doktor Valtyr*.

²⁷ Capoccia og Ziblatt, „The Historical Turn in Democratization Studies,” 932.

²⁸ Gunnar Karlsson, *Frelsisbarátta Suður-Þingeyinga og Jón á Gautlöndum*, 3.

²⁹ Sigurður Gylfi Magnússon, *Menntun, ást og sorg*; Sigurður Gylfi Magnússon, *Sjálfsögur*; Sigurður Gylfi Magnússon, *Wasteland with Words*.

³⁰ Guðmundur Hálfðanarson, „Rannsóknir í menningar- og hugmyndasögu 19. og 20. aldar,” 197–199.

Guðmundur hefur fjallað um viðhorf til valda bæði út frá sjónarhóli valdhafa og þeirra sem urðu að lúta valdinu.³¹ Þessi verk hafa ótvírætt gildi þegar kemur að því að rannsaka félagsgerð og stjórnsmálþróun. Þau hafa víkkað sýn á eldri rannsóknarefni og komið með ný sjónarhorn. Sömu sögu má segja um skrif Guðmundar um þróun þegnréttar á Íslandi þar sem hann setur innlenda þróun í erlent samhengi en greinir líka íslensk viðhorf til þegnréttar, marka hans og útfærslu.³² Þessi ritgerð nýtur góðs af rannsóknum þessara þriggja sagnfræðinga. Hún styðst við umfjöllun Gunnars um uppbyggingu félagsstarfs í íslensku dreifbýli á síðari helmingi 19. aldar, við víðtæka greiningu Guðmundar á áhrifum sem hópar í íslensku samfélagi orsökuðu og urðu fyrir og áherslu Sigurðar Gylfa á gerendahæfni alþýðufólks, sem lengi vel fékk litla athygli í íslenskri sagnfræði.

Meðal nýlegra sagnfræðirannsókna sem fást við félagsgerð og réttindabaráttu jaðarsettra þjóðfélagshópa á Íslandi á 19. öld og í upphafi 20. aldar vil ég sérstaklega nefna doktorsritgerðir sagnfræðinganna Ragnheiðar Kristjánsdóttur (*Nýtt fólk*), Erlu Huldu Halldórsdóttur (*Nútímans konur*) og Vilhelms Vilhelmssonar (*Sjálfstætt fólk*).³³

Meginspurningar doktorsrannsóknar Ragnheiðar snúast um áhrif þjóðernis á nýjan hóp Íslendinga á fyrstu áratugum 20. aldar, efnalítils verkafólks í þéttbýli. Ragnheiður fjallar um hvernig fólk úr þessum hópi tókst á við þjóðernið og hvernig orðræða sjálfstæðisbaráttunnar mótaði sjálfsmynd þess og stefnu verkalyðsflokkanna sem störfuðu á fyrri helmingi 20. aldar. Mikilvægi rannsóknar Ragnheiðar fyrir þessa felst einkum í umfjöllun hennar um mótun sjálfsmyndar og útskýringum á hugmyndum fólks í verkalyðsstétt í upphafi 20. aldar um hugtökin „þjóð“ og „fólk“ og hvaða þjóðfélagshópar á þessum tíma féllu undir skilgreiningu á þessum hugtökum.³⁴

Erla Hulda fjallar í doktorsritgerð sinni um íslenskar konur á síðustu áratugum 19. aldar og í byrjun 20. aldar, einkum m.t.t. hugmynda um kyngervi, stöðu og hlutverk kvenna á þeim tíma og möguleika þeirra til sjálfstæðs lífs og aukinnar menntunar. Hún greinir opinbera orðræðu um stöðu kvenna á þessum tíma, viðbrögð við henni og áhrif á sjálfsmynd kvenna. Erla Hulda byggði doktorsritgerð sína á viðamikilli rannsókn á sendibréfum kvenna og þeirri mynd sem þar er dregin upp bæði af samfélagsaðstæðum og væntingum bréfitara. Þá vitnisburði setur hún í samhengi við þróun íslensks samfélags og við stöðu kvenna í nágrannalöndum Íslands.³⁵

Doktorsritgerð Vilhelms hverfist um valdaafstæður í daglegu lífi almennings í íslensku samfélagi 19. aldar. Sérstök áhersla er á vistarbandið sem einn af grunnþáttum félagsgerðar á þessum tíma. Vilhelm fjallar um andóf fólks úr þessum þjóðfélagshópi gegn eigin aðstæðum. Hann horfir í þessu samhengi á valdaafstæður samfélagsins „neðan frá“ með atbeina (e. *agency*) undirsáta að leiðarljósi og þann núning sem vistarbandið skapaði.³⁶ Vilhelm færir rök fyrir því að vinnufólk hafi ekki einungis verið „viðfangsefni eða móttakendur taumhalds og ögunar“³⁷ heldur líka verið sjálfstæðir einstaklingar sem brugðust við aðstæðum og reyndu að taka stjórn á eigin lífi. Þessi gerendahæfni undirsáta í íslensku samfélagi fékk síðar útrás í starfi félaga og félagsshreyfinga og var veigamikill þáttur í styrk þeirra og áhrifum. Þessi ritgerð á það sammerkt með doktorsritgerð Vilhelms að setja upplifun og reynslu einstaklinga í samhengi við stærri samfélagslegar breytingar. Stærsta framlag

³¹ Guðmundur Hálfðanarson, „Íslensk þjóðfélagshróun á 19. öld;“ Guðmundur Hálfðanarson, *Íslenska þjóðríkið – uppruni og endimörk*; Guðmundur Hálfðanarson, „Saga fullveldishugtaksins frá frjálsu fullveldi konungs til fullveldis þjóðar;“ Guðmundur Hálfðanarson, „Kemur sýslumanni [það] nokkuð við ...?“

³² Guðmundur Hálfðanarson, „Kosningaréttur kvenna og afmörkun borgararéttar – umræður um þátttöku og útilokun í íslenskum stjórnsmálum;“ Guðmundur Hálfðanarson, „Defining the Modern Citizen.“

³³ Ragnheiður Kristjánsdóttir, *Nýtt fólk*; Erla Hulda Halldórsdóttir, *Nútímans konur*; *Lbs.-Hbs.* Vilhelm Vilhelmsson, „Sjálfstætt fólk?“

³⁴ Ragnheiður Kristjánsdóttir, *Nýtt fólk*, 31–63.

³⁵ Erla Hulda Halldórsdóttir, *Nútímans konur*, 16–17, 31, 69.

³⁶ *Lbs.-Hbs.* Vilhelm Vilhelmsson, „Sjálfstætt fólk?“ iii; Vilhelm Vilhelmsson, *Sjálfstætt fólk*, 13.

³⁷ *Lbs.-Hbs.* Vilhelm Vilhelmsson, „Sjálfstætt fólk?“ iv.

Þessarar ritgerðar er annars vegar að gera grein fyrir félagslegum atbeina almennings og draga fram þau samfélagslegu áhrif sem sá atbeini hafði.

Þó hér hafi verið gerð grein fyrir verkum nokkurra íslenskra fræðimanna sem hafa augljóst vægi á því sviði þekkingar sem þessi rannsókn sækir inn á þá nýtur þessi rannsókn vitanlega góðs af mun fleiri rannsóknum. Langar mig í því sambandi að geta rannsókna þriggja sagnfræðinga; Inga Sigurðssonar á áhrifum erlendra hugmyndastefna á Íslandi á 19. öld og fram á 20. öld, Lofts Guttormssonar á almenningsfræðslu, læsi og bókmenningu³⁸ og ítarlegra rannsókna Sigríðar Matthíasdóttur á kvenréttindum og baráttu kvenna á rannsóknartímanum fyrir fullum þegnretti.³⁹

Þessi rannsókn byggir að nokkru leyti á samanburði við Norðurlöndin hvað varðar samfélagsgerð, lýðræðisþróun og uppbyggingu félagsshreyfinga. Því er óhjákvæmilegt að geta hér helstu verka norrænna höfundna sem nýst hafa rannsókninni. Fyrstan ber að telja danska sagnfræðinginn Jeppe Nevers sem í doktorsritgerð sinni frá 2008 (sem kom út í endurbættri gerð árið 2011) fjallar um hvenær, hvernig og hvers vegna lýðræðishugmyndir, lýðræðishugtakið og umræða um þetta tvennt urðu varanlegir þættir í dönskum stjórnámálum. Nevers sýnir fram á hvernig hugtakið lýðræði hvarf að mestu úr umræðunni snemma á 19. öld og birtist fram eftir öldinni í neikvæðri merkingu eða sem skammaryrði – það sem nú væri kallað skríflræði. Engu að síður var skýr þróun í átt til lýðræðis í Danmörku á 19. öld þó hugtakið væri lítt sýnilegt í umræðu. Fram undir lok aldarinnar var hugtakið „fólkið“ notað í þess stað.⁴⁰ Annar danskur sagnfræðingur, Niels Kayser Nielsen, gaf árið 2009 út yfirlit um verk um félagsgerð norrænna sveitasamfélaga. Hann fjallar þar um þátttöku sveitafólks í lýðræðisþróun á 19. öld og um stigveldi norrænu sveitasamfélaganna og dregur bæði fram líkindi og sérkenni milli einstakra landa. Nielsen sýnir þar fram á hvernig feðraveldi á lútherskum grunni mótaði samfélagsgerð norrænu sveitasamfélaganna og lagði grunn að sterkri félags-, menningarlegri og pólitískri stöðu kirkju og presta í samfélögunum.⁴¹ Í *The Age of Social Democracy* greindi norski sagnfræðingurinn Francis Sejersted lýðræðisþróun í Noregi og Svíaríki frá 19. öld og fram á 20. öld. Mín rannsókn á sér ákveðna samsvörun í þessu verki Sejersted því hann lagði þar mikla áherslu á hlut félagsshreyfinga í lýðræðisþróun og gerði einnig ítarleg skil baráttu jaðarsettra hópa fyrir fullum þegnretti.⁴² Að síðustu vil ég nefna greinasafnið *Nordic Paths to Modernity* sem eins og nafnið ber með sér fjallar um leiðir norrænu ríkjanna til nútímavæðingar. Bókin inniheldur greinar eftir ellefu norræna fræðimenn, frá Noregi, Danmörku, Svíaríki, Finnlandi og Íslandi. Þó áhersla flestra greinanna sé fremur ríkismiðuð er líka í þeim að finna lýsingar á hlutverki félagsshreyfinga og almennings í lýðræðisþróun í norrænu ríkjum.⁴³

1.3 Aðferðir, kenningar og lykillugtök

Það er þrálátt og lífseigt viðhorf, þegar rætt er um íslenskt samfélag í nútíð og þó einkum í fortíð, að tala um Íslendinga sem fámennan og einsleitan hóp fólks með áþekka lífssýn og sameiginlega hagsmunir. Þetta viðhorf hefur látið undan síga á undanförunum árum þegar litið er til samtíma en virðist enn nokkuð útbreitt þegar horft er til fortíðar. Þegar rýnt er í íslenska samfélagsgerð þarf

³⁸ Ingi Sigurðsson, *Erlendir straumar og íslenskt viðhorf*; Ingi Sigurðsson, „Upplýsingin og hugmyndaheimur Íslendinga á síðustu áratugum 19. aldar og öndverðri 20. öld“; Loftur Guttormsson, *Almenningsfræðsla á Íslandi*; Loftur Guttormsson, „Frá kristindómslestri til móðurmáls“; Loftur Guttormsson, „Lestrarhættir og bókmenning.“

³⁹ Sigríður Matthíasdóttir, *Hinn sanni Íslendingur*; Sigríður Matthíasdóttir, „Karlar og viðhorf þeirra til kvenréttinda á Íslandi um aldamótin 1900“; Sigríður Matthíasdóttir, „Uppnám og uppbrot.“

⁴⁰ Nevers, *Fra skaldsord til slagord*.

⁴¹ Nielsen, *Bonde, stat og hjem*.

⁴² Sejersted, *The Age of Social Democracy*.

⁴³ Jóhann Páll Árnason og Björn Wittrock, ritstj., *Nordic Paths to Modernity*.

þó nokkuð einbeittan vilja til að líta framhjá því að íslenskt samfélag er og hefur ávallt einkennst af félagslegri aðgreiningu og hópaskiptingu. Einstakir hópar hafa aftur á móti verið ötulli en aðrir að ná menningarlegu forræði (e. *hegemony*) og yfirfæra eigið gildismat og sýn á alla landsmenn. Þetta á t.d. við þegar litið er til þjóðernissinnaðrar söguritunar á fyrri helmingi 20. aldar.

Hugtökin *lýðræði* og *lýðræðisþróun* mynda útgangspunkta annars hluta ritgerðarinnar. Hugtakið *lýðræði* (e. *democracy*) er upphaflega samsett úr grísku orðunum *demos* (fólk eða lýður) og *kratos* (stjórn). Samsett vísar orðið því til stjórnar lýðsins/fólksins og þeirrar hugsjónar að í samfélaginu eigi völd og áhrif rætur hjá fólkinu. Það sé handhafi ríkisvaldsins og myndi pólitískt samfélag sem hverfist um málefni og hagsmuni þess.⁴⁴ Þetta viðhorf er enn í dag grundvöllur almenns skilnings á undirstöðum lýðræðis. Í annarri útgáfu bókarinnar *Democratization* (kom út árið 2014) settu bresku stjórnfræðingarnir Jean Grugel og Matthew Louis Bishop fram einfalda skilgreiningu á því hvað felist í hugtökunum lýðræði og lýðræðisþróun: „Democracy is a way of making decisions collectively and establishing rules and policies through popular decision-making. It is a form of government over which the people exercise control and which operates in the people’s interest. ... democratization can best be understood as the introduction and extension of citizenship rights, alongside the creation of a democratic state.“⁴⁵

Þessi skilgreining gefur frekar takmarkaða mynd af því hvað felst í hugtökunum lýðræði og lýðræðisþróun, en þau eru flóknari en svo að skýrð verði til hlítar í fáum orðum. Skilgreiningin dregur upp mynd af þeim væntingum sem gerðar eru til lýðræðis og lýðræðisþróunar fremur en að útskýra virknina – enda er hún breytileg og margslungin. Í upprunalegri útgáfu *Democratization* sem Grugel er ein höfundur að (og kom út árið 2002) gagnrýndi hún að margar eldri rannsóknir hefðu gengið út frá of einfaldaðri nálgun á lýðræðisþróun þar sem lýst hafi verið umbreytingu ólýðræðislegs stjórnarfars til fulltrúalýðræðis. Þetta hafi verið línuleg framfarasaga með áherslu á uppbyggingu lýðræðislegra stofnana og formgerða.⁴⁶

The basic minimalist definition sees democratization as the regular holding of clean elections and the introduction of basic norms (e.g. an absence of intimidation, competition from at least two political parties, and an inclusive suffrage) that make free elections possible. A slightly more inclusive definition demands the introduction of liberal individual rights (freedom of assembly, religious freedom, a free press, freedom to stand for public office, etc.) or the creation of polyarchic order. Nevertheless this definition still remains quite limited because it fails to take either the issue of power or the importance of structural obstacles to participation seriously.⁴⁷

Það rannsóknarefni sem Grugel vísar að í lok ofangreindrar tilvitnunar er veigamikill hluti þessarar rannsóknar, þ.e. þátttaka almennings í lýðræðisþróuninni og þær samfélagslegu hindranir sem voru á þeirri leið. Því er bók Grugel mikilvæg fyrir þessa rannsókn þar sem hún leitast við að setja lýðræðisþróun í samhengi við samfélagsbreytingar og hlut almennings í þeim. Grugel er þar á áþekkri vegferð og norski sagnfræðingurinn Francis Sejerstad sem lýsti lýðræðisþróun svo: „Democratization is partly a question of the right to vote, but it is also much more than that. It has to do with social integration and national fellowship.“⁴⁸ Lýðræðisþróun miðar að uppbyggingu lýðræðislegs fullvalda ríkis þar sem íbúar geta haft áhrif á stjórnun þess, bæði sem einstaklingar og í gegnum félagastarf. Íbúar og ríkisvald hafa gagnkvæm réttindi og skyldur gagnvart hvort öðru.⁴⁹

⁴⁴ Svanur Kristjánsson, „Stofnun lýðveldis – nýsköpun lýðræðis,“ 35; Gunnar Helgi Kristinsson, „Lýðræði,“ 91–92.

⁴⁵ Grugel og Bishop, *Democratization*, 338.

⁴⁶ Grugel, *Democratization*, 1–3.

⁴⁷ Grugel, *Democratization*, 5.

⁴⁸ Sejerstad, *The Age of Social Democracy*, 98.

⁴⁹ Grugel, *Democratization*, 66.

Rannsóknir á lýðræðisþróun eru þverfaglegt rannsóknarsvið sem lengi vel dró dóm af empírískum kenningum Joseph Schumpeter og síðar af fjölhyggju (e. *pluralism*) Robert Dahl. Sá síðarnefndi setti í bókinni *On Democracy* fram eftirfarandi viðmið um möguleika almennings til þátttöku í lýðræði: 1) Virk þátttaka = jafnræði er með þegnunum og þeir hafa möguleika á að tjá skoðanir sínar; 2) Almennur kosningaréttur = þegnar hafa jafnan rétt til að kjósa og atkvæði eru jafngild; 3) Upplýstur skilningur = allir geta kynnt sér efni stefnumála og líklegar afleiðingar; 4) Dagskrárvald = almenningur getur haft áhrif á hvaða mál koma til umfjöllunar og getur kallað eftir upplýsingum um þau mál sem eru til meðferðar; 5) Þátttaka fullorðinna = allir fullorðnir einstaklingar, sem hafa fasta búsetu, hafa fullan þegnrétt og njóta áðurgreindra réttinda – þar með talðar konur og fátækir karlar.⁵⁰

Þó ríkisvald sem slíkt skapi ekki lýðræði er tilvist þess ein af forsendum lýðræðis. Áhersla á elítur og forystufólk hefur leitt til þess að of lítið hefur verið lagt upp úr greiningu á félagastarfi, félagslegum og pólitískum átökum og þætti almennra borgara í þróun og uppbyggingu lýðræðis. Starfsemi félagshreyfinga og félagslegur aktívismi hafa því oft verið afgangið sem léttvægir þættir í þróun lýðræðis. Á þessu hefur hins vegar orðið breyting á síðari árum og má í nýlegum rannsóknum á félagshreyfingum sjá skýra áherslu á tengsl milli samfélagslegra kerfisbreytinga og atvæna fjöldans.⁵¹ Fyrsta bylgja lýðræðisþróunar á 19. öld og í byrjun 20. aldar einkenndist af auknum samtakamætti lágstétta og annarra jaðarsettra hópa sem kröfðust jafnréttis, félagslegs öryggis og meiri réttinda. Grugel og Bishop telja eiginlegt lýðræði verða til með lýðræðisþróun bæði á hinu pólitíska og hinu félagslega sviði. Þau taka undir með bandaríska félagsögufræðingnum Charles Tilly sem hélt því fram að engin ein nálgun gæti fangað margbreytilegar birtingarmyndir lýðræðis né nein ein kenning skýrt lýðræðisþróun til hlítar. Lýðræðisþróun verði best skilin sem útfærsla marka þegnréttar samhliða þróun ríkisvalds í átt til aukins lýðræðis.⁵²

Þegnrétt (e. *citizenship*) fullorðinna einstaklinga má kalla „lárétt“ réttindi sem skarast á við „lóðrétt“ valdakerfi sem var einkennandi í stjórn ríkja og sveitarfélaga á rannsóknartímanum. Hér er hugtakið *þegn* notað um það fólk sem á ensku kallast *citizen* en *undirsáti* samsvarar enska hugtakinu *subject*. Fullur þegnréttur felur í sér að einstaklingur sé sjálfráða og njóti einstaklingsfrelsis, m.a. um atvinnu sína og búsetu, og hafi tjáningarfrelsi og fullan þátttökurétt í lýðræðislegum stofnunum (kosningarétt og kjörgengi). Á 19. öld var ekki lítið á fullan þegnrétt sem sjálfsgöð réttindi allra fullorðinna einstaklinga heldur þurftu þeir hópar sem ekki nutu fulls réttar að læra að verða þegnar og standast kröfur um siðvæðingu. Af þessu leiddi að meginvandi frjálslynds lýðræðis fram á 20. öld var að skilgreina hverjir teldust til „fólksins“ (þegnanna) og hvaða réttindi það ætti að fá og hvaða skyldur það skyldi uppfylla.⁵³ Í því samhengi þarf ekki að undra þó lengi hafi þótt óhugsandi að vinnufólk fengi sömu réttindi og húsbóndinn sem það átti að hlýða. Skref sem voru stigin í átt til þess að veita áður jaðarsettum hópum aukinn þegnrétt gerðu þá ekki aðeins „pólitískt virkari“ heldur ýttu jafnframt undir menningarbreytingar í átt til aukinnar einstaklingshyggju.⁵⁴

Í þessari ritgerð koma hugtökin *almennningur* og *alþýða* víða fyrir. Hér er ekki gerður greinarmunur á merkingu þeirra. Bæði þessi hugtök sjást í heimildum frá rannsóknartímanum og er þar ekki að sjá að greinarmunur sé gerður á þeim, t.d. notar Þorvaldur Thoroddsen þau jöfnum höndum í grein árið 1901.⁵⁵ Tilvitnun í þá grein þar sem bæði hugtökin koma fyrir má sjá í upphafi kafla 3.3. Fyrir það tímabil sem hér er til rannsóknar var hugtakið almúgi jafnan notað áður en alþýða og

⁵⁰ Dahl, *On Democracy*, 37–38.

⁵¹ Della Porta og Diani, „Introduction,“ 4; Grugel, *Democratization*, 59, 66.

⁵² Grugel, *Democratization*, 238; Grugel og Bishop, *Democratization*, 15–16, 50–53; Tilly, *Democracy*, 49.

⁵³ Grugel, *Democratization*, 14–16.

⁵⁴ Neveu o.fl., „Introduction,“ 948–952.

⁵⁵ Þorvaldur Thoroddsen, „Hugleiðingar um aldamótin,“ 1–52.

almenningur ruddu því til hliðar.⁵⁶ Með almenningi/alþýðu er vísað til meginþorra landsmanna. Þetta er „þjóðfélagshópur“ sem ekki er einfalt að skilgreina. Ingi Sigurðsson hefur bent á að tveir mælikvarðar hafi einkum verið notaðir við að skilgreina almenning. Annars vegar formleg menntun, þ.e. langskólamenntaðir og fjölskyldur þeirra teljast ekki til almennings, og hins vegar samfélagsleg staða einstaklinga.⁵⁷ Einfaldast væri að draga línu milli þeirra landsmanna sem nutu fulls þegnréttar (kjósenda) og hinna sem ekki nutu þessa réttar. Það er þó á ýmsan hátt misvísandi því með slíkri afmörkun lenti fólk í hóp almennings sem tæplega átti þar heima, t.d. eiginkonur og börn embættismanna og kaupstaðarborgara sem órökrétt er að telja til annars þjóðfélagshóps en eiginmenn þeirra og feður, sem ekki er hægt að telja til almennings. Meginviðmið minnar skilgreiningar er engu að síður mismikill þegnréttur. Þó verður ekki framhjá því litið að meðal bænda, stærsta hóps kjósenda, gat verið mikill munur á samfélagslegri stöðu. Í þeirra hópi mátti finna mikinn mun á efnahagslegu, menningarlegu, félagslegu og táknrænu auðmagni einstaklinga. Fátækur leiguliði gat haft kosningarétt líkt og stórlandeigandi sem var bóndi líkt og leiguliðinn. Hér er því stuðst við viðmið en ekki skýra skiptingu. Það var ekki skýrt á rannsóknartímanum hverjir teldust til almennings og hverjir ekki og er fjallað um þá óvissu í kafla 2.1.1. Í þessu sambandi verður líka að hafa í huga að almenningur var ekki einsleitur hópur, heldur skiptist í ólíka hópa (t.d. vinnukonur í sveitum og handverksmenn í bæjum) sem ekki áttu sömu hagsmuna að gæta.

Í þriðja hluta er áherslan á félög og félagshreyfingar og tengsl þeirra og samspil bæði við menningu í nærsamfélögum og við lýðræðislegar stofnanir. Lagt er út af kenningu Jürgen Habermas um *almanarárými*, þ.e. félagslegt rými sem myndast á milli almennings og stjórnvalda, þar sem fólk ræðir og beitir sér fyrir ákveðnum samfélagslegum málefnum og gerist fulltrúar almannavilja í þeim efnum.⁵⁸ Nánari umræða um forsendur og eðli kenningar Habermas um almannarárými og notagildi hennar fyrir þessa rannsókn er að finna í upphafi þriðja hluta. Hér verður rætt um helstu félagslegu rými sem fjallað er um, hver þau voru og hverjir höfðu aðgengi að þeim. Í þessari ritgerð er hugtakið *rými* notað um það sem á ensku er ýmist kallað *space* eða *sphere*.

Við skilgreiningu á rýmum í íslensku samfélagi á rannsóknartímanum eru tvær megingerðir sem liggja til grundvallar, þ.e. *einkarárými* (e. *private space*) og *opinbert rými* (e. *social space*). Heimilin voru einkarárými fólks og í þeim fóru húsbændur með mest öll völd og aðrir íbúar voru undir vald þeirra settir með einum eða öðrum hætti. Í sveitasamfélaginu var einkarárýmið í senn vettvangur vinnu, félagslífs og skemmtunar.⁵⁹ Stór hluti íbúa hvers heimilis hafði, einkum framan af rannsóknartímanum, mjög takmarkaðan aðgang að opinbera rýminu, nema helst við að sækja kirkju. Raunar væri líklega réttara að tala um *heimilsrými* fremur en einkarárými í tilfelli íslenska sveitasamfélagsins þar sem flestir landsmenn bjuggu í baðstofum í mikilli nálægð hver við annan þannig að einkalíf í nútímaskilningi var tæpast í boði (um þetta er fjallað í kafla 3.2.1). Hið opinbera rými er yfirheiti á margs konar félagslegum rýmum sem mynduðust utan heimilis. Þar er ekki aðeins vísað til félaga- og stjórnmalastarfs sem telja má til almannarárýmis heldur almennt til samfélagslegrar þátttöku, t.d. kaupstaða- og kirkjuferða, ferðalaga, atvinnu utan heimila, framkvæmda o.s.frv. Framan af rannsóknartímanum var þátttaka í opinberu rými nær eingöngu á færi húsbænda því annað heimilisfólk fór jafnan lítið út af heimilunum. Þar er sú undantekning helst þegar vinnumenn fóru í sendiferðir eða í tímabundna vinnu utan heimilis (t.d. í verið).

⁵⁶ Ingi Sigurðsson og Loftur Guttormsson, „Inngangur“, 17.

⁵⁷ Ingi Sigurðsson, „Áhrif fjölþjóðlegra hugmyndastefna á alþýðu“, 218.

⁵⁸ Habermas, *The Structural Transformation of the Public Sphere*, 27–31, 79–88, 175–180; Eley, „Nations, Publics, and Political Cultures“, 290.

⁵⁹ Guðmundur Hálfðanarson, „Old Provinces, Modern Nations“, 65–67.

Hér er lýðræðisþróun rannsökuð sem þátttaka (í félagsstarfi og opinberri tjáningu) og með tilliti til þegnréttar. Því er sérstaklega litið til félagslegra rýma í samfélögum sem telja má til almanna-rýmisins með það að markmiði að kanna lýðræðisleg áhrif þeirra. Hvernig mynduðust þessi rými, hver var virkni þeirra og hverjir höfðu aðgang að þeim? Hér er því mikið rætt um *félög* og *félagsbreyfingar* og ástæða til að staldra við og skýra stuttlega hvað felst í þeim hugtökum. Félag er samtök tveggja eða fleiri einstaklinga sem mynda skipulagða heild og byggir á reglum sem félagsmenn setja sér. Það starfar að markmiðum sem lýst er í lögum eða stefnuskrá viðkomandi félags. Starfssvæði félaga er jafnan afmarkað og ekki mjög stórt, t.d. ein kirkjusókn, eitt sveitarfélag eða hérað. Félagsbreyfing (e. *social movement*) eru samtök samsvarandi félaga (t.d. bindindisfélaga, ungmennafélaga eða kvenfélaga) sem starfa á landsvísu eða eru jafnvel hluti alþjóðlegrar hreyfingar sem starfar samkvæmt samræmdum meginmarkmiðum sem bundin eru í lög og samþykktir. Einstök aðildarfélög hafa þó dálítið svigrúm til að móta eigin áherslur.

Fjórdi hluti ritgerðarinnar hefst á umfjöllun um hugtakið *doxa* sem er notað við greiningu á samfélagsbreytingum á rannsóknartímanum. Líkt og með þriðja hluta er hér vísað til umræðu í upphafi fjórða hluta um *doxa* og notagildi þess fyrir rannsóknina. Hér verður skýrð merking annarra hugtaka sem Pierre Bourdieu beitti og eru notuð í þessari ritgerð þótt í minna mæli sé. Þar er fyrst að telja hugtökin *svið* (e. *field*), *valdasvið* (e. *field of power*), auðmagn (e. *capital*) og *habitus*.

Eins og áður var nefnt eru opinber rými þau félagslegu rými sem skapast utan heimilis og geta þau verið mjög breytileg eftir tíma og samfélagsgerð. Sviðin sem myndast innan hins opinbera rýmis eru afmarkaðri og skapast utan um sameiginlegan áhuga eða hagsmuni þeirra sem þar gerast þátttakendur. Einstaklingur getur verið þátttakandi á mörgum sviðum hins opinbera rýmis samtímis, t.d. með því að starfa í fleiru en einu félagi, og getur líka verið í forystu á einu sviði en ekki á öðru þrátt fyrir að vera virkur á báðum. Til að geta verið þátttakandi á sviði þarf einstaklingur að skilja og virða þær reglur sem þar gilda. Staða hvers og eins innan sviðsins ræðst svo að miklu leyti af því hversu ríkur eða fátækur viðkomandi er af hinum fjórum tegundum auðmagns sem Bourdieu skilgreindi (og rætt er um síðar í þessum kafla). Þar er leikni viðkomandi í notkun á tungumáli og tjáningu lykilatriði. Því meiri sem hún er aukast líkurnar á að viðkomandi komist til valda og áhrifa á sviðinu.⁶⁰

Valdasviðið er afmarkaður hluti hins félagslegra rýmis. Gerð þessa sviðs er nokkuð frábrugðin öðrum félagslegum sviðum vegna þess að aðgengi að því hafa aðeins þeir sem mest völd hafa innan þess félagslegra rýmis sem um ræðir. Þetta eru jafnan þeir einstaklingar sem eiga mest auðmagn. „Hierarchies and systems of domination are then reproduced to the extent that the dominant and the dominated perceive these systems to be legitimate, and thus think and act in their own best interests within the context of the system itself.“⁶¹ Breytingar á valdasviðinu geta haft bein áhrif á önnur félagsleg svið og félagslega rýmið í heild. Einstaklingar með aðgengi að valdasviðinu eru líklegri en aðrir til að verða forystumenn og talsmenn hópa og félaga sem myndast í hinu félagslegra rými.⁶² Við rannsóknir á sviðum lagði Bourdieu þrjú viðmið til grundvallar:

- 1) analyse the positions of the field vis-à-vis the field of power ...
- 2) map out the objective structures of relations between the positions occupied by the agents or institutions who compete for the legitimate forms of specific authority of which this field is a site ...

⁶⁰ Thomson, „Field“, 67; Hardy, „Social space“, 231; Schubert, „Suffering/symbolic violence“, 179.

⁶¹ Schubert, „Suffering/symbolic violence“, 180.

⁶² Hardy, „Social space“, 233; Grenfell, „Politics“, 256.

- 3) analyse the habitus of agents, the different the systems of dispositions they have acquired by internalising a determinate type of social and economic condition, and which find in a definite trajectory within the field.⁶³

Rannsóknir á sviðum eru ávallt bundnar ákveðnum erfiðleikum. Mörk sviða eru þannig oft óljós, einkum þar sem mörg mismunandi svið eru til staðar innan sama opinbera rýmis og hafa áhrif hvert á annað. Breytingar á opinbera rýminu geta svo haft áhrif á sviðin.⁶⁴

Kenningar Bourdieu hafa þann kost að þær einskorðast ekki við félagslegar stéttir heldur miðast við að völd hópa og einstaklinga geti verið mismikil á mismunandi sviðum samfélagsins. Tvær kenningar Bourdieu sem óhjákvæmilega tengjast *doxa* eru *habitus* og *auðmagn*, en þau hugtök hafa bæði verið mikið notuð í rannsóknum í hugvísindum. *Habitus* vísar til áunninna venja mannsins, reglubundinna og ómeðvitaðra formgerða sem hafa ekki einungis áhrif á hegðun og venjur heldur einnig á skynjun og dómgreind, bæði einstaklingsbundið og félagslega. „*Habitus* er því það sem okkur finnst eðlilegt og náttúrulegt og er mótuð og mótandi afstaða, falin í samfélagsvenjum. Af þessu leiðir að við höfum öll okkar *habitus* sem markar okkur og viðhorfum okkar stað í samfélaginu.“⁶⁵ *Habitus* skapar ekki aðeins tengingu við fortíð, samtíð og framtíð heldur mótar líka hvernig einstaklingar nálgast félagslegt umhverfi sitt og hefur áhrif á atbeina þeirra.⁶⁶ Í fjórða hluta er *doxa* einmitt notað til að skýra samfélagsgerð íslenska sveitasamfélagsins sem var framan af rannsóknartímanum mjög bundin við venjur og hefðir sem mótuðu viðhorf fólks og valmöguleika.

Bourdieu skilgreindi fjórar tegundir *auðmagns* (e. *capital*): efnahagslegt, félagslegt, menningarlegt og táknrænt. *Efnahagslegt auðmagn* er nokkuð auðskilið enda vísar það til fjármuna og eigna viðkomandi einstaklings. Það er tilvist hinna þriggja gerða auðmagns sem skýrir hvernig fleira en efnahagur hefur áhrif á samfélagslega stöðu fólks og þá virðingu sem það nýtur. *Félagslegt auðmagn* felst einkum í félagslegum tengslum einstaklings. Þar getur fjölskylda og ætterni skipt miklu sem og vináttutengsl, t.d. milli skólafélaga. *Menningarlegt auðmagn* vísar til menntunar- og menningarlegrar stöðu einstaklings og byggist m.a. á formlegri menntun viðkomandi en getur líka legið í menningarlegum þáttum, t.d. listrænum hæfileikum eða betra valdi á tungumálinu (töluðu og/eða skrifuðu) en almennt gerist. *Táknrænt auðmagn* öðlast fólk þegar það nær að hljóta viðurkenningu og virðingu samfélagsins fyrir efnahags-, félags- og/eða menningarlegt auðmagn sitt eða gegnir starfi eða félagslegu hlutverki sem nýtur almennrar virðingar. Hversu ríkt eða fátækt fólk er af táknrænu auðmagni hefur mest áhrif á samfélagslega stöðu þess.⁶⁷

Að lokum er hér vert að geta tveggja hugtaka sem voru mjög fyrirferðarmikil í opinberri umræðu á rannsóknartímanum. Í orðræðu 19. aldar er augljóst að hugtakið *menntun* vísaði ekki aðeins til formlegrar skólagöngu. Menntun hafði mun víðtækari merkingu og gat falist í óformlegri þekkingaröflun og jafnvel í nýrri reynslu, t.d. þátttöku í starfi félaga þar sem nýliðar kynntust fundarvenjum og nýjum hugmyndum. Menntunin var bókleg, verkleg og líkamleg. Hún var ekki aðeins hagnýt heldur líka fagurfræðileg, þó krafan um hagnýtt gildi væri jafnan mjög áberandi.⁶⁸ Það er ekki einfalt að ná utan um merkingu hugtaksins *framfarir* í opinberri umræðu á rannsóknartímanum. Notkun þess er mjög víðtæk og víða birtist það fremur sem slagorð en sem lýsandi hugtak. Með nokkurri einföldun má segja að framfarir vísi til alls þess sem horfi til betri vegar á

⁶³ Bourdieu og Wacquant, *An invitation to Reflexive Sociology*, 104–105; Thomson, „Field“, 73.

⁶⁴ Thomson, „Field“, 77–79.

⁶⁵ Erla Hulda Halldórsdóttir, *Nútímans konur*, 287.

⁶⁶ Maton, „Habitus“, 52.

⁶⁷ Sigríður Matthíasdóttir og Þorgerður Einarsdóttir, „Auðmagn sem erfist og kynslóðir vesturfarakvenna“, 191.

⁶⁸ Erla Hulda Halldórsdóttir, *Nútímans konur*, 125–127.

öllum sviðum samfélagsins, í verklegum efnum, bóklegum, menningu, vísindum o.s.frv. Framfarir eru hins vegar „pólitískt“ hugtak og því geta framfarir í huga eins verið afturför í huga annars.

1.4 Heimildir: val, framsetning og túlkun

Frá upphafi þessarar rannsóknar var ljóst að þar sem markmiðið var að nálgast viðfangsefnið út frá almenningi yrði að leita persónulegra heimilda sem veittu upplýsingar frá fyrstu hendi. Af því hefur leitt að mikill tími hefur farið í heimildaleit, að leita af sér grun um að finna eitthvað sem kannski er til. Farið var ofan í hverja skjalaöskjuna eftir aðra upp á von og óvon um að þar leyndust verðmætar heimildir. Eftir þessa reynslu hef ég betri skilning en áður á því hvers vegna „sagan að ofan“ – stofnanasaga og „stórmennasaga“ – var lengi ráðandi form íslenskrar söguritunar. Gagnvart heimildaöflun gefur sú nálgun mun meiri vissu um hvaða heimildir eru til og oftast nær er fyrirhafnarminna að finna þær. Mér fannst sú nálgun hins vegar ekki henta til að svara þeim spurningum sem hér er leitað svara við, auk þess sem henni hefur verið allvel sinnt. Ég valdi því að nálgast efnið „að neðan“ og láta reyna á hvert ég kæmist. Árið 1997 gagnrýndi Sigurður Gylfi Magnússon að áherslan í íslenskum sagnfræðirannsóknum hefði fram til þess tíma einkennst um of af stofnanasögu. „Gallinn við þessa hefðbundnu söguritun er sá að stórir hópar þjóðfélagsins verða afskiptir. Því skyldi nokkur maður hafa áhuga á að fjalla um konur eða börn, svo dæmi sé tekið, þar sem slíkir hópar eru varla sýnilegir við myndun eða þróun þessara stofnana?“⁶⁹ Á þessu hefur reyndar orðið breyting síðan Sigurður Gylfi skrifaði greinina, ekki síst fyrir hans tilverknað.

Hér verður gerð grein fyrir vali meginheimilda og notkun þeirra, rætt um eðli heimilda og um stöðu rannsakandans gagnvart þeim og rannsókninni. Efnislega (empírískt) styðst þessi ritgerð einkum við þrjá heimildaflokka: 1) skjöl, þ.e. sendibréf, dagbækur, félagaskjöl og sveitarblöð; 2) austfirsk þjóðmálablöð sem gefin voru út á rannsóknartímanum; 3) sjálfsævisögur og æviminningar. Þó þessir þrír heimildaflokkar séu veigamestir var við rannsóknina leitað fanga víðar og er í þeim efnum vert að nefna fræðirit (einkum um þjóðhætti á 19. öld), austfirskar byggðasögur og svör í spurningaskrár Þjóðminjasafns Íslands. Fræðiritin voru nýtt við að draga upp mynd af félagsgerð tímabilsins. Í austfirskar byggðasögur var einkum sótt efni til að lýsa samfélagsþróun á Austurlandi og í svörum við spurningaskrár Þjóðminjasafns var leitað upplýsinga um menningar-ástand, einkum til að skýra valdaafstæður í nærsamfélögum.

Þó ég hafi oft gripið í tómtil við könnun mína á innihaldi skjalaaskja fann ég vitaskuld líka margt merkilegt og áhugavert sem nýttist rannsókninni eða mun verða efni í aðrar rannsóknir síðar. Ég rak mig þó brátt á að bréfasöfn alþýðufólks eru fjarri því eins ríkuleg og margra þeirra sem komust til valda og áhrifa í samfélaginu. Það kann að skýrast bæði af minni bréfaskrifum alþýðufólks og af því að bréfasöfn hinna herra settu hafi fremur varðveist. Þó eru frávík frá þessu og má þar t.d. nefna stór bréfasöfn fjölskyldnanna í Stakkahlíð í Loðmundarfirði og Skógargærði í Fellum, sem bæði eru varðveitt í Héraðsskjalasafni Austfirðinga. Það er hins vegar ekki á vísan að róa hvað varðar varðveislu bréfa og hefur ástralski sagnfræðingurinn Martin Lyons bent á að hrein tilviljun ráði oft hvort og að hve miklu leyti bréfasöfn varðveitist.⁷⁰ Til að sendibréf varðveitist þarf utanhald um þau að vera gott frá byrjun. Vel er þekkt að bréf voru brennd ásamt „öðru rusli“ og endurnýtt í heimilishaldi, t.d. sem umbúðir. Ólöf Helgadóttir frá Skógargærði bað Indriða son sinn ítrekað um að brenna að lestri loknum bréfin sem hún sendi honum og bað hann líka að minna Þórhall bróður sinn á að gera slíkt hið sama.⁷¹ Til að bæta upp þann „skort“ sem var á bréfum alþýðufólks var leitað í sveitarblöð, sjálfsævisögur og æviminningar. Þótt sveitarblöðin séu

⁶⁹ Sigurður Gylfi Magnússon, „Kynjasögur á 19. og 20. öld,“ 138.

⁷⁰ Lyons, *The Writing Culture of Ordinary People in Europe, c. 1860–1920*, 56.

⁷¹ *HerAust.* A6 183, 20. Bréf frá Ólöfu Helgadóttur til Indriða Helgasonar.

annars eðlis en sendibréf eru þau líka samtímaheimildir og hvort tveggja inniheldur upplýsingar um samfélagsgerð og viðhorf fólks sem sjaldgæft er að finna í opinberum skjölum og fræðiritum. Þótt sjálfsævisögur innihaldi vitnisburð frá fyrstu hendi verður að hafa í huga að þær eru jafnan skráðar löngu eftir þá atburði sem þær lýsa og þar getur minni höfundar, upplýsingar frá öðrum og síðari tíma lífsreynsla haft áhrif á efnisval og efnistöð.⁷²

Í Héraðsskjalasafni Austfirðinga og í Handritasafni Landsbókasafns leitaði ég bréfasafna Austfirðinga eða fólks sem bjó um lengri eða skemmri tíma á Austurlandi á rannsóknartímanum. Í heimildaskrá er vísað til á þriðja tugar bréfasafna sem nýttust við rannsóknina en yfirfarin söfn voru um það bil þrefalt fleiri. Sendibréf eru hér fyrst og fremst notuð til að afla upplýsinga um félagslega virkni. Þau nýtast líka sem vitnisburður um samfélagsgerð, viðhorf og væntingar til félagastarfs. Í þeim var bæði leitað frásagna þess fólks sem var virkt í félagastarfi en líka hinna sem stóðu utan þess. Upplýsingar úr bréfunum eru nýttar í samspili við aðrar heimildir um áhrif félagastarfs á nærsamfélög og styrkleika þess og veikleika. Bréfin sem um ræðir eru frá mörgum bréfiturum sem í sumum tilvikum eru til litlar aðrar heimildir um. Því verður á stundum að draga ályktanir af orðum fólks án þess að öðrum heimildum sé til að dreifa um líf og viðhorf viðkomandi.

Við mat á heimildagildi sendibréfa er að mörgu að hyggja. Hver skrifar bréfið; hvers vegna; hvað er sagt og í hvaða samhengi; hver eru tengsl bréfitara og viðtakanda; er bréfið ætlað honum einum eða er gert ráð fyrir að fleiri lesi það? Sendibréf eru ekki einfaldar heimildir í meðhöndlun en áhugaverðar og spennandi fyrir margra hluta sakir. „Sendibréfið er jú ekki hlutlaus tjáning,“ segir Erla Hulda Halldórsdóttir, „það er sviðsetning, í því eru ekki einfaldar staðreyndir eða sannleikur sem rennur úr penna bréfitarans, heldur eiga bréfaskrif sér tiltekin markmið og með orðavali, framsetningu og efnisvali reynir bréfitari að hafa áhrif á viðtakandann.“⁷³ Þetta eðli sendibréfanna er í senn bæði krefjandi og áhugavert og svo vísað sé aftur til orða Erlu Huldu, sem mikið hefur nýtt sendibréf í sínum rannsóknum: „Heimur sendibréfsins er því í senn heillandi, einmitt fyrir það hve reynslan og þær skoðanir sem settar eru fram eru persónubundnar og til þess fallnar að hafa tilfinningaleg áhrif á fræðimanninn.“⁷⁴ Þessi „nándarhætta“ sem Erla Hulda víkur hér að var til staðar í minni rannsókn líkt og öðrum sambærilegum rannsóknum þó ég telji hana ekki hafa haft veruleg áhrif. Ástæða þess er einkum sú að ég var að „kynnast“ flestum bréfiturum í fyrsta skipti og hafði því ekki áður myndað tengsl við þá. Ég hef leitast við að gæta sanngirni og forðast hlutdrægni í meðhöndlun minni á bréfunum en geng þess þó ódulinn að ég er sjálfur hluti af rannsókninni og viðhorf mín hafa mótandi áhrif. Rannsakandi getur aldrei verið alvitur, ótengd og utanaðkomandi vera sem fellir „hlutlaus“ dóma.

Þó stór hluti sendibréfa hafi verið skrifaður í þeim tilgangi að segja fréttir af eigin högum og annarra og/eða til að reka erindi, mótast efni þeirra og framsetning jafnan af því hver viðtakandinn var. Glögg dæmi um þetta má sjá í áður nefndum bréfum frá Stakkahlíð og Skógargærði þar sem systkini tjá sig hvert við annað með öðrum hætti en þau gera við foreldra sína, jafnvel þó umræðuefnin séu keimlík. Það rímar við það sem Sigurður Gylfi Magnússon hefur áður bent á, að augljós munur geti verið á tjáningu fólks í sendibréfum t.d. tali ungir karlar öðruvísi við mæður sínar en fedur. „Grundvallaratriði við mat á áreiðanleika bréfa er að bera kennsl á samband bréfitara og viðtakanda sem og þjóðfélagslegar aðstæður beggja. Samband þessara tveggja persóna getur ráðið því hvort bréf sé metið einhvers virði til rannsókna; við úrlausn hvaða vandamála hægt sé að nota þau.“⁷⁵

⁷² Sigurður Gylfi Magnússon, *Sjálfsögur*, 98–103.

⁷³ Erla Hulda Halldórsdóttir, „„gleimdu ecki þinni einlægt Elskandi Sistir“,“ 101.

⁷⁴ Erla Hulda Halldórsdóttir, *Nátímans konur*, 59.

⁷⁵ Sigurður Gylfi Magnússon, *Menntun, ást og sorg*, 54.

Sendibréf eru persónuleg heimild sem getur fyllt upp í göt sem aðrar heimildir skilja eftir og varpað ljósi á horfinn heim tilfinninga og aðstæðna. Þau eru lýsingar einstaklinga á mönnum, málefnum og tilfinningum og í þeim birtast líka upplifanir og skoðanir bréfitara. Einnig er rétt að muna að bréfitarar á 19. öld þurftu jafnan að hafa í huga að fleiri en viðtakandi gætu lesið/heyrt efni bréfsins.⁷⁶ Sum bréf voru raunar beinlínis skrifuð með það í huga að fleiri en viðtakandinn einn nyttu efni þeirra og jafnvel voru dæmi um að bréfkaflar væru birtir í þjóðmálablöðum og sveitarblöðum. En líka verður að hafa í huga áhyggjur fólks af því að bréf sem það sendi skiluðu sér ekki í réttar hendur og/eða væru lesin af óviðkomandi. Póstþjónusta var ótraust lengst af rannsóknartímans og oft var því reynt að nota tilfallandi ferðir. Slík óvissa var til þess fallin að fæla fólk frá að láta allt flakka í bréfum.⁷⁷

Í umgengni við sendibréf líkt og aðrar sögulegar heimildir verður að gæta að tengslum sögulegra staðreynda og sögulegs samhengis. Með hugtakinu söguleg staðreynd er hér vísað „til hvers kyns atburða, athafna, tilfinninga, upplifana, stofnana, hluta o.s.frv. sem áttu sér stað í fortíðinni og hafa varðveist með einhverjum hætti í heimildum.“⁷⁸ Það er svo rannsakanda að setja sögulegar staðreyndir í samhengi og sníða úr þeim frásögn sem er sannfærandi lýsing á fortíðinni. Sú vinna og framsetning efnis er þó eftir sem áður verk rannsakanda, hans hugarsmíð og mótuð af þeim spurningum sem viðkomandi leitast við að svara.

Þótt dagbækur sem nýttust þessari rannsókn séu aðeins fimm talsins er engu að síður vert að ræða sérstaklega um dagbækur sem heimildir og not þeirra fyrir rannsóknina. Fjórar þessara dagbóka voru nýttar sem efnisheimildir á nokkrum stöðum í meginmáli en sú fimmta er önnur tveggja aðalheimilda eins lokakafla ritgerðarinnar (kafla 4.5.3). Mun fleiri dagbækur voru kannaðar þó minni áhersla sé lögð á þær en á sendibréf. Þótt finna megi sameiginlega þætti sem einkenna flestar dagbækur frá 19. öld og byrjun 20. aldar, t.d. skráningu á veðri, gestakomum og tilfallandi atburðum á heimili og í nærumhverfi dagbókarritara, er persónuleiki hvers og eins dagbókarritara mjög mótandi fyrir hvað er skráð (og hvað ekki) og hvernig. Sigurður Gylfi Magnússon, sem hefur víðtæka reynslu af því að nota dagbækur í rannsóknum og hefur einnig rannsakað eðli dagbóka sem heimilda, bendir á að dagbókarformið sjálft sé margbreytilegt. Dagbókarskrifin tengjast löngun fólks til að halda utan um eigið líf og þau nýtast líka til sjálfsskoðunar. Form þeirra krefst ekki tiltekinnar menntunar eða samfélagslegrar stöðu. Hver sem er læs og skrifandi getur skrifað dagbók. Þegar nær dró lokum 19. aldar færðust dagbókarskrif í vöxt og fólk af fleiri þjóðfélagsstigum tók að skrá dagbækur, ekki síst ungt alþýðufólk.⁷⁹ Dagbækurnar sem nýttust við þessa rannsókn endurspeglar fjölbreytta samfélagsstöðu karlkyns dagbókarritara á rannsóknartímanum. Einn þeirra var prestur, annar hreppstjóri, hinn þriðji bóndi og forystumaður í sinni sveit (sat til skamms tíma á Alþingi), sá fjórði óbreyttur bóndi (leiguliði sem fluttist síðar til Vesturheims) og sá fimmti vinnumaður og barnakennari.

Í flestum tilvikum eru dagbækur skrifaðar daglega, en þó þekkjast dæmi um höfundar sem endurrituðu dagbækur sínar síðar. Daglegar færslur leiða til þess að efni dagbókanna verður jafnan einlægt, blátt áfram og laust við sviðsetningar. Þær verða því „sérstætt sambland af sjálfvirkri skráningu hversdagslegra atburða, meðvitaðri og ómeðvitaðri sjálfsréttlætingu og uppgjöri við eigið líf. Skrifarinn hefur sjaldnast annan lesanda í huga en sjálfan sig og því einskorðast skráningarnar ekki við það sem þykir merkilegt eða frásagnarvert heldur það sem er mikilvægt á

⁷⁶ Erla Hulda Halldórsdóttir, „Af bréfaskiptum kvenna á 19. öld,“ 248–249.

⁷⁷ Sigurður Gylfi Magnússon, *Menntun, ást og sorg*, 64.

⁷⁸ *Lbs.-Hbs.* Vilhelm Vilhelmsson, „Sjálfstætt fólk?“ 45.

⁷⁹ *Kraftbirtingarhljómur guðdómsins*, 93; Sigurður Gylfi Magnússon, *Fortíðardraumar*, 187.

þeirri stundu.⁸⁰ Dagbækur eru verðmætar sagnfræðiheimildir en líka vandmeðfarnar. Þó hafa verði fyrirvara á heimildagildi dagbókarfærslna, t.d. þegar vitnað er til þeirra sem heimilda um atburði sem ekki eru aðrar heimildir um, liggur styrkur þeirra líka að nokkru leyti einmitt í hinu sama, þ.e. frásögnum af því sem hvergi er annars staðar lýst. Ég tel að almennt sé ekki ástæða til að véfengja frásagnir dagbóka nema ástæður finnist til, þó vitanlega verði að hafa hugfast að dagbókarritarar skrifa út frá sínu sjónarhorni sem kann að birta ólíka sýn en þá sem aðrir kunna að hafa haft.

Skjalasöfn félaga sem þessi rannsókn styðst við eru mis ríkuleg. Í sumum tilvikum eru aðeins varðveitt lög félags en engar fundargerðir eða aðeins fundargerðir frá stuttu tímabili og ekkert annað. Í öðrum tilvikum eru skjöl einstakra félaga mun ríkulegri – með skipulega skráðum fundargerðum, lögum sem ljóslega fengu ítarlega umfjöllun og uppfærðum félagatölum. Þessi dæmi eru þó frávikin í báðar áttir þar sem flest skjalasöfn félaga sem voru rannsökuð eru einhvers staðar þarna á milli þegar kemur að varðveislu. Þau eru raunar mjög innbyrðis ólík sem gerir samanburð á félögum torveldari en ella, eins og sjá má í umfjöllun í kafla 4.4.

Fundagerðabækur eru mikilvægustu heimildirnar þegar kemur að því að meta starfsemi og virkni félaga. Þær eru líka nokkuð traustar heimildir þar sem venja var að fundargerð væri lesin upp og samþykkt af fundarmönnum. Afar misjafnt er þó hversu nákvæmlega fundargerðir voru færðar. Þó þær væru ítarlegar getur verið greinilegur munur á því, jafnvel milli samsvarandi félaga, hvaða upplýsingar voru skipulega skráðar. Gott dæmi um það eru málfundafélögin sem fjallað er um í kafla 4.4.6. Í þeim öllum voru færðar skipulegar og ítarlegar fundargerðir en aðeins í einu þeirra voru umræður bókaðar svo að sjá megi skoðanir félagsmanna sem til máls tóku á einstökum umræðuefnum. Sameiginleg með þeim er skráning á umræðuefnunum sem gefur innsýn í hvaða málafni helst brunnu á félagsmönnum.

Um sveitarblöð og handskrifuð blöð félaga er fjallað allítarlega í meginmáli ritgerðarinnar (sjá kafla 2.3.2 og 4.4.7) og verður hér aðeins rætt stuttlega um heimildagildi þeirra. Útgáfa félagsblaða var þáttur í starfi sumra félaga og var þá efni hvers tölublaðs lesið upphátt á fundum. Ábyrgð á ritstjórn var jafnan dreift á félagsmenn. Efni þessara blaða einkenndist af innra samtali þó þar megi líka finna efni með almenna skírskotun. Gera má ráð fyrir að ritstjórar þessara blaða hafi haft meira og beinna aðhald en einstaklingar eða óformleg samtök sem stóðu að útgáfu sveitarblaða. Ritstjórar félagsblaðanna þurftu að „standa fyrir máli sínu“ og gátu fengið viðbrögð við efni blaðsins jafnóðum og það var flutt. Það er líklegt til að hafa gert þá varfærnari í orðum og efnisvali en ella. Ritstjórar sveitarblaða sem látnin voru ganga bæ af bæ voru líka í náninni snertingu við viðtakendur blaðanna, þó með öðrum hætti væri. Ég nota vísitandi hugtakið *viðtakendur* en ekki *lesendur* því að líkindum hefur efni blaða sem bárust á milli heimila fremur verið lesið einu sinni upphátt fyrir heimilisfólk en að hver læsi það með sjálfum sér. Markmið flestra sveitarblaða var að vekja fólk til umhugsunar um hagsmunamál sín og ýta undir umræður um þau. Efni þeirra er oft meira ögrandi en efni félagsblaða en í sveitarblöðum gat fólk tjáð sig í skjóli nafnleyndar, nokkuð sem var illa séð í félagsblöðum. Þó sveitarblöð leituðu almennrar þátttöku í efnisöflun sinni var uppistaða efnisins jafnan skrifuð af ritstjórunum og því eru blöðin ekki síst vitnisburður um áhugasvið þeirra og skoðanir. Af þeim sökum verður að lesa efni þeirra með það í huga hver eða hverjir ritstýrðu þeim.

Hafi sveitarblöðin mótast af ritstjórum sínum á það ekki síður við um efni þjóðmálablaða sem gefin voru út á rannsóknartímanum. Um efni þeirra og áherslur er rætt í köflum 2.3 og 4.3.1. Austfirsku þjóðmálablöðin sem komu út innan tímabilsins voru allmikið nýtt við þessa rannsókn. Farið var yfir öll tölublöð þeirra og þau efnisskráð, bæði í þeim tilgangi að draga upp mynd af meginlínum í efnisáherslum og til að leita efnisheimilda sem nýst gætu rannsókninni. Þessi yfirferð

⁸⁰ Davíð Ólafsson, „Í frásögur ferandi“, 127–128.

var tímafrek en það sem gerði hana mögulega er vefurinn tímarit.is þar sem öll þessi blöð eru meðal geysimikils efnis sem þar hefur verið gert aðgengilegt á stafrænu formi. Það er erfitt að finna nógu sterk orð til að lýsa þýðingu slíkra opinna rafrænna gagnasafna fyrir rannsóknir auk þægindanna að geta nálgast efnið hvenær sem er og hvar sem maður er staddur. Þó efni þjóðmálablaðanna spegli samtímamann upp að vissu marki verður að hafa í huga að þau voru gefin út í ákveðnum tilgangi (yfirleitt pólitískum) og efni þeirra og áherslur draga dóm af því. En fleira efni en „stórpólitík“ rataði á síður blaðanna og þau enduróma því hluta almannarýmisins. Þó skyldi varast að draga almennar ályktanir um áhugasvið og skoðanir lesenda út frá efnistöfum blaðanna.

Sjálfsævisögur og æviminningar eru verulegur hluti efnisheimilda ritgerðarinnar. Notkun þeirra miðaðist við að skapa fyllri mynd af félagsgerð, menningu og félagastarfi en hægt var að fá með samtímaheimildunum einum. Þó sérstaklega væri leitað fanga í sjálfsævisögum Austfirðinga sem fæddir voru um eða fyrir aldamótin 1900 er líka stuðst við ævisögur fólks úr öðrum landshlutum sem fætt var fyrir aldamót, einkum Þingeyinga og Austur-Skaftfellinga. Við leitina naut ég góðs af „Skrá um útgefnar sjálfsævisögur, endurminningarit og samtalsbækur (viðtöl) frá upphafi til ársins 2004“ sem er að finna í *Fortíðardraumum*, bók sem Sigurður Gylfi Magnússon sendi frá sér árið 2004 og helguð er íslenskum sjálfsbókmenntum.⁸¹ Í henni skilgreindi Sigurður Gylfi sjálfsbókmenntir og skipti þeim í fimm undirflokkar sem eru: sjálfsævisögur, endurminningarit, samtalsbækur, skáldævisögur og ævisögur.⁸² Í þessari ritgerð eru það fyrst og fremst sjálfsævisögur sem hafa verið nýttar en þó má í heimildaskrá einnig finna ævisögur ritaðar af fræðimönnum og endurminninga-kafla úr safnritum og tímaritum.

Þegar kemur að mati á heimildagildi sjálfsbókmennta er nauðsynlegt að huga að því hvaða hvatar lágu að baki rituninni, hver var afstaða höfundarins til þess sem er lýst og hvernig á að nota heimildina. Huglægni er mikilvægasti eiginleiki sjálfsbókmennta. Sagan er sögð frá sjónarhóli þess sem skrifar og út frá reynslu viðkomandi. Þó ber að hafa í huga við notkun sjálfsævisagna að óljós munur getur verið á atburðum fortíðar, minningum sjálfsævisöguritarans um þá og þeim afurðum sem skapast af notkun þeirra sem heimilda. Á hinn bóginn voru margir sjálfsævisöguritarar sem fæddir voru á rannsóknartímanum mjög uppteknir af sannleikanum og kalla jafnvel aðra til vitnis um sannleiksgildi frásagnar sinnar. Skrif þeirra draga þannig dóm af einni rótgrónustu dyggð íslensks samfélags á 19. öld, samfélags þar sem borin var djúp virðing fyrir skrifuðum texta og að innihald hans væri satt.⁸³ Meðal þeirra sjálfsævisagnaritara sem vitnað er til í þessari ritgerð er Ólafur Jónsson frá Freyshólum á Fljótshálsá. Hann ræddi í upphafi sjálfsævisögu sinnar um aðferðir sínar við ritunina og kvaðst hafa styrkt frásögnina með „öðrum heimildum, þar sem þess er kostur, og oft stuðst við dagbókarbrot og minnisþykki, er ég hafði gert samhliða því, sem atburðirnir gerðust.“⁸⁴

Beinar tilvitnanir í ritgerðinni eru allmargar. Þær birtast stafréttar þó augljós pennaglöp séu lagfærð án athugasemda og leyst sé upp úr styttingum í frumtexta handritaðra heimilda. Greinarmerkjasetning er færð til nútímahorfs þegar vitnað er til handritaðra heimilda.

⁸¹ Sigurður Gylfi Magnússon, *Fortíðardraumur*, 353–404.

⁸² Sigurður Gylfi Magnússon, *Fortíðardraumur*, 43, 55, 69–70, 79–80, 95–96.

⁸³ Sigurður Gylfi Magnússon, *Sjálfsögur*, 10–11, 68–69, 124–125, 203–204.

⁸⁴ Ólafur Jónsson, *A tveimur jafnfljótum*, 1:10.

2. Lýðræði, samfélagsgerð og fjölmiðlun

Fram undir lok 19. aldar var íslenskt samfélag sveitasamfélag þar sem þéttbýlisstaðir voru flestir fámennir. Heimilin og hrepparnir voru grunneiningar íslensks samfélags. Sigurður Gylfi Magnússon sagnfræðingur hefur lýst uppbyggingu íslensku fjölskyldunnar á 19. öld svo að þar hafi fjölskyldufaðirinn setið á toppnum, nær alvaldur. Eiginkonan deildi með eiginmanni ábyrgð á húshaldinu en raunin var oft sú að konan sá nær alfarið um rekstur heimilisins.⁸⁵ Húsbóndinn var andlit heimilisins út á við og var fram eftir 19. öld sá eini á heimilinu sem átti möguleika á þátttöku í almannarýminu. Þátttaka í félagslífi varð fleirum opin á síðari helmingi aldarinnar, einkum undir lok hennar, þó heimilisfeður hefðu þar jafnan fleiri valkosti en aðrir. Á yfirborðinu myndaði heimilisfólk eina heild en skiptist ekki í fylkingar atvinnurekenda og verkafólks. Yfirgnæfandi meirihluti Íslendinga á fyrri hluta 19. aldar varði nokkrum árum í vinnumennsku áður en fólk hóf eigin búskap. Útbreitt viðhorf var að líta á vinnumennsku sem hluta af lífsskeiði og þroskaferli fremur en sem starfsgrein.⁸⁶ Vilhelm Vilhelmsson sagnfræðingur hefur þó bent á, með vísan í dómsmál um brot á samningum um vistráðningu hjúa, að þau hafi mörg hver „litið á vist sína sem atvinnu sem laut tímabundnum ráðningarsamning fremur en sem „skóla“ eða siðferðilega skyldu.“⁸⁷

Öldum saman var kirkjan sú opinbera stofnun sem Íslendingar áttu mest samskipti við. Prestar landsins voru ekki aðeins andlegir leiðtogar á 19. öld heldur höfðu þeir einnig formleg veraldleg hlutverk, einkum er kom að fræðslu barna. Fram að setningu fræðslulaganna árið 1880 gildi fræðsluskylda foreldra. Barnafræðslan var bundin við heimilið, afskipti veraldlegra yfirvalda af henni voru engin og nær engu fé var varið til fræðslunnar af hálfu yfirvalda. En prestum fækkaði undir lok 19. aldar á meðan landsmönnum hélt áfram að fjölga. Færri prestar sinntu fleiri sóknum og fleira fólki. Af því leiddi að erfiðara varð fyrir marga presta að standa undir þeirri skyldu að hafa eftirlit með fræðslu barna og um aldamótin var orðið ljóst að margir prestar réðu illa við þetta verkefni.⁸⁸ Lög um fræðslu barna sem tóku gildi árið 1880 (hér kölluð *Fræðslulögin*) miðuðust við að auka fræðslu barna og unglinga. Auknar kröfur til náms stuðluðu að farkennslu og stofnun barna- og ungmenntaskóla (þó hvorki væri minnst á skóla né kennara í lögunum) þar sem margir foreldrar voru ekki í stakk búnir að mæta þessum auknu kröfum. Farkennsla og heimakennsla voru engu að síður ráðandi aðferðir við fræðslu barna fram yfir aldamót. Skólakerfi fyrir grunnnám (barnaskólar) varð ekki til fyrr en á 20. öld þó að nokkrir barnaskólar væru stofnaðir fyrir aldamót.⁸⁹

Fram eftir 19. öld var til staðar andstaða í íslensku samfélagi við tilburði ungmenna í alþýðustétt til að afla sér menntunar umfram lögbundinn barnalærdóm. Margar frásagnir eru til sem lýsa viðleitni barna og unglinga á fyrri hluta 19. aldar við að læra skrift, oft í óþökk húsbænda.⁹⁰ Einu ungmenntaskólar landsins frá miðri 19. öld og fram á síðasta fjórðung aldarinnar voru embættismannaskólar, sem helst voru sóttir af sonum embættismanna og betur stæðra bænda. Fyrir stúlkur og meginþorra pilta var formleg fræðsla umfram barnalærdóm ekki til staðar fyrr en með tilkomu alþýðlegra ungmenntaskóla (einkum búnaðarskóla, gagnfræðaskóla og kvennaskóla). Þeir bættu möguleika ungs íslensks sveitafólks að afla sér formlegrar menntunar og skólagangan gat styrkt félagslega stöðu þeirra innan heimabygðar, þ.e. þeirra sem sneru aftur heim að loknu námi.⁹¹

⁸⁵ Sigurður Gylfi Magnússon, „Sársaukans land“, 30.

⁸⁶ Guðmundur Hálfðanarson, „Íslensk þjóðfélagsþróun á 19. öld“, 65.

⁸⁷ *Lbs.-Hbs.* Vilhelm Vilhelmsson, „Sjálfstætt fólk?“, 242.

⁸⁸ Pétur Pétursson, *Church and Social Change*, 82–83.

⁸⁹ Loftur Guttormsson, *Almenningfræðsla á Íslandi*, 1:45–53; *Alþingistíðindi* 1907 A, 150–161; Sigurður Gylfi Magnússon og Davíð Ólafsson, *Minor Knowledge and Microhistory*, 94.

⁹⁰ Erla Hulda Halldórsdóttir, „Af bréfaskiptum kvenna á 19. öld“, 247–248.

⁹¹ Hulda S. Sigtryggisdóttir, „Alþýðuskólar og ungmenntafélög – leiðir til samfélagslegrar virkni“, 167.

En þrátt fyrir tilkomu alþýðuskólanna urðu margir eftir sem áður að láta sér nægja sjálfsnám, hefðu þeir á annað borð tök og áhuga á að leita sér menntunar umfram skyldunám.

Vöxtur í útgáfu blaða og tímarita á síðustu áratugum 19. aldar jók til muna framboð á veraldlegu lesefni og bætti þannig möguleika landsmanna á að kynna sér bæði innlend og erlend málefni. Fjölgun prentaðra blaða sem og útbreiðsla handskrifaðra blaða (sveitarblaða) opnaði fleira fólki möguleika til opinberrar tjáningar og þátttöku í umræðu um samfélagsmál. Þótt rekja megi upphaf íslenskrar tímaritaútgáfu allt aftur til ársins 1773, þegar Magnús Ketilsson sýslumaður Dalasýslu hóf að gefa út *Íslandske Maanedestidende* í Hrappsey, var það ekki fyrr en um miðja 19. öld sem þjóðmálablöð festu varanlegar rætur á Íslandi. Áður en útgáfa *Þjóðólfs* hófst í Reykjavík árið 1848 hafði ýmislegt gerst í útgáfumálum, einkum tímaritaútgáfu, en eldri þjóðmálablöð orðið skammlíf.⁹² Strjálbýli, fámenni, erfiðar samgöngur og léleg póstdreifing voru meðal þess sem stóð blaðaútgáfu helst fyrir þrífum á Íslandi á 19. öld og fram á 20. öld auk þess sem fátækt margra landsmanna og það viðhorf að líta á blöðin sem óþarfa vann gegn áhrifamætti þeirra. Það viðhorf breyttist er nær dró aldamótum og hið prentaða orð varð stór þáttur í hversdagsmenningu og skoðanamyndun.

Markmið þessa hluta er að draga upp útlínur þess hluta íslensks samfélags sem sérstaklega varðar efni rannsóknarinnar. Þessi hluti skiptist í þrjá kafla. Í þeim fyrsta er lýðræðisþróun á Íslandi á 19. öld skýrð, sett í fræðilegt samhengi og tengd við sambærilega þróun í nágrannalöndunum. Áhersla er á hlutverk löggjafans í þeim breytingum sem urðu en þó einkum á stöðu og áhrif valdhafa í nærsamfélögum. Annar kafli fjallar um samfélagsgerð rannsóknartímans. Þar er litið til breytinga í atvinnuháttum, búsetu, fræðslu og stjórnar samfélagsins, sem og til félagslegrar aðgreiningar og hugarfarslegra breytinga, orsaka og áhrifa. Þriðji kafli fjallar svo um opinbera tjáningu og er megináherslan þar á hlutverk þjóðmálablaða við upplýsingadreifingu, umræður og sköpun almenningssálits.

2.1 Lýðræðisþróun: ferð án enda?

Það lýðræði sem þróaðist í Evrópu á 19. öld átti sér ýmsa undanfara, t.d. innan samtaka kaupmanna (e. *merchant oligarchies*), í bændasamfélögum (e. *peasant communities*), ýmsum trúarsöfnuðum (e. *religious sects*) og á tímum byltinga (e. *revolutionary moments*). Með hliðsjón af íslenskri samfélagsgerð á 19. öld er vert að staldra við bændasamfélögin. Sum bændasamfélög Evrópu mynduðu það sem Charles Tilly kallaði „plebeian oligarchies“ (fámennisstjórn almennings). Í þeim var völdum skipt og skipað í valdastöður með kosningum eða vali innan hóps sem skýrt var hverjir tilheyrðu. Undantekningalaust voru það fullorðnir karlmenn eða öllu heldur einungis karlkyns eignamenn sem tilheyrðu þessum hópi. Fyrir tíma ríkisborgararéttar og héraðsbundinnar stjórnarsýslu stýrðu forystumenn sveitasamfélaga oft þeim skattlöndum sem þeir byggðu og miðstýrt ríkisvald átti þar takmarkaðan aðgang.⁹³

Kröfur um stjórnarskrár, í anda amerísku og frönsku byltinganna á 18. öld, voru háværar á 19. öld þar sem stjórn ríkja þróaðist frá einveldi til lýðræðis. Stjórnarskránum var m.a. ætlað að setja valdi ráðamanna mörk enda mættu kröfurnar andstöðu margra þeirra. Þegar þingræði komst á vöknudu þó ýmsar spurningar um virkni þess og hverra hagsmuna þingmenn gættu helst.⁹⁴ Forystumenn íslenskra stjórnamála á síðari helmingi 19. aldar töluðu fyrir hönd þjóðarinnar, þó draga megi í efa að áherslur þeirra hafi ávallt endurspeglað hugarfar og áherslur landsmanna almennt. Þeir lögðu megináherslu á stjórnfrelsi Íslendinga frá Dönum. Útfærsla fulls þegnréttar til

⁹² Vilhjálmur Þ. Gíslason, „Íslensk blaðamenska“, 347.

⁹³ Tilly, *Democracy*, 29–30.

⁹⁴ Mill, *Frelsið*, 12, 36–37. Fyrsta íslenska útgáfa *Frelsisins* kom út árið 1886, í þýðingu Jóns Ólafssonar ritstjóra og alþingismanns. Upphaflega kom bókin út í Englandi árið 1859.

fjölmennra þjóðfélagshópa sem ekki nutu hans var veigaminna atriði enda var slík réttindajöfnun á skjön við stigveldisskiptingu íslenska 19. aldar samfélagsins.

Það er mikil einföldun að líta á lýðræði einungis sem reglulegar kosningar og uppbyggingu lýðræðislegra stofnana. Kosningar einar og sér eru ekki sönnun þess að lýðræðisþróun sé farin af stað. Lýðræði verður líka að taka mið af efnahagslegum og félagslegum réttindum þegnanna. Það sækir réttlætingu sína til þess að þegnarnir álíti sig hafa efnahagslegan, félagslegan og sálrænan hag af því að viðhalda því, enda geri það þeim kleift að sækja réttindi og viðhalda þeim.⁹⁵ Lýðræðisþróun undir lok 19. aldar og á 20. öld snerist að miklu leyti um útvíkkun kosningaréttar til hópa sem áður var neitað um þau réttindi vegna kynferðis, kynþáttar, trúarbragða, aldurs eða eignastöðu þannig að það fólk sem þessum hópum tilheyrði fengi aðild að hinu pólitíska samfélagi.⁹⁶

Ein meginhugmynd í umræðu um lýðræði á 19. öld er það sem skilgreint hefur verið sem *verndandi lýðræði* (e. *protective democracy*). Það gengur í einföldu máli út á að vald skuli vera takmörkunum háð og verja skuli frelsi og jafnrétti fullveðja einstaklinga (þ.e. fullorðinna karlmanna sem uppfylltu skilyrði um eignir). Breski stjórnmálafræðingurinn David Held segir að í verndandi lýðræði sé litið á stjórnmálin sem afmarkað rými (e. *sphere*), óháð efnahagsþróun, menningu og fjölskyldu. Þrátt fyrir réttindaaukningu eigi sjálfræði einstaklinga eftir sem áður að vera takmarkað. Fólk megi ekki ganga á hagsmuni samfélagsins en samfélagið megi heldur ekki ganga of nærri einkahagsmunum fólksins.⁹⁷ Í *Frelsinu* setti John Stuart Mill fram reglu um hvenær samfélaginu ætti að vera heimilt að hlutast til um málefni einstaklinga sem því tilheyrja.

Reglan er þessi: því aðeins er öllu mannkyni, einum manni eða fleirum, heimilt að skerða athafnafrelsi einstaklings, að um sjálfsvörn sé að ræða. Í menningarsamfélagi getur nauðung við einstakling helgast af þeim tilgangi einum að varna þess, að öðrum sé unnið mein.... Maður ber einungis ábyrgð gagnvart samfélaginu á þeim athöfnum sínum, sem aðra varða. Hann hefur óskorað frelsi til allra gerða, sem varða hann sjálfan einan. Hver maður hefur fullt vald yfir sjálfum sér, líkama sínum og sál.⁹⁸

Aftan við regluna hnýtti Mill því við að þetta ætti vitanlega aðeins við um þá sem hefðu náð fullum andlegum þroska; börn og unglingar sem væru undir annarra umsjá væru undanskilin.⁹⁹ Í íslensku samhengi vaknar þá spurningin hverjir voru „þjóðin/fólkið“ á Íslandi á 19. öld? Konur voru útilokaðar frá fullum þegnrétti á forsendum kyns og vinnufólk laut forræði húsbænda (óháð aldri þess) og hafði að því leyti sama sess og börn og unglingar.

David Held telur að bjartsýni og framfaratrú hafi einkennt hugsun John Stuart Mill og margra annarra frjálslyndismanna og róttæklinga 19. aldar. Með því að byggja á vísindum, skynsemi og heimspeki gætu íbúar heimsins sótt fram til betra lífs. Margir þeirra sem rýndu í framtíð lýðræðis undir lok 19. aldar og í byrjun 20. aldar voru mun jarðbundnari gagnvart framtíðinni og slógu ýmsa varnagla. Max Weber lagði t.d. sérstaka áherslu á mikilvægi þingræðis (e. *parliamentary government*). Það viðhaldi ákveðnu gagnsæi (e. *openness*) í stjórnsýslunni, með opinberri umræðu um stefnu- mótun, ákvarðanir, hugmyndir og hagsmuni. Að hans mati skapaði þingið og viðhelt umræðuhefð í samfélaginu um málefni þess og setti ákveðin viðmið um hvernig hún ætti að vera og eins hvernig fara ætti að því að afla skoðunum sínum fjölda fylgis. Þar færi fram samræða um samfélagsmál sem

⁹⁵ Grugel, *Democratization*, 28, 32–36, 49–50.

⁹⁶ Gunnar Helgi Kristinsson, „Lýðræði“, 92, 94.

⁹⁷ Held, *Models of Democracy*, 70, 77.

⁹⁸ Mill, *Frelsið*, 47.

⁹⁹ Mill, *Frelsið*, 48.

væri opin fyrir einstaklingum, hópum og hagsmunaaðilum sem ættu möguleika á því að koma sínum sjónarmiðum á framfæri og hafa áhrif á niðurstöðu mála.¹⁰⁰

Við skýringar á lýðræði og lýðræðisþróun verður hér stuðst við verk nokkurra þekktra fræðimanna. Meðal þeirra er áður nefnd Jean Grugel, prófessor í stjórnmálafræði þróunar (e. *development politics*) við háskólann í York á Englandi. Grugel fjallar um lýðræðisþróun út frá almennum kenningum um samfélags- og stjórnmálalegar breytingar. Í rannsóknum á lýðræðisþróun er leitast við að greina og skýra ferli þar sem stjórnvöld, ríki og samfélög þróast frá einveldi til einhvers forms af lýðræði. Grugel bendir á að það sé umdeilt hvað felist í hugtakinu lýðræði, og einnig sé ágreiningur um gerðir (e. *types*) þess og stig (e. *level*) sem gera megí ráð fyrir að náist í almannarýminu. Lýðræði megí allt í senn skilja sem hugmyndafræði, hugtak og kenningu. Grugel heldur því fram að lýðræðisþróun hafi ekki hafist fyrir alvöru fyrr en eftir 1870. Fyrir þann tíma hafi kosningaréttur víðast hvar verið of takmarkaður og stjórnmálin of elítísk til að hægt sé að tala um eiginlega lýðræðisþróun. Hún hefjist í sumum ríkjum Vestur-Evrópu, Norður-Ameríku, Ástralíu og Nýja Sjálandi þar sem efnahagslegar framfarir studdu við lýðræðisþróun. Í Norður- og Vestur-Evrópu markaðist lýðræðisþróun á 19. öld af landamærum þjóðríkja. Í sömu ríkjum þróaðist kapítalismur sem leiddi til stéttaátaka sem ólu af sér réttindabaráttu. Lýðræði þróaðist á grunni þessara átaka og breytinga. Það var ávöxtur samfélagslegs þrýstings og endurbóta af hálfu stjórnvalda sem svo tengdust útpenslu kapitalísks hagkerfis.¹⁰¹

„Democratization is a dynamic process that always remains incomplete and perpetually runs the risk of reversal – of de-democratization.“¹⁰² Með þessum orðum undirstrikaði Charles Tilly hvernig lýðræðið tekur sífelldum breytingum og að þær breytingar eru ekki línuleg framför. Tilly hélt því fram að lýðræði væri öflugra og lýðræðisþróun jákvæðari þar sem jafnrétti væri til staðar og misrétti væri haldið í skefjum. Misrétti leiðir til þess að möguleikar ákveðinna hópa innan samfélaga eru meiri en annarra og fólk sem tilheyrir forrættindahópum hefur þannig betri aðgang að valdi, menntun, þjónustu o.fl. Þetta getur verið í minna mæli innan heimila en í meira mæli í samfélögum þar sem hópar ýmist njóta sérréttinda eða eru útilokaðir. Þarna getur verið um að ræða formlegt og óformlegt stigveldi en líka hópaskiptingu sem ekki er beinlínis stigveldisskipt en skapar samt sem áður misrétti.¹⁰³ Barátta fyrir jafnrétti snýst því í grundvallaratriðum um félagsleg réttindi og að jafna aðgang að efnislegum gæðum. „Nevertheless, all regimes, democratic or otherwise, inevitably intervene in the production of inequality. They do so in three distinct ways: by protecting the advantages of their major supporters; by establishing their own systems of extraction and allocation of resources; and by redistributing resources among different segments of their subject populations.“¹⁰⁴ Meginmunurinn er að í lýðræðisríkjum hefur almenningur (eða sá hluti hans sem hefur fullan þegnrétt) möguleika á að hafa áhrif á þessa þróun.

2.1.1 Íhaldsmenn, frjálslyndir og „fólkið“

Meginvandi frjálslynds lýðræðis fram á 20. öld var að skilgreina hverjir teldust til „fólksins“, hvaða réttindi það ætti að fá og hvaða skyldur það ætti að uppfylla. Meðal þess sem kom til umræðu var hvort fólk þyrfti að vera læst til að hafa lýðræðisleg réttindi og hvort eðlilegt væri að tengja rétt til lýðræðisþátttöku við samfélagsstöðu og eign. Allt frá frönsku byltingunni árið 1789 og fram eftir 19. öld var það útbreitt viðhorf að líta ekki á lýðræði sem rétt allra heldur þyrftu þeir hópar sem

¹⁰⁰ Held, *Models of Democracy*, 125, 134.

¹⁰¹ Grugel, *Democratization*, 12, 37; Grugel og Bishop, *Democratization*, 14–15, 63–65.

¹⁰² Tilly, *Democracy*, xi.

¹⁰³ Tilly, *Democracy*, 78, 111.

¹⁰⁴ Tilly, *Democracy*, 117.

ekki nutu fulls réttar að læra að verða borgarar og standast kröfur um siðvæðingu. Þar sem frjálslynt lýðræði var til staðar á 19. öld var það nátengt yfirstétt og valdaelítum og stórir hópar fólks (konur þar fjölmennastar) voru jafnan útilokaðir frá þátttöku. Í raun var slík útgáfa af frjálslyndu lýðræði hugsuð sem stóð við markaðshagkerfi og kapítalisma þessa tíma fremur en að því væri ætlað að efla réttindi fólksins.¹⁰⁵ David Held og Jean Grugel benda bæði á hversu óljósar skilgreiningar 19. aldar manna voru á því hverjir teldust til „fólksins“ sem hefði lýðræðisleg réttindi, hvaða þátttökurétt það ætti að hafa og hvaða skilyrði það þyrfti að uppfylla. Meðal forystumanna Íslendinga á 19. öld tókust á tvö meginviðhorf til þróunar samfélagsins: íhaldssemi, sem miðaðist við að standa vörð um sveitasamfélagið, og frjálslyndi, sem stefndi að uppbyggingu nýs samfélags á grunni einstaklingsfrelsis og borgaralegra stjórnarháttar. Ráðandi lífsviðhorf á Íslandi á 19. öld var íhaldssamt og gekk í flestum efnum þvert gegn frjálslyndisstefnunni.¹⁰⁶ Einstaklingsfrelsið var af íhaldsmönnum ekki álitíð vera náttúruréttur heldur „gjöf samfélagsins þeim til handa sem með það kunnu að fara“, líkt og kosningaréttur og kjörgengi, og þeir sem þess nytu hefðu „eingöngu leyfi til „réttrar“ hegðunar, þ.e. hegðunar sem samrýmdist fyrirfram ákveðnum reglum samfélagsins.“¹⁰⁷ Þetta viðhorf gekk út frá hægfare breytingum á samfélagsgerð og réttarstöðu landsmanna og var enn útbreitt um aldamót. Í grein í seyðfirsku blaðinu *Framsókn* árið 1897 sagði að þó 19. öldin stæði á margan hátt undir nafni sem frelsis- og framfaraöld og margt hefði breyst til batnaðar væri „einkennilegt, að innanum allt frelsishjalið virðist brydda á römmustu apturhaldsskoðunum í ýmsu, og það kannske hjá þeim mönnum er þykjast vera sannir frelsispostular. Kemur þetta sjerstaklega í ljós, þegar um frelsi og menntun kvenna er að ræða.“¹⁰⁸ Höfundur sagði það viðhorf enn ríkjandi að ungum stúlkum væri lagt til verri vegar að vilja sækja nám fjarri heimahögum, en það sama hefðu ungir piltar lengi gert og almennt þótt virðingarvert.

Samfélagssýn íslenskra þingmanna um miðja 19. öld var lík því sem birtist í ritum 18. aldar manna og íhaldssömum viðhorfum í Evrópu um miðja 19. öld.¹⁰⁹ Í þessum efnum er vert að huga að arfleifð Jóns Sigurðssonar vegna stöðu hans sem pólitísku leiðtoga Íslendinga um miðja 19. öld og sjálfstæðisbetju á 20. öld. Guðmundur Hálfðanarson sagnfræðingur hefur lýst lýðræðis-hugmyndum Jóns svo: „Stjórnsmál skyldu vera vettvangur fulltíða, „skynsamra“ karlmanna og ekki var gert ráð fyrir að konur kæmu þar nærri. Hlutverk landstjórnar var heldur ekki að koma á félagslegum jöfnuði, heldur skyldi hún vera sá rammi er tryggja átti framfarir og stöðugleika í þjóðfélaginu.“¹¹⁰ Páll Björnsson sagnfræðingur tekur í sama streng þegar hann segir að markmið hugmynda Jóns um skóla, verslun, frjáls félagasamtök o.fl. hafi verið „að þróa karla úr piltum, að búa til fullgilda einstaklinga úr þeim.“¹¹¹ Jón vildi öfluga landsstjórn sem hefði að markmiði að tryggja framför og velferð samfélagsins en aðhylltist líka margs konar frelsi, s.s. skoðana-, prent-, verslunar- og atvinnufrelsi. Hann varaði þó í greinininni „Um alþing á Íslandi“ í *Nýjum Félagsritum* árið 1841 við skríðræði, þ.e. því að skríllinn sem ekkert vissi kæmist til valda og áhrifa. Til að forðast slíkt þyrfti að efla menntun.¹¹² Frjálslyndir aðhylltust einhvers konar fulltrúalýðræði en þó var misjafnt hvernig þeir sáu það fyrir sér. Rík tilhneiging var til að binda lýðræðisréttindi við eignir

¹⁰⁵ Guðmundur Hálfðanarson, „Kosningaréttur kvenna og afmörkun borgararéttar – umræður um þátttöku og útilokun í íslenskum stjórnsmálum,“ 23–26; Grugel, *Democratization*, 14–16; Held, *Models of Democracy*, 2.

¹⁰⁶ Guðmundur Hálfðanarson, *Íslenska þjóðríkið*, 46–47; Guðmundur Hálfðanarson, „Defining the Modern Citizen,“ 104.

¹⁰⁷ Guðmundur Hálfðanarson, „Íslensk þjóðfélagsþróun á 19. öld,“ 41.

¹⁰⁸ „Persónulegt frelsi,“ febrúar 1897, 5. Greinin er ómerkt en gera má ráð fyrir að hún hafi verið skrifuð af ritstjórn *Framsóknar*.

¹⁰⁹ Guðmundur Hálfðanarson, *Íslenska þjóðríkið*, 72.

¹¹⁰ Guðmundur Hálfðanarson, „Íslensk þjóðfélagsþróun á 19. öld,“ 36.

¹¹¹ Páll Björnsson, „Að búa til íslenska karlmenn,“ 44.

¹¹² Jón Sigurðsson, „Um alþing á Íslandi,“ 68; Sveinn Máni Jóhannesson, „Farsældarríki Jóns Sigurðssonar,“ 56.

því óttinn við „kúgun“ eignalausss meirihluta á minnihlutanum var sterkur. Frjálslyndisstefnan stuðlaði því ekki að félagslegu jafnrétti enda var það ekki markmið hennar.¹¹³

Þær breytingar sem urðu á Íslandi um 1850 í kjölfar afnáms konungseinveldis, endurreisnar Alþingis, útgáfu frjálslyndra tímarita og væntinga um nýja stjórnskipun ýttu undir áhuga á þjóðfélagsmálum meðal þeirra sem höfðu aðstöðu til að sinna þeim. En jafnvel þótt afmarkaður hópur karla hefði réttindi sem aðrir höfðu ekki þýddi það ekki að þeim væri gert kleift að breyta samfélaginu algjörlega að eigin geðþótta, t.d. með því að auka réttindi annarra. Fyrstu áratugina eftir endurreisn Alþingis var staða Íslands innan danska ríkisins eitt fyrirferðarmesta viðfangsefni þingsins. „Mikilvæg krafa um leið til lýðræðis varð aukaatriði, baráttan fyrir réttarstöðu þjóðfélagsins í heild rýmdi henni út.“¹¹⁴ Þessi ályktun Gunnars Karlssonar vekur spurningar um þau tímamót sem urðu árið 1874 þegar Íslendingar fengu stjórnarskrá. Þá vék helsta pólitíska umræðuefni áranna á undan, samband Íslands og Danmerkur, til hliðar um nokkurra ára skeið (fram á upphaf níunda áratugarins) svo meira rými skapaðist til að ræða önnur pólitísk mál.

Barátta forystumanna Íslendinga á 19. öld var fyrir innlendri stjórn og þjóðfrelsi en ekki einstaklingsfrelsi, þó Jón Sigurðsson hafi gjarnan spyrnt þetta tvennt saman. Á Íslandi var engin borgarastétt eða menntuð millistétt til staðar um miðja 19. öld, en þær léku jafnan stórt hlutverk í lýðræðisþróun í nágrannalöndum Íslands. Jón Sigurðsson hélt því fram árið 1849 að bændastéttin yrði að taka að sér hlutverk borgarastéttar.¹¹⁵ Bændur voru þó flestir illa í stakk búnir til að takast á við það hlutverk. Formleg menntun þeirra var almennt lítil í samanburði við embættismenn, auk þess sem erfiðar samgöngur og lítil samskipti milli landshluta og héraða – jafnvel innan héraða – stóðu fram undir lok 19. aldar í vegi þess að íslenskir bændur gætu almennt haft veruleg afskipti af stjórnmálum, utan eigin hrepps eða héraðs.

Algengt var í opinberri umræðu fram eftir öldinni að skipta landsmönnum í tvo þjóðfélagshópa – embættismenn og bændur. Með þessari einfölduðu skiptingu taldist meginþorri landsmanna til bændastéttar (þ.m.t. húsmæður, vinnufólk og aðrir íbúar sveitaheimila) og lítið var fram hjá breytileika í samfélagslegri stöðu bænda sem og hópa sem vafasamt var að skilgreina í stétt með þeim. Samfélagsgerðin var mun flóknari, eins og Gísli Ágúst Gunnlaugsson sagnfræðingur sýndi fram á í bók sinni *Family and household in Iceland 1801–1930*. Þar skilgreindi hann alls tíu þjóðfélags-hópa í íslensku samfélagi 19. aldar: Embættismenn, sjálfseignarbændur, kaupmenn og handverksmenn, leiguliða, hjáleigumenn, búðsetumenn, húsmenn, lausamenn, vinnuhjú og þurfamenn.¹¹⁶ Bændur tengdust bæði efnahagslegum og menningarlegum böndum og opinberlega neituðu þeir að láta draga sig í dilka eftir efnahag. Fram eftir 19. öld var almennt lítið á vinnuhjú sem tilvonandi bændur þar sem staða þeirra var álitin einungis tímabundið ástand. Bændur voru álitnir kjarni þjóðarinnar eða jafnvel þjóðin sjálf. En þessi stóri þjóðfélagshópur, sem meginþorri landsmanna var talinn til, átti ekki sameiginlega hagsmuni í öllum málum. Hagsmunir bænda gátu verið innbyrðis ólíkir, m.a. með tilliti til efnahags og búsetu, auk þess sem hagsmunir vinnufólks og bænda voru á ýmsan hátt andstæðir, svo fátt eitt sé talið.¹¹⁷ Viðhorf til embættismanna, bæði veraldlegra og geistlegra, var annað en til bænda og störf embættismanna og kjör sættu oft gagnrýni, einkum þegar dró nærri lokum 19. aldar.

Þrátt fyrir að ýmsir nafngreindir þjóðfélagshópar kæmu til umræðu á Alþingi á síðari helmingi 19. aldar virðist sá skilningur hafa verið ríkjandi að skipta landsmönnum í virka og óvirka þegna

¹¹³ Guðmundur Hálfðanarson, *Íslenska þjóðríkið*, 50.

¹¹⁴ Gunnar Karlsson, *Frelsisbarátta Suður-Þingeyinga og Jón á Gautlöndum*, 146.

¹¹⁵ Jón Sigurðsson, „Um bændaskóla á Íslandi“, 86–87.

¹¹⁶ Gísli Ágúst Gunnlaugsson, *Family and Household in Iceland 1801–1930*, 33–34.

¹¹⁷ Guðmundur Hálfðanarson, „Íslensk þjóðfélagsþróun á 19. öld“, 15.

(virkir = full lýðræðisleg réttindi (fullur þegnerréttur) / óvirkir = takmörkuð réttindi) og skipta þeim virku í tvær stéttir: bændur og embættismenn. Samkvæmt þessu taldist yfirgnæfandi meirihluti fullorðinna Íslendinga til hinna óvirku, þ.m.t. allar konur, þurrabúðar- og vinnufólk, þar sem ýmist kynferði, ónógar tekjur/eignir eða það að teljast öðrum háðir hélt þessum hópum frá fullum réttindum. Hinir „óvirku“ töldust því ekki hluti *fólksins* en voru eftir sem áður hluti íslensku *þjóðarinnar*.¹¹⁸ Með aukinni þéttbýlismyndun er nær dró aldamótum og vaxandi styrk réttindabaráttu kvenna tóku að rofna skörð í þessa einfölduðu „stéttaskiptingu“ gamla samfélagsins, sem kallað hefur verið bændasamfélag. Raunar tel ég ekki rétt að kalla íslenskt samfélag 19. aldar *bændasamfélag*. Það hugtak felur í sér of einsleita og þrönga mynd af samfélagsgerðinni. Hugtakið *bændasamfélag* er karllægt og notkun þess lítur framhjá því að bændur voru einungis einn af samfélagshópum þessa tíma og raunar ekki sá fjölmennasti, því vinnuhjú voru áberandi fleiri. Meira lýsandi er að kenna samfélagsgerðina við ráðandi form búsetu. Því tel ég réttara að tala um íslenskt samfélag 19. aldar, fram til síðustu tveggja áratuga aldarinnar, sem *sveitasamfélag*.

Íslensk þéttbýlismyndun, sem komst á aukið skrið undir lok 19. aldar, og tilkoma verkalýðs-stéttar skapaði „nýtt fólk“ – þjóðfélagshóp sem þurfti bæði að efla samfélagslega stöðu sína og félagsleg réttindi en ekki síður að skilgreina sig sem hluta þjóðarinnar/fólksins. Ragnheiður Kristjánsdóttir sagnfræðingur ræddi í doktorsritgerð sinni um tilraunir til skilgreiningar á íslenskri alþýðu við upphaf 20. aldar. Hún bendir á að í *Alþýðublaðinu* árið 1906 hafi alþýðumönnum verið lýst sem þeim sem hafi ekkert stjórnarvald, hafi ekki lagt fyrir sig vísindalegt nám en geri líkamlegt erfiði að ævistarfi. Þessi skilgreining útilokaði ekki fátæka bændur og búalið en *Alþýðublaðið* var þó gagnrýnið á bændur, einkum vegna meðferðar þeirra á vinnufólki. Í blaðinu var því haldið fram að það væri ófrelsið og óreglulegur vinnutími sem hrekta vinnufólk úr sveitum í bæina, ekki lágt kaup, langur vinnutími, einangrun eða fátækt.¹¹⁹ Pétur G. Guðmundsson, ritstjóri *Alþýðublaðsins*, aðgreindi landsmenn í heldra fólk sem væri yfir aðra sett (valdsmenn, embættismenn og auðmenn), en til þess hóps töldust líka lærðir menn (kennarar og þeir sem fengust við ritstörf), og alþýðu sem var það fólk sem ekki taldist til fyrrgreinda hópsins. Út frá þessari skilgreiningu voru flestir bændur í flokki með verkalýð þéttbýlisins, en ólíklegt verður þó að telja að fólk í þessum tveimur hópum hafi almennt talið sig eiga sameiginlegra hagsmuna að gæta.¹²⁰ Bæði *Alþýðublaðið* og *Dagsbrún* (sem hóf útgáfu í ársbyrjun 1914 og var málagn samnefnds verkamannafélags) settu samasemmerki milli verkafólks og alþýðu. En *Dagsbrún* gekk skrefinu lengra og setti líka samasemmerki milli alþýðu og þjóðar. „Verkamenn, sjómenn, iðnaðarmenn, vinnufólk og sumir bændur voru alþýðan og alþýðan var þjóðin.“¹²¹ Borgarar töldust aldrei til *almennings* á Íslandi á þeim tíma sem hér er til rannsóknar. Þeir voru fámennur hópur og til hliðar við þá voru sveitafólk og verkalýður í þéttbýli sem gerðu tilkall til þess að vera almenningur, eða a.m.k. hluti hans.

Við upphaf 20. aldar hafði opinber barátta fyrir fullum þegnerrétti almennings, þess fólks sem ekki hafði notið hans (einkum kosningaréttar og kjörgengis), staðið í rúman aldarfjórðung. Réttindabarátta kvenna var mest áberandi í þeim efnum, en hún sótti stuðning bæði í sögu og menningu þjóðarinnar og til nágrannalanda. En þó frjálslyndari straumar væru teknir að leika um Ísland um aldamótin 1900 og vilji til að rétta hlut undirskipaðra þjóðfélagshópa færi vaxandi var sami skilgreiningarvandi löngum í veginum. Hvar átti að draga línurnar sem aðskildu þá sem nutu fulls þegnerréttar frá hinum sem bjuggu við skertan þegnerrétt? Hvað þurfti til að teljast fullorðinn og

¹¹⁸ Ragnheiður Kristjánsdóttir, *Nýtt fólk*, 37–38; Guðmundur Hálfðanarson, „Kosningaréttur kvenna og afmörkun borgararéttar – umræður um þátttöku og útilokun í íslenskum stjórnmálum,“ 32.

¹¹⁹ „Kjör vinnufólks í sveitum,“ 4. mars 1906; Ragnheiður Kristjánsdóttir, *Nýtt fólk*, 51–52.

¹²⁰ [Pétur G. Guðmundsson] P.G.G., „Nokkrar athugasemdir,“ 25. ágúst 1906, 94–96; Ragnheiður Kristjánsdóttir, *Nýtt fólk*, 53.

¹²¹ Ragnheiður Kristjánsdóttir, *Nýtt fólk*, 60.

sjálfstæður einstaklingur? Alþingi átti undir lok 19. aldar í verulegum erfiðleikum með að finna viðhlítandi skilgreiningu á því hverjir ættu að njóta fulls þegnréttar og sífellt erfiðara varð að verja það að kosningalög og stjórnarskrá reistu takmörk við kyn, þjóðfélagsstöðu og eign eða skattgreiðslur líkt og verið hafði.¹²² Í blaðinu *Framsókn* var árið 1895 rætt um misréttið sem væri í því fólgið að konur væru án kosningaréttar og í því sambandi bent á að sumar konur greiddu hærri útsvar en karlar sem hefðu kosningarétt.¹²³ Ragnheiður Kristjánsdóttir sagnfræðingur hefur bent á erlendar rannsóknir þar sem því er haldið fram að kosningakerfi 19. aldar hafi verið sniðin með það í huga „að varðveita völd ráðandi hópa; þeirra sem fyrstir höfðu fengið kosningarétt og kjörgengi í krafti stéttarstöðu, eigna, menntunar og kyns. Kerfin hafi með öðrum orðum átt að takmarka völd þeirra sem síðar urðu hluti af hinni pólitísku þjóð.“¹²⁴ Þetta bitnaði einkum á réttarstöðu kvenna og verkafólks.

Þegar komið var fram á fyrstu ár 20. aldar voru skilgreiningar á þegnrétti breyttar frá því sem var meginhluta 19. aldar. Á Íslandi líkt og í nágrannalöndunum vék áhersla á þjóðfélagsstöðu og kyn smám saman fyrir hugmyndum um jafnrétti allra þegna til stjórnmalapátttöku. „Þetta gerði það að verkum að nú fengu kosningarétt hópar sem áður hafði verið haldið frá pólitískum áhrifum, eignalitlir þéttbýlisbúar, konur og vinnuhjú.“¹²⁵ Þróun í þá átt var hafin á 19. öld en róttækustu umskiptin urðu árið 1915 þegar tóku gildi stjórnarskrárbreytingar sem veittu konum og vinnu-/verkamönnum, 40 ára og eldri, kosningarétt til Alþingis. Það fólk sem þegið hafði sveitarstýrk og ekki endurgreitt eða fengið hann eftirgefinn fékk eftir sem áður ekki kosningarétt.¹²⁶ Þó þessi breyting þýddi verulega útfærslu þegnréttar voru þó enn umtalsverðar takmarkanir á honum. Þorgerður Þorvaldsdóttir sagnfræðingur benti í grein árið 2017 á að aldursviðmiðið (40 ár) hafi ekki aðeins útilokað stóran hluta kvenna frá því að kjósa heldur einnig meginþorra vinnumanna.¹²⁷

Þótt baráttan fyrir kosningarétti og kjörgengi væri fyrirferðarmesti hluti baráttunnar fyrir fullum þegnrétti undirskipaðra þjóðfélagshópa var fleira í húfi. Baráttan snerist líka um réttinn til pátttöku í þjóðfélaginu – hinu opinbera rými. Það lýðræði sem var að þróast á Norðurlöndum í byrjun 20. aldar dró á margan hátt dóm af starfsemi félaga og félagshreyfinga sem höfðu skotið rötum og náð útbreiðslu á síðari hluta 19. aldar, einkum undir lok hennar.¹²⁸

2.1.2 Kosningaréttur og kjörgengi

Íslendingar kynntust því fyrst að taka þátt í kosningum þegar kosið var til Alþingis árið 1844, en kosningaréttur var mjög takmarkaður. Innan við 10% landsmanna (eingöngu karlar) höfðu að jafnaði kosningarétt til Alþingis á tímabilinu frá 1874–1903. Þetta hlutfall var síðan um 15% fram til 1914, en frá 1915 fengu konur og vinnumenn/verkamenn kosningarétt í áföngum.¹²⁹ Til samanburðar má nefna að hlutfall kjósenda af íbúafjölda árið 1880 var 15% í Danmörku og 20% í Þýskalandi.¹³⁰ Skilyrði kosningaréttar í tilskipuninni um endurreisn Alþingis frá 1843 miðuðust við karla, 25 ára og eldri, með óflekkað mannorð og ákveðin eignaskilyrði. Með tilskipun árið 1857 viku eignaskilyrðin fyrir viðmiðum um skattgreiðslur kjósenda. Þeir höfðu kosningarétt sem

¹²² Guðmundur Hálfðanarson, „Defining the Modern Citizen“, 105.

¹²³ „Kvennfólk og pólitík“, 29–30.

¹²⁴ Ragnheiður Kristjánsdóttir, „Eru atkvæðaseðlarnir við höndina?“ 140.

¹²⁵ Ragnheiður Kristjánsdóttir, *Nýtt fólk*, 69.

¹²⁶ *Stjórnartíðindi* 1915 A, 19.

¹²⁷ Þorgerður H. Þorvaldsdóttir, „„Því miður eruð þér ekki á kjörskrá“,“ 97.

¹²⁸ Sejersted, *The Age of Social Democracy*, 52, 98.

¹²⁹ Gunnar Helgi Kristinsson, „Valdakerfið fram til viðreisnar 1900–1959“, 333.

¹³⁰ Indriði Einarsson, „Um kosningar og kjósendr til alþingis“, 10.

greiddu tilgreindan lágmarks skatt, voru sjálf sín ráðandi og höfðu ekki þegið sveitarstyrk. Skuld á fengnum sveitarstyrk leiddi til missis kosningaréttar.¹³¹

Á Alþingi árið 1881 lagði Einar Ásmundsson frá Nesi í Höfðahverfi fram frumvarp þess efnis að konur fengju kosningarétt og kjörgengi til jafns við karla (25 ára gamlar og fjár síns ráðandi) við bæjarstjórnarkosningar á Akureyri. Frumkvæði að gerð frumvarpsins kom frá íbúum bæjarins. Þetta frumvarp færði í raun aðeins litlum hópi kvenna þessi réttindi því giftar konur og vinnukonur töldust ekki fjár síns ráðandi. Frumvarp Einarssonar var samþykkt samhljóða í báðum deildum Alþingis en konungur synjaði því staðfestingar. Á sama þingi kom fram frumvarp frá Þorláki Guðmundssyni í Fífuhammi við Kópavog þess efnis að ekkjur og ógiftar konur sem stæðu fyrir búi skyldu hafa kosningarétt til hreppsnefnda, sýslunefnda, bæjarstjórna og safnaðarfundar, væru þær 25 ára og uppfylltu önnur skilyrði kosningalaga. Þetta frumvarp var líka samþykkt á Alþingi en ólíkt frumvarpi Einarssonar fékk frumvarp Þorláks staðfestingu konungs og varð að lögum árið 1882.¹³² Staðfesting konungs leiddi til þess að komin var samræmd löggjöf um allt land sem tryggði afmörkuðum hópi kvenna kosningarétt, þótt þær sem uppfylltu skilyrði laganna yrðu ekki kjörgengar fyrr en árið 1902.¹³³

Guðmundur Hálfðanarson sagnfræðingur segir að lengst af tímabilinu frá 1874 til 1901 hafi íslenskir þingmenn vírst staðráðnir í að jafna kosningarétt karla og kvenna, en fram til þess að íhaldsstjórnin danska fór frá (árið 1901) strönduðu tillögur til réttarbóta fyrir konur jafnan á henni. Engin sýnileg andstaða var gegn útvíkkun kosningaréttar og Alþingi sýndi vilja til að fella burt lagalegar takmarkanir á kosningarétti og kjörgengi kvenna. Fáir karlar litu þó á kvenfrelismál sem sín helstu baráttumál. Þessi staða snerist svo við í upphafi annars áratugar 20. aldar þegar tregðu tók að gæta á Alþingi í þessum efnum meðan dönsk stjórnvöld vildu ganga lengra.¹³⁴ Afgerandi skref í átt til jafnréttis var stigið með lögum sem Alþingi samþykkti samhljóða árið 1909. Þar var kveðið á um að allir hreppsþáttfarar, 25 ára og eldri, hefðu kosningarétt til sveitarstjórnar að uppfylltum skilyrðum um lögheimili, óflekkað mannorð, fjárræði og að skulda ekki sveitarstyrk. Kjörgengi var háð sömu skilyrðum og kosningaréttur, nema að vistráðin hjú voru ekki kjörgeng.¹³⁵

Jafnréttisstefna 19. aldar reis á frjálslyndisstefnu og einstaklingshyggju sem opnaði konum leið til að endurskilgreina stöðu sína í samfélaginu og líta á sig sem einstaklinga. En eins og áður greinir naut jafnrétti líka einhvers stuðnings meðal íhaldsmanna, þ.e. ef réttindaaukningin raskaði ekki samfélagsgerðinni (t.d. með því að veita ekkjum sem stóðu fyrir búi sama rétt og öðrum bændum). Auður Styrkárdsdóttir stjórnfræðingur segir kröfuna um kosningarétt kvenna til Alþingis ekki verða útbreidda fyrr en um og upp úr aldamótunum 1900. Auður bendir á að þó oft sé miðað við fyrirlestur Bríetar Bjarnhéðinsdóttur árið 1887 sem upphafspunktur réttindabaráttu íslenskra kvenna hafi þegar á áttunda áratug 19. aldar verið kominn fram á Íslandi „dágóður hópur kvenna“ sem var ágætlega menntaður, starfaði sjálfstætt og borgaði skatta. Þessar konur höfðu þó ekki nein formleg áhrif á stjórn samfélagsins (nema í sveitarmálum væru þær ekkjur).¹³⁶ Á 19. öld var líka farið að gera félagsleg hlutverk kynjanna að eðlislægum þáttum og gefa lyndiseinkunnir út frá þeim. Það miðaði að því að réttlæta félagslega stöðu og standa gegn breytingum.¹³⁷

¹³¹ Einar Arnórsson, *Réttarsaga Alþingis*, 396–402.

¹³² Guðmundur Hálfðanarson, „Kosningaréttur kvenna og afmörkun borgararéttar – umræður um þátttöku og útlökun í íslenskum stjórnámálum,“ 22–23.

¹³³ Auður Styrkárdsdóttir, „Forspjall,“ 42.

¹³⁴ Guðmundur Hálfðanarson, „Kosningaréttur kvenna og afmörkun borgararéttar – umræður um þátttöku og útlökun í íslenskum stjórnámálum,“ 31; Svanur Kristjánsson, „Ísland á leið til lýðræðis,“ 76, 88–90.

¹³⁵ *Alþingistíðindi* 1909 A, 220; B, 623–640, 1231–1233.

¹³⁶ Auður Styrkárdsdóttir, „Forspjall,“ 40, 61.

¹³⁷ Sigríður Matthíasdóttir, „Karlar og viðhorf þeirra til kvenréttinda á Íslandi um aldamótin 1900,“ 33–35.

Stuðningur við kvenfrelsi á Alþingi um og fyrir aldamótin 1900 kom bæði úr röðum frjálslyndra og íhaldsmanna. Svanur Kristjánsson stjórn málafræðingur gerði stuðning sveitakarla við málstað kvenfrelsis að umtalsefni í grein árið 2008. Hann sagði þá hafa rökstutt sitt mál með þekkingu á íslensku samfélagi og greiningu á stöðu þess en ekki erlendum kennisetningum. Margra alda kúgun íslenskra kvenna voru þyngstu rökin í málflutningi þeirra. Viðsnúningur varð á Alþingi árið 1911. Þá sneru margir „valdakarlar“ baki við auknum réttindum og framgangi kvenna, mögulega vegna ótta um eigin stöðu eftir góðan árangur kvennaframboðs í Reykjavík árið 1908.¹³⁸ Andstaðan gegn auknum réttindum kvenna innan Alþingis árin 1911 og 1913 birtist t.d. í aldursákvæðinu (40 ár) sem sett var við kosningarétt kvenna í stjórnarskránni 1915. Tillaga þess efnis kom fram á Alþingi árið 1911 (frá Jón Jónssyni í Múla) en var þá felld. Sama tillaga var svo samþykkt árið 1913. Sigríður Matthíasdóttir sagnafræðingur heldur því fram að viðhorfsbreyting hafi orðið hjá mörgum alþingismönnum milli þinganna 1909 og 1911. Þar nefnir hún sérstaklega Jón í Múla og Jón Ólafsson, þingmenn Suður-Múlasýslu. Fyrir aldamót voru þeir mjög hlynntir auknum réttindum kvenna en voru árið 1911 orðnir helstu andstaðingar þeirra innan Alþingis.¹³⁹ Sigríður veltir upp þeirri spurningu hvort stuðningur karla við kvenréttindi um aldamótin 1900 hafi verið til kominn vegna skorts á mótrökum frekar en sannfæringu. En þegar konur gerðu sig líklegar til að gera sig gildandi í stjórn máli hafi viðhorfið breyst. Hvað sem því líður höfðuð kvenréttindakonur til karlmanna í valdastöðum og fengu stuðning margra þeirra. Konur hagnýttu sér þannig aðferðir gamla samfélagsins sem byggðu m.a. á persónulegum kunningsskap og ættartengslum frekar en að leggja áherslu á hugmyndafræði.¹⁴⁰

Þrátt fyrir nokkurn vilja karla, undir lok 19. aldar og í byrjun 20. aldar, til að konur fengju aukin réttindi þá breyttist viðhorfið til hlutverks kvenna í samfélaginu lítið – almennt var staður fullorðinna kvenna álitinn vera á heimilinu, sem eiginkonur og húsmæður. Þó réttindi kvenna að lögum færu vaxandi þá óx hlutur þeirra í stjórn máli ekki að sama skapi.¹⁴¹ Tíðarandinn undir lok fyrsta áratugar 20. aldar var þó allmikið breyttur frá því er var fyrir aldamót, svo að „öll sú fyrstaða sem kvenfrelsisstefnan átti svo oft að mæta, og gat birst t.d. í áhugaleysi, beinni andstöðu, andúð eða þögn, hafi verið blásið burt á þessum tíma.“¹⁴² Af þessum orðum Sigríðar Matthíasdóttur má ætla að viðhorf til kvenréttinda í samfélaginu hafi haldist jákvæð þrátt fyrir það bakslag sem varð innan Alþingis um sama leyti.

Þeir flokkar sem mynduðust á Alþingi um og undir lok 19. aldar og byrjun 20. aldar voru jafnan lauslega samsett þingmannabandalög sem mynduð voru um ákveðin mál og ekki gerð til að lifa lengi. Hugmyndafræðilegur stöðugleiki stjórn málaflókka á 19. öld var almennt lítill og að því leyti var ástandið á Íslandi fram á byrjun 20. aldar áþekkt því sem gerðist í mörgum nágrannalöndum. Tilkoma stjórn málaflókka (formlegra og óformlegra) undir lok 19. aldar pólariseraði blaðaútgáfuna og fólk leitaði í blöð síns flokks eftir „réttum“ upplýsingum. Kerfi fámennra einmennings- og tvímenningskjördæma hamlaði skipulegu stjórn málastarfi en ýtti á hinn bóginn undir að stjórn málaþátttaka byggðist á persónulegum tengslum þingmanna og frambjóðenda við kjósendur.¹⁴³

Frá endurreisn Alþingis til ársins 1903 var einn kjörstaður í hverju kjördæmi, þá ýmist sá þingstaður sem næst var miðju kjördæmisins eða annar hentugur staður innan þess. Árið 1903 var

¹³⁸ Svanur Kristjánsson, „Ísland á leið til lýðræðis“, 80.

¹³⁹ Sigríður Matthíasdóttir, *Hinn sanni Íslendingur*, 238–240.

¹⁴⁰ Sigríður Matthíasdóttir, „Uppnám og uppbrot“, 74.

¹⁴¹ Guðmundur Hálfðanarson, „Kosningaréttur kvenna og afmörkun borgararéttar – umræður um þátttöku og útlökun í íslenskum stjórn máli“, 36–37.

¹⁴² Sigríður Matthíasdóttir, „Uppnám og uppbrot“, 66.

¹⁴³ Schudson, „Was There Ever a Public Sphere?“ 155, 160; Gunnar Helgi Kristinsson, „Valdakerfið fram til viðreisnar 1900–1959“, 334.

lögum breytt með þeim hætti að framvegis skyldi vera einn kjörstaður í hverjum hrepp. Fyrst var kosið til Alþingis samkvæmt því fyrirkomulagi árið 1908. Í þeim kosningum jókst kjörsókn til mikilla muna. Fram til 1908 voru alþingiskosningar haldnar í heyrandi hljóði, þannig að hver kjósandi nefndi nafn þess eða þeirra frambjóðenda sem hann kaus, en þá urðu kosningarnar leynilegar og kjörstjórn lét gera kjörseðla með nöfnum frambjóðenda.¹⁴⁴

Árið 1916 má kalla formlegt upphafsár stéttastjórnmála á Íslandi, með stofnun Alþýðuflokks og Framsóknarflokks. Sú breyting átti sér aðdraganda og eftirmála sem gerir það að verkum að telja verður hana sem nokkurra ára ferli fremur en skýrt tímasettan vendipunkt. Fram til 1916 (og raunar lengur) voru átakalínur íslenskra stjórnmála jafnan nokkuð á reiki. Stjórnmálin til þess tíma snerust þó um fleira en sjálfstæðisbaráttuna og átök um einstök mál gátu við byrjun 20. aldar klofið þjóðina í andstæðar fylkingar. En þær fylkingar voru ekki félagsshreyfingar í neinum skilningi og til lengri tíma lítið náði klofningurinn lítið út fyrir vegg Alþingis.¹⁴⁵

2.2 Kynjahlutverk, aðgreining og menntun

Lítið fór fyrir konum í íslenskri sagnaritun allt fram undir lok 20. aldar þegar tekið var með markvissari og víðtækari hætti að meta stöðu og hlutverk kvenna í samfélögum fortíðar. Sumir söguritarar fyrri tíma gerðu sér þó grein fyrir þessari skekkju og eru dæmi þess skrif Halldórs Stefánssonar (1877–1971) í *Sögu Austurlands* (sem kom út árið 1952). Þar gerði hann að umtalsefni að of lítið hefði verið gert úr hlut kvenna í Íslandssögunni. Skýringuna taldi Halldór vera þá að karlar hefðu verið svo miklu meira áberandi í hinu opinbera rými. „En vegna þess að hann [bóndinn] kemur meir fram í öllum afskiptum af opinberum málum og félagslegum aðgerðum, verður þáttur hans í almennum frásögnum fyrirferðarmeiri og líka auðritaðri.“¹⁴⁶

Sumir þeirra sem um aldamótin 1900 rýndu í samfélagsbreytingar á 19. öld gerðu stöðu kvenna að umtalsefni. Þorkell Bjarnason (1839–1902) prestur og alþingismaður gat þess í skrifum sínum um breytta þjóðhætti á síðari hluta 19. aldar að þrátt fyrir ýmsa framþróun í samfélaginu væru réttindi giftra kvenna nær hin sömu við lok aldarinnar og þau hefðu verið um miðbik hennar. Þorkell vildi þó meina að framkoma eiginmanna gagnvart eiginkonum hefði almennt batnað og þeir látið af ýmissi ráðsmennsku sem hann lýsti (t.d. að taka lykla af konum og banna þeim innkaup nema með sínu samþykki). Slík harðstjórn hafi verið til þess fallin að auðmýkja konur og gera þær ístöðulitlar og undirgefna.¹⁴⁷ „Kvennfólkið er, sem betur fer, farið sjálft að sjá, að ákvörðun þess er önnur en að vera í flestu áburðardýr og undirlægjur karlmanna, og rjettsýnir karlmenn eru og farnir að viðurkenna, að eins og kvennmaðurinn hefir engu minni og ógöfugri ást en karlmaðurinn, eins hafi hún og rjett að njóta ávaxta ástarinnar, frelsis og hamingju.“¹⁴⁸ Af orðum Þorkels að dæma virðast viðhorf í samfélaginu við upphaf tíunda áratugar 19. aldar hafa verið komin mun lengra í átt til jafnréttis kynjanna en þágildandi lög.

Erla Hulda Halldórsdóttir sagnfræðingur segir að konur sem fæddar voru á fyrri hluta 19. aldar hafi sjaldan gert athugasemdir við að vera settar undir vald karlmanna en þegar kom fram á síðasta fjórðung aldarinnar litu margar ungar konur á sig sem jafningja karlmanna og gerðu kröfur um að vera tekið sem slíkum.¹⁴⁹ Þó viðhorf til kvenna hafi verið breytt undir lok 19. aldar, frá því sem var um miðbik aldarinnar og fyrr, og aukinn skilningur væri á kröfum kvenna um meiri réttindi voru

¹⁴⁴ Einar Arnórsson, *Réttarsaga Alþingis*, 489–497.

¹⁴⁵ Ragnheiður Kristjánsdóttir, *Nýtt fólk*, 67–68.

¹⁴⁶ Halldór Stefánsson, „Þættir úr sögu Austurlands á 19. öld,“ 144.

¹⁴⁷ Þorkell Bjarnason, „Fyrir 40 árum,“ 254–255.

¹⁴⁸ Þorkell Bjarnason, „Fyrir 40 árum,“ 256.

¹⁴⁹ Erla Hulda Halldórsdóttir, *Nú tímanir konur*, 254. Erla Hulda vísar í þessum efnum til bókar Idu Bloom, *Det er forskjell på folk – nå som før*, 143–148.

enn víða í samfélaginu veggir sem konur ráku sig á. Erla Hulda getur í þessu samhengi bréfs sem Kristjana Jónsdóttir frá Gautlöndum skrifaði Steingrími bróður sínum árið 1893. Þar sagði Kristjana af trúlofun sinni sem „hreinar og góðar tilfinningar“ hafi legið að baki en ekki kúgun. Kristjana var ein þeirra kvenna sem andæfði gömlum hugmyndum um samfélagslegt hlutverk kvenna og vænti fleiri kosta. „Kúgunarvaldið í huga hennar er ríkjandi viðhorf og venjur samfélagsins sem beindu konum, jafnvel þvinguðu, inn á hefðbundnar brautir eiginkonu-, móður- og húsmóðurhlutverksins í stað þess að veita ný tækifæri í lífi og starfi. Þetta vald birtist í sögðum orðum og skrifuðum, hegðun og skipulagi samfélagsins, jafnt á almannasviði og einkasviði.“¹⁵⁰

Langflest bréf kvenna frá 19. öld sem hafa varðveist eru skrifuð af konum úr efri lögum samfélagsins, dætrum og eiginkonum presta, embættismanna og stöndugra bænda. Kristjana Jónsdóttir sem hér var getið var dóttir Jóns Sigurðssonar alþingismanns á Gautlöndum og Steingrímur bróðir hennar var sýslumaður á Húsavík. Konur úr lægri stéttum sem bjuggu yfir skriftarkunnáttu og létu eftir sig sendibréf (auk hinna sem ekki skrifuðu bréf eða ekki eru til varðveitt bréf frá) voru þrátt fyrir það ólíklegar til að tjá sig opinberlega, þó frá því væru undantekningar. „Bréf lægri stéttar kvenna eru eðlilega mun færri því að skriftarkunnátta var ekki almenn meðal kvenna fyrr en undir lok nítjándu aldar, og þessi fáu bréf sýna menntunarskort, tímaleysi og stundum valdaleysi. Bréfin eru stutt, fyrst og fremst send af nauðsyn eða löngun til að vita hvort viðkomandi ættingi sé á lífi; eru illa skrifuð og full af villum. Sem segir raunar mikið.“¹⁵¹

Kvennablaðið og *Framsóken* hófu útgáfu árið 1895 og urðu næstu ár helsti vettvangur opinberrar tjáningar kvenna. Blöðin börðust fyrir hagsmunum kvenna, kynntu erlenda strauma í jafnréttismálum og tóku til umræðu ýmis málefni sem áður höfðu fengið litla eða enga opinbera athygli. Bæði stríddu þessi blöð þó við fjárhagslega erfiðleika. Blandaútgáfa á þessum tíma gekk almennt brösuglega og auk þess var ekki hefð fyrir því að konur stæðu fyrir útgáfu.

Í byrjun 20. aldar þegar formleg réttindi kvenna voru að aukast, t.d. kosningaréttur til sveitarstjórna og síðar til Alþingis, var samhliða skerpt á skilgreiningu á því sem töldust eðlistengd kynjahlutverk. Þar hafði vöxtur bæja og þorpa mikið að segja en þar gætti meira áhrifa borgaramenningar, með skýrari aðgreiningu milli einkarýmis (heimilis) og opinbers rýmis (atvinnu- og félagslífs). Aukinni verkaskiptingu fylgdu eðlishygguhugmyndir þar sem „náttúrulegt“ eðli kvenna var notað til að aðgreina þær frá körlum og réttlæta samfélagslega stöðu þeirra. Uppgangi borgarastéttar í Evrópu á 19. öld fylgdi áhersla á sérstakt eðli kvenna (móðureðlið, sem var talið órökvíst og tilfinningaríkt). Þessar hugmyndir voru komnar fram á 19. öld og styrktust jafnt og þétt fram á 20. öldina.¹⁵² Sigríður Matthíasdóttir segir að valdaleysi kvenna megi rekja til þessarar skiptingar. Konur í borgarasamfélögum lokuðust af í einkarýminu og þeim var meinaður aðgangur að pólitískum völdum og áhrifum.¹⁵³

Íslensku sveitaheimilin um aldamótin 1900 og fyrr voru hvort tveggja vettvangur heimilislífs og atvinnu. Gísli Ágúst Gunnlaugsson sagði að fjölskyldan í sveitasamfélaginu hafi ekki einungis verið grunneining samfélagsins heldur líka vettvangur framleiðslu, endurframleiðslu, félagslífs og félagsmótunar. Engin raunveruleg skil voru milli framleiðslu og fjölskyldulífs.¹⁵⁴ Sveitasamfélagið byggði samt ekki á jafnrétti því kynbundin verkaskipting var líka til staðar í sveitum, t.d. sáu karlar jafnan um sauðfé, þeir réru til fiskjar og fluttu vörur í kaupstað meðan konur sáu um mjaltir, unnu úr mjólkinni og sáu um matargerð. Vinnukonum var auk þess ætlað að þjónusta karlmenn.

¹⁵⁰ Erla Hulda Halldórsdóttir, *Nútímans konur*, 19.

¹⁵¹ Erla Hulda Halldórsdóttir, *Nútímans konur*, 31.

¹⁵² Sigurður Gylfi Magnússon, *Wasteland with Words*, 197; Sigríður Matthíasdóttir, *Hinn sanni Íslendingur*, 31, 70–72.

¹⁵³ Sigríður Matthíasdóttir, *Hinn sanni Íslendingur*, 29.

¹⁵⁴ Gísli Ágúst Gunnlaugsson, „Bændasamfélagið“, 150.

Hlutverk húsmæðra í sveitum var þó víðtækara og gaf færi á meiri yfirráðum en í verkskiptu borgarasamfélagi. Í sveitum voru framleiðslan og heimilið nátengd en ekki aðskilin og efnahagsleg völd húsmæðra í sveitum gátu því verið umtalsverð, innan síns heimilis. Þær réðu vinnukonur til starfa, en húsbændur vinnumenn og húsmæðurnar réðu útdeilingu matar og gátu þar bæði hyglt og refsað.¹⁵⁵ Borgaralegra áhrifa kynjaðrar verkaskiptingar var þó tekið að gæta í íslensku sveitasamfélagi fyrir aldamót. Þorkell Bjarnason gat þess í áður nefndri grein frá árinu 1892 að karlmenn væru þá flestir hættir að þrjóna enda kynnu þeir það fæstir. Sumum yngri mönnum þætti jafnvel vansæmd að því að kunna innivinnu eða sinntu ekki annarri innivinnu en fáeinum störfum.¹⁵⁶

Sigríður Matthíasdóttir hefur bent á finnska rannsókn þar sem því er haldið fram að ein helsta ástæða fyrir góðum árangri í réttindabaráttu kvenna þar í landi hafi verið hve sveitasamfélagið lifði lengi og nývæðingin hófst seint, en með henni kom aukin aðgreining milli opinbers rýmis og einkarýmis. Eignir og samfélagsstaða gátu í sumum tilvikum hafið konur upp stigveldi sveitasamfélagsins og ráðið meiru um stöðu þeirra en kynferði. Rök Þorláks Guðmundssonar, þingmanns Árnesinga, fyrir frumvarpi um kosningarétt ekkna og annarra ógiftra kvenna sem stóðu fyrir búi til sveitarstjórna árið 1881 vísuðu til þess að samfélagsstaða skyldi ráða réttindum, ekki kynferði.¹⁵⁷ Í sveitasamfélaginu gátu ekkjur staðið fyrir búi, hefðu þær til þess fjárhagslega burði, án þess að það ógnaði samfélagsskipaninni. Árangur af framfarahugmyndum yfirvalda (íslenskra og danskra) var að miklu leyti kominn undir viðtökum almenninga og þar réði miklu hvort þær töldust raska samfélagsskipaninni.¹⁵⁸

2.2.1 Félagsleg aðgreining og áhrif embættismanna

Sigurður Gylfi Magnússon hefur haldið því fram að á Íslandi á 18. og 19. öld hafi verið tvær valdastéttir (embættismenn og prestar) og þrír þjóðfélagshópar (jarðeigendur, menntamenn og alþýða).¹⁵⁹ Samkvæmt þeirri skilgreiningu hefur í mörgum tilvikum verið skörun á milli valdastétta og þjóðfélagshópa. Prestur gat t.d. verið stórjarðeigandi auk þess að vera menntamaður. Valdastéttirnar voru fámennar og hópar menntamanna og jarðeigenda sömuleiðis. Yfirgnæfandi meirihluti landsmanna taldist því til alþýðu sem hafði lítil ef nokkur formleg völd heldur var beint og óbeint undirsátar fyrrnefndra hópa.

Sú aðgreining sem var milli þjóðfélagshópa var ekki aðeins á landsvísu heldur einnig innan nærsamfélaga (hreppa og sókna). Þar átti hún sér birtingarmyndir, t.d. innan kirkjunnar og í tengslum við samfélagslegt hlutverk hennar. Andlegt og veraldlegt vald í héraði sameinaðist í kirkjunni og setti þar fordæmi sem almenningi var ætlað að fylgja. Í *Íslenskum þjóðbátum* dró Jónas frá Hrafnagili upp mynd af þessum samtakamætti valdhafa gagnvart almenningi um miðja 19. öld. „Allt fór þetta fram með hinni mestu guðrækni og helgiblæ. Lotningin fyrir guðsorði og ritningunni var djúp og hrein hjá flestum. Og embættismenn og kaupmenn gengu á undan öðrum með kirkjurækni og guðrækni, hvað svo sem mátti finna að breytni þeirra og framkomu á annan hátt.“¹⁶⁰ Þó Jónas nefni ekki hreppstjóra í þessari lýsingu (sem vísar til kaupstaða en ekki sveita) er vert að

¹⁵⁵ Sigurður Gylfi Magnússon, *Wasteland with Words*, 197; Sigríður Matthíasdóttir, *Hinn sanni Íslendingur*, 29–30; Guðmundur Hálfðanarson, „To Become a Man“, 45.

¹⁵⁶ Þorkell Bjarnason, „Fyrir 40 árum“, 215. Guðmundur Jónsson frá Húsey (1862–1950) gat þess í bréfi sem hann skrifaði á gamals aldri að hann hefði aldrei lært að þrjóna enda hafi það ekki tíðkast á Fljótsdalshéraði á uppvaxtarárum hans að ungir menn lærðu það. (Sjá: *Lbs.* 95 nf. Bréf frá Guðmundi Jónssyni (frá Húsey) til Stefáns Einarssonar, dags. 3. apríl 1948.)

¹⁵⁷ *Alþingistíðindi* 1881 I, 41; II, 399–400; Sigríður Matthíasdóttir, „Uppnám og uppbrot“, 70–72.

¹⁵⁸ Guðmundur Hálfðanarson, „To Become a Man“, 43–47; Erla Hulda Halldórsdóttir, *Nútímans konur*, 70.

¹⁵⁹ Sigurður Gylfi Magnússon, *Wasteland with Words*, 33–40.

¹⁶⁰ Jónas Jónasson, *Íslenskir þjóðbáttir*, 361. Jónas Jónasson (1856–1918) vann að ritun *Íslenskra þjóðbátta* síðasta áratuginn sem hann lifði.

minnst þess að hluti löggæsluhlutverks hreppstjóra sneri að því að halda uppi góðu siðferði í og við kirkjur. Þeir höfðu því lögboðna skyldu til að halda guðsótta og siðsemi að almenningi. Kirkjan gegndi veigamiklu hlutverki við að halda reglu í samfélaginu og var mikill áhrifavaldur á félagsmótun og félagslegt taumhald. Það vald sem kirkjan hafði yfir barnalærdómi var líka mikilvægt í þessu samhengi.¹⁶¹

Í *Kristni á Íslandi* lýsir Þórunn Valdimarsdóttir sagnfræðingur samfélagslegri stöðu presta á 19. öld svo: „Prestar í gamla samfélaginu höfðu miklu viðtækari áhrif á líf fólks en þau sem tengjast beinum trúarháttum, trúariðkun fólks og hinu eiginlega prestshlutverki. Þessi almennu samskipti presta og sóknarfólks mynduðu eins konar ytri ramma trúarlífsins.“¹⁶² Valdastigveldi sveita-samfélagsins (feðraveldið) sótti lögmæti sitt til kenninga Marteins Lúthers sem byggðu á þremur valdastólþum (*status hierarchicus triplex*): Ríkinu (krúnunni), kirkjunni (prestastéttinni) og heimilinu (húsbændum). Þetta stigveldi stóð á traustum trúar- og samfélagslegum grunni um aldir. Sú skoðun var útbreidd að þeir fjárhagslega best stæðu, sem stóðu í hæsta þrepi félagslega stigveldisins, væru dyggðugastir og best til þess fallnir að stjórna. Það var andstætt þessu viðhorfi að líta svo á að hver einstaklingur væri jafngildur og allir fullorðnir einstaklingar ættu sama rétt til pólitískra áhrifa.¹⁶³

Á Íslandi var hlutverk húsbændanna það sem snerti undirsáta mest. En staða húsbænda gagnvart hver öðrum var ekki jöfn og það tákngerðist í virðingarröð fólks í kirkjunni. Um aldir tíðkaðist að sóknarfólk valdi sér ekki sjálft sæti í íslenskum kirkjum „heldur réð kynferði, jarðneskar eigur og félagsstaða hans innan sveitar hvar honum var skipað á bekk. Frá því að sæti fóru að tíðkast í kirkjum og fram á þessa öld [20. öld] endurspeglaði sætaskipan í kirkju því stéttaskiptingu sóknarbarna.“¹⁶⁴ Mestalla 19. öldina var það viðtekin venja að best stæðu bændur hvernar sóknar ættu virðingarsess í kirkjunni. „Allir rötuðu til sæta sinna, bústólpar á helgasta stað kirkjunnar í kór, prestsfrúin í besta sæti við kórinn, konur norðan megin eftir stétt og stöðu, því lengra frá helgu altarinu sem þær voru lægra settar.“¹⁶⁵ Með þessu móti stilltu þeir sem efstir stóðu í valdastiga hvernar sóknar sér upp við hlið prestsins, andspænis og framar alþýðunni við hverja kirkjulega athöfn. Slík aðgreining innan kirkjunnar, byggð á kyni og samfélagsstöðu, var langlífari á Íslandi en í nágrannalöndunum. Hér tók þessi venja að láta undan síga undir lok 19. aldar og var almennt að hverfa á fyrstu áratugum 20. aldar. Fólk tók þá að „setjast þar sem því sýndist í kirkjunni.“¹⁶⁶

Þó blæbrigðamunur hafi verið á útfærslu þessarar venju eftir sóknum og landshlutum var hin almenna regla sú fram undir aldamótin 1900 að karlmenn röðuðust í sæti næst altari eftir mannvirðingu, í kór og fremst í kirkju, ýmist öðru eða beggja megin. Svarendur spurningalista Þjóðminjasafns nr. 40 („Þættir um kirkju og prest“), sem fæddir voru skömmu eftir aldamótin 1900, könnuðust við röðun eftir mannvirðingu en minntust hennar ekki úr eigin uppvexti.¹⁶⁷ Einn svarenda gagnrýndi röðun fólks í sæti í kirkjunni og sagði: „Mér fannst hvergi jafn óviðeigandi að fólk hagaði sér eftir mannvirðingum og í kirkjunni. En efnin réðu gegnum þykkt og þunnt, einnig því hverjir komust til mannvirðinga í sveitinni.“¹⁶⁸ Kynjaskipt sætaröðun í kirkjum hélst lengur. Sú aðgreining var ævaforð hefð. Sætaskipanin endurspegladi afstöðu kynjanna gagnvart hvort öðru

¹⁶¹ Pétur Pétursson, *Church and Social Change*, 52.

¹⁶² Þórunn Valdimarsdóttir, „Öld frelsis, lýðvalds og jafnaðar“, 112.

¹⁶³ Aronsson, „Local Politics – The Invisible Political Culture“, 188–189.

¹⁶⁴ Hjalti Hugason, „Kristnir trúarhættir“, 190–191.

¹⁶⁵ Þórunn Valdimarsdóttir, „Öld frelsis, lýðvalds og jafnaðar“, 156.

¹⁶⁶ Þórunn Valdimarsdóttir, „Öld frelsis, lýðvalds og jafnaðar“, 11.

¹⁶⁷ „Þjóðhættir. Þjóðháttaskráning Þjóðminjasafnsins. 40. Spurningaskrá, þættir um kirkju og prest.“ Hér er byggt á svörum fólks sem fætt var á árabílinu 1888–1904, upprunni í öllum landsfjórðungum. Alls 43 svarendur.

¹⁶⁸ „Þjóðhættir. Þjóðháttaskráning Þjóðminjasafnsins. 40. Spurningaskrá, þættir um kirkju og prest.“ Svar nr. 4961 [karlmaður (f. 1896) í Borgarfjarðarsýslu].

„en hún var aðalvettvangur þeirra félagslegu samskipta er áttu sér stað utan heimilisins um daga bændasamfélagsins. Stóð hún þannig vörð um hefðbundin samskiptaform.“¹⁶⁹

Aðgreining innan kirkjunnar náði líka til fermingarbarna. Börnin voru prófuð að söfnuðinum viðstöddum og var mikil pressa á þeim að standa sig vel þar sem frammistaðan gat haft áhrif á félagslega stöðu fjölskyldunnar. Við fermingu tíðkaðist fram yfir aldamótin 1900 að raða börnum eftir kyni og kunnáttu. „Hinsvegar gat þessi regla að óverðugu sært þau börnin, sem urðu neðarlega í röðinni eða neðst.“¹⁷⁰ Annars konar röðun á fermingarbörnum þekktist líka. Hún byggði á að raða börnum við fermingu „eftir efnahag foreldra þeirra, þannig að innstur stóð sonur ríkasta bóndans, en fremstur sá þurfamannasonurinn, sem settur var niður hjá fátækasta bóndanum. Þetta hafði víst ekki lítil áhrif í þá átt að vekja bæði ofmetnað og öfund í brjóstum barna.“¹⁷¹

Manngreinarálit á samfundum tíðkaðist við fleiri samfundi en kirkjulegar athafnir. Eiríkur Eiríksson (1828–1893) bóndi á Skatastöðum í Skagafirði, einn helsti heimildamaður Jónasar frá Hrafnagili við efnisöflun hans fyrir ritun *Íslenskra þjóðbátta*, lýsti því hvernig manngreinarálit birtist í síðum við brúðkaupsveislur á 19. öld. „Mikill tími gekk einatt að raða fólkinu niður í hæfileg sæti, því sætin urðu að samsvara mannvirðingu hvers eins. Kom það starf jafnan á frammistöðumennina, sem sjálfsagt voru valdir af hinum færari. Urðu hreppstjórar oft fyrir þeim heiðri, því öllum var ljóst, að þeir voru talsvert framaðir, en það var tignarstig frá hinu almenna að vera álitinn hæfur til að vera frammistöðumaður við slík hátíðleg tækifæri.“¹⁷²

Annars konar dæmi um félagslega aðgreiningu eru skólapiltar í Latínuskólanum í Reykjavík og í Möðruvallaskólanum, um og upp úr aldamótunum 1900. Í sjálfsævisögum sem víkja að skólalífi í Latínuskólanum má finna lýsingar á framkomu skólapilta gagnvart öðrum íbúum Reykjavíkur, á þann hátt að skólapiltar bárust á og sýndu almenningi hroka og lítilsvirðingu. Sigfús Blöndal (1874–1950) orðabókarritstjóri og bókavörður sagði skólapilta hafa (á uppvaxtarárum hans) sett mikinn svip á bæinn og lítið stórt á sig. „Þeir voru á þeim tímum líkt og stúdentar í litlum háskólabæjum erlendis. Því þó Reykjavík hefði fengið bæði prestaskóla og læknaskóla, gætti þeirra aðeins lítið í samanburði við latínuskólann.“¹⁷³ Þetta skýrði Sigfús með því að námsmenn í þeim skólum voru fáir og námið strangt svo nær allur þeirra tími fór í að sinna því. Félagslíf þeirra var því lítið. Finnur Jónsson (1858–1934) prófessor ræddi í sinni sjálfsævisögu aðgreiningu og sérréttindi skólapilta í Latínuskólanum gagnvart almenningi. Annan hvern sunnudag bar skólapiltum að sækja messu og áttu þeir þar sæti á fremstu bekkjum uppi á lofti „voru allir skyldir að víkja fyrir okkur, sem ef til vill höfðu sest þar áður; og varð þeim stundum illa við, og var þeim það eiginlega ekki láandi.“¹⁷⁴

Skólapiltar í Möðruvallaskóla aðgreindu sig líka frá almenningi, en með öðrum formerkjum. Í Möðruvallaskóla sóttu einkum bændasynir víða af landinu og skólinn hafði víðtæk áhrif, því ólíkt latínuskólapiltum sneru flestir Möðruvellingar aftur í heimabyggð að loknu námi og margir þeirra urðu áberandi í félags- og menningarlífi þar að lokinni skólagöngu. Eftir að skólahús á Möðruvöllum brunnu í mars 1902 var skólinn fluttur til Akureyrar. Skólapiltarnir féllu ekki vel að kaupstaðarlífinu á Akureyri. Þeir voru ærslafullir og hneigðir til áfloga, fylgdu ekki tiskunni heldur gengu í íslenskum sauðskinnsskóm og íslenskum klæðum yst sem innst.¹⁷⁵ Þeir voru því á skjön við bæjarbúa og menningu vaxandi þéttbýlis á Akureyri og skáru sig úr, en með allt öðrum hætti en latínuskólapiltar í Reykjavík.

¹⁶⁹ Hjalti Hugason, „Kristnir trúarhættir,“ 192.

¹⁷⁰ Halldór Stefánsson, *Ævislöd og mannaminni*, 51.

¹⁷¹ Kristleifur Þorsteinsson, *Úr byggðum Borgarfjarðar I*, 40.

¹⁷² Eiríkur Eiríksson, „Lífnaðarhættir Skagfirðinga á 19. öld,“ 87.

¹⁷³ Sigfús Blöndal, *Endurminningar*, 92.

¹⁷⁴ Finnur Jónsson, *Ævisaga Finns Jónssonar*, 21.

¹⁷⁵ Viðar Hreinsson, *Gæfuleit*, 29–31.

Íslenskir prestar þjónuðu að jafnaði færri sóknarbörnum en skandinavískir kollegar þeirra og voru í nánum tengslum við hvert heimili, ekki síst vegna eftirlitshlutverks þeirra með fræðslu barna á heimilunum. Á hinum Norðurlöndunum voru aftur á móti almennt komnir barnaskólar fyrir miðja 19. öld. Íslenskir prestar voru ekki aðeins andlegir leiðtogar, þeir voru nátengdir þjóðlegum gildum og menntun þeirra skapaði ekki gjá milli þeirra og samfélagsins.¹⁷⁶ Hlutverk íslenskra sóknarpresta í nærsamfélögum á 19. öld var jafnan mun víðtækara en embættisskylda þeirra sagði til um. Svör fólks sem fætt var fyrir aldamótin 1900 við áðurnefndum spurningalista Þjóðminjasafns Íslands (um kirkju og presta) gefa nokkuð eindregna mynd af prestunum sem virðulegum og fjölhæfum mönnum sem nutu almennrar virðingar sóknarbarna og voru þeim bæði til ráðuneytis og aðstoðar við hin margvíslegustu mál. Prestarnir aðgreindu sig frá bændum í háttum og klæðaburði og virðing þeirra jókst ef þeir voru efnaðir og góðir bændur. Raunar virðist staða presta sem bændur ekki hafa skipt minna máli en hvort þeir þóttu tóna vel eða vera góðir kenni- og ræðumenn.¹⁷⁷ Sumir prestar fengust einnig við lækningar. Pétur Pétursson guðfræðingur hefur bent á að í skrá yfir lækna á Íslandi á 19. öld sé að finna 30 presta og fimm prestmaddömur í hópi 112 alþýðulækna (e. *lay-physicians*). Auk þessa var algengt fram um miðja öldina að lækna hefðu presta sér til aðstoðar.¹⁷⁸

Í *Kristni á Íslandi* segir Þórunn Valdimarsdóttir að virðing fyrir prestum á 19. öld hafi m.a. birst í því að það tíðkaðist að þrifa vel hús þegar vitað var að prestur myndi húsvitja. Helsta hlutverk presta við húsvitjanir var að kanna þekkingu barna og skrá íbúa. En þeir höfðu einnig eftirlit með öðru heimilisfólki, þ.m.t. húsbændum. Fræðsla barna á 19. öld var á ábyrgð foreldra og framkvæmd hennar háð eftirliti presta. Húsvitjanir voru hluti af embættisskyldum presta en þær endurspegluðu líka félagslega stöðu fjölskyldna gagnvart valdastöðu prestsins. Félagsleg staða barna og foreldra þeirra var í húfi þegar prestur húsvitjaði til að kanna þekkingu barnanna þar sem fjölskyldan átti mikið undir því að presturinn gæfi barninu góða einkunn. Húsvitjanir presta voru aflagðar á hinum Norðurlöndunum á 19. öld. Þar var þéttbýli meira og sóknir almennt fjölmennari.¹⁷⁹

Mestan hluta 19. aldar var sóknarpresturinn yfirleitt eini menntamaðurinn í sveitinni. Til hans var leitað ráða í vanda, hann var hreppstjóra til halds og trausts við sveitarstjórn og ritstörf og ef einhver vildi leita sér leiðsagnar, t.d. í skrift eða reikningi, var sjaldnast til annars að leita en prestsins. „Duglegur prestur varð eins og allt í öllu í hverri sveit.“¹⁸⁰ Af þessari ályktun Jónasar frá Hrafnagili að dæma var framþróun innan sókna að miklu leyti komin undir prestinum, dugnaði hans og því hversu vel honum tókst að virkja sóknarbörn til góðra verka. Um duglega presta eru mörg dæmi en Jónas gat hins vegar ekki um hvaða áhrif það gat haft ef prestur sinnti lítt um annað en embættisskyldur sínar eða var jafnvel ekki starfi sínu vaxinn og á skjön við sóknarbörn sín.

Guðmundur Jónsson (1862–1950) frá Húsey í Hróarstungu lýsti í sjálfsævisögu sinni áhrifum presta á samfélagið með öðrum hætti en þeim sem getið var hér á undan en þó með sömu formerkjum, þ.e. að mikilvægi sóknarpresta fyrir samfélagin hafi verið ótvírætt. Guðmundur taldi að skýringa á þeirri kyrrstöðu og menntunarskortri sem hann upplifði í Hróarstungu á Fljótsdalshéraði, eftir að hann fluttist þangað um miðjan níunda áratug 19. aldar, hafi verið að leita hjá prestunum sem sátu í Kirkjubæ frá því um miðja öldina. „Þeir voru einu mennirnir á þeim árum, sem líklegir voru til að geta vakið menntaþrá hjá bændum, og þeir gerðu það líka víða í sveitum.

¹⁷⁶ Pétur Pétursson, *Church and Social Change*, 81.

¹⁷⁷ „Þjóðhættir. Þjóðháttaskráning Þjóðminjasafnsins. 40. Spurningaskrá, þættir um kirkju og prest.“ Hér er byggt á svörum fólks sem fætt var á árabílinu 1888–1900, upprunni í öllum landsfjórðungum. Alls 27 svarendur.

¹⁷⁸ Pétur Pétursson, *Church and Social Change*, 75; Þórunn Valdimarsdóttir, „Öld frelsis, lýðvalds og jafnaðar,“ 95.

¹⁷⁹ Þórunn Valdimarsdóttir, „Öld frelsis, lýðvalds og jafnaðar,“ 141; Sigurður Gylfi Magnússon, *Wasteland with Words*, 85–91.

¹⁸⁰ Jónas Jónasson, *Íslenskir þjóðhættir*, 381.

Þá höfðu um langt skeið verið gamlir prestar í Kirkjubæ. Að vísu höfðu þeir verið kennimenn góðir, en engir framkvæmdarmenn og ekki gefnir fyrir að fræða menn í veraldlegum efnum.¹⁸¹ Prestarnir í Kirkjubæ voru að sögn Guðmundar að mestu áhrifalausir utan kirkjunnar. Af fjórum prestum sem hann nefndi (fram til ársins 1888) voru þrír lélegir bændur sem tóku lítinn þátt í sveitarmálum. Þeir sömu voru sárafatækir þrátt fyrir gott brauð því búskapur þeirra var lélegur. Sá fjórði bjó betur en gaf sig lítt utan heimilis að öðru en embættisverkum. Sveitin leið því fyrir „vöntun á foringja, menntamanni og jafnframt framkvæmdamanni“ og það stuðlaði að kyrrstöðu og framtaksleysi. „Menn höfðu enga fyrirmynd til að líkja eftir, enga uppörvun eða hjálp til að þroskast andlega eða afla sér menntunar. Ungir menn urðu því að láta sér nægja dæmi fedra sinna, en drógust við það aftur úr jafnöldrum sínum í öðrum sveitum að flestu leyti.“¹⁸²

Jóhann Lúther Sveinbjörnsson, sóknarprestur á Hólum við Reyðarfjörð, dró upp nokkuð aðra mynd af trúarástandi og hlutverki presta í austfirsku samfélagi í bréfi til mágs síns, Kristins Daníelssonar prests á Útskálum, árið 1896. Þar sagði Jóhann: „Kirkjulífið hjer í Múlasýslum er fjarskal. dauft. Klerkarnir í mínu prófastsd. eru heldur engir framúrskarandi andans menn; margir þeirra duglegir búmenn, og sumir talsverðir brennivínsmenn.“¹⁸³ Jóhann var því nokkuð á skjön við starfsbræður sína eystra því hann var bindindismaður og kvaðst ítrekað í bréfum sínum til Kristins vera lítill búmaður.

Þó mörg dæmi séu til um hjálpssemi presta á 19. öld við sóknarbörn sín og að þeir hafi gengið á undan með góðu fordæmi, bæði í verklegum og siðferðilegum efnum, þá var líka misbrestur á því. Heimildir geta presta sem voru drykkfelldir, áhrifalitlir utan kirkju eða beinlínis í andstöðu við sóknarbörn sín. Jens Hjaltalín, sóknarprestur á Skeggjastöðum í Bakkafirði, leitaði ítrekað ásjár hjá Halldóri Jónssyni, prófasti á Hofi í Vopnafirði, á árunum 1868–1870. Bréf Jens til Halldórs einkennast af margháttuðum erfiðleikum. Jens var skuldugur, átti í útistöðum við verslunina og var að reyna að byggja öðrum staðinn. Hann virðist hafa átt á brattann að sækja á flestum sviðum og staðið höllum fæti í embætti.¹⁸⁴ Björn Halldórsson, hreppstjóri á Úlfstöðum í Loðmundarfirði, lýsti í dagbók sinn helgihaldi í Klyppstaðasókn á hvítasunnu árið 1870. Fimm börn fermdust í Klyppstaðakirkju hjá sóknarprestinum, Finni Þorsteinssyni, á hvítasunnudag. „Vorur börnin mjög aumlega undirbúin af presti. Í dag [6. júní] ætlaði hann að taka þau og fleira fólk til altaris, en messufall varð sökum þess að prestur drakk sig útúr í víninu sem fólkinu átti að útdeila, og fór það því svo búið.“ Næstu tvö ár skráði Björn tvö önnur dæmi um drykkjuskap sóknarprestsins í dagbókina. Eitt sinn varð Björn að fylgja prestinum heim vegna þess hve ölvaður hann var (6. september 1871) og öðru sinni lét Björn hann sofa úr sér á Úlfstöðum (9. apríl 1872).¹⁸⁵ Prestur sem stríddi við alvarleg drykkjuvandamál var ekki líklegur til að afla sér virðingar eða trausts sóknarbarna sinna og hefur því að líkindum haft lítil áhrif í samfélaginu. Jón Bjarnason (1845–1914) prestur í Kanada vék í erindi árið 1889 að drykkjuskap íslenskra presta sem hann sagði margt fólk telja að of mikið væri gert úr þó vandinn væri augljós. Fólk væri svo samdauna ástandinu að það hneykslaðist á umræðunni en ekki á háttunum.

Ég var staddr í haust á bæ á Jökuldal fyrir austan; þar sá ég sóknarprestinn í Hofteigi séra Stefán Halldórsson vera að kútveltast blindfullan í túnfætinum með þeim munnsöfnuði, sem honum er títt; annar merkasti prestrinn í prófastsdæminu var þar við ásamt mér. Við vorum að tala um

¹⁸¹ Guðmundur Jónsson (frá Húsey), „Minningabættir Guðmundar í Húsey“, 146.

¹⁸² Guðmundur Jónsson (frá Húsey), „Minningabættir Guðmundar í Húsey“, 147.

¹⁸³ *Lbs.* 3543 4to. Bréf frá Jóhanni L. Sveinbjarnarsyni til Kristins Daníelssonar, dags. 14. nóvember 1896.

¹⁸⁴ *Lbs.* 2755 b 4to. Bréfasafn Halldórs Jónssonar á Hofi í Vopnafirði.

¹⁸⁵ *Lbs.* 3145 8vo. Dagbækur Björns Halldórssonar á Úlfstöðum í Loðmundarfirði 1867–1872.

„Samein[ingu]“, og hann kom með þetta vanalega: við færum með öfgar, sér í lagi um drykkjuskap presta. Og þetta var rétt um leið og hann hafði horft á prestinn séra Stefán Halldórsson!¹⁸⁶

Algengasta aðfinnsla fólks í garð sóknarpresta (auk drykkjuskapar sumra þeirra) var að bregða þeim um ágirnd, en oft þurftu prestar að „sarga þessar litlu tekjur sínar [leigurnar] út úr bláfátækum sóknarmönnum.“¹⁸⁷ Það fyrirkomulag var ekki endanlega afnumið fyrr en árið 1907 þegar prestar voru settir á föst laun og þurftu ekki lengur að reiða sig á að innheimta stóran hluta tekna sinna hjá sóknarfólki. Fram að því voru kjör presta æði misjöfn og hefur Hjalti Hugason guðfræðingur bent á að tólföldur munur hafi verið á tekjum tekjulægsta prestsins og þess tekjuhæsta um miðja 19. öld. Flestir prestar á síðari hluta 19. aldar voru í hópi meðalbænda eða efnuðustu bænda í sínum sveitum og veraldleg umsvif gátu lyft þeim til frekari vegs í samfélaginu.¹⁸⁸ Prestar áttu á ýmsan hátt samleið með betur staðum bændum, deildu hagsmunum með þeim og komu oft fram fyrir hönd samfélagsins út á við. Fátækari prestar hafa að líkindum staðið sóknarfólki sínu nær en hinir efnaðri sem lítinn eða engan þátt tóku í landbúnaðarstörfum. Á hinn bóginn hafa hinir betur staðu að líkindum haft rýmri tíma til húsvitjana og annarra embættisstarfa. Tekjumunur milli brauða var einn helsti áhrifaþátturinn á að flutningur presta milli embætta var tíðari en ella. Afkoma presta fram til 1907 var að miklu leyti byggð á búskapnum á prestssetrinu. Í þeim efnunum þurftu þeir að reiða sig á vinnufólk og nágrannabændur þar sem starfsskyldur þeirra tóku tíma og lönd prestssetranna voru oft stór.¹⁸⁹

Munur milli ríkari og fátækari presta á Íslandi á 19. öld skýrðist þó ekki aðeins af miklum mun tekna og gjalda sem prestar innheimtu af sóknarmönnum heldur líka af mismunandi eignastöðu prestakalla. Það var því staða kirkjunnar sem landeiganda sem var veigamikill þáttur í að skýra mun á tekjum presta. Lítið var gert til að bæta launakjör presta á 19. öld því ekki þótti forsvaranlegt að leggja meiri gjöld á bændur. Sú hugmynd að fækka prestum til að bæta kjör þeirra sem eftir yrðu mætti jafnan andstöðu í stjórnsýslunni á þeim forsendum að þá yrði of erfitt eða ómögulegt fyrir marga presta að sinna starfsskyldum sínum, t.d. húsvitjunum og eftirliti með fræðslu barna, í landi sem væri strjálbýlt og samgöngur lélegar. Eina leiðin til að bæta kjör presta væri með því að bæta kjör bænda þannig að þeir væru færir um að greiða hærri sóknargjöld. Árið 1880 tóku gildi lög sem fækkuðu prestaköllum landsins úr 170 í 141. Sú lagasetning naut stuðnings leiðandi manna innan kirkjunnar en mætti andstöðu bæði meðal almennings og forystumanna bænda sem vildu halda sóknaskipan, prestssetrum og prestum eins og verið hafði, því þá þegar var algengt að fleiri en ein sókn tilheyrði sama prestakalli. Staða prests og prestsseturs innan sókna var rótgróin, þ.e. prestsins sem andlegs leiðtoga og leiðandi manns í veraldlegu samfélagi og prestssetursins sem samfélags- og menningarmiðstöðvar hverrar sóknar. Tilvist beggja var því svo nátengd hefðum og sjálfsmynd íbúa að margir litu á það sem grundvallaratriði fyrir framtíð og þróun byggðarlagsins að halda hvoru tveggja.¹⁹⁰

Fram um miðja 19. öld slepptu prestar ógjarnan messu á helgidegi nema þeir væru sjálfir veikir eða veður væri svo vont að messufall yrði þess vegna. Á vetrum var þó algengt að fólk frá bæjum sem lengst áttu til kirkju sæti heima ef veður og færð voru slæm.¹⁹¹ Með nýrri helgidagatilskipun

¹⁸⁶ „Málfundrinn 23. nóvbr. 1889,“ 32. Þess ber að geta að Stefán Halldórsson og annar austfirskur prestur voru settir frá embætti vegna drykkjuskapar fáum árum eftir að þessi lýsing kollega þeirra Jóns Bjarnasonar birtist á prenti (sjá: Magnús Bl. Jónsson, *Endurminningar II*, 237).

¹⁸⁷ Jónas Jónasson, *Íslenskir þjóðhættir*, 381.

¹⁸⁸ Þórunn Valdimarsdóttir, „Öld frelsis, lýðvalds og jafnaðar,“ 95, 141; Hjalti Hugason, „Kristnir trúarhættir,“ 169–170.

¹⁸⁹ Pétur Pétursson, *Church and Social Change*, 47, 81; Hjalti Hugason, „Kristnir trúarhættir,“ 170.

¹⁹⁰ Pétur Pétursson, *Church and Social Change*, 45–47.

¹⁹¹ Þórunn Valdimarsdóttir, „Öld frelsis, lýðvalds og jafnaðar,“ 151–152.

árið 1855 var messusókn ekki lengur skylda. Þórunn Valdimarsdóttir heldur því fram að sú breyting hafi verið skýrt merki þess að kerfi „altæks eftirlits presta með lífi fólks væri að missa marks, en brátt bættust við lög sem afnámu húsaga (1866), og afskipti presta af sveitarstjórnarmálum (1872), og trúfrelsi varð löggilt (1874).“¹⁹² Fyrir aldamótin 1900 þótti sjálfsagt að sækja kirkju, a.m.k. öðru hvoru, en upp úr aldamótum fór þeim fjölgandi sem aldrei fóru til guðsþjónustu. Hlutverk presta í samfélaginu var að breytast og dragast saman. Þetta var sams konar breytingarferli og átti sér stað í nágrannalöndunum. Trúarlíf á heimilum breyttist líka en þó heldur síðar. Pétur Pétursson biskup lofaði í bréfi árið 1880 hefðbundinn kristindóm íslenskrar alþýðu en lýsti í sama bréfi áhyggjum af því að vantrú væri að breiðast út meðal yngri kynslóða og tengdi hana við lestur erlendra bóka.¹⁹³

Víðtækt veraldlegt hlutverk presta og staða prestssetranna sem félagsmiðstöðva og samkomustaða, ekki aðeins fyrir trúarlegar athafnir heldur einnig fyrir ýmis konar fundi, studdi við kirkjusókn fram eftir öldinni þar sem kirkjugestir áttu á stundum fleiri erindi en að hlýða á messu. Samvera kirkjugesta fyrir og eftir messu, við kirkju eða í prestssetrinu, hafði mikla félagslega þýðingu, einkum í dreifbýli. Þar ræddi fólk saman, sagði fréttir og rak erindi.¹⁹⁴ „Því ber ekki að neita, að sumir fóru til kirkju öðrum þræði til að sýna sig og sjá aðra, sem var mjög mannlegt og eðlilegt, því þetta var eina samkvæmið, sem fólk átti kost á að fara í, að undanteknum réttunum á haustin.... Yfirleitt var meira talað um sóknir en hreppa. Fólk í hverri sókn var meira félagsbundið en fólkið í hreppnum.“¹⁹⁵ Fáir svarendur spurningalista Þjóðminjasafns (um kirkju og presta) geta um formleg fundahöld á kirkjustöðum eftir messu, en sum svörin sýna að samvera fólks ýtti óbeint undir félagsstarf. Einn svarenda gat þess að stundum hefði verið farið í leiki og íþróttir iðkaðar eða að fólk hefði náð sér í lesefni þar sem bækur lestrarfélagsins voru geymdar á kirkjuloftinu.¹⁹⁶

Fyrir miðja 19. öld var alengt að hreppstjórar væru vart eða illa skrifandi og þyrftu að reiða sig á sóknarprestana varðandi skrift og reikning sem tengdist embættisfærslu þeirra. Slík staða hefur aukið til muna áhrif sóknarprestisins í nærsamfélaginu, þ.e. ef hinn helsti fulltrúi yfirvalda var honum svo háður.¹⁹⁷ Með bættri alþýðumenntun, þ.m.t. almennari kunnáttu í reikningi og aukinni ritfærni, urðu hreppstjórar almennt sjálfbjarga við sín embættisverk sem áður gat þurft aðstoð sóknarprestisins við. Ef hreppstjóri undir lok 19. aldar þurfti að leita aðstoðar gat hún þá allt eins komið frá öðrum en sóknarprestinum, t.d. bónda sem var betur ritfær eða færari í reikningi en hreppstjórinn. Eiríkur Eiríksson (1828–1893) benti á að margir hreppstjórar hefðu setið lengi í embætti, þrátt fyrir að lítið væri upp úr því að hafa fjárhagslega en fyrirhöfnin á tíðum allmikil. Þeir hafi ekki kippt sér upp við þó þá skorti e.t.v. flesta þá hæfileika sem embættið krafðist. Skýringu þessa taldi Eiríkur samfélagslega. Embættið veitti hreppstjórum greiðari aðgang að sýslumönnum og prestum en aðrir bændur höfðu auk þess sem heiður þótti að stöðunni sem færði þá skör ofar almennum bændum.¹⁹⁸

Önnur samfélagsleg staða sem gat fært mönnum aukna virðingu í nærsamfélögunum var staða meðhjálpara í kirkjunni. Meðhjálparar voru jafnan valdir úr hópi betur stæðra bændna. Þeir stóðu nær prestri en annað sóknarfólk vegna stöðunnar og geta sumir svarendur spurningalista Þjóðminjasafns þess að prestar hafi þúast við meðhjálparana, ólíkt flestu öðru sóknarfólki.

¹⁹² Þórunn Valdimarsdóttir, „Öld frelsis, lýðvalds og jafnaðar,“ 102.

¹⁹³ Þórunn Valdimarsdóttir, „Öld frelsis, lýðvalds og jafnaðar,“ 104–105, 156.

¹⁹⁴ Þórunn Valdimarsdóttir, „Öld frelsis, lýðvalds og jafnaðar,“ 95; Hjalti Hugason, „Kristnir trúarhættir,“ 251–255.

¹⁹⁵ „Þjóðhættir. Þjóðháttaskráning Þjóðminjasafnsins. 40. Spurningaskrá, þættir um kirkju og prest.“ Svar nr. 4961 [karlmaður (f. 1896) í Borgarfjarðarsýslu].

¹⁹⁶ „Þjóðhættir. Þjóðháttaskráning Þjóðminjasafnsins. 40. Spurningaskrá, þættir um kirkju og prest.“ Svar nr. 4881 [karlmaður (f. 1903) í Austur-Skaftafellssýslu].

¹⁹⁷ Eiríkur Eiríksson, „Lifnaðarhættir Skagfirðinga á 19. öld,“ 86.

¹⁹⁸ Eiríkur Eiríksson, „Lifnaðarhættir Skagfirðinga á 19. öld,“ 86.

Heimildarmönnum Þjóðminjasafns ber þó ekki saman um hvort meðhjálparastaða hafi verið sérstök virðingarstaða í samfélaginu, þó meirihluti telji svo hafa verið.¹⁹⁹

Heimildir um þann aðstöðumun sem gat skapast vegna ójafnrar samfélagsstöðu eru ekki á hverju strái enda má gera ráð fyrir að sá munur hafi fremur birst í daglegri umgengni fólks hvers við annað en í skrifuðum heimildum. Í tengslum við dómsmálið milli Guttorms Vigfússonar, þáverandi skólastjóra Búnaðarskólans á Eiðum, og Jóns Jónssonar, þá bónda í Húsey (síðar á Sleðbrjót), sem varð í kjölfar skrifa Jóns um Eiðaskólann (og rætt er um í inngangi) má þó finna dæmi um félagslegan aðstöðumun. Hann birtist í bréfum sem Einar Thorlacius, sýslumaður Norður-Múlasýslu, skrifaði Guttormi vegna málarekstursins. Í bréfi Einars í byrjun ágúst 1888 ráðfærði hann sig við Guttorm um hvenær best væri að hafa vitnaleiðslur í málinu.²⁰⁰ Rúmum tveimur árum síðar lét Einar vita af því að Jón hyggðist áfrýja dómi hans í Eiðaskólamálinu og hvatti Guttorm til að útvega sér sem fyrst málafærslumann í Reykjavík og benti á mann sem gæti haft þar milligöngu.²⁰¹ Í bréfi rituðu á Þorláksmessu árið 1891 sendi Einar afrit landsréttardómsins í málinu til Guttorms og bað hann að láta birta Jóni dóminn sem fyrst og senda sér hann svo ásamt meðfylgjandi bréfi Hannesar Hafstein (sem var lögmaður Guttorms fyrir Landsrétti). Í framhaldinu ræddi Einar um að birta dóminn í *Austra* enda varðaði málið allt Austurland. Bréfið endaði Einar svo á að óska Guttormi til hamingju með sigurinn í málinu.²⁰²

Þó upphæfð fylgdi hreppstjóraembættinu og menn klifu ofar í samfélagsstiganum við að takast það á hendur tóku þó ekki allir við því með fögnuði. Árið 1888 fékk Guðmundur Jónsson ábúð í Húsey í Hróarstungu á Fljótsdalshéraði. Guðmundur var þá 25 ára gamall og hafði enga formlega menntun aðra en barnalærdóminn.

Eg var kosinn hreppstjóri fyrsta árið, sem eg bjó þar, og var það fremur fyrir brýna nauðsyn en verðleika mína, því að eg hafði ekkert fram yfir ýmsa aðra bændur í hreppnum, nema að eg skrifaði betur en þeir eldri. Þetta varð mér til stórtafar við heimilisstörfin, einkum fyrstu árin. Sveitin var mannmörg og mannsát mörg fyrstu árin. Eg þurfti sjálfur margt að læra til þess að geta leyst störf mín vel úr hendi, og það tók langan tíma. En þetta varð mér góður skóli. Eg lærði margt, sem eg hefði ekki lært annars, og varð að lokum allvel fær um þau störf, sem eg þurfti að gegna.²⁰³

Frásögn Guðmundar dregur ekki aðeins fram þær annir sem gátu fylgt hreppstjórastarfinu heldur undirstrikar einnig efni fyrri tilvitnunar í hann um menntunarástand og kyrrstöðu í Hróarstungu undir lok níunda áratugar 19. aldar. Starfsskyldur hreppstjóra voru að mestu óbreyttar frá upphafi 19. aldar og fram til ársins 1872 þegar þær drógust verulega saman með nýjum lögum um sveitarstjórn. Félagsleg staða þeirra var eftir sem áður mikilvæg og embættisskyldur enn margar.

Breytingar á félagslegri stöðu presta og kirkjunnar á Íslandi voru litlar á 19. öld fyrr en eftir 1870. Breytingar sem urðu á stjórnsýslunni frá þeim tíma, og snertu starfssvið presta, drógu úr formlegum og óformlegum samfélagslegum áhrifum þeirra. Kirkjan var að missa valdið yfir fólkinu, en það gerðist ekki í einni svipan.²⁰⁴ „Alþýða gamla samfélagsins bar næstum óttablandna virðingu fyrir prestum sínum. Þar sem nútímasamfélag komst seint á héldu prestar menningarlegu

¹⁹⁹ „Þjóðhættir. Þjóðháttaskráning Þjóðminjasafnsins. 40. Spurningaskrá, þættir um kirkju og prest.“ Hér er byggt á svörum fólks fæddu á árabílinu 1888–1904, upprunna í öllum landsfjórðungum. Alls 41 svarandi.

²⁰⁰ *Her.Aust.* A6 121, 134. Bréf frá Einari Thorlacius til Guttorms Vigfússonar, dags. 2. ágúst 1888.

²⁰¹ *Her.Aust.* A6 121, 135. Bréf frá Einari Thorlacius til Guttorms Vigfússonar, dags. 27. nóvember 1890.

²⁰² *Her.Aust.* A6 121, 137. Bréf frá Einari Thorlacius til Guttorms Vigfússonar, dags. 23. desember 1891.

²⁰³ Guðmundur Jónsson (frá Húsey), „Minningaþættir Guðmundar í Húsey,“ 14.

²⁰⁴ Pétur Pétursson, *Church and Social Change*, 82.

og félagslegu forræði sínu í samfélaginu miklu lengur hér en í nágrannalöndunum.²⁰⁵ Efnahagslegur uppgangur kaupmanna, útgerðarmanna o.fl. atvinnurekenda um aldamótin og í byrjun 20. aldar, ásamt því að prestar komust á föst laun, leiddi til þess að margir prestar drógust aftur úr í launum sem veikti samfélagsstöðu þeirra enn frekar. Fram til 1880 var staða presta í íslensku samfélagi sterk. Þeir voru milliliður milli stjórnvalda (íslenskra og danskra) og almennings, en deildu fremur kjörum með almenningi og áttu sameiginlegra hagsmuna að gæta með bændum. Ýmsir samverkandi þættir urðu til að grafa undan samfélagslegri stöðu presta eftir 1880. Þar má nefna vöxt þéttbýlis, meiri hreyfanleika fólks, breytingar í stjórnsýslu, lýðræðisþróun og vaxandi fjarlægð menntamanna frá kirkjunni og ráðandi hugmyndum innan hennar. Við fullveldið 1918 var kirkjan orðin jaðarsett í pólitískum og efnahagslegum skilningi en stóð enn sterkt menningarlega.²⁰⁶

2.2.2 Fræðsla og menntun

Áhugamenn um bætta alþýðumenntun um miðja 19. öld (margir prestar landsins voru í þeim hópi) gerðu sér grein fyrir að breytinga væri þörf en einnig að andstaða við þær væri til staðar í samfélaginu. Fyrir flesta Íslendinga um miðja 19. öld var framtíðin sú að ná að hefja búskap og líf fólks á æsku- og ungdómsárum miðaðist við það. Aðrir möguleikar voru sjaldnast í boði. Það latti fólk líka við að sækja sér frekari menntun að hún var bæði fyrirhafnar- og kostnaðarsöm, væri hún yfirleitt í boði. Af þessu leiddi líka að almennt var talið mikilvægara að koma unglingum í vist og kenna þeim til verka en að setja þá í bóknám.²⁰⁷

Árið 1892 lýsti Þorkell Bjarnason (1839–1902) prestur og alþingismaður menntaástandi alþýðu um miðja 19. öld svo: „Flestir almúgamenn lærðu þá lítið annað en lærdómskver Balles, og að eins hinir gáfadri kverið allt, eða smáa stýlinn líka. Þetta var nú mestmegnis hinn andlegi forðinn flestra, ásamt guðsorðabókum og þrjedikunum presta. Að læra skript og reikning, þótti að vísu gott, en þó aðeins fyrir gáfada karlmenn. Kvennfólki og meðalgáfufuðum drengjum þótti slíkt óþarft og að eins til tafar frá vinnunni.“²⁰⁸ Vestur-Íslendingurinn Þorleifur Jackson (1847–1923) taldi menntun fólks hafa farið vaxandi upp úr miðri 19. öld. Á uppvaxtarárum hans í Hjaltastaðapinghá á Fljótshlí voru allir læsir (þó misvel) og allflestir bændur og synir þeirra (sem voru fermdir) voru skrifandi. Þorleifur sagði fáar konur sem fæddust á árunum 1800–1830 hafa kunnað að skrifa en sumar þeirra sem fæddust eftir 1830 lærðu það, og fleiri á aldur við Þorleif. Hann taldi þröngsýni og vanrækslu hafa gætt gagnvart námi stúlkna og það viðhorf verið algengt að þær hefðu ekki þörf fyrir það.²⁰⁹ Kristleifur Þorsteinsson lýsti samsvarandi viðhorfum á Vesturlandi og dró námsmöguleika alþýðufólks á 19. öld saman með eftirfarandi orðum: „Þótt lærdómsleiðin væri svona torsótt karlmönnum alla 19. öldina, að undanskildum 15–20 síðustu árunum, þá var kvenfólkinu þó enn ógreiðari leið til bókmennta. Fáar konur, þótt greindar væru, voru skrifandi, þeirra sem fulltíða voru fyrir miðja öldina. Sá andi ríkti meðal hinna eldri búmanna, að það yrði aldrei starfi, sem konum gæfi arð, að skrifa.“²¹⁰

Með fræðslulögunum frá 1880 var uppfræðing barna í skrift og reikningi gerð að skyldu. Ákvæði í lögum um skyldubundið lestrarnám voru óbreytt frá 1790 til 1907 og byggðu á hugmynda-

²⁰⁵ Þórunn Valdimarsdóttir, „Öld frelsis, lýðvalds og jafnaðar,“ 194.

²⁰⁶ Þórunn Valdimarsdóttir, „Öld frelsis, lýðvalds og jafnaðar,“ 113; Pétur Pétursson, *Church and Social Change*, 141, 200–201.

²⁰⁷ Lúðvík Kristjánsson, *Vestlendingar*, 1:38; Guðmundur Hálfðanarson, „Íslensk þjóðfélagsþróun á 19. öld,“ 18.

²⁰⁸ Þorkell Bjarnason, „Fyrir 40 árum,“ 223.

²⁰⁹ Þorleifur J. Jackson, „Íslenzkar sagnir,“ 53–54. Fáorð og varfærin lýsing Jóns Guðmundssonar sóknarprests á Hjaltastað á menntunarástandi í sókninni árið 1842 styður frásögn Þorleifs. Jón sagði: „Nær því allir eru hér bóklæsir og meiri hluti fólks meir eður minna skrifandi, einkum yngri menn.“ (Sjá: *Múlasýslur*, 196.)

²¹⁰ Kristleifur Þorsteinsson, *Héradssaga Borgarfjarðar*, 364.

fræðilegum grunni húsagatilskipunarinar frá miðri 18. öld. Þau ákvæði miðuðu að því að fólk gæti lesið trúarrit. Nýja testamentið var algengasta lestrarkennsluefnið fram á fyrsta áratug 20. aldar.²¹¹ Frá 1880 var það eftir sem áður á ábyrgð húsbænda að börn fengju fræðslu. Þetta fyrirkomulag gildi fram að setningu fræðslulaganna sem tóku gildi árið 1907, en með þeim var skólaskylda 10–14 ára barna lögleidd fyrir flest börn á Íslandi. Þó lögin frá 1880 gengju ekki lengra sköpuðu þau grundvöll fyrir bæði farkennslu og skólastarf undir lok 19. aldar. En það var líka andstaða við þessa þróun og margir kváðu sér hljóðs sem töldu heimfræðsluna nægjanlega og jafnvel betri en skólanám.²¹² Í Noregi og Danmörku hófst skipulagt skólahald fyrir börn og unglinga mun fyrr en á Íslandi. Opinberir barnaskólar í Noregi á 19. öld voru jafnan ætlaðir báðum kynjum. Danskar fyrirmyndir í skólahaldi voru fjarlæggar Íslendingum, einkum vegna strjálbýlis. Árið 1850 voru Latínuskólinn og Prestaskólinn einu starfandi skólar landsins og fyrir 1880 voru aðeins starfandi í landinu örfáir skólar. Fyrstu barnaskólarnir á Íslandi risu fyrir tilstilli einstaklinga og samtaka en brátt tóku sveitarfélögin ábyrgðina og eftir 1907 var þeim falin framkvæmd fræðsluskyldunnar.²¹³

Fræðslulögin frá 1880 færðu prestum vald til afskipta af fræðslu barna. Yrði prestur þess var að barn á einhverju heimili nyti ekki fullnægjandi fræðslu í skyldunámsgreinum átti hann í samráði við hreppstjóra eða sveitarstjórn að hlutast til um að því væri komið fyrir á öðru heimili þar sem það fengi fullnægjandi fræðslu. Kostnað við slíkt mátti greiða til bráðabirgða úr sveitarsjóði, en sveitarfélagið átti þá endurkröfurétt á hendur aðstandendum viðkomandi barns og hafði heimild til lögtaks ef þurfa þótti.²¹⁴ Frumvarp til nýrra fræðslulaga var samþykkt sem lög frá Alþingi árið 1907. Í því var ákveðin málamiðlun gerð á milli skóla- og heimafræðslu. Þrátt fyrir breytingar gerðu lögin frá 1907 enn ráð fyrir heimafræðslu og farkennslu í sveitum. Það var ekki fyrr en árið 1936 sem Alþingi samþykkti að stefnt skyldi að því að leggja niður farkennslu, en hún hélt þó velli fram yfir miðja 20. öld og lagðist ekki endanlega af fyrr en á áttunda áratugnum.²¹⁵

Í Svíaríki var það almennt viðhorf fram eftir 19. öld að alþýðufólki væri nóg að þekkja til og geta lesið trúarlega texta. Þar var kirkjan stór áhrifavaldur á útbreiðslu læsis og forsvarsmenn hennar töldu sig hafa meiri hagsmuni af því að stýra upplýsingum en að dreifa hugmyndum. Útbreiðsla læsis þurfti því ekki að framkalla félagslegar breytingar. Sænski sagnfræðingurinn Britt Liljewall segir að jafnvel megi halda því fram að útbreiðsla læsis í Svíaríki á 19. öld hafi frestað framþróun þar sem læsið byggði á heimalærdómi sem var stýrt í farveg lestrar kristinna texta. Tilvist þessa menntakerfis var svo notuð sem rök gegn stofnsetningu almennra skóla og uppbyggingu fagmennsku við kennslu barna.²¹⁶ Í þessu er ákveðin samsvörun við þróunina á Íslandi þar sem heimafræðslu var um og upp úr aldamótunum 1900 haldið fram sem jafngóðum eða betri kosti en skipulögðu skólahaldi.²¹⁷

Fræðslulögin frá 1907 (sem tóku gildi 1. janúar 1908) gerðu ráð fyrir að sérhvert barn væri bæði læst og skrifandi þegar það hæfi skólagöngu (tíu ára gamalt) og hefði auk þess grunn í kristinfræði og kynni fjórar höfuðgreinar reiknings. Börnin áttu líka að hafa grunn í náttúrufræði og landafræði og kunna nokkur einföld sönglög. Fræðsla barna yngri en tíu ára var áfram á ábyrgð heimilanna. Kostnaður við bæði fasta skóla og farkennslu skyldi greiddur af viðkomandi sveitarfélagi. Því bar

²¹¹ Ólafur Rastrick, „Lestrarkennsla og ritþjálfun í barnaskólum og alþýðlegum framhaldsskólum 1880–1930,“ 93–94, 101, 105.

²¹² Lýður Björnsson, *Saga sveitarstjórnar á Íslandi*, 2:247–248; Sigurður Gylfi Magnússon, *Menntun, ást og sorg*, 76–82; Gunnar Karlsson, *Frelsisbarátta Suður-Dingeyinga og Jón á Gautlöndum*, 368–371.

²¹³ Helgi Skúli Kjartansson, „Næstum algerar andstæður,“ 303–304.

²¹⁴ Lýður Björnsson, *Saga sveitarstjórnar á Íslandi*, 2:237.

²¹⁵ Loftur Guttormsson, *Almenningsfræðsla á Íslandi*, 1:78–86, 96–102; Sigurður Gylfi Magnússon, *Menntun, ást og sorg*, 76–82.

²¹⁶ Liljewall, „Recollections of Reading and Writing,“ 37.

²¹⁷ Sjá t.d.: Fréttabréf úr Skagafirði, 20. maí 1897, 54; [Fréttabréf frá Akureyri] 31. janúar 1901, 12.

einnig að sjá til þess að ómagar á barnsaldri fengju fræðslu.²¹⁸ Fræðslulögin frá 1907 leiddu til þess að yfirumsjón með fræðslu barna fluttist til veraldlegra valdhafa frá geistlegum. Fræðslu- eða skólanefnd skipuð af hreppsnefnd tók við eftirliti og umsjón af sóknarpresti og sóknarnefnd. Lögunum fylgdi líka breyting á því hverskyns lesefni var notað við lestrarkennslu. Loftur Guttormsson sagði þetta róttæka breytingu sem fólst í því að lestrarnámið „var alveg slitið úr sambandi við kristinfræði en aftur tengt þjóðlegum fræðum, bókmenntum og sögu.“²¹⁹ Af skrifum Lofts má skilja að efnislega hafi þjóðmenning og efni sem ýtti undir þjóðerniskennd tekið stöðu kristindómsins í lestrarefni barna með gildistöku fræðslulaganna frá 1907.

Ákveðin aðgreining var gerð milli lestrarnáms og sjálfstæðs lestrar barna og unglinga á 19. öld. Hið fyrra var félagslega samþykkt en hið síðara mætti gjarnan andstöðu. Þetta var þó ekki einhlítt því viðhorfið hafði líka með samfélagsstöðu og kyn að gera. Sjálfstæður lestur drengja í betur stæðum fjölskyldum var yfirleitt vel séður, en viðhorfið til hins sama var jafnan neikvætt hjá alþýðu, einkum gagnvart stúlkum. Stigveldi samfélagsins var í þessum efnum til þess fallið að halda aftur af alþýðufólki.²²⁰ Skorturinn stóð víða bæði andlegum og líkamlegum þroska barna og unglinga fyrir þrifum. Bókleg fræðsla var lítil og viðhorf margra foreldra voru síst til þess fallin að hvetja til náms umfram skyldunám. „Foreldrarnir, og þó einkum mæðurnar, litu svo á, að börn þeirra yrðu nýtir og gæfusamir þegar þjóðfélagsins, ef þau yrðu trúrækin og kristin og kynnu vel til allra verka, sem heimilin þörfuðust.“²²¹ Vanefnin gerðu fólk þó í sumum tilvikum áhugasamara um að afla sér frekari menntunar en heimilin buðu. Virðing var t.d. borin fyrir fallegum rithöndum og þær jafnvel tengdar við möguleika pilta til kvonfangs. En daglegt líf miðaði við að færa verkþekkingu milli kynslóða og fæstar sveitastúlkur hugsuðu herra en að verða bændakonur í sveit og búa við lík kjör og mæður þeirra.²²² Í sjálfsævisögu sinni vék Páll Melsted (1812–1910), sagnfræðingur og kennari, sérstaklega að kynjamismun þegar kom að möguleikum til menntunar. „Jafnvel sumum heldri manna dætrum var framan af þessari öld ekki kennt að skrifa, en ef þeim var kennt það, og ef þær voru bræður til, fengu þeir einir að skrifa við borð, en systur þeirra fengu það ekki; þær urðu að fá sér einhverja skruddu og skrifa á hné sínu.“²²³

Annað sem jók á erfiðleika fólks við að þroska skriftarkunnáttu var skortur á aðföngum, hjátrú (meint tengsl skriftar og kukls) og mikil vinnuharka. Aðstæður margra landsmanna voru erfiðar og fyrirhafnarsamt var að sækja sér fræðslu umfram skyldunám. Þar við bættist að sumt af skyldunáminu hafði vafalítið gagnstæð áhrif við tilganginn og latti fólk til frekara náms.²²⁴ Vitnisburður sjálfsævisagna og persónulegra heimilda fólks sem fæddist á 19. öld sýnir að fyrir mörgum var lestrarnámið hvítleitt stagl, sem mörg börn snerust gegn og fengu andúð á. Hvorki kverið, með sínum utanbókarlærdæmi, né húslestrarnir voru aðlaðandi fyrir börn heldur var hvort tveggja tyrfið og kverinu fylgdi auk þess mikill félagslegur þrýstingur.²²⁵ Aðstaða til lærdómsins var oft slæm, eini staðurinn til að læra það e.t.v. í þröngum og dimmum fjósum því þar var helst líft fyrir kulda.

²¹⁸ *Alþingistíðindi* 1907 A, 150–152.

²¹⁹ Loftur Guttormsson, „Frá kristindómslestri til móðurmáls,“ 19.

²²⁰ Liljewall, „Recollections of Reading and Writing,“ 36; Davíð Ólafsson, „Að skrá sína eigin tilveru,“ 76–77.

²²¹ Kristleifur Þorsteinsson, *Úr byggðum Borgarfjarðar I*, 33.

²²² Kristleifur Þorsteinsson, *Úr byggðum Borgarfjarðar I*, 36–37.

²²³ *Brautryðjendur*, 78.

²²⁴ Gunnar M. Magnúss, *Saga alþýðufræðslunnar á Íslandi*, 79; Sigurður Gylfi Magnússon, *Wasteland with Words*, 168; Erla Hulda Halldórsdóttir, „Af bréfaskiptum kvenna á 19. öld,“ 247–248.

²²⁵ Monika Magnúsdóttir, „Það var fæddur krakki í koti,“ 116; Sigurður Gylfi Magnússon, „Siðferðilegar fyrirmyndir á 19. öld,“ 62–64. Margar ævisögur fólks sem fætt var á síðari hluta 19. aldar og í upphafi 20. aldar víkja að kverlærdómnum fyrir fermingu og fær hann oftast fremur neikvæð eftirmæli. Dæmi um slíkt má finna í: Erlendur Guðmundsson, *Heima og heiman*, 74; Guðbjörg Jónsdóttir, *Minningar frá barnsku og æskuárum*, 20–21; Ágúst Helgason, *Endurminningar*, 73; Bernharð Stefánsson, *Endurminningar*, 31–32.

„Gengu því mörg börn að þessu námi með heldur döprum huga.“²²⁶ Lesturinn og spurningakveríð var það sem börn áttu að kunna fyrir fermingu og töldu margir foreldrar það næga bóklega menntun fyrir dætur sínar, en piltum var talin nauðsyn á að læra skrift. Raunin var þó sú að meirihluti pilta og nær allar stúlkur fengu litla eða enga tilsögn í skrift og reikningi þar til um og eftir 1880.²²⁷ Á fátækum heimilinum, þar sem skortur var á vinnufólki, gat þörfin fyrir vinnuafli barna og unglinga verið svo mikil að það stóð jafnvel skyldunámi þeirra fyrir þrifum, svo ekki sé talað um frekara nám.

Pegar krafan um fjölbreyttari námsmöguleika fyrir almenning fór að vaxa á síðasta fjórðungi 19. aldar var ákallið einkum eftir nýjum alþýðuskólum sem hefðu það að markmiði að viðhalda ákveðnum þjóðfélagshópum (bændum og húsmæðrum) með því að auka þekkingu í hagnýtum greinum sem gögnuðust sveitafólki. Þessi þróun á Íslandi á 19. öld rímar við niðurstöður franska félagsfræðingsins Pierre Bourdieu úr rannsóknum hans á franska skólakerfinu og hverjir helst hefðu haft hag af því. Bourdieu hélt því fram að meginmarkmið skólakerfisins hefði verið að viðhalda stöðu ráðandi þjóðfélagshópa.²²⁸ Eftirspurnin eftir þekkingu og fræðslu fór vaxandi er nær dró lokum 19. aldar og sá þess m.a. stað í tilburðum fólks til að afla sér þekkingar og þjálfunar í erlendum tungumálum.²²⁹ Ögmundur Sigurðsson, skólastjóri barnaskólans á Eskifirði, þurfti t.d. að neita mörgum sem föluðust eftir enskukennslu hjá honum árið 1884 því hann komst ekki yfir að sinna öllum beiðnum. Þorsteinn Erlingsson, skáld og ritstjóri, auglýsti í *Bjarka* á Seyðisfirði haustið 1897 og aftur haustið 1899 að hann byði upp á tímakennslu í ensku og þýsku þá um veturinn.²³⁰ Aðrar auglýsingar í austfirsku blöðunum um aldamótin, þar sem boðið var upp á tímakennslu fyrir unglinga og fullorðna, tilgreindu jafnan erlend tungumál meðal námsgreina, oftast dönsku og ensku en stundum líka frönsku eða þýsku.

Á síðasta fjórðungi 19. aldar tóku til starfa á Íslandi allnokkrir *alþýðlegir* ungmennaskólar. Fyrirmyndirnar að starfi þeirra voru sóttar til lýðskóla á Norðurlöndum sem leituðust við að útbreiða menntun á forsendum fólksins en ekki á klassískum latneskum grunni. Íslenskir menntamenn, skólaðir í Danmörku og Noregi, báru lýðskólahugmyndir til Íslands en skólarnir sem stofnaðir voru hér á landi voru þó fæstir eiginlegir lýðskólar en áttu það þó sameiginlegt með lýðskólunum að vera valkostur fyrir alþýðufólk sem hafði ráð á að sækja þá. Framboð alþýðlegrar ungmennafræðslu á Íslandi var þrátt fyrir það fremur tilviljanakennt fram á 20. öld.²³¹

Ný leið til að sækja sér þekkingu opnaðist almenningi á níunda áratug 19. aldar. Það voru opinberir fyrirlestrar. Þeir urðu áberandi upp úr 1885, einkum í Reykjavík en síðan víða um land. Í gegnum þá kynntist fólk hugmyndum og þekkingu. Erla Hulda Halldórsdóttir segir fyrirlestrana hafa verið „hluti af innreið nútímans í íslenskt samfélag, óháð því hvort boðskap þeirra megji fella undir nýrri eða eldri viðhorf. Hægt var að máta sjálfan sig og umhverfi sitt við það sem sagt var í fyrirlestrunum.“²³² Í kjölfar þess að ungmennafélagshreyfingin tók að myndast í upphafi 20. aldar varð útbreiðsla alþýðufyrirlestra enn meiri. Forystumenn hreyfingarinnar aðhylltust margir þá útbreiddu skoðun að líta á sjálfsnám sem engu síðra en skólanám og vildu hlúa að því með styrk af félagastarfi og fyrirlestrahaldi. Fólk sem hafði hlotið alþýðlega framhaldsmenntun starfaði innan félaga og gat þar miðlað af þekkingu sinni til þeirra sem ekki höfðu gengið í slíka skóla.

²²⁶ Kristleifur Þorsteinsson, *Úr byggðum Borgarfjarðar I*, 35.

²²⁷ Erla Hulda Halldórsdóttir, „Að vera sjálfstæð“, 58–59; Davíð Ólafsson, „Að skrá sína eigin tilveru“, 76–77.

²²⁸ Thomson, *Pierre Bourdieu*, 74.

²²⁹ Gunnar Karlsson, *Frélsisbarátta Suður-Dingeyinga og Jón á Gautlöndum*, 372–376.

²³⁰ Einar Bragi Sigurðsson, *Í skólanum*, 60–61; [Auglýsing] 2. október 1897, 160; [Auglýsing] 14. október 1899, 163.

²³¹ Sigurður Gylfi Magnússon, *Menntun, ást og sorg*, 83; Hulda S. Sigtryggisdóttir, „Alþýðuskólar og ungmennafélög – leiðir til samfélagslegrar virkni“, 149–151.

²³² Erla Hulda Halldórsdóttir, *Nútímans konur*, 302.

Rökræður um menntamál undir lok 19. aldar og í upphafi 20. aldar draga, að mati Sigurðar Gylfa Magnússonar, upp mynd af útbreiddri menntunarþrá alþýðu sem rakst á rótgróna íhaldssemi. Menntaþrá alþýðufólks var af mörgum álitin varasöm því hún drægi athygli þess frá vinnu, tæki tíma og óljóst væri hvort og þá hvaða ávöxt hún bæri. Gilti þá einu hvort um var að ræða sjálfsnám eða skólanám.²³³ Umræðan var blandin byggðatogstreitu og staðalmyndanotkun var algeng. Sigurður Gylfi hefur mótmælt þeirri söguskoðun að líta á sögu menntunar frá 19. öld og fram til 20. aldar sem samfellda framfarasögu og bendir á að andstætt því að Alþingi hafi tekið upp afdráttarlausa frjálslyndisstefnu í efnahagsmálum um 1890 hafi andstaðan gegn útpenslu skóla-kerfisins vaxið á síðasta áratug 19. aldar.²³⁴ Útfærsla og framkvæmd hafi einkennst af skuldahræðslu og ótta við breytingar. Sigurður Gylfi telur að það sem hann kallar „skilyrta framfarastefnu“ hafi ráðið för í menntamálum fram eftir 19. öld, þ.e. að frammámenn vildu framfarir en þær máttu helst ekkert kosta. Tilhneiging til varfærni og skuldahræðsla varð oft framfaraþránni yfirsterkari. Auk þess var greinarmunur gerður á alþýðumenntun og æðri menntun, en sú síðarnefnda naut jafnan meiri skilnings. Skrefin sem voru tekin urðu því stutt og ómarkviss fram til upphafs 20. aldar.²³⁵

Á síðustu tveimur áratugum 19. aldar fór að bera á umræðu um stöðu menntunar og einkum birtust þar viðhorf til alþýðumenntunar. Meðal þeirra sem gagnrýndu stöðu alþýðumenntunar á þeim tíma var Þorkell Bjarnason (1839–1902) prestur og alþingismaður. Hann tók undir með þeim sem þá gagnrýndu starfandi bænda- og kvennaskóla fyrir að bjóða upp á nám sem ýmist væri of víðfeðmt, of almenns eðlis eða ekki nógu hagnýtt. Þorkell benti þó á að skólastjórnendum væri vorkunn í því að þar sem skólaskylda barna hefði ekki verið lögleidd væri undirbúningur nemenda sem nutu heimafræðslu misgóður.²³⁶ Menntamenn, skáld og ritstjórar tóku virkan þátt í þessari umræðu, m.a. Gestur Pálsson (1857–1891) skáld og ritstjóri sem flutti opinberan fyrirlestur um mennta- og menningarástand landsins árið 1889 og vakti sá fyrirlestur verulega athygli. Gestur var mjög gagnrýninn á ástandið og taldi landsmenn eftirbáta nágrannaþjóða í menntun og menningu. Æðri skólar landsins (þar nefndi Gestur Læknaskólann og Prestaskólann) væru ekki líklegir til að bæta ástandið. „Menn fara ekki á slíka skóla til þess að auka anda sinn að skilningi eða langsýni ... Nei, þangað fara menn bara til þess að láta stimpla sig, svo menn verði gjaldgengir í embættin.“²³⁷ Menning landsmanna fékk áþekkan dóm hjá Gesti sem sagði flesta bestu menn landsins sameinast um að upphefja fornaldarbókmenntirnar og talaði um „fornaldardýrkun“ í skáldskap á 19. öld sem hefði alið á hroka og togað þjóðina „burt frá áhrifum annara þjóða og reifað hugsunarháttinn fornescjulegum og úreltum hugmyndum frá fornöld, þegar mannréttur einstaklingsins var einskis virtur og lögin voru höfð að leikfangi.“²³⁸ Þó Gestur væri orðhvass og gengi nokkuð langt í sínum ályktunum komu fleiri menntamenn í kjölfar hans og lýstu áþekktum en þó heldur hófstíllari skoðunum, þ.e. að menntun og menningu landsmanna væri verulega ábótavant og í brýnni þörf fyrir framþróun og erlend áhrif. Má í þeim hópi nefna ritstjórana og skáldin Einar H. Kvaran (1859–1938) og Þorstein Erlingsson (1858–1914). Báðir lögðu þeir áherslu á erlendan samburð

²³³ Sigurður Gylfi Magnússon, *Menntun, ást og sorg*, 98–99; Sigurður Gylfi Magnússon, „Kynjasögur á 19. og 20. öld,“ 147–151. Sem dæmi um þessi viðhorf í opinberri umræðu undir lok 19. aldar og í upphafi 20. aldar má nefna: J.J., „Menntafýsn æskulýðsins og landbúnaðurinn,“ 209; Briet Bjarnhéðinsdóttir, *Sveitalífið og Reykjavíkurlífið*, 33–34; Alþýðumaður, „Hvað á alþingi að gjöra í alþýðumenntamálinu,“ 31–32; Prestur, „Hálfyrði um íslenska alþýðumenntun,“ 89.

²³⁴ Jón Ólafur Ísberg og Sigurður Gylfi Magnússon, *Fátækt og fúlga*, 44–45.

²³⁵ Sigurður Gylfi Magnússon, *Menntun, ást og sorg*, 115–118.

²³⁶ Þorkell Bjarnason, „Fyrir 40 árum,“ 222–223. Ritdeila Þorkels Bjarnasonar og Ólafs Sigurðssonar hófst með grein Þorkels „Fyrir 40 árum“ sem birtist í *Tímariti Hins íslenska bókmenntafélags* árið 1892 (170–258). Í kjölfarið birtust þrjár greinar undir sömu yfirskrift, tvær eftir Ólaf (1894, 198–246 og 1896, 159–165) og ein eftir Þorkel (1895, 204–229).

²³⁷ Gestur Pálsson, *Menntunarástandið á Íslandi*, 23.

²³⁸ Gestur Pálsson, *Menntunarástandið á Íslandi*, 9.

í skrifum sínum og Einar gerði sérstaklega að umtalsefni skort á menntuðum kennurum sem héldi aftur af kennsluþróun.²³⁹

Skömmu upp úr aldamótum tók Helgi Valtýsson (1877–1971) til máls um sama efni í greinum sem birtust í austfirska blaðinu *Bjarka*. Helgi var upprunninn í Loðmundarfirði og var með kennaramenntun frá Noregi. Hann átti síðar eftir að verða einn af frammámönnum íslensku ungmennafélagahreyfingarinnar. Gagnrýni Helga á lögboðna barnafræðslu og framkvæmd hennar var á áþekkingum nótum og gagnrýni Einars. Það var skortur á menntuðum kennurum og þörfin fyrir kennaraskóla sem mest brann á Helga. Hann vildi leita fyrirmynda í Noregi og kynnti eigin tillögur til úrbóta.²⁴⁰ Helga þótti metnaður yfirvalda gagnvart barnalærdómi lítill og enn minna þótti honum um almenn viðhorf húsbænda til barnalærdóms og skóf ekki utan af skoðunum sínum.

Húsfeðurnir hafa minni lögboðna ábyrgð fyrir börnum sínum en fyrir skepnunum. Bændur sækjast eftir „fjármönnum“ til að hirða kindur sínar, eftir „hestamönnum“ til að temja gæðingaefnin; en til að „hirða“ börnin sín — undirbúa sál þeirra og líkama undir tíma og eilífð — til þess taka menn venjulega kauplægsta manninn, skilmálalaust — án meðmæla, vottorða eða þess háttar. Af þessu stafar hið íslenska skólaskipulag, sem mun vera hið dæmalausasta á Norðurlöndunum og þótt víðar sje leitað, — þar eð flækingar, ónytjúngar, tugthúslimir, ómenntaðir piltar, sem eigi mundu standast vanalegt barnaskólapróf — og þegar best læstur Möðruvellingar — eru kennarar til sveita á Íslandi. Og til þessarar „uppfræðslu“ veitir landssjóður „kennarastyrk“ — án allra skilmála!²⁴¹

Gagnrýni Þorsteins, Einars og Helga á menntunarástand landsmanna um aldamótin fékk stuðning í austfirskum skrifum í sveitar- og félagsblöðum um sama leyti. Í sveitarblaðinu *Jökuldælingi* var bent á að þar sem enginn kennaraskóli væri í landinu væri vandkvæðum bundið að fá góða barna-kennara. Búfræðingar og gagnfræðingar væru helst fengnir til þess en margir væru ekki ánægðir með kennslu þeirra. Þeir væru misvel fallnir til kennslustarfa enda hefðu þeir ekkert lært til þeirra.²⁴²

2.3 Útgáfa: þjóðmálablöð, tímarit og sveitarblöð

Fjölmiðlar gegna mikilvægu hlutverki við dreifingu upplýsinga og sem vettvangur fyrir uppbyggingu og viðhald umræðu í almannarýminu.²⁴³ Ritstjórar þeirra hafa dagskrárvald sem felst í skýrum áhrifum á hvað kemst til umræðu og hvað ekki, hverju er haldið að fólki og hverju ekki. Erlendis var blaðaútgáfa einkum tengd bæjum og borgum fram til 19. aldar. Útgáfustaðir prentaðra blaða og tímarita á Íslandi á 19. öld voru í þéttbýli en vöxtur útgáfunnar á Íslandi á síðari helmingi 19. aldar er áhugaverður í því samhengi hve þéttbýlissvæðing var skammt á veg komin. Um aldamót voru landsmenn einungis tæp 80 þúsund og mjög dreifðir um landið.

Prentfrelsi var leitt í lög á Íslandi árið 1855 með konunglegum úrskurði, en landstjórnin réði beint og óbeint yfir prentsmiðjum landsins mestan hluta 19. aldar því fram til ársins 1886 var prentsmiðjurekstur leyfissskyldur.²⁴⁴ Ótti við ritskoðun danskra yfirvalda á Íslandi fyrir tíma prentfrelsis var þó ekki meiri en svo að í grein Jóns Sigurðssonar „Um blaðaleysi og póstleysi á Íslandi“, sem birtist í *Nýjum félagsritum* árið 1846, kom fram skýr hvatning um að stofnuð yrðu

²³⁹ Þorsteinn Erlingsson, „Alþýðumentun“, 3. júlí 1897, 105; 9. júlí 1897, 109; 6. ágúst 1897, 125. Einar Hjörleifsson [Kvaran], „Alþýðumenntun hér á landi“, 36–63 (sjá einkum 54–55).

²⁴⁰ Helgi Valtýsson, „Íslensk alþýðumenntun“, 4. júlí 1902, 1–2.

²⁴¹ Helgi Valtýsson, „Íslenskur kennaraskóli“, 21. mars 1902, 1.

²⁴² *Her. Aust.* Jök 7, 11. Jökuldalshreppur. H., „Embættismenn, alþingi og alþýða“, [án dagsetningar og ártals] 23–25.

²⁴³ Hugtakið *almannarými* og gagnsemi þess fyrir rannsóknina er kynnt og rætt í upphafi kafla 3.1.

²⁴⁴ *Lövsamling for Island* XVI, 143–145; Guðjón Friðriksson, *Nýjustu fréttir!* 10.

þjóðmálablöð á Íslandi til að ræða landsins gagn og nauðsynjar, ekki síst stjórnsmál.²⁴⁵ Guðjón Friðriksson sagnfræðingur rekur stofnun *Þjóðólfs* árið 1848 til frelsis- og byltingaröldunnar sem reis víða í Evrópu það ár. Hún hafi kveikt vilja til að stofna blað sem hvetti þjóðina til dáða en væri ekki afturhaldsamt embættismannablað. Þar sem *Þjóðólfr* var eitt áhrifamesta þjóðmálablað Íslendinga á síðari helmingi 19. aldar og hið elsta þeirra hefur blaðið vafalítið verið viðmið og fyrirmynd (jákvæð eða neikvæð) fyrir ný blöð sem þá hófu göngu sína. Sveinbjörn Hallgrímsson var fyrsti ritstjóri *Þjóðólfs* en árið 1852 tók Jón Guðmundsson við ritstjórn blaðsins og stýrði því í 22 ár. Undir hans stjórn var *Þjóðólfr* fyrst og fremst stjórnsmálablað og efni þess fábreyttara og afmarkaðra en almennt gerðist í blöðum á síðasta fjórðungi 19. aldar.²⁴⁶

Yfirlýst markmið ritstjóra með útgáfu þjóðmálablaða fólu jafnan í sér væntingar um gagnsemi fyrir samfélagið. Það viðhorf var líka áberandi að ritstjórnarnir álitu sig bæði fræðara almennings og umræðustjóra þjóðfélagsumræðunnar. Björn Jónsson (1846–1912), ritstjóri *Ísafoldar* og síðar ráðherra, lýsti tilgangi þjóðmálablaða svo að þau væru opið bréf frá þjóðinni til þjóðarinnar, frá öllum til allra.²⁴⁷ Þorsteinn Gíslason (1867–1938), sem kom víða við á sínum ritstjórnarferli (var m.a. ritstjóri *Bjarka* á Seyðisfirði), sagði að blöðin ættu að vera „málþing“ fyrir allar skoðanir og hugsunarstefnur hjá þjóðinni.²⁴⁸ Valdimar Ásmundsson (1852–1902) ritstjóri *Fjallkonunnar* leit á hlutverk blaðanna í samfélaginu sem afar viðtækt og mikilvægt. Hann taldi blöðin vera einu ritin sem alþýðan gæti lesið sér til gagns og aldrei væri um of brýnt fyrir fólki að lesa þau. Þeir sem létu það undir höfuð leggjast dæmdu sig til fáfræði. „Vér þekkjum jafnvel marga efnaða bændr, er ekkert blað kaupa, enda vita þeir engin deili á neinu, ef talað er við þá um almenn málefni.“²⁴⁹ Sú sameiginlega hugsun sem einkenndi áherslur áður nefndra ritstjóra var að líta á íslenskt samfélag sem heild sem þyrfti á innbyrðis samtali að halda. Þetta viðhorf tókst á við rótgróna eindarhyggju (sem ég hef áður nefnt „heimilishyggju“) sem lýsti sér í því að líta á heimilið sem afmarkaða einingu sem ætti mögulega hagsmuni með öðrum heimilum í nágrenninu (í sömu sókn, hrepp eða héraði) en litla ef nokkra við samfélagið þess utan.²⁵⁰ Áþekk samlíking er sú að íslensk sveitaheimili á 19. öld og fyrr hafi líkst eyjum með lítill tengsl við veröldina fyrir utan.²⁵¹

Tilraunir til að hefta mál- og ritfrelsi komu helst niður á blöðunum því það kom varla fyrir að íslenskar bækur væru bannaðar þó stundum væri amast við einstökum bæklingum, einkum af hálfu kirkjunnar. Stjórnvöld reyndu stundum að hefta gagnrýnan málflutning í blöðunum, en útgáfubannið sem lagt var á *Þjóðólfi* árið 1850 var runnið undan rifjum innlendra yfirvalda. Viðbrögð ritstjóra *Þjóðólfs* við banninu voru að breyta nafni blaðsins og láta prenta það í Danmörku.²⁵² Fleiri ógnir stöðjuðu að blöðunum, m.a. ítrekaðar málshöfðanir, einkum af hendi embættismanna, vegna meintra meiðyrða í blöðunum. Þar var skýr aðstöðumunur þar sem blöðin börðust jafnan í bökkum fjárhagslega en embættismenn gátu fram yfir aldamótin 1900 fengið gjafsókn í slíkum málum. Yfir þessu sjást ítrekaðar kvartanir af hálfu ritstjóra enda höfðu embættismenn með gjafsóknarréttinum vopn í hendi sem gat fælt ritstjóra og aðra frá opinberri umfjöllun sem innhélt gagnrýni á embættismenn.²⁵³ Önnur ógn voru samtök sem öðru hvoru spruttu upp og höfðu það að markmiði að fá áskrifendur ákveðinna blaða til að segja upp áskriftum sínum. Ástæða þessa var

²⁴⁵ Jón Sigurðsson, „Um blaðleysi og póstleysi á Íslandi,“ 106.

²⁴⁶ Guðjón Friðriksson, *Nýjustu fréttir!* 17, 28.

²⁴⁷ Björn Jónsson [upphafsávarp], 19. september 1874, 1.

²⁴⁸ Þorsteinn Gíslason, „Ávarp,“ 1. janúar 1906, 1.

²⁴⁹ Valdimar Ásmundsson, „Til kaupenda og lesenda,“ 29. febrúar 1884, 1–2.

²⁵⁰ Hrafnkell Lárusson, *Í óræðri samtíð með óvissa framtíð*, 78, 94–96, 189–190.

²⁵¹ Sigurður Gylfi Magnússon, *Wasteland with Words*, 221.

²⁵² Vilhjálmur Þ. Gíslason, *Blöð og blaðamenn 1773–1944*, 112, 115–117.

²⁵³ „Gjafsóknir,“ 2. september 1893, 89–90; „Málsókn,“ 10. nóvember 1893, 210; „Málaferli Lárusar sýslumanns,“ 15. september 1893, 110.

jafnan framganga ritstjóra í stjórnarskrármálinu. Ritstjórar sem fyrir þessu urðu brugðust vitanlega hart við en viðbrögð kollega þeirra lituðust oftast af því hvort um var að ræða pólitískan samherja eða andstæðing.²⁵⁴ Ritstjórar blaðanna stóðu líka á stundum í málaferlum hver við annan. Þau málaferli endurspegluðu samtvinnuð mynd ritstjóra og blaðanna sem þeir stýrðu og voru auk þess birtingarmynd samkeppni blaðanna um áskrifendur og auglýsendur. Tíðar málshöfðanir vegna skrifa í blöðin fólu í sér tálmanir á málfrelsi, bæði vegna ótta við veruleg fjárútlát og mögulegan ærumissi sem gat fylgt dómsmáli.

Stærsti þröskuldur íslenskrar blaðaútgáfu upp úr miðri 19. öld voru þó ekki dómsmál eða möguleg afskipti yfirvalda af útgáfunni heldur lélegar póstsamgöngur innanlands. Til að gefa innsýn í ástand póstmála um 1870 má taka dæmi úr bréfi sem Jens Hjaltalín, sóknarprestur á Skeggjastöðum í Bakkafirði, ritaði kollega sínum Halldóri Jónssyni á Hofi í Vopnafirði í lok apríl 1869. Þar kvartaði Jens yfir því hve blöðin bærust seint og illa frá Reykjavík og væru nær ókaupandi vegna þess. Jens kvaðst þá vera búinn að fá númer fimm og sex af *Þjóðólfi* (nóvember og desember 1868) en númer eitt til fjögur hefði hann enn ekki fengið.²⁵⁵ Fleiri slíkar umkvartanir sjást frá þessum tíma og síðar.²⁵⁶ Í sjálfsævisögu sinni lýsti Guðmundur Jónsson frá Húsey ástandi samgangna á Austurlandi á æskuárum sínum svo: „Um 1870 var lítið um samgöngur og mannflutninga milli landsfjórðunga. Samgöngur á sjó fyrir Austfjörðum voru engar teljandi, nema rétt frá firði til fjarðar við og við.... Ferðalög milli landsfjórðunga fóru aðeins fram á landi, og á vetrum var oftast farið gangandi. Póstur kom einu sinni í mánuði, þegar bezt lét, og fór þá gangandi mikið af leiðinni.“²⁵⁷ Samgöngur, bæði á sjó og landi, voru almennt bágbornar fram til síðasta fjórðungs 19. aldar. Á því tímabili bötnuðu póstsamgöngurnar auk þess sem samskipti við útlönd jukust með tíðari skipaferðum.

Fram til ársins 1876 kom allur erlendur póstur á land í Reykjavík en það ár hófust reglulegar strandferðir póstskipa og eftir það var farið að sigla á hafnir víða um landið. Póstskipin komu fyrst að landi á Seyðisfirði og höfðu svo viðkomu á nokkrum helstu höfnum á leið skipanna norður fyrir land og til Reykjavíkur. Um aldamót var orðin töluverð samkeppni í millilandasiglingum og ferðir strand- og millilandaskipa orðnar á bilinu 30–40 á ári. Gríðarlegur vöxtur varð í póstsendingum innanlands frá árinu 1880 fram til 1915. Í *Póstsögu Íslands* kemur fram að árið 1880 voru innlendar póstsendingar um 50 þúsund. Þær voru orðnar um 100 þúsund árið 1890 og um ein milljón árið 1915. Á áttunda og níunda áratugnum var víða losarabragur á póstpjónustu, bæði hirðingu og skilum pósts sem og hvaða leiðir landpóstarnir fóru, auk þess sem tímaáætlanir stóðust oft illa. Undir lok 19. aldar var það nánast regla að prestssetrin væru bréfhirðingarstaðir sinnar sóknar og prestarnir bréfhirðingarmenn. Ástæða þess hve mikið minna var um póstsendingar með landpóstunum fyrir aldamót en síðar var ekki aðeins færri sendingar heldur líka að margir studdust enn við að senda bréf með tilfallandi ferðum.²⁵⁸ Þrátt fyrir framfarir birtust um aldamótin enn ítrekaðar kvartanir ritstjóra yfir lélegum póstsamgöngum sem spilltu fyrir útgáfu blaða.²⁵⁹

²⁵⁴ „Áskorun um blaðakaup“, 31. október 1890, 14; „Samtök um blaðakaup“, 19. september 1890, 2–3; Snæbjörn Arnljótsson, „Áskorun“, 16. janúar 1902, 5–6; „Hundstönn“, 22. júlí 1899, 113–114.

²⁵⁵ *Lbs.* 2755 b 4to. Bréf frá Jens Hjaltalín til Halldórs Jónssonar, dags. 27. apríl 1869.

²⁵⁶ Dæmi um þetta gefur að líta bæði í einkabréfum og í skrifum ritstjóra í austfirsku blöðin. (Sjá: *Lbs.* 2755 b 4to. Bréf frá Metúsalem Magnússyni til Halldórs Jónssonar, dags. 24. febrúar 1868; „Póstar og póstaðgreiðsla“, 12. október 1877, d. 102–104; Páll Vigfússon [pistill um póstsamgöngur], 19. mars 1884, d. 80; „Um póstmál“, 24. nóvember 1884, d. 293–295.)

²⁵⁷ Guðmundur Jónsson (frá Húsey), „Minningabættir Guðmundar í Húsey“, 149.

²⁵⁸ Heimir Þorleifsson, *Póstsaga Íslands 1873–1935*, 11, 13, 30–31, 60, 153–156.

²⁵⁹ „Kæru landar“, 10. ágúst 1891, 1; „Póstgöngur“, 21. nóvember 1893, 125–126; „Hirðuleysi eða viljaleysi?“ 9. apríl 1898, 53.

Guðjón Friðriksson hefur greint yfirráð yfir íslenskum frétt- og þjóðmálablöðum í þrennt. Á fyrsta skeiðinu voru fjölmiðlar sem voru hluti valdakerfisins. Þar sem forræðishyggja og einræði ríkja hafa slíkir fjölmiðlar það hlutverk að vernda ríkisvaldið, viðhalda og styrkja. Þessi skilgreining á við um flest blöð sem út komu á Íslandi á fyrri hluta 19. aldar, t.d. *Klausturpóstinn*, *Sunnanpóstinn* og *Reykjavíkarpóstinn*, en öll voru þau blöð gefin út af embættismönnum. Þeim lýsti Guðjón svo að þau hafi verið eins konar „lögbirtingarblöð konungsvaldsins.“ Á öðru skeiðinu komu fram blöð sem einkenndust af svokallaðri „föðurlegri umhyggju.“ Forsvarsmenn þeirra álitu það hlutverk sitt að hafa bein áhrif á skoðanir lesenda, boða ákveðna stefnu og vernda lesendur fyrir „óæskilegum“ skoðunum. Þessum blöðum var fremur ætlað að leiða lesendur sína en þjóna þeim. Flest blöð á Íslandi frá síðari helmingi 19. aldar og mestalla 20. öld falla undir þessa skilgreiningu, og gildir þá einu hvort þau voru í eigu einstaklinga, félaga eða stjórnsmálaflokka.²⁶⁰ Meðal þeirra sem hvað fyrst töluðu fyrir þessari stefnubreytingu var Jón Ólafsson (1850–1916), síðar ritstjóri *Skuldar* á Eskifirði. Í blaðinu *Baldri* sem Jón gaf út í Reykjavík árin 1868–1870 lýsti hann þeirri skoðun að blöðin ættu að hætta að vera einungis fréttablöð og taka upp ákveðna stefnu því hlutleysi stafaði annað hvort af hræsni eða fákænsku. Jón taldi blaðamenn eiga að fylgja sannfæringu sinni og stjórnast ekki af almenningssáliti en hafa þó gát á skoðunum almenningss því „blaðamaður á að vera ráðgjafi lýðsins.“²⁶¹ Á þriðja skeiðinu sem Guðjón Friðriksson skilgreinir komu fram fjölmiðlar sem ætlað var að bera sig fjárhagslega og efni þeirra stjórnaðist af markaðinum hverju sinni. Á þeim tíma sem þessi rannsókn nær til var fyrsta skeiðið í lýsingu Guðjóns liðið sem ráðandi form útgáfu og þriðja skeiðið ekki hafið. Hin „föðurlega umhyggja“ ritstjóra fyrir lesendum sínum var því ríkjandi viðhorf á tímabilinu.

Algengast var að blöðin væru í eigu ritstjóranna en þó þekktist líka félagsrekstur. Blaðaútgáfa á Íslandi á 19. öld stóð sjáldnast undir launum eins manns. Flestir ritstjórar blaða allt fram annan áratug 20. aldar þurftu því að hafa aukastörf upp á að hlaupa.²⁶² Hagur blaðanna var nátengdur samfélagslegri ímynd ritstjóranna og fjárhag þeirra. Þótt deilur ritstjóra og orðaskak í garð hvers annars hafi oftast haft pólitískt yfirbragð voru þær líka hagsmunagæsla. Blöðin toguðust á um tekjur og áskrifendur. Auk þess að standa fast á sínu og sýna styrk leituðust ritstjórnarnir við að byggja upp og viðhalda víðtæku tengslaneti við áhrifamenn, fréttaritara og umboðsmenn blaðanna. Það útheimti sífelldar bréfaskriftir við tengiliði út um allt land til að halda þeim við efnið.²⁶³ Samandregin lýsing Guðjóns Friðrikssonar á umgjörð íslenskra þjóðmálablaða á þeim tíma sem hér er til rannsóknar er svohljóðandi: „Blaðasaga Íslands á 19. öld og fram á þá 20. einkenndist af blaðakóngum sem áttu blöðin og mótuðu þau í einu og öllu.“²⁶⁴

Þrátt fyrir tilkomu þjóðmálablaða á 19. öld voru hefðbundin viðskipti lengstum augliti til auglitis og samkeppni í viðskiptum mest í orðræðu og áróðri fyrir eigin starfsemi og/eða gegn annarri, milliliðalaust við viðskiptavini. Gott orðspor skipti miklu máli. Blaðaauglýsingar frá verslunar- og þjónustuaðilum urðu ekki áberandi í evrópskum blöðum fyrr en upp úr miðri 19. öld og nokkru síðar hér á landi.²⁶⁵ Um og upp úr 1880, þegar þjóðmálablöðum fór fjölgandi, naut *Þjóðólfur* ákveðins fjárhagslegs forskots á önnur blöð sem þá komu út þar sem hann sat að auglýsingum frá stjórnvöldum sem allir forystumenn landsins urðu að sjá. Þetta skapaði öruggari tekjugrundvöll fyrir *Þjóðólf* en önnur blöð en samkeppnisstaðan var að sama skapi ójöfn. Reykjavík, þar sem *Þjóðólfur*, *Ísafold* og *Fjallkonan* voru gefin út, var einnig stærsta þéttbýlið.

²⁶⁰ Guðjón Friðriksson, „Tímabil flokksfjölmiðla – ris og hnig“, 305; Guðjón Friðriksson, *Nýjustu fréttir!* 11.

²⁶¹ Jón Ólafsson, „Ávarp til kaupendanna“, 2. febrúar 1870, 1.

²⁶² Guðjón Friðriksson, *Nýjustu fréttir!* 28.

²⁶³ Vilhjálmur Þ. Gíslason, *Blöð og blaðamenn 1773–1944*, 16, 138.

²⁶⁴ Guðjón Friðriksson, *Nýjustu fréttir!* 82.

²⁶⁵ Habermas, *The Structural Transformation of the Public Sphere*, 190.

Innheimta áskrifta gekk almennt treglega en í þeim efnum áttu blöðin mikið undir tengslum við „valinkunna menn“, ekki síst kaupmenn, þar sem áskriftir voru oftast greiddar með innskriftum í verslanir.²⁶⁶ Umboðsmannakerfi við dreifingu bóka, tímarita og blaða gegndu lykilhlutverki við að safna áskriftum og selja útgefið efni á hverju svæði. Oft voru það sóknarprestar eða hreppstjórar sem sáu um áskriftasöfnun og -sölu.²⁶⁷ Ritstjórar þurftu þegar svo háttaði að gæta þess að styggja ekki með skrifum í blaðið þá aðila sem með milligöngu sinni þjónuðu mikilvægu hlutverki við að halda uppi dreifingu þess.

2.3.1 Breytingar á íslenskri blaðaútgáfu eftir 1874

Kaflaskil urðu í íslenskri blaðaútgáfu árið 1874. Þá voru starfandi tvö blöð sem höfðu verið gefin út til lengri tíma (*Þjóðólfur* og *Norðanfarir*) en ritstjórar þeirra (Jón Guðmundsson og Björn Jónsson) voru rosknir og þóttu orðnir hægfara og íhaldssamir. Á þjóðhátíðarárinu komu fram hreyfingar um stofnun nýrra blaða, bæði í Reykjavík og á Akureyri. *Ísafold* var stofnuð upp úr þessu og nyrðra urðu átök sem leiddu til stofnunar nýrrar prentsmiðju sem gaf út blaðið *Norðling* undir ritstjórn Skapta Jósefssonar (1839–1905), sem síðar varð ritstjóri *Austra* á Seyðisfirði. Brátt dofnaði þó aftur yfir blaðaútgáfu á Akureyri og mestan hluta síðasta áratugar aldarinnar (eftir 1892) var aðeins eitt blað (*Stefnir*) gefið þar út – og þótti lélegt.²⁶⁸

Þjóðólfur, *Ísafold* og *Fjallkonan* voru útbreiddustu þjóðmálablöð landsins á síðustu tveimur áratugum 19. aldar. Þau tvö fyrrnefndu voru mjög pólitísk, raunar svo mjög að oft yfirskyggni pólitísk barátta ritstjóranna annað efni blaðanna.

Viðtekin skoðun menntamannanna, sem stýrðu blöðunum og þjóðfélagsumræðunni, var sú að blöð ættu að vera vekjandi fyrir þjóðina, móta almenningsálitið og stjórna því. Hugtökin „sjálfstæður“ og „óháður“ voru einungis notuð í þeim skilningi að blöðin ættu að vera óháð og sjálfstæð frá dönskum yfirvöldum. Þeir ritstjórar, sem vildu gefa út ópólitísk blöð og sinna eingöngu frétt-, fræðslu- og skemmtipörf fólks eða gefa blöð sín út í atvinnuskyni, voru í litlum metum. Þeir voru kallaðir skoðanalausir eða vinglar.²⁶⁹

Það viðhorf sem Guðjón Friðriksson lýsir hér endurspeglast í þjóðmálablöðum síðasta fjórðungs 19. aldar. Ritstjórar þeirra voru flestir virkir þátttakendur í stjórnmálum, sumir alþingismenn eða í nánum tengslum við starfandi þingmenn. En viðhorf þeirra sem réðu blöðunum og voru fyrirferðarmestir í almennri umræðu voru ekki endilega almenn viðhorf. Sem fyrr segir voru blöð sem gefin voru út af „föðurlegri umhyggju“ ekki upptekin af því að þjóna samfélaginu og svara þörfum þess, heldur vildu ritstjórar þeirra leiða almenning að umfjöllunarefnum sem þeir sjálfir töldu skipta mestu fyrir heill samfélagsins. Að fullyrða um áhuga almennings á t.d. stjórnarskrármálinu og sjálfstæðisbaráttunni á 19. öld út frá áherslum blaðanna er því í besta falli vafasamt.

Betri leið (en þó einnig mjög takmörkuð) til að meta áhugasvið almennings er að horfa til upplýsinga um áskrifendafjölda einstakra blaða. Í grein sem Hannes Þorsteinsson (1860–1935) þáverandi ritstjóri *Þjóðólfs* ritaði, í tilefni af 50 ára afmæli blaðsins árið 1898, kom hann inn á útbreiðslu þess. Hannes sagði kaupendur hafa verið um 700 fyrstu ár útgáfunnar en orðna um 1200–1300 þegar blaðið var tíu ára gamalt. Sá áskrifendafjöldi hélst lítt breyttur fram á níunda áratug 19. aldar en við lok hans voru áskrifendur um 1700. Þegar Hannes ritaði greinina (1898)

²⁶⁶ Jón Þ. Þór, „Upphaf prentlistar á Austurlandi,“ 335–336, 345.

²⁶⁷ Loftur Guttormsson, „Framleiðsla og dreifing ritaðs máls,“ 49.

²⁶⁸ Guðjón Friðriksson, *Nýjustu fréttir!* 25–26.

²⁶⁹ Guðjón Friðriksson, *Nýjustu fréttir!* 58.

voru áskrifendur *Þjóðólfs* rúmlega 2000.²⁷⁰ Árið 1884 hóf *Fjallkonan* göngu sína. Það blað hafði það að yfirlýstu markmiði að fræða og skemmta alþýðu, flytja fréttir, sögur og kvæði en vera fáort en gagnort um stjórnmál. Þannig aðgreindi *Fjallkonan* sig frá helstu keppinautum sínum. Árið 1887 var *Fjallkonan* komin með 2000 áskrifendur og sló þá bæði *Þjóðólf* og *Ísafold* út í áskrifendafjölda og árið 1891 var upplag *Fjallkonunnar* 2600 eintök.²⁷¹

Til samanburðar við Reykjavíkurbloðin sem hér er getið má nefna að árið 1899 voru áskrifendur *Bjarka* á Seyðisfirði um 850 talsins.²⁷² Í bréfi Þorsteins Erlingssonar (1858–1914), fyrrum ritstjóra *Bjarka* og þáverandi ritstjóra *Arnfríðings* á Bíldudal, til Jóns Jónssonar frá Sleðbrjót kom fram að *Arnfríðingur* hafði þá (árið 1902) um 1200 áskrifendur og gat Þorsteinn þess sérstaklega að þetta væru fleiri áskrifendur en *Bjarki* hefði nokkru sinni haft undir sinni ritstjórn (1896–1900).²⁷³ Fyrstu ár *Bjarka* var Þorsteinn Erlingsson mjög pólitískur í sínum skrifum. Hann var ákafur í stuðningi við stefnu Valtýs Guðmundssonar í stjórnarskrármálinu og var orðaður við framboð til Alþingis. Síðar breyttust ritstjórnaráherslur Þorsteins, Valtý til mikillar gremju. Hann var velviljaður Þorsteini framan af ritstjóraferli hans hjá *Bjarka*, en varð síðar gagnrýninn á hann fyrir pólitískt bitleysi og útmálaði hann að endingu sem „engan ritstjóra“ eftir að Þorsteinn var orðinn ritstjóri *Arnfríðings*, sem Valtýr kallaði „pólitískt liðléttan.“²⁷⁴

Hér er vert að víkja aftur að muninum á áskrifendafjölda milli blaða sem gefin voru út í Reykjavík og annars staðar á landinu. Munurinn er þrátt fyrir allt minni en búast hefði mátt við, að teknu tilliti til vaxtar þéttbýlis í Reykjavík á þessum tíma. Hlutverk Reykjavíkur sem miðstöð íslenskrar blaðaútgáfu varð ekki ótvírætt fyrr en upp úr aldamótunum 1900. Fram undir það var viðleitni einstakra landshluta til sjálfstæðrar blaðaútgáfu skýr, en undir þá viðleitni ýttu m.a. frumstæðar samgöngur, einkum við fjarlæga landshluta.²⁷⁵ Blöðin leituðust flest við að þjóna landinu öllu, a.m.k. í orði kveðnu óháð því hvar þau voru gefin út, og höfðu til margra þjóðfélags-hópa. Til að undirstrika þetta var því jafnan haldið á lofti að áskrifendur væru fjölbreyttur hópur, ekki einungis embættismenn og lærðir menn, heldur líka bændur, vinnumenn og sjómenn.²⁷⁶ Ekki var minnst á konur. Annað sem vert er að staldra við í þessum efnum er að þrátt fyrir sterka stjórnmálaáherslu flestra starfandi ritstjóra þjóðmálablaða á síðari helmingi 19. aldar seldust þau blöð sem höfðu almennari skírskotun oft betur en stjórnmálablöðin, eins og dæmin hér á undan sýna.

Almennur fréttáflutningur var verulegum vandkvæðum bundinn fram undir lok 19. aldar, hvort heldur sem um var að ræða innlendar eða erlendar fréttir. Hæg og ótrygg dreifing blaðanna hélt lengi vel aftur af fréttaskrifum, bæði vegna þess að hætta var á að fréttir yrðu úreltar áður en þær bærust lesendum og vegna þess að sömu samgöngubröskuldar torvelduðu bæði fréttáöflun og dreifingu. Á Íslandi var aldalöng hefð fyrir því að fréttir bærust með gestum og gangandi enda viðtekin venja að spyrja tíðinda þegar fólk hittist.²⁷⁷ Sendibréf miðluðu einnig fréttum milli landshluta og efni sumra þeirra rataði á síður blaðanna. Fram til ársins 1906 gátu erlendar fréttir aðeins borist til landsins með skipum í formi erlendra fréttablaða, bréfa eða munnlegra frásagna. Þær erlendu fréttir sem bárust til Íslands höfðu oft haft „viðkomu“ í Kaupmannahöfn og fréttir annars staðar frá voru því jafnan orðnar gamlar þegar hingað kom, einkum ef skipaferðir voru strjalar. Þetta breyttist með tilkomu ritsímans haustið 1906. Fyrir tilkomu hans voru ritstjórar blaða, ekki

²⁷⁰ Hannes Þorsteinsson, „Þjóðólfur 1848 – 5. nóv. – 1898,“ 5. nóvember 1898, 206.

²⁷¹ Guðjón Friðriksson, *Nýjustu fréttir!* 58–60.

²⁷² *Aldamót og endurreisn*, 91.

²⁷³ *Lbs.* 2172 b 4to. Bréf frá Þorsteini Erlingssyni til Jóns Jónssonar (frá Sleðbrjót), dags. 2. júní 1902.

²⁷⁴ *Aldamót og endurreisn*, 39–40, 42, 179.

²⁷⁵ Loftur Guttormsson, „Framleiðsla og dreifing ritaðs máls,“ 45.

²⁷⁶ Vilhjálmur Þ. Gíslason, *Blöð og blaðamenn 1773–1944*, 302.

²⁷⁷ Jón Jónsson, *Á mörkum mennskunnar*, 97, 107–108; Guðjón Friðriksson, *Nýjustu fréttir!* 9.

síst utan Reykjavíkur, jafnan á þönum út í hvert erlent skip sem að landi kom til að afla fréttar. Austfirðir höfðu nokkra sérstöðu í þessum efnum, einkum á síðasta áratug 19. aldar og fram að tilkomu ritsímans, en þangað komu strandferðaskipin tveimur vikum fyrr en til Reykjavíkur auk þess sem gufuskip Otto Wathne voru í vikulegum ferðum til Noregs.²⁷⁸ Þorsteinn Erlingsson hélt því fram í grein í *Eimreiðinni* árið 1903 að erlendu fréttirnar hefðu verið helsti styrkur austfirsku blaðanna og staðið undir þeim vinsældum sem þau nutu meðal lesenda.²⁷⁹

Afgerandi breyting á ritstjórnaráherslum íslenskra þjóðmálablaða varð með tilkomu *Morgunblaðsins* árið 1913. Vilhjálmur Finsen, fyrsti ritstjóri blaðsins, boðaði í upphafsávarpi fráhringisfrá yfirgnæfandi stjórn málaáherslu forveranna. Hann lýsti áherslum *Morgunblaðsins* svo að markmið þess væri að „vera áreiðanlegt, skemtilegt og lipurt ritað fréttablað.“²⁸⁰ Um breytinguna sem fylgdi segir Guðjón Friðriksson að í stað stjórn málaáherslunnar sem einkenndi 19. aldar blöðin hafi ritstjórnarstefna *Morgunblaðsins* borið í sér fyrirheit um þjónustu við hinn almenna lesanda. Fréttir og auðlesið efni varð upp úr þessu aðalefni blaðanna í stað langra og ítarlegra stjórn málagreina.²⁸¹ Hin „föðurlega umhyggja“ ritstjóra fyrir lesendum hélt þó velli. Blaðamennska var um þetta leyti orðin föst í sessi sem mikilvægur þáttur þjóðlífsins og mikilhæfustu blaðamennirnir skýrir áhrifavaldar á almenningssálitið. Árið 1912 lýsti Guðmundur Björnsson landlæknir blöðunum sem „stærsta veldi“ samtímans í þeim löndum þar sem almenningur væri læs. „Eftir blöðunum dansar lýðurinn, óafvitandi. Áður á tímum voru prestarnir höfðingjar yfir hugum manna; nú eru það blaðamennirnir. Kirkjurnar standa háltómar eða galtómar en allir lesa blöðin.“²⁸² Baldvin Jóhannesson bóndi í Stakkahlið í Loðmundarfirði lýsti fáum árum fyrr áhrifum blaðanna á efni sendibréfa í bréfi til Þorsteins Magnússonar í Höfn á Borgarfirði. „Þetta er nú svona það helsta sem héðan er að fréttar, annars er það eins og þú sagðir í bréfi þínu að blöðin og ferðamenn leppa alt svo engar fréttir eru afgangar handa mönnum að skrifa, nema slúðrið sagði Páll heitin Ólafsson, en ég segi ekki einu sinni það, því millisveita ferðamenn taka það líka með, svo seinast verður ekkert að skrifa nema það sem maður skáldar sjálfur eða býr til.“²⁸³

2.3.2 Prentað efni og handskrifað: Dreifing og viðtökur

Útgáfa tímarita og blaða óx fremur hægt fram undir 1880, en á árabílinu 1881–1910 fjölgaði útgefnum titlum úr tólf í upphafi tímabilsins í 36 við lok þess.²⁸⁴ Samhliða vexti útgáfunnar jókst fjölbreytni útgefins efnis en í helstu íslensku tímaritum sem komu út á árunum upp úr 1850 voru atvinnumál, fjárhagsmál og stjórnskipun landsins meginumfjöllunarefni. Á síðasta áratug 19. aldar voru gefin út á bilinu 20–35 íslensk blöð og tímarit á ári, þ.m.t. þau sem Íslendingar búsettir erlendis gáfu út. Á sama tíma voru 35–64 bækur gefnar út árlega. Á árunum 1912–1918 komu út árlega á bilinu 40–64 blöð og tímarit og 106–140 bækur.²⁸⁵

Sala blaða og tímarita á síðari helmingi 19. aldar var sjaldan í samræmi við væntingar og ritstjórum gramdist sérstaklega þegar spurðist um „samtök“, jafnvel í heilum sveitum, um að kaupa eitt eintak af blaði og láta ganga milli bæja.²⁸⁶ Því var raunar haldið fram að blöð væru lánuð bæ frá bæ og því sárafaír sveitabæir á landinu þar sem ekki væru lesin öll helstu blöð landsins.²⁸⁷ Ritstjórar

²⁷⁸ Guðjón Friðriksson, *Nýjustu fréttir!* 95–99.

²⁷⁹ Þorsteinn Erlingsson, „Seyðisfjörður um aldamótin 1900,“ 107.

²⁸⁰ Vilhjálmur Finsen, „Morgunblaðið,“ 2. nóvember 1913, 1.

²⁸¹ Guðjón Friðriksson, *Nýjustu fréttir!* 118.

²⁸² G[uðmundur] Björnsson, „Björn Jónsson ritstjóri – ráðherra,“ 27. nóvember 1912, 223.

²⁸³ *Her. Aust.* A6 185, 3. Bréf frá Jóni Baldvini Jóhannessyni til Þorsteins Magnússonar, dags. 25. janúar 1909.

²⁸⁴ Loftur Guttormsson, „Framleiðsla og dreifing ritaðs máls,“ 45.

²⁸⁵ Vilhjálmur Þ. Gíslason, *Blöð og blaðamenn 1773–1944*, 175, 253.

²⁸⁶ Guðjón Friðriksson, *Nýjustu fréttir!* 54–55.

²⁸⁷ Loftur Guttormsson, „Framleiðsla og dreifing ritaðs máls,“ 57.

kvörtuðu líka yfir lélegum skilum á greiðslum vegna áskrifta en voru sjálfir að reyna að koma blaðaböggjum á ferðamenn sem svo losuðu sig við þá við fyrstu hentugleika sem kom niður á skilum til áskrifenda.²⁸⁸ Í *Skuld* lýsti Jón Ólafsson ritstjóri ástandinu svo að oft næðu blöðin ekki til lesenda í fjarlægum héruðum fyrr en 5–6 vikum eftir útgáfudag.²⁸⁹ Áskrifendum gramdist að fá blöðin seint og um síðir og það hefur síst hvatt þá til að greiða áskriftir skilvíslega. Jafnvel voru dæmi þess að áskrifendur blaða í nærsveitum útgáfustaðar segðu upp áskriftum vegna þess hve lengi blaðið var að berast þeim.²⁹⁰

Í bygðasögunni *Breiðdalu* sagði Árni Sigurðsson (1839–1931) að tímarit og dagblöð hefðu verið „óvída keypt eða lesin“ í Breiðdal áður en prentsmiðja var sett á laggirnar á Akureyri skömmu fyrir miðja 19. öld. Eftir það keyptu allmargir breiðdalskir bændur blaðið *Norðra*. „Þótti hann jafnan kærkominn gestur.“²⁹¹ Það er eftirtektarvert að Árni aðgreinir að blöð væru keypt eða lesin og styður sú orðanotkun við umkvartanir ritstjóra um að tíðkast hafi að sama eintak blaðs væri lesið á mörgum heimilum. Orð umboðsmanns *Bjarka* í Breiðdal skömmu fyrir aldamótin 1900 hníga í sömu átt en þar vísaði hann til tilvistar lestrarfélags í hreppnum sem ástæðu lítilla blaðakaupa.²⁹²

Neðanmálssögurnar sem birtust í flestum blöðum á síðasta fjórðungi 19. aldar (líka þeim pólitískustu) voru jafnan meðal vinsælasta efnis blaðanna og algengt var að áskrifendur fengju sögusafn í kaupbæti.²⁹³ Jón Ólafsson gaf t.d. út slíkt fylgikver með *Skuld*. Það nefndist *Nanna* og yfirlýstur tilgangur útgáfu þess var að fjölga áskrifendum að *Skuld*.²⁹⁴ Neðanmálssögur blaðanna þóttu misjafnar að gæðum og ýmsum fannst þær síst til þess fallnar að bæta bókmenntasmekk lesenda. Þorsteinn Erlingsson tók nauðugur upp neðanmálssögur í *Bjarka* rúmu ári eftir að útgáfa blaðsins hófst.²⁹⁵ Hann hafði lítið álit á þeim en reyndi að breyta af venjunni og birta vandaðra efni en almennt gerðist. En árangurinn varð ekki sá sem Þorsteinn vænti. „Aftur var *Bjarki* svo skamm-sýnn, að fara að flytja góðar sögur eftir fræga höfunda og hefir til þessa setið með þrjúzku við sinn keip, þrátt fyrir margar aðvaranir og hefir það, sem eðlilegt er, komið honum mjög í koll.“²⁹⁶

Undir lok 19. aldar komu fram ný vinnubrögð við blaðamennsku. Guðjón Friðriksson tilgreinir aðkomu Einars H. Kvaran að *Ísafold* (hann varð meðritstjóri með Birni Jónssyni árið 1895) sem tímamót í íslenskri blaðamennsku. Einar hafði áður starfað við blaðamennsku í Norður-Ameríku og kom með nýjar áherslur þaðan. „Fram til þessa höfðu ritstjórar blaðanna að mestu setið kyrrir á ritstjórastóli, skrifað bréf í allar áttir og fengið til baka álíka mörg bréf með fréttum utan af landi og frá útlöndum. Þeir skrifuðu hugleiðingar sínar um þjóðmál og tóku við aðsendum greinum. Blöðin voru einkamálsgögn ritstjórans fremur en að þau væru almenn fréttablöð. Sjálfstæð fréttaoöflun, vettvangskannanir og viðtöl voru óþekkt.“²⁹⁷ Annar ritstjóri sem flutti með sér erlenda reynslu var Jón Ólafsson sem hóf útgáfu *Skuldar* árið 1877 eftir að hafa búið í Noregi, Bandaríkjunum og Kanada. *Skuld* var fyrsta myndskreytta íslenska blaðið, en fyrsta myndin í íslensku þjóðmálablaði birtist þar árið 1880.²⁹⁸ Jón gagnrýndi erlendan fréttaflutning íslenskra blaða

²⁸⁸ Guðjón Friðriksson, *Nýjustu fréttir!* 56.

²⁸⁹ „Til lesanda vorra og kaupanda,“ 24. ágúst 1877, d. 71–72.

²⁹⁰ Jón Þ. Þór, „Upphaf prentlistar á Austurlandi,“ 335–336, 343–345.

²⁹¹ Árni Sigurðsson, „Í Breiðdal fyrir sextíu árum,“ 118.

²⁹² *Lbs.* 4159 4to. Bréf frá Gísla Högnasyni til Þorsteins Erlingssonar, dags. 28. desember 1896.

²⁹³ Loftur Guttormsson, „Framleiðsla og dreifing ritaðs máls,“ 42–43.

²⁹⁴ Jón Þ. Þór, „Upphaf prentlistar á Austurlandi,“ 339, 341.

²⁹⁵ „Neðanmálssagan,“ 4. desember 1897, 193.

²⁹⁶ Þorsteinn Erlingsson, „Seyðisfjörður um aldamótin 1900,“ 107.

²⁹⁷ Guðjón Friðriksson, *Nýjustu fréttir!* 43.

²⁹⁸ „Christian IX,“ 23. júní 1880, d. 85–87; Jón Þ. Þór, „Upphaf prentlistar á Austurlandi,“ 340. Myndin var af Kristjáni IX Danakonungi.

þess tíma og kallaði hann „andlausa iðju“ sem einkenndist af atburðarakningu. Blöðin ættu að láta sig varða samfélags- og hugmyndaþróun innanlands sem utan, annars væru þau einskis virði.²⁹⁹

Blöðin sem komu út á síðari helmingi 19. aldar, hvort sem var í Reykjavík, Akureyri, Vestfjörðum eða Austfjörðum, leituðust sem fyrr segir við að vera þjóðmálablöð þó yfirbragð og efnistöð hafi jafnan litast mjög af nánasta umhverfi hvers blaðs. Þrátt fyrir erfiðleika við dreifingu tókst blöðum að höfða að einhverju marki til lesenda í fjarlægum landshlutum. Má í því sambandi benda á yfirlit Lofts Guttormssonar um blaðakaup í Hrunamannahreppi árið 1880, en þar voru t.a.m. sjö heimili áskrifendur að *Skuld*, sem þá var gefin út á Eskifirði. *Skuld* var einnig allmikið keypt í Reykjavík og í blaðinu birtust lesendabréf víða að af landinu.³⁰⁰ Ritstjórar austfirsku blaðanna sem komu í kjölfar *Skuldar* viku ítrekað með beinum og óbeinum hætti að áskrifendum utan Austurlands og má ætla að það hafi verið nógu stór hópur til að skipta útgáfuna máli. Um austfirsku blaðaútgáfu er nánar fjallað í fjórða hluta (kafla 4.3).

Frá því að prentun hófst á Íslandi á 16. öld og fram yfir miðja 18. öld voru guðsorðabækur því sem næst eina lesefnið sem var prentað. Á síðustu áratugum 18. aldar tók veraldlegra efni að ryðja sér til rúms, þ.m.t. veraldleg tímarit. Íslensk ritmenning hafði þó staðið styrkum fótum lengi. Í landinu var rótgróin handritamenning sem lifað hafði gegnum aldirnar og var enn áhrifamikill og ríkur þáttur í ritmenningu 19. aldar. Með uppskrift handrita var gömlu efni bjargað frá glötun auk þess sem skrásett var margt sem áður hafði aðeins verið til í munnlegri geymd. Davíð Ólafsson sagnfræðingur telur að sá víðfeðmi menningarheimur, bæði í tíma og rúmi, sem að miklu leyti var miðlað í formi handrita hafi átt drýgstan þátt í að áhugasamir alþýðumenn gátu rætt þyngra lesefni, s.s. ný fræðirit, af sjálfstrausti og öryggi sín á milli. Davíð tengdi saman handritamenninguna og viðtöku vaxandi prentmáls undir lok 19. aldar, sem oft flutti flókna texta um stjórnmal og samfélag, og telur að útbreidd handritamenning og almennt læsi hafi lagt grunninn að viðtöku slíks efnis.³⁰¹ Handritamenningu er líka vert að tengja við eflingu menntunar (formlegrar og óformlegrar) undir lok 19. aldar sem leiddi m.a. til mikillar fjölgunar sendibréfa. Tilkoma búnaðarskóla ýtti undir dagbóarskrif, því að búfræðingar voru hvattir til að halda dagbók um rekstur búa sinna og telur Sigurður Gylfi Magnússon að þau áhrif hafi smitast út í samfélögin með þeim.³⁰²

Handritamenningin og útgáfa veraldlegs lesefnis sem snerti samtíma fólks rann saman í sveitarblöðunum. Í stuttu máli má lýsa þeim á eftirfarandi hátt: Þetta voru handskrifuð blöð sem innihéldu fjölbreytt lesefni sem ætlað var til almennrar birtingar og var látið berast manna á meðal, í einum hrepp eða einni kirkjusókn, eða var lesið upp á almennum fundum. Elstu þekktu íslensku sveitarblöðin eru frá árinu 1863. Eiríkur Þormóðsson sagnfræðingur hefur bent á að handskrifuð skólablöð hafi þekkt á Íslandi fyrir 1850 og tengir hann uppgang sveitarblaða á síðustu áratugum 19. aldar við vaxandi útbreiðslu þjóðmálabláða sem hafi ýtt undir áhuga á opinberri umræðu um málefni einstakra sveita.³⁰³ Útgefendur sveitarblaða ætluðu sér hvorki né gátu annað en að þjóna sínu nærsvæði og lögðu áherslu á birtingu efnis sem varðaði íbúa þess og hagsmuni þeirra sérstaklega (en gat líka haft víðari skírskotun).³⁰⁴

²⁹⁹ Guðjón Friðriksson, *Nýjustu fréttir!* 34.

³⁰⁰ Loftur Guttormsson, „Framleiðsla og dreifing ritaðs máls“, 56; Jón Þ. Þór, „Upphaf prentlistar á Austurlandi“, 341–342.

³⁰¹ Davíð Ólafsson, „Handritasamfélag og textaheimur í Kaldrananeshreppi á Ströndum“, 449–450, 455–456.

³⁰² Sigurður Gylfi Magnússon, *Menntun, ást og sorg*, 59–60, 64–66.

³⁰³ Eiríkur Þormóðsson, „Handskrifuð blöð“, 72–74. Þessi tegund útgáfu er í samtímaheimildum kölluð *sveitarblöð* og er þeirri hefð fylgt hér. Þetta heiti er þó misvísandi, m.a. með tilliti til útgáfu handskrifaðra blaða sem falla undir skilgreiningu að teljast sveitarblöð en voru gefin út í þéttbýli. Um þetta hugtaksheiti ræddi ég í MA-ritgerð minni. (Sjá: Hrafnkell Lárusson, *Í óræðri samtíð með óvissa framtíð*, 16–17.)

³⁰⁴ Hrafnkell Lárusson, *Í óræðri samtíð með óvissa framtíð*, 190–191.

Þingeyjarsýslur hafa verið taldar helsti vettvangur útgáfu íslenskra sveitarblaða á síðari hluta 19. aldar, enda virðist hún hafa verið bæði öflugri og samfelldari þar en annars staðar á landinu. Dæmi voru um að fleiri en eitt blað gengi um sömu þingeysku sveitina samtímis. Þó þessi útgáfa hafi tíðkast í Múlasýslum virðist ekki hafa verið sami kraftur í henni þar og var í Þingeyjarsýslum. Þó ber að hafa í huga að sjálfsagt hefur aðeins hluti þeirra blaða sem var gefinn út varðveist. Almennt tíðkaðist að sveitarblöð sem dreift var innan byggðarlags kæmu út í einu eintaki sem síðan gekk á milli heimila í einum hrepp eða sókn. Þó sjást dæmi um að tvö eða fleiri eintök sama tölublaðs væru í umferð. Blöð sem studdust við slíka dreifingu gengu hina „réttu boðleið“ innan sinnar sveitar. Yfirleitt var þó ekki tekið fram í blöðunum hvaða leið þau skyldu ferðast. Boðleiðin var íbúum kunn og því óþarft að fjölýrða um hana.

Tölur um áskrifendafjölda blaða og tímarita á Íslandi á 19. öld segja takmarkaða sögu um hversu margir kynntust efni þeirra. Einstaklingar lánuðu hver öðrum lesefni og lestrarfélög keyptu blöð og tímarit sem félagsmenn gátu svo fengið að láni. Í eðli þeirra sveitarblaða sem gengu bæ af bæ var innbyggður þáttur sem stemmdi stigu við einstaklingslestri þeirra. Það var krafan, bæði aðstandenda blaðanna og íbúa, um að þau gengju sem hraðast á milli heimila. Til að verða við þeirri kröfu var mun fljótlegri að lesa blaðið einu sinni í heyranda hljóði en að hver heimilismaður læsi það í einrúmi. Öðru máli gegndi um blöð sem voru lesin upp á fundum. Þá barst blaðið ekki til fólksins heldur kom fólkið til blaðsins.

Í mörgum tilfellum er erfitt að henda reiður á líftíma sveitarblaða. Þó árgangs- og tölublaðsnúmer séu jafnan tilgreind er á stundum óljóst hvort útgáfu blaðs lauk við síðasta varðveitta tölublað. Algengast var að útgáfa sveitarblaðs fjarafi út frekar en að það væri formlega lagt niður, sem skýrist af nálægð blaðanna við útgáfusvæði sitt, þ.e. allir þeir sem það þurftu að vita urðu þess brátt varir hvort blað var lífs eða liðið án þess að það væri sérstaklega tilkynnt. Af mörgum þeirra blaða sem ég hef rannsakað eru ekki til nema fá tölublöð (jafnvel aðeins eitt) þó árgangs- og tölublaðsnúmer sýni að fleiri blöð komu út. Því er vitnisburður varðveittra blaða á köflum æði brotakenndur. Í allmörgum varðveittum sveitarblöðum birtast svargreinar við greinum úr tölublöðum sem ekki eru varðveitt. Að sama skapi má gera ráð fyrir að einhverjum greinum í varðveittum tölublöðum hafi verið svarað í blöðum sem ekki hafa varðveist. Varðveitt sveitarblöð gefa þá mynd að útgáfa þeirra hafi verið mjög forgengileg og lítið mátt út af bregða til að blað hætti að koma út. Efnisöflun og ritun sveitarblaða hefur verið tímafrek og frumstæðar samgöngur og ótrygg veður yfir vetrarmánuðina (sem jafnan var útgáfutími blaðanna) torveldað útgáfuna. Því er ekki að undra að af þeim blöðum sem hafa varðveist heildstætt og verið afhent skjalasöfnum (ekkert þeirra kom út í Múlasýslum) megi draga þá ályktun að líftími sveitarblaða hafi jafnan verið stuttur, en einn til þrír árgangar voru algengur líftími.

Í sveitarblöðum birtist víða andóf gegn yfirvöldum í nærsamfélagi, oft sett fram í skjóli dulnefna. Blöðin opnuðu slíkum viðhorfum leið inn á heimili fólks, viðhorfum sem á stundum gengu gegn samfélagsstigveldinu og gagnrýndu samfélagsgerðina. Blöðin birtu m.a. greinar sem voru gagnrýnar á kirkjuna og kennivald presta og jafnvel gaf að líta beina andúd á kirkjunni. Sveitarblöðin voru veigamikill þáttur í að víkka opinbera umræðu um samfélagsmál og að því leyti var útgáfa þeirra liður í lýðræðisþróun á Íslandi. Fólk úr þjóðfélagshópum sem voru lítt sýnilegir meðal höfunda greina í þjóðmálablöðunum nýttu þann vettvang sem sveitarblöðin sköpuðu til þátttöku í opinberri umræðu.

Ritstjórar sveitarblaða báru ábyrgð á efnisöflun og þurftu oft sjálfir að rita stóran hluta efnisins sem í blöðunum birtist. Því hefur fylgt nokkur fyrirhöfn en það gaf líka ritstjórum færi á að verða áberandi í nærsamfélaginu og hafa þar mótandi áhrif. Samsetning fjölskipaðra ritstjórna sveitarblaðanna var breytileg. Ritstjórnir skipaðar tveimur til fjórum einstaklingum voru algengastar. Þó

virðist hafa verið sterk tilhneiging til þess að einn einstaklingur í hópnum tæki forystu og væri mest áberandi. Erfitt er að alhæfa þegar kemur að því að skilgreina hvers konar einstaklingar voru algengastir í ritstjórnnum sveitarblaða. Eftirfarandi lýsingu virðist þó mega heimfæra upp á allstóran hluta þeirra: *Ritstjórnarmenn voru upp til hópa ungir, framfara- og félagsmenn karlar sem voru ýmist nýlega orðnir bændur eða voru á leið til mennta*. Af þessu leiðir að skoðanir og áherslur manna sem falla undir þessa skilgreiningu voru mest áberandi í efni sveitarblaða þar sem ritstjórar sömdu oft drjúgan hluta efnis hvers blaðs. Þetta ber að hafa í huga þegar efnisáherslur blaðanna eru metnar. Þau voru ekki „spegill samfélagsins“ heldur undir skýrum áhrifum þeirra sem héldu þeim úti. Meðal karla í hópi greinarhöfundar var þó meiri fjölbreytni. Í þeim hópi gaf m.a. að líta unglinga, gamla bændur og forystumenn hreppa.

Konur voru fremur sjaldséðar, bæði í ritstjórnnum blaðanna og sem efnishöfundar. Einungis í þremur tilvikum sem ég rannsakaði voru konur í ritstjórn og í tveimur þeirra var um að ræða fjölskipaðar ritstjórnir félagsblaða. Konurnar í ritstjórnnum þeirra blaða voru hins vegar mjög áberandi meðal efnishöfundar. Í þriðja tilvikinu var um að ræða blað sem var ritstýrt og gefið út af konu. Sú var Guðrún Lárusdóttir (1880–1938), síðar bæjarfulltrúi í Reykjavík og alþingismaður, þá búsett á Kollaleiru í Reyðarfirði. Guðrún var dóttir Lárusar Halldórssonar prests fríkirkjunnar á Reyðarfirði. Blað Guðrúnar nefndist *Minerva* og eru í Handritasafni Landsbókasafns varðveitt af því þriðju tölublöð (úr fyrsta og öðrum árgangi). Það fyrsta þeirra kom út í október 1895 og það síðasta í apríl 1896.³⁰⁵ Varðveitt eintök *Minervu* innihalda einkum kristilegt efni og erlendar sögur sem Guðrún þýddi. Hve lengi *Minerva* kom út og hvaða útbreiðslu blaðið hafði er óvíst.

Konur voru meðal greinahöfundar í allmörgum sveitarblöðum. Hlutfall kvenna í hópi greinahöfundar sem skrifuðu undir nafni var þó lágt í samanburði við karla. Nokkuð var um það í sveitarblöðum að nöfn greinahöfundar væru ekki tilgreind, auk þess sem dulnefni voru algeng. Vegna þess hve hlutur kvenna er smár og hve fátítt var að þær tjáðu sig á opinberum vettvangi á 19. öld og í upphafi 20. aldar, má leiða líkur að því að konur eigi jafnvel stærri hluta ómerktra greina en samsvarar hlutfalli þeirra af merktum greinum. Það styður þessa tilgátu að þær greinar sem konur skrifa undir nafni einkennast flestar af skorti á sjálfstrausti og afsökunum á eigin efnistöfum og stíl. Ritstjórar sveitarblaða reyndu flestir sérstaklega að höfða til yngra fólks þegar þeir leituðu efnis og konur voru þar ekki undanskýldar.

Mikið var klifað á hugtakinu *framfarir* í sveitarblöðunum, líkt og í prentuðum blöðum á sama tíma. Hvað í framförunum fælist og hvernig ætti að ná þeim var þó oft óljóst. Félagastofnun, félagastarf og ekki síst fundahöld ýmis konar voru sett í beint samhengi við framfarir. Úr greinum má lesa almenna og útbreidda trú á að öflugra félagsstarf leiddi sjálfkrafa til framfara. Dæmi um þetta voru bindindisfélögin. Þess sér víða stað að greinahöfundar sáu fyrir sér að með því að efla bindindisfélag hreppsins myndu meðlimir þess spara peninga sem annars færu í kaup á áfengi, tóbaki og kaffi. Þessa peninga myndu hreppsþúar svo nýta til þarflegra fyrirtækja, sjálfum sér og samfélaginu til hagsbóta. Almennt sjónarhorn sveitarblaða var jafnan meira á framtíð en samtíma og efnishöfundar þeirra beindu oft orðum sínum fremur að ungu fólki en hinum eldri. Mörg sveitarblöð skilgreindu sig líka sem „æfingavöll“ þeirra sem vildu stíga sín fyrstu skref við að tjá sig opinberlega. Um það vitna ótal hvatningarorð, einkum í ritstjórnarpistlum. Blöðin ýttu þannig markvisst undir félagslega virkni, einkum meðal ungs fólks. Þetta viðhorf til sveitarblaða var ekki séríslenskt. Finnski sagnfræðingurinn Risto Turunen hefur bent á að handskrifuð blöð sem gefin voru út í Finnlandi á 19. öld gegndu sama hlutverki. Meðal þeirra sem þær tjáðu sig var fólk sem

³⁰⁵ *Lbs.* 174 nf. *Minerva*. Handskrifað blað. Gefið út í Reyðarfirði (1895–1896).

áleit sig hafa ekki nægt vald á rituðu máli til að tjá sig í prentuðum blöðum eða tímaritum og taldi að það yrði því að nýta handskrifuðu blöðin til þjálfunar.³⁰⁶

Sveitarblöðin voru ekki séríslensk uppfinning. Löngu áður en þeirra varð fyrst vart hér á landi var þetta útgáfuform þekkt í nágrannalöndunum. Sterk hefð var t.d. fyrir handskrifuðum fréttablöðum í Finnlandi og hafa finnskir fræðimenn verið ötulir við rannsóknir á þeim á síðari árum. Finnsku blöðin voru vettvangur sjálfmenntaðs fólks af lægri stigum til að fá skrif sín flutt fyrir marga áheyrendur og fyrir menntamenn voru þessi blöð farvegur til að koma hugmyndum á framfæri á tímum ritskoðunar. Finnski heimspekingurinn og þjóðfræðingurinn Kirsti Salmi-Niklander greinir handrituð fréttablöð í Finnlandi í þrjár megingerðir.

The *monological mode* provides possibilities for mediating ideological messages, the *dialogical mode* for expressing and processing hidden tensions in small groups and communities, and the *collective mode* opens up ways of expressing emotions and experiences. Examples of all these modes can be found in the papers of a single community and in the authorial strategies of individual writers, but their impact varies in different communities and at different historical periods.³⁰⁷

Efri- og miðstétt voru mest áberandi í útgáfu handskrifaðra fréttablaða í Finnlandi á 18. og framan af 19. öld. Undir lok 19. aldar og í byrjun 20. aldar fór alþýðan að gefa út slík blöð. Hátindur þessarar útgáfu var í byrjun 20. aldar, þá einkum í tengslum við uppgang ungmennahreyfinga í finnskum sveitum. Dreifileiðir handskrifaðra blaða í Finnlandi voru hinar sömu og á Íslandi, þau annað hvort lesin upphátt á fundum eða látin ganga milli heimila. Upplestur var algengari í Finnlandi og munnlegur flutningur texta því mikilvægur hluti útgáfunnar. Það skýrist einkum af því að flest finnsku blöðin voru gefin út af félögum og upplestur efnisins varð hluti af fundum þeirra. Dreifing efnis handskrifaðra blaða í Noregi var samsvarandi finnsku hefðinni.³⁰⁸ Megin-tilgangur útgáfu handskrifaðra blaða, bæði í Finnlandi og á Íslandi, var að gefa fólki með svipaða lífssýn og hagsmuni tækifæri til að tjá sig um mál sem snertu það sjálft. Íslensk heimilismenning og nálægð útgáfu og viðtakenda gerði það að verkum að „hinir þögulu“ (sem ekki skrifuðu í blöðin) voru líka „þátttakendur.“ Í nýlegu greinasafni um útgáfu handskrifaðra blaða er komið inn á nálægð blaða á Norðurlöndum við viðtakendur sína og þátttöku þeirra í útgáfunni.

Given the close relationship between the producers and the recipients, both spatially and mentally, the practice of publishing a handwritten newspaper was highly interactive and collaborative. Readers could easily become writers, and writers could become presenters attracting new readers. The fact that practically anyone could contribute to the publishing process is reflected in the vernacular language of the articles. However, this does not necessarily mean that all authors of linguistically less substantial articles were less highly educated or less intellectual than authors of articles in the printed press.³⁰⁹

Handskrifuð blöð gátu orðið farvegur andófs og pólitískrar umræðu og útgáfa þeirra var auk þess leið til að öðlast virðingu í samfélaginu, bæði sem útgefandi og greinahöfundur. Bæði í Finnlandi og Íslandi var útbreitt viðhorf að líta á skrif í handskrifuð blöð sem heppilegan „æfingavöll“ til

³⁰⁶ Turunen, „From the Object to the Subject of History,“ 186.

³⁰⁷ Salmi-Niklander, „Monologic, Dialogic, Collective,“ 76–77.

³⁰⁸ Berrenberg og Salmi-Niklander, „Handwritten Newspapers and Community Identity in Finnish and Norwegian Student Societies and Popular Movements,“ 133–134.

³⁰⁹ Berrenberg og Salmi-Niklander, „Handwritten Newspapers and Community Identity in Finnish and Norwegian Student Societies and Popular Movements,“ 135.

undirbúnings fyrir skrif á stærri vettvangi.³¹⁰ En það voru líka dæmi um einstaklinga sem héldu úti blöðum en ætluðu sér ekki endilega að blanda sér í almenna umræðu á síðum þjóðmálablaða. Handskrifaða blaðinu *Vísir*, sem kom út í Reykjavík árið 1901, var haldið úti af mönnum með litla formlega menntun og það stóð utan opinberrar umræðu. Aðstandendur *Vísis* töldu sig ekki eiga erindi í þá umræðu og litu á útgáfu blaðsins sem sjálfsstyrkingu. Þetta voru þjóðernissinnaðir lágstéttarmenn sem vildu auka „manngildi“ sitt en settu ekki fram kröfur og voru ekki róttækir.³¹¹

Stærsti áhrifavaldurinn við að stækka íslenskt almannarými á rannsóknartímanum var vöxtur blaðaútgáfu, ekki aðeins hinna prentuðu blaða heldur einnig sveitarblaða. Þar skipti hin „föðurlega umhyggja“ ritstjóra og ráðandi manna í samfélagi sem héldu hugðarefnum sínum að lesendum þó minna máli en möguleikinn til að láta skoðanir sínar í ljós. Í því samhengi léku sveitarblöðin stærra hlutverk en prentuðu blöðin. Sveitarblöðin voru eini vettvangur margra til að reifa hugmyndir sínar og skoðanir í rituðu formi á opinberum vettvangi, innan afmarkaðs rýmis en þó engu að síður í fjölmiðli.³¹² Sá möguleiki opnaði dyr að almannarýminu, sem stigveldi sveitasamfélagsins hafði litla stjórn á, og hleypti inn í það fólki sem áður stóð utan þess. Þessi opnun var líka veigamikill þáttur í uppbyggingu félagastarfs og síðar félagshreyfinga, sem eru meginviðfangsefni næsta hluta.

³¹⁰ Salmi-Niklander, „Monologic, Dialogic, Collective,“ 77–79, 85–86; Hrafnkell Lárusson, *Í óræðri samtíð með óvissa framtíð*, 76, 80–82.

³¹¹ Ragnheiður Kristjánsdóttir, *Nýtt fólk*, 47–49. Nánari umfjöllun um útgáfu sveitarblaða er að finna síðar í ritgerðinni. Í kafla 3.3.3 eru efnistöð þeirra borin saman við efnistöð prentaðra þjóðmálablaða og í kafla 4.4.7 er útgáfa sveitarblaða sett í samhengi við félagastarf á rannsóknartímanum.

³¹² Berrenberg og Salmi-Niklander, „Handwritten Newspapers and Community Identity in Finnish and Norwegian Student Societies and Popular Movements,“ 134, 142.

3. Almenninur, heimilin og almannarými

Þeim menningarbreytingum sem urðu á Íslandi á síðustu áratugum 19. aldar, og birtust m.a. í aukinni félagslegri þátttöku almennings, hefur verið lýst sem „hvörfum frá hefðbundinni menningu hins talaða orðs (oral culture) til yfirgnæfandi ritmenningar.“³¹³ Þá lýsingu má skilja svo að vaxandi ritmenning hafi vikið menningu hins talaða orðs til hliðar. Þetta var þó ekki svo einfalt. Ritmenning efldist vissulega til muna og þátttaka í opinberum skoðanaskiptum varð almennari, sem og ritun sendibréfa og dagbóka. Íslensk menning varð umfangsmeiri fremur en að eitt tæki við af öðru. Munnlega hefðin tók breytingum, en hélt velli. Sagna- og rímnahefðin, sem var stór þáttur munnlegrar menningar en líka hluti ritmenningar, lét undan síga en munnleg menning fann sér nýja farvegi, s.s. í opinberum ræðuhöldum, leik- og söngstarfi og samskiptum fólks innan skipulagðra félaga og samtaka. Almenninur var þegar nær dró lokum 19. aldar og í upphafi 20. aldar betur fær en áður til þátttöku í lýðræðislegu starfi og opinberri umræðu. Þjálfun í ritfærni og það að tala á opinberum samkomum opnaði leið fyrir stóran hóp fólks til frekari þátttöku í almannarýminu.

Samhliða fólksfjölgun og vaxandi þéttbýlismyndun um og upp úr aldamótunum 1900 var íslenska almannarýmið að þenjast út. Það var einkum fyrir tilstilli vaxtar félaga og félagsshreyfinga en líka vegna aukinnar blaðaútgáfu, bæði prentaðra þjóðmálablaða sem og handskrifaðra sveitarblaða og blaðaútgáfu starfandi félaga. Félög og félagsshreyfingar voru meginvettvangur almennings til þátttöku í almannarýminu en breytingar í útgáfu voru líka veigamiklar. Hvort tveggja opnaði á frekari þátttöku almennings í opinberri umræðu og skoðanaskiptum um samfélagsmál. Það var mjög þýðingarmikið og varð til þess að víkka efnistöð í almennri umræðu, koma á dagskrá málefnum sem áður höfðu legið að mestu í þagnargildi og draga fram nýja sýn á eldri viðfangsefni. Í þessu sambandi skiptir ekki aðeins máli að meta þróunina á Íslandi heldur ekki síður að draga fram erlend áhrif og hvernig þau voru tilkomin.

Heimilin voru áhrifamikill vettvangur félagsmótunar, menningar og þekkingaröflunar í íslensku samfélagi 19. aldar, einkum áður en þátttaka í almannarýminu varð útbreidd og hætti að vera eingöngu eða nær eingöngu á færi húsbænda. Í norrænum sveitasamfélögum var feðraveldið ríkjandi samfélagsheimspeki sem hafði mótandi áhrif á hugsunarhátt og umgengni fólks við hvert annað. En margháttaðar breytingar í íslensku samfélagi á síðasta fjórðungi 19. aldar röskuðu gömlum valdahlutföllum. Upp var að vaxa kynslóð sem var undir áhrifum þessara breytinga og aðgreindi sig á margan hátt frá eldri kynslóðum sem leiddi til togstreitu um hvaða samfélagsýn ætti að vera ríkjandi. Áhrif kristindóms á fræðslu og menningu heimilanna voru á undanhaldi og veraldlegri hugsun að koma í stað hans. Kristin trú var að láta undan síga fyrir „framfaratrú“ sem var einstaklingsmiðaðri og leyfði opinbera gagnrýni á yfirvöld og stofnanir samfélagsins, nokkuð sem áður var fáheyrt.

Almenninur var um aldamótin 1900 orðinn virkur þátttakandi í samfélags- og lýðræðisþróun á Íslandi. Þar var þó hvorki um rof eða byltingu að ræða. Samfélagslegar breytingar sem studdu virkni og aukin áhrif almennings áttu sér stað með margvíslegum hætti og voru auk þess mishraðar eftir byggðarlögum og landshlutum. Aukin félagsleg þátttaka almennings skapaði þrýsting á breytingar og dró fram áherslu- og hugarfarsmun milli hans og ráðandi afla í samfélaginu. Almenninur var leitandi og að móta eigin sjálfsmynd út frá breyttum aðstæðum og nýjum tækifærum. Ólíkar áherslur og margvísleg áköll um breytingar tókust á við sterka áttthagahugsun og tilhneigingu til að viðhalda sveitasamfélaginu og valdahlutföllum þess. Óvissa um hvert samfélagið stefndi lá eins og austfirsk þoka yfir öllu.

³¹³ Ingi Sigurðsson og Loftur Guttormsson, „Inngangur“, 9.

Markmið þessa hluta er að skýra vöxt og áhrif félaga og félagsshreyfinga í íslensku samfélagi og hlutverk þeirra í lýðræðisþróun og við að skapa almenningi sterkari stöðu gagnvart valdhöfum innan stækkandi almannarýmis. Þessi hluti brúar bilið milli almennrar samfélagslýsingar annars hluta og afmarkaðri umfjöllunar um þróun samfélags, félagastarfs og lýðræðis á Austurlandi, sem er viðfangsefni fjórða hluta.

Þessi hluti skiptist í þrjá kafla. Í fyrsta kafla eru tilkoma og vöxtur félaga og félagsshreyfinga á Íslandi frá því um miðja 19. öld og fram á upphaf 20. aldar skýrð og rædd með hliðsjón af kenningu Jürgen Habermas um almannarými. Hugað er að þeim félagslegu þáttum sem sköpuðu forsendur fyrir vexti félagastarfs og gerður samanburður á þróun á Íslandi og á Norðurlöndum. Annar kafli snýst um félags- og menningarleg áhrif nærsamfélaga á einstaklinga. Þar er sjónum einkum beint að heimilunum, bæði heimilismenningu og valdaafstæðum innan heimila. Í þriðja kafla er svo fjallað um stjórnmalastarf, aðgengi að því og áhrif félagslegrar stöðu fólks á umgengni forystumanna samfélagsins við það á vettvangi lýðræðis. Að lokum er leitast við að skýra þróun íslenska almannarýmisins á síðari helmingi rannsóknartímans.

3.1 Almennarýmið: félög og félagsshreyfingar

Hugtakið „almannarými“ (e. *public sphere*, þ. *Öffentlichkeit*) er hugarsmið þýska félagsfræðingsins og heimspekingins Jürgen Habermas. Hugtakið birtist fyrst í bók hans *Strukturwandel der Öffentlichkeit. Untersuchungen zu einer Kategorie der bürgerlichen Gesellschaft*, sem kom út árið 1962. Enska þýðing bókarinnar kom ekki út fyrr en árið 1989 og nefndist þá *The Structural Transformation of the Public Sphere – An Inquiry into a Category of Bourgeois Society*. Í kjölfar þeirrar útgáfu fékk hugtakið stóruauna athygli fræðimanna.

Almannarýmið er félagslegt rými sem myndast á milli almennings og stjórnvalda, þar sem fólk ræðir og beitir sér fyrir ákveðnum samfélagslegum málefnum og gerist fulltrúar almannavilja í þeim efnum.³¹⁴ Meginmarkmið Habermas var að smíða kenningu eða fræðilegt líkan (ídealtýpu) um borgaralegt alrými í Bretlandi, Frakklandi og Þýskalandi á 18. og 19. öld og hvaða forsendur yrðu að vera til staðar til að slík rými gætu skapast, vaxið og haft áhrif í samfélögum. Kenningin er fremur ídeallísk en empírísk þó hún byggir á empírískum rannsóknum. Hugmyndin að baki kenningu Habermas um almannarými hefur verið greind svo að fyrir honum hafi vakað: „interest in a communicative ideal that later would provide the core normative standard for his moral-political theory: the idea of inclusive critical discussion, free of social and economic pressures, in which interlocutors treat each other as equals in a cooperative attempt to reach an understanding on matters of common concern.“³¹⁵ Sjálfur lýsti Habermas notagildi hugtaksins „almannarými“ með eftirfarandi hætti: „The concept of the public sphere, *Öffentlichkeit*, is meant as an analytical tool for ordering certain phenomena and placing them in a particular context as part of a categorical frame.“³¹⁶

Empírískar forsendur kenningar Habermas um almannarýmið eru sprottnar úr greiningu hans á óformlegum pólitískum umræðum í salónum, kaffihúsum, klúbbum og fréttablöðum. Habermas rannsakaði slíka vettvanga fyrir borgara til að ræða samfélagsmál, sem sköpuðu rými utan hins hefðbundna stjórnmalavettvangs. Þátttakendur fræddu hver annan og mynduðu sér skoðanir sem síðan var veitt eftir ýmsum leiðum inn á hið pólitíska svið. Habermas kom því skýrt á framfæri að verk hans byggði á rannsókn á borgarasamfélögum en almannarými dreifbýlissamfélaga (e. *plebeian*

³¹⁴ Habermas, *The Structural Transformation of the Public Sphere*, 27–31, 79–88, 175–180; Eley, „Nations, Publics, and Political Cultures“, 290.

³¹⁵ Bohman og Rehg, „Jürgen Habermas.“

³¹⁶ Habermas, „Concluding Remarks“, 462.

public sphere) væri áhrifaminni breyta.³¹⁷ Hann hélt því fram að almannarými byggði tilvist sína á almennu aðgengi. Því væri ekki hægt að tala um almannarými þar sem ákveðnir þjóðfélagshópar væru útilokaðir frá þátttöku. „The public sphere of civil society stood or fell with the principle of universal access. A public sphere from which specific groups would be *eo ipso* excluded was less than merely incomplete; it was not a public sphere at all.“³¹⁸ Þessi lýsing Habermas hefur verið gagnrýnd á empírískum forsendum fyrir að þau almannarými sem hans eigin rannsóknir byggðu á hafi einmitt ekki verið opin, heldur hafi þátttaka í þeim einskorðast við velstæða og velmenntaða karla.³¹⁹ Þrátt fyrir gagnrýni hefur hugtakið almannarými unnið sér sess í fræðunum og verið beitt í mörgum rannsóknum í hug- og félagsvísindum.

Almannarými í Evrópu spiluðu stóran þátt í lýðræðisákalli 19. aldar þar sem m.a. var gerð krafa um ríkisstjórn sem byggði á kjörnum fulltrúum, frjálslyndri stjórnarskrá, málfrelsi, ritfrelsi, félagafrelsi, prentfrelsi o.fl. Bresk-bandaríski sagnfræðingurinn Geoff Eley álitur að tilkoma almannarýmis hafi valdið breytingum á félagslegum tengslum, skapað nýjar samfélagslegar stofnanir og breytt umræðu um félagsleg, menningarleg og pólitísk málefni. Hann telur að almannarýmið megi tengja við vaxandi þéttbýlissamfélög og við nýja innviði félagslegra samskipta, þ.e. blaðautgáfu, aukningu í öðru útgáfustarfi, meiri lestur almennings, meiri samgang fólks, aukin samskipti o.fl. Eley hélt því fram að „fólkið“ (e. *the public*) væri ekki einsleitur hópur heldur margir hópar og þegar rætt væri um almannarými borgarasamfélaga væru margir skildir útundan, t.d. konur, verkafólk, sveitafólk, útlendingar, fátækt fólk o.fl. Habermas gat þess sjálfur, í grein sem birtist í sama riti og gagnrýni Eleys kom fram, að áður nefndir hópar væru jaðarsettir í almannarými en hann benti jafnframt á að sú jaðarsetning væri ekki endilega af sömu rót runnin.³²⁰

Óhjákvæmilegt er að horfa til valdaafstæðna í samfélögum, hverjir voru ráðandi og hverjir undirskipaðir, hvort heldur er í efnahagslegu, félagslegu, menningarlegu eða pólitísku tilliti þegar leitast er við að greina almannarými og útskýra virkni þeirra. Eley gagnrýndi Habermas fyrir að skipta fólki í hópa eins og menntað/ómenntað og læst/ólæst því slík flokkun væri ónákvæm. Þó í mörgum tilvikum hafi verið auðvelt fyrir herra setta að hafa stjórn á lægra settum ætti það alls ekki við alla því þar hafi líka verið að finna róttæklinga og vel lesna (sjálfmenntaða) einstaklinga. Í meginatriðum er sú gagnrýni sem almannarými Habermas hefur fengið frá fræðimönnum í samræmi við það sem hér er vitnað til (frá Geoff Eley), þ.e. að hann hunsi konur og sveita- og dreifbýlissamfélög en einskorði sig við karla í borgarastétt. Habermas gekkst við því að almannarými sveitasamfélaga hefðu orðið útundan í skrifum sínum en hann áleit að kenning sín væri engu að síður gagnleg við greiningu á sveitasamfélögum, væri tillit tekið til ólíkrar félagsgerðar.³²¹

Þar sem efni þessarar rannsóknar er að mestu íslenskt sveitasamfélag 19. aldar kann að virðast langsótt að styðjast við kenningar Habermas um almannarýmið. Þó ber að hafa í huga að rannsóknin tekur einnig til vaxandi þéttbýlissamfélaga á Íslandi undir lok 19. aldar þar sem til staðar voru borgarar sem voru áhrifamiklir, ekki aðeins í þéttbýlinu heldur einnig í sveitunum í nágrenninu. Íslenskar sveitir og bæir á rannsóknartímanum voru undir augljósum áhrifum hvort frá öðru. Þó almannarými í Englandi og Frakklandi hafi að mestu verið bundin við borgir og bæi fram eftir 19. öld var sveitafólk á Norðurlöndum líka virkir þátttakendur í almannarýminu í sínum

³¹⁷ Habermas, *The Structural Transformation of the Public Sphere*, 14–31, 57–67, 175–180; Pensky, „Historical and Intellectual contexts,” 22; Habermas, „Further Reflections on the Public Sphere,” 426–427.

³¹⁸ Habermas, *The Structural Transformation of the Public Sphere*, 85.

³¹⁹ Hohendahl, „The Public Sphere,” 102.

³²⁰ Eley, „Nations, Publics, and Political Cultures,” 290–291, 305–308, 325–326; Habermas, „Further Reflections on the Public Sphere,” 426–427.

³²¹ Eley, „Nations, Publics, and Political Cultures,” 290–291, 305–308, 325–326; Habermas, „Further Reflections on the Public Sphere,” 426.

löndum. „The peasant figure created by the intellectuals and the clergy in *Norden* was not just a Romantic construction with no relation to the real world; he was an increasingly active participant in economic and political processes. In most other parts of Europe he was basically a rhetorical, even Utopian, figure. There he was excluded from political processes. He was rendered harmless and then revitalized through rhetoric.“³²²

3.1.1 Félagastarf um miðja 19. öld

Þó Þjóðfundurinn árið 1851 skilaði ekki tilætluðum árangri þá varð undirbúningur hans fyrirmynd íslenskra stjórnmálahreyfinga næstu áratugina, þ.e. að samtök voru mynduð í einstökum héruðum og þau mótuðu kröfugerð sem síðan hlaut lögmæti á Þingvallafundum.³²³ Því hefur verið haldið fram að endurreisn Alþingis 1843/1845 og þjóðfundurinn 1851 marki upphaf eiginlegs stjórnmálastarfs á Íslandi því að í framhaldinu fari landsmenn að stofna félög sem höfðu bæði samfélagsleg og hagræn markmið, t.d. búnaðar- og samvinnufélaga bænda. Þó fyrirmynd félagasamtaka væri þá komin fram, og ýmsar tilraunir gerðar til stofnunar félaga á sjötta áratugnum, varð stofnun og starfsemi félaga ekki samfelld, útbreidd og öflug fyrr en undir lok 19. aldar. Flest þeirra félaga sem voru stofnuð upp úr miðri 19. öld urðu skammlíf og árangur af starfi þeirra er óljós.³²⁴

Árið 1844 birtist í *Nýjum félagsritum* greinin „Um félagsskap og samtök“ eftir útgefandann, Jón Sigurðsson. Þetta var hugvekja og hvatning til Íslendinga að taka félagsformið til almennra nota, til gagns fyrir land og lýð. Greinin lýsti einnig félagslífi þessa tíma, bæði beint og óbeint. Augljós tilgangur Jóns var að efla samstöðu til að styrkja kröfugerð um aukið þjóðfrelsi til handa Íslendingum. Í þeim efnum taldi Jón skipta mestu að koma á fót félögum sem miðuðu að því að bæta landstjórnina. Félög hefðu líka hagrænan tilgang og gætu komið ýmsu til leiðar í nærsamfélögum enda engin takmörk fyrir því um hvað stofna mætti félög. Öllum félögum yrði að fylgja funda- og samkomuhald þar sem menn ættu þess kost að ræða frjállega um málefni. Stærri og fjölmennari samkomur væru líklegri til að vera til gagns og skemmtunar.³²⁵ Jón hélt því fram að á Íslandi væri rótgróin vantrú á gagnsemi félagsskapar. Hann tengdi styrk félagastarfs við lýðfrelsi – því öflugra félagastarf sem þjóðir væru frjálssari. Þar sem félagsstarf væri ekki til staðar einblíndi fólk á ráðamenn og stjórnendur og biði eftir að þeir sýndu framtak en sá hugsunarháttur yrði að víkja fyrir samtakamætti og meiri félagslegri virkni. Strjálbýli á Íslandi væri haldið fram sem ástæða þess að menn hittust ekki á fundum til að ræða mál er á þeim brynnu, en Jón benti á að nota mætti kirkju- og kaupstaðiferðir og hreppsfunði til að ræða ýmis málefni. Hann gagnrýndi landa sína fyrir íhaldssemi og fákunnáttu um eigin möguleika til að stuðla að breytingum. Meginorsök þess væri skortur á samheldni.³²⁶ „Menn hafa lengi verið vanir að sitja hverr á sinni þúfu, og þakka guði þegar þeir hafa getað haldið sér og sínum við, nokkurn veginn neyðarlaust, en lengra hafa fáir hugsað.“³²⁷ Þrátt fyrir þessa brýningu Jóns Sigurðssonar og greinar eftir hann og aðra í *Nýjum félagsritum* á fimmta og sjötta áratug 19. aldar gekk hægt að festa félagaformið í sessi á Íslandi. Þessara skrifa Jóns er þó vert að geta hér vegna þess hve minning Jón Sigurðssonar var ofarlega í huga margra Íslendinga eftir dauða hans (árið 1879) og hve algengt var lengi á eftir að menn leituðust í opinberri umræðu við að styrkja mál sitt með vísunum í Jón.³²⁸

³²² Sørensen og Stråth, „Introduction,“ 3–4.

³²³ Guðmundur Hálfðanarson, „Íslensk þjóðfélagsþróun á 19. öld,“ 27–34.

³²⁴ Ingi Sigurðsson og Loftur Guttormsson, „Inngangur,“ 15.

³²⁵ Jón Sigurðsson, „Um félagskap og samtök,“ 22–26.

³²⁶ Jón Sigurðsson, „Um félagskap og samtök,“ 4–8, 12, 18–19, 21–22.

³²⁷ Jón Sigurðsson, „Um félagskap og samtök,“ 19.

³²⁸ Páll Björnsson, *Jón forseti allur?* 79–102, 213–238.

Löggjöf varðandi félög í Danmörku og á Íslandi, sem í gildi var um miðja 19. öld, fólst meira í afskiptaleyfi af félögum en afskiptum. Í báðum löndum gildi þá konungleg tilskipun frá árinu 1780 um eftirlit með klúbbum en henni var líklega aldrei beitt á Íslandi. Á fyrri hluta 19. aldar voru flest þekkt félög á Íslandi nátengd innlendum valdsmönnum og því ólíklegt að hagsmunaaðreksrar hafi orðið við stjórnvöld. Áhyggjur þeirra sem vildu nýta félagsformið voru fram eftir öldinni meiri af dugleysi landsmanna við stofnun og starfrækslu félaga en af andstöðu yfirvalda.³²⁹ Ágæta lýsingu á erfiðleikum við að koma á fót og viðhalda félögum um miðja 19. öld má sjá í skrifum Eiríks Eiríkssonar (1828–1893) um lífnaðarhætti í Skagafirði:

Félagsleg samtök má segja væri óþekkt með öllu á hinum fyrri tíma. Menn höfðu litla hugmynd um, að slík samtök gætu verið til hagnaðar. Og þá stöku menn fóru að leitast við að hlynna að félagssskapar tilraunum, sýndi það sig, að þeir bændur, sem vanalega voru sjálfstæðastir að efnahag, vildu hliðra sér einna mest hjá að vera riðnir við félagssskapinn. Það var eigi fyrri en á árunum 1853, að fyrst fór að bóla á samtökum í verzlunarlegu tilliti.... Að öðru leyti voru félagsleg samtök lengi vel harla dauf. Það munu hafa verið Húnvetningar – einkum í Svínatnshreppi – sem einna fyrst komu upp jarðabótafélagi. Um sama leyti komust á lestrarfélög á stöku stöðum; hafa þau félög átt örðuga uppkomu og á sumum stöðum dáið út.³³⁰

Um miðja 19. öld var frjálst félagastarf óverulegur þáttur í íslensku þjóðlífi. Hefðir fyrir samtökum og félagssskap skorti og ef marka má skrif Jóns Sigurðssonar og annarra greinahöfunda sem rituðu um þessi efni um miðbik 19. aldar voru íhaldssemi og þekkingarskortur á gagnsemi félaga helstu hindranirnar í vegi þess að félagssskapur eflist.³³¹

Uppbygging félagastarfs gekk hægt framan af síðari helmingi 19. aldar og það var sumum umhugsunarefni, einkum m.t.t. vaxandi og öflugs félagsstarfs í nágrannalöndum um sama leyti. Á fundi í Kvöldfélaginu í Reykjavík árið 1870 var það gert að sérstöku umræðuefni hví félög á Íslandi væru aðsópsminni en í nágrannalöndum. Yfirskrift umræðuefnis þessa fundar var: „Hverjar eru orsakir til að fjölög hjer á landi eru skammlífari og gjöra minna gagn hjer á landi en í útlöndum?“ Taldi frummælandi það skýrast af fátækt landsmanna og strjálbýli landsins en einn fundarmanna (Jón Ólafsson ritstjóri) andmælti þeirri skoðun og hélt því fram að: „Íslendingar hafa engan vilja til neins er snertir neitt einstaklegt. Enginn lítur á annara hag en sinn eigin.“³³² Hvað nákvæmlega fólst í þeim orðum er ekki hægt að fullyrða. Þau virðast þó vísa til þess hugarfars sem Jón Sigurðsson lýsti árið 1844, og áður var vitnað til („að sitja hverr á sinni þúfu“) og miðaðist við að bera hag eigin heimilis fyrir brjósti en skeyta lítt um samfélagið þar fyrir utan. Þessu hugarfari lýsti ég í MA-ritgerð minni og kallaði *heimilishyggju*. Megininntaki hennar er þar lýst svo:

Heimilishyggjan gekk út frá því að heimilið myndaði miðpunktinn í tilveru hvers manns. Í þrengsta skilning má segja að í gegnum gleraugu heimilishyggjunnar hafi hver sveit verið samansafn lítið eða ótengdra eininga (heimilanna) sem lítil samvinna var á milli þó ýmsir hagsmunir væru sameiginlegir. Hvert heimili bjó að sínu og sjóndeildarhringur manna mótaðist eingöngu af mörkum eigin heimilis. Það sem gerðist utan heimilisins skipti almennt litlu máli. Af þessu leiddi að margir sáu ekki út fyrir túngarðinn og félagsleg virkni var lítil sem engin í mörgum sveitum. Eina félagslega virknin sem var almenn og útbreidd var þátttaka manna í starfi kirkjunnar.³³³

³²⁹ Hrefna Róbertsdóttir, *Reykjavíkurfélög*, 100.

³³⁰ Eiríkur Eiríksson, „Lífnaðarhættir Skagfirðinga á 19. öld,“ 103–104. Lýsing Þorkels Bjarnasonar er næsta samhljóma lýsingu Eiríks (sjá: Þorkell Bjarnason, „Fyrir 40 árum,“ 257).

³³¹ Gunnar Karlsson, *Frelsisbarátta Sudur-Þingeyinga og Jón á Gaultöndum*, 8–9.

³³² *Lbs.* 487 4to. Fundabók Kvöldfélagsins 1866–1871. 15. fundur, 20. maí 1870.

³³³ Hrafnkell Lárusson, *Í óráðri samtíð með óvissa framtíð*, 94.

Á síðasta fjórðungi 19. aldar varð róttæk breyting. Þá margfaldaðist fjöldi frjálsra félaga og samtaka og starfssvið þeirra breikkaði. Félagastarf, sem um og upp úr miðri 19. öld var nær eingöngu stundað af bændum, embættis- og menntamönnum, varð viðfangsefni fólks úr fleiri þjóðfélags-hópum. Félögin byggðu á lýðræðislegum grunni og yfirlýst markmið margra þeirra var að virkja nýja hópa til félagslegrar þátttöku, einkum ungt fólk. Víða voru stofnuð félög sem höfðu skýr og afmörkuð markmið sem beindust að því að horfa til framtíðar og bæta samfélagið – oftast nærsamfélagið. Áherslan var bæði á atvinnu- og menntamál sem og á félagslega samhjálp og bætt siðferði.³³⁴ Raunar virðist ekki hafa orðið afgerandi breyting í þessum efnum fyrr en á síðustu tveimur áratugum aldarinnar, ef marka má skrif í blaðinu *Fróða* á Akureyri árið 1880. Það ár birtist í þremur hlutum greinin „Um félagsskap“ (aðsend grein án tilgreinds höfundar). Í henni var hvatt til eflingar félagsstarfs, einkum í atvinnuskyni (í landbúnaði, sjávarútvegi og verslun) og gekk höfundur út frá því að öflugt félagastarf væri forsenda framfara. Hann taldi rótgróna vanahugsun landsmanna helstu hindrun félagsskapar en þjóðarheill væri undir því komin að hann eflist.³³⁵ Greinin í *Fróða* endurómar hvatningar frá miðri 19. öld og má af henni draga þá ályktun að lítið hafi breyst á þeim þremur áratugum sem síðan voru liðnir.

Það var ekki fyrr en undir lok 19. aldar sem skipulagðar félagshreyfingar tóku að myndast á Íslandi en þær höfðu þá starfað um allnokkurt skeið í nágrannalöndunum. Fyrsta bylgja félagastofnunar í Noregi reis um og upp úr 1850 og sú næsta, sem var stærri og varði lengur, kom um 1870 og náði betur til afskekktari byggða en hin fyrri. Um 1870 fóru kvenfélög að myndast og félög fóru þá almennt að hafa meira félagslegt og pólitískt yfirbragð. Á Norðurlöndunum urðu trúarleg félög og frikirkjur mun fyrirferðarmeiri í félagslífi en raunin varð á Íslandi. Megineinkenni flestra norrænna félaga og félagshreyfinga, annarra en trúarhreyfinga, voru hagrænar áherslur starfseminnar. Áhrifamáttur þeirra í nærsamfélaginu var helsti drifkrafturinn og félagsskapurinn sem slíkur var mikilvægur þáttur í að fá fólk til þátttöku. Starfsemi félaga ól af sér þjálfun í lýðræðislegum vinnubrögðum sem náði allt til þeirra lægst settu í samfélaginu. Í Danmörku höfðu t.d. skotfélög og fótboltafélög mikil áhrif í þeim efnum. Þar má líka gera ráð fyrir að búsetudreifing hafi hjálpað til við að efla starfsemi félaga – þar sem Danmörk er mun þéttbýlli en hin Norðurlöndin.³³⁶ Á Norðurlöndum áttu sér stað, á síðari helmingi 19. aldar, átök milli félaga og yfirvalda sem reyndu að hindra starfsemi sumra félaga. Eftir því sem leið á öldina urðu félögin pólitískari og félagshreyfingar með almennri þátttöku mynduðust og urðu áhrifamiklar. Þegar komið var fram á níunda áratug 19. aldar höfðu félagshreyfingar á Norðurlöndum náð þeim styrk að stjórnvöld áttu orðið erfitt með að hindra starf félaga sem voru þeim mótdræg.³³⁷

En þrátt fyrir að vöxtur félagastarfs á Íslandi upp úr miðri 19. öld væri nokkuð á eftir þróuninni í nágrannalöndunum, mátti þó finna svæði og héruð þar sem félagastarf var þá að skjóta varanlegum rótum. Dæmi um það voru Þingeyjarsýslur. Þingeyingar hafa verið álitnir öðrum landsmönnum fyrri til að taka félagiformið til almennra nota og stofna félög sem lifðu til lengri tíma og höfðu skýr samfélagsleg áhrif. Í bók Gunnars Karlssonar, *Frelsisbarátta Suður-Þingeyinga*, kemur fram að það voru einkum þrír málaflokkar sem brunnu á þátttakendum í félagastarfi í Suður-Þingeyjarsýslu um miðja 19. öld: stjórnsmál, búnaðarmál og verslunarmál. Þingeyisk félög um miðja 19. öld voru fyrst og fremst félög bænda og hverfðust um hagsmuni þeirra. Búnaðarfélög í Suður-Þingeyjarsýslu mynduðu félagslegan grunn sem annars konar félagastarf reis á.³³⁸

³³⁴ Hrafnkell Lárusson, *Í óræðri samtíð með óvissa framtíð*, 78–91, 143–146, 188–193.

³³⁵ „Um félagsskap (aðfengin grein),“ 31. mars 1880, d. 89.

³³⁶ Nielsen, *Bonde, stat og hjem*, 247, 253, 266–268, 282–283.

³³⁷ Hrefna Róbertsdóttir, *Reykjavíkurfélög*, 88–90.

³³⁸ Gunnar Karlsson, *Frelsisbarátta Suður-Þingeyinga og Jón á Gautlöndum*, 1–2, 81.

Ónafngreindur höfundur greinar í *Nýjum félagsritum* árið 1852 hvatti íslenska bændur til að stofna búnaðarfélög, en af skrifum hans að dæma voru þau þá fá í landinu og áttu almennt erfitt uppdráttar. Höfundur studdi mál sitt með dæmum um gagnsemi slíkra félaga í Bretlandi þar sem þakka mátti félagsskap og samtökum vöxt landbúnaðarins undangengna öld. Sérstaka áherslu lagði hann á fundi félaganna sem bæði væru vettvangur umræðu og upplýsingar fyrir félagsmenn.³³⁹ Af lokaorðum greinarinnar má sjá hvaða möguleika höfundur taldi félög eiga, m.t.t. til samfélagsaðstæðna og almenns hugarfars á Íslandi, sem einkenndist af rótgróinni heimilis- og átthagahyggi. „Það er ekki ólíklegt, eptir því sem á stendur á Íslandi, að búnaðarfélög geti vakið mestan og jafnastan áhuga hjá alþýðu með því, að taka sér ekki meira fyrir en eina sveit. Það kemur að vorri hyggi af tveimur orsökum einkanlega: annari, að svo örðugt er um samgaungur milli héraða; annari, að margir hafa rækt við sveit sína, eða sýslu, en fáir láta sér umhugað um að meta mest gagn *alls landsins*.“³⁴⁰

Greinarhöfundur gagnrýndi eldri íslensk búnaðarfélög fyrir miðstýringu og að hafa ekki verið almenn félög nema að nafninu til. En hann benti einnig á dæmi um nýlegt félag sem almenn þátttaka væri í. Því félagi væri stýrt lýðræðislega og vænti höfundur þess að það myndi eiga langa framtíð – sem varð og raunin. Félagið sem um ræðir var Jarðabótafélagið í Vopnafirði sem stofnað var árið 1850. Annað búnaðarfélag var raunar stofnað á Austurlandi nokkrum árum fyrr. Það var Búbótafélagið í Fljótsdal sem stofnað var upp úr miðjum fimmta áratug 19. aldar (á árunum 1846–1848) og er það félag talið annað fyrsta búnaðarfélag landsins.³⁴¹

Gunnar Karlsson hélt því fram að sýslufundir Þingeyinga hefðu verið fyrirrennari þróttmeira stjórn mála- og félagastarfs sem reis þar á níunda áratug 19. aldar og taldi hann mörg rök hníga að því að marka kaflaskil við árið 1880. „Áður var fundastarf um stjórn mál einkum fólgið í sýslufundum þar sem fjallað var um stjórn mál og búnaðarmál jöfnum höndum, og töldust verslunarmál þá meðal búnaðarmála. Um 1880 komst á sú regla að halda sérstaka þingmálafundi fyrir hvert þing þar sem eingöngu var fjallað um alþingismálefni.“³⁴² Búnaðarmál fluttust þá inn í búnaðarfélög. Þau sem stofnuð voru fyrir 1880 voru flest fremur áhrifalítill og framfarir sem þau stóðu fyrir hægar. En búnaðarfélögin efdust til muna víða um land eftir 1880 og fjölmörg voru stofnuð á árabílinu 1880–1889. Árni Daníel Júlíusson telur það stafa af aukinni búfræðimenntun, en búnaðarskólar voru stofnaðir í Ólafsdal, á Hólum, Eiðum og Hvanneyri á áttunda og níunda áratug 19. aldar.³⁴³ Prestar voru áberandi í forystu búnaðarfélaga framan en forystan færðist smám saman til óbreyttra bænda. Fyrsti formaður Búnaðarfélags Íslands (stofnað árið 1899) var Þórhallur Bjarnarson síðar biskup Íslands.³⁴⁴

3.1.2 Uppgangur félaga undir lok 19. aldar

Í þessari rannsókn er einkum horft til lýðræðisþróunar og félagastarfs í Múlasýslum en óhjákvæmilegt er að taka einnig tillit til samsvarandi þróunar annars staðar á landinu, einkum í nágrannasýslum Múlasýslna; Þingeyjarsýslum og Austur-Skaftafellssýslu. Vel þekkt er sú tilgáta Gunnars Karlssonar sem hann setti fram í doktorsritgerð sinni að skýringa á styrk félagastarfs og bóklegar menningar í Þingeyjarsýslum og á Austurlandi á síðari hluta 19. aldar sé að leita í því að karlmenn þaðan hafi lítt sótt sjóróðra suður á land á vetrum, ólíkt því sem tíðkaðist víða annars

³³⁹ ÷ 3, „Um búnaðarfélög,“ 150–157.

³⁴⁰ ÷ 3, „Um búnaðarfélög,“ 166.

³⁴¹ ÷ 3, „Um búnaðarfélög,“ 164–166; Helgi Hallgrímsson, *Fljótsdæla*, 287–288.

³⁴² Gunnar Karlsson, *Frelsisbarátta Suður-Þingeyinga og Jón á Gautlöndum*, 147.

³⁴³ Árni Daníel Júlíusson, *Bændur og nútími*, 143.

³⁴⁴ Pétur Pétursson, *Church and Social Change*, 105–106; Gunnar Karlsson, *Frelsisbarátta Suður-Þingeyinga og Jón á Gautlöndum*, 357.

staðar á landinu. Þeir voru því heima yfir veturinn og gátu nýtt tíma til félagastarfs og bóklestrar þegar vetrarveður og myrkur takmörkuðu útivinnu. Með því að vera heima létu þeir líka vinnuálagi af öðru heimilisfólki. Annar mögulegur hvati voru ferðir útlendinga til Íslands á 19. öld, sem kunna að hafa aukið áhuga á erlendum tungumálum og menningu, og nýjar hugmyndir sem bárust til Íslands með bréfum vesturfara.³⁴⁵

Félög og félagshreyfingar settu mikinn svip á samfélagsþróun á Íslandi undir lok 19. aldar og í byrjun 20. aldar. Upp úr 1880 fór íslenskur almenningur ekki aðeins í vaxandi mæli að taka þátt í starfsemi félaga heldur einnig að hafa frumkvæði að stofnun þeirra. Þeim félögum var jafnan ætlað að stuðla að einhvers konar samfélagslegum framförum. Áður jaðarsettir þjóðfélagshópar fengu rödd innan félaga og gátu látið meira til sín taka í samfélaginu. Starf félaga var þáttur í lýðræðisþróun, veitti almenningi aukna möguleika á þátttöku í almannarýminu og dró úr áhrifum embættismanna í því. Ingi Sigurðsson hefur bent á að þegar kom að stofnun og starfsemi félaga hafi víða orðið til ákveðin keðjuverkun. Fólk sem tók þátt í starfi eins félags var líklegt til að taka þátt í fleirum, sem flýtti útbreiðslu þekkingar á félagastarfi. Fólk með félagsmálareynslu gat miðlað henni til reynsluminna félagsfólks og gert það betur undirbúið til þátttöku bæði í félögum og alþjóðlegum félagshreyfingum, t.d. bindindis-, ungmenna-, og kvenréttindahreyfingum.³⁴⁶

Árið 1874 fékk Ísland stjórnarskrá sem m.a. innihélt ákvæði um félagafrelsi. Áður var stofnun og starfræksla félaga þó ekki bönnuð enda fjöldi félaga stofnaður fyrir þann tíma. Árið 1874 átti sér einnig stað viðburður sem margir samtímamenn minntust síðar sem tímamóta í íslensku samfélagi. Það voru hátíðahöldin í tilefni af 1000 ára afmæli Íslandsbyggðar. Samtímaheimildir herma að fólk hafi litið svo á að með þessum tímamótum væri nýtt tímabil að hefjast í sögu landsins.³⁴⁷ Líklegt má telja að slíkar hugmyndir hafi orkað hvað sterkast á ungt fólk og haft áhrif á framtíðarsýn þess. En það voru líka blikur á lofti. Öskjugos varð árið 1875 með miklum búsisfjum, einkum í Þingeyjar- og Múlasýslum, og níundi áratugur 19. aldar einkenndist af harðærum. Fyrsti stóri hópur vesturfara fór frá Akureyri árið 1873, en fjöldi fólks frá Norðaustur- og Austurlandi fluttist burt á fyrstu árum vesturferðanna. Í kjölfar Öskjugoss jukust fólksflutningar til Vesturheims til muna og náðu hámarki í harðindakaflanum á níunda áratugnum. Nýjar hugmyndir, m.a. um félags- og atvinnulíf, bárust til Íslands með bréfum vesturfara sem sum voru birt í prentuðum blöðum.³⁴⁸ Líklegt er að þessi bréf hafi haft tvíbent áhrif. Annars vegar ýttu mörg þeirra undir flutning fólks vestur um haf en á hinn bóginn bárust með Ameríkubréfunum hagnýtar upplýsingar sem gátu virkað sem hvatning til viðspyrnu og framkvæmda á Íslandi, en eins og Úlfar Bragason bókmenntafræðingur hefur bent á voru frásagnir af nýjungum og mismun milli nýja landsins og heimalandsins meðal einkennandi þátta Ameríkubréfa.³⁴⁹

Með nokkurri einföldun má lýsa mismun á félagastarfi í þéttbýli og dreifbýli á Íslandi um aldamótin 1900 svo að í dreifbýlinu hafi búnaðarfélög, lestrarfélög og kvenfélög verið einkennandi en bindindisfélög, verkalyðsfélög og ýmis konar trúarleg félög í þéttbýlinu.³⁵⁰ Félög í stærri kaupstöðum, einkum Reykjavík, voru almennt sérhæfðari en samsvarandi félög í dreifbýli og í Reykjavíkurfélögunum varð fremur vart félagslegrar aðgreiningar eftir samfélagsstöðu. Flokkun og skilgreining félaga er þó ekki einhlít og hefur Hrefna Róbertsdóttir sagnfræðingur bent á að

³⁴⁵ Gunnar Karlsson, *Frelsisbarátta Suður-Þingeyinga og Jón á Gautlöndum*, 378–381.

³⁴⁶ Ingi Sigurðsson, *Erlendir straumar og íslenskt viðhorf*, 16, 54–55.

³⁴⁷ Sjá t.d.: Gunnar Karlsson, „Upphafsskeið þjóðríkismyndunar 1830–1874“, 301–303; Halldór Stefánsson, „Þættir úr sögu Austurlands á 19. öld“, 78–79; Hannes Þorsteinsson, „Þjóðólfur 1848 – 5. nóv. – 1898“, 5. nóvember 1898, 205; *Bernskumminningar Kristins á Núpi*, 107.

³⁴⁸ Gunnar Karlsson, „Atvinnubylting og ríkismyndun“, 20–33; Árni Daníel Júlíusson, *Bandur og nútími*, 32–36.

³⁴⁹ Úlfar Bragason, *Frelsi, menning, framför*, 118.

³⁵⁰ Ingi Sigurðsson og Loftur Guttormsson, „Inngangur“, 32–33.

raunsærra sé að horfa á félög á hverju svæði sem heild til að fá víðari yfirsýn yfir virkni þeirra og samfélagslegt hlutverk, fremur en að einblína á einstök félög.³⁵¹ Undir þetta viðhorf má taka enda áður bent á að sama fólkið var víða starfandi í fleiru en einu félagi. Þó starfsemi einstakra félaga megi skoða sem afmarkað rými dregur það úr ályktunargildinu, í samhengi við það samfélag sem félagið starfar í, ef ekki er tekið tillit til áhrifa annarra rýma og félagslegra þátta á viðkomandi félag.

Af þeim félögum sem helst einkenndu íslenskt félagastarf á rannsóknartímanum hefur þegar verið rætt um búnaðarfélög. Nánari umfjöllun um bindindis- og ungmennafélög er að finna í kafla 3.1.4 og um lestrarfélög í tengslum við heimilismenningu (kafla 3.2.2). Um trúfélög (utan þjóðkirkjunnar) er ekki fjallað sérstaklega enda ekki áhrifamikil á Austurlandi á tímabilinu, ef frá eru taldir friðkirkjusöfnuðir sem rætt verður um í fjórða hluta. Hér verður hugað að kvenfélögum, sem flest höfðu víðfeðmt starfssvið, en þó jafnan með ríkri áherslu á velferðarmál og fræðslu, og að upphafi verkalýðsfélaga.

Fyrsta kvenfélagið á Íslandi var stofnað á Ási í Hegranesi í Skagafirði árið 1869. Fram undir aldamót voru konur almennt lítið áberandi í félagastarfi og það þarf því ekki að undra að konurnar sem stofnuðu kvenfélagið í Skagafirði teldu sig þurfa að skýra gerðir sínar opinberlega og reyna að afla fylgis við þær.³⁵² Markmið fyrstu kvenfélaganna var fremur að efla samvinnu og félagsskap meðal kvenna en að berjast fyrir auknum lagalegum réttindum. Erla Hulda Halldórsdóttir segir að kvenfélög í sveitum hafi á ýmsan hátt verið hliðstæð búnaðar- og ungmennafélögum. Þau voru samfélagsmiðaðri en kvenfélög í Reykjavík og lögðu meira upp úr almennum framfara- og velferðarmálum. Þéttbýlis-kvenfélög sinntu fremur sértækari málum og réttindabaráttu og lögðu meiri áherslu á einstaklinginn. Kvenfélögum í byrjun 20. aldar hefur verið skipt í fjóra flokka út frá starfsáherslum. „Í fyrsta lagi líknar- og góðgerðarfélög, en undir þá skilgreiningu falla nánast öll félögin. Í öðru lagi eru hjúkrunarfélög ... Í þriðja lagi voru stofnuð iðnfélög til eflingar íslensku heimilisiðnaði og í fjórða lagi kvenréttindafélög.“³⁵³ Þó réttindabarátta kvenna væri mest áberandi í bæjum landsins undir lok 19. aldar bárust kröfur um jafnrétti kynjanna líka úr sveitunum. Má í því sambandi nefna Þjóðlið Þingeyinga, sem stofnað var árið 1884, af þingeyiskum konum og körlum. Í frumskrá þess var ákvæði um að stefnt skyldi að pólitísku jafnrétti karla og kvenna og að undirlagi Þjóðliðsins samþykkti þingmálafundur í Suður-Þingeyjarsýslu árið 1885 áskorun til Alþingis um að lögleiða jafnan kosningarétt karla og kvenna sem ekki væru hjú.³⁵⁴

Þó baráttumál kvenfélaga í þéttbýli og dreifbýli væru oftast samsvarandi fóru hagsmunir ekki alltaf saman. Annað var það að sveita-kvenfélög voru yfirleitt félög allra kvenna meðan mörg þéttbýlis-kvenfélög voru heldri-kvenna-félög. Aðgreining innan dreifbýlisfélaga var þó einnig þekkt og segir Erla Hulda Halldórsdóttir til dæmi um kvenfélög þar sem eiginkonur embættismanna réðu lögum og lofum til langs tíma.³⁵⁵ Innan kvenfélaga á 19. öld var almenn áhersla á menntun kvenna, bæði formlega og óformlega fræðslu. Konurnar í Skagafirði sem stofnuðu fyrsta kvenfélagið litu t.a.m. á fundahöld sem slík sem lið í nauðsynlegri (jafningja)fræðslu.³⁵⁶ Áherslan framan af var á að þjálfar konur í að vera virkari þátttakendur í almannarýminu. Breyting fór að verða á þessu þegar kom fram að aldamótum og einkum þó á öðrum og þriðja áratug 20. aldar, en þá varð húsmæðrafræðsla meira áberandi. Mörg þeirra réttinda sem barist var fyrir í byrjun 20. aldar höfðu þá fengist og eldri félög ýttu þá réttindabaráttunni til hliðar og þau yngri höfðu aðrar áherslur. Áherslan á stöðu kvenna sem húsmæðra var þó líka fyrirferðarmikil í umræðunni á 19.

³⁵¹ Hrefna Róbertsdóttir, *Reykjavíkurfélög*, 22–25.

³⁵² Erla Hulda Halldórsdóttir, „Fræðslu- og menntaviðleitni kvenfélaga 1870–1930,“ 276–277, 280–281, 289–290.

³⁵³ Erla Hulda Halldórsdóttir, „Fræðslu- og menntaviðleitni kvenfélaga 1870–1930,“ 271.

³⁵⁴ Auður Styrkarsdóttir, „Forspjall,“ 43.

³⁵⁵ Erla Hulda Halldórsdóttir, „Fræðslu- og menntaviðleitni kvenfélaga 1870–1930,“ 276–277, 280–281, 289–290.

³⁵⁶ Erla Hulda Halldórsdóttir, *Nú tíman er konur*, 175.

öld. Erla Hulda getur fyrirlestrar sem Sigurlaug Gunnarsdóttir frá Ási í Hegranesi, ein af forvígiskonum fyrsta íslenska kvenfélagsins, flutti árið 1897. Í honum kom skýrt fram sú skoðun Sigurlaugar að aukin menntun kvenna ætti einungis að miða að því að gera þær að betri mæðrum og húsmæðrum. Aukin pólitísk réttindi kvenna voru varhugaverð að mati Sigurlaugar og hún lagðist gegn því að unglingsstúlkur færu í kvennaskóla því námið þar hefði aðallega tískugildi. Betur færi á því að þær lærðu af mæðrum sínum heima fyrir.³⁵⁷ Hvatning til aukinnar þátttöku í almanna-rýminu og þjálfun í opinberri tjáningu var því ekki endilega spyrnt saman við baráttu fyrir auknum þegnrétti eða tilburði til þátttöku í stjórnmálum.

Valgerður Þorsteinsdóttir, skólastýra kvennaskólans á Laugalandi í Eyjafirði, ræddi árið 1895 stöðu kvennaskóla og mótdrægni sem Laugalandsskólinn hafði mætt, í bréfi til Einars Jónssonar prests í Kirkjubæ í Hróarstungu. Hún lýsti áhyggjum af því ef skólinn yrði fluttur til Akureyrar því þá yrði skólalífið ekkert þar sem námsmeyjar myndu búa dreift um bæinn. En það var annað sem olli Valgerði enn meiri áhyggjum ef yrði af fyrirhuguðum flutningi skólans. „Með þessu móti myndu auðvitað hverfa margar góðar og gamlar venjur úr sveitinni, t.d. húslestur og kirkjurækni, því í kaupstaðnum er sunnudagurinn rjettkallaður frelsisdagur og skemmtana.“³⁵⁸ Í kaupstaðarskóla fengu stúlkurnar tæplega ást og virðingu fyrir sveitalífinu, sem af orðum Valgerðar að dæma var einn megintilgangurinn með starfsemi kvennaskóla. Hún leitaði því liðsinnis Einars, sem þá var alþingismaður Norður-Múlasýslu, við að beita sér á Alþingi gegn flutningi skólans til Akureyrar.

Allt frá árinu 1869 voru stofnsett kvenfélög víða um land en líkt og bindindisfélögin, sem voru forverar góðtemplara, mynduðu kvenfélögin ekki félagshreyfingu fyrr en alllöngu síðar. Hið íslenska kvenfélag, sem stofnað var árið 1894, var fyrsta kvenréttindafélagið en Kvenréttindafélag Íslands var stofnað árið 1907. Á áttunda áratug 19. aldar voru fjórir kvennaskólar stofnaðir (í Reykjavík, Eyjafirði, Skagafirði og Húnavatnssýslu) og margar forystukonur íslenskrar kvenna-hreyfingar undir lok 19. aldar höfðu gengið í kvennaskólana.³⁵⁹ Íslenska kvennahreyfingin var ekki andstæð körlum heldur leitaði hún samstarfs við þá enda studdu sumir karlar hreyfinguna. Kröfur kvenna um frelsi og jafnrétti urðu t.a.m. tíður dagskrárliður á þingmálafundum víða um land undir lok 19. aldar. Á þeim tíma voru slíkir fundir jafnan eingöngu sóttir af kjósendum (körlum). Kvenna-hreyfingin var því ekki utangarðshreyfing í byrjun 20. aldar heldur hluti breiðrar alþýðuhreyfingar í landinu, sem risið hafði á grunni frjálslyndrar stefnu og barðist fyrir þjóðréttindum og einstaklingsfrelsi.³⁶⁰ Kvennahreyfingin barðist ekki aðeins fyrir réttarbótum og félagslegum jöfnuði heldur hvatti hún einstaklingana til aukins þroska og meiri þátttöku í samfélaginu.

Þó Alþýðusamband Íslands (ASÍ) væri ekki stofnað fyrr en árið 1916, ári eftir síðari mörk tímaramma þessarar rannsóknar, átti stofnun þess sér nokkurn aðdraganda sem teygir sig vel aftur fyrir aldamótin 1900 með stofnun fyrstu stéttarfélaganna. Verkalýðshreyfing á Norðurlöndunum mótaðist mjög af þróuninni í Þýskalandi. Þar var jafnaðarmannaflokkur stofnaður árið 1875 (með samruna eldri hreyfinga) og alþýðusamband fyrir allt Þýskaland árið 1890. „Þýska hreyfingin byggði á hugmyndum um stéttaandstæður, sósíalisma og sérstakt skipulag á verkalýðshreyfingunni, stjórnmálaflokk sem leiddi baráttuna og verkalýðsfélög sem sameinuðu verkafólk.“³⁶¹ Á níunda áratug 19. aldar efldist dönsk verkalýðshreyfing til muna og um 1900 höfðu verkamenn í helstu iðngreinum skipulagt sig í stéttarfélögum.

³⁵⁷ Erla Hulda Halldórsdóttir, „Fræðslu- og menntaviðleitni kvenfélaga 1870–1930,“ 282, 284; [Fréttabréf úr Skagafirði] 20. maí 1897, 54.

³⁵⁸ *Her. Aust.* A6 197, 9. Bréf frá Valgerði Þorsteinsdóttur til Einars Jónssonar, dags. 22. júlí 1895.

³⁵⁹ Sigríður Th. Erlendsdóttir, *Veröld sem ég vil*, 22–23, 67–78; Auður Styrkarsdóttir, „Forspjall,“ 41, 62–63.

³⁶⁰ Svanur Kristjánsson, „Íslensk kvennahreyfing, valdakarlar og þróun lýðræðis 1907–1927,“ 111–112; Sigríður Matthíasdóttir, „Uppnám og uppbrót,“ 69.

³⁶¹ Sumarliði R. Ísleifsson, *Í samtök*, 19.

Íslensk verkalyðshreyfing leitaði mjög fyrirmynda til Danmerkur. Ólafur R. Einarsson sagnfræðingur taldi þó engin merki um að dönsk stéttarfélög hefðu beitt sér með beinum hætti fyrir félagastofnun hér heldur hefðu áhrif þeirra borist með Íslendingum sem þekktu til danskra félaga.³⁶² Athygli Íslendinga beindist einnig að Noregi og þróun verkalyðshreyfingar þar. Í þeim efnum bárust áhrifin einkum með Norðmönnum sem komu hingað til lands til að vinna. Danska alþýðusambandið var stofnað 1898 og það norska árið 1899. Á Akureyri og Seyðisfirði voru meðal frumherja verkalyðsfélaga menn sem höfðu búið á Norðurlöndum eða í Norður-Ameríku og kynnst starfi verkalyðsfélaga þar. Reynsla af félagsstörfum úr öðrum félögum var líka mikilvæg forsenda stofnunar verkalyðsfélaga. Í þeim efnum voru áhrif bindindishreyfingarinnar augljós.³⁶³

Heimildir eru um samtök meðal vinnumanna, bæði í Hreppunum í Árnessýslu árið 1881 og í Fljótsdal um og fyrir 1880, sem beittu sér fyrir bættem kjörum.³⁶⁴ Í báðum tilvikum var þó ekki um eiginleg stéttarfélög að ræða heldur óformleg samtök sem höfðu skýrt afmörkuð markmið og var aðeins ætlað að lifa skamman tíma, en líta má á tilkomu þeirra sem merki um það los sem komið var á samfélagsgerð sveitasamfélagsins. Það voru prentarar sem stofnuðu fyrsta íslenska stéttarfélagið árið 1887. Þeir voru líka brautryðjendur í þeim efnum í mörgum nágrannalöndum Íslands. „Hér á landi sóttu margir prentarar menntun sína til Kaupmannahafnar. Þeir voru víðlesnari en aðrir iðnaðarmenn og voru í náinni snertingu við andlegar hræringar erlendis vegna starfsins.“³⁶⁵

Skipulag íslenskra stéttarfélaga var almennt mjög lýðræðislegt og réttur hvers félagsmanns mikill. Í félögunum gátu þeir því bæði notið jafnréttis og kynnst lýðræðislegum vinnubrögðum. Meginverkefni félaganna, sem voru forverar félagsshreyfingar launafólks, var einkum að treysta félagsbönd með samhjálpi og félagastarfi, t.d. skemmtunum og fræðslustarfi. „Virðast forystumenn félaganna hafa gert sér ljósa nauðsyn þess að treysta innviði samtakanna og mennta félagsmenn sína, áður en ráðizt væri í kröfugerð í kjarabaráttu stéttarinnar.“³⁶⁶ Sumarliði Ísleifsson sagnfræðingur telur að það sé engin tilviljun að verkalyðssamtök og stéttarfélög komu fram á Íslandi um aldamótin en ekki 30 árum fyrr. Skýringin sé sú róttæka breyting á atvinnuháttum og búsetu sem varð á síðustu áratugum 19. aldar og í byrjun 20. aldar. Hún skapaði stétt verkafólks í þéttbýli, fámenna til að byrja með en ört vaxandi. Vesturheimsferðir drógu úr framboði á vinnuafli og vaxandi uppbygging í sjávarplássum á síðasta áratug 19. aldar jók eftirspurn eftir því. Það styrkti stöðu verkafólks í sjávarplássunum gagnvart atvinnurekendum og skapaði betri grundvöll til stofnunar félaga. Þessu til viðbótar losuðu kaupgreiðslur í peningum verkafólk undan áhrifum kaupmanna. Þegar fyrstu verkalyðsfélögin voru stofnuð undir lok 19. aldar var atvinnuástand gott og staða verkafólks sterkari en áður.³⁶⁷

3.1.3 Samspil félagsshreyfinga og lýðræðisþróunar

Félagsshreyfingar samtímans rekja upphaf sitt til loka 18. aldar en á 19. öld breiddust þær út um Evrópu, Norður-Ameríku og víðar. Bandaríski stjórnmálafræðingurinn Sidney Tarrow markar upphaf félagsshreyfinga við aukna útbreiðslu prentefnis á 18. öld, tilkomu nýrra tegunda félaga og aukinn samgang sem varð til að víkka sjónvildarhring fólks. Fjölmíðlunin efldi vitund um líf og

³⁶² Ólafur R. Einarsson, *Upphaf íslenskrar verkalyðshreyfingar 1887–1901*, 98–99.

³⁶³ Sumarliði R. Ísleifsson, *Í samtök*, 21, 34–35; Ólafur R. Einarsson, *Upphaf íslenskrar verkalyðshreyfingar 1887–1901*, 71–72, 92–93, 114.

³⁶⁴ Ólafur R. Einarsson, *Upphaf íslenskrar verkalyðshreyfingar 1887–1901*, 34; „Úr æviminningum Kristjáns Jónssonar Vopna,“ 50.

³⁶⁵ Ólafur R. Einarsson, *Upphaf íslenskrar verkalyðshreyfingar 1887–1901*, 40.

³⁶⁶ Ólafur R. Einarsson, *Upphaf íslenskrar verkalyðshreyfingar 1887–1901*, 95–96.

³⁶⁷ Þorleifur Friðriksson, *Við brún nýs dags*, 24, 31, 36–38; Sumarliði R. Ísleifsson, *Í samtök*, 23–24; Ólafur R. Einarsson, *Upphaf íslenskrar verkalyðshreyfingar 1887–1901*, 112–113.

störf annarra og skapaði hugmyndir um sameiginlega hagsmuni með fleirum en þeim sem byggðu nærsamfélagið.³⁶⁸ Útbreiðsla félagshreyfinga jókst samhliða veikingu konungsvalds og lýðræðis-hugmyndum sem fylgdu breyttum stjórnarháttum. Félagshreyfingar lögðu áherslu á þátttöku fjöldans, voru gagnrýnar á stjórnvöld og leituðust við að draga fram jákvæðar hliðar þess að hafa almenning með í ráðum við pólitíska ákvarðanatöku.³⁶⁹ Fólk með takmarkaðan eða engan aðgang að valdhöfum og valdastofnunum tók að gera tilkall til áhrifa á stjórn ríkja og fram komu pólitískir leiðtogar sem töluðu í nafni fólksins eða hópa/hreyfinga. Þessa breytingu skýrir félagsfræðingurinn Paul Almeida í nýlegri bók um félagshreyfingar:

None-excluded groups benefit from more routine access to government and economic elites in terms of having their voices heard, and are relatively more likely to receive favorable resolutions for their grievances via petitions, elections, lobbying, and meetings with officials. Excluded groups (along racial, economic, citizenship, and gender lines, among many others) lack this routine access and may at times resort to less conventional forms of seeking influence to gain the attention of authorities and power brokers.³⁷⁰

Vegna þrýstings frá margvíslegum félagshreyfingum um meira jafnrétti og aukna þátttöku fjöldans í samfélaginu tóku kjörnir fulltrúar að beita sér fyrir uppbyggingu nýrra lýðræðislegra stofnana og breyttra stjórnarhátta sem tóku tillit til fleiri hópa samfélagsins en áður. Félagshreyfingarnar urðu líka vettvangur fyrir umræður og tilraunir með skilgreiningar á lýðræði. Þær eru mikilvægur þáttur í lýðræðisþróun en það þarf þó ekki sjálfkrafa að þýða að þær séu mótandi fyrir þróunina.³⁷¹

Þó félagshreyfingar standi oft fyrir stökum viðburðum (fundum, mótmælum, áskorunum eða yfirlýsingum) eru slíkir atburðir einir og sér ekki til marks um að myndast hafi félagshreyfing. Til þess þarf samfellt starf og baráttu fyrir tilteknum málstað.³⁷² Sidney Tarrow skýrir muninn á félögum og félagshreyfingum svo:

Primary associations and face-to-face contacts provide solidarity for social movements among people who know and trust one another. But print, association, and coalitional campaigns build connective structures among larger numbers of people and allow movements to be diffused to new publics. They thus permit the formation of loose, often contingent social coalitions, dealing with sympathetic or parallel issues, and giving shape to broad movement cycles.³⁷³

Félagshreyfingar ná aldrei að standa undir nafni sem slíkar nema til staðar sé grasrótastarf í nærsamfélögunum. Því þurfa forsvarsmenn félagshreyfinga að ná til nærsamfélaga með áherslum sem snerta þau, en hafa líka almennari skírskotun. Í því felst einnig að temja sér tungutak og notkun sameiginlegra tákna og minninga sem fólk í ólíkum samfélögum getur tengst.³⁷⁴ Á Íslandi lék þjóðernishyggja stórt hlutverk í þeim efnum um og upp úr aldamótunum 1900.

Uppruni hugtaksins *félagshreyfing* (e. *social movement*) rakti Charles Tilly til miðrar 19. aldar og tengdi við upphaf verkalýðsbaráttu, þar sem til varð hreyfing sem barðist fyrir hagsmunum tiltekins

³⁶⁸ Tarrow, *Power in Movement*, 43–44.

³⁶⁹ Della Porta, „Democracy in Social Movements“, 767–769.

³⁷⁰ Almeida, *Social Movements*, 7.

³⁷¹ Della Porta, „Democracy in Social Movements“, 770, 779.

³⁷² Tilly og Wood, *Social Movements, 1768–2008*, 4, 9. Í formála bókarinnar (xi–xii) kemur fram að Charles Tilly er aðalhöfundur hennar en Lesley J. Wood kom að verkinu á síðari stigum og lauk því eftir að veikindi Tillys, sem drógu hann til dauða áður en bókin kom út, höfðu ágerst svo að ljóst varð að hann gat ekki lokið verkinu einn. Þær breytingar sem Wood gerði voru í samráði við Tilly og sneru mest að þeim hlutum bókarinnar sem fjalla um félagshreyfingar í samtímanum. Hér er því í meginmáli vísað til Tilly sem höfundar bókarinnar.

³⁷³ Tarrow, *Power in Movement*, 52.

³⁷⁴ Tilly og Wood, *Social Movements, 1768–2008*, 90.

„meirihluta“ í samfélaginu. Félagshreyfingar risu sem viðbrögð við ástandi í samfélaginu og beittu sér fyrir breytingum.³⁷⁵ Í vestrænum ríkjum frá síðari helmingi 19. aldar byggðu félagshreyfingar á þremur meginundirstöðum:

1. a sustained, organized public effort making collective claims on target authorities ...
2. employment of combinations from among the following forms of political action: creation of special-purpose associations and coalitions, public meetings, solemn processions, vigils, rallies, demonstrations, petition drives, statements to and in public media, and pamphleteering ...
3. participants' concerted public representations of WUNC: worthiness, unity, numbers, and commitment on the part of themselves and/or their constituencies.³⁷⁶

Í grein sem birtist árið 2004 skýrði Charles Tilly nánar hvað felst í WUNC:

worthiness: sober demeanor; neat clothing; presence of clergy, dignitaries, and mothers with children. *unity*: matching badges; headbands; banners, or costumes; marching in ranks; singing and chanting. *numbers*: headcounts, signatures on petitions, messages from constituents, filling streets. *commitment*: braving bad weather; visible participation by the old and handicapped; resistance to repression; ostentatious sacrifice, subscription, and/or benefaction.³⁷⁷

Málfrelsi er einn burðarása hefðbundinna félagshreyfinga þar sem veigamiklir þættir starfsemi þeirra eru fundahöld og/eða útgáfustarf. Tilkoma félagshreyfinga átti sinn þátt í að víkka opinbera umræðu um samfélagsmál og skapaði auk þess umræðuvettvanga sem erfitt var fyrir valdhafa að hafa stjórn á eða fylgjast með. Jafnvel þótt kosningaréttur væri takmarkaður, og meðlimir félagshreyfinga á 19. öld margir hverjir ekki með kosningarétt til þings eða sveitarstjórna, sköpuðu þingkosningar virkni í hreyfingunum. Þær drógu fram mikilvægi fjöldastuðnings, líka stuðnings þeirra sem ekki höfðu kosningarétt. Frambjóðendur sóttust eftir breiðum stuðningi til að geta haldið því fram að þeir töluðu máli „fólksins.“

Óhjákvæmilegt er að veita athygli tengslum félagshreyfinga og lýðræðispróunar þar sem félagshreyfingar hafa breiðst út um heiminn með lýðræðispróun. Tilly lagði áherslu á að þrátt fyrir að félagshreyfingar hefðu risið með lýðræðispróun væri ekki þar með sagt að þær styddu hana allar. Um leið og félagshreyfingar urðu til sem afl til að gera almennar kröfur var form þeirra hagnýtt af fleirum en þeim sem vildu efla lýðræði og nefnir Tilly sem dæmi and-lýðræðishreyfingar á millistríðsárunum og fasískar hreyfingar.³⁷⁸ Orsakasamhengið milli félagshreyfinga og lýðræðispróunar er því margþætt og fjarri því einfalt:

social movements and democratization remain logically, empirically, and causally distinct. Logically, proliferation of social movements does not entail democratization since the campaigns, performances, and WUNC displays of social movements can in principle operate on behalf of inequality and exclusion rather than equality and inclusion ... Empirically, antidemocratic movements have formed repeatedly ... Causally, social movements and democratization also occur in partial independence; in cases of conquest and revolution, for example, new rulers sometimes impose democratic institutions suddenly in the absence of any previous social movement mobilization on behalf of democracy ... No necessary connection exists between social movements and democracy.³⁷⁹

³⁷⁵ Tilly og Wood, *Social Movements, 1768–2008*, 5–6.

³⁷⁶ Tilly og Wood, *Social Movements, 1768–2008*, 3–4.

³⁷⁷ Tilly, „Social Movements and Democratisation“, 180.

³⁷⁸ Tilly og Wood, *Social Movements, 1768–2008*, 54–55; Tilly, „Social Movements and Democratisation“, 181–183.

³⁷⁹ Tilly og Wood, *Social Movements, 1768–2008*, 56.

Þó tengsl félagshreyfinga og lýðræðis séu ekki óhjákvæmileg hefur lýðræðisþróun jafnan stutt við uppbyggingu félagshreyfinga. Þar vega þyngst aukinn jöfnuður (bæði félags- og efnahagslegur), meira samráð stjórnvalda við almenning, aukin virðing almennings fyrir stefnumörkun stjórnvalda og stofnunum samfélagsins og meira samfélagslegt öryggi. Valdefling almennings með stækkun kjósendahóps og aukinni þátttöku í reglulegum kosningum, með raunverulegum og fjölbreyttum valkostum, ásamt samráði og samtali milli yfirvalda og almennings, eflir þegnurétt og styður við félagshreyfingar og félagslega þátttöku. Forystumenn félagshreyfinga kunna að líta á sig sem fulltrúa „fólksins“ – með réttu eða röngu – og hafna því jafnvel að samfélagshópar sem standa utan hreyfinganna teljist til „fólksins.“³⁸⁰ Þátttaka í starfi félagshreyfinga er ekki aðeins til þess fallin að gera þátttakendur meðvitaðri um samfélagsmál heldur ýtir hún einnig undir róttækni sem getur leitt til þess að þegar umræða skilar ekki tilætluðum árangri sé gripið til harðari aðgerða – opinber mótmæli og verkföll eru dæmi um slíkt.³⁸¹

Margt í lýðræðisþróun styður við uppbyggingu félagshreyfinga og sömu áhrifaþættir, en þó mun afmarkaðri, leiða til þess að félagshreyfingar styðja við lýðræðisþróun. Charles Tilly nefndi ferns konar þróun samfélaga sem skapi heppilegt pólitískt umhverfi fyrir félagshreyfingar til að vaxa.

- 1) increases in the sheer numbers of people available for participation in public politics and/or connections among those people, however those increases occur;
- 2) equalization of resources and connections among those people, however that equalization occurs;
- 3) insulation of public politics from existing social inequalities; and
- 4) integration of interpersonal trust networks into public politics.³⁸²

Ekkert af þessu kemur lýðræðisþróun beinlínis af stað en allt styður það við hana, einkum þegar þessir fjórir þættir eru allir virkir. Tilly skýrði þetta nánar með dæmum. Ef fámenn elíta er við völd og beitir ofbeldi eða fyrirgreiðslu til útvalinna og vernd þeim til handa til að viðhalda eigin völdum, þá á lýðræði litla möguleika á að þróast. En þetta getur breyst ef utanaðkomandi ógn neyðir valdhafa til að leita stuðnings almennings og í staðinn slaka þeir á tókum sínum á völdunum og hleypa til áhrifa þeim sem áður var skipulega haldið frá þeim, t.d. með því að leyfa stjórnmalaflokka og félagshreyfingar. Þá myndast jarðvegur fyrir lýðræðisþróun.³⁸³

Annað dæmi sem Tilly nefndi er þegar mismunur á milli samfélagshópa minnkar, t.d. milli karla og kvenna, eða trúar- og/eða þjóðernishópa. Það skapar tækifæri til opinberrar þátttöku þeirra sem áður voru útilokaðir frá henni og opnar fyrir kröfur um aukin lagaleg réttindi þessara hópa og vernd yfirvalda sem þeir nutu ekki áður. Slík þróun breytir líka félagslegu landslagi og valdahlutföllum í samfélaginu. Staða fólks er þó eftir sem áður misjöfn hvað varðar aðgang að efnahagslegum og félagslegum gæðum, t.d. tekjum, eignum og tengslaneti. Með auknum jöfnuði fara þættir eins og menntun, aðgangur að fjölmiðlum og þátttaka í félögum og félagshreyfingum að skipta meira máli fyrir samfélagslega stöðu. Aukinn jöfnuður og víðtækari tengsl í samfélaginu milli þátttakenda í félags- og stjórnmalastarfi hvetja bæði til pólitískrar samkeppni og samstarfs. Það leiðir líka til þess að lýðræðisleg réttindi og skyldur eru skilgreind á nákvæmari hátt en áður og breytir tengslum almennings við stjórnsýslu, sem voru áður nær eingöngu stigveldisskipt. Fólk úr hópum sem fá aðgengi – eftir að hafa verið utan við opinbera umræðu eða meðvitað haldið frá henni – getur sótt frekari rétt m.a. með rökum sem sýna að munurinn á þeim og öðrum sem njóta

³⁸⁰ Tilly og Wood, *Social Movements, 1768–2008*, 13.

³⁸¹ Tarrow, *Power in Movement*, 167.

³⁸² Tilly og Wood, *Social Movements, 1768–2008*, 131.

³⁸³ Tilly og Wood, *Social Movements, 1768–2008*, 131–132.

meiri réttar sé ekki það mikill að það réttlæti aðgreiningu. Konur sem tóku þátt í kvennabaráttu á 19. öld og í upphafi 20. aldar bentu t.d. ítrekað á að lög og reglur sem mismunuðu á grundvelli kynferðis væru hvorki rökrétt né sanngjörn heldur viðhéldu forréttindakerfi sem væri útilokandi og ólýðræðislegt og byggði á persónulegum tengslum.³⁸⁴

Lýðræðisþróun er mun háðari réttindaaukingu en efnahagslegum forsendum. Minnkandi misrétti á grundvelli kyns, kynþáttar, þjóðernis, stéttar eða búsetu hefur styrkt lýðræðisþróun mun meira en bættur efnahagur almennings. Leynilegar kosningar og möguleiki fólks til þátttöku í stjórnmalahreyfingum eru jafnframt mjög veigamiklir þættir við að skjóta styrkari stoðum undir lýðræði og skapa pólitískt rými í samfélaginu sem er óháð valdhöfum. Traust er einnig mikilvægur þáttur í lýðræðisþróun, einkum traust almennings til lýðræðislegra stofnana og valdhafa, þ.e. að þeir starfi í þágu almennings og lýðræðis en séu ekki sérplægirnir og grafi undan lýðræðinu. Til þess þurfa stjórnmalaflokkar, sem byggðir eru upp sem félagshreyfingar, að fá viðurkennt og víðtækt hlutverk í stjórnsýslunni. Stór þáttur í að skapa traust er að almenningur eigi möguleika á að sinna opinberum störfum og embættum. Að sama skapi þarf traust að vera til staðar við sköpun félagshreyfinga. Almenningur þarf að viðurkenna mikilvægi þeirra í samfélaginu og fólk þarf að geta tekið þátt í starfsemi félaga og byggt þannig upp eigið tengslanet og náð persónulegri viðurkenningu innan hreyfinga. Hvort tveggja reiðir sig á reglufestu, jafnrétti, samráð, vernd og breiða samfélagslega þátttöku. Þess háttar samfélagslegt traust á sér ekki langa sögu – aðeins rúma öld.³⁸⁵

Á Norðurlöndunum urðu til félagshreyfingar eftir stjórnarumbætur. Í Danmörku var það konungurinn sem átti, í framhaldi af uppreisnum í Evrópu árið 1848, frumkvæði að nýrri stjórnarskrá sem samþykkt var árið 1849. Fyrir þann tíma voru þó til í Danmörku margvísleg félög sem beittu sér pólitískt án þess að um eiginlegar félagshreyfingar væri að ræða.³⁸⁶ Í Noregi, Svíaríki og Finnlandi ruddu veginn félög sem sóttu drifkraft til kirkjunnar, m.a. félög sem stefnt var gegn einokun ríkiskirkjunnar. Samvinnufélög, verkalýðsfélög og þjóðernisfélög risu í kjölfarið ásamt bindindishreyfingunni. Norski heimspekingurinn Gunnar Skirbekk telur að fyrsta norska félagshreyfingin hafi myndast skömmu fyrir aldamótin 1800 og setur því upphafspunkturinn nokkuð fyrr en Charles Tilly gerir. Sú hreyfing var í grunninn trúarleg en starfaði á breiðum samfélagslegum grunni. Önnur hreyfing (Haugianar) kom fram er nær dró miðri 19. öld. Hún var áhrifarík, markaði varanleg spor og breytti samfélaginu neðan frá. Haugianar mættu harðri andstöðu og áttu í útistöðum við lúthersk kirkjufirvöld. Bændavinir (n. *bondevenner* eða *folkevenner*) komu fram um 1865 og voru hluti þriðju bylgju félagshreyfinga í Noregi. Þetta var fjölmenn og útbreidd hreyfing sem beitti sér fyrir ýmsum velferðarmálum, studdi m.a. við lestrarfélög, barðist gegn misnotkun áfengis og talaði fyrir félagslegu öryggi, bættri verslun o.fl. Eftir 1870 varð hún róttækari og beitti sér þá fyrir aðskilnaði ríkis og kirkju. Vert er að geta einnig tveggja annarra áhrifaríkra norskra félagshreyfinga sem störfuðu undir lok 19. aldar, kvennahreyfingarinnar (stofnuð árið 1884) og tungumálahreyfingarinnar, sem beitti sér fyrir aðgreiningu norsku og dönsku.³⁸⁷

Þær norsku hreyfingar sem hér hafa verið nefndar höfðu mikil áhrif í hinu pólitíska rými en allar voru þær andófshreyfingar gegn stjórnvöldum, hver á sinn hátt. Eða svo vitnað sé í orð norska sagnfræðingsins Francis Sejersted: „It was a sort of democratization before democratization.“³⁸⁸ Andóf gegn yfirvöldum í norrænum félagshreyfingum beindist ekki aðeins að veraldlegum yfirvöldum heldur ekki síður að lútersku ríkiskirkjunum sem álitnar voru leifar gamalla og úreltra

³⁸⁴ Tilly, „Trust and Rule,“ 19–20; Tilly og Wood, *Social Movements, 1768–2008*, 132–133.

³⁸⁵ Tilly, „Trust and Rule,“ 4–5; Tilly og Wood, *Social Movements, 1768–2008*, 133–137.

³⁸⁶ Tilly og Wood, *Social Movements, 1768–2008*, 58–59.

³⁸⁷ Skirbekk, „Alternative Processes of Modernization?“ 173–177.

³⁸⁸ Sejersted, *The Age of Social Democracy*, 52.

stjórnarháttar. Hvöss opinber gagnrýni á starfshætti kirkjunnar og á presta sást víða.³⁸⁹ Sams konar viðhorfa varð víða vart í blaðaskrifum á Íslandi við lok 19. aldar, einkum ýmiss konar gagnrýni á embættismenn (þar með talda presta).

Í Noregi, Danmörku og Svíaríki var hugmyndin um „fólkið“ sem samfélagslegt og lýðræðislegt afl sterk á 19. öld. Danski presturinn, þingmaðurinn, rithöfundurinn og menntafrömuðurinn N.F.S. Grundtvig (1783–1872) var helsti áhrifavaldur Norðurlanda í þessum efnum. Grundtvig var fæddur inn í samfélag þar sem hugtökin *þjóð* (d. *nation*) og *fólk* (d. *folk*) voru enn ekki samtengd. Fyrir honum voru það ekki átök milli konungsveldisins og lýðræðisins sem skiptu samfélaginu heldur voru það *stéttirnar* og *fólkið* sem voru andstæðir pólar. Samkvæmt gamalli norrænni hefð var fram eftir 19. öld litið svo á að þjóðfélög skiptust í fjórar stéttir: klerka, aðal, borgara og bændafólk. Fyrstu tvær stéttirnar áttu að fara með völdin, borgaranir að sjá um verslun og bændastéttin að yrkja landið. Í því samfélagi sem Grundtvig ólst upp í var vísað til fjórðu stéttarinnar sem „fólksins“ (bænda, vinnufólks og þorpsbúa). Guðmundur Hálfðanarson hefur bent á að í íslensku máli hafi hugtakið *þjóð* verið notað um það sem í þýsku er aðgreint í tvö hugtök: *þjóð* (þ. *Nation*) og *fólk* (þ. *Volk*). Samkvæmt þýskri málvenju vísar hugtakið *þjóð* til menningarlegs eða etnísks hóps. Hugtakið *fólk* á þar hins vegar við þegna innan sama ríkis. Guðmundur setur þessa hugtakanotkun í samhengi við viðhorf Dana til sjálfstæðisbaráttu Íslendinga á 19. öld og segir Dani ekki hafa efast um að Íslendingar teldust menningarleg þjóð (þ. *Nation*) en þeir hafi hins vegar ekki talið raunhæft að Íslendingarnir hefðu afl til að vera pólitísk og fullvalda þjóð (þ. *Volk*).³⁹⁰

Hugtakið *lýðræði* (e. *Democracy*) hafði yfir sér neikvæða ímynd fram eftir öldum, (samsvarandi því sem nú væri kallað *skríðræði*) sem náði allt aftur til grísku fornaldarheimspekinganna. Þetta viðhorf breyttist eftir byltingarnar í Bandaríkjunum og Frakklandi á 18. öld, en þá varð hugtakið að mótvægi við *aðalsveldi* (e. *Aristocracy*). Danski menntunarfræðingurinn Ove Korsgaard lýsir með eftirfarandi hætti hvernig hugtökin fólk og lýðræði birtust í danskri stjórnmálaumræðu 19. aldar:

It was the concept of a “people” and not of “democracy” that was the sticking point in Danish political discourse ... In the nineteenth century this concept of a “people” became electric, moving from being a fairly new political catchword to being a firm political principle to an extent that is hard to understand today. We take the link between people and democracy for granted, but it was only at the start of the twentieth century that “democracy” made serious inroads into the language of politics.³⁹¹

Jafnvel þó danska stjórnarskráin frá 1849 væri lýðræðisleg var hugtakið lýðræði ekki notað í henni. Grundtvig hafði andúð á lýðræði sem hugtaki – og var fjarri því einn um það. Annar af áhrifamestu hugsuðum Dana á 19. öld, Georg Brandes, lýsti því yfir í ræðu um stjórnarskrána árið 1884 að hann væri ekki „demokrat“, þ.e. að hann tryði ekki á gildi meirihluta atkvæða, en þó með undantekningu þegar kæmi að ákvörðunum um sjálfsákvörðunarrétt fólks.³⁹² Vinstrimenn í Danmörku reyndu að koma lýðræðishugtakinu í almenna umræðu eftir 1870 en það mætti áfram andstöðu, einkum frá hægri mönnum sem héldu neikvæðri merkingu hugtaksins á lofti. Það er til marks um neikvæða ímynd lýðræðishugtaksins að þrátt fyrir að aðhyllast lýðræði var það ekki fyrr undir lok 19. aldar sem danskir sósíalistar fóru að kalla sig sósíaldemókrata. Stjórnarskiptin árið 1901 voru ótvíræður sigur fyrir lýðræðið í Danmörku en við upphaf 20. aldar var lýðræðishugtakið

³⁸⁹ Sejersted, *The Age of Social Democracy*, 52–53.

³⁹⁰ Guðmundur Hálfðanarson, „Saga fullveldishugtaksins frá frjálsu fullveldi konungs til fullveldis þjóðar,“ 45–46, 52; Bluntschli, *Allgemeine Staatslehre*, 91–99.

³⁹¹ Korsgaard, „How Grundtvig Became a Nation Builder,“ 203.

³⁹² Korsgaard, „How Grundtvig Became a Nation Builder,“ 192–195, 201–203.

þó enn meira sundrandi en sameinandi í danskri þjóðmálaumræðu. Árið 1908 fengu danskar konur kosningarétt til sveitarstjórna og til ríkisþingsins með nýrri stjórnarskrá árið 1915. Það var afrakstur langrar baráttu. Upp úr 1885 fóru þær raddir að heyrast sem töldu kosningarétt kvenna nauðsynlegan og óhjákvæmilegan enda væru konur hluti „fólksins.“³⁹³

Norrænar félagshreyfingar áttu stóran þátt í lýðræðisþróun landanna og gegndu mjög mikilvægu hlutverki við að „ala upp“ innan sinna raða framtíðar-stjórnámálamenn. Félagshreyfingar sköpuðu og mótuðu lýðræðislegan hugsunarhátt, voru opnar fyrir virkri þátttöku fólks sem ekki hafði fullan þegnrétt og æfðu fólk í lýðræðislegum vinnubrögðum. Þær höfðu augljós áhrif á þingræðið með réttindabaráttu, einkum kvennahreyfingin, en einnig með baráttu fyrir ýmsum félagslegum endurbótum. Hreyfingarnar áttu sömuleiðis ríkan þátt í að efla jafnréttishugsjónir í rikjunum með því að leggja áherslu á jafnrétti innan hreyfinganna, óháð kyni, aldri, félagslegri stöðu eða uppruna. Norrænu félagshreyfingarnar lögðu almennt áherslu á menntun eigin meðlima. Í þeim efnum var hvatt til sjálfsmenntunar en einnig stutt við námskeiðahald, bæði í hagnýtum og fræðilegum efnum. Ekki síst var áhersla lögð á að byggja upp vitund fólks um eigin uppruna og menningu.³⁹⁴ Helstu frammámenn þjóðríkisbyggingar á Norðurlöndum á 19. öld lögðu einnig áherslu á menntun þjóðanna. Finnscar félagshreyfingar á síðari hluta aldarinnar höfðu almennt skýr markmið um að styrkja uppbyggingu finnsks þjóðríkis. Þessi virkjun þjóðarinnar í þágu ríkisuppbyggingar hafði mikil áhrif og skilaði árangri í Finnlandi.³⁹⁵

Um aldamótin 1900 var æskulýður (e. *youth*) vaxandi afl í stjórn mála- og samfélagsþróun á Norðurlöndum. Áhrif hans birtust einkum í þátttöku í félagshreyfingum sem byggðu á því að unga fólkið væri sérstakur og mikilvægur hópur í samfélaginu sem hefði það hlutverk að bæta samfélagið og byggja það upp. Æskulýðshreyfingar risu um öll Norðurlönd, í sveitum, bæjum og borgum. Sama átti við í fleiri löndum Vestur-Evrópu. Vaxandi áhersla á aukna samfélagsþátttöku ungs fólks undir lok 19. aldar var áhrifamikil söguleg breyting og stór þáttur í nútímavæðingu 20. aldar. Á Norðurlöndum taldist fólk til æskulýðs frá kynþroskaaldri fram undir og yfir þrítugt. Fjöldahreyfingar höfðu mun meiri áhrif en skólakerfið á að móta hlutverk æskulýðsins í samfélaginu og ungt fólk beitti sér fyrir framþróun og breytingum fremur en varðveislu samfélagsins eða hefðbundnum gildum.³⁹⁶

3.1.4 Upphaf íslenskra félagshreyfinga

Á áttunda áratug 19. aldar hófst hrina stofnunar bindindisfélaga á Íslandi. Magnús Jónsson (1828–1901), prestur á Skorrastað í Norðfirði og síðar í Laufási í Eyjafirði, var einn helsti forgöngumaður bindindishreyfingarinnar á Íslandi. Um miðjan níunda áratug 19. aldar, um það leyti sem góðtemplarareglan var að nema land á Íslandi, taldi Magnús að í landinu væru 25–27 bindindisfélög og í þeim um 1200 meðlimir.³⁹⁷ Íslensk bindindisfélög sem stofnuð voru fyrir árið 1870 voru mynduð að frumkvæði embættis- og menntamanna. Ekki var um félagshreyfingu að ræða heldur stök bindindisfélög sem flest störfuðu ótengd öðrum samsvarandi félögum. Með tilkomu góðtemplara (árið 1884) varð til fyrsta félagshreyfingin á Íslandi. Hún var hluti fjölþjóðlegrar hreyfingar og mótaðist í byrjun hér á landi af framlagi útlendinga sem komu til landsins og Íslendinga sem búið höfðu erlendis. Áratugirnir beggja vegna aldamótanna 1900 voru tímabil þar sem áhrif bindindishreyfingarinnar á íslenskt samfélag fóru sífellt vaxandi.

³⁹³ Nevers, *Fra skældsord til slagord*, 160, 169.

³⁹⁴ Skirbekk, „Alternative Processes of Modernization?“ 184.

³⁹⁵ Stenius, „Paradoxes of the Finnish Political Culture,“ 217–220.

³⁹⁶ Berggren, „Modernity and the Nordic Concept of Youth,“ 231, 235, 239.

³⁹⁷ Ingi Sigurðsson, *Erlendir straumar og íslenzk viðhorf*, 182; Magnús Jónsson, *Bindindisfræði handa Íslendingum*, 207.

Fyrsta bindindisfélagið í Danmörku var stofnað árið 1843 en fyrir þann tíma höfðu verið starfandi hófsemdarfélög þar í landi. Lægð var í starfi danskra bindindisfélaga eftir miðja 19. öld en árið 1879 var aftur farið að stofna þar bindindisfélög og fyrsta góðtemplarastúkan var stofnuð árið 1880. Árið 1885 voru 22.000 Danir í bindindisfélögum og árið 1910 voru þeir 170.000 (um 6% þjóðarinnar). Bindindishreyfingin naut mests stuðnings í kaupstöðum á landsbyggðinni og í sveitum á Jótlandi. Fyrsta norska góðtemplarastúkan var stofnuð árið 1877 og árið 1905 voru 176.000 Norðmenn (um 8% þjóðarinnar) félagar í bindindishreyfingunni. Hún hélt úti öflugu fræðslu- og félagsstarfi og umfangsmikilli blaðaútgáfu. Fyrsta íslenska stúkan var stofnuð á Akureyri árið 1884 og Stórstúka Íslands var stofnuð 1886 sem hluti hinnar alþjóðlegu hreyfingar, en íslenskir góðtemplarar lögðu frá upphafi ríka áherslu á alþjóðleg tengsl. Félagar í Stórstúku Íslands voru 542 á stofnárinu 1886 eða tæpt 1% þjóðarinnar. Þeir voru 3.167 árið 1899 og árið 1907 voru þeir orðnir 6.743 eða um 8% þjóðarinnar. Greinileg fækkun varð í reglunni eftir að Alþingi samþykkti lög um aðflutningsbann á áfengi (árið 1908). Á Íslandi festi Góðtemplarareglan einkum rætur í þéttbýli og var afgerandi munur milli þéttbýlis og dreifbýlis. Hlutfall íbúa kaupstaða í stúkum var árið 1908 á bilinu 15–29% af íbúafjölda, lægst á Seyðisfirði. Hlutfall stúkufólks í sýslum landsins var á sama tíma nær undantekningalaust undir 5% og allt niður í 1%.³⁹⁸

Góðtemplarareglan varð til í Bandaríkjunum árið 1850 og til Íslands barst hún með bandarísku vakningatrúboði. Trúboðið náði lítilli fótfestu á Íslandi en bindindishreyfingin var komin til að vera. Ein af forsendum stofnunar Góðtemplarareglunnar var ótti við upplausn samfélagsins. Önnur var krafa um félagslegar endurbætur. Jarðvegur fyrir hvort tveggja var til staðar á Íslandi um miðjan níunda áratug 19. aldar og íslenska hreyfingin skaut því hratt rötum og varð brátt áhrifavaldur á félagslega þróun. Flutningur fólks úr sveitum í þéttbýli jók þörf fyrir félagastarf til að skapa ný félagsleg tengsl í stað þeirra sem rofnuðu við flutninginn.³⁹⁹ Auk þess gerði nálægðin milli íbúa í bæjum auðveldara að halda úti félagastarfi samanborið við dreifbýlar sveitir. „Góðtemplarareglan bar með sér hugmyndir um mikilvægi og áhrif einstaklingsins innan félagsheildar og ekki síður orðræðu um jöfnuð og jafnrétti kynjanna. Stúkustarfið og bindindisorðræðan mótuðu því einnig hið félagslega og menningarlega svið.“⁴⁰⁰ Nanna Þorbjörg Lárusdóttir sagnfræðingur sem ritaði MA-ritgerð um starfsemi góðtemplara á Íslandi segir meðlimi íslenskra stúka hafa komið úr mörgum þjóðfélagshópum og verið bæði karlar og konur. „Sem níttjándu aldar hreyfing var Góðtemplarareglan á Íslandi í anda þeirra borgaralegu hugmynda frjálshyggju sem lögðu áherslu á frumkvæði einstaklingsins og ábyrgð hans á sjálfum sér. Hún hafði það að markmiði að stuðla að siðvæðingu hans og að efla hann þannig til samfélagslegrar virkni og þátttöku.“⁴⁰¹ Frumkvæði að stofnun stúka kom oft frá almenningi en bindindis- og hófsemdarfélögin sem voru forverar hreyfingarinnar voru jafnan stofnuð af frammámönnum samfélaganna sem þau störfuðu í. Stuðningur áhrifamanna í samfélaginu var íslenskum góðtemplurum þó líka mikilvægur og átti m.a. sinn þátt í öflugri útgáfustarfi hreyfingarinnar. Bindindismenn tengdu starf sitt við framfarir, t.d. með því að benda á hve miklum peningum væri árlega eytt í kaup á áfengi og hvaða framkvæmdir mætti nota þá upphæð í.⁴⁰²

Góðtemplarareglan var mörgum meðlimum hennar félagsmálaskóli og átti ríkan þátt í að breiða út þekkingu á félagsmálastarfi þar sem fólk sem var virkt innan hennar starfaði einnig innan annarra félaga og hreyfinga. Menningarstarf var fyrirferðarmikið í félagsstarfi bindindisfólks. Eitt af

³⁹⁸ Ingi Sigurðsson, *Erlendir straumar og íslenskt viðhorf*, 177–183, 185.

³⁹⁹ Nanna Þorbjörg Lárusdóttir, „Góðtemplarareglan á Íslandi“, 13–15.

⁴⁰⁰ Nanna Þorbjörg Lárusdóttir, „Góðtemplarareglan á Íslandi“, 13.

⁴⁰¹ *Lbs.-Hbs.* Nanna Þorbjörg Lárusdóttir, „Í trú von og kærleika“, 86.

⁴⁰² Ingi Sigurðsson, *Erlendir straumar og íslenskt viðhorf*, 185–187.

markmiðum hreyfingarinnar var að stuðla að uppbyggilegri skemmtun og efla sjálfstjórningu félagsmanna. Þjálfun í orðræðu hins opinbera rýmis var álitin nauðsynleg í baráttunni fyrir málstað hreyfingarinnar. Félagslíf góðtemplara var fjölbreytt en stúkur skipulögðu leiklistarstarf, dans- og söngskemmtanir, málfundi um ýmis efni o.fl. Útbreiðslustarfið tók á sig fleiri myndir og voru dæmi um að félagar í stúkum stæðu að stofnun annarra félaga. Leikfélag Reykjavíkur er gott dæmi um það, en allir stofnendur þess voru góðtemplarar. Viða um landið byggðu bindindisfélög hús yfir starfsemi sína. Húsbyggingar góðtemplara studdu við annað félagastarf og menningarstarfsemi og gegndu þannig mikilvægu hlutverki í félags- og menningarlífi. Tilkoma bindindishreyfingarinnar var veigamikill þáttur í að skapa vettvang fyrir útrás félagslegrar þarfar almenning og átti stóran þátt í að gera landsmenn félagslega virkari en áður. Við það bættist hugsjón um siðbætingu samfélagsins og að vera öðrum til eftirbreytni í háttum og framkomu.⁴⁰³

Nýting húsnæðis sem bindindismenn byggðu var þó ekki öllum úr þeirra hópi að skapi. Bindindismenn á Eskifirði reistu samkomuhús árið 1895 og skapaðist með því vettvangur fyrir leiklistarstarf. Daníel Halldórsson (1820–1908) prestur á Hólum, einn af forystumönnum bindindismanna í sókninni, var lítt hrifinn af því sýningahaldi sem fór fram í bindindishúsinu og sagði þær komedíur sem þar voru leiknar hafa tekið „bitann frá muninum á mörgum ráðleysingja.“⁴⁰⁴ Áþekkt viðhorf er að finna í dagbókum Árna Torfasonar (1860–1933) bónda á Brimnesi við Fáskrúðsfjörð gagnvart leiksýningum í kaupstaðnum á Búðum um aldamótin. Af dagbókum Árna má raunar sjá að honum var almennt lítt gefið um félagastarf. Honum gramdist að fólk eyddi peningum í aðgangseyri á tímum vaxandi sveitarþýngsla og hækkandi fátækraútsvara „en þá gjörir leikfjélagið sjer von um að enn þá megi tína saman nokkra aura af fá fróðum almenningi, og þeim verður að líkindum að trú sinni. ... allir frá vita af þessu bölvunar rugli, um 80 manns voru þar í fyrri kvöld ... ekki höfum við úr þessu húsi en þá troðið þar um gólf.“⁴⁰⁵

Þær félagshreyfingar sem risu á Íslandi um og upp úr aldamótunum 1900 voru í beinum og óbeinum tengslum hver við aðra og við starfandi félög í landinu, sem mörg hver voru forverar félagshreyfinga og gengu sum til liðs við þær. Sterk tengsl voru t.d. milli bindindis- og kvennahreyfinganna enda stærðu góðtemplarar sig af jafnrétti og þátttöku beggja kynja í starfinu.⁴⁰⁶ Nanna Þorbjörg Lárusdóttir segir að í raun hafi þó gömlu kynjahlutverkin gilt innan hreyfingarinnar hér á landi. Konur voru þar undirskipaðar en hafðar með til að lífga starfið og styðja karlana. Stúkurnar gögnuðust þó konum til að afla sér reynslu af félagastarfi sem nýttist á öðrum vettvangi. Konur nýttu líka stöðu sína innan bindindishreyfingarinnar til að afla stuðnings við kvenréttindabaráttuna. Þær beittu sér fyrir aðflutningsbanni á áfengi og fengu á móti opinberan stuðning sumra karlkyns félaga við réttindabaráttu kvenna.⁴⁰⁷

Þátttakan í starfinu hafði skýr áhrif á suma þátttakendur, eins og Elfa Hlín Pétursdóttir sagnfræðingur dregur fram í MA-ritgerð sinni um líf og störf Sigríðar Þorsteinsdóttur (1841–1924) og Ingibjargar Skaptadóttur (1867–1945) ritstýra kvennablaðsins *Framsóknar* á Seyðisfirði. „Þeim var báðum mikilvægt að þjálfast í ræðumennsku og félagsstörfum á opinberum vettvangi. Ekki má vanmeta þann félagsskap sem fékkst við að starfa í hreyfingunni. En bindindið varð þeim að einskonar trúarbrögðum, en lífsskoðun þeirra var að algert bindindi og áfengisbann yrði mannkyninu til mikilla hagsbóta.“⁴⁰⁸

⁴⁰³ *Lbs.-Hbs.* Nanna Þorbjörg Lárusdóttir, „Í trú von og kærleika“, 22, 25–26, 30, 52; Ingi Sigurðsson, *Erlendir straumar og íslenskt viðhorf*, 188–190.

⁴⁰⁴ Einar Bragi Sigurðsson, *Í skólanum*, 91.

⁴⁰⁵ *Her-Aust.* A6 213, 8. Árni Torfason frá Brimnesi, Fáskrúðsfirði. Dagbækur 1892–1903 (sjá: 1. og 3. febrúar 1900).

⁴⁰⁶ Svanur Kristjánsson, „Íslensk kvennahreyfing, valdakarlar og þróun lýðræðis 1907–1927“, 95–96.

⁴⁰⁷ Nanna Þorbjörg Lárusdóttir, „Góðtemplarareglan á Íslandi“, 25–26 og 30.

⁴⁰⁸ *Lbs.-Hbs.* Elfa Hlín Pétursdóttir, „Líf og störf Sigríðar Þorsteinsdóttur og Ingibjargar Skaptadóttur“, 106.

Til að undirstrika samfélagslegan styrk og áhrif bindindishreyfingarinnar um aldamótin 1900 tek ég hér tvö dæmi frá Seyðisfirði. Í skjalasafni Sigríðar Þorsteinsdóttur og fjölskyldu hennar eru varðveitt drög að bréfi sem hún ritaði og virðist hafa sent hópi kvenna í bindindishreyfingunni í aðdraganda alþingiskosninga (líklega árið 1900, en ártal vantar). Sigríður taldi að bindindisfólk ætti að hafa bein afskipti af kosningunum í þágu málstaðarins. Að hennar sögn höfðu stúkurnar Herðubreið, Gefn nr. 19 og Leiðarstjarnan nr. 21 þá þegar einsett sér að beita sér með þeim hætti að konur innan þeirra settu sig í samband og tengdust „böndum við allar Goodtemplarstúkur og öll bindindisfélög í Austfirðingafjórðungi, til þess að allir bindindismenn leitist við að koma því til leiðar: *að eigi verði aðrir kosnir á næsta þing en þeir sem eru bindindismenn eða bindindisvinir.*“⁴⁰⁹ Um aldamótin sáust þess líka dæmi að atvinnurekendur gerðu kröfu um að umsækjendur um störf væru bindindismenn. Í *Bjarka* birtist árið 1902 auglýsing um starf verslunarstjóra hjá Sigurd Johansen kaupmanni á Seyðisfirði og var í auglýsingunni gerð skýr krafa um að viðkomandi væri bindindismaður. Til að undirstrika mikilvægi þessa var yfirskrift auglýsingarinnar „Bindindismaður.“⁴¹⁰

Hlutfall landsmanna sem gekk í bindindisfélög var hátt á Íslandi og bindindishreyfingin hafði víðtæk félagsleg áhrif, ekki aðeins á eigin baráttumál, heldur líka á annað félagastarf. Mörg íslensk bindindisfélög störfuðu um árabil og bindindisbaráttan naut líka stuðnings af ungmennafélags-hreyfingunni en bindindisheit voru þáttur í starfi hennar fyrstu árin.⁴¹¹ Til að veita innsýn í viðhorf samtímamanns til áhrifa bindindishreyfingarinnar er hér vitnað til bréfs ónefnds bréfitara úr Reykjavík sem birtist í blaðinu *Austra* á Seyðisfirði í júlí 1909, en þar sagði m.a. af nýafstöðnu stórstúkubingi. Bréfitari dró félagsleg áhrif góðtemplara saman með eftirfarandi hætti:

Eins og kunnugt er, hefir templarafélagið nú starfað hér á landi í 25 ár. Hefir það náð alveg einstakri útbreiðslu og ekkert félag hefir komið í hálfkvisti við það að styrkleik og áhrifum, svo sem sjá má af því, að það skuli hafa komið í gegn bannlagasamþykkt í landinu, sem að mestu leyti verður að teljast félagsins verk. Aðalverðleikar félagsins felast þó í þeim áhrifum sem það hefir haft á hugsunarháttinn í landinu gagnvart nautn áfengra drykkja. — Hér í höfuðstaðnum er félagið tiltölulega langöflugast og nýtur mikils álits, enda telur það meðal félaga sinna marga af atkvæðamestu borgurunum, svo sem: ráðherra, landlækni, tvo sóknarprestana, auk fjölda annara embættismanna og lærðra manna.⁴¹²

Um það leyti sem þetta var skrifað var góðtemplarahreyfingin á hátindi félagslegra áhrifa sinna á Íslandi. Önnur hreyfing sem fór ört vaxandi árin á undan tók brátt við keflinu sem leiðandi félagshreyfing landsins. Það var ungmennafélagshreyfingin.

Auðveldara er að gera sér grein fyrir starfi og áherslum ungmennafélagshreyfingarinnar og einstakra félaga hennar en margra annarra félagshreyfinga á Íslandi fyrir þær sakir að félögin og hreyfingin í heild hafa í gegnum tíðina skilið eftir sig mikið af rituðum heimildum – lögum, fundargerðabókum, útgefnu efni o.fl. Íslensk ungmennafélög í byrjun 20. aldar voru ein tegund þeirra tíma æskulýðsfélaga, líkt og skátahreyfingin og ýmis trúarleg félög. Stofnun Ungmennafélags Akureyrar (UMFA) árið 1906 er álitin marka upphaf íslensku hreyfingarinnar, þó svo að félög sem nefndust ungmennafélög hafi verið stofnuð fyrr. Þáttaskil urðu þegar UMFA beitti sér fyrir stofnun Ungmennafélags Íslands (UMFÍ) árið 1907. Fjölmörg ungmennafélög voru stofnuð víða um land næstu árin og var áberandi mikill kraftur í félagastofnun á árunum 1908–1910, þegar alls 82 félög voru stofnuð. Félagsmenn í ungmennafélögum landsins voru orðnir yfir 6000 talsins árið 1912.

⁴⁰⁹ *Lbs.* 2561 4to. Drög að bréfi frá Sigríði Þorsteinsdóttur [til bindindisfólks, viðtakendur ekki tilgreindir, án ártals og dagsetningar]. Upphafsorð bréfsins eru: „Kæru systur.“

⁴¹⁰ „Bindindismaður“, 13. ágúst 1902, 4.

⁴¹¹ Ingi Sigurðsson, *Erlendir straumar og íslenskt viðhorf*, 182, 191.

⁴¹² „Bréf úr Reykjavík“, 3. júlí 1909, 82.

Upphaflega voru það ungir karlar sem stofnuðu félögin en brátt gengu konur í þau. Innan nær allra félaganna störfuðu karlar og konur saman og frá stofnun UMFÍ var hvatt til almennrar þátttöku kvenna í ungmennafélögum. Konur voru þó lengi vel sjaldséðar í stjórnnum félaganna.⁴¹³

Starfsemi ungmennafélaganna svipaði á ýmsan hátt til bindindisfélaga. Ungmennafélögin voru menningarfélög, stóðu fyrir málfundum, leiksýningum, komu upp bókasöfnum og gáfu út handskrifuð blöð. Þau voru líka pólitísk, þ.e. framfara- og þjóðernissinnuð.⁴¹⁴ Tilgangur ungmennafélaganna var að efla félagslega virkni, vinna gegn ósiðum og fræða félagsmenn. Starfsemi ungmennafélaga mætti nokkurri andstöðu því starf þeirra samræmdist ekki útbreiddri íhaldssemi og tók, að mati sumra hinna eldri, tíma og orku frá vinnu og trúariðkun. Ungmennafélagsfólk áleit fundina hins vegar nauðsynlega til að efla huga og samkennd og þjálfast í að búa hugsanir sínar í „birtingarhæfan búning.“ Ungmennafélög á Norðurlöndum höfðu það að markmiði að vera framlenging lýðskólanna og í þeim var markviss áhersla á að ungmenni lærðu að tjá sig skriflega og tækju þátt í opinberri umræðu í félagsblöðum.⁴¹⁵

Fyrirmyndir íslensku ungmennafélagshreyfingarinnar komu einkum frá Noregi. Fyrsta ungmennafélagið í Noregi var stofnað árið 1868 og fljótlega óx starfsemin upp í hreyfingu. Á þessu tímaskiði var uppgangur í frjálsu félagastarfi í Noregi. Meginvaxtarskeið norsku ungmennafélagshreyfingarinnar á 19. öld var á áttunda og níunda áratugnum. Landssamtök voru stofnuð árið 1896 (Norges Ungdomslag) og félagar í þeim voru 15.500 við lok stofnársins. Árið 1905 voru félagar orðnir 26.000 og 56.000 árið 1918. Hugmyndafræði norsku ungmennafélaganna á 19. öld átti rætur sínar í boðskap N.F.S. Grundtvig. Þó var áhersla á alþýðufræðslu mun meiri en á trúarleg málefni. Danskra áhrifa gætti umtalsvert enda höfðu margir forystumenn norskra ungmennafélag stundað nám við danska lýðskóla. Vegna áherslu á alþýðufræðslu var mikið um fyrirlestrahald á vegum ungmennafélaga, stofnun bókasafna og útgáfu fræðslurita, sem var orðinn áberandi þáttur starfseminnar um aldamót.⁴¹⁶

Ungmennafélög komu fram í Danmörku undir lok 19. aldar, en skyld félög höfðu þekkt þar frá áttunda áratug aldarinnar. Þau sameinuðust í landssamband árið 1903. Dönsku ungmennafélögin voru nátengd grundtvigsku lýðskólahreyfingunni og þau störfuðu að langmestu leyti í sveitum. Íslenska ungmennafélagshreyfingin var aldrei eindregin sveitahreyfing þótt margir leiðtogar hennar héldu gildum sveitalífsins á lofti. Öflugasta starf íslenskra ungmennafélaga var í stærstu bæjunum. Verndun tungunnar og málhreinsun voru meðal helstu baráttumála hreyfingarinnar og þjóðernishyggja innan hennar átti birtingarmyndir í notkun þjóðlegra tákna (t.d. fánans) og í þjóðlegum nafngiftum á félögum og blöðum sem félögin gáfu út (t.d. nöfnum hetja úr fornsögunum). Upphaflegum lögum UMFÍ svipaði til laga systurhreyfingarinnar í Noregi, með áherslu á þjóðleg gildi, framfarir og alþýðumenntun. Áherslur íslensku hreyfingarinnar á þjóðerni og framfarir fengu hljómgrunn og áttu ríkan þátt í að efla hana. Aðrar áherslur voru umdeildari. Bindindisheit í lögum UMFÍ við upphaf starfs hreyfingarinnar sem og skírskotun í kristilegan grundvöll ollu deilum og leiddu til þess að sum ungmennafélög þráuðust við að ganga í UMFÍ.⁴¹⁷

Líkt og bindindishreyfingin gátu ungmennafélögin af sér marga frammámenn sem síðar urðu forystumenn í íslensku samfélagi. UMFÍ leit á sig sem alþýðuhreyfingu sem m.a. kom fram í því að félagar áttu að þúast. Innan félaganna var sérstök áhersla á samvinnu og samhjálp. Ungmennafélögin urðu líkt og bindindishreyfingin nokkurs konar „félagsmálaskóli alþýðu“ og veittu

⁴¹³ Jón M. Ívarsson, *Vormenn Íslands*, 25, 314; Ingi Sigurðsson, *Erlendir straumar og íslenskt viðhorf*, 193, 197–198, 213; Gunnar Karlsson, „Atvinnubylting og ríkismyndun,“ 155–156.

⁴¹⁴ Gunnar Karlsson, „Atvinnubylting og ríkismyndun,“ 157.

⁴¹⁵ Hulda S. Sigtryggisdóttir, „Alþýðuskólar og ungmennafélög – leiðir til samfélagslegrar virkni,“ 161–164.

⁴¹⁶ Ingi Sigurðsson, *Erlendir straumar og íslenskt viðhorf*, 194–195.

⁴¹⁷ Ingi Sigurðsson, *Erlendir straumar og íslenskt viðhorf*, 195–196, 198–201, 204, 206–208.

meðlimum sínum þar fræðslu og reynslu sem þeir hefðu ekki getað aflað á heimilum sínum, sem þó voru enn veigamikill vettvangur fræðslu og menningar. Í fræðslumálum kom UMFÍ lítt að útgáfu fræðslurita og opinberu skólahaldi. Áhugi á stofnun lýðskóla var til staðar fyrstu árin en framkvæmdir virðast einkum hafa strandað á fjárskorti. Ungmennafélögin gengust hins vegar fyrir námskeiðahaldi og voru auk þess mjög virk í fyrirlestrahaldi og ferðuðust fyrirlesarar á þeirra vegum um landið. Má þar greina skýr áhrif frá norsku ungmennahreyfingunni. Mörg ungmennafélög auðvelduðu aðgengi almennings að lesefni með því að gangast fyrir og styðja við stofnun bókasafna og lestrarfélaga.⁴¹⁸

3.2 Nærsamfélög: menning, vald og ritvæðing

Samfélagsheimspeki norrænu sveitasamfélaganna byggðist á feðraveldi sem náði frá konungi til fátækustu bænda. Þessi samfélagssýn byggði á kenningum Lúthers um þrjár stéttir samfélagsins: kirkjustéttina (biskupa, prófesta og presta), pólitísku stéttina (embættismenn) og heimilisstéttina (bændur). Húsbóndinn var yfir sínu heimili, konungurinn yfir öllum heimilum, Guð yfir öllu. Sveitaprestar tilheyrðu öllum þremur stéttunum. Þeir voru allt í senn andlegir leiðtogar, embættismenn og bændur.⁴¹⁹

Sú kynslóð Íslendinga sem var að komast á fullorðinsár á síðasta fjórðungi 19. aldar ólst upp við aðrar aðstæður en fyrri kynslóðir. Eftir því sem nær dró aldamótum stóðu almenningi til boða fjölbreyttari möguleikar til fræðslu og atvinnu en áður var. Af þessum sökum var fólk af þessari kynslóð síður líklegt en hinir eldri til að setta sig við þær aðstæður sem því buðust heldur krefjast úrbóta og breytinga. Trúarbrögðin voru þá tekin að láta undan sem ráðandi afl í menningu og fræðslu heimilanna. Viðari samfélagsmynd var að opnast fyrir íslenskum almenningi í gegnum meiri félagslega virkni, bætta samgöngur við nágrannalönd, tilkomu vesturferða og vaxandi blaða- og tímaritaútgáfu með meiri upplýsingum um íslenskt samfélag og umheiminn. Andóf gegn hefðbundum valdhöfum, veraldlegum sem andlegum, tók að birtast í formi gagnrýni á forystu- og embættismenn. Eftir sem áður voru heimilin áhrifamikill vettvangur félagsmótunar, menningar og þekkingaröflunar. Því verður í þessum kafla rætt um hlutverk og stöðu íslenskra heimila og þá möguleika og þær skörður sem þau fólu í sér fyrir heimilisfólk á síðari helmingi 19. aldar og fram á byrjun 20. aldar.

Sá sagnfræðingur sem á síðari árum hefur hvað mest rannsakað íslenska heimilismenningu 19. aldar er Sigurður Gylfi Magnússon. Í bókinni *Menntun, ást og sorg* dró hann upp mynd af því umhverfi sem bræðurnir Halldór og Níels Jónssynir lifðu og hrærðust í. Þeir voru fæddir um 1870 og ólust upp á Tindi í Kirkjubólshrepp á Ströndum. Sigurður Gylfi lýsti sambýli fólks í Kirkjubólshrepp á síðasta fjórðungi 19. aldar og upphafi 20. aldar sem nánu og að stöðugur samgangur hafi verið milli bæja þar sem fólk leitaði í félagsskap hvers annars. Skipulegt samkomuhald var hins vegar lítið sem ekkert og þar hamlaði einkum húsnaðisleysi. Fundir voru haldnir í starfandi félögum en þeir voru einkum sóttir af karlmönnum. Kirkjan var miðdepill þess litla opinbera félagslífs sem til staðar var í hreppnum.⁴²⁰

Þó hér sé vitnað til lýsingar á fremur afskekktum sveitahrepp fjarri meginsögusviði þessarar rannsóknar (Austurlandi) verður að teljast líklegt að lýsingu Sigurðar Gylfa á félagslífi í Kirkjubólshrepp megi heimfæra upp á marga sveitahreppa annars staðar á landinu á áttunda og níunda áratug 19. aldar. Félags- og menningarlíf landsmanna fram á fyrstu ár 20. aldar átti sér í meiri mæli stað inni á heimilum en utan þeirra, þó opinber þátttaka í félaga- og menningarstarfi færi vaxandi.

⁴¹⁸ Ingi Sigurðsson, *Erlendir straumar og íslenskt viðhorf*, 210–214.

⁴¹⁹ Nielsen, *Bonde, stat og hjem*, 55–56.

⁴²⁰ Sigurður Gylfi Magnússon, *Menntun, ást og sorg*, 39, 271.

3.2.1 Heimilin: menning og húsbóndavald

Kvöldvakan var helsta einkenni heimilismenningar íslenskra sveitaheimila á 19. öld og fram á 20. öld. Sú venja að lesa upphátt fyrir heimilisfólk, kveða rímur eða syngja var útbreidd um allt land og átti djúpar og aldagamlar rætur í íslenskri menningu. Sambærilegar hefðir eru þekktar frá hinum Norðurlöndunum og meginlandi Evrópu.⁴²¹ Kvöldvakan stytta heimilisfólki stundir í dimmum baðstofum landsins og var fram undir lok 19. aldar helsti vettvangur landsmanna til að komast í kynni við bókmenntir og fræði. Kvöldvakan var miðstöð textaneyslu þessa tíma og það efni sem þar var haft um hönd var í samhengi við þjóðfélagið, sögu landsmanna og menningu.⁴²² Í bókinni *Sjálfssögum* dregur Sigurður Gylfi Magnússon fram mikilvægi kvöldvökkunnar í dægurmenningu Íslendinga á 19. öld með eftirfarandi orðum: „Það er óhætt að fullyrða að kvöldvakan hafi verið þýðingarmesta stofnun sveitasamfélagsins á nítjándu öld. Þetta kann að hljóma undarlega í eyrum þeirra sem þekkja til áhrifa stofnana hins andlega og veraldlega valds. Kvöldvakan hafði þó þá sérstöðu að hún var beinn þáttur í lífi hvers nítjándualdarmanns og innan hennar var lagður grunnur að lyndiseinkunn ungra barna.“⁴²³

Margar sjálfssævisögur og þjóðfræðiskrif fólks sem uppi var á 19. öld lýsa kvöldvökum á íslenskum heimilum. Frá þeim er m.a. sagt í *Íslenskum þjóðbátum* sem Jónas Jónasson frá Hrafnagili (1856–1918) ritaði í byrjun 20. aldar. Þar kom Jónas inn á hversu gömul og rótgróin kvöldvakan væri í íslenskri heimilismenningu. Þó verulegur misbrestur væri á læsi landsmanna á 17. og 18. öld, miðað við það sem síðar varð, sagði Jónas að yfirleitt hefði einhver verið læs á hverjum bæ. Rímur voru kveðnar og algengasta lesefnið á íslenskum kvöldvökum á 19. öld voru Íslendingasögur, Noregskonungasögur, Fornaldarsögur Norðurlanda og riddarasögur. Fleiri gerðir veraldlegs lesefnis ruddu sér rúms innan kvöldvakanna á síðari hluta 19. aldar, m.a. ljóð, leikrit, sögur o.fl. Biblían var lesin eins og hvert annað sögurit eftir að hún fór að verða fánleg en sumum þótti hún bragðdaufari en norrænu fornsögunar.⁴²⁴

Eftir 1880 fór mjög að dofna yfir sögulestrinum, og er hann nú [í byrjun 20. aldar] víðast að hverfa. Vinnukappið er nú svo miklu minna, og hver les nú með sjálfum sér í sínu horni, það sem út kemur og gengur í lestrarfélögum. En sögufróðleikur fólks hefir stórum minnkað að sama skapi, en ekki verður því neitað, að fróðleikur hefir breiðzt út í fleiri áttir. Rímnakveðskapurinn hvarf enn fyrri, og á Jónas Hallgrímsson sinn þátt í því, þó að talsvert væri ort af rímum eftir hans dag. Þó mun hvorugt vera útdautt að fullu í afskekktari sveitum landsins.⁴²⁵

Í þessari tilvitnun dregur Jónas frá Hrafnagili skil við árið 1880 sem upphaf hnignunarskeiðs kvöldvakanna sem vettvangs samneyslu heimilisfólks á sögum, hvort heldur voru lesnar eða fluttar. Magnús Gíslason þjóðfræðingur tímasetti upphaf þeirra breytinga sem hér um ræðir áratug fyrr en Jónas Jónasson gerði (um 1870). Báðir tengja þeir breytingar á kvöldvökkunni við margvíslegar breytingar á samfélagsgerð, atvinnuháttum, búsetu og menningu á síðustu áratugum 19. aldar. Brotthvarf kvöldvakanna sem ráðandi þáttar í íslenskri heimilismenningu taldi Magnús hefjast á fyrsta og öðrum áratug 20. aldar og tengdi það m.a. við fækkun fólks á heimilum, breytta húsagerð og tilkomu barnaskóla.⁴²⁶

⁴²¹ Magnús Gíslason, *Kvállsvaka*, 88–90, 121–123.

⁴²² Sigurður Gylfi Magnússon, „Alþýðumenning á Íslandi 1850–1940,“ 291–292.

⁴²³ Sigurður Gylfi Magnússon, *Sjálfssögur*, 41.

⁴²⁴ Jónas Jónasson, *Íslenzkíur þjóðbattir*, 246–247; Kristleifur Þorsteinsson, *Úr byggðum Borgarfjarðar I*, 42; Eiríkur Eiríksson, „Lífnaðarhættir Skagfirðinga á 19. öld,“ 78.

⁴²⁵ Jónas Jónasson, *Íslenzkíur þjóðbattir*, 247.

⁴²⁶ Magnús Gíslason, *Kvállsvaka*, 123–138.

Aðrar heimildir styðja frásögn Jónasar um undanhald rímna sem efnis á kvöldvökum. Baldvin Jóhannesson (1853–1942), bóndi í Stakkahlíð í Loðmundarfirði, lýsti því í ágripí sjálfsævisögu sinnar hvernig hann fékk ungur andúð á rímum og vildi síðan hvorki heyra þær kveðnar né lesa þær.⁴²⁷ Annar Austfirðingur, Jón Ólafsson (1850–1916) ritstjóri og alþingismaður, gat þess í sinni sjálfsævisögu að faðir hans, Ólafur Indriðason (1796–1861) prestur á Kolfreyjustað, hefði haft óbeit á „rímum og rímnagauli“ og aldrei viljað láta kveða rímur. Ólafur lét þó lesa sögur á kvöldvökunni en sjálfur hlýddi hann ekki á lesturinn heldur dvaldi langdvölum í herbergi sínu við lestur og skriftir. En hann stýrði því engu að síður hvað heimilisfólk heyrði á kvöldvökunni.⁴²⁸

Ein birtingarmynd breytinga á heimilismenningu undir lok 19. aldar var undanhald trúarlegs lesefnis og minnkandi áhrif helgidaga á heimilislífið. Upplestur trúarlegra texta á heimilum, hinir svokölluð húslestrar, voru eitt helsta einkenni heimilismenningarinnar fram eftir öldinni og var venja að þeir væru lesnir við lok kvöldvöku. Þórunn Valdimarsdóttir telur húslestrana hafa haldið velli sem almenn regla til sveita til aldamótanna 1900 en þeir hafi tekið að leggjast af á fyrsta og öðrum áratug 20. aldar, fyrr í kaupstöðum en í sveitum. Hjalti Hugason heldur því fram að undanhald húslestra í heimilismenningunni hafi hafist upp úr miðri 19. öld. Hjalti og Þórunn eru sammála um að húslestrarnir hafi lagst fyrr af í bæjum en sveitum en Hjalti telur þá ekki hafa lagst endanlega af fyrr en á fjórða áratug 20. aldar.⁴²⁹ Húslestrarnir voru stór þáttur í trúarlegu uppeldi landsmanna. Hinir fullorðnu áttu að miðla til barna og viðhalda um leið þeim trúarlærdómi sem þeir sjálfir höfðu numið. Uppfræðslan miðaði að því að innræta fólki þá „túlkun kristinnar trúar sem kirkjuyfirvöld á hverjum tíma aðhylltust. Af þessum sökum gegndi trúaruppeldi öðrum þræði því hlutverki að tryggja trúarlega einingu samfélagsins sem var talin grundvöllur félagslegrar og menningarlegrar samstöðu innan þess. Trúaruppeldið var því mikilvægt stjórnæki í höndum yfirvalda.“⁴³⁰ Bæði andleg og veraldleg yfirvöld létu sig miklu skipta hvernig til tókst enda fræðslan álitin sameiginleg skylda beggja. Í þessu birtist „uppeldishlutverk“ yfirvalda gagnvart allri þjóðinni.

Húslestrarnir fá misjafna dóma hjá fólki sem uppi var á 19. öld. Dæmi um jákvæð eftirmæli eru skrif Árna Sigurðssonar (1839–1931) frá Randversstöðum í Breiðdal sem sagði húslestra hafa tíðkast yfir veturinn á öllum heimilum í Breiðdal um miðja 19. öld. Árni gerði mikið úr hlut þeirra í heimilismenningunni sem og áhuga fólks á kenningum prestanna, en oft hafi skapast umræður um þær á heimilum. „Alls staðar þar sem eg þekkti til var borin tilhlýðileg virðing og lotning fyrir Guðs orði.“⁴³¹ Viðhorf sumra samtímamanna Árna lýsa andstæðum skoðunum á húslestrunum. Ingunn Jónsdóttir (1855–1947) frá Melum í Hrútafirði sagði húslestra hafa verið fastan lið í heimilislífi foreldra sinna alla þeirra búskapartíð. Hún sagði í sjálfsævisögu sinni: „enn í dag get ég viknað af meðaumkun með sjálfri mér, að sitja undir húslestrum dag eftir dag, hungruð og þyrst í fræðslu, og fá eintóma steina fyrir brauð. Engan þorði ég að spyrja; þóttist vita, að ég fengi snuprur, ef ég hreyfði efa um það, sem stæði í biblíunni eða húslestrunum.“⁴³² Dæmi um breytingar á hefðum kvöldvökunnar má sjá í skrifum Bjarna Sigurðssonar (1867–1932) sem var vinnumaður á Stafafelli í Lóni hjá Jóni Jónssyni prófasti og alþingismanni (bróður Ingunnar) og Margréti Sigurðardóttur frá Hallormsstað. Bjarni lýsti í tímaritsgrein heimilislífi á Stafafelli skömmu fyrir aldamótin 1900 og fór svofelldum orðum um kvöldvökurnar þar: „Þegar heimilisfólkið var sest að

⁴²⁷ Jón Baldvin Jóhannesson, „Ágrip af ævisögu“, 22.

⁴²⁸ Brautryðjendur, 187.

⁴²⁹ Þórunn Valdimarsdóttir, „Öld frelsis, lýðvalds og jafnaðar“, 108–111; Hjalti Hugason, „Kristnir trúarhættir“, 306–307.

⁴³⁰ Hjalti Hugason, „Kristnir trúarhættir“, 282.

⁴³¹ Árni Sigurðsson, „Í Breiðdal fyrir sextíu árum“, 125. Endurminningar Árna birtust upphaflega í grein í sex hlutum í vesturheimska blaðinu *Lögbergi*. Fyrsti hlutinn birtist í desember 1911 og sá síðasti snemma í febrúar 1912. Í honum kemur fram að Árni ritaði greinina í apríl 1911.

⁴³² Ingunn Jónsdóttir, *Gömul kynni*, 129.

tóvinnu á kvöldin, kom prófasturinn venjulega inn í baðstofuna og las upphátt það helsta úr nýjum blöðum eða tímaritum. Stundum las hann nýjustu kvæði, sem honum þótti mikið koma til, og stundum sagði hann stuttar sögur, eða las sögur. Út af þessu spunnust svo margskonar umræður, og urðu þær stundum ekki til þess að flýta fyrir tóskapnum.⁴³³

Þessi frásögn Bjarna dregur upp mynd af húsbónda á heimili sem stýrði því hvaða efni var lesið á kvöldvökunni og var nokkurs konar frummælandi og málstofustjóri kvöldvökunnar. Skoðana-skipti meðal heimilisfólks um lesefnið voru samkvæmt frásögn Bjarna stór þáttur. Áhugavert er að þarna var það prófastur sem hélt nýju veraldlegu lesefni að heimilisfólki og leiddi umræður um efnið í stað þess að standa fyrir upplestri á trúarlegu efni. Þó mörg sameiginleg einkenni væru með íslenskri heimilismenningu, bæði milli landshluta, innan þeirra og innan sömu sveita, voru kvöld-skemmtanirnar „einkamál“ hvers heimilis og húsbændur og heimilisfólk mótuðu eigin útfærslur á hefðunum eftir efnum og aðstæðum.⁴³⁴

Íslensku baðstofurnar á 19. öld voru dimmar og ljósmetið var dýrt. Í baðstofunum var það á valdi húsbóndans að ákveða hvenær skyldi kveikja og slökkva ljósin, sem og hvað var lesið fyrir heimilisfólkið og hvenær. Lýsing í baðstofum var þáttur í félagslegu taumhaldi í íslensku samfélagi á 19. öld. Gísli Ágúst Gunnlaugsson hélt því fram að „yfirfærsla og styrking ríkjandi samfélagsviðhorfa og gilda hafi m.a. farið fram í íslensku baðstofunni með upplestri bókmennta sem einkum voru til þess fallnar að styrkja guðsóttu, góða siði og húsbóndavald. Þetta var að sjálfsögðu einungis einn þáttur í miklu viðtækara kerfi félagslegs taumhalds – mikilvægur hlekkur engu að síður – og hann studdist að verulegu leyti við yfirráð húsbóndans yfir ljósinu.“⁴³⁵

Óformlegt félagslegt taumhald húsbænda á heimilisfólki var á undanhaldi undir lok 19. aldar, þrátt fyrir viðleitni til að viðhalda því. Ekki aðeins voru það samfélagslegar breytingar sem höfðu þar áhrif heldur einnig (og ekki síður) efnislegar. Breytingar í húsagerð á síðasta fjórðungi 19. aldar fækkuðu baðstofum og þeim sem bjuggu í nýrri gerðum húsa fjölgaði. Í þeim voru fleiri vistarverur og það auðveldaði einstaklingslestur. Yfirráð húsbóndans yfir ljósinu í baðstofunni byggðu á tilhögun heimislífs í þeim þar sem fólk „svaf, vann og skemmti sér í sama herbergi og ljósmetið var tiltölulega dýrt.“⁴³⁶ Þegar olíulampinn kom síðan til sögunnar varð ódýrara að lýsa upp. Stein-olíulampar komu til landsins um 1870. Þeir breiddust fyrst hægt út en voru komnir á nær hvert heimili um aldamót. Með þeim fékkst betra ljós sem jók einstaklingslestur og studdi við útgáfu fjölbreyttara lesefnis. Guðmundur Árnason (1871–1966) lýsti þessari breytingu svo í *Breiðdalur*: „Fyrsta borðlampann sá eg 1879, en hengilampa 1880. Á fáum árum útrýmdu steinolúlamparnir vökukolunum, en göngukolur voru notaðar nokkuð lengur, við eldhúsvinnu í fjósi og víðar, unz luktirnar skákuðu þeim til hliðar.“⁴³⁷ Eftir að steinolúlampar höfðu náð útbreiðslu og húsaskipan var víða orðin breytt átti fólk meira val um hvaða lesefni því hugnaðist helst að kynna sér. Fjölbreyttara lesefni og viðhorf átti þannig greiðari aðgang að fólki. Ríkjandi gildismat breytist þó jafnan hægt og gildismat sveitasamfélagsins lifði áfram og setti mark sitt á íslenskt samfélag langt fram á 20. öld.⁴³⁸

Breyttum húsakosti í sveitum fylgdi ekki aðeins einstaklingslestur heldur líka meiri möguleikar á einkalífi en baðstofulífið bauð almennt upp á. Guðmundur Hálfðanarson hefur sýnt fram á hversu erfitt sé að tala um *einkarými* (e. *private sphere*) í samhengi íslenska torfbæjarins. Ástæðan var sú að nálægð fólks við hvert annað var svo mikil að það komst sjaldnast undan augnaráði annars

⁴³³ Bjarni Sigurðsson, „Minningar um frú Margrétu Sigurðardóttur frá Hallormsstað“, 74.

⁴³⁴ Árni Sigurðsson, „Í Breiðdal fyrir sextíu árum“, 113.

⁴³⁵ Gísli Ágúst Gunnlaugsson, „Ljós, lestur og félagslegt taumhald“, 62.

⁴³⁶ Gísli Ágúst Gunnlaugsson, „Ljós, lestur og félagslegt taumhald“, 64.

⁴³⁷ Guðmundur Árnason, „Minningar úr Breiðdal“, 150.

⁴³⁸ Gísli Ágúst Gunnlaugsson, „Ljós, lestur og félagslegt taumhald“, 66.

heimilisfólks fyrr en eftir að ljósin voru slökkt. Því er vart hægt að tala um einkarými í nútíma skilningi. Það þýðir þó ekki að einkarými hafi ekki skipt fólki máli eða ekki verið álitíð eftirsóknarvert, en á flestum sveitaheimilum þar sem hús voru lítil og fólki bjó þröngt var slíkt vart í boði. Fólki starfaði, borðaði og hvíldist í baðstofunni.⁴³⁹ Að eiga einkalíf, sem á síðari tímum þykir sjálfsagður réttur, var því nokkuð sem fólki var smám saman að öðlast undir lok 19. aldar og fram á 20. öld. Áður en húsakostur tók að breytast varð þessi staða til þess að efla húsbóndavaldið þar sem undirsátar heimilanna voru nær sífellt undir eftirliti húsbænda eða hvers annars. Þegar við bættist að samgangur við önnur heimili var oft lítill, einkum á veturna, varð heimilið að enn afmarkaðra rými. Í því samhengi vitnar Guðmundur Hálfðanarson til greinar í blaðinu *Norðanfara* frá 1876 þar sem höfundur lýsti íslenskum sveitaheimilum þess tíma sem sjálfstæðum ríkjum þar sem húsbændur væru „þjóðhöfðingjar“ en annað heimilisfólk „þegnar.“ Tryggvi Gunnarsson (1835–1917) lýsti skorti á félagslegum tengslum á Íslandi í bréfi til Jóns Sigurðssonar (1811–1879) árið 1868. Þar sagði Tryggvi að fólksfæðin á landinu gerði það að verkum að margir væru einangraðir á heimilum sínum og hittu sjaldan aðra en sitt heimafólk.⁴⁴⁰

Breytingar á heimilislífi Íslendinga er nær dró aldamótum áttu ekki aðeins rætur í breyttum húsakosti og bættri lýsingu. Samfélags- og búsetuþróun hafði einnig umtalsverð áhrif, einkum vaxandi búferlaflutningar, bæði innanlands og úr landi, sem og aukin þéttbýlismyndun. Vistarskyldan var einn af grunnþáttum íslenskrar félagsgerðar á 19. öld en henni var aflétt að mestu með lagabreytingu árið 1893.⁴⁴¹ Vilhelm Vilhelmsson sagnfræðingur hefur bent á hvernig yfirvöld (veraldlegir og andlegir embættismenn og húsbændur) reyndu að stýra almenningi, temja fólki „réttu“ breytni og halda því á „sínunum stað.“ Vistarskyldan var aldagömul en hafði þó tekið breytingum í tímans rás. Hún stóð m.a. á trúarlegum grunni og átti styrka stoð í fjórða boðorði Biblíunnar („Heiðra skaltu föður þinn og móður“). „Það var jafnframt túlkað vítt og álitíð táknað fyrir félagsgerðina alla: Undirsátar áttu að virða yfirboðara sína og hlýða þeim og þekkja sinn stað í stigveldi samfélagsins.“⁴⁴² Vistarskyldan hafði ótvírætt menningarlegt vægi í félagsgerðinni og var m.a. ætlað að vera forsenda innrætingar viðurkenndra gilda samfélagsins.

Vilhelm heldur því fram að undirsátar hafi ekki eingöngu verið viðfangsefni eða móttakendur taumhalds og ögunar. Þeir lásu einnig í vistarskyldukerfið og brugðust við því á ýmsan hátt. „Vistarskyldan var í senn atvinnustefna, uppeldisaðferð, eftirlits- og ögunartæki og félagslegt öryggisnet og snerti sem slík líf nánast allra landsmanna af báðum kynjum á einhverjum tímapunkti á lífsferli þeirra. Togstreitan sem einkenndi valdaafstæður samfélagsins var á margan hátt áþreifanlegri innan vistarbandsins. Lítið var á vinnuhjú nánast sem hluta fjölskyldu hvers heimilis og þau voru, líkt og börn þess, undir húsaþing sett.“⁴⁴³ Innlendir valdhafar höfðu litla tilburði til að aflétta húsaþing af fullorðnu fólki og voru þess dæmi að þeir beittu sér gegn auknu einstaklingsfrelsi vinnufólks. Árið 1861 brást Alþingi t.a.m. hart við frumvarpi danskra stjórnvalda til breytinga á hjúalögum sem innifólu að undanskilja átti fullorðið fólk húsaþinga. Í því máli birtist grundvallarmunur á skilningi konungsvalds og Alþingis á því hvað fælist í að vera fullorðinn einstaklingur.⁴⁴⁴ Undir lok 19. aldar voru möguleikar ungs fólks á að hefja eigin búskap orðnir minni en var um miðja öldina og það, ásamt breyttri samfélagsgerð, hvatti fólk til að leita annarra úrræða til að

⁴³⁹ Guðmundur Hálfðanarson, „Private spaces and private lives,“ 116, 121.

⁴⁴⁰ Guðmundur Hálfðanarson, „Private spaces and private lives,“ 115–116; Hugi í dölum, „Hvernig eigum vjer að byrja hina nýju þúsund-ára-öld?“ 4. september 1876, 77; *ÞÍ*. E.10, 14. Personalía Jóns Sigurðssonar. Bréf frá Tryggva Gunnarssyni, dags. 20. október 1868.

⁴⁴¹ *Alþingistíðindi* 1893 A, 490–519, 630–631, 645–674, 707; B, 23–53, 655–662, 711–738, 1966–1973; C, 105–107, 596–597.

⁴⁴² Vilhelm Vilhelmsson, „Siðspillandi lögbrot,“ 172.

⁴⁴³ *Lbs.-Hbs.* Vilhelm Vilhelmsson, „Sjálfstætt fólk?“ 3.

⁴⁴⁴ Guðmundur Hálfðanarson, „Kemur sýslumanni [það] nokkuð við ...?“ 21–22.

festast ekki í ævilangri vinnumennsku. Eitt þeirra úrræða var að reyna að afla sér frekari menntunar í von um að fjölga kostum á störfum.

Aðgangur að jarðnæði var fram eftir 19. öld lykilatriði fyrir flesta sem hugðust stofna fjölskyldu. „Fram undir 1880 beittu sveitarstjórnir því fyrir sig margvíslegri félagsmálalöggjöf með góðum árangri í því skyni að takmarka fólksflutninga til bæja og þorpa við sjávarsíðuna og leggja hömlur á hjónabandsmöguleika fátæks fólks.“⁴⁴⁵ Á síðustu áratugum 19. aldar urðu fólksflutningar vestur um haf og til sjávarsíðunnar svo tíðir að flestum sveitarstjórnnum varð ofviða að hamla giftingum fátæks fólks og beita vinnustétta- og fátækralöggjöfunum til að stýra búsetu fólks og framboði vinnuafis. Engu að síður voru dæmi um það allt fram til aldamóta að þetta væri reynt. En breytt viðhorf í samfélaginu og kröfur um einstaklings- og atvinnufrelsi áttu sinn þátt í því að ýmis ákvæði vinnustéttalöggjafarinnar voru ýmist numin úr lögum eða milduð á síðasta áratug 19. aldar.⁴⁴⁶

3.2.2 Lestrarfélög og ritvæðing almennings

Forystumenn upplýsingarinnar í Evrópu á 18. öld hvöttu hina „skynsömu einstaklinga“ til að upplýsa sjálfa sig (ástunda sjálfsnám) til að styrkja sig sem virka þátttakendur í samfélaginu. Það átti ekki aðeins að ýta undir sjálfstæða hugsun heldur einnig að fólk tjáði öðrum hugsanir sínar og gerði þær þannig gagnlegar fyrir samfélagið. Víðast var þó stritandi alþýðan undanskilin þessari hvatningu, þó íslenskir upplýsingarmenn reyndu líka að ná til hennar. Aukin samfélagsleg virkni byggði þannig á aukinni einstaklingshyggju sem miðaði að því að hver einstaklingur efldi sjálfan sig til að vera búinn undir þátttöku.⁴⁴⁷

Vaxandi framboð prentefnis og almennara læsi var fremur menningarleg breyting en tæknileg. Hún opnaði leið fleiri áhrifavalda inn í líf fólks en einungis þeirra sem voru í nærsamfélaginu. Á þeim tíma sem hér um ræðir hafði prentað efni mun víðtækari dreifingu en talað mál. En viðtaka prentefnis er persónubundin. Hún kallar á túlkun viðtakandans sem getur gengið í allt aðra átt en þá sem höfundurinn hafði í huga. Stækkun lesendahópsins breytti líka almennum rithætti því menntamenn sem áður höfðu verið næsta einráðir í skoðanaskiptum á prentuðu formi leituðust við að ná athygli almennings, en ekki aðeins hvers annars, og fólk sem ekki taldist til menntamanna kvaddi sér hljóðs um hugðarefni sín og hagsmunamál.⁴⁴⁸

Upphaf bókasafna á Íslandi má rekja til tveggja lestrarfélaga embættismanna undir lok 18. aldar. Sex félög voru stofnuð um aldamótin 1800. Þau spönnuðu stór svæði og voru ýmist fámenn, skammlíf eða hvort tveggja. Frá 1815–1830 virðist aðeins eitt lestrarfélag hafa verið starfandi í landinu. Lestrarfélög sem voru stofnuð fyrir 1840 voru embættismannafélög þó þau væru að nafninu til öllum opin. Félagsgjald var herra en alþýðufólk réði við að borga og nær allar keyptar bækur voru á erlendum málum. Almenningslestrarfélög komu til sögunnar á fimmta áratugnum og er vitað um tæplega 30 lestrarfélög sem voru stofnuð á árunum 1840–1870. Útbreiðsla almenningslestrarfélaga hófst þó ekki að marki fyrr en eftir 1870.⁴⁴⁹

Árið 1835 var Hið austfirska lestrarfélag komið til sögunnar, en fyrsta varðveitta fundargerð félagsins er frá því ári. Fundargerðin er undirrituð af ellefu mönnum, þar af fimm Eskfirðingum, en bókasafn félagsins var varðveitt þar í þorpinu. Félagsmenn voru ýmist prestar, embættis- eða

⁴⁴⁵ Gísli Ágúst Gunnlaugsson og Loftur Guttormsson, „Heimilisgerð og þéttbýlismyndun í þremur sjávarbyggðum á Íslandi 1880–1930,“ 159.

⁴⁴⁶ Gísli Ágúst Gunnlaugsson, „Fjölskyldan,“ 35.

⁴⁴⁷ Habermas, *The Structural Transformation of the Public Sphere*, 104; Guðmundur Hálfðanarson, „Verði ljós!“ 197, 202–203.

⁴⁴⁸ Warner, „The Mass Public and the Mass Subject,“ 380–382.

⁴⁴⁹ Steingrímur Jónsson, „Yfirlit um þróun bókasafna á Íslandi,“ 164; Lúðvík Kristjánsson, *Vestlendingar*, 1:126–129; Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir, „Upphaf og þróun lestrarfélaga,“ 27–29.

verslunarmenn, en félagssvæðið var bæði Múlaprófastsdæmin.⁴⁵⁰ Félagið var eitt hinna svokölluðu Möllersku-lestrarfélaga sem stofnuð voru í kringum bókaöfjórð hanska háskólafrófessorsins Jens Möller til íslensku prestastéttarinnar. Kveðið var á um að gjöfni skyldi skipt á milli prófastsdæma landsins.⁴⁵¹ Félagsmenn austfirski félagsins skuldbundu sig til að greiða 1 ríkisdal í árgjald sem skyldi varið til eflingar bókasafnsins. Meginhluti bókanna í safninu var á dönsku og flestar fjölluðu um guðfræðileg efni. Árið 1839 var félaginu í Múlaprófastsdæmum skipt í tvö. Síðasti fundur sem skráður er í fundabók félagsins í Suður-Múlaprófastsdæmi var haldinn árið 1854 og þar var m.a. rætt um að slíta félaginu sem hafði verið afrækt undangengin ár. Á fundinum var samþykkt tillaga um að kappkosta að koma aftur lífi í félagið, en það virðist litlu hafa breytt. Síðasta skráða útlán á bókum félagsins var í byrjun árs 1858.⁴⁵² Í byggðasögunni *Eskju* kveðst Einar Bragi ekki vita hvað varð af bókasafni þessa félags en getur heimilda um stofnun lestrarbókasafns á Eskifirði um 1860 sem hafi væntanlega erft bækur eldra félagsins.⁴⁵³ Þegar *Skuld* var gefin út (1877–1883) var starfandi lestrarfélag á Eskifirði og var bókaskrá þess prentuð í *Skuld* árið 1880. Afgerandi munur var á bókakosti þess félags og hins fyrra þar sem nær allar bækur hins síðara voru á íslensku.⁴⁵⁴ Lestrarfélag var starfandi á Eskifirði árið 1883 en í bréfi sem Ögmundur Sigurðsson skólastjóri ritaði Þorvaldi Thoroddsen þá um veturinn (14. mars), kom fram að bækur félagsins voru þá komnar í skólahúsið og Ögmundur orðinn bókavörður. Honum þótti hins vegar lítið koma til bókasmekks notenda safnsins og sagði: „svo er menntun manna háttáð hér, að mikil eftirspurn er eftir Þúsund og einni nótt og Riddarasögum, en fáar aðrar bækur teknar, og fyrir því hefi ég oftast flestar nýtar bækur heima.“⁴⁵⁵

Hið Möllerska lestrarfélag í Norður-Múlaprófastsdæmi var enn starfandi í september 1856. Þá ritaði Halldór Jónsson prestur á Hofi í Vopnafirði bréf til félagsmanna sem voru þá níu talsins. Efni bréfsins voru bókakaup félagsins sem Halldór hafði umsjón með en milligöngumaður hans í Kaupmannahöfn var Jón Sigurðsson forseti. Bréfið endar á upptalningu á þeim bókum sem félagið hafði þá nýlega keypt. Allir titlar voru á dönsku og af þeim má ráða að þetta voru allt trúarrit.⁴⁵⁶ Hve mikið lengur þetta félag starfaði er óvíst. Ætla má að almenningur hafi ekki átt aðkomu að því, eða hinu sem starfaði í Suður-Múlaprófastdæmi, og lítið ef nokkurt gagn haft af bókum þeirra.

Skjöl Halldórs Jónssonar sýna að hann fékkst við bóksölu allt til ársins 1875. Auk þess hafði Halldór milligöngu um inngöngu manna í Hið íslenska bókmenntafélag, eins og sjá má af bréfi sem Jón Þorsteinsson á Surtsstöðum á Jökuldal ritaði honum vorið 1873. Þar bað hann Halldór að hlutast til um að Eiríkur Magnússon vinnumaður í Sleðbrjótsseli fengi inngöngu í Bókmenntafélagið og að hann fengi bækur félagsins strax um sumarið.⁴⁵⁷ Þetta stutta bréf er áhugaverð heimild því það vitnar bæði um bókmenntaáhuga vinnumanns sem og um menningarlegt hlutverk prests, utan embættisskyldu hans.

Bókasafni Norður- og Austuramtsins á Akureyri, sem var stofnað árið 1827, var ætlað að þjóna bæði Austfirðingum og Norðlendingum en fjarlægð milli landshlutanna og erfiðar samgöngur gerðu það að verkum að safnið var næsta gagnslaust fyrir Austfirðinga. Bókasafn Austuramtsins á Seyðisfirði var ekki stofnað fyrr en árið 1893, en þá voru fyrir amtsbókasöfn á Akureyri og í

⁴⁵⁰ *Lbs.* 689 fol. Gjörðabók Hins austfirski lestrarfélags.

⁴⁵¹ Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir, „Lestrarfélög presta,“ 57–60.

⁴⁵² *Lbs.* 689 fol. Gjörðabók Hins austfirski lestrarfélags.

⁴⁵³ Einar Bragi Sigurðsson, *Í skólanum*, 26–28.

⁴⁵⁴ Jón Ólafsson, *Bóka-skýrá Lestrar-félags Eskifjarðar 1880, ásamt ágripi af lögum þess.*

⁴⁵⁵ Einar Bragi Sigurðsson, *Í skólanum*, 57.

⁴⁵⁶ *Lbs.* 2757 4to. Bréf Halldórs Jónssonar til meðlima Hins Möllerska lestrarfélags í Norðurmúla prófastsdæmi, dags. 3. september 1856;

⁴⁵⁷ *Lbs.* 2755 b, 4to. Bréf Jóns Þorsteinssonar til Halldórs Jónssonar, dags. 24. apríl 1873.

Stykkishólmi auk Landsbókasafns í Reykjavík.⁴⁵⁸ Fyrstu alþýðulestrarfélögin voru stofnuð á Vesturlandi og Vestfjörðum. Elsta alþýðulestrarfélagið sem komst til þroska og starfaði samkvæmt félagslögum var Lestrarfélagið í Gufudalshrepp sem var stofnað árið 1843. Sérstök löggjöf um lestrarfélög var ekki sett af Alþingi fyrr en árið 1937.⁴⁵⁹ Jón Jónsson þjóðfræðingur segir að rannsóknir á lestrarfélögum á 19. öld hafi beinst að starfandi félögum og því mætti halda að um samfellda sigurgöngu hefði verið að ræða. Hann bendir þó á að ekki megi gleyma því að í fjölmörgum sveitum landsins voru engin lestrarfélög starfandi. Það hafi hins vegar fengið litla athygli og óvíst hvað hafi valdið því. Auk þess var starfsemi margra lestrarfélaga slitrótt og ómarkviss fram undir aldamótin 1900. Tímabilið 1865–1885 var þessum félögum almennt erfitt. Blómaskeið lestrarfélaganna hófst um 1890, en 31 lestrarfélag var stofnað á árunum 1890–1892.⁴⁶⁰

Á því tímabili sem hér er til rannsóknar voru einkum þrjár leiðir sem fólk hafði til að nálgast lesefni (handrit og prentað efni): 1) einstaklingar og heimili eignuðust lesefni; 2) það gekk milli bæja í lánum; 3) lestrarfélög lánuðu bækur, blöð eða tímarit. Fram eftir 19. öld virðist tilgangur með stofnun lestrarfélaga hafa einskórðast nær alveg við fræðslumarkmið með kaupum á því sem töldust nýtsamar og fróðlegar bækur. Lög lestrarfélaga þessa tíma voru yfirleitt áþekkt, enda líklega oftast stuðst við lög eldri félaga þegar ný voru stofnuð. Fróðleikur, nytsemd og síðar skemmtun voru markmið þeirra flestra. Tilgangur félaganna tók breytingum um aldamótin 1900 og áherslan á menntunar- og fræðsluhlutverkið fór minnkandi en áherslan á fagurbókmenntir og afþreyingu jókst. Þar sem lestrarfélög voru starfandi undir lok 19. aldar voru félagsmenn jafnan mestmegnis karlar (bændur). Þó annað heimilisfólk hafi notið lesefnis frá félögunum voru það einungis félagsmenn sem gátu haft bein áhrif á hvaða efni var keypt.⁴⁶¹ Prestar og bændur voru áberandi í starfi lestrarfélaga sem stofnuð voru eftir 1890. Prestar áttu víða þátt í stofnun lestrarfélaga, sem samræmdist vel hlutverki þeirra við almenningsfræðslu. Bætt almenningsfræðsla, vaxandi sérhæfing í íslensku samfélagi, aukin félagastarfsemi og aukin þéttbýlismyndun voru allt þættir sem stuðluðu að aukinni eftirspurn eftir lesefni. Fjölpættara samfélag leiddi til þess að fræðsluefni náði til fleiri sviða en áður. Fjölgun lestrarfélaga og bókasafna undir lok 19. aldar og í byrjun 20. aldar bætti aðgengi almennings að lesefni, ekki síst fólks sem ekki hafði ráð á verulegum bókakaupum.⁴⁶²

Með vaxandi ritmenningu á Íslandi á síðasta fjórðungi 19. aldar, aukinni útgáfu veraldlegra rita og gróandi starfsemi ýmiss konar félagasamtaka, birtast nýjar menningarlegar áherslur sem risu á þjóðlegum grunni. Markmiðið var jafnan að efla félagslega virkni almennings og samfélagsmiðaða menntun. „Ný áhersla á að temja nemendum að miðla hugsunum sínum í ræðu og riti á sjálfstæðan hátt“, segir Ólafur Rastrick sagnfræðingur, „ber vott um samfélagssýn þar sem almenningur kemur fram sem virkur þátttakandi í að skapa félagslegt umhverfi sitt.“⁴⁶³ Ólafur greindi félagslegt hlutverk ritþjálfunar og markmið íslenskukennslu í völdum skólum um og upp úr aldamótunum 1900. Hann benti á að í námskrá alþýðlegra ungmennskóla á síðasta fjórðungi 19. aldar hafi yfirleitt ekki, eða í besta falli með mjög takmörkuðum hætti, verið gert ráð fyrir munnlegri tjáningu og ritþjálfun nemenda. Þjálfun í rituðu og töluðu máli urðu nemendur að sækja sér utan kennslustunda, t.d. með útgáfu skólablaða og starfrækslu málfundafélaga.⁴⁶⁴ Slíkt virðist þó fremur hafa einkennt skóla sem piltar sóttu en stúlnaskóla. Stúlnur voru ekki þjálfaðar í ræðumennsku eða tjáningu á opinberum

⁴⁵⁸ Steingrímur Jónsson, „Yfirlit um þróun bókasafna á Íslandi“, 165, 170.

⁴⁵⁹ Lýður Björnsson, *Saga sveitarstjórnar á Íslandi*, 2:259.

⁴⁶⁰ Jón Jónsson, „Lestrarfélög fyrir almenning“, 174, 176.

⁴⁶¹ Jón Jónsson, „Lestrarfélög fyrir almenning“, 180–184, 191.

⁴⁶² Ingi Sigurðsson, „Upplýsingin og hugmyndaheimur Íslendinga á síðustu áratugum 19. aldar og öndverðri 20. öld“, 121–123; Ingi Sigurðsson, „Arfleifð upplýsingarinnar og útgáfa fræðslurita á íslensku“, 149.

⁴⁶³ Ólafur Rastrick, „Lestrarkennsla og ritþjálfun í barnaskólum og alþýðlegum framhaldsskólum 1880–1930“, 113.

⁴⁶⁴ Ólafur Rastrick, „Lestrarkennsla og ritþjálfun í barnaskólum og alþýðlegum framhaldsskólum 1880–1930“, 107–109.

vettvangi í kvennaskólunum, a.m.k. ekki af hálfu stjórnenda skólanna. Einhver þjálfun í upplestri var þó til staðar, en ekki í að forma hugsanir í orð. Sú áhersla kom með Hinu íslenska kvenfélagi um aldamótin 1900.⁴⁶⁵

Útbreiddari skriftarfærni almennings nýttist ekki einungis til bréfaskrifta heldur einnig til eflingar á almennu félagsstarfi og samtakamyndun. Skýr tenging var með félagastofnun og útgáfu-starfi, sem m.a. birtist í útgáfu handskrifaðra blaða. Jafnframt fjölgaði þeim sem skildu eftir sig sendibréf, dagbækur, æviminningar og jafnvel blaðagreinar. Þannig varð almenningur undir lok 19. aldar og í byrjun 20. aldar virkari þátttakandi í sköpun heimildaefnis en áður var. Þessar breytingar hafa verið tengdar skipulagðri almenningsfræðslu og lýðræðislegum stjórnar- og samskiptaháttum.⁴⁶⁶ Með því er gert ráð fyrir breytingum að ofan, knúnum áfram af yfirvöldum. Aðgerðir yfirvalda voru vissulega veigamikill hluti skýringarinnar, en þó ekki öll. Framtak almennings innan félaga og einstaklingsframtak er líka gríðarlega þýðingarmikið, en jafnframt er mun erfiðara að meta það en aðkomu yfirvalda.

3.3 Almennigur, lýðræði og valdaafstæður

Þorvaldur Thoroddsen (1855–1921) jarð- og landfræðingur fór um stóran hluta Íslands í rannsóknarferðum sínum á síðustu tveimur áratugum 19. aldar (1882–1898). Afrakstur af ferðum hans var margvíslegur en þekktust eru ritverkin *Lýsing Íslands* og *Ferðabókin*.⁴⁶⁷ Á ferðum sínum hafði Þorvaldur kynni af fjölda fólks og samfélögum, bæði í dreifbýli og þéttbýli. Hann var því um aldamótin 1900 meðal fróðustu manna um samfélagsþróun á Íslandi síðustu áratugi 19. aldar. Árið 1901 birtist í tímaritinu *Andvara* grein eftir Þorvald þar sem hann leit yfir nýliðna öld og lagði mat á þróun íslensks samfélags á henni. Meðal þess sem Þorvaldur ræddi var þróun félagastarfs og áhrif þess á íslenska menningu og samfélag.

Félagslífið er nú alt að verða fjörugra, alþýða hefir oft samkomur og hátíðahöld ... Æði-ólíkt er það nú því er áður var, hve mikið alþýða tekur þátt í opinberum málum, og virðist mér hún gera það alveg eins myndarlega eins og alþýða í öðrum löndum. Það heyrir stundum sagt, að almenning á Íslandi vanti pólitískan þroska; eg sé ekki að hann í því efni standi neitt á bak almenningi í öðrum löndum. En hvað er pólitískur þroski? Einn segir þetta, annar hitt. Vanalega álitur hver þann pólitískt þroskaðan, sem er á sama máli og hann sjálfur, eða að minsta kosti fylgispakur. Alþýða hefir nú góða æfingu í ýmsum nefndum og á mannfundum í því að ræða um almenn mál, og vex þannig smátt og smátt í greind og reynslu.⁴⁶⁸

Þegar horft er til síðari helmingis 19. aldar, þar sem íslenskt lýðræði og opinber umræða með almennri þátttöku var á bernsku- og mótunarskeiði og stjórnmalaflokkar skipulagðir sem félags-hreyfingar voru ekki komnir fram á sjónarsviðið, þá vakna spurningar um hvort og hvernig almenningur gat haft áhrif á þróun samfélagsins og tekið þátt í lýðræðislegu starfi. Í þessum kafla er athygli beint að stjórnmalastarfi einkum með tilliti til vals frambjóðenda til Alþingis og aðkomu kjósenda að því, þátttöku almennings í félagastarfi og áhugasviði ólíkra samfélagshópa, eins og það birtist í opinberri umræðu á tímabilinu. Í síðasta kaflanum er svo sjónum beint að siðferðilegum viðmiðum sveitasamfélagsins og þeim áskorunum sem þau mættu um aldamótin 1900.

⁴⁶⁵ Erla Hulda Halldórsdóttir, *Nútímans konur*, 234.

⁴⁶⁶ Ingi Sigurðsson og Loftur Guttormsson, „Inngangur“, 11, 31; Ingi Sigurðsson og Loftur Guttormsson, „Niðurlag“, 291.

⁴⁶⁷ Þorvaldur Thoroddsen, *Lýsing Íslands*; Þorvaldur Thoroddsen, *Ferðabók*.

⁴⁶⁸ Þorvaldur Thoroddsen, „Hugleiðingar um aldamótin“, 40–41.

Íslenska almannarýmið var lengst af 19. öldinni mjög lítið, skýrt afmarkað og þátttakendur í opinberri umræðu aðeins einstaklingar úr hópi hinna *pólítískt virku* sem höfðu fullan þegnrétt. Frá endurreisn Alþingis og fram á síðasta fjórðung 19. aldar var nokkuð skýrt að þó allir innfæddir teldust til íslensku „þjóðarinnar“ þá voru það einungis kjósendur sem töldust til „fólksins“ (sjá umræðu um þessi hugtök í kafla 3.1.3). Þeir voru aðgreindir frá öðrum landsmönnum þegar kom að lýðræðislegri þátttöku og umræðu. Með því að takmarka fullan þegnrétt var þeim sem ekki uppfylltu skilyrði kosningalaga haldið frá formlegum pólítískum völdum og áhrifum. Þessum meirihluta fullorðinna landsmanna mætti skipta í marga hópa m.t.t. til kyns, samfélagsstöðu og/eða hagsmuna. Hér er til einföldunar vísað til þeirra sem *almennings*. Frá því um miðja 19. öld, þegar fréttablöð voru að skjóta varanlegum rótum á Íslandi, og fram undir lok aldarinnar var opinber umræða í íslenskum prentmiðlum næsta einokun af kjósendum. Aðrir töldust tæpast gjaldgengir í opinberri umræðu. Það viðhorf átti ekki aðeins við á Íslandi, hið sama var uppi á teningnum í nágrannalöndum og eimdi eftir af því vel fram yfir aldamótin.⁴⁶⁹ Árið 1902 deildu Árni Jóhannsson sýsluskrifari Norður-Múlasýslu og Björn R. Stefánsson verslunarmaður um stjórnsmál á síðum austfirsku blaðanna. Árni skrifaði í *Bjarka* og Björn í *Austra*. Í svargrein sagði Björn: „Þá hneixlast A.J. á því, að eg „ómyndugur og óharðnaður“ skuli dirfast að skrifa slíkar greinar. Hann mun hafa lært það af Ísafold að ekki mættu nema menn á vissum aldri hafa afskipti af pólítík.“⁴⁷⁰

Baráttan fyrir almennum kosningarétti var ekki aðeins baráttan fyrir útfærslu fulls þegnréttar. Að yfirvinna fyrra misrétti í nafni jafnréttis veitti jaðarsettum samfélagshópum frekari viðurkenningu í samfélaginu.⁴⁷¹ Þetta átti ekki síst við nýja samfélagshópa og má þar, í íslensku samhengi, t.d. vísa til verkafólks í þéttbýli. Er nær dró aldamótum varð krafan um lýðræðisþróun og aukin réttindi almennings háværingu og sífellt erfiðara varð að verja að fullur þegnréttur væri aðeins ætlaður litlum hluta þjóðarinnar. Fyrir tilkomu kvennahreyfingarinnar fór lítið fyrir opinberum kröfum um úrbætur á stjórnarskrá og kosningalögum sem slitu tengslin milli kyns, eignastöðu eða skattgreiðslna og fulls þegnréttar og gerðu fleiri þjóðfélagsþópum pólítískt virka og þannig hluta „fólksins.“ Þéttbýlismyndun með vaxandi hóp handverks- og verkamanna (þ.m.t. sjómanna) og sjálfstætt starfandi konur áttu þátt í að skapa þrýsting um breytingar og ýta undir lýðræðisþróun.

3.3.1 Kjörnir fulltrúar og aðkoma almennings

Almenningur varð að ganga gegn óskrifuðu reglum samfélagsins til að rjúfa útilokun frá þátttöku í opinberri umræðu. Þessi „útilokunar-hjúpur“ utan um almannarýmið tók að rofna þegar kom fram á síðustu tvo áratugi 19. aldar. Sífellt fleiri úr hópi almennings stigu inn í almannarýmið og létu skoðanir sínar í ljós, flestir innan vébanda félaga en sumir á síðum prentaðra blaða, þrátt fyrir að mæta þar framan af ýmist tómleiti eða jafnvel beinni andstöðu þeirra sem þar voru fyrir.

Ritstjórar og greinahöfundar í íslenskum blöðum á síðari hluta 19. aldar beindu orðum sínum jafnan að kjósendum þegar um var að ræða stór pólítísk álitamál eða þegar boðað var til funda um stjórnsmál. Ekki var gert ráð fyrir virkri þátttöku almennings. Aðsókn annarra en kjósenda að pólítískum fundum virðist þó ekki hafa mætt beinni andstöðu, en var ekki talin skipta máli nema ef styrkja þurfti réttmæti skoðunar eða ákvörðunar með fjöldafylgi við hana. En hvaða leiðir voru íslenskum almenningi, sem hvorki hafði kosningarétt né kjörgengi, færar til afskipta af stjórnsmálum og þátttöku í lýðræðislegu starfi á árunum 1874–1915? Ein var sú að byggja upp og nýta sér persónuleg tengsl við ráðamenn og reyna að hafa persónuleg áhrif á skoðanir þeirra. Hún var þó fjarri því á færi allra. Önnur leið var að rita greinar í blöð og tímarit, en þá var það komið undir

⁴⁶⁹ Habermas, *The Structural Transformation of the Public Sphere*, 110.

⁴⁷⁰ „Frá Birni R. Stefánssyni,“ 12. júní 1902, 74.) Björn R. Stefánsson (1880–1936) var 22 ára er greinin var skrifuð.

⁴⁷¹ Della Porta, „Democracy in Social Movements,“ 769.

ákvörðunum ritstjóra hvort efnið birtist og lengi vel vöktu greinar frá almenningi lítill viðbrögð, væru þær yfirleitt birtar. Jafnvel sitjandi þingmenn gátu þurft að sæta því að fá ekki rúm fyrir greinar sínar ef ritstjóra líkaði ekki efnið.⁴⁷² Hin þriðja var sú að skapa eigin vettvang (t.d. að stofna sveitarblað) og/eða taka þátt í starfi félags sem hafði það að markmiði að bæta samfélagið og/eða skapa þrýsting á ráðamenn og hafa þannig áhrif á skoðanir þeirra. Mörg félög stóðu í sjálfstæðri útgáfu. Félagsleg virkni í nærsamfélagi var sú leið til þátttöku sem almenningur nýtti sér mest á því tímabili sem hér um ræðir.

Það tíðkaðist strax við upphaf ráðgjafafinganna í Danmörku að þingfulltrúar ráðguðust við kjósendur sína á fundum fyrir þing. Jón Sigurðsson kynnti það fyrirkomulag í *Nýjum félagsritum* sem fordæmi sem vert væri að fylgja.⁴⁷³ Aðkoma almennings að stjórnámum á fyrstu árunum eftir endurreisn Alþingis árið 1845 var í því formi að rita undir bænaskrár til Alþingis og konungs. Bænaskráraðferðin var hentug í dreifbýlu íslensku samfélagi miðrar 19. aldar þar sem hún krafðist lítillar fyrirhafnar af almenningi sem gat ritað undir bænaskrár á manntalsþingum, hreppskilafundum eða við kirkjur. Bænaskrárnar gáfu tækifæri til að koma til Alþingis og konungs viljayfirlýsingum með þátttöku fólks sem ef til vill var næsta áhugalítið um stjórnám en var reiðubúið að leggja nafn sitt við ákveðin mál eða beiðnir. Gunnar Karlsson sagði að á fyrstu árum Alþingis hefði jafnan verið mikill fjöldi undirskrifta undir hverja bænaskrá í Suður-Þingeyjarsýslu, jafnvel yfir 200 undirskriftir. Margir þeirra sem rituðu nöfn sín undir bænaskrár höfðu hvorki kjörgengi eða kosningarétt, m.a. gefur þar að líta nöfn kvenna. Það að fá sem flestar undirskriftir, óháð því hvort undirskrifendur höfðu fullan þegnrétt, gaf bænaskrá lýðræðislegra yfirbragð en væri hún aðeins borin fram af fáeinum frammámönnum. Forystumönnum íslenskra stjórnamála var raunar allt frá endurreisn Alþingis umhugað um að sýna dönskum stjórnvöldum fram á fjöldafylgi við ýmis mál með því að safna miklum fjölda undirskrifta undir bænaskrár til konungs.⁴⁷⁴ Í þeim efnum voru forystumenn landsins fyrst og fremst að styrkja sinn málstað gagnvart yfirvöldum í Kaupmannahöfn. Sókn í þátttöku almennings í slíkum tilvikum var ekki til marks um vilja til að útvíkka fullan þegnrétt til þeirra sem ekki nutu hans.

Á níunda áratug 19. aldar færðist í vöxt að halda þingmálafundi. Þeir voru jafnan haldnir í aðdraganda setningar Alþingis og voru um málefni en ekki kosningar. Fundirnir voru vettvangur samtals kjósenda og þingmanna. Oftast voru það sitjandi þingmenn sem boðuðu til þingmálafunda í sínu kjördæmi en einnig voru dæmi um að fundarboðendur væru áhrifamenn úr hópi kjósenda. Önnur tegund pólitískra funda var svokölluð leiðarþing sem þingmenn héldu með kjósendum eftir heimkomu frá Alþingi þar sem þeir skýrðu gang mála á þingi og afdrif þingmála. Eftir að blaðaútgáfa hófst á Austurlandi var í blöðunum reglulega fjallað um þingmálafundi í Múlasýslum og væri getið um fundasókn var fram til aldamóta eingöngu getið fjölda kjósenda. Sömu sögu má segja af framboðsfundum fyrir alþingiskosningar og tilfallandi stjórnámálafundum um afmörkuð málefni sem tóku að tíðkast undir aldamótin 1900.

Undir pólitískri forystu Jóns Sigurðssonar skaut styrkum rótum ein lífseigasta táknmynd íslenskra einingarstjórnamála; myndin af hinum sterka leiðtoga sem þjóðin fylgdi. Henni var mjög haldið á loft, ekki síst eftir dauða Jóns. Minning hans var meira sameinandi en maðurinn sjálfur enda fór eftir dauða Jóns lítið fyrir þeirri mótstöðu sem hann átti á stundum við að etja innanlands meðan hann lifði. Fyrstu áratugina eftir andlát Jóns Sigurðssonar var afstaða til stjórnámálamanna

⁴⁷² *Her.Aust.* A6 195, 22. Bréf frá Jóni Jónssyni (frá Sleðbrjót) til Runólfs Bjarnasonar, dags. 9. september 1892. Í bréfinu gat um Jón stjórnámalagrein sem hann ritaði og sendi *Austru* en Skapti Jósefsson ritstjóri vildi ekki birta.

⁴⁷³ Jón Sigurðsson, „Um alþing á Íslandi,“ 107–108.

⁴⁷⁴ Gunnar Karlsson, *Frelsisbarátta Suður-Þingeyinga og Jón á Gautlöndum*, 42, 69–70; Gunnar Karlsson, „Upphafsskeið þjóðríkismyndunar 1830–1874,“ 330.

mjög lituð af því hvort þeir hefðu verið stuðningsmenn Jóns og áherslna hans í stjórnámálum eða ekki.⁴⁷⁵ Í *Minningabók* sinni lýsti Þorvaldur Thoroddsen stjórnámálalífi íslenskra Hafnarstúdenta eftir að hann fór til Kaupmannahafnar haustið 1875 og þeirri yfirburðastöðu sem Jón Sigurðsson hafði meðal Íslendinga í Kaupmannahöfn. „Í pólitík fylgdu allir yngri menn Jóni Sigurðssyni skilyrðislaust, og höfðu mikla fæð á öllum mótstöðumönnum hans; þar var engin kritik leyfileg, enda bar það ekki við að stúdentar leyfðu sjer að andmæla því, er forseti vildi, slíkt hefði þótt ósæmilegt.“⁴⁷⁶ Fráfall Jóns Sigurðssonar skapaði svigrúm fyrir nýja leiðtoga og grundvöll undir flokkaskiptingu.

Birgir Hermannsson stjórn málafræðingur hefur bent á að í orðræðu þjóðfrelsismanna hafi *einingar-þjóðernishyggja* verið leiðarstef, byggð á hugmyndum Herders um lífrænar þjóðir. „Sumpart var hin mikla áhersla á einingu viðbrögð við tilurð þjóðríkja, samkeppni þeirra um völd og áhrif á tímum heimsvaldastefnu, auknum kröfum um lýðræði og stéttastjórnámálum. Í nafni einingar þjóðarinnar voru stjórn mála flokkar fordæmdir, sérstaklega stéttaflokkar á borð við jafnaðarmenn og verkalyðshreyfinguna.“⁴⁷⁷ Þeir voru álitnir sundra þjóðinni í fylkingar en hávær opinber krafa var um einingu í þjóðfrelsismálum allt fram til þess er fullveldi fékkst. Sú eining var þó fjarri því til staðar. Innbyrðis átök, flokkadrættir og sundrung einkenndu opinbera umræðu um sambandsmálið við Dani, bæði innan Alþingis og utan, einkum á síðari helmingi þess tímabils sem hér um ræðir.

Það olli mörgum forystumönnum íslenskra stjórnmála á síðari helmingi 19. aldar viðvarandi áhyggjum hversu lítinn áhuga þeim þótti kjósendur hafa á stjórnmálum. Í því sambandi var áhugi einkum metinn með tilliti til kjörsóknar í alþingiskosningum, sem var á bilinu 20–30% kosningabærra manna í almennum kosningum frá 1874–1896 (aukakosningar eru frátaldar). Kjörsókn jókst og var um 50% í alþingiskosningum sem haldnar voru um aldamótin (árin 1900, 1902 og 1903) og jókst svo enn frekar í næstu tvennum kosningum þar á eftir (1908 og 1911) og var þá á bilinu 70–80%.⁴⁷⁸ Áhyggjur af dæða kjósenda gagnvart stjórnmálum voru viðráðar í akureyska blaðinu *Fróða* árið 1880 í ómerktri grein sem ætla má að Björn Jónsson ritstjóri hafi ritað. Höfundur leitast við að greina ástæður lélegrar kjörsóknar og var niðurstaða hans að meginástæðan lægi í þeirri útbreiddu hugsun að horfa aðeins til hagsmuna sinnar sveitar eða héraðs en ekki á stærra samhengi. Auk þess benti hann á að hlutföll embættismanna og bænda á þingi væru öfug miðað við hlutföll þeirra í hópi kjósenda. Konungkjör sex þingmanna, sem jafnan voru allir embættismenn, bætti á misvægið. Þessar ályktanir höfundar voru báðar á rökum reistar. Sterk staða embættismanna innan þings og í hópi frambjóðenda er líkleg til að hafa latt bændur til að kjósa, einkum ef þeir höfðu ekki álitlega frambjóðendur úr eigin röðum, og víðar má sjá vitnisburði um að „átthagahugsun“ var sterk, sem og tilhneiging til að hugsa fyrst og síðast um hag eigin heimilis.

Greinarhöfundur í *Fróða* ræddi hins vegar ekki tvo veigamikla áhrifaþætti sem höfðu mikil áhrif á kjörsókn. Sá fyrri var að í mörgum kosningum var lítil spenna og úrslitin næsta fyrirséð, jafnvel einungis einn eða tveir frambjóðendur fyrir jafnmörg þingsæti. Síðari áhrifaþátturinn var fjöldi og staðsetning kjörstaða. Fram til ársins 1903 var aðeins einn kjörstaður í hverri sýslu og því langar vegalengdir og oft torsótt fyrir marga kjósendur að mæta á kjörstað. Í tímaritsgrein árið 1884 benti Indriði Einarsson (1851–1939) á að kjörsókn væri jafnan mest í þeim kjördæmum þar sem vegalengdir til og frá kjörstað væru stytar.⁴⁷⁹ Til marks um áhrif þessa má benda á að kjörsókn snarjókst í alþingiskosningunum 1908 og 1911 frá því sem áður var, en þá hafði tekið gildi laga-breyting sem gerði ráð fyrir kjörstað í hverjum hrepp.

⁴⁷⁵ Páll Björnsson, *Jón forseti allur?* 79–126; *Lbs.* 564 fol. Jón Jónsson frá Sleðbrjót, „Pólitískar endurminningar“, 4.

⁴⁷⁶ Þorvaldur Thoroddsen, *Minningabók*, 1:130.

⁴⁷⁷ Birgir Hermannsson, „Þjóðmenning og lagaleg réttindi“, 334.

⁴⁷⁸ *Kosningaskýrslur 1874–1946*, 1:24–43.

⁴⁷⁹ Indriði Einarsson, „Um kosningar og kjósendur til alþingis“, 25.

Staðsetning kjörstaða fram til ársins 1903 hafði ekki aðeins áhrif á kjörsókn heldur líka á hverjir kusu. Frátöf frá heimili og kostnaður við ferðalög hefur lagst þyngra á fátæka kjósendur en þá efnaðri. Fyrir fátæka menn gat það auk þess verið óvíst hvort þeir væru á kjörskrá. Það hefur vart verið hvetjandi að leggja í langferð án þess að vita fyrirfram hvort viðkomandi fengi að kjósa eður ei.⁴⁸⁰ Í *Bjarka* á Seyðisfirði var árið 1900 gagnrýnd sú mismunun milli kjósenda sem fólst í því að aðeins einn kjörstaður væri í hverju kjördæmi. „Hjer eru því kostningarlögin svo ill lög og ránglát að fjölda manna kostar það þriggja daga vinnu sína og tilfinnanlegan peningakostnað að neyta borgaralegra rjettinda sinna, þar sem aðra menn kríngum kjörstaðinn þarf ekki að kosta það nema litla stund úr degi.“⁴⁸¹ Sama ár birtist samsvarandi gagnrýni á staðsetningu kjörstaða í grein í *Eimreiðinni* eftir Pál Briem (1856–1904) amtmann. Hann benti á dæmi þess að kjósendur gætu ekki nýtt kosningarétt sinn, t.d. kjósendur í Grímsey og fátækir menn á Siglufirði og Ólafsfirði sem ættu að sækja kjörfund til Akureyrar. Páll hélt því fram að staðsetning kjörstaða leiddi til þess að fyrir um helming kjósenda væri ómögulegt, eða því sem næst, að nýta kosningarétt sinn.⁴⁸² Þriðja mögulega ástæða lélegrar kjörsóknar var sá mismunur sem var milli pólitískra áherslna forystumanna í landsmálum (þingmanna, ritstjóra blaðanna o.fl.) annars vegar og meginþorra kjósenda og almennings hins vegar. Um það verður nánar rætt síðar í þessum kafla.

Á rannsóknartímanum voru sýslur og kaupstaðir landsins jafnframt kjördæmi í alþingiskosningum. Hvert kjördæmi kaus ýmist einn eða tvo þingmenn. Íbúafjöldi að baki hverjum þingmanni var því lágur, einkum í dreifbýlustu kjördæmunum, og kjósendafjöldinn aðeins um 10% af íbúatölunni. Sem dæmi má nefna að árið 1874 voru 278 kjósendur í Norður-Múlasýslu og 292 í Suður-Múlasýslu. Árið 1914 hafði kjósendum í Norður-Múlasýslu fjölgað í 469 og í Suður-Múlasýslu í 745. Báðar sýslur höfðu tvo alþingismenn allt tímabilið. Þar við bættist þingmaður í Seyðisfjarðarkaupstað (sem varð sérstakt kjördæmi árið 1904 en tilheyrði áður Norður-Múlasýslu). Kjósendur þar voru 157 árið 1914.⁴⁸³ Þingmenn léku stórt hlutverk í almennarými sinna kjördæma, einkum fyrir aldamót þegar félagsleg virkni almennings var minni en síðar varð. Upplýsingar um hvernig alþingismenn voru valdir veita því innsýn í félagsgerð og valdaafstæður innan sýslanna.

Alþingismenn frá 1874 til 1915 voru eingöngu karlar enda konur ekki kjörgengar. Af þingmönnum kjörnum í almennum kosningum voru embættismenn (sýslumenn, prestar og aðrir embættismenn) og bændur ávallt fjölmennustu samfélagshóparnir, og embættismenn alltaf nokkru fleiri en bændur á árabílinu 1880–1915 (á bílinu ellefu til átján embættismenn á móti sex til tólf bændum). Fyrsta kjörtímabilið (1874–1880) sker sig úr en þá voru bændur meira en helmingur alþingismanna (sextán af 30 þingmönnum, en embættismenn aðeins níu). Aðrir þingmenn eru í kosningaskýrslum flokkaðir í embættislausa menntamenn (fjöldi þeirra frá tveimur og upp í fimm, nema árið 1908 þegar níu náðu kjöri) og kaupssýslumenn (fjöldi frá engum og upp í fjóra). Allt þetta tímabil voru sex þingmenn konungkjörnir og voru þeir yfirleitt allir úr hópi embættismanna sem gerði það að verkum að þeir voru jafnan meira en helmingur þingmanna.⁴⁸⁴

Óljóst er hvaða aðferðir voru almennt viðhafðar við val á frambjóðendum til Alþingis fyrir tilkomu skipulagðra stjórnmálaflokka og má ætla að aðstæður í hverju kjördæmi hafi ráðið þar miklu. Algengasta aðferðin virðist hafa verið sú að frambjóðendur og nánustu stuðningsmenn þeirra, sem jafnan voru málsmetandi menn innan viðkomandi kjördæmis (sýslu eða kaupstaðar) hafi í sameiningu ákveðið framboð. Aðeins í undantekningartilfellum höfðu almennir kjósendur

⁴⁸⁰ Indriði Einarsson, „Um kosningar og kjósendr til alþingis,“ 9.

⁴⁸¹ [Frétt af kjörfundi í Norður-Múlasýslu] 15. september 1900, 145.

⁴⁸² Páll Briem, „Um kosningar,“ 6; Ragnheiður Kristjánsdóttir, „Eru atkvæðaseðlarnir við höndina?“ 147.

⁴⁸³ *Kosningaskýrslur 1874–1946*, 1:23, 65.

⁴⁸⁴ *Kosningaskýrslur 1874–1946*, 1:43. Í þessari skiptingu eru prestar taldir til embættismanna þó margir úr þeirra hópi sem sátu á Alþingi hafi einnig verið bændur.

aðkomu að því að velja frambjóðendur.⁴⁸⁵ Opinberar áskoranir kjósenda til einstaklinga um að gefa kost á sér til framboðs virðast jafnan hafa verið að frumkvæði frambjóðendanna sjálfra eða nánustu stuðningsmanna þeirra. Slíkum áskorunum var því einungis ætlað að styrkja ákvörðun um framboð sem þegar hafði verið tekin. Rannsókn mín á tiltækum bréfasöfnum þingmanna og þingmannsefna í Múlasýslum frá síðasta fjórðungi 19. aldar styður þessa ályktun. Skýrasta dæmið um þetta er að finna í bréfi Sigfúsar Eymundssonar bóksala til Guttorms Vigfússonar alþingismanns Suður-Múlasýslu. Sigfús virðist þar tala í nafni forystu Heimastjórnarflokksins, þó hann segi það ekki berum orðum. Skilaboð hans til Guttorms voru skýr. „Því við ætlum þér að sjá um Suður-Múlasýsluna.“⁴⁸⁶ Í bréfinu hvatti Sigfús Guttorm til að velja þingmannsefni sem honum væri hugfellt og senda svo út lista til undirskrifa með áskorun á þann mann. Listarnir yrðu að vera tveir, einn fyrir Guttorm og einn fyrir hinn frambjóðandann.

Hér verður fjallað um undirbúning kosninga í Norður-Múlasýslu út frá vitnisburðum bréfa sem víkja að því efni. Dæmin eru frá miðjum áttunda áratug 19. aldar, lokum níunda áratugarins og frá því um aldamótin 1900.

Árið 1874 lét Halldór Jónsson prófastur á Hofi í Vopnafirði af þingmennsku sem varað hafði í tuttugu ár, en þar af var Halldór þingmaður Norður-Múlasýslu í sextán ár (1858–1874). Í bréfi sem Eggert Gunnarsson, þá bóndi á Laugalandi í Eyjafirði, ritaði Halldóri í október 1874 vitnaði hann í bréf Halldórs til Tryggva Gunnarssonar (bróður Eggerts) um að Halldór álitist sig eiga góða möguleika á að ná kjöri í Norður-Múlasýslu. Þar „er jeg ykkur feðgum þakklátur fyrir það eins og annað, að þið hafið stuðlað til þess, að jeg ekki fjelli í gegn, því úr því að jeg ljet til leiðast að gefa kost á mjer, sem jeg ekki ætlaði mjer að gjöra.“⁴⁸⁷ Eggert innti Halldór eftir því hvort hann ætti að koma austur til að kynna sig fyrir kjósendum. Í bréfi sem Eggert skrifaði Halldóri vorið 1875 spurði hann fregna af niðurstöðu kosninganna. Þar kom líka fram að þrátt fyrir að frammámenn í Þingeyjarsýslu hefðu hvatt til að Eggert færi austur og kynnti sig hefði hann ákveðið að vera um kyrrt þar sem Halldór réði honum frá því að fara.⁴⁸⁸

Eggert náði kjöri sem annar þingmaður Norður-Múlasýslu árið 1875 með 41 atkvæði, fjórum atkvæðum minna en Páll Ólafsson (1827–1905) skáld og bóndi á Hallfreðarstöðum.⁴⁸⁹ Bréf Eggerts til Halldórs benda eindregið til að stuðningur áhrifamanna í sýslunni hafi skipt meiru um hver náði kjöri fremur en að frambjóðandinn væri í beinum tengslum við kjósendur. Þá ályktun styður líka bréf Páls Vigfússonar í Hrafnsgærði (síðar bónda á Hallormsstað og ritstjóra *Austra*) til Halldórs á Hofi frá því snemma árs 1875. Þar sagði Páll marga kjósendur hafa augastað á Eggert og bauðst hann til að sammælast við Pál Ólafsson á Hallfreðarstöðum og Þorvald Ásgeirsson prest í Hofteigi um „próffund“ sem haldinn yrði fljótlega til að undirbúa kosninguna. Í bréfinu gat Páll Vigfússon ekki um nafna sinn sem líklegt þingmannsefni, þrátt fyrir að Páll Ólafsson væri þá áhrifamaður á Fljótsdalshéraði og varaþingmaður Halldórs. Um undirbúninginn sagði Páll Vigfússon: „Mjer finnst það hálfleiðinlegt, að kjósa báða utan kjördæmis, nema því sje að skipta, að völ sje á miklu betra þingmanni með því móti. Jeg hefi getið uppástungu eða áskorunar þinnar um þetta efni við nokkra menn og hafa allir álitit það æskilegt að haldinn yrði eins konar próffundur, eins og þú stingur uppá.“⁴⁹⁰ Af bréfum Eggerts og Páls má draga þá ályktun að undirbúningur framboða hafi

⁴⁸⁵ Gunnar Helgi Kristinsson, „Valdakerfið fram til viðreisnar 1900–1959,“ 334; Gunnar Karlsson, *Frelsisbarátta Suður-Þingeyinga og Jón á Gautlöndum*, 20.

⁴⁸⁶ Sjá t.d.: *HerAust.* A6 122, 44. Bréf frá Sigfúsi Eymundssyni til Guttorms Vigfússonar, dags. 1. desember 1901.

⁴⁸⁷ *Lbs.* 2755 a 4to. Bréf frá Eggert Gunnarssyni til Halldórs Jónssonar, dags. 24. október 1874 á Espihóli. Tryggvi Gunnarsson var alþingismaður Norður-Þingeyjarsýslu 1869–1874 og Suður-Múlasýslu 1874–1886.

⁴⁸⁸ *Lbs.* 2755 a 4to. Bréf frá Eggert Gunnarssyni til Halldórs Jónssonar, dags. 12. apríl 1875 á Espihóli.

⁴⁸⁹ Eggert Þór Bernharðsson, *Alþingismenn og úrslit þingkosninga á landsþingjafatímanum*, 20.

⁴⁹⁰ *Lbs.* 2755 b 4to. Bréf frá Páli Vigfússyni til Halldórs Jónssonar, dags. 14. janúar 1875.

lotið forystu Halldórs, fráfarandi þingmanns kjördæmisins. Slíkt var ekki einsdæmi. Árið 1887 lét Sigurður Jónsson sýslumaður í Stykkishólmi af þingmennsku í Snæfells- og Hnappadalssýslu, en hann hafði náð kjöri þar árið 1886. Ástæða afsagnarinnar var sú að Sigurður taldi sig ekki geta fengið löglærðan mann til að sinna embætti sínu meðan hann sæti á þingi. Því varð að boða til aukakosninga. Fundur var haldinn í Stykkishólmi eftir afsögn Sigurðar og til hans mættu allir sýslunefndarmenn kjördæmisins, flestir prestar og kaupmenn „og fleiri helztu menn.“ Þeir samþykktu þar samhljóða tillögu fráfarandi þingmanns að skora á Hallgrím Sveinsson dómkirkjuprest (og síðar biskup) að bjóða sig fram. Þrátt fyrir yfirlýstan stuðning ákvað Hallgrímur að bjóða sig ekki fram í Snæfells- og Hnappadalssýslu.⁴⁹¹

Í tilvitnuninni hér á undan vék Páll Vigfússon að atriði sem jafnan var ofarlega í huga Múlasýslunga í aðdraganda alþingiskosninga á síðari helmingi 19. aldar, þ.e. að finna boðlega frambjóðendur heima fyrir því annars yrðu kosnir menn úr öðrum landshlutum sem alþingismenn Múlasýslna. Þær áhyggjur birtust einnig í bréfi Eiríks Halldórssonar á Eyrarlandi í Eyjafirði til Halldórs Jónssonar á Hofi vorið 1877, en þá stóðu fyrir dyrum aukakosningar í Norður-Múlasýslu eftir að Páll Ólafsson sagði af sér þingmennsku.

mjer er alltaf sárt til minna elsku austfirðinga, og langar svo mikið til að þeir standi ekki á baki annara, eins og þeir reyndar ekki gjöra; en með eins góða menn og þeir hafa heima fyrir virðist brák fyrir þá að leita langt út fyrir kjördæmið og það verður þeim lagið til ámælis. ... austfirðingar ættu að sækja betur kjörfundi en þeir gjöra. Það var reyndar axarskapt af þeim að kjósa út úr kjördæminu síðast því eins góða menn áttu þeir heima fyrir og Eggert og er hann reyndar góður drengur.⁴⁹²

Vandinn við að finna frambjóðendur eystra á áttunda áratug 19. aldar virðist einkum hafa falist í tregðu manna til að gefa kost á sér, sem kann að skýrast að nokkru af löngum ferðalögum frá Austurlandi til Alþingis og langri fjarveru frá heimili. Páll Ólafsson var t.d. ekki mjög áfjáður í að taka að sér pólitísk embætti og virðist hafa tekið þau á sig meira af þegnskyldu en af áhuga. Um félagsmálaferil Páls Ólafsson skrifaði Guðmundur Jónsson frá Húsey í endurminningum um Pál. „Á þing var hann kosinn nokkur ár, og munu því mest hafa valdið vinsældir hans; en í öðru lagi að engir bændur gáfu sig þá fram, og hugir bænda á þeim árum lítt þroskaðir í þá átt, að velja þingmann eptir verðleikum. Í sýslunefnd var hann nokkur ár, en gaf sig lítið að þeim málum. Í hreppsnefnd vildi hann aldrei vera.... Honum var tamara að láta tilfinninguna ráða gjörðum sínum, en blákaldan lagastafinn.“⁴⁹³ Þessi orð Guðmundar vitna ekki aðeins um viðhorf Páls til opinberra starfa heldur einnig um austfirskt samfélag og áhuga þar (eða öllu heldur áhugaleysi) á þátttöku í stjórnmálum á áttunda áratug 19. aldar.

Hið sama virðist hafa átt við um Sigurð Gunnarsson (1812–1878) á Hallormsstað. Í bréfi sem hann ritaði Birni Péturssyni varaþingmanni sínum sumarið 1873 sagði Sigurður: „Það er eins og menn hafi gert sér að skyldu að kvelja mig með sífelldum bónum og ég er svo einfaldur að gegna of mörgu – og verð svo ónýtr til alls.“⁴⁹⁴ Skömmu áður hafði Sigurður brugðist illa við hvatningu Jóns Sigurðssonar forseta um að hann færi aftur í framboð til Alþingis. „Hvern skrattann á ég að gjöra á þing bráðónýtur þingmaður? Er mér ekki skammar minna að vera herna og geta herna gjört margt náunganum til huggunar. Þó eigi sé til gagns. Þið fáið annan skárri – miklu dugmeiri og

⁴⁹¹ Ragnheiður Kristjánsdóttir, „Eru atkvæðaseðlarnir við höndina?“ 150; „Þingmennska lögð niður,“ 25. maí 1887, 93.

⁴⁹² *Lbs.* 2755 a 4to. Bréf frá Eiríki Halldórssyni til Halldórs Jónssonar, dags. 3. apríl 1877.

⁴⁹³ *Lbs.* 2198 4to. Guðmundur Jónsson (frá Húsey), „Endurminningar um Pál Ólafsson skáld.“

⁴⁹⁴ *HerAust.* A6 13, 6. Bréf frá Sigurði Gunnarssyni til Björns Péturssonar, [án dags.] júní 1873.

sterkari en mig, slíkan aumingja og ragmennni.“⁴⁹⁵ Áþekkan dóm felldi Sigurður yfir eigin félagsmálaferli í sjálfsævisögu sinni sem hann ritaði árið 1871. Þar kvaðst hann hafa látið „til leiðast“ að bjóða sig fram til þings árið 1869 en verið til lítilla nota. Sigurður var fulltrúi á Þjóðfundinum 1851 „og flæktist þar mér til leiðinda um sumarið.“⁴⁹⁶

Áhuga og metnað fyrir þingmennsku skorti ekki hjá Jóni Jónssyni frá Sleðbrjót, hálfbróður Guðmundar frá Húsey og náins vinar Páls Ólafssonar. Jón bauð sig fyrst fram til Alþingis í kosningum í Norður-Múlasýslu árið 1886 en tapaði fyrir Einari Thorlacius sýslumanni Norður-Múlasýslu og Þorvarði Kjerúlf lækni. Í aukakosningum sem haldnar voru árið 1889, eftir að Einar Thorlacius sagði af sér þingmennsku, hafði Jón hins vegar sigur í baráttu við Sigurð Gunnarsson prest á Valþjófsstað (bróðurson alnafna síns á Hallormsstað).

Eftir flutning til Vesturheims skrifaði Jón frá Sleðbrjót ágrip pólitískra endurminninga sinna og sendi Stephani G. Stephanssyni skáldi árið 1914, en þeir urðu pennavinir eftir flutning Jóns vestur. Ágripid skrifaði Jón vegna hvatningar frá Stephani.⁴⁹⁷ Í upphafi þess kvaðst Jón hafa fengið áhuga á almennum málum 12–13 ára gamall. Þó var ekkert blað keypt á æskuheimili hans og þau þar sjaldséd. Á uppvaxtarárum Jóns var Halldór Jónsson, prófastur á Hofi í Vopnafirði, þingmaður Norður-Múlasýslu og leiðtogi innan sýslunnar. Honum lýsti Jón sem mannkosta- og hæfileikamanni sem var, meðan hann gaf kost á sér, álitinn næsta sjálfkjörinn til þingmennsku. Hann hafi þó lítið reynt að hafa áhrif á skoðanir kjósenda sinna enda ekki tíska á þeim árum. Af lýsingu Jóns á Halldóri má ætla að þar vísi hann til æskilegrar fyrirmyndar og er lýsingin í áþekkum anda og æviágrip Halldórs eftir Einar Jónsson alþingismað og prest í Kirkjubæ í Hróarstungu (og síðar á Hofi í Vopnafirði).⁴⁹⁸ Um hinn þingmann Norður-Múlasýslu á fyrri hluta áttunda áratugarins, Sigurð Gunnarsson prest á Hallormsstað, sagði Jón: „Hann var höfðingi í héraði, og með atkvæðameiri þingmönnum. En nokkuð þótti hann ráðríkur, og finna nokkuð mikið til yfirburða sinna einkum hin síðari ár.“⁴⁹⁹ Það urðu því kaflaskil í Norður-Múlasýslu árið 1874 þegar alþingismenn sýslunnar létu af þingmennsku, en báðir létust þeir fáum árum síðar. Jón frá Sleðbrjót hélt því fram að á síðari hluta áttunda áratugarins hefðu átt sér stað víðtækar breytingar á viðhorfi kjósenda og almennings til Alþingis og stjórn mála. „Þegar hér var komið [árið 1874] var talsverð breyting á pólitískri aðstöðu, og skoðun alþýðu. Löggjafar þing var fengið, og landið fjekk sín eigin fjár forráð. Hið síðarnefnda var eflaust orsök þess að alþýða fór meira að kynna sjér stjórn mála. Hún fann að nú var það þingið, sem gat skapað ný útgjöld, og veitt styrk til þarflegra fyrirtækja. Kjózendur fóru þá betur að finna, að það var ekki þýðingarlaust fyrir þá, hverjir á þingi sætu.“⁵⁰⁰

Orð Jóns gefa til kynna að fram til 1874 hafi kjósendur í Múlasýslum verið áhugalitlir um rétt sinn til að kjósa sér þingmenn og því viðbúið að kjörsókn væri lítil. Önnur austfirsk heimild vitnar um beina andstöðu manna við Alþingi fyrst eftir endurreisn þess. Í *Breiðdal* lýsti Árni Sigurðsson (1839–1931) stjórnmalaviðhorfi í Breiðdal á uppvaxtarárum sínum svo:

Í pólitískum málum höfðu menn almennt nauðalítt áhuga. Allmargir af hinum eldri bændum höfðu megna óbeit á alþingi, sem þá ekki alls fyrir löngu var komið á laggirnar; spáðu, að það yrði landi og lýð til niðurdreps. Mest sökum þess, að það yrði einungis embættismenn og höfðingjar, sem ráða mundu lögum og lofum í þinginu; bændur yrði bolaðir þar frá, svo að

⁴⁹⁵ *Her.Aust.* A6 13, 6. Bréf frá Sigurði Gunnarssyni til Jóns Sigurðssonar, 14. maí 1873.

⁴⁹⁶ *Her.Aust.* A6 13, 7. „Sjálfsævisaga séra Sigurðar Gunnarssonar á Hallormsstað.“

⁴⁹⁷ *Lbs.* 564 fol. Jón Jónsson frá Sleðbrjót, „Pólitískar endurminningar.“

⁴⁹⁸ Einar Jónsson, „Æfiágrip Halldórs prófests Jónssonar á Hofi,“ i–xxxiv.

⁴⁹⁹ *Lbs.* 564 fol. Jón Jónsson frá Sleðbrjót, „Pólitískar endurminningar,“ 5.

⁵⁰⁰ *Lbs.* 564 fol. Jón Jónsson frá Sleðbrjót, „Pólitískar endurminningar,“ 6.

alþýðan yrði yfirleitt á sama kúgunarklafanum og sömu niðurlægingunni og áður, eða kannske enn verri.⁵⁰¹

Árni áleit þetta viðhorf hafa sprottið af þekkingarleysi á stjórnmálum og fáfræði á hlutverki Alþingis og litast af tortryggni gagnvart embættismönnum frekar en af afturhaldsanda. Jón Hávarðsson, sem tók við prestskap í Eydölum árið 1858, sat á Alþingi fyrir Suður-Múlasýslu árin 1852–1858. Hann hafði brennandi áhuga á stjórnmálum og taldi Árni að Jón hefði aukið til muna stjórnmálaáhuga Breiðdælinga. Tveir menn sem voru ungir þegar Jón Hávarðsson kom í Eydali urðu síðar alþingismenn, þeir Einar Gíslason bóndi á Höskuldssstöðum og Ari Brynjólfsson bóndi á Þverhamri, sem ólst upp hjá Jóni Hávarðssyni.⁵⁰²

Í pólitískum endurminningum Jóns frá Sleðbrjót fer lítið fyrir greiningu á hans eigin pólitíska ferli eða baráttu fyrir að ná kjöri. Upplýsingar um það síðarnefnda má finna í varðveittum bréfum Jóns og vitnisburðum samtímamanna hans. Þegar Jón bauð sig fyrst fram til Alþingis var hann lítt þekktur innan Norður-Múlasýslu enda óbreyttur bóndi sem atti kappi við sýslumann og lækni. Páll Ólafsson á Hallfredarstöðum beitti sér fyrir kosningu Jóns árið 1886. Í bréfi sem Páll skrifaði Baldvin Jóhannessyni í Stakkahlíð í Loðmundarfirði í aðdraganda kosninganna talaði hann fyrir kjöri Jóns (sem Baldvin þekkti ekki). Páll hvatti Baldvin jafnframt til að kjósa ekki Þorvarð Kjerúlff. Um Jón sagði Páll: „Hann sendi mætavel samda ritgjörð til prentunar í Austra, en séra Björn [Þorláksson] og Sigurður [Jónsson frá Gautlöndum] drápu hana. Sýslumaður [Einar Thorlacius] var með því hún yrði tekin.“⁵⁰³ Hér er Páll líklega að vísa til greinarinnar sem Jón skrifaði um starfsemi Búnaðarskólans á Eiðum og birtist í *Austra* rúmu ári síðar (29. mars 1887).

Jón náði ágætum árangri í kosningunni – fékk 51 atkvæði gegn 65 atkvæðum Þorvarðar Kjerúlfs læknis og 82 atkvæðum Einars Thorlaciusar sýslumanns. Það vekur eftirtekt að kjörsókn í Norður-Múlasýslu í alþingiskosningum 1886 var nokkru betri (33,3%) en í næstu tveimur reglulegum kosningum á undan (21,6% árið 1874 og 30,4% árið 1880) og næstu tveimur á eftir (25,2% árið 1892 og 14,6% árið 1894). Í alþingiskosningunum 1874 og 1880 voru sitjandi þingmenn í Norður-Múlasýslu ekki í framboði og því nokkur spennan um úrslit. Í kosningunum 1892 og 1894 voru hins vegar sitjandi þingmenn (Jón frá Sleðbrjót og Einar í Kirkjubæ) í framboði. Þeir fengu mótframboð árið 1892, sem fékk lítið fylgi, en voru einir í kjöri árið 1894 og úrslit því fyrirséð.⁵⁰⁴ Því er freistandi að álykta að aukin kjörsókn árið 1886 hafi að einhverju leyti stafað af því að í framboði var bóndi (þingmenn Norður-Múlasýslu næstu tvö kjörtímabil á undan voru embættismenn), sem auk þess var upprunninn og búsettur á úthéraði þaðan sem hvað styst var að sækja kjörstað. Á þessum tíma voru flestir frammámenn á Fljótsdalshéraði upprunnir í uppsveitunum, einkum úr Fljótsdal. Það styður þessa tilgátu að þegar aukakosningin vegna afsagnar Einars sýslumanns var haldin árið 1889 var kjörsókn í Norður-Múlasýslu að líkindum um 60% eða meiri en í nokkrum kosningum í sýslunni frá endurreisn Alþingis allt til ársins 1902. Í aukakosningunni kusu 176 en upplýsingar vantar um fjölda á kjörskrá. Til viðmiðunar má hafa að í alþingiskosningunum árið 1886 voru 300 kjósendur á kjörskrá í Norður-Múlasýslu og 298 árið 1892.⁵⁰⁵ Gjörólíkar tölur um kjörsókn má sjá í aukakosningunni í Snæfells- og Hnappadalssýslu árið 1887. Þar var kjörsókn aðeins 14% en valið stóð milli tveggja ungra menntamanna, Páls Briem síðar amtmanns og Indriða Einarssonar leikritaskálds. Ragnheiður Kristjánsdóttir segir að af þeim 46 kjósendum (af 324 á kjörskrá) sem

⁵⁰¹ Árni Sigurðsson, „Í Breiðdal fyrir sextíu árum,“ 133.

⁵⁰² Árni Sigurðsson, „Í Breiðdal fyrir sextíu árum,“ 133–134.

⁵⁰³ *Her Aust.* A6 188, 15. Bréf frá Páli Ólafssyni til Jóns Baldvins Jóhannessonar, dags. 10. mars 1886.

⁵⁰⁴ *Kosningaskýrslur 1874–1946*, 1:23, 25, 27, 29, 31; Eggert Þór Bernharðsson, *Alþingismenn og úrslit þingkosninga á landshöfðingjatímanum*, 20, 29, 38, 43, 48, 55.

⁵⁰⁵ Eggert Þór Bernharðsson, *Alþingismenn og úrslit þingkosninga á landshöfðingjatímanum*, 38, 43.

kusu hafi helmingur verið úr Staðarsveit, þar sem kjörfundur fór fram. Mjög fáir og jafnvel engir kjósendur komu til kjörstaðar úr þeim hreppum sem lengst áttu þangað að sækja. Þeir sem mættu á kjörstað úr hreppum þar sem kjörsókn var lítil voru einkum prestar og hreppstjórar. „Það voru einkum hinir betur megandi og þeir sem bjuggu nærri kjörstað sem nýttu sér atkvæðisréttinn.“⁵⁰⁶

Fyrir aukakosningarnar árið 1889 má ætla að Jón frá Sleðbrjót hafi verið líklegur kandidat til framboðs, en þá var hann orðinn þekktari innan sýslunnar en þremur árum fyrr, bæði vegna þingframboðsins árið 1886 en ekki síður vegna deilunnar við Guttorm Vigfússon skólastjóra á Eiðum um skólahaldið þar. Í bréfi til Jóns Kjartanssonar á Arnórsstöðum á Jökuldal vorið 1889 leitaði Jón frá Sleðbrjót stuðnings við þingframboð sitt og baráttu hans um þingsætið við Sigurð Gunnarsson prest á Valþjófsstað. Jón lýsti þeirri skoðun sinni að of margir prestar væru á Alþingi. „Það er að minnsta kosti mannlegur breyskleiki að fylgja sinni stjett, og við bændurnir fylgjum okkar stjett og viljum ekki vera álitnir verri menn fyrir það. Við eigum því ekki að sverta embættismennina *sem menn* fyrir stéttdrægni, en við eigum að vera svo skynsamir að ofhlaða ekki þingið af prestum og öðrum embættismönnum.“ Jón bætti því við að hann vildi frekar fylgja norðlenskum bændum að málum en embættismönnum innan sýslu þó hann vildi síður kjósa utanhéraðsmann og þætti Þingeyingar ærið liðmargir á þingi. Jón gagnrýndi líka mótframbjóðanda sinn og sagði að báðir væru þeir lítt reyndir félagsmálamenn en helst hefði reynt á þá í Eiðaskólamálinu.

*Hann var formaður skólastjórnarinnar vorið 1887. Hann horfði aðgjörðarlaus á fjeð falla á skólabúinu, án þess að gjöra nokkra tilraun til þess að sporna við því, allt upp á kostnað almennings. Jeg fann að því o.fl. á Eyðum. Fyrir það fékk jeg málsókn, sem hefur kostað mig svo hundruðum króna skiptir og bakað mjer óvild margra, sem eflaust hefði verið hagnaðarmeira fyrir mig að smjæðra mig upp við. Jeg hef heyrt að, bæði þú og fleiri álitu að jeg hefði enga skoðun í almennum málum, og ljæti leiðast í blindni.*⁵⁰⁷

Jón benti á Eiðamálið sem sönnun hins gagnstæða, því þar hefði staðið sannfæring að baki. Hann lauk bréfinu á að nafngreina helstu stuðningsmenn sína, bað viðtakanda að halda trúnað um efni bréfsins og mæta á kjörfund „ólofaður öllum“ með eins marga „ólofaða kjósendur“ og hann gæti.

Í þessu bréfi dró Jón frá Sleðbrjót upp átakalínur bæði innan héraðs, milli bænda og embættismanna en líka gagnvart ásókn Þingeyinga eftir þingsætum í nágrennasýslum. Jón var á þessum tíma óbreyttur bóndi sem hafði bakað sér óvild meðal ráðamanna á Héraði, sem mótframbjóðandi hans átti vísan stuðning hjá. Hann varð því að reyna að afla sér stuðnings almennra kjósenda gegn höfðingjavaldi. Jón kaus heldur að fylkja liði með öðrum bændum innan sýslu og utan, þó honum þætti Þingeyingar helst til plássfrekir, frekar en að setta sig við að kjósa embættismenn. Frá 1889 og fram til ársins 1914 náði aðeins einn annar bóndi kjöri sem þingmaður Norður-Múlasýslu. Það var Jón Jónsson á Hvanná sem var kjörinn árið 1908, en féll af þingi í kosningunum 1911.⁵⁰⁸

Það voru fleiri en Jón á Sleðbrjót og Sigurður á Valþjófsstað sem höfðu hug á þingsætinu sem í boði var í aukakosningunum í Norður-Múlasýslu árið 1889. Í byrjun níunda áratugar 19. aldar var vöxtur í félagsstarfi í Þingeyjarsýslum sem gat af sér hreyfingu sem nefnd var Þjóðlið Þingeyinga og var m.a. fyrsta tilraun til stofnunar skipulegs stjórnámálflokks í landinu. Þær hugmyndir sem Þjóðliðið byggði á voru sóttar til nágrennalanda. Þeim lýsti Gunnar Karlsson svo að grunnur þeirra hefði verið „lýðræðis- og mannréttindastefna, lærð af vinstrimönnum í Noregi og Danmörku og

⁵⁰⁶ Ragnheiður Kristjánsdóttir, „Eru atkvæðaseðlarnir við höndina?“ 152.

⁵⁰⁷ *Her.Aust.* A6 50, 27. Bréf frá Jóni Jónssyni (frá Sleðbrjót) til Jóns Kjartanssonar, dags. 17. apríl 1889.

⁵⁰⁸ Tilburðir til að ná samstöðu meðal bænda á Héraði um frambjóðendur úr eigin röðum voru enn til staðar í aðdraganda alþingiskosninganna árið 1914, eins og sjá má í bréfi sem Jón á Hvanná skrifaði Halldóri Stefánssyni haustið 1913 (sjá: *Her.Aust.* A6 177, 2. Bréf frá Jóni Jónssyni til Halldórs Stefánssonar, dags. 9. október 1913).

borin uppi af mönnum á þrítugs- og fertugsaldri. Þar fetuðu þeir fast í slóð ungra háskólamanna sem höfðu allra íslendinga besta aðstöðu til að fylgjast með nýjum straumum í stjórnmálalífi umheimsins.⁵⁰⁹ Í apríl 1889 ritaði Sigurður Jónsson í Ystafelli (síðar alþingismaður og ráðherra) bréf til Jóns á Sleðbrjót. Þeir þekktust ekki og byrjaði Sigurður bréfið á að gera grein fyrir sjálfum sér og erindi sínu sem var að senda Þingeying á kjörfundinn í Norður-Múlasýslu. Sigurður reiknaði með að koma sjálfur og bjóða sig fram hygði Jón ekki á framboð. Af bréfinu sést að Sigurður hafði haft samráð við frammámenn í Suður-Þingeyjarsýslu um þessa hugmynd.

Aðalerindið við yður er því þetta: Ef þjer álítið það hag að jeg komi austur til að reyna að sundra mótstöðuflokki yðar, eða, ef þjer haldið að þjer komist *eigi að*, en viljið þá unna *mjer* liðsinni, þá þyrfti jeg nauðsýnlega að fá að vita það með þessum sama pósti....Við viljum þá *alls ekki* að Síra Sigurður [Gunnarsson á Valþjófsstað] nje nokkur annar *prestur* þar eystra verði fyrir kjöri.... Jeg veit að [Þorvarður] Kjerúlf vill ekki að jeg komi, af því hann er hræddur um að það spilli fyrir skjólstaðing sínum. En jeg vil fleiri bændur á þing, fleiri menn, sem hafa alist upp í skauti sveitalífsins, menn, sem þekkja þarfir og hag alþýðunnar, sparsama, duglega, *djarfa* og *drenghlynda* menn. Og, að óreyndu öðru, skulum við nú hafa það álit hvor á öðrum, að við verðskuldum að teljast í þeim flokki.⁵¹⁰

Það var engin nýlunda árið 1889 að Þingeyingar byðu sig fram í nágrannasýslum, t.d. höfðu Jón Sigurðsson á Gautlöndum og Benedikt Sveinsson sýslumaður náð kjöri í Eyjafirði árið 1886. Benedikt var áður þingmaður Norður-Múlasýslu. Jón á Gautlöndum leitaði fyrir sér um framboð í Múlasýslum árið 1886. Honum var þá ráðið frá Norður-Múlasýslu en hvattur til framboðs í Suður-Múlasýslu. Þar hafði Þingeyingurinn Tryggvi Gunnarsson þá verið þingmaður í tólf ár. Þingeyingar voru á þessum árum í pólitískri „útrás“ og Þjóðliðsmenn reyndu markvisst að hafa áhrif á hverjir næðu kjöri til Alþingis.⁵¹¹ Þeir rituðu bréf til manna í öðrum landshlutum, bæði óbreyttra bænda og alþingismanna, í von um að auka útbreiðslu Þjóðliðsins. „Af þessum bréfum má ráða að erindi Þingeyinga hafi hlotið einna fjörlegastar undirtektir á Austurlandi.“⁵¹²

Bréf Sigurðar í Ystafelli til Jóns á Sleðbrjót vitnar um þá stefnu Þjóðliðsmanna að ekki væri óeðlilegt að hafa afskipti af kosningum í öðrum kjördæmum en sínu eigin til að styðja þóknanlega frambjóðendur, koma eigin frambjóðendum að eða reyna að koma í veg fyrir kosningu manna sem voru þeim ekki þóknanlegir. Í bréfinu birtist líka andspyrna bænda gegn embættismannavaldi innan þings. Sigurður í Ystafelli vildi ekki að nafni hans á Valþjófsstað næði kjöri, ekki vegna andstöðu við hann sem einstakling heldur vegna þess að hann var prestur. Því miður er svarbréf frá Jóni ekki að finna í bréfasafni Sigurðar.⁵¹³ Í bréfi sem Jón ritaði Guðmundi bróður sínum í maí 1889 kemur fram að Jón svaraði Sigurði og tilkynnti honum að Jón hygðist sjálfur bjóða sig fram. Hann þakkaði stuðninginn en afþakkaði að Sigurður kæmi austur. Jón nýtti sér þó hjálpina sem í boði var því að í bréfinu til Guðmundar kveðst hann hafa bent Sigurði á að „það mundi hafa góð áhrif að hann skrifaði austur og þeir Gautlandafeðgar, og tilnefndi nokkra menn handa þeim.“⁵¹⁴

Pétur Jónsson á Gautlöndum (síðar alþingismaður og ráðherra) skrifaði Jóni á Sleðbrjót nokkrum dögum eftir að Sigurður í Ystafelli skrifaði honum og er ekki ólíklegt að bæði bréfin hafi borist Jóni samtímis. Pétur skýrði aðdraganda bréfaskrifta þeirra Sigurðar svo: „Í haust þá er

⁵⁰⁹ Gunnar Karlsson, *Frelsisbarátta Suður-Þingeyinga og Jón á Gautlöndum*, 199.

⁵¹⁰ *Lbs.* 2172 a 4to. Bréf frá Sigurði Jónssyni til Jóns Jónssonar (frá Sleðbrjót), dags. 17. apríl 1889. Bréf Sigurðar er dagsett sama dag og bréf Jóns frá Sleðbrjót til nafna síns á Arnórstöðum.

⁵¹¹ Gunnar Karlsson, *Frelsisbarátta Suður-Þingeyinga og Jón á Gautlöndum*, 230–234.

⁵¹² Gunnar Karlsson, *Frelsisbarátta Suður-Þingeyinga og Jón á Gautlöndum*, 217.

⁵¹³ *HHús.* E 106–110. Bréfasafn Sigurðar Jónssonar í Ystafelli.

⁵¹⁴ *Lbs.* 2172 b 4to. Bréf frá Jóni Jónssyni (frá Sleðbrjót) til Guðmundar Jónssonar (frá Húsey), dags. 2. maí 1889.

sumarönnum sleppti, og ögn var farið að minnast á pólitík, kom okkur hjer undir eins saman um, að ef við gætum einhver áhrif haft til gagns á kosninguna í N.M.sýslu, þá mættum við ekki liggja á liði okkar. En þá var spurningin: hvaða stefnu áttum við að taka í því? Pétur kveðst hafa gefið Jóni góð ummæli þegar nafn hans kom upp í þessari umræðu, en þó með þeim fyrirvara að þeir þekktust ekki mikið. „Nú vildu þeir þingmennirnir hjer [í Þingeyjarsýslum], Jón Jónsson [frá Múla] og sjera Árni [Jónsson á Skútustöðum] einkum, að við, ef mögulegt væri, kæmum þarna eystra að manni, sem fyllti hinn litla flokk sem nú er til í neðri deildinni, og sem heldur sjer saman í tveimur aðalmálum: í stjórnfrelismálum og fjármálum, eða rjettara sagt, fjársparnaðarmálum.“⁵¹⁵ Pétur var sannfærður um að yrði Jón þingmaður myndi hann eiga samleið með þessum flokk.

Jón frá Sleðbrjót vann sigur í aukakosningunum 1889, fékk 96 atkvæði gegn 80 atkvæðum Sigurðar Gunnarssonar á Valþjófsstað. Jón var þingmaður Norður-Múlasýslu samfelld til 1900, er hann dró sig í hlé af heilsufarsástandum, en náði kjöri á ný árið 1902. Jón lét af þingmennsku ári síðar og fluttist til Vesturheims.

Þegar kom að aldamótunum 1900 voru pólitískar línur innan Alþingis orðnar skýrari en áratug fyrr. Meginþorri þingmanna skiptist þá í tvo flokka sem myndaðir voru utan um afstöðu til sambandsmálsins við Dani – Heimastjórnarflokk og Framsóknarflokk (Valtýinga). Sterk andúð og jafnvel heift var milli manna í þessum flokkum og birtist hún skýrt í blöðum sem gefin voru út um aldamótin, en flest þeirra studdu annan hvorn flokkinn og beittu sér fyrir hans málstað og gegn hinum. Hvort sem almenningur og kjósendur voru áhugasamir eða áhugalitlir um sambandsmálið yfirgnæfði það blaðumræðu um stjórnmál og réði flokkaskiptingunni. Jón frá Sleðbrjót var einn fárra þingmanna undir lok 19. aldar sem oftast gekk sinn eigin veg hvað sem leið flokkaskiptingu í þinginu og tókst að eiga trúnað manna úr andstaðum fylkingum.⁵¹⁶ Bréfasafn hans inniheldur því fjölbreytta vitnisburði um stjórnmál og kosningabaráttu, einkum frá fyrstu árum 20. aldar.

Einn þeirra sem Jón frá Sleðbrjót skrifaðist á við um og upp úr aldamótunum 1900 var alnafni hans og samþingmaður, Jón Jónsson í Múla. Aldamótaárið 1900 var Jón í Múla fluttur austur á Seyðisfjörð og var þá ekki í framboði sjálfur. Hann flæktist engu að síður í kosningabaráttuna eins og hann lýsti fyrir nafna sínum í bréfi að loknum kosningum.

Ég var í kosningastríðinu engu verri eða óorðvarari gegn Vopnafjarðarklíkkunni en Seyðisfjarðarklíkkunni; ég þekkti betur Seyðisfjarðaragitationina, og hafði líkl. þess vegna, enn meiri skömm á henni. Ég agiteraði ekki, reyndi það ekki, fyr en á kjörfundi, og ég reyndi heldur ekki að agitera fyrir öðru en að sr. Einar [Jónsson í Kirkjubæ] yrði kosinn ... Annars ætti ég lof skilið fyrir stillingu, því ég fæ skammir jafnvel frá Pétri á Gautl. af því hann hefir fengið lognar fréttir af áhrifum mínum á kosninguna, og þú gefur mér ónot ... Ég tek þessu öllu með stillingu; en sárnar það þó satt að segja, því ég veit ekki til að ég hefði nein verul. áhrif, og það sem þau voru, gengu þau aðeins *móti* Bjarkaklíkkunni, sem í allt sumar hafði varið kröftum og kappi til að fella séra Einar. – Geturðu ekki skilið, og látið aðra skilja, að ég er millimaður engu síður en þú? – Ég vildi helst fá að vera í friði, en fæ það ekki, og verð líklega neyddur til að gera ítarlega grein fyrir afstöðu minni í blöðunum, þótt mér sé það ærið ógeðfellt.⁵¹⁷

Þessi varnarræða Jóns í Múla fyrir eigin pólitískri stöðu gefur innsýn í þann þrýsting sem kjósendur voru undir frá andstaðum flokkum á þessum tíma og dregur líka fram hvaða aðferðum var beitt í kosningabaráttu. Jón nefnir þrjár klíkur sem beittu sér í baráttunni, tvær tengir hann við staði

⁵¹⁵ Lbs. 2172 b 4to. Bréf frá Pétri Jónssyni til Jóns Jónssonar (frá Sleðbrjót), dags. 21. apríl 1889. Árni Jónsson var þingmaður Mýrasýslu 1886–1892. Hann fékk prestembætti á Skútustöðum árið 1888 og fluttist þá í Mývatnssveit.

⁵¹⁶ Lbs. 2172 b 4to. Bréf frá Jóni Jónssyni (frá Sleðbrjót) til Guðmundar Jónssonar (frá Húsey), dags. 29. júní 1889, 5. júlí 1891 og 27. júlí 1899.

⁵¹⁷ Lbs. 2172 a 4to. Bréf frá Jóni Jónssyni til Jóns Jónssonar (frá Sleðbrjót), dags. 8. nóvember 1900.

(Vopnafjörð og Seyðisfjörð – og er þar væntanlega um að ræða sitt hvora fylkingu heima-stjórnarmanna) en þá þriðju við blaðið *Bjarka* (sem fylgdi Valtýingum að málum) og má af orðum hans skilja að klíkurnar hafi einblínt á menn fremur en málefni. Í sama bréfi kvartaði Jón yfir því að í stjórn máli væru menn flokkaðir með og á móti valtyísku, en hvað í henni fælist væri ekki eins ljóst. „Og okkar pólitík hefur illt af allri þessari fyrirfram flokkun, þessum sífelldu andskotans brennimerkingum ... Og sú áreitni, sem t.d. ég hefi fengið nú, bæði leynt og ljóst, mundi nægja sumum til að ganga á vald Valtýingum, en segðu mér til þegar ég geri svo í raun og veru.“⁵¹⁸

Einar Þórðarsson, prestur í Hofteigi á Jökuldal og síðar á Desjarmýri í Borgarfirði eystri, var kjörinn á þing fyrir Norður-Múlasýslu árið 1903 og var annar tveggja þingmanna sýslunnar til ársins 1908. Í bréfi sem Einar skrifaði Jóni frá Sleðbrjót í febrúar 1902 ræddi hann um mögulega frambjóðendur í Norður-Múlasýslu í komandi alþingiskosningum. Einar sagði: „Það er meininga-laust, að 3 menn bjóði sig fram, ef að þeir eru hver um sig ánægðir með hina tvo, því einhver af þeim hlýtur að falla.“⁵¹⁹ Þetta viðhorf Einars bendir til að hann hafi álitnið að það væri væntanlegra frambjóðenda að útkljá innbyrðis hverjir yrðu alþingismenn fremur en kjósenda að velja á milli frambjóðenda. Sú skoðun kemur nokkuð á óvart komandi frá Einari sem taldist fremur frjálslyndur í skoðunum. Miðað við þann skilning var kjörfundur einungis afgreiðslufundur um ákvörðun sem tekin var fyrirfram, nema um væri að ræða frambjóðendur sem stóðu fyrir mjög ólík sjónarmið eða væru andstæðingar af öðrum ástæðum.

Sá háttur sem Einar nefndi virðist hafa verið viðhafður í Suður-Þingeyjarsýslu, því í öllum alþingiskosningum þar frá árinu 1880 til og með 1903 var þar aðeins einn frambjóðandi í kjöri.⁵²⁰ Í fréttabréfi úr Þingeyjarsýslu sem birtist í *Austra* snemma árs 1894 kom fram að þrír menn væru orðaðir við þingmennsku í Suður-Þingeyjarsýslu í komandi alþingiskosningum. „Fullrytt er að enginn þessara þriggja muni keppa á móti öðrum hinna: heldur mun reynt að halda venjunni hér í kjördæminu, að einungis *einn* sé í kjöri, og það *innanbéraðsmaður*.“⁵²¹ Af áðurnefndu bréfi Einars Þórðarsonar mátti einnig skilja að hann liti ekki svo á að andstæðar fylkingar í sambandsmálinu skiptu miklu máli við val á frambjóðendum í Norður-Múlasýslu, sem þó varð raunin. Því miður hefur svarbréf Jóns ekki varðveist svo óvíst er hvort hann deildi þessu sjónarmiði með Einari. Einar skrifaði Jóni ítrekað þennan vetur, í fyrstu til að fara á fjörunnar við Jón um „sameiginlegt“ framboð en þegar í ljós kom að Jón hafði myndað bandalag með Ólafi Davíðssyni kaupmanni á Vopnafirði varð tóninn í bréfum Einar hvassari en þó ekki óvinsamlegur.⁵²²

Eftir því sem kosningaþátttaka jókst um og upp úr aldamótum og kjósendum fjölgaði með stjórnarskrárbreytingunum árið 1903 og (þó einkum) árið 1915 varð erfiðara en fyrr að meta fyrirfram möguleika frambjóðenda til að ná kjöri. Einar Jónsson prestur í Kirkjubæ hafði verið þingmaður í tíu ár þegar kom að kosningunum árið 1902, en þá féll hann af þingi. Einar var því óviss um möguleika sína á endurkjöri í kosningunum 1903. Hann leitaði á náðir Jóns frá Sleðbrjót (sem þá var fluttur til Vopnafjarðar) um að kanna hug manna á sínu svæði til þess að hann byði sig fram. Einar kvaðst ekki vilja lýsa yfir framboði fyrr en hann vissi hvernig landið lægi.⁵²³ Horfur fyrir framboð Einars virðast lítið hafa skýrst þegar leið að vetrarlokum 1903. Hann kvaðst þá litlu nær um möguleika sína en vildi þó ekki leggja í liðsbónarleiðangur og sagðist ekkert kunna til þess.

⁵¹⁸ Lbs. 2172 a 4to. Bréf frá Jóni Jónssyni til Jóns Jónssonar (frá Sleðbrjót), dags. 8. nóvember 1900.

⁵¹⁹ Lbs. 2172 a 4to. Bréf frá Einari Þórðarsyni til Jóns Jónssonar (frá Sleðbrjót), dags. 19. febrúar 1902.

⁵²⁰ Eggert Þór Bernharðsson, *Alþingismenn og úrslit þingkosninga á landshöfðingjatímanum*, 29, 38, 49, 55, 63, 69, 75.

⁵²¹ [Fréttabréf úr Þingeyjarsýslu] 11. janúar 1894, 2. Niðurstaðan varð sú að Pétur Jónsson á Gautlöndum var einn í framboði í Suður-Þingeyjarsýslu árið 1894. Hann var endurkjörinn án mótfamboðs í næstu þremur alþingiskosningum þar á eftir (1900, 1902 og 1903) en fékk mótfamboð árið 1908.

⁵²² Lbs. 2172 a 4to. Bréf frá Einari Þórðarsyni til Jóns Jónssonar (frá Sleðbrjót), dags. 17. mars og 8. maí 1902.

⁵²³ Lbs. 2172 a 4to. Bréf frá Einari Jónssyni til Jóns Jónssonar (frá Sleðbrjót), dags. 9. október 1902.

„Almennt hygg jeg, að hinir efnalega sjálfstæðu menn sje ekki samviskusamari en hinir. Syndin er ekki vitund gullfælin, eða neitt sjerlega elsk að fátæktinni.“⁵²⁴ Hvað Einar á hér við er ekki ljóst en þó virðist sem hann sé að gefa í skyn að tíðkast hafi að frambjóðendur keyptu fylgi áhrifamikilla kjósenda, en honum hafi ekki hugnast sú aðferð. Áhrifamenn í hópi kjósenda (oft kallaðir agitórar) voru mikilvægir liðsmenn fyrir frambjóðendur og gátu haft mikil áhrif á niðurstöður kosninga.⁵²⁵ Þeir beittu sér á tíðum með óvægnum hætti, eins og lýst er í næsta kafla.

3.3.2 Leiksvið lýðræðis: Frásagnir sjónarvotta á kjörfundum

Í *Austfirðingapáttum* minntist Gísli Helgason (1881–1964) frá Skógargærði í Fellum á Fljótsdals-héraði kjörfundar Norður-Múlasýslu fyrir alþingiskosningarnar árið 1903. Gísli mætti á þennan kjörfund, sem haldinn var á Fossvöllum í Jökulsárhlíð, þrátt fyrir að hafa ekki kosningarétt (en hann var þá 22 ára gamall). Alþingiskosningarnar árið 1903 voru hinar síðustu þar sem kosið var í heyranda hljóði á einum kjörstað í hverju kjördæmi. Mikið kapp hafði verið í kosningabaráttunni árið áður og Gísli kvaðst því hafa verið forvitinn að kynnst þessum vettvangi þjóðlífsins áður en hann yrði hlutgengur þátttakandi í honum. Tveggja til þriggja klukkustunda reið var frá Skógargærði til Fossvalla. Þegar þangað var komið var þar mesti mannfjöldi sem Gísli hafði séð samankominn á Héraði, mest af Seyðfirðingum og Vopnfirðingum en bæði byggðarlögin áttu menn í framboði, Jóhannes Jóhannesson sýslumann á Seyðisfirði og Jón Jónsson lækni á Vopnafirði.⁵²⁶ Jóhannes var Valtýingur og með honum í framboði var Einar Þórðarson prestur í Hofteigi. Jón var heima-stjórnarmaður og með honum var Einar Jónsson prestur í Kirkjubæ.

Báðir aðilar áttu vini og styðjendur út um sveitir, sem reyndu að koma kjósendum úr sinni sveit á kjörfund og líka til að kjósa að sinni vild, enda var illa annað hægt ef kjósandinn fékk til dæmis ferðastyrk á annað borð, því atkvæðin voru greidd í heyranda hljóði. Einhver tjöld, þó fá, voru þarna í túninu á Fossvöllum. Ég sá það að sumir bændur úr Héraði voru leiddir í tjöldin og hresstir eitthvað, en hvað við þá var sagt veit eg ekki því enginn bauð mér þangað, strák sem ekki hafði kosningarétt.⁵²⁷

Gísli lýsti kjörfundinum og ræðum frambjóðenda og stuðningsmanna þeirra og gat þess að sýslumaður hafi ráðið röðinni þó hann væri sjálfur meðal frambjóðenda. Hver frambjóðandi mátti hafa einn meðmælanda sem fékk líka að taka til máls. Ólafur Friðrik Davíðsson kaupmaður á Vopnafirði var meðmælandi Einars í Kirkjubæ og Jóns læknis. Sjálfur hafði Ólafur náð kosningu árið 1902, ásamt Jóni frá Sleðbrjót. En þegar kosið var á ný ári síðar bönnuðu vinnuveitendur Ólafs, verslun Örum og Wulff, honum að fara aftur í framboð.⁵²⁸ Björn Þorláksson prestur á Dvergasteini og Eiríkur bóndi á Brú töluðu fyrir kjöri Jóhannesar og Einars Þórðarsonar. Gísli segir Björn hafa varið mestum hluta síns tíma í að deila á hina frambjóðendurna en Eiríkur talaði stutt og mest tók hann undir orð Björns. „Eg segi þetta ekki til að kasta rýrð á öndvegisbóndann Eirík á Brú, sem var líka frændi minn, heldur til að sýna það sem altítt var um þessar mundir að alþýðumenn höfðu sig ekki upp í það að mótsegja embættismönnum og höfðu varla þrek eða kunnáttu til þess.“⁵²⁹

Að loknum ræðuhöldum var farið að kjósa. Jóhannes sýslumaður sat í stofu með tvo skrifara sem töldu atkvæði en hreppstjórar leiddu sína sveitunga inn til þeirra. Seyðfirðingar voru fjöl-

⁵²⁴ Lbs. 2172 a 4to. Bréf frá Einari Jónssyni til Jóns Jónssonar (frá Sleðbrjót), dags. 14. mars 1903.

⁵²⁵ Lbs. 2172 a 4to. Bréf frá Einari Þórðarsyni til Jóns Jónssonar (frá Sleðbrjót), dags. 28. september 1908.

⁵²⁶ Gísli Helgason, *Austfirðingapáttir og aðrar frásagnir*, 65.

⁵²⁷ Gísli Helgason, *Austfirðingapáttir og aðrar frásagnir*, 66.

⁵²⁸ Gísli Helgason, *Austfirðingapáttir og aðrar frásagnir*, 66, 68.

⁵²⁹ Gísli Helgason, *Austfirðingapáttir og aðrar frásagnir*, 67.

mennastir á kjörfundi enda sigraði þeirra maður (Jóhannes sýslumaður) með yfirburðum. Gísli gat sérstaklega áhrifa Stefáns Th. Jónssonar kaupmanns á Seyðisfirði á niðurstöðu kosninganna. „Talið var að hann hefði átt drýgstan þátt í því að koma Jóhannesi á þing. Einkum hefði hann verið duglegur að fá menn til að sækja kjörfund þessa löngu leið.“⁵³⁰ Gísli lauk svo frásögn sinni á að lýsa hrakningum manna (vegna vatnavaxta) við að komast leiðar sinnar heim af kjörfundinum, sem lauk ekki fyrr en síðla kvölds.

Það var víðar en í Norður-Múlasýslu sem spenna og átök einkenndu kosningarnar árið 1903 enda voru þær meðal hápunkta átaka heimastjórnarmanna og Valtýinga. En átökin voru þó ekki aðeins milli andstæðra fylkinga heldur sums staðar milli samherja. Sú var raunin í Eyjafirði þar sem Hannes Hafstein bauð sig fram árið 1903 en fyrir voru tveir þingmenn Heimastjórnarflokksins, Klemens Jónsson og Stefán Stefánsson, sem hvorugur vildi víkja fyrir Hannesi. Fjórði frambjóðandinn var Guðmundur Finnbogason, síðar landsbókavörður, sem var eini frambjóðandi Valtýinga. Hann dró framboð sitt til baka á kjörfundi og vakti sú ákvörðun reiði sumra kjósenda sem komnir voru á kjörstað til að greiða honum atkvæði.⁵³¹ Í sjálfsævisögum þriggja Eyfirðinga sem voru viðstaddir kjörfundinn árið 1903 er að finna lýsingar á honum. Tveir þessara manna, Magnús Hólm Árnason (1891–1965) og Bernharð Stefánsson (1889–1969), höfðu líkt og Gísli í Skógargærði ekki kosningarétt vegna aldurs en Pétur Ólafsson (1869–1955) var meðal kjósenda.⁵³² Frásagnir þeirra gefa mynd af aðferðum sem viðhafðar voru við að afla frambjóðendum atkvæða.

Pegar kom að kjörfundi var orðið ljóst að slagurinn um þingsæti stóð milli Stefáns og Hannesar. Eftir framboðsfund þar sem mikill hiti var í fundarmönnum þótti sýnt að Klemens væri öruggur með að ná kjöri og Guðmundur ætti ekki möguleika. Hannes hafði forystumenn Heimastjórnarflokksins í Eyjafirði með sér og marga málsmetandi menn. Blaðið *Stefnir* studdi Hannes en blaðið *Norðurland*, undir ritstjórn Einars H. Kvaran, margir heimastjórnarmenn og einnig Valtýingar studdu Stefán. Kjörfundur var haldinn á Akureyri og fóru þangað allir ferðafærir kjósendur úr Saurbæjarhrepp, heimasveit Magnúsar, því „engum var vært heima. Konur nokkrar fóru á fundinn og vinnumenn sumir, þótt ekki hefðu þeir kosningarétt.“⁵³³

Mikill mannfjöldi var á kjörfundinum, sem var útifundur haldinn í garði innarlega í bænum. „Dálítið bar á ölvun, og var all-hávaðasamt stundum.“⁵³⁴ Frambjóðendur fluttu stuttar ræður og svo var farið að kjósa. Kallað var upp nafn kjósenda eftir hreppum og stóð kosning fram á kvöld. Magnús lýsir kjörfundinum svo:

Kosið var í heyranda hljóði. Var því hægt að fylgjast með, hvernig hver einstakur kaus. Áttu nú margir fátækir menn og skuldugir óhægt um að kjósa öðruvísi en lánardrottnarnir vildu. Því að svo hart var gengið fram, að ekki voru hótanir sparaðar, og sagt var, að fé hafi verið borið á einstaka menn til fylgis.... Margir voru þarna hýrir af víni, því að vín mun hafa verið veitt í kosningum þessum. Sumum var veitt vínið til að fá þá til að kjósa vissa menn. En svo var líka til að drykkjumenn voru fylltir úti í bæ, svo að þeir yrðu ófærir til að kjósa, ef ekki þótti tryggt að þeir kysu „rétt“. Og hart var haldið áfram um daginn að reyna til að hafa áhrif á menn, með fortölum, víni og hótunum. Þá tóku sumir það ráð að reyna að fela sig í húsum bæjarins. Höfðu því smalar flokkanna erilsaman og erfiðan dag. Fjórir kjósendur úr Saurbæjarhreppi, er fóru til Akureyrar á kjörfund, týndust áður en þeir kysu, og fundust ekki fyrr en kosningu var lokið. Var einn þeirra drykkfelldur maður, sem gerður var ófær og lagðist fyrir. Einn var allvel efnaður

⁵³⁰ Gísli Helgason, *Austfirðingabættir og aðrar frásagnir*, 69.

⁵³¹ Pétur Ólafsson, *Æviminningar Péturs Ólafssonar bónda á Hranastöðum*, 57.

⁵³² Magnús Hólm Árnason, *Ljúfa vor*, 75–81; Bernharð Stefánsson, *Endurminningar*, 34–36; Pétur Ólafsson, *Æviminningar Péturs Ólafssonar bónda á Hranastöðum*, 56–61.

⁵³³ Magnús Hólm Árnason, *Ljúfa vor*, 79.

⁵³⁴ Pétur Ólafsson, *Æviminningar Péturs Ólafssonar bónda á Hranastöðum*, 58.

húsmaður, er hafði ekki kjark til að kjósa, því hann vildi eða þorði hvorugan flokkinn að styggja. Tveir voru fátækir bændur og skuldugir barnamenn, sem ekki þorðu að kjósa vegna lánardrottna, er voru í báðum flokkum. Fácinir tóku það ráð að kjósa Hannes og Stefán.⁵³⁵

Pétur og Bernharð lýstu því hvernig kjósendur sem kusu seint gátu hagað atkvæði sínu með tilliti til stöðu kosningarinnar og því má ætla að úrslitin hefðu orðið önnur hefði kosningin verið leynileg.⁵³⁶ Þeir sögðu frá dæmum er lýsa sálarstríði sumra kjósenda og hvernig reynt var að hafa áhrif á þá. Bernharð gat um aldraðan mann sem hann hitti á kjördaginn. Sá var gráti nær yfir að hafa lofað öllum frambjóðendum atkvæði sínu, ráðvilltur hvað skyldi gera og óttaðist hefndir af hálfu þess sem hann kysi ekki eða stuðningsmanna hans. Málið leystist á þann hátt að maðurinn reyndist ekki vera á kjörskrá þar sem hann var nýfluttur í héraðið og hafði gleymt að skrá sig.⁵³⁷ Pétur greindi bæði frá eigin atbeina og annarra:

Eitt sinn um daginn rakst ég á hóp manna. Það voru þrír unglingar framan úr firði með einn kjósanda á milli sín. Tveir leiddu hann en einn ýtti á eftir. Kjósandi þessi hafði orð á sér fyrir að vera leiðitumur við kosningar. Ég gaf mig á tal við hann og spurði hann, hvort hann ætlaði að fara að kjósa. Hann kvaðst helzt ekki vilja kjósa. Ég náði þá í lögregluþjón, sem þarna var skammt frá og benti honum á aðfarirnar. Hann fór svo til piltana og talaði eitthvað við þá, og varð niðurstaðan sú, að karlinn slapp burtu, án þess að kjósa. Drengir þessir ætluðu að láta hann kjósa Stefán. Einn af sveitungum mínum, sem hafði með undirskrift sinni skorað á Hannes Hafstein að bjóða sig fram og lofað að kjósa hann, ætlaði að fara heim án þess að kjósa, fyrir áróður annarra. Ég náði í hann og fékk hann til að kjósa, en hann vildi að ég færi með sér. Það var búið að gera hann kjarklausan með einhverjum fortölum. Ég gekk svo með honum upp að kjörborðinu, og var hann töluvert hressari á eftir, er hann hafði lokið erindinu.⁵³⁸

Lýsingar Gísla og Eyfirðinganna þriggja draga fram hvernig reynt var að hafa áhrif á kjósendur með hætti sem vart gat talist lýðræðislegur, þ.e. með gjöfum (mútum) og þrýstingi (hótunum), og hvernig stuðningsmenn frambjóðenda nýttu sér bága félagslega og fjárhagslega stöðu sumra kjósenda til að knýja þá til stuðnings við sinn frambjóðanda óháð því hvaða skoðun viðkomandi kjósandi hafði. Páll Briem (1856–1904) amtmaður sagði í grein árið 1900 að dæmi væru um að fátækir kjósendur væru beittir harðræði í tengslum við kosningar, þeim gert að greiða skuldir, neitað um úttektir úr verslunum eða jafnvel reknir úr vinnu.⁵³⁹ Vitnisburðirnir hér að framan sýna hvernig félagslegur ójöfnuður og misbeiting valds voru notuð til að hafa áhrif á úrslit kosninga. Mikið hugrekki hefur þurft til af hálfu óbreyttra kjósenda að rísa gegn lánardrottnum og ráðandi mönnum í sinni sveit eða héraði þegar þeir stóðu frammi fyrir yfirvaldinu (sem var einn frambjóðenda bæði í Eyjafirði og Norður-Múlasýslu) og gerðu grein fyrir atkvæði sínu.

Árið 1905 var félagið Skjaldborg stofnað á Akureyri. Samkvæmt lögum félagsins var því ætlað að beita sér fyrir auknum lýðræðisréttindum alþýðu og ræða stjórnsmál. Félagið var opið fólki af báðum kynjum og heimildir voru til lækkunar á félagsgjaldi til fátæks fólks, sem æskti inngöngu í félagið. Í lögum Skjaldborgar voru ákvæði um leynd um það sem fram færi á fundum félagsins og varðaði það brottrekstri úr félaginu ef félagsmaður gerðist uppvís að því að greina utanaðkomandi frá því sem fram fór á fundum. Tvö af markmiðum félagsins komu sérstaklega inn á réttarstöðu almennings. „Að stuðla að því af fremsta megni að kosningaréttur alþýðu verði rýmkaður sem mest, og að almenningur geti að lögum haft meiri og beinni áhrif á löggjöf og stjórn landsins en

⁵³⁵ Magnús Hólm Árnason, *Ljúfa vor*, 78, 80–81.

⁵³⁶ Bernharð Stefánsson, *Endurminningar*, 35; Pétur Ólafsson, *Æviminningar Péturs Ólafssonar bónda á Hranastöðum*, 58.

⁵³⁷ Bernharð Stefánsson, *Endurminningar*, 34–35.

⁵³⁸ Pétur Ólafsson, *Æviminningar Péturs Ólafssonar bónda á Hranastöðum*, 58.

⁵³⁹ Páll Briem, „Um kosningar,“ 8; Ragnheiður Kristjánsdóttir, „Eru atkvæðaseðlarnir við höndina?“ 154.

nú á sér stað.... að vinna á móti öllu því, sem ætla má að hindri kosningarfrelsi bæjarbúa og leynilegar kosningar, og styðja að því, að frjáls vilji kjósendanna, byggður á sem bestri þekkingu, en ekki yfirráð og áhrif einstakra manna, ráði öllu.”⁵⁴⁰ Tilvist og markmið þessa félags benda til að þörf hafi verið á stuðningi við kjósendur sem stóðu höllum fæti félagslega til að þeir gætu nýtt lýðræðislegan rétt sinn samkvæmt eigin sannfæringu. Þetta vekur líka spurningar um lýðræðisþróun á Íslandi á þessum tíma og hvort hún hafi í upphafi 20. aldar enn staðið nær því að vera „fámennisstjórn almennings“ (e. *plebeian oligarchies*, sem skýrt er frá í kafla 2.1) en fullburða lýðræði.

Afskiptum af kjósendum á kjördag og á kjörstað lauk ekki við lagabreytinguna sem gerði alþingiskosningar leynilegar. Haustið 1908 sigraði Valtýr Guðmundsson með eins atkvæðis mun í alþingiskosningum í Seyðisfjarðarkaupstað (sem frá árinu 1904 var sjálfstætt kjördæmi). Mótframbjóðandi Valtýs, Björn Þorláksson prestur á Dvergasteini, kærði kosninguna og var hún dæmd ógild og því varð að kjósa aftur. Aukakosningin fór fram í mars árið 1909. Þar hafði Björn betur og varð þingmaður Seyðisfjarðarkaupstaðar til ársins 1912. Blaðið *Austri* á Seyðisfirði tók eindregna afstöðu með framboði Björns, einkum fyrir aukakosninguna, og kom það ekki aðeins fram í mörgum innsendum greinum sem bladið birti heldur einnig í ritstjórnarefni. Síðasta tölublað *Austra* fyrir aukakosninguna (sem kom út tveimur dögum fyrir kjördag) var undirlagt af stuðningsgreinum við framboð Björns.⁵⁴¹ Í næsta tölublaði *Austra* eftir kosningarnar var fjallað um úrslit þeirra og kjördaginn og var taumur Björns dreginn þar mjög ákveðið. Í umfjöllun blaðsins var því haldið fram að einungis þrír kjósendur hefðu ekki neytt atkvæðisréttar síns.⁵⁴²

Má því með sanni segja að áhugi kjósenda var mikill og lofsverður. Báðir flokkar gengu ötullega fram. Jafnvel unglingarnir sýndu afstöðu sína í kosningarbaráttunni og gengu í fylkingu með fána og söng. Það var „Unga Ísland“, sem þar kom fram og þarf eigi að sökum að spyrja hverjum flokknum það fylgdi. Sigurinn var þeim megin, sem hann átti að vera. Góður málstaður; ást á föðurlandinu, virðing fyrir sjálfstæði þess og traust á mátt, þess og megin, veitti oss sigurinn.⁵⁴³

Af þessari upphöfnu lýsingu má ætla að hvergi hafi skugga borið á, lýðræðið blómstrað á Seyðisfirði á kjördeginum og kjósendur þyrpst á kjörstað af einskærum áhuga. Lýsingar annarra sjónarvotta af kosningabaráttunni og kjördeginum gefa nokkuð aðra mynd.

Jón Þórðarson (1890–1982) var í hópi þeirra ungmenna sem börðust fyrir kosningu Björns Þorlákssonar. Hann var þá nemi í prentið á Seyðisfirði (væntanlega við prentsmiðju Þorsteins Skaptasonar útgefanda *Austra*). Jón sagði baráttuna fyrir aukakosninguna hafa verið „grimmilega“ og háða á prenti, í fundahöldum og óteljandi „samræðufundum“ við einstaklinga. „Jafnvel við unglingarnir sem vorum á aldrinum 12–18 ára, létum ekki okkar eftir liggja að taka virkan þátt í kosningaslagnum.”⁵⁴⁴ Meginhluti þeirra studdi Björn. Jón lýsir því hvernig unglingarnir skipulögðu aðgerðir og skiptu sér í hópa. Einn hópurinn tók t.d. að sér að moka þriðjung trappa barnaskólans (kjörstaðarins) að morgni kjördags og meina stuðningsmönnum Valtýs og honum sjálfum uppgöngu á þann hluta, svo þeir urðu að vaða snjóinn. Annar hópur tók að sér að beina kjósendum

⁵⁴⁰ *HerAk.* F-9, 1. Félagið Skjaldborg, Akureyri. Gjörðabók 1905–1910.

⁵⁴¹ [Sigurður Baldvinsson] Angantýr, „Þingmannsefni Seyðisfirðinga“, 8. mars 1909, 27; Kjósandi, „Heiðruðu kjósendur Seyðisfjarðarkaupstaðar“, 8. mars 1909, 28. Þetta tölublað *Austra* var aðeins tvær síður og taka greinar Angantýs og Kjósanda megnið af rýminu. Auk þeirra er líka að finna í þessu tölublaði pistla sem víkja að kosningunni og sýna frambjóðendur í mjög ólíku ljósi.

⁵⁴² Samkvæmt kosningaskýrslum greiddu 129 af 166 kjósendum í Seyðisfjarðarkaupstað atkvæði í aukakosningunni í mars 1909 eða 77,7% kjósenda. Þátttakan var því 9,6% meiri en í kosningunum í september 1908 þegar 113 af 166 (68,1%) neyttu atkvæðisréttar síns (sjá: *Kosningaskýrslur 1874–1946*, 1:39, 82).

⁵⁴³ „Kosningaúrslitin“, 20. mars 1909, 30.

⁵⁴⁴ Jón Þórðarson, „Kosningin á Seyðisfirði 1909“, 56.

á Vestdalseyri framhjá verslun kaupmanns á Fjarðaröldu, sem var við alfaraleið íbúa Vestdalseyrar á leið til barnaskólans, því þeir höfðu spurnir af því að kaupmaðurinn hygðist veita kjósendum á leið til kjörstaðar vín og fá þá til að kjósa Valtý. Þess í stað voru kjósendurnir leiddir aðra leið og inn á ritstjórnarskrifstofu *Austra* þar sem beið þeirra kaffi og „pólitísk fræðsla.“⁵⁴⁵

Sigurður Baldvinsson (1887–1952) frá Stakkahlíð í Loðmundarfirði var búsettur á Seyðisfirði þegar kosningin fór fram. Hann lýsti því í tveimur bréfum til Stefáns bróður síns (öðru dagsettu á kjördaginn og hinu fimm dögum síðar) hvernig baráttan um þingsætið var háð.⁵⁴⁶ Sigurður var aðeins 22 ára gamall og því ekki með kosningarétt en beitti sér engu að síður fyrir kosningu Björns Þorlákssonar. Sigurður sagði að áróður og barátta beggja fylkinga fyrir kosningarnar hefði verið „harkaleg“ og þegar „kosningin stóð yfir urðum við að *vakta* marga til þess að þeir yrðu ekki fylltir.“ Sigurður hélt því fram að útlendingarnir í bænum og andstæðingar bindindismanna (Björn Þorláksson var harður bindindismaður) hefðu verið helstu stuðningsmenn Valtýs. Ungmennunum, sem *Austri* lofar í umfjölluninni um kosningarnar, lýsir Sigurður í sama bréfi sem „strákahóp“ sem hafi staðið með tvo íslenska fána við kjörstaðinn og hrópað „Kjósið Björn Þorláksson. Niður með Valtýr!“⁵⁴⁷ Sigurður kom líka að þeim aðstöðumun sem skapaðist við það að Björn hafði með sér eina blað bæjarins (og raunar Austurlands á þessum tíma) og stuðningsmenn hans nýttu sér *Austra* óspart til „að hamra á Valtýr.“ Stuðningsmönnunum Björns og þeim sem voru taldir í vafa um hvorn þeir ættu að kjósa var fært nýtt eintak af *Austra* morguninn sem kosið var til að:

styrkja þá, áður en þeir gengu á kjörfundinn, en þar stóðum við berhöfðaðir og tókum á móti þeim og fórum með okkar menn og alla vafa gemlinga inn í herbergi Halldórs skólastjóra, og „trakteruðum“ þá á vindlum og töluðum yfir „hausamótunum“ á þeim og vorum vel stimamjúkir, og gætum vel að því að Valtýsmenn næðu þá ekki tali, og fylgdum þeim sem við ekki treystum vel alveg að dyrunum, á salnum, svo hinir gætu ekki spýtt neinni ólyfjan í þá. — Það dugir ekkert annað við þessa ósjálfstæðu ræfla en að passa það að eiga síðasta snúninginn.⁵⁴⁸

Það kemur skýrt fram bæði í skrifum í *Austra* og í frásögn Sigurðar Baldvinssonar hversu persónuleg kosningabaráttan var og hvernig það að ala á andúð á Valtý Guðmundssyni var stór þáttur í baráttu stuðningsmanna Björns. En það sem vekur sérstaka athygli er orðræða þjóðernis-hyggi og tortryggni (jafnvel fjandskapar) gagnvart útlendingum sem birtist bæði í *Austra* og í bréfum Sigurðar til Stefáns. Þessa gætti í skrifum ritstjóra *Austra* um kosningarnar að þeim loknum, sem og innsendum greinum, en hvergi kom þetta viðhorf þó skýrar fram en í grein „Angantýs“ í *Austra* í síðasta tölublaði fyrir kjördag. Þar var búseta frambjóðendanna gerð að veigamiklu atriði og kostir kjósenda lagðir svo upp: „Það má virðast næsta einkennilegt af Seyðfirðingum, ef þeir fara að sækjast eftir að fá þingmann sinn frá Danmörku, þegar þeir eiga kost á einum af sínum mönnum.... Kjósið Björn Þorláksson, látið ekki danskar og hálfdanskar *eitur-tungur* blekkja hann í augum ykkar.“⁵⁴⁹ Sá sem þetta skrifaði og nefndi sig Angantý var Sigurður frá Stakkahlíð.⁵⁵⁰

3.3.3 Viðfangsefni og áhugasvið: „stórpólitík“ og önnur samfélagsmál

Að fullyrða um áhuga íslensks almennings á einstökum málum og viðfangsefnum sem komust í opinbera umræðu á rannsóknartímanum, einungis út frá áherslum prentuðu blaðanna sem þá voru gefin út, er eins og áður var bent á „í besta falli vafasamt“ (sjá kafla 2.3.1). Efnisáherslur

⁵⁴⁵ Jón Þórðarson, „Kosningin á Seyðisfirði 1909,“ 56–57.

⁵⁴⁶ *Her.Aust.* A6 187, 5. Bréf frá Sigurði Baldvinssyni til Stefáns Baldvinssonar, dags. 10. og 15. mars 1909.

⁵⁴⁷ *Her.Aust.* A6 187, 5. Bréf frá Sigurði Baldvinssyni til Stefáns Baldvinssonar, dags. 10. mars 1909.

⁵⁴⁸ *Her.Aust.* A6 187, 5. Bréf frá Sigurði Baldvinssyni til Stefáns Baldvinssonar, dags. 15. mars 1909.

⁵⁴⁹ [Sigurður Baldvinsson] Angantýr, „Þingmannsefni Seyðfirðinga,“ 8. mars 1909, 27.

⁵⁵⁰ *Her.Aust.* A6 187, 5. Bréf frá Sigurði Baldvinssyni til Stefáns Baldvinssonar, dags. 15. mars 1909.

þjóðmálablaða þessa tíma lituðust mjög af áhugasviði ritstjóra, sem langflestir voru virkir í stjórnámálum, ýmist sjálfir alþingismenn eða nátengdir einhverjum þingmönnum. Umræða á síðum blaðanna mestan hluta þess tíma sem hér er til umfjöllunar einkenndist öðru fremur af því sem þá var kallað „stórpólitik.“ Þann efnisflokk fyllir að stærstum hluta sambandsmálið við Dani en líka aðrar stjórnarskrárbreytingar og „stærri“ efnahagsmál (t.d. stofnun og starfræksla banka). Yfirburðir stórpólitíkur í blöðunum á þessum tíma endurspeglu umræður innan Alþingis. Í sjálfsævisögum má finna dæmi um að vikið sé að blaðalestri og umræðum um landsmál á heimilum og er misjafnt hvernig höfundar meta áhuga heimilisfólks á almennum málum. Bæði er vitnað um nær algert áhugaleysi en líka um lifandi áhuga.⁵⁵¹

En var stórpólitíkin líka efst í huga almennings og almennra kjósenda? Fylkti þjóðin sér að baki „sjálfstæðishetjum“ sínum sem einn maður? Var hún vakin og sofin yfir sambandsmálinu? Þó þeirri ímynd hafi áður fyrr verið haldið á lofti í söguritun og myndin af Jóni Sigurðssyni sem hinum óskoraða leiðtoga sem öll þjóðin fylgdi hafi verið lífseig í íslenskri söguskoðun fer því fjarri að hún sé raunsönn lýsing á ástandi. Sú táknmynd er meira í ætt við pólitíska ímyndarsköpun en sagnfræði.

Í aldamótahugleiðingum sínum í tímaritinu *Andvara* árið 1901 skrifaði Þorvaldur Thoroddsen: „Ekki hefi eg getað fundið, að almenningur hefði neinn verulegan áhuga á stjórnarskrármálinu; það eru að eins fáeinir menn hér og hvar, sem það hafa. Þó getur verið að þetta hafi breytt tvö síðustu árin, ef nokkuð er að marka gauragang þann, sem var við síðustu kosningar.“⁵⁵² Með þessum orðum dró Þorvaldur línu milli áhugasviðs almennings og almennra kjósenda annars vegar og forystumanna landsins í stjórnámálum hins vegar. Sömu skoðun lýsti Jón Bjarnason prestur í erindi sem hann flutti árið 1888. Þar hélt hann því fram að stjórnarskrármálið væri meira áhugamál blaðamanna á Íslandi en íslensks almennings. Þjóðinni væri mun minna umhugað um það en blaðamenn hafi haldið fram því aðeins fáeinir stjórnámálamenn litu á þetta mál sem aðal málefni þjóðarinnar.⁵⁵³ Vitanlega ræddu alþingismenn, ritstjórar og aðrir frammámenn ýmis önnur mál en sambandsmálið og breytingar á stjórnarskrá, hvort sem var í blöðum, tímaritum, á Alþingi eða almennum fundum. Alþingi setti líka fjölda laga og samþykkti margar þingsályktanir sem voru sambandsmálinu og annarri stórpólitík óviðkomandi. En þetta voru engu að síður ávallt stóru málín á síðum blaðanna og innan Alþingis sem viku öðrum málum ítrekað til hliðar nær allt það tímabil sem hér er til umfjöllunar.

Skýr viðhorfsbreyting virðist hafa orðið í tengslum við alþingiskosningarnar árið 1908. Þá snarjókst kjörsókn en í þeim kosningum var líka kosið í fyrsta sinn í hverjum hrepp. Kosningarnar 1908 snerust um uppkastið svokallaða, fyrirliggjandi sambandssamning við Dani. Í bréfi sem Ólafur Thorlacius læknir og alþingismaður Suður-Múlasýslu (1903–1908) skrifaði haustið 1908 ræddi hann kosningarnar og stórauðinn áhuga meðal almennings á sambandsmálinu. Ólafur sagði:

Pólitíkin er hér á allra vörum, smalastrákar og hreppakerlingar hvað þá aðrir tala um hana eins og þau hefðu aldrei um annað talað alla sína æfi. Eg hefði aldrei trúað því að frumvarp þetta hefði þann kýngikraft til að bera, að það gæti vakið alla þessa sauði af jafnföstum svefni og þeir virtust sofa; vitanlega er hugsunin langt frá því að vera ljós hjá mörgum hverjum, eins og oftast vill verða í svefnrofunum, enda er búið að ljúga þeim ókjörum í aumingja fólkið, að það þarf tíma til að átta sig. En fólkið er vaknað og það er fyrir öllu. Að beina hugsun þess í rétta [átt] er nú hlutverk leiðtoganna.⁵⁵⁴

⁵⁵¹ „Almenningur hugsaði lítið um landsmál.... Fáir gestir, sem komu, töluðu um landsmál.“ (Sjá: Finnur Jónsson, *Þjóðhættir og ævisögur frá 19. öld*, 337.) Bernharð Stefánsson alþingismaður sagði föður sinn hafa haft mikinn áhuga á stjórnámálum og þau því oft til umræðu á heimilinu (sjá: Bernharð Stefánsson, *Endurminningar*, 33).

⁵⁵² Þorvaldur Thoroddsen, „Hugleiðingar um aldamótin“, 41.

⁵⁵³ Jón Bjarnason, *Ísland að blása upp*, 20.

⁵⁵⁴ *Lbs.* 4164 4to. Bréf frá Ólafi Thorlacius til Þorsteins Erlingssonar, dags. 23. september 1908.

Þrátt fyrir yfirgnæfandi áherslu á sambandsmálið um aldamótin voru þau viðhorf til meðal alþingismanna að önnur mál væru meira aðkallandi. Þeir sem héldu því fram sem aðalmáli þingsins höfðu þó yfirhöndina. Sumir í hópi þingmanna voru engu að síður orðnir þreyttir á þráteflinu í sambandsmálinu, áhrifum þess á samskipti þingmanna og á framvindu annarra mála. Einar Jónsson prestur og alþingismaður í Kirkjubæ gerði að umtalsefni í bréfi til Jóns frá Sleðbrjót árið 1901 þá miklu tortryggni sem væri milli flokkanna á þingi og sagði að sér liði illa við þessar aðstæður. „Það kvelur mig, að sjá menn berjast um flokkssigur og knýja hann endilega fram hvað sem gildir, en ekki í raun og veru um það, hvað málinu er fyrir beztu.“⁵⁵⁵ Pétur Jónsson á Gautlöndum, þingmaður Suður-Þingeyinga (1894–1922), viðurkenndi í bréfi til Jóns frá Sleðbrjót árið 1897 að þó sambandsmálið væri sér „heilagt“ væri hann orðinn þreyttur á þráteflinu.⁵⁵⁶ Pétur kvaðst kunna mun betur við kaupfélagsstarfið en landsmálapólitíkina. Í henni væri hann af skyldurækni og vilja til að gera gagn. Sjálfur lýsti Jón frá Sleðbrjót sínu viðhorfi í bréfi til Þorsteins Erlingssonar, skálds og þáverandi ritstjóra blaðsins *Bjarka*, það sama ár. Þar hélt Jón því fram að skipulegt og öflugt félagastarf væri þjóðinni mun nauðsynlegra en „stöðulagabyljir.“ Og hann bætti við: „Jeg vil ekki gefa götótta vettlinga, fyrir innl. stjórn saman hrúgaða í Reykjavík, ef sjálfstjórn, og fjelagsandi í hjeruðunum getur ekki lifnað, og *alþýðan* fengið þroskaðri sjálfstjórnar-hugmyndir.“⁵⁵⁷

En hvaða mál voru það sem mest brunnu á íslenskum almenningi á þessum tíma? Til að leita svara við þeirri spurningu er hér gerður samanburður á efnisvali í tveimur heimildaflokkum. Annars vegar er um að ræða prentuð blöð og hins vegar handskrifuð sveitarblöð. Sem fyrr er áherslan á Austurland.

Af einstökum efnisflokkum voru þrír mest áberandi á síðum sveitarblaðanna. Menntamál voru vinsælt umræðuefni og færðist aukinn þungi í þá umræðu eftir því sem nær dró aldamótum. Þar bar hæst umræðu um barna- og unglingamenntun, þ.e. þá menntun sem nærsamfélagið átti að veita. Starfsemi félaga á útgáfusvæði sveitarblaða var annað efni sem mikið var rætt – markmið félaga, gagnsemi og tilvistarbarátta. Þar var einkum rætt um þrjár gerðir félaga sem voru til staðar (ein eða fleiri) í mörgum byggðarlögum, þ.e. lestrarfélög, búnaðarfélög og bindindisfélög. Viðkoma lestrarfélaganna tengdist jafnan menntaumræðunni auk þess sem félögin voru oft tengd útgáfu sveitarblaða, í sumum tilvikum útgefandi blaðsins. Starfsemi búnaðarfélaga hafði beina snertingu við afkomu heimilanna og til þeirra var litið sem tækis til að bæta hag heimilanna. Bindindisfélögin miðuðu að bættu siðferði og breyttum neysluháttum með því að stemma stigu við áfengisneyslu, en líka kaffidrykkju og tóbaksneyslu. Auk þess var innan þeirra lögð áhersla á sparsemi og skynsamlegar fjárfestingar (í stað þess að eyða peningum í munaðarvörur). Umræða og greinaskrif um lestrar- og búnaðarfélög er næsta jöfn allt tímabilið, en starfsemi og málstaður bindindisfélaga ruddi sér til rúms er nær dró aldamótunum 1900. Það sem var sameiginlegt stef í skrifum um félög í sveitarblöðunum var hagrænt gildi þeirra. Hvort sem um var að ræða framþróun í landbúnaði eða bætta kennslu barna var undirtónninn sá sami – framfarir – og þá einkum efnislegar framfarir en líka andlegar, sem líkt og þeim efnislegu var ætlað að bæta lífsskilyrði og styrkja búsetu í sveitunum. Hugmyndir sem fram komu miðuðust við sveitasamfélagið, eflingu landbúnaðarins og nýjungar á því sviði. Það þýddi þó ekki útilokun annarra atvinnuvega.⁵⁵⁸

Þriðji efnisflokkurinn innihélt efni sem flokka má sem andóf. Þar er átt við greinar sem voru leynd og ljós gagnrýni á valdhafa, bæði í nærsamfélögum (húsbændur, hreppstjóra, hreppsnefndir og presta) og á landsvísi (stjórnvöld og kirkju). Meðal þess sem var gagnrýnt og tekist á um voru

⁵⁵⁵ *Lbs.* 2172 a 4to. Bréf frá Einari Jónssyni til Jóns Jónssonar (frá Sleðbrjót), dags. 21. júlí 1901 í Reykjavík.

⁵⁵⁶ *Lbs.* 2172 b 4to. Bréf frá Pétri Jónssyni til Jóns Jónssonar (frá Sleðbrjót), dags. 13. febrúar 1897.

⁵⁵⁷ *Lbs.* 4162 4to. Bréf frá Jóni Jónssyni (frá Sleðbrjót) til Þorsteins Erlingssonar, dags. 27. janúar 1897.

⁵⁵⁸ Hrafnkell Lárusson, *Í óræðri samtíð með óvissa framtíð*, 32–34.

húslestrar, kennivald presta og staða vinnufólks gagnvart húsbændum. Nær undantekningalaust voru hvössustu andófs-greinarnar birtar undir dulnefnum, sem var líka algengt í prentuðum blöðum á sama tíma. Notkun dulnefna í sveitarblöðunum, einkum um umdeild efni, er skiljanleg þegar litið er til nálægðar milli efnishöfunda og viðtakenda. Það er ekki aðeins vert að geta þess sem helst var rætt í sveitarblöðum heldur einnig þess sem lítið eða ekki kom þar til tals en var fyrirferðarmikið á öðrum vettvöngum opinberrar umræðu og eins til hvaða fyrirmýnda var helst litið.

Hvort sem þjóðfrelsis- og sjálfstæðisbaráttan var íslenskum almenningi áhugamál eður ei má ljóst vera að umræða um þau mál var ekki talin eiga heima á síðum sveitarblaða. Í þeim voru þó oft rædd pólitísk álitamál, t.d. atvinnu- og menntamál, en stórpólitíkin var viðfangsefni prentuðu blaðanna. Sjónarhorn sveitarblaðanna var þrengra og tengdara hagsmunum sem snertu íbúa útbreiðslusvæðis þeirra beint. Pólitískur innblástur í sveitarblöðunum var auk þess aðeins að litlu leyti sóttur til forystumanna í stjórnmálum samtímans, en mun frekar í bókmenntir. Andi Eggerts Ólafssonar og Jónasar Hallgrímssonar sveif yfir vötnum víða í sveitarblöðunum og yfirskriftir greina voru oft sóttar í kvæði þeirra. Tilvitnanir í fornsögurnar sjást einnig ítrekað. Að sama skapi kom víða fram vantrú á yfirvöld, bæði Alþingi, stjórnvöld í Kaupmannahöfn og síðar íslenska ráðherrann. Höfundar álitu vonina um eflingu framfara í sveitunum liggja í höndum íbúanna sjálfra og í samtakamætti þeirra í félögum sem áttu að efla atvinnu-, mennta- og félagslíf sveitanna. Flestum sem tjáðu sig var ljóst að samfélagsgerðin var að taka róttækum breytingum, með nýjum atvinnuháttum og búferlaflutningum, og það kallaði á nauðsyn þess að skapa tengsl og samtök til að spyrna við fótum og verja hagsmuni. Sá samtakamáttur var þó sjaldan eins almennur og vænst var. Ritstjórar sveitarblaða reyndu líkt og forystumenn bindindishreyfingarinnar að virkja fólk til þátttöku, einkum ungt fólk, og voru konur þar ekki undanskildar. Þeir reyndu líka að nota almenna virðingu fyrir hæfileikum til opinberrar tjáningar sem hvatningu til nýliða að virkja og þroska hæfileika sína á því sviði.⁵⁵⁹ Oftast varð árangurinn ekki sem skyldi og því báru ritstjórar sveitarblaða jafnan sjálfir hitann og þungann af því að sjá blöðunum fyrir efni. Það reyndi á þrek þeirra við að halda blaðinu úti (í sjálfbodavinnu) en gerði það líka að verkum að skoðanir þeirra og áherslur urðu mjög áberandi.

Sveitarblöðin virðast almennt hafa verið aufúsugestir á heimilunum. Engu að síður urðu örlög margra þeirra að veslast upp vegna þátttökuleysis samfélagsins. Orð Jósefs Björnssonar (1878–1964) frá Svarfhóli í Borgarfirði í sjálfsævisögu sinni eru nokkuð dæmigerð fyrir viðhorf til sveitarblaða. Þar gat Jósef um starfsemi sveitarblaðsins *Kveldulífs* sem Sigurður Júl. Jóhannesson, síðar ritstjóri í Kanada, var forsprakki fyrir og skrifaði að mestu. „Vakti það smádeilur, sem urðu umræðuefni manna á meðal og varð því nokkur andleg vakning í blaðinu og gerði talsvert fjör og líf í félagslífið meðan það var við líði.“⁵⁶⁰ Ýmislegt fleira en þátttökuleysi gat þó orðið sveitarblöðum að fjörtjóni. Þegar fleiri en eitt blað var gefið út í sama byggðarlagi samtímis gat skorist í odda. Bernharð Stefánsson lýsir einu slíku dæmi. Þegar hann var um fermingu, búsettur í Hörgárdal í Eyjafirði, ritstýrði hann sveitarblaði sem nefndist Stúfur. Lestrarfélag sveitarinnar gaf út eigið blað sem hét Krummi. Ritstjórar þess voru „ráðnir og rosknir bændur.“ Þessi tvö blöð áttu í ritdeilum að „fyrirmynd landsmálablaðanna“ og fór svo að útgáfu Stúfs var hætt þegar málaferli vofðu yfir.⁵⁶¹

Þau sveitarblöð sem umfjöllun þessa kafla byggir á voru flest gefin út í sveitum á Norðurlandi og í Stranda- og Múlasýslum. Útgáfa handskrifaðra blaða þekktist einnig víðar um land sem og í þorpum og bæjum, m.a. á Austurlandi, og eru varðveitt eintök þeirra með í umfjölluninni. Útgáfustaðir prentaðra blaða voru ávallt bæir og þorp. Á þessum tíma voru það kaupstaðirnir á

⁵⁵⁹ Hrafnkell Lárusson, *Í óráðri samtíð með óvissa framtíð*, 33, 56, 75–77, 126, 189.

⁵⁶⁰ Jósef Björnsson, *Æskustöðvar*, 108.

⁵⁶¹ Bernharð Stefánsson, *Endurminningar*, 37.

Seyðisfirði og Eskifirði sem hýstu prentsmiðjur á Austurlandi sem gáfu út prentuð blöð. *Austri* (fyrsti og annar), *Bjarkei* og *Framsókn* komu út á Seyðisfirði en *Skuld*, *Dagfari* og *Austurland* á Eskifirði. Blaðaútgáfan var samfelld frá 1877 (er *Skuld* hóf útgáfu) og til loka rannsóknartímans, ef undan eru skilin árin 1888–1890 (frá því að fyrri *Austri* hætti útgáfu þar til sá síðari hóf útgáfu). Fram til 1895 (er *Framsókn* hóf útgáfu) var eitt blað gefið út í Múlasýslum í senn, en eftir það stundum tvö. Um þriggja ára skeið (1896–1899) komu út þrjú blöð á Austurlandi (*Austri*, *Framsókn* og *Bjarkei*, öll gefin út á Seyðisfirði). *Austri* (hinn síðari) var áberandi langlífastur þessara blada (1891–1917) sem öll lögðu áherslu á stjórnmál líkt og önnur blöð landsins á sama tíma, en á ólíkum forsendum þó. *Framsókn* naut nokkurrar sérstöðu þar sem pólitískar áherslur blaðsins voru nær eingöngu á kvenréttinda- og bindindismál. Ég ætla hér að gera grein fyrir megindráttum í þróun efnistaka austfirsku þjóðmálablaðanna.

Umræða um menntamál átti sér stað á síðum prentuðu blaðanna allt tímabilið og var fjölbreyttari en samsvarandi umræða í sveitarblöðunum. Algengasta umræðuefnið var stofnun og starfsemi alþýðlegra ungmennaskóla (bænda- og kvennaskóla), en líka var rætt um fræðslu barna og unglinga. Áberandi meirihluti greina um menntamál var innsendur, þó ritstjórar ræddu þau líka. Fræðsluefni var einnig meðal efnis blaðanna, einkum á síðari helmingi tímabilsins, og var það oftast um hagnýt efni (t.d. búfræði), en líka um tækninýjungar og bókmenntir. Þetta voru bæði frumsamdar greinar og fyrirlestrar sem fluttir voru á fundum og námskeiðum.

Félagastarf var meðal umræðuefna sem ítrekað bar á góma. Í þeim greinum var starfsemi félaga yfirleitt tengd við framfarir í efnahag og atvinnulífi og áherslan því jafnan mest á félagsskap og samvinnu í búskap og útgerð. Helsta frávikið frá þessu voru skrif um bindindisfélög og starfsemi þeirra en þau höfðu þó oft líka hagrænan undirtón, þ.e. sparnað á peningum sem nota mætti til framkvæmda. Dæmi sjást um andstöðu við starfsemi lestrarfélaga,⁵⁶² á þeim forsendum að þau skertu útbreiðslu blada, en að öðru leyti var jákvæðni og trú á gagnsemi félaga og fundahalda ríkjandi í skrifum um félagastarf.

Andófsgreinar birtust í prentuðu blöðunum líkt og í sveitarblöðunum, en þó mismikið eftir blöðum. Í þeim efnum var algengast að gagnrýnin beindist að kirkjunni eða Alþingi og stjórnvöldum. Kirkjan lá einkum undir ámæli fyrir að vera íhaldssöm, fjárfrek gagnvart sóknarfólki og að fylgja ekki straumi tímans. Drykkjuskapur presta sætti einnig reglulega gagnrýni, einkum eftir að bindindishreyfingin tók að eflast, sem og launakjör þeirra og eftirlaun. Samsvarandi gagnrýni vegna þess síðast talda beindist líka að veraldlegum embættismönnum. Gagnrýni á veraldleg yfirvöld beindist mest að sköttum og gjöldum sem lögð voru á landsmenn og því að hagræn málefni fengu ekki nóga athygli á Alþingi. Gagnrýni á yfirvöld í héraði sást líka, en í litlum mæli.

Þó áðurgreind efni séu vel sýnileg í prentuðu blöðunum á því tímabili sem hér um ræðir eru tveir málaflokkar þar öðrum fremur áberandi en að sama skapi minna eða ekki sýnilegir í sveitarblöðunum. Hið fyrra eru samgöngumál sem mjög brunnu á bæði ritstjórum og greinahöfundum í prentuðu blöðunum. Á það í senn við samgöngur á landi (bæði vegagerð, póstsamgöngur og símamál) og ekki síður samgöngur á sjó (bæði strand- og millilandasiglingar). En þrátt fyrir ítrekuð skrif um samgöngur kemst sá efnisflokkur þó ekki í hálfkvisti við umræður um stórpólitikina – sambandsmálið við Dani, stjórnarskrárbreytingar og stærri efnahagsmál.⁵⁶³

Stórpólitík var ekki eins yfirgnæfandi í efnisvali *Skuldar* og eldri *Austra* og hún var í blöðunum sem komu út á síðasta áratug 19. aldar og fram til loka rannsóknartímans. Af skrifum um stórpólitikina spruttu á stundum fyrirferðarmiklar og svæsnar deilur milli blaðanna (einkum

⁵⁶² Jón Ólafsson, „Hálfyrði um lestrarfélög,“ 7. nóvember 1878, d. 382–384.

⁵⁶³ Með stærri efnahagsmálum er einkum átt við bankamál. Þau sem hér um ræðir voru stofnun Landsbankans árið 1885 og síðan stofnun og starfsemi Íslandsbanka á fyrsta áratug 20. aldar.

ritstjóra þeirra) sem urðu megineinkenni austfirsku blaðanna *Austra* og *Bjarka* um aldamótin. Umræðunni var haldið gangandi af fámennum hópi karla. Þessi áhersla birtist ekki aðeins í fjölda greina um efni sem falla undir stórpólitík heldur líka í umfjöllun um störf Alþingis og alþingiskosningar. Þar var stórpólitíkin í öndvegi og annarra mála oft á tíðum aðeins getið í framhjáhlaupi eða þegar umfjöllun um stórpólitíkina sleppti.

Efni þingmálafunda dró jafnan dóm af efnisáherslum Alþingis og blaðanna. Á þeim voru sambandsmál, stjórnarskrármál eða bankamál oftast fyrst á dagskrá (stundum öll á dagskrá sama fundar). En þrátt fyrir ítrekaðar umræður og margar ályktanir þingmálafunda um stórpólitík voru efasemdir um áhrif fundanna. Jón Jónsson alþingismaður frá Sleðbrjót kvartaði yfir gagnsleysi þingmálafundanna í bréfi árið 1897. „Maður má til að halda þessa þingmálafundi, þó þeir í rauninni sjeu þýðingarlitir, og nær í öllum málum, enginn áhugi hjá alþýðu og engin samvinna við þingmenn.“⁵⁶⁴ Þorsteinn Erlingsson ritstjóri *Bjarka* gerði sér grein fyrir hættunni sem einokun stórpólitíkur hafði á opinbera umræðu og var hann þó sjálfur virkur þátttakandi í henni. Þorsteinn skrifaði um þingmálafundi í *Bjarka* í aðdraganda alþingiskosninga haustið 1899. Þar sagði hann að umræða um stjórnarskrármálið hefði tekið „bróðurhlutann“ af tíma þeirra fjögurra þingmálafunda sem hann hafði sótt. Þrjár skoðanir voru uppi: valtylskan, benediktscan og að hvíla málið. „Þeir sem vildu láta málið bíða hafa fært fram þær ástæður, að þetta þras væri ekki einungis árángurslaust, og sárleiðinlegt, heldur dræpi það áhuga á öllum málum öðrum.“⁵⁶⁵ Þorsteinn viðurkenndi að sú skoðun hefði töluvert til sín máls og hún varð þá ofan á á þingmálafundum í Suður-Múlasýslu. Á sama tíma voru átök vegna sambandsmálsins á Alþingi og á síðum blaðanna að ná hámarki.⁵⁶⁶

Í Þingeyjarsýslum virðist aðgreining milli áherslna forystumanna í stjórnmálum og almennra kjósenda hafa verið orðin tilfinnanleg árið 1900, ef marka má tvær frásagnir í austfirsku blöðunum. Í apríl það ár birtist í *Austra* eftirfarandi frásögn af stjórnmálafundi sem haldinn var á Húsavík. Á fundinn mættu 50 kjósendur úr báðum Þingeyjarsýslum

og margir aðrir héraðsmenn sem áheyrendur.... Fundarstjóri lagði fram dagskrá, og tók það fram, að fundurinn væri boðaður sérstaklega til þess, að vekja héraðsmenn til áhuga og athugunar á þeim áhuga- og framfaramálum þjóðarinnar, sem aðallega munu koma til álita og verða til greina tekin við væntanlegar þingkosningar á þessu ári. Lét hann í ljós, að stjórnarskrármálið eðlilega yrði að sitja í fyrirrúmi, enda væri fyrst á dagskrá.

Nær allur fundurinn fór í umræður um það mál en þó náðist einnig að ræða bankamál. „Sökum þess, að dagur var að kvöldi kominn, varð að slíta fundi, þótt fleiri mál væri á dagskrá.“⁵⁶⁷ Fundurinn virðist því hafa endurspeglad umræður í prentuðum blöðum þessa tíma þar sem stórpólitíkin ýtti öðrum umræðuefnum til hliðar. Hvort almenn þátttaka og áhugi var meðal fundarmanna á stórpólitíkinni eða hvort umræðan var borin uppi af fáum mönnum kemur ekki fram. Það var líklega ekki að ástæðulausu að forystumenn í þingeyiskum stjórnmálum reyndu að vekja áhuga almennings á stjórnarskrármálinu, ef marka má fréttabréf úr Þingeyjarsýslu sem birtist í *Bjarka* í ágúst 1900. Að sama skapi virðist þeir ekki hafa haft erindi sem erfiði.

Lítið er hjer talað um pólitík, og hefi jeg það fyrir satt, að hjer sje ekki alment neinn brennandi áhugi fyrir henni. Hygg jeg helst, að sumir sje nú farnir að hugsa sjer, að til sje fleiri velferðarmál en stjórnarskrármálið, sem eigi að koma til greina við næstu kosningar. Jeg fyrir mitt leyti lít svo á, að okkur standi ýmislegt enn nær, og sje enn brýnni nauðsyn að fá því breytt en

⁵⁶⁴ *Lbs.* 4162 4to. Bréf frá Jóni Jónssyni (frá Sleðbrjót) til Þorsteins Erlingssonar, dags. 27. mars 1897.

⁵⁶⁵ „Af þingmálafundum,“ 1. júlí 1899, 101.

⁵⁶⁶ „Stjórnarskrármálið,“ 17. júní 1899, 94.

⁵⁶⁷ „Kjósendafundur Þingeyinga,“ 3. apríl 1900, 39.

stjórnarskránni.... Alþýðan lætur sig meiru varða, hvernig hún á að fara að því að lifa, en hvað sagt er um Valtýskuna og Benediktuskuna. Frelsihetjurnar sem vilja varpa „vígroða á bardagavöllinn“ með því, að standa stöðugar í sinni heimastjórnartrú, mega gjarnan kalla oss búandkarlana daufa og áhugalitla um velferð landsins, en það er hyggja vor, að vjer munum landinu svo þarfastir að vjer reynum að bjarga oss efnalega — og vjer álítum jafnvel að vjer sjeum á þann hátt þarfari en stórpólitíkusarnir, því að það er sannfæring vor, að fæstir þeirra berjist nú af brennandi áhuga eða föðurlandsást fyrir rjettindum landsins, sem kölluð eru. En þeir draga varla marga happadrætti fyrir landið í hjáverkum sínum.... Mest áhersla ætti að vera lögð á það, að þeir sem á þing fara væru „praktiskir“ menn, og hefðu áhuga og þekkingu á því, er snertir atvinnuvegi og samgaungur.⁵⁶⁸

Þessi tilvitnun dregur ekki aðeins fram mismunandi viðhorf til stjórn mála á þessum tíma heldur styrkir þá ályktun að þegar hugtakið „pólitík“ var notað í opinberum skrifum þessa tíma hafi það í raun átt við um stórpólitíkina. Sé sú ályktun rétt bendir vitnisburður skrifa frá síðari hluta 19. aldar, bæði persónulegra og opinberra, um áhugaleysi almennings og meirihluta kjósenda á pólitík til að þessi hópur hafi látið sig stórpólitíkina litlu varða en segi í raun lítið um áhuga eða áhugaleysi á öðrum stjórn málum. Þó áhugi á að sækja þingmálafundi væri takmarkaður, bæði samkvæmt vitnisburði Jóns frá Sleðbrjót og lágum tölum sem birtust í blöðunum um fjölda fundarmanna á mörgum þingmálafundum, þarf það ekki heldur að merkja að almenningur væri áhugalaus um samfélagsmál. Í *Framsókn* var árið 1897 minnt á það réttleysi kvenna sem fælist í að þeim væri haldið frá kosningarétti. Auk þess væri útbreitt viðhorf að konur ættu ekki að skipta sér af pólitík. „En hvað er pólitík? Ekkert annað en tilraunir þær, sem gjörðar eru til að bæta kjör þjóðanna. Og erum vjer [konur] ekki stór partur af hinni íslenzku þjóð?“⁵⁶⁹ Höfundur nefndi dæmi um pólitísk mál sem vörðuðu konur ekki síður en karla (samgöngur, menntamál og bindindismál) og benti auk þess á að þjóðréttarleg staða Íslands (stórpólitíkin) snerti ekki bara íslenska karla.

Viðhorf lesenda til efnistaka blaðanna, þ.m.t. gagnrýni á þau, komst á stundum til skila í greinum og fréttabréfum frá lesendum sem blöðin birtu. Í þeim má sjá mörg dæmi um skoðanir sem voru andstæðar stórpólitískri áherslu blaðanna. Árið 1891, strax á fyrsta ári útgáfu *Austra* (síðari), lýsti höfundur fréttabréfs þeirri skoðun að landsmönnum lægi meira á bættum samgöngum en nýrri stjórnarskrá.⁵⁷⁰ Höfundur fréttabréfs sem *Austri* birti sjö árum síðar kvað fast að orði um almennt viðhorf til skoðanaskipta á síðum blaðanna. Hann sagði: „Það mun einnig liggja við, að hið mikla rifrildi blaðanna um stjórnarskrármálið veki ógeð á málinu hjá mörgum, og öll fúlyrði, er þar hafa prentuð verið, eiga að réttu lagi skilið fyrirlitningu. En það er blaðið „Framsókn“, sem er laust við persónulegar skammir, og flytur vanalega mjög nytsamt efni.“⁵⁷¹ Sams konar ákúrir til blaða urðu tíðari eftir að kom fram yfir aldamót. Skáldið Þorgils gjallandi skrifaði í *Bjarka* árið 1902 og hrósaði sveitarblöðum fyrir að vera oftast nær frí við þann skæting sem einkenndi prentuðu blöðin.⁵⁷²

Ritstjórar þjóðmálablaðanna um aldamótin og á fyrstu árum nýrrar aldar voru lykilmenn í að viðhalda þeirri tvíhyggju sem einkenndi umræðuna um stórpólitíkina á þeim tíma. Það var grunnt á forsjárhyggju og sú „föðurlega umhyggja“ sem einkenndi ritstjóra þessa tímabils gat verið nokkuð harkaleg og einstrengingsleg, ekki aðeins gagnvart andstæðum skoðunum heldur ekki síður gegn þeim sem kinokuðu sér við að skipa sér í aðra hvora fylkinguna. Skapti Jósefsson ritstjóri *Austra* á Seyðisfirði, sem var mjög ákafur í skrifum um stórpólitík, tók til umfjöllunar í blaðinu vorið 1902 stjórn málagrein eftir tvo íbúa kaupstaðarins, Benedikt H. Sigmundsson (1865–1930) og Martein

⁵⁶⁸ „Fréttabréf úr Þingeyjarsýslu,“ 4. ágúst 1900, 123.

⁵⁶⁹ „Hvöt,“ júní 1897, 21.

⁵⁷⁰ „Bréf af Sléttu 26. okt. 1891,“ 10. desember 1891, 49–50.

⁵⁷¹ „Fréttabréf úr Skagafirði,“ 30. apríl 1898, 46.

⁵⁷² „Bréf til ritstjóra Bjarka frá Þorgils gjallanda,“ 15. maí 1897, 74.

Bjarnarson (1870–1948). Þeir höfðu þá nýlega gefið út sérprentaðan bækling um stjórnsmál eftir að bæði blöð bæjarins (*Austri* og *Bjarkí*) höfðu hafnað því að birta innihald hans. Benedikt og Marteinn svöruðu útleggingu Skapta á bæklingnum í innsendri grein í *Austra*. Í eftirmála við svarið gat Skapti ekki á sér setið að setja ofan í við tvímenningana:

Vér álitum enga þörf á að setja langa athugasemd við ritsmíði þá er hér fer á undan. Aðeins skulum vér stuttlega benda á það, að oss virðist að heppilegra hefði verið fyrir þessa heiðruðu ungu leiðtoga vor Austfirðinga að taka það fram í grein sinni hvorri politisku stefnunni þeir fylgi: heimastjórn, þ.e. stefnu Austra, eða Hafnarstjórn, þ.e. stefnu Bjarka. Oss þykir líklegt að flestir af kjósendum óski upplýsinga í því efni, áður en þeir fylkja sér undir merki þessara framsóknarmanna.⁵⁷³

Í þessum viðbrögðum Skapta fellst mjög augljós lítilsvirðing við Benedikt og Martein og skoðanir þeirra á stjórnsmálum. Sú mynd er dregin er upp af þeim að þeir séu ómarktækir úr því að þeir skipi sér í hvoruga fylkinguna sem þá tókst á í sambandsmálinu. Ekki er ólíklegt að samfélagsstaða Benedikts og Marteins hafi líka átt sinn þátt í viðbrögðunum. Þeir voru á fertugsaldri og báðir skráðir „leigjendur“ í manntali Seyðisfjarðarkaupstaðar árið 1901 (Benedikt reyndar einnig skráður „fyrrum bóndi“).⁵⁷⁴ Þeir hafa því að líkindum verið daglaunamenn sem ekki höfðu kosningarétt. Annað sem felst í svari Skapta er að hann beitir sér með afgerandi hætti gegn annarri nálgun á stjórnsmál en þeirri tvíhyggju sem blöðin og flestir forystumenn í stjórnsmálum á þessum tíma héldu á lofti. Áþekk viðbrögð gegn nýjum nálgunum héldu áfram að sjást næstu ár þrátt fyrir að ört fjaraði undan grundvelli þeirrar flokkaskiptingar sem byggði á ólíkum viðhorfum til sambandsmálsins, fyrst eftir að heimastjórn fékkst árið 1904 og síðan eftir að uppkastið var fellt árið 1908. Sú flokkaskipting viðhélst þó í breytilegum myndum fram á miðjan annan áratug 20. aldar.

Fyrirheitum nýrra blaða um nýja tegund blaðamennsku og fráhvarf frá átakahefð árána á undan var mætt með hæðni af ritstjóra *Austra* árið 1906.⁵⁷⁵ Höfundur innsendrar greinar í blaðinu það sama ár virðist fanga inntak þeirra viðbragða þegar hann gagnrýndi fjölgun blaða í landinu. „Svona mikill blaðafjöldi, einkum þegar hann framber þrennskunar kenningar, er ekki neitt sérlega hollt fyrir þjóðina, getur villt skoðanir hennar og stefnufestu og sundrað henni, svo velferðarmálunum sé jafnvel hætta búin.“⁵⁷⁶ Í þessum orðum birtist ódulin forsjárhyggja gagnvart almenningi. Tilvitunin opinberar líka ótta við sjálfstæða skoðanamyndun almennings og að eldri blöðin séu að glata „forræði“ sínu yfir lesendum.

Annar þeirra ritstjóra sem hæðst var að í *Austra* árið 1906 fyrir að boða nýja tegund blaðamennsku, lausa við ríkjandi átakahefð, var Þorsteinn Gíslason ritstjóri *Lögrettu* (áður ritstjóri *Bjarka* á Seyðisfirði). Ritstjórar *Bjarka*, Þorsteinn Erlingsson og Þorsteinn Gíslason, voru gagnrýnir á hvernig blaðamennska og stjórnsmál voru stunduð meðan þeir ritstýrðu *Bjarka*, þó báðir tækju þeir virkan þátt í þeirri orðræðu sem þeir sjálfir gagnrýndu. Reiðilestur í *Bjarka* vorið 1901, væntanlega ritaður af Þorsteini Gíslasyni ritstjóra, dregur upp skýra mynd af því hvernig stjórnsmálaumræða, sem borin var uppi af fámönnum en áhrifamiklum hópi kjósenda, var komin langt frá áhugasviði meginþorra almennings. Höfundur beindi ekki aðeins gagnrýni að stjórnsmálamönnum og ritstjórum heldur líka að menntamönnum og íslenskum stúdentum í Kaupmannahöfn fyrir að hafa algerlega lokast inni í stórpólitíkinni. Ályktanir greinarinnar um blaðamennsku samtíðarinnar kallast á við umkvartanir í fréttabréfunum sem vitnað var til hér að framan.

⁵⁷³ „Alþingiskosningarnar næstu“, 3. maí 1902, 54.

⁵⁷⁴ „Manntal 1901. Seyðisfjarðarkaupstaður.“

⁵⁷⁵ [Innlendar fréttir] 31. janúar 1906, 10.

⁵⁷⁶ G.S., „Ennþá eitt! Ennþá eitt!“ 26. mars 1906, 33–34.

Hver sem lítur yfir það sem prentað er á íslensku nú sem stendur, allt í heild, hlýtur að finna að eitt er eftirtektavert við það, og það er, hve fá efni eru til umræða. Af tilbreytingaleysisinu leiðir svo fjörleysi og deyfð í hugsununum. Andlega lífið verður eins og stöðuvatn í mýrarflóa, sem einginn lækur rennur í og einginn straumur streymir frá.... Blöðin skrifa um stjórnarskrármálið, bánkamálið, ritsímamálið, og svo við og við um landbúnað eða fiskiveiðar — sömu greinarnar sem skrifaðar hafa verið um þessi mál ár eftir ár með einhverjum lítilsháttar orðabreytingum.... Það er skoðun margra, að blöðin eigi alltaf að vera full af landsmálaritgerðum annars sjeu þau ónýt. Hvort nokkur ný hugsun birtist í þessum landsnauðsynjalánglokum, — um það er aldrei hugsað. Og sannleikurinn er sá, að megnið af þessu er ónýtur vaðall, ólesandi mærd og mælgi sem hvorki er gagn nje gaman að.... En mundi nú lesendum blaðanna síður kærkomið að lesa eftir þá greinar um einhver efni, sem sjálfum þeim hljóta að vera hugleiknari en þetta eilíflega „uppkokkaða“ landsmálaþras? Eða, eru þetta einu málin sem íslenskir blaðlesendur þurfa að fræðast um, einu málin sem þeir eiga að hugsa um? Sje svo, þá er ekkert andlegt líf frammar til í landinu.⁵⁷⁷

Haustið 1911 var kosið til Alþingis. Í fyrsta skipti í langan tíma var enginn hiti í stórpólitíkinni fyrir þær kosningar enda viðurkenndi ritstjóri *Austra* að blaðið hefði látið þessar kosningar „að mestu afskiptalausar.“⁵⁷⁸ Sumarið 1911 birtist í *Austra* greinaflokkur um stjórnsmál eftir höfund sem kallaði sig Max. Greinarnar einkenndust af ákalli eftir áherslubreytingum í stjórnsmálum og nýju flokkakerfi byggðu á breiðum málefna grunni. Snemma í fyrstu greininni gerði Max það að umtalsefni að enn á ný ætti að hefja kosningabaráttu á „grundvelli gamalla flokksmála“ sem væru útkljáð og úr sögunni milli flokka sem væru úreltir. Og hann spurði:

Hversu lengi ætlum vér kjósendur að láta bjóða oss það, að kosningar til löggjafarþings vors snúist eingöngu um hina svonefndu stórpólitík, og að alþingi, sem til þessi á að vera kjörið, að vinna að gagni og velfarnan lands og þjóðar, verji öllum eða mestöllum kröptum sínum og tíma, þing eptir þing, jafnvel áratug eptir áratug, til stórpólitískra loptkastalabygginga uppi í skýjunum, sem svo berast með þeim á vængjum vindanna út í ómælisgeyminn? Er virkilega ekkert þarfara að vinna fyrir land og þjóð, eins og nú stendur?⁵⁷⁹

Max vildi leggja sambandsmálið til hliðar, eyða kröftunum í praktískari mál, skipta um stjórnsmálastefnu og stofna nýja stjórnsmálaflokka. Hann taldi að fjármálum og atvinnumálum þjóðarinnar hefði verið sinnt í hjáverkum á Alþingi til fjölda ára, þó ýmislegt hefði áunnist í þessum málaflokkum. Max ávarpaði almenna kjósendur, sem hefðu eins og hann sjálfur staðið utan við stórpólitísk átök, og lagði til stofnun stjórnsmálaflokks sem væri myndaður utan um stefnu í atvinnu- og fjármálum. Hann gerði tillögu til kjósenda í sex liðum um að þeir hjálpuðust að við að leita frambjóðenda sem legðu áherslu á atvinnu- og fjármál og hefðu þekkingu á þeim, frambjóðenda sem væru reiðubúnir að leggja sambandsmálið til hliðar. Ekki ætti að kjósa þá sem mest hefðu verið við þær deilur riðnir.⁵⁸⁰ Það var til marks um breytta tíma að greinar með þennan boðskap skyldu fást birtar í *Austra*.

3.3.4 Almennarými og nútímavæðing

Lýðræðisríki og þau sem eru að þróast í átt til lýðræðis byggja jafnan á einhvers konar grundvallarlögum eða -hefðum sem oft eru bundin í stjórnskrá. Þar eru helstu réttindi og skyldur

⁵⁷⁷ „Hugsunarleysi“, 23. apríl 1901, 57. „Þeir“ sem vísað er til í fyrri spurningunni undir lok þessarar tilvitnunar voru skáldin Þorsteinn Erlingsson, Einar Benediktsson og Einar Kvaran sem þá voru allir nýlega orðnir ritstjórar þjóðmálablaða.

⁵⁷⁸ „Þingmálafundur“, 23. október 1911, 156.

⁵⁷⁹ Max, „Stjórnsmál og alþingiskosningar 1911“, 30. júlí 1911, 113.

⁵⁸⁰ Max, „Stjórnsmál og alþingiskosningar 1911“, 30. júlí 1911, 114.

þegnanna skilgreind, sem og valdsvið og skyldur hins þrískipta ríkisvalds gagnvart þegnum. Einstaklingar og menningarhópar verða að tileinka sér pólitískt tungutak síns ríkis til að vera fullgildir þátttakendur í opinberri umræðu og vera færir um að verja rétt sinn og sækja meiri rétt.⁵⁸¹ Af þessu leiðir að fólk sem ekki hefur viðunandi undirbúningsmenntun (í lestri og skrift) á litla möguleika til þátttöku í umræðunni.

Tungumálið er mikilvægasti miðill félagslegra samskipta. Innan samfélaga litast þau mest af ætlunum og skoðunum meðlima, gjörðum þeirra og tungumáli.⁵⁸² Án góðs valds á opinberri tjáningu er hætt á að fólk verði að setta sig við hlutverk „mállausra“ áheyrenda í almannarýminu. Í æviminningum sínum sagði Þórarinn Gr. Víkingur (1880–1961) frá gömlum bónda sem sagði við Þórarin eftir fund, þar sem bóndinn var óánægður með málalýktir, að nú væri slæmt að vera „mállaus“ því hefði hann getað tekið til máls hefðu lýktir mögulega orðið aðrar. Þessi stutta frásögn er um margt merkileg. Hún dregur í fyrsta lagi fram kynslóðamun, þar sem unga kynslóð þessa tíma var almennt mun virkari félagslega en hin eldri og félagastarf gerði fólk fært um frekari þátttöku í almannarýminu. Í öðru lagi sýnir frásögnin erfiðleikana sem margt eldra fólk á rannsóknartímanum, fólk sem hafði notið lítillar formlegrar menntunar og tæplega nokkurrar þjálfunar í framsögn, bjó við þegar kom að félagslegri þátttöku. Það skorti færni í opinberri tjáningu sem leiddi til þess að raddir þess heyrðust ekki. Í þriðja lagi má setja þessa frásögn í samhengi við aðstöðumun bænda og embættismanna til þátttöku í félagastarfi og stjórnmálum fyrr á 19. öld.⁵⁸³

Það var ekki aðeins á Íslandi sem konur, fátækir karlmenn og annað fólk sem var félagslega undirskipað var lengi vel útilokað frá almannarýminu. Jafnvel eftir að lagalegum hindrunum var aflétt var forskot betur stæðra karlmanna áfram verulegt. Bandaríski stjórnmálaheimspekingurinn Nancy Fraser vitnar í þessu samhengi í feminískar rannsóknir á félögum þar sem bæði karlar og konur áttu aðild. Í þeim kemur fram að á fundum trufla karlmenn ræður kvenna oft en konur karla og þeir tala líka oft og lengur. Auk þess er mun oft ekki brugðist við því sem konur leggja til málanna en karlar. Fraser segir að þar sem félagslegt jafnrétti sé ekki til staðar sé ekki hægt að skoða einstaka umræðuvettvanga án þess að hafa hliðsjón af því hverjir séu útilokaðir frá þeim og hvort allir sem hafi aðgang séu jafnréttsháir.⁵⁸⁴ Þó rými sem áður voru flestum lokað tækju að opnast var ekki þar með sagt að þar stæðu allir jafnir. Félagslega aðgreiningu gat verið að finna innan félaga, sem birtist t.d. í því að sumir félagsmenn litu niður á óframfærna unglunga frá fátækum heimilum. Vigfús Guðmundsson (1890–1965) sagði í sjálfsævisögu sinni frá því þegar Guðmundur Böðvarsson skáld, þá bláfátækur unglingur, kom fram í fyrsta sinn og flutti kvæði eftir sjálfan sig. Hann var óvanur að koma fram og fékk, að sögn Vigfúsar, ekki gott hljóð og lítilsvirðandi háðsglósur frá sumum í hópi viðstaddra eftir flutninginn.⁵⁸⁵ Þessa tiltekna atviks er ekki getið í ævisögu Guðmundar. Þar er hins vegar að finna annað sambærilegt dæmi um hvernig ljóðagerð á unglingsaldri var notuð til að hætta hann í fjölmenni. Sárindi vegna þess gerðu það að verkum að Guðmundur var fram á fullorðinsaldur viðkvæmur fyrir opinberri birtingu kvæða sinna.⁵⁸⁶

Líkt og fyrr greinir frá var feðraveldið ríkjandi í samfélagsheimspeki norrænna samfélaga á 19. öld, byggt á kenningu Marteins Lúthers um hinar þrjár meginstoðir samfélagsins: ríkið, kirkjuna og heimilið. Á forsendum feðraveldisins var stigveldisskipting samfélagsins ekki aðeins álitin nauðsynleg heldur óumflýjanleg. Andóf gegn henni mátti túlka sem brot gegn vilja guðs eða

⁵⁸¹ Habermas, *The Inclusion of the Other*, 146, 165; Cronin og De Greiff, „Editors' Introduction,“ xii–xiii.

⁵⁸² Habermas, *The Inclusion of the Other*, 18, 38.

⁵⁸³ Þórarinn Gr. Víkingur, *Komið víða við*, 63.

⁵⁸⁴ Fraser, „Rethinking the Public Sphere,“ 118–119, 122.

⁵⁸⁵ Vigfús Guðmundsson, *Æskudagar, hjarðmaður í „Villta vestrinu“ og á Borgarfjarðarbeiðum*, 94–96, 102.

⁵⁸⁶ Silja Aðalsteinsdóttir, *Skáldið sem sólin kyssti*, 60–61, 158.

andstætt náttúrunni.⁵⁸⁷ John Stuart Mill benti á það í *Kúgun kvenna* að orðatiltækið „gagnstætt náttúrunni“ þýddi í almennu tali ekkert annað en „gagnstætt venjunni“ en allt sem samræmdist venjum væri álitid náttúrulegt.⁵⁸⁸ Í sóknum var það prestanna að viðhalda réttri trú og viðurkenndum skilningi á trúnni og tryggja samvinnu húsbænda um að gera slíkt hið sama á heimilunum.⁵⁸⁹ Samvinna veraldlegra og andlegra embættismanna og húsbænda var álitin nauðsynleg til að viðhalda reglu og ró í samfélaginu en hafði líka það illa dulda hlutverk að halda undirsátum í skefjum og á sínum stað. Framkvæmd þessa var við upphaf rannsóknartímans, meðan Ísland var enn sveitasamfélag, mun viðráðanlegra en síðar varð. Um miðjan áttunda áratug 19. aldar voru Íslendingar af næsta einsleitum uppruna, en nær allir landsmenn tilheyrðu lútersku þjóðkirkjunni og langflestir bjuggu í dreifbýli.

Mennta- og embættismenn á Norðurlöndum á 19. öld efuðust margir um menningar- og stjórn málaalegan þroska bænda en sá efi leiddi samt aldrei til þess að reynt væri að koma á borgaralegu menntakerfi meðal sveitafólks. Í almennri umræðu héldu menntamenn á lofti rómantískri mynd af hinum norræna bónda sem væri áhrifamikill máttarstólpi samfélagsins, mynd sem var andstæð stöðu bóndans í flestum öðrum evrópskum samfélögum. „In most other parts of Europe,“ skrifar sænski sagnfræðingurinn Bo Stråth, „the peasant had been effectively eliminated from the political processes and was invoked as a rhetorical, even utopian, figure. The inherent tension between the concepts of freedom and equality was better controlled in the North by means of the peasant myth. The Nordic peasant was too conservative to be radical but too radical to be conservative.“⁵⁹⁰

Arfleifð upplýsingarinnar, sem birtist í trú á vísindi og menntun, umbreyttist í framfaratrú sem náði almennri útbreiðslu á síðari helmingi 19. aldar. Ein helsta birtingarmynd framfaratrúar meðal almennings var tilhneiging til sjálfsmenntunar, bæði fyrir og eftir tilkomu alþýðlegra ungmenntaskóla. Hvoru tveggja var ætlað að efla þekkingu og færni almennings. En til að auka möguleika almennings á frekari þátttöku í almannarýminu þurfti að koma til aukin færni í tjáskiptum, bæði rituðu og töluðu máli. Í þeim efnum voru félagshreyfingar og lýðskólahreyfing í anda Grundtvig skýrir áhrifavaldar í Skandinavíu. Í hugmyndafræði lýðskólahreyfingarinnar léku bændur og sveitafólk veigamikil hlutverk og voru meðal boðbera frelsis og jafnréttis á 19. öld.⁵⁹¹

Andstætt því sem gerðist í flestum öðrum evrópskum þjóðríkjum varð stór hluti danskra leiguliða að sjálfstæðum bændum á 19. öld, þökk sé efnahagslegum og pólitískum umbótum sem gerðar voru undir lok 18. aldar. Þessi breyting varð þó hvorki mótstöðulaust né í einni svipan en skapaði grundvöll þess að bændur urðu sterkt afl í dönskum stjórnámálum. Þar skipti líka miklu sú menningarlega, efnahagslega og pólitíska vakning sem varð meðal bænda, sem voru að verða sjálfseignarbændur undir lok 19. aldar og í byrjun 20. aldar. Meðal þeirra skapaðist stéttarvitund og trú á að þeir væru kjölfesta samfélagsins. Þeir studdu frjáls viðskipti enda áttu þeir mikið undir þeim sjálfir, einkum viðskiptum við Bretland. Ríkur þáttur í hreyfingu bænda var einstaklingshyggja sem kom fram í pólitískri baráttu þeirra gegn forsvarsmönnum borgara og menntamanna. Lykillinn að styrk og áhrifum dönsku bændahreyfingarinnar var að henni tókst að skapa sjálfstæða menningu og eigin menntastofnanir sem samvinnufélög bænda stóðu vörð um. Þau voru mynduð af sjálfstæðum bændum sem stóðu saman að sölu og útflutningi í gegnum félögin. Þau voru rekin á lýðræðislegan hátt og á grunni jafnréttis milli félagsmanna óháð stærð framleiðslu.⁵⁹²

⁵⁸⁷ *Lbs.-Hbs.* Vilhelm Vilhelmsson, „Sjálfstætt fólk?“ 73, 86; Vilhelm Vilhelmsson, *Sjálfstætt fólk*, 51–57.

⁵⁸⁸ Mill, *Kúgun kvenna*, 92.

⁵⁸⁹ Nielsen, „Denmark 1740–1940,“ 71.

⁵⁹⁰ Stråth, „Nordic Modernity,“ 29.

⁵⁹¹ Stråth, „Nordic Modernity,“ 33, 38.

⁵⁹² Østergård, „The Danish Path to Modernity,“ 59–60.

Þó meginþorri íslenskra bænda á 19. öld væri leiguliðar og hérlendir bændur berðu lóminn ítrekað á opinberum vettvangi fram á upphaf 20. aldar yfir því að pólitísk áhrif þeirra væru mun minni en þeir töldu sig eiga tilkall til, verandi fjölmennasti hópur kjósenda og skattgreiðenda, þá litu þeir engu að síður á sig sem kjölfestu samfélagsins, rétt eins og danskir kollegar þeirra. Það beið hins vegar 20. aldarinnar að íslensk samvinnuhreyfing yrði veigamikil afl á landsvísu þó hún hafi verið tekin að myndast fyrir lok 19. aldar.

Hagvöxtur og framleiðsluaukning í íslenskum landbúnaði hófst upp úr aldamótunum 1800. Það var þó ekki fyrr en eftir 1880 sem íslenskur hagvöxtur komst á verulegt skrið og má tengja það eflingu sjávarútvegs sem leiddi til fjölgunar fólks í bæjum og tilkomu nýrra þéttbýliskjarna.⁵⁹³ Á Íslandi var megnið af þeim matvörum sem bæjar- og þorpsbúar neyttu á tímabilinu 1880–1920 ýmist innflutt eða framleitt í bæjunum sjálfum. „Hagkerfi hins nýja þéttbýlis og hagkerfi sveitanna voru að mestu aðskilin.“⁵⁹⁴ Hlé varð á hagvexti á Íslandi á níunda áratug 19. aldar vegna harðinda en hann tók aftur við sér um 1890 og fór vaxandi fram til aldamóta. Hluttur landbúnaðar af útflutningi minnkaði úr því að vera svipaður að verðmæti og útflutningur sjávarafurða frá 1840 til 1870 niður í að vera einungis þriðjungur af verðmæti úfluttra sjávarafurða árið 1910.⁵⁹⁵ Um 1870 hófst vélvæðing norsks landbúnaðar með innflutningi hestasláttuvéla sem höfðu náð verulegri útbreiðslu um 1885. Ísland var um hálfri öld á eftir vélvæðingu og framþróun landbúnaðar í Danmörku og þróaðasta hluta Noregs, en stórum hlutum Vestur- og Norður-Noregs svipaði til Íslands hvað þetta snerti.⁵⁹⁶

Mestur hluti jarðeigna á Íslandi var í eigu stórarjarðeigenda (einstaklinga, ríkis og kirkju) alla 19. öld. Þó langflestir íslenskir bændur væru leiguliðar var aðstaða þeirra misjöfn og eftirlit ríkisvaldsins með framkomu landeigenda við leiguliða var máttlítil og stopul. Hagur leiguliða fór jafnan eftir því hvort valdamiklir landeigendur bjuggu í nágrenninu eða ekki. Bændur sem bjuggu í nágrenni við þá höfðu það jafnan verr en þeir sem bjuggu þar sem færri höfuðból voru. Mikil hreyfing leiguliða milli jarða hélt aftur af uppbyggingu þeirra og leiddi til þess að margar dröbбуðust niður en landeigendur notuðu oft tíð skipti á landsetum til að hækka leigu. Ein af helstu kröfum bænda á 19. öld var að fá lífstíðarábúð á leigujörðum.⁵⁹⁷ Landeigendur gátu líka haft áhrif á verslun. Í *Landbúnaðarsögu Íslands* tók Árni Daníel Júlíusson sagnfræðingur Skagafjörð og Fljótshálfarshérað sem dæmi um svæði þar sem kaupfélög áttu erfitt uppdráttar í fyrstu þar sem efnabændur, sem oft áttu margar jarðir, nutu sérkjara á Sauðárkróki og Seyðisfirði og leiguliðarnir versluðu við sama kaupmann.⁵⁹⁸

Við upphaf tíunda áratugar 19. aldar var Ísland enn fyrst og fremst landbúnaðarsamfélag, með aðeins um 10% íbúa búandi í þorpum og bæjum, en við lok fyrstu heimsstyrjaldar var þetta hlutfall farið að nálgast 50%. Samdráttur íslenska sveitasamfélagsins um og upp úr aldamótunum 1900 skapaði ýmis tækifæri fyrir aðra, einkum útgerðarmenn sem tóku við af landeigendum sem „eigna-elíta“ landsins. Undir lok 19. aldar fór íslenskur landbúnaður að taka breytingum og þróun í tækni varð örari. Landbúnaður var aðalatvinnugrein Íslendinga í gegnum aldirnar og margir áttu erfitt með að sjá fyrir sér annars konar samfélag en sveitasamfélag. Íslensk borgarmenning var ekki til.

Flestir málsmetandi menn höfðu fram til aldamótanna 1900 vantraust á sjávarútvegi sem sjálfstæðum atvinnuvegi og rík tilhneiging var til að halda fólki í sveitunum. Þar spiluðu líka inn menningarlegir þættir, s.s. trúin á að tungumálið varðveittist betur í sveitunum. En stór hluti almennings hlustaði ekki á þjóðernissinnaða menntamenn og aðra sem héldu fram málstað

⁵⁹³ Árni Daníel Júlíusson, *Bændur og nútími*, 9, 12.

⁵⁹⁴ Árni Daníel Júlíusson, *Bændur og nútími*, 127.

⁵⁹⁵ Helgi Skúli Kjartansson og Halldór Bjarnason, „Fríhöndlun og frelsi“, 34, 36.

⁵⁹⁶ Árni Daníel Júlíusson, *Bændur og nútími*, 125–127.

⁵⁹⁷ Árni Daníel Júlíusson, *Bændur og nútími*, 15–16, 24–25.

⁵⁹⁸ Árni Daníel Júlíusson, *Bændur og nútími*, 130.

sveitanna heldur hélt áfram að flytjast til sjávarbyggðanna og til Vesturheims. Nýrri öld var almennt fagnað og af henni vænst velmegunar og framfara í landinu. Sú staðreynd að Ísland var eitt fátækasta land Evrópu við upphaf 20. aldar sló ekki á þá bjartsýni, ekki frekar en það að helstu tækni framfarir samtímans hefðu þá ekki enn komið til Íslands. Landsmenn áttu að sækja í átt til framfara og gerðu það á margvíslegan hátt.⁵⁹⁹ Nútímavæðing Íslands hófst um aldamótin 1900, en meðal megin einkenna hennar var vélvæðing í sjávarútvegi og vöxtur þéttbýlis sem varð mun hraðari en framþróun landbúnaðar og dreifbýlis.

Í bréfi til Þorsteins Magnússonar, bónda í Höfn í Borgarfirði eystri, árið 1907 ræddi Jón Jónsson frá Sleðbrjót (sem þá var fluttur til Kanada) um íslensk stjórnsmál og nútímavæðingu landsins og lýsti þeirri skoðun að Íslendingar yrðu að rífa sig upp úr þáverandi flokkaskipan því hún stæði framþróun fyrir þrífum. „Annars gleður mig hvað margt er að lifna heima og hugsunarhátturinn að breytast, verða víðsýnni.... Um lausamennsku og vinnufólksekle er ykkur ei til neins að vera að kvarta. Hún fylgir *öllum frjálsum þjóðum*.“⁶⁰⁰ Jón vildi að íslenskir bændur hættu barlómi yfir ástandinu og brygðust við aðstæðum og nútímavæddust með því að komast yfir vinnuvélar og búa jörðina undir notkun þeirra.

Það voru óvissar og þungar horfur við upphaf 20. aldar hjá þeim sem vildu helga krafta sína því að yrkja landið. Sigurður Björnsson (1883–1932) frá Skógum í Öxarfirði var nýútskrifaður búfræðingur frá Búnaðarskólanum á Eiðum árið 1903. Þá um haustið skrifaði hann skólabróður sínum og vini, Indriða Helgasyni (1882–1976) frá Skógargærði. Í bréfinu ræddi Sigurður framtíðarhorfur sínar og sagði:

Ég er nú á þeirri skoðun, að sárafáir – og því nær enginn – menn, þeir er af bændum erum komnir, geti litið öðruvísi en með kvíða á framtíðina. Því svo virðist mér kreppa að bændum, á alla vegu, að varla verði lengi við það unandi. Það er að sjálfsgöðu misjafnt nokkuð, en að mínu áliti, þarf enginn að hugsa sér að komast áfram án erfiðisvinnu, og þeirra mikilla, og úr því sem er, þá held ég að mismunurinn verði aldrei tilfinnanlegur. Það er verið að reyna að kenna mönnum að bjarga sér, en það vill verða minna, um framkvæmdir þegar til alvörunnar kemur, einmitt fyrir það að menn treysta sér ekki til að bera þau álög sem því fylgja sérstaklega á sinn eigin líkama, því tilfinningin er sár.

Sjálfur kvaðst Sigurður ágætlega búinn til erfiðisvinnu og ekki sjá sér annað fært en „reyna að hokra“ með lítinn bústofn og von um smávegis arf. Framtíðarsýn hans var dökk en engu að síður kvaðst Sigurður ákveðinn að fara í búskap, þrátt fyrir viðvarandi og vaxandi erfiðleika. Hann skýrði svo fyrir Indriða hvaða afl það var sem knúði hann áfram. „Það er *viljinn* – góður vilji. Ég er búinn þótt ungur sé, að fá fulla vissu fyrir því, að sá kraftur sigrar alt. Og ég held mér sé óhætt að hæla mér af því að dálítið hafi ég af vilja. Þó er ég ekki viss um að þessi lífsstefna, sem ég hef hugsað mér, sé eðli mínu samkvæm, og ég er ekki enn búinn að fullvissast um, hvað best á við mig: ég þekki ekki sjálfan mig.“⁶⁰¹ Þó Sigurður legði traust á eigin viljastyrk er ljóst af bréfinu að hann átti í ákafri innri baráttu og var leitandi. Framtíðin var óviss. Það átti ekki aðeins við um landbúnaðinn heldur líka hans eigin framtíð sem birtist skýrt í því að hann lýsti því yfir að hann hygðist berjast áfram í búskap en viðurkenndi í sama bréfi að hann vissi ekki hvað hann vildi.

Bréf Sigurðar til Indriða frá árunum 1903–1904 draga upp mynd af jafnöldrum, vinum og skólabræðrum með áþekkan bakgrunn en um margt ólíka sýn á framtíðina. Indriði virtist orðinn afhuga landbúnaði, skömmu eftir að hafa lokið prófi í búnaðarskóla, en Sigurður vildi láta á

⁵⁹⁹ Guðmundur Hálfðanarson, „Icelandic Modernity and the Role of Nationalism,“ 251–252, 259–264.

⁶⁰⁰ *Her.Aust.* A6 185, 14. Bréf frá Jóni Jónssyni (frá Sleðbrjót) til Þorsteins Magnússonar í Höfn, dags. 28. ágúst 1907.

⁶⁰¹ *Her.Aust.* A6 498, 1. Bréf frá Sigurði Björnssyni til Indriða Helgasonar, dags. 16. október 1903.

búskapinn reyna þó erfiðleikar og óvissa blöstu við. Indriði var andstæður bindindi sem Sigurður studdi og skýrði stuðning sinn með biturri reynslu af drykkjuskap föður síns. Annað sem þeir höfðu ólíkar skoðanir á voru trúarbrögð og staða kirkjunnar í samfélaginu. Indriði var gagnrýnninn á hvort tveggja, eins og sjá má af varðveittum bréfum Indriða til annarra og svörum Sigurðar við bréfum hans. Sigurður var íhaldssamari í skoðunum. Hann tók þó undir sumt af gagnrýni Indriða, bæði á kirkju og presta, en sagði að sér þætti vænt um trúarbrögðin og vildi halda í þau. Fyrir þeirri skoðun gaf Sigurður eftirfarandi ástæðu: „En ég vil trúarbrögðin vegna þess að þau eru enn afar nauðsynleg til að kæfa niður mannlegar tilhneigingar, sem margar eru illar, strax á barnsaldri. Því venjist maðurinn vel, svo er hann góður því hann er mestmegnis vani.... En presta þarf að hafa til að gera þau verk, sem þeim tilheyra, og lúta að því að halda góðri reglu og siðferði. Og góðir prestar gera óneitanlega mikið að því að glæða og fræða hugi manna.“⁶⁰² Í þessum efnum tók Sigurður upp viðhorf eldri kynslóða og lýsti stuðningi við hið gamla stigveldi þar sem prestar léku aðalhlutverk við að halda samfélaginu í föstum skorðum, fræða og vera í forystu í veraldlegum efnum. En sú samfélagssýn var á undanhaldi um aldamótin.

Þær hugmyndastefnur sem áhrifamestu félagsshreyfingar Íslands um og upp úr aldamótunum byggðu á voru allar innfluttar, að mestu eða öllu leyti. Íslendingar í Danmörku og Vesturheimi áttu meiri möguleika en þeir sem heima sátu á að komast í snertingu við erlendar hugmyndastefnur og nýjungar í menningu og atvinnuháttum. Hugmyndastefnur virðast oftast hafa borist til Íslands með Íslendingum sem höfðu dvalið í Danmörku. Fram til aldamóta samanstóð sá hópur einkum af menntamönnum og íslenskum stúdentum við Hafnarháskóla. En þessi hópur varð fjölbreyttari í byrjun 20. aldar, einkum vegna Íslendinga sem sóttu danska lýðskóla.

Ingi Sigurðsson sagnfræðingur segir að lítil opinber umræða um fjölþjóðlegar hugmyndastefnur hafi átt sér stað á Íslandi fram á 20. öld. Það orsakaðist bæði af litlu framboði af þýddu lesefni og því að íslenskir menntamenn skrifuðu lítið um þær. Þó voru frávik frá þessu og má þar nefna útgáfu *Frelsisins* eftir John Stuart Mill sem kom út á íslensku árið 1886.⁶⁰³ Þó opinber umræða um erlendar hugmyndastefnur væri lítil þýddi það ekki að Íslendingar væru ósnortnir af áhrifum þeirra og nægir þar að vísa til bindindis-, kvenna- og samvinnuhreyfinganna sem allar voru búnar að skjóta rötum á landinu fyrir aldamót. Útbreiðsluleiðir hugmyndastefna voru í grundvallaratriðum þær að menn lásu eða hlýddu á málflutning um þær eða í anda þeirra. Umtalsverður munur var á aðgengi að slíku efni milli upphafs og loka rannsóknartímans. Í þeim efnum áttu lestrarfélög, aukin bókaútgáfa, handskrifuð blöð, opinberir fyrirlestrar og starfsemi félagsshreyfinga stærstan þátt.

Ekki er hægt að fullyrða um bein áhrif af efni *Frelsisins* á hugmyndaheim Íslendinga, en samt er vert að bera skrif John Stuart Mill saman við þróun íslensks almannarýmis og opinberrar umræðu hér á landi eftir að íslensk þýðing bókarinnar kom út. Áherslur Mill á mikilvægi aukinnar menntunar og þátt hennar í að efla jöfnuð, sem og um mikilvægi bættra samgangna fyrir samfélög og menningu, enduróma í fjölda greina í íslenskum þjóðmála- og sveitarblöðum um aldamótin 1900. Mill lagði í *Frelsinu* sérstaka áherslu á hugsana-, mál- og ritfrelsi en eyddi líka verulegu rými í að ræða umgengni valdhafa við þetta frelsi, einkum viðbrögð þeirra við opinberri iðkun almennings á þeim. Hann varaði sérstaklega við tilburðum til bannfæringar á skoðunum sem álitnar væru rangar eða andstæðar ríkjandi viðhorfum. Bannfæring rökraðna gerði að hans mati óhjákvæmilega ráð fyrir óskekulleika þeirra sem reyndu að þagga þær niður. Banni við „skömmum, skætingi, rógi og þvílíku“ væri aðeins beitt ef það beindist gegn ríkjandi skoðunum, ekki nýjum eða óvinsælum

⁶⁰² *Her.Aust.* A6 498, 1. Bréf frá Sigurði Björnssyni til Indriða Helgasonar, dags. 26. nóvember 1904.

⁶⁰³ Ingi Sigurðsson, „Hvernig breiddust áhrif fjölþjóðlegrar hugmyndastefnu út meðal Íslendinga 1830–1918,“ 298–300, 303.

skoðunum.⁶⁰⁴ Í þessu samhengi má benda á að á þessum tíma var algengt, bæði í ræðu og riti, að saka hópa fólks um leti, ómennsku og andfélagslega hegðun án eftirmála (sbr. ítrekaðar ásakanir á hendur lausamönnum, vinnufólki og íbúum sjávarþorpa).

Þó íslenskur almenningur tæki sér stöðu í almannarými þjóðmálablaðanna undir lok 19. aldar urðu fulltrúar hans aldrei verulega áberandi innan þess rýmis á rannsóknartímanum og skrif þeirra sem ekki tjáðu sig í nafni félagshreyfinga eða málstaðar þeirra voru oftast en ekki varfærin. Í þessum efnum var á brattann að sækja fyrir karlmenn sem ekki höfðu fullan þegnrétt vegna aldurs eða samfélagsstöðu og vildu viðra skoðanir sem ekki voru í samræmi við viðtekin viðhorf. Aðstaða kvenna var þó enn verri því þar bættist ríkjandi eðlishyggja feðraveldisins ofan á réttleysið.

Kvennahreyfingin og bindindishreyfingin voru pólitískar hreyfingar, en hvorug var þó flokkspólitísk. Ungmennafélagshreyfingin (UMFÍ) hafði ekki eins skýr pólitísk markmið. Þessar þrjár hreyfingar náðu árangri því áherslur þeirra töluðu inn í ástand sem almenn vitund var um í samfélaginu og þær virkjuðu vilja sem til staðar var til að breyta því. Þetta tvennt er að mati Sidney Tarrow lykilatriði í því að félagshreyfingar náði árangri.⁶⁰⁵ Áherslur UMFÍ á upphafsárum hreyfingarinnar drógu að nokkru dóm af ríkjandi stjórn málaástandi og beindust gegn því. Ötull ungmennafélagsmaður á fyrstu árum hreyfingarinnar hélt því fram í sjálfsævisögu sinni að ungmennafélögin hefðu ekki aðeins knúið þjóðræknis-, vakningar- og framsóknaröldu yfir landið heldur hefðu þau líka verið „stór-pólitísk“ þrátt fyrir að forðast flokkapólitík. UMFÍ hafi ekki aðeins viljað vekja framtak, einingu og ættjarðarást meðal félagsmanna sinna heldur líka „eyða flokkshatri og pólitískum flokkadrætti.“⁶⁰⁶ Með þeim orðum var augljóslega vísað til þeirrar átakahefðar sem skapast hafði í deilum um sambandsmálið við dönsk stjórnvöld og íslenskur almenningur virðist hafa verið orðinn mjög þreyttur á strax um aldamótin 1900. Ungmennafélagshreyfingin óx og dafnaði á síðari helmingi fyrsta áratugar 20. aldar og á öðrum áratugnum á sama tíma og „flokkakerfi“ sjálfstæðisstjórnmalanna var að líða undir lok.

Jón Sigurðsson forseti kom í bréfi til Þorsteins Magnússonar bónda í Höfn í Borgarfirði eystri, sem hann ritaði í byrjun árs 1879, inn á breytingar á íslensku samfélagi. Það sem vakti Jóni mestar áhyggjur voru Vesturheimsferðir og vaxandi áhersla ungu kynslóðarinnar á eigin hagsmuni.⁶⁰⁷ Þrátt fyrir áhyggjur Jóns var samfelld stígandi í félagastarfi frá því um 1880 og það var orðið útbreitt og öflugt í upphafi 20. aldar. UMFÍ hvatti æskulýðinn ekki aðeins til að vinna landi og þjóð gagn með verkum sínum heldur sjálfum sér líka.⁶⁰⁸ Í þeirri áherslu fólst einstaklingshyggja sem braut í bága við eldri hugsunarhátt og kann að vera ein af skýringum þess að starf ungmennafélaga mætti sums staðar nokkurri mótstöðu eldri kynslóða. Einstaklingshyggja var í blóra við ríkjandi hugsunarhátt hins gamla stigveldisskipta íslenska sveitasamfélags og ríkur þáttur í endurmótun íslensks samfélags. Hún birtist ekki aðeins í flutningum fólks til sjávarsíðunnar og Vesturheims heldur líka í þeim anga framfaratrúarinnar sem hélt fram mikilvægi hvers og eins til að sýna framtak og efla framþróun, bæði innan félagasamtaka og utan. Í almennri umræðu voru framfarir oft og ítrekað tengdar við félagastarf og nauðsyn var talin að efla það til að auka framfarir. Því má segja að einstaklingshyggja hafi óbeint verið drifkraftur félagastarfs – þó það hljómi vissulega mótsagnakennt. Það sem fólst einnig í vexti félagastarfsins var útfærsla marka ábyrgðar hvers og eins frá því að vera nær eingöngu ábyrgur gagnvart eigin heimili og velferð þess yfir í að vera líka ábyrgur gagnvart öllu nærsamfélaginu og sýna þá ábyrgð í félagslegri þátttöku sem miðaði að uppbyggingu

⁶⁰⁴ Mill, *Frelsið*, 57, 110, 139.

⁶⁰⁵ Tarrow, *Power in Movement*, 201.

⁶⁰⁶ Vigfús Guðmundsson, *Æskudagar, hjarðmaður í „Villta vestrinu“ og á Borgarfjarðarheiðum*, 102.

⁶⁰⁷ *Her.Aust.* A6 185, 16. Bréf frá Jóni Sigurðssyni til Þorsteins Magnússonar, [án dagsetningar] janúar 1879.

⁶⁰⁸ *Sambandslög fyrir Ungmennafélög Íslands*, 1. Í annarri grein laganna birtist stefnuskrá félaganna. Í fyrsta tölulið segir: „Að reyna af alefli að vekja löngun hjá æskumönnum til þess að starfa fyrir sjálfa sig, land sitt og þjóð.“

samfélagsins. Félagsmenn voru ekki aðeins hvattir til virkni innan félaga heldur einnig utan þeirra.⁶⁰⁹ Þessi útfærsla kallaði ekki aðeins á meiri virkni almennings heldur hjó hún að einni meginstöð samfélagsgerðarinnar, þ.e. einokun húsbænda (kjósenda) á þátttöku í almannarýminu.

Meðal þess sem virðist hafa komið í veg fyrir að félög og félagshreyfingar yrðu að sterku afli í íslensku samfélagi fyrr en á síðasta áratug 19. aldar, og þó einkum á upphafsáratugum 20. aldar, var harðarið sem varði nær allan níunda áratug 19. aldar og fram á upphaf þess tíunda. „Það var eins og allar aðstæður legðust á eitt til að gera menn óánægða og þollausa við búskapinn, og efnahag flestra bænda fór fremur hnignandi. Þetta kom þó harðast niður á ungum bændum, sem voru framkvæmdasamir og stórhuga. Afleiðingin varð sú, að allmargir hinna kjarkmestu bænda og unglinga leituðu vestur um haf. Varð þeim það flestum að góðu, því að framgirnin, sem varð þeim að falli heima, varð þeim til viðreisnar vestra.“⁶¹⁰ Þessi greining Guðmundar Jónssonar frá Húsey (1862–1950) á austfirsku samfélagsástandi níunda áratugar 19. aldar felur í sér að stór hluti þess fólks sem yfirgaf landið á þeim tíma og leitaði tækifæra vestan hafs, þ.e. ungt fólk sem vildi breytingar og ný tækifæri, hafi verið samsvarandi þeim þjóðfélagshópi sem bar uppi félagastarf aldamótaáranna. Því má ætla að bætt árferði er nær dró aldamótum hafi átt stóran þátt í að slá á svartsýni um framtíð íslensks samfélags og efla væntingar um að það mætti þróa í átt til meiri velsældar og fleiri tækifæra.

Virk þátttaka í félagastarfi gat reynt á þolrif þátttakenda, einkum þeirra sem voru eftirsóttir en stóðu jafnframt í því að koma undir sig fótunum efnalega. Í einu bréfa sinna til Indriða Helgasonar greindi Sigurður Björnsson honum frá þeim „félagsböndum“ sem hann var búinn að „fjötra sig“ síðan hann flutti aftur heim að loknu námi á Eiðum. Sigurður var í bindindisfélagi, lestrarfélagi, kaupfélagi, ræktunarfélagi og málfundafélagi. En þrátt fyrir álag sem þessu fylgdi taldi hann samfélagslegt mikilvægi félaganna ótvírætt og að fyrirhöfn og kostnaður vegna félagastarfsins myndu skila sér til baka óbeint. Sigurður tók þátt bæði með eigin hagsmuni og samfélagsins í huga en ekki vegna ættjarðarástar. Fyrir „slík *slagorð*, gef ég sáralítið.“⁶¹¹

Þó kraftur kæmist í félagastarf í einstökum byggðarlögum og héruðum á síðustu tveimur áratugum 19. aldar var ekki þar með sagt að það tækist að halda úti öflugum starfi til lengri tíma. Í sumum sveitum stóð félagsstarf með blóma í byrjun 20. aldar, t.d. í Ljósavatnshreppi í Suður-Þingeyjarsýslu þar sem þá voru starfandi þrjú lestrarfélög og búnaðarfélag í þremur deildum.⁶¹² Í innanverðum Eyjafirði hófst félagastarf undir lok áttunda áratugar 19. aldar, varð öflugt um miðbik níunda áratugarins en dalaði svo. Magnús Hólm Árnason (1891–1965) lýsir í sjálfsævisögu sinni tilburðum til að blása nýju lífi í eyfirskt félagastarf upp úr aldamótunum 1900. Hann var sjálfur þátttakandi í þeirri endurvakningu og var m.a. gerður að bókaverði lestrarfélags sveitarinnar árið 1903 (þá aðeins tólf ára gamall), en bókasafnið var varðveitt á heimili hans.⁶¹³ Pétur Sigfússon (1890–1962), sem ólst upp í Reykjadal í Suður-Þingeyjarsýslu, lýsti í sjálfsævisögu sinni öflugum félagslífi í sinni heimasveit á uppvaxtarárum sínum. Þar voru það ekki aðeins fullorðnir heldur einnig börn og unglingar sem stóðu að stofnun og starfrækslu félaga. Pétur stofnaði ásamt fleiri strákum ungmennafélag um aldamótin, það var fyrsta félagið sem hann tók þátt í og eitt af fjórum sem hann gekk í fyrir sextán ára aldur. Pétur nefndi átta félög sem störfuðu í Reykjadalnum um

⁶⁰⁹ *Sambandslög fyrir Ungmennafélög Íslands*, 1. Í öðrum tölulið annarrar greinar laganna segir: „Að temja sér að beita starfskröftum sínum í félagi og utan félags.“

⁶¹⁰ Guðmundur Jónsson (frá Húsey), „Minningabættir Guðmundar í Húsey“, 75.

⁶¹¹ *Her.Aust.* A6 498, 1. Bréf frá Sigurði Björnssyni til Indriða Helgasonar, dags. 9. mars 1904.

⁶¹² Jón Sigurðsson, *Sigurður í Yztafelli og samtíðarmenn*, 231.

⁶¹³ Magnús Hólm Árnason, *Ljósá vor*, 34.

aldamótin og virðist sú upptalning ekki tæmandi. Ungt fólk var mest áberandi í félagastarfinu en þar mátti líka finna menn sem komnir voru á fullorðinsár.⁶¹⁴

Þórarinn Gr. Víkingur (1880–1961), sem var uppalinn í Kelduhverfi í Norður-Þingeyjarsýslu, lýsti í sjálfsævisögu sinni líflegu félagslífi í sveitinni á uppvaxtarárum sínum. Sérstaka athygli vekur hve mikið Þórarinn gerði úr félagslegu framtaki unglunga í sveitinni. Þeir hafi haft það sameiginlega einkenni að vilja líkjast fullorðnum og ritstjórar sveitarblaðanna í Kelduhverfi urðu fyrirmyndir unglunga og hófu sumir þeirra eigin blaðaútgáfu.⁶¹⁵ Unglingar í Kelduhverfi stofnuðu líka málfundafélag í þeim tilgangi að æfa sig í ræðuhöldum og læra að hlýða fundarreglum. „Félag þetta starfaði með fjöri og áhuga í nokkur ár og átti frumkvæði að stofnun annarra félaga í sveitinni. Er óhætt að fullyrða, að árangur þessa félagsskapar kom félagsmönnum síðar að góðu liði er þeim voru falin trúnaðarstörf fyrir almenning og á reyndi í sókn og vörn.“⁶¹⁶ Auk þess sem hér er nefnt sagði Þórarinn frá starfi fleiri félaga, m.a. bindindisfélags og ungmennafélags, sem störfuðu í Kelduhverfi um og upp úr aldamótunum 1900. Hann dró upp mynd af sterkri félagsvitund og samtakamátti sem líka birtist í samvinnu og samhjálp utan félaganna sjálfra.⁶¹⁷

Sjálfsævisöga Friðriks Guðmundssonar (1861–1936), sem búsettur var í Þistilfirði um aldamótin 1900, er samhljóða frásögn Þórarins Gr. Víkings um stóran þátt ungs fólks í uppbyggingu félagastarfs í Norður-Þingeyjarsýslu og stækkun almannarýmisins þar. Friðrik lýsti sjálfum sér sem stórhuga breytingamanni en þær tilhneigingar hans hafi leitt til þess að hann fékk á sig orð fyrir að vera fljótfær, sem þótti af mörgum hinn versti löstur. Samkvæmt frásögn Friðriks hélt hinn rótgróni hugsunarháttur samfélagslegs stigveldis víða aftur af félagslegri þátttöku og varð til þess að fólk leit til fáeinna leiðtoga í samfélaginu og beið eftir bendingum þeirra. Flestir málsmetandi menn voru, að mati Friðriks, þá enn undir áhrifum gömlu foringjahollustunnar og líkti Friðrik afstöðu þeirra við afstöðu konungkjörinna þingmanna gagnvart konungi.⁶¹⁸

Þó starfsemi félaga og félagshreyfinga og samfélagsleg áhrif þeirra séu veigamikill þáttur í þessari ritgerð er ekki hægt að líta framhjá því að í sumum sveitum landsins var félagastarf næsta óþekkt þar til undir lok rannsóknartímans og virðist ekki hafa kviknað fyrr en með tilkomu ungmennafélagshreyfingarinnar. Þannig var staðan t.d. bæði í Svarfaðardal og Suðursveit.⁶¹⁹ Þó greina megi opinbera andstöðu gegn starfsemi félaga (einkum bindindis- og ungmennafélaga) virðist hún þó einkum hafa verið í formi gagnrýni í blaðaskrifum en ekki í því að reynt væri að spilla fyrir félagsstarfi. Dæmi um skipuleg skemmdarverk á samkomum má þó finna.

Hjálpræðisherinn var nýtilkominn á Akureyri um aldamótin 1900 og átti þar á brattann að sækja. Sigurður Baldvinsson frá Stakkahlíð, sem var við nám á Akureyri árið 1905, lýsti hernum sem hinum „versta ófögnuði“ og sagði bæjarbúa gera sér að leik að mæta á skemmtanir hersins í þeim tilgangi að hleypa þeim upp.⁶²⁰ Eyfirðingurinn Jónas Stefánsson (1879–1969) frá Kotá greindi í sjálfsævisögu sinni frá framferði bæjarbúa á Akureyri gagnvart Hjálpræðishernum og þeim aðferðum sem beitt var til að trufla samkomur hersins. „Stundum voru ljósín slökkt, flautur þeyttar, eða baunum eða öðrum smáhlutum þeytt um salinn, svo að ekki var hægt að halda samkomunni

⁶¹⁴ Pétur Sigfússon, *Enginn ræður sínum naturstað*, 59, 88.

⁶¹⁵ Þórarinn Gr. Víkingur, *Komið víða við*, 54.

⁶¹⁶ Þórarinn Gr. Víkingur, *Komið víða við*, 62.

⁶¹⁷ Þórarinn Gr. Víkingur, *Komið víða við*, 72–73.

⁶¹⁸ Friðrik Guðmundsson, *Endurminningar*, 2:9.

⁶¹⁹ Snorri Sigfússon, *Ferðin frá Brekku I*, 119–120; Steinþór Þórðarson á Hala, *Nú – Nú, bókin sem aldrei var skrifuð*, 164–169. Snorri Sigfússon (1884–1978) var fæddur og uppalinn í Svarfaðardal. Hann markaði afgerandi upphafspunkt öflugs félags- og skemmtanalífs þar í sveit við stofnun Ungmennafélags Svarfæla árið 1909. Steinþór Þórðarson (1892–1981) frá Hala í Suðursveit hafði forgöngu um stofnun lestrarfélags í Suðursveit árið 1911 og ungmennafélags ári síðar. Bæði félögin fóru hægt af stað enda skorti hefð fyrir félagastarfi í Suðursveit.

⁶²⁰ *Her-Aust*. A6 187, 5. Bréf frá Sigurði Baldvinssyni til Stefáns Baldvinssonar, dags. 17. desember 1905.

áfram. Ekki var tekið mjög hart á þessum verknaði, og ég held jafnvel, að sumum hafi fundizt þetta alveg saklaust gaman. Ekki minnst ég þess, að nokkur væri sektaður fyrir þetta siðleysi, þó hefur það ef til vill verið á síðari árum.⁶²¹ Af frásögn Jónasar að dæma virðist þetta framferði ekki hafa verið bundið við lítinn hóp heldur hafi þátttaka í því verið almenn. Jónas sagði einnig frá bandarískum mormónatrúboða sem kom til Akureyrar og hélt samkomu í gamla leikhúsinu. „Fólk fjölmennti á þessa samkomu, svo að öll sæti voru skipuð. En ekki hafði trúboðinn lengi talað, þegar allt ætlaði um koll að keyra. Flautur voru þeyttar, fótum stappað, og skammaryrði hrópuð til trúboðans. – Þótt lögregla væri til á staðnum, gerði hún ekkert til þess að halda uppi aga eða veita þessum trúboða réttarvernd, eins og henni bar að gera, heldur var samkomunni slitið, og hver fór heim til sín.“⁶²² Hér virðist því hafa verið um að ræða bæði skipulega og ítrekaða áreitni sem var félagslega samþykkt. Þó dæmin sem Jónas segir frá væru af viðburðum sem útlendingar stóðu fyrir, einstaklingar sem höfðu lítið félagslegt bakland á staðnum, er þó ekki hægt að fullyrða hvort einungis sé um að ræða einangruð dæmi eða hvort framkoma sem þessi hafi þekkt víðar. Þó má ætla að slíkar viðtökur hafi getað haft fælingarmátt gagnvart því að fólk sem stóð félagslega illa tæki þátt í félagastarfi, sem og því að stofnuð væru og starfrækt félög sem voru í blóra við venjur og viðteknar skoðanir.

Prestar höfðu víða veruleg áhrif á félagastarf og sumir þeirra voru hvata- og áhrifamenn í félagslífi auk þess sem kirkjustaðir voru hinar rótgrónu „félagsmiðstöðvar“ margra sókna. Prestar áttu líka til að beita sér gegn félagslífi sem þeim líkaði ekki. Í bréfi sem Jakob H. Líndal (1880–1951), þá nemandi við Norges Landbrugshøjskole, skrifaði Indriða Helgasyni frá Skógargerði vorið 1908 sagði hann frá skemmtanalífi við skólann (Jakob og Indriði voru áður skólabræður í Askov lýðskólanum í Danmörku). Jakob rifjar svo upp minningu frá æsku sinni. „Ég mun lengst muna þegar presturinn drap glímuna í sveitinni minni, með því í kirkjunni í safnaðarins viðurvist að átella og fyrirbjóða að við strákarnir glímdum og tuskuðumst þegar við komum saman við messu.“ Jakob var ellefu ára þegar þetta gerðist og upplifði þessa skipun prestsins sem „lamandi rothögg“ sem sér bæri að hlýða skilyrðislaust, sem var og gert því „við glímdum aldrei eftir það við kirkjuna eina samkomu staðinn okkar og glímurnar dóu út í sveitinni og hafa aldrei látið á sér bera síðan.“⁶²³

Þrátt fyrir einstaka mótbárur óx félagastarf og varð útbreiddara og það hafði skýr áhrif á framkomu og atgervi þátttakenda. Sigurður Árnason (1877–1952), sem ólst upp á Vestfjörðum en fluttist sem ungur maður til Húnavatnssýslu, ræddi um menningarmun milli þessara tveggja landshluta sem hann upplifði um aldamótin. Húnavetningum lýsti Sigurður sem kátum og hressilegum í framkomu, upplitsdjörfum, líflegum í tali og látbragði. Slíkir menn hefðu verið kallaðir montrassar vestra. Sigurður tengdi þennan mismun við það að félags- og skemmtanalíf væri miklum mun fjörugra í Húnavatnssýslum en fyrir vestan.⁶²⁴ En þó félagastarf færi vaxandi mættu styrkur þess og áhrif oft ekki væntingum fólks. Sigurður Sigurðsson (1871–1940), þá skólástjóri búnaðarskólans á Hólum í Hjaltadal og síðar búnaðarmálastjóri, ritaði Jónasi Benediktssyni á Kolmúla við Reyðarfjörð bréf í byrjun árs 1906. Sigurður brást í bréfinu við lýsingu Jónasar á stöðu félagslífs á sínu svæði og sagði:

Þú lætur lítið yfir því að nýjar hreyfingar séu eystra, helzt hvorki til gagns né skemtunar, en hver og einn sé „ánægður með að rugga sér í sínu sæti og tala við sjálfan sig.“ Þetta er gamla sagan. Aðgerðaleysið og einræningshátturinn er eitt af þjóðareinkennunum, sem ekki læknað svo fljótlega. Við höfum lítinn auð til að hrinda framfaramálunum áfram. Hið eina, sem

⁶²¹ Jónas Stefánsson, *Frá Kotá til Kanada*, 48–49.

⁶²² Jónas Stefánsson, *Frá Kotá til Kanada*, 50.

⁶²³ *HerAust.* A6 498, 1. Bréf frá Jakob H. Líndal til Indriða Helgasonar, dags. 7. apríl 1908.

⁶²⁴ Sigurður Árnason, *Með straumnum*, 86–87, 110–111.

framfaravonirnar í menningaráttina byggjast á, er „kraftur sjálfra vor,“ er vinnuþrek og starfsáhugi einstaklinga þjóðarinnar. En þau öfl koma því aðeins nokkru verulegu til leiðar, að við vinnum saman. En þar er deyfðin og einræningshátturinn þröskuldur í vegi. Fólkið þarf að koma saman og kynna. Þó það væri aðallega til skemtunar til að byrja með, þá gæti það orðið til að vekja félagsanda. Skemtifundur ættu jafnan að hafa eitthvað vekjandi og uppbyggjandi með. Þá geta þeir haft áhrif til góðs.⁶²⁵

Þarna lýsti Sigurður áherslum og félagslegum áskorunum sem ungmennafélagshreyfingin (sem þá var enn ekki orðin til) tókst á við næstu ár á eftir, þ.e. að efla félagslega þátttöku, samstöðu og samstarf og gera að sterku og varanlegu afli í samfélaginu. Kvartanir Jónasar endurspegla óþreyju sem til staðar var í samfélaginu eftir meiri félagslegri virkni og almennri þátttöku. Í þann jarðveg sáði ungmennafélagshreyfingin síðan í og uppskar úr. En uppgangur félagshreyfinga var ekki alls staðar vel séður. Í honum fólst uppbrot á gömlu félagsgerðinni og árekstrar við áður ríkjandi hugmyndir um dyggðir og samfélagslegt stigveldi.

3.3.5 Fráhvarf frá dyggðum og andstaða við vald

Í íslensku sveitasamfélagi 19. aldar voru tvenn tímamót í lífi flestra landsmanna sem höfðu afgerandi áhrif á samfélagsstöðu þeirra. Hin fyrri voru fermingin. Til að fermast þurftu börn að uppfylla skilyrði sem sóknarpresturinn, fyrir hönd kirkjunnar og ríkisins, setti um þekkingu á kristnum fræðum og grunnþekkingu í lestri, skrift og reikningi. „Fermingin hafði fyrr á tímum mikilvægu félagslegu hlutverki að gegna í lífi unglingsins. Með henni var unglingurinn „tekinn í fullorðinna manna tölu“ eins og oft var að orði komist. Markaði hún í raun lok bernskunnar á margan hátt.... Í nágrannalöndunum var hlutverk fermingarinnar hið sama og hér á landi, það er að marka inngöngu ungmennis í heim hinna fullorðnu.“⁶²⁶ Sjálfsævisöguritarar sem ólust upp á 19. öld lýsa flestir fermingu sinni, bæði athöfninni sjálfri og tilfinningum sem henni tengdust. Það að komast í fullorðinna manna tölu var tekið mun hátíðlegar á rannsóknartímanum en síðar varð. Þetta kann einnig að skýra af hverju nýfermd ungmenni gerðust virk í félagastarfi, hér á landi líkt og á hinum Norðurlöndunum, og stóðu sum í útgáfu sveitarblaða. Hvort tveggja gat verið leið „nýrra fullorðinna“ til að sanna sig í samfélagi sem bar mikla virðingu fyrir rituðu máli.

Hin stóru tímamótin voru að komast í tölu bændu/húsmæðra og verða þannig „fullgildir“ þegnar í samfélaginu, þó lagaleg réttindi kynjanna væru ekki hin sömu. Þessum áfanga náðu þó alls ekki allir. Til að ná honum þurfti fólk í sveitasamfélagi 19. aldar að eiga möguleika á jarðnæði og hafa nægilega sterkt bakland, efna- og félagslegt. Yfirvöld í héraði (hreppstjórar og sóknarprestar) gátu gripið inn í ef hætta taldist á að fólk sem ætlaði sér í hjúskap og búskap gæti ekki framfleytt sér og sínum og yrði að reiða sig á fjárhagslega aðstoð hreppsins. Þó fyrir slíku inngripi væru ekki beinar lagaheimildir var því ítrekað beitt. Viðhorf viðkomandi embættismanna og styrkur félagslegs tengslanets þess fólks sem sóttist eftir að hefja búskap hafa þar haft veigamikil áhrif á niðurstöðuna.

Siðferðileg gildi hvers samfélags leggja ekki aðeins íbúum þess línurnar um hegðun heldur skapa líka viðmið um hvernig samfélagið eigi að bregðast við innbyrðis átökum. Siðferði byggir á lærðum dyggðum.⁶²⁷ Í íslensku samfélagi 19. aldar voru hugmyndir um siðferði oft tengdar búsetu og starfi og forræðishyggi var rótgróin. Ráðamönnum stóð ógn af „of miklu“ sjálfræði vinnufólks í sveitum og launafólks við sjávarsíðuna sem álituð var skaðlegt, bæði fyrir samfélagið og viðkomandi einstaklinga. Sjálfræði þessara hópa var talið grafa undan bændastéttinni, máttarstólpa samfélagsins, og spilla siðferði fólks. Vinnumennska var félagslega samþykkt en sjálfræði þeirra sem

⁶²⁵ *Her.Aust.* A6 511, 6. Bréf frá Sigurði Sigurðssyni til Jónasar Benediktssonar, dags. 27. febrúar 1906.

⁶²⁶ Hjalti Hugason, „Kristnir trúarhættir,“ 267–268.

⁶²⁷ Habermas, *The Inclusion of the Other*, 4, 14.

ekki voru bændur eða embættismenn var í opinberri umræðu álitid leiða af sér eyðslusemi, svall og leti. Viðhorf í þessa veru voru útbreidd meðal áhrifamanna og valdhafa allt fram undir lok 19. aldar en biðu stóran ósigur þegar vistarskyldunni var að mestu aflétt árið 1893. Þau lög voru þá raunar fyrir allnokkru hætt að virka eins og til var ætlast enda fluttust landsmenn til sjávarsíðunnar og til útlanda í stórum stíl fyrir 1893.

Minnkandi möguleikar ungs fólks á að fá jarðnaði þegar líða tók á síðari helming 19. aldar voru því til þess fallnir að ýta undir félagslega ólgu og knýja á að fólk leitaði nýrra tækifæra. Búskapurinn var þó eftir sem áður vinnuafs frekur. Jafnvel þegar svo var komið að skortur var á vinnufólki, kaup þess hækkaði og þörfin fyrir tækninýjungar sem létt gætu störfin varð meira aðkallandi en fyrr voru þó enn dæmi um andstöðu gegn breyttum starfsháttum. Friðrik Guðmundsson (1861–1936) setti í sjálfsævisögu sinni tilkomu tækninýjunga í landbúnaði í samhengi við rótgróna íhaldssemi samfélagsins þegar hann minntist þýðingarmikilla breytinga í búskaparháttum og heimilishaldi sem urðu á áttunda og níunda áratug 19. aldar, með tilkomu skosku ljánna, steinolúlampa, saumavéla o.fl. Friðrik sagði tilkomu saumavélanna hafa aukið afköst við sauma en líka alið á öfund og mismun milli vinnukvenna, því það þótti virðingarstaða að vera við saumana. Þrátt fyrir gagnsemina mættu margar nýjungar líka mótstöðu. „Það var eins og hin fullkomnari og hagkvæmari áhöld væru grunuð um græzku, jafnvel af góðum búmönnum, og þeir menn álitnir hálfgerðir glannar, sem fyrstir urðu til að fallast á breytinguna. Og gátu þeir jafnvel galdið þess í félagslífinu, bæði á bak og brjóst.“⁶²⁸

Samfélag sem hefur í heiðri ákveðnar tegundir mannglegrar breytni (dyggðir) hefur jafnan andúð og skömm á öðrum (löstum). Þetta birtist oft sem tvíhyggja þar sem breytni fólks er stillt upp sem andstæðupörum, s.s. orðheldni gegn slúðri, heiðarleika gegn undirferli, sparsemi gegn eyðslusemi, vinnusemi gegn leti o.s.frv. Í íslensku samfélagi 19. aldar voru orðheldni, traust og gestrisni sérstaklega mikilsmetnar dyggðir í samskiptum fólks.⁶²⁹ Orðspor skipti líka miklu máli og fólki var annt um sitt eigið. Einnig var borin djúp virðing fyrir skrifuðum og prentuðum texta. Meðan nær allt prentefni var trúarlegt var stutt í það viðkvæði að ef eitthvað stóð á prenti hlyti það að vera satt.⁶³⁰ Það viðhorf yfirfærðist á veraldleg yfirvöld ef marka má orð Eiríks Eiríkssonar (1828–1893): „Eigi kvörtuðu bændur þá opinberlega, þótt þeim virtist sveitargjald sitt ósanngjarnt, því þeir vissu, að það sem sveitarstjórnin hafði eitt sinn skrifað, það hafði hún skrifað og hlaut því að standa.“⁶³¹ Sannleikskrafan náði bæði til talaðs og ritaðs máls. „Ósannindi þóttu mikil vanvirða. Greiðvikni var svo mikil, að mönnum þótti vænt um að eiga kost á því að gera greiða. Og gestrisnin var alkunn. Þessu fylgdi sakleysi í hugsunarhætti. Menn ætluðu engum ilt. Þess vegna var lítið svo á, að það sem prentað var hlyti að vera satt, því engum mundi detta sú ósvífni í hug að bera ósannindi á borð fyrir allan almenning.“⁶³² Þessi sýn á eina af mikilvægustu dyggðum samfélagsins beið hnekki um aldamótin 1900 þegar opinberar deilur um sambandsmálið við Dani urðu harkalegar og ásakanir um lygar og rangfærslur gengu á víxl milli forystumanna í landsmálum og annarra málsmetandi manna.

Í inngangi að fjórða hluta er fjallað nánar um áhrif lærðra dyggða á íslenskt samfélag 19. aldar; hvernig dyggðir mótuðu umgengni fólks við hvert annað, settu viðmið og reistu skörður við hegðun sem taldist brjóta gegn þeim. Ég nota hugtakið *dyggðasamfélag* um ríkjandi siðferðisviðmið

⁶²⁸ Friðrik Guðmundsson, *Endurminningar*, 1:153.

⁶²⁹ Árni Sigurðsson, „Í Breiðdal fyrir sextíu árum“, 119.

⁶³⁰ Loftur Guttormsson, „Lestrarhættir og bókmennig“, 213.

⁶³¹ Eiríkur Eiríksson, „Lífnaðarhættir Skagfirðinga á 19. öld“, 86.

⁶³² Bjarni Sigurðsson, „Minningar um frú Margrétu Sigurðardóttur frá Hallormsstað“, 76.

19. aldar. Þau byggðu á lútersku stigveldi feðraveldisins en þau mættu áskorunum og gengu í gegnum breytingar um og upp úr aldamótunum 1900.

Trúarbrögðin höfðu yfirburði sem grundvöllur siðferðis og siðferðilegra fyrirmýnda í íslensku samfélagi 19. aldar og guðsótta og kristnu siðferði var haldið að almenningi af hálfu yfirvalda. Í því fólst ekki aðeins krafa um undirgefni gagnvart kristindómnum heldur var að sama skapi ætlast til undirgefni gagnvart yfirvöldum (geistlegum sem veraldlegum) og samstöðu um samfélagsskipanina þar sem breytingum var mætt af tortryggni og andófi með andúð. Einstaklingshyggja var því illa séð, gerði hún vart við sig meðal almennings. Þeim sem töldust til almennings var ætlað að sýna hlýðni og nægjusemi og biða þess þolinmóð að röðin kæmi að þeim að hefjast upp í bændastétt. Líf fólks átti að fylgja samfélagslega viðurkenndum farvegi og einkennast af lærðum dyggðum og föstum venjum.

Í samfélagi þar sem lífsbaráttan var almennt hörð og krafðist þess að flest fólk ynni eins og heilsa og þróttur leyfðu var eðlilegt að vinnusemi væri meðal helstu dyggða. Trúariðkun skákaði þó vinnunni til hliðar þegar trúarvenjur kröfðust. „Það, sem mest einkenndi heimilislífið, voru húslestrar og virðing fyrir trú og helgidagahaldi. Voru þá aðeins unnin þau verk, sem ekki varð hjá komizt.“⁶³³ Þessi orð Önnu Aradóttur (1891–1960) draga með skýrum hætti fram forgangsroðun heimilanna, eins og hún var í dyggðasamfélaginu þar sem trúarbrögðin voru öðru ofar. Bréf Stefáns Árnasonar (1818–1905), þá aldraðs bónda og fyrrum hreppstjóra í Gagnstöð í Hjaltastaðáþinghá, sem hann skrifaði Einari Jónssyni presti í Kirkjubæ í byrjun árs 1900 bregður upp mynd af breyttum tíðaranda og undanhaldi trúarinnar sem ráðandi afls í íslenskri menningu. Mikill hluti bréfs Stefáns fer í að ræða um þann mun sem hann áleit vera á kirkju og kristindómi í aldamóta-samfélaginu gagnvart því sem áður var – og virðist hann þar vísa einkum til ástandsins um miðbik 19. aldar. Fyrrum hafi hver álitíð það skyldu sína að sækja kirkju á hverjum messudegi og Biblían „myglaði ekki á hillunni þá sem nú tíðkast.“ Kirkjan var heilög og guðsorð óhrekjandi. En Stefán taldi samtímafólk aðeins fara til kirkju sér til gamans þegar gott væri umferðar. Það þekkti Biblíuna illa og væri gálaustr í tali um það sem væri heilagt. Stefán vildi þó ekki meina að öllu hefði hrakað frá því sem áður var því kærleiksverk væru mun tíðari en áður og þau endurspegluðu kristilegt hugarfar. Ástæðan fyrir hnignun trúariðkunar var skýr að mati Stefáns. „Alpýðumenntunin sem sífellt eykst gerir þar mest að verkum því mönnum finnst eigi samrýmanleg Biblían og vísindaleg reynsla. En mun það eigi stafa af því að menntunin er eigi fullnægjandi? Ég álit að menntunin auki efann, af því hún er ekki byggð á réttum grundvelli. Þó leitt sé að trúa því, þá hygg ég samt, að menntunarfýsnin, sem nú er efst í öllum, spilli trúarlífinu, en auki vantrúna.“⁶³⁴

Í bréfaskiptum bræðranna Gísla og Indriða Helgasona frá Skógargærði við foreldra sína, Ólöfu Helgadóttur og Helga Indriðason, upp úr aldamótunum 1900 má sjá dæmi um togstreitu milli ólíkra lífsviðhorfa. Ólöf reyndi ítrekað í bréfum til Indriða að tala hann ofan af þeirri skynsemistrú sem hann aðhylltist og leiða hann til Krists, en sjálf var Ólöf mjög trúuð.⁶³⁵ Af bréfum sem gengu milli barna hennar að dæma virðist áköf trú Ólafar hafa átt þátt í að gera sambúð hennar og Gísla erfiða eftir að Helgi féll frá árið 1904. Indriði og Gísli virðast hafa umgengist foreldra sína með ólíkum hætti í þessum efnum. Í bréfi til Gísla haustið 1900 átalði Indriði hann fyrir skrif um trúleysi í bréfi til foreldra þeirra og sagði: „Illu gerðir þú að segja frá þessum Kolbeini eða hvað hann hét sem sagði sig trúlausan því mamma er svo hrædd um að þú verðir trúlaus líka.“⁶³⁶ Helgi og Ólöf

⁶³³ Anna Aradóttir, „Minningar úr Breiðdal,“ 173.

⁶³⁴ *Her.Aust.* A6 197, 12. Bréf frá Stefáni Árnasyni til Einars Jónssonar, dags. 6. janúar 1900.

⁶³⁵ *Her.Aust.* A6 183, 20. Bréf Ólafar Helgadóttur til Indriða Helgasonar, dags. 19. nóvember 1904. Í þessu bréfi birtist ítarlega umræða Ólafar um trúmál en hún víkur að þeim í fleiri bréfum til Indriða.

⁶³⁶ *Her.Aust.* A6 494, 3. Bréf Indriða Helgasonar til Gísla Helgasonar, dags. 23. nóvember 1900.

höfðu augljósar áhyggjur af því að Gísli væri að ganga af trúnni meðan hann var við nám í Möðruvallaskóla og tókust feðgarnir á um siðferðis- og trúmál í bréfum sem gengu á milli þeirra. Áhyggjur Helga af lífsstefnu sonar síns koma m.a. fram í bréfi sem hann ritaði vorið 1901 þar sem hann brást við skrifum Gísla sem hafði efast um réttmæti þess að treysta öðru fólki skilyrðislaust. Helgi kom trausti fólks hvers til annars til varnar sem mikilvægri samfélagslegri dyggð og gagnrýndi á móti hleypidóma menntamanna og yfirlætisfull álit á eigin skoðunum.⁶³⁷ Í þessum skoðana-skiptum feðganna birtist árekstur milli ólíkra samfélagssýna en líka ólík viðhorf til áhrifa aukinnar menntunar. Helgi benti syni sínum á að menntunin ein og sér gerði menn ekki betri og göfugri og hún gæti verið varasöm því hún bæri í sér efahyggju sem væri ógnun við samfélagsgerðina. Milli línanna má greina átök dyggðasamfélagsins við vaxandi einstaklingshyggju. Það fólk sem aðhylltist hana efaðist um réttmæti þess að treysta öðru fólki gagnrýnislaust en hélt fram gildi menntunar og þess að hver einstaklingur væri sjálfum sér næstur og leitaðist við að hámarka eigin möguleika í lífinu. Þetta var „vantrúarfólk“ í lúthersku dyggðasamfélagi.

Stefán í Gagnstöð og Helgi og Ólöf í Skógargærði höfðu nokkuð til síns máls um áhrif aukinnar menntunar landsmanna á trúarlífið. Það trúleysisorð sem fór af nemendum Möðruvallaskólans og áhrif þeirra í nærsamfélögunum eftir skólagöngu lauk var þó aðeins hluti þess en gera má ráð fyrir að áhrif aukins einstaklingslestrar veraldlegs lesefnis hafi vegið enn þyngra. Meðan nær allir landmenn bjuggu í baðstofum og kvöldvökur voru fastur þáttur í tilverunni var einstaklingslestur erfiðleikum bundinn fyrir flesta. Hvað var haft um hönd á kvöldvökunni var á forræði húsbænda og efni sem talið var geta spilt vinnugleði og siðferði (þ.m.t. viðurkenndum hugmyndum um kristindóm) heimilisfólks var almennt litið hornauga. Sigurður Árnason (1877–1952), sem var einn þeirra sem fór á mis við formlega menntun umfram skyldunám, sagði í sjálfsævisögu sinni af kynnum sínum sem unglings af *Njólu* eftir Björn Gunnlaugsson. Sigurður hreifst af *Njólu* en eldra fólk hafði ímigust á bókinni og varaði við henni af því að hún þótti raska viðurkenndum trúarkenningum. Það var raunar einmitt það sem Sigurður sagði að *Njóla* hefði gert fyrir sig.⁶³⁸

Sigurður Gylfi Magnússon heldur því fram að það hafi ekki verið fyrr en undir lok 19. aldar sem fór að bera á efasemdum um stöðu trúarbragðanna sem siðferðilegs grundvallar samfélagsins. Þær hugarfarsbreytingar hafa verið tengdar auknu framboði veraldlegs lesefnis og breyttri heimilismenningu. Sigurður Gylfi álitur aukið aðgengi að veraldlegu lesefni hafa gjörbreytt hugarheimi fólks. „Útgáfa fornsagna og rímnakveðskapar naut þess að gamla sagnahefðin, sem að mestu var munnleg, hafði alla tíð staðið traustum fótum í íslensku þjóðlífi, ýmsum mennta- og áhrifamönnum til mikillar armæðu.“⁶³⁹ Sjálfsævisögur fólks sem fætt var á síðari helmingi 19. aldar sýna að mörg börn tóku að líta til fornsagnanna eftir fyrirmyndum. Í fornsögunum og riddarasögum voru dyggðir eins og sæmd, hugrekki og hetjudáðir jafnan leiðarstef. Persónur sagnanna voru „lifandi“ fyrirmyndir og sögurnar buðu upp á innlifun sem trúartextana skorti. Kristnar fyrirmyndir voru oft fjarlæggar og torskildar, einkum fyrir börn. Fyrirmyndir fornsagna og riddarasagna voru bæði auðskiljanlegri og stóðu börnum nær en þær sem kirkjan hélt að þeim. Sigurður Gylfi setti fram þá tilgátu að kirkjan hefði strax upp úr miðri 19. öld tekið að missa yfirburði sína þegar kom að siðferðilegum fyrirmyndum, því þá strax megi greina þverrandi áhrif kirkjunnar á yngri kynslóðir, sem hún þó jafnan einbeitti sér mest að.⁶⁴⁰ En þær hugarfarsbreytingar sem aukinn fornsagnalestur leiddi af sér voru ekki endilega til bóta. Kristleifur Þorsteinsson (1861–

⁶³⁷ *Her.Aust.* A6 494, 2. Bréf Helga Indriðasonar til Gísla Helgasonar, dags. 2. apríl 1901.

⁶³⁸ Sigurður Árnason, *Með straumnum*, 66–68.

⁶³⁹ Sigurður Gylfi Magnússon, „Siðferðilegar fyrirmyndir á 19. öld,“ 66.

⁶⁴⁰ Sigurður Gylfi Magnússon, „Siðferðilegar fyrirmyndir á 19. öld,“ 62–64, 66–69; Sigurður Gylfi Magnússon, *Sjálfsögur*, 96.

1952) gerði þær að umtalsefni í samhengi þeirra breytinga sem urðu þegar rímur og trúarlegt efni vék fyrir fornsagnalestri í heimilismenningu á síðasta fjórðungi 19. aldar. Kristleifur gagnrýndi áhrif þessa sem birtust að hans sögn í því að ímyndir fornanna voru heimfærðar á samtímann svo úr varð óhófleg „fornaldardýrkun“, einkum meðal drengja. „Þessar merkilegu bókmenntir gátu því glapið þeim börnum sýn, sem ekki stóð önnur fræðsla til boða.“⁶⁴¹

Veraldarhyggja (e. *secularism*) fór vaxandi er nær dró aldamótum og kirkjusókn fór minnkandi. Prestar kvörtuðu undan dvínandi trúrækni sem m.a. birtist í messuföllum „að ástæðulausu“ sem urðu tíðari þegar kom fram á síðasta þriðjung 19. aldar (messusókn var ekki lengur skylda eftir 1855).⁶⁴² Áhrifamáttur trúarbragðanna á daglegt líf og menningu landsmanna var á undanhaldi. Þorsteinn Þórarinnsson (1831–1917) var prestur í Eyðalasókn í Breiðdal árin 1890–1910. Hann hélt dagbók sem spannar næstum 60 ára tímabil og lauk árið 1915. Þorsteinn fékk þau eftirmæli í *Breiðdælu* að hafa verið vel liðinn og vinsæll meðal sóknarbarna sinna.⁶⁴³ Engu að síður má af dagbókum hans sjá hversu lítil kirkjusókn var oft á tíðum og þar sést líka að oft leið allnokkur tími milli almennra guðsþjónusta. Hátíðarmessur voru á stundum illa sóttar. Árið 1894 skráði Þorsteinn að fáir utan heimafólks hafi verið við jólamessu og árið 1901 voru aðeins níttján manns af nágrannabæjum við nýársmessu og þó var veður gott. Ítrekað skráði Þorsteinn messuföll vegna þess að enginn mætti en einnig má sjá í dagbókum hans dæmi um ágæta kirkjusókn.⁶⁴⁴

Árni Torfason (1860–1933) hélt dagbækur síðustu búskaparár sín á Brimnesi í Fáskrúðsfirði, en hann flutti til Vesturheims árið 1903. Árni vék ítrekað að trúarlífi í dagbókunum, en sjálfur var hann trúaður. Þann 21. maí 1899 skrifar Árni: „Messað og er það ekki tiltöku mál þegar engir sækja kyrkju enda er hjer lítið um messu gjörðir og kyrkju rækni.“ Árni var andsnúinn dansi og leiklistarstarfi, vinsælustu skemmtunum sem þá tíðkuðust, og tengdi tilkomu þeirra við afturför í trúarlífi og almennu siðferði. Þann 25. desember 1899 skrifaði Árni í dagbók sína: „Þó mun varla messað verða enda hirða menn mjög lítið um trú og kyrkju og er sjáanleg afturför í trúarlífi manna, þar mörg ný breytni vex svo sem dans sam komur og þar af leiðandi ljettúð og drykkjuskapur.“ Þann 7. janúar 1900 bætti Árni við: „Jólin liðin, aldrei messað en margar danssamkomur.“⁶⁴⁵ Hákon Finnsson (1874–1946), sem var organisti við Valþjófsstaðarkirkju í Fljótssdal í byrjun 20. aldar, gat í dagbókum sínum ítrekað um messuföll vegna þess að enginn mætti til kirkju. En hann gat einnig um góða kirkjusókn. Á uppstigningardag 1903 (21. maí) mættu aðeins spurningabörnin til messu á Valþjófsstað. Ári áður sóttu hins vegar 120 manns fermingarmessu (25. maí 1902).⁶⁴⁶

Það er jafnan auðveldara að boða dyggðir en að halda þær. Yfirvöld og húsbændur á 19. öld sýndu á tíðum af sér framkomu sem gekk þvert á boðaðar dyggðir sem haldið var að undirsátum. Útbreiddur drykkjuskapur meðal embættismanna og bænda var skýrt dæmi um það. En aðstöðumunur sem stigveldisskipt samfélagið skapaði leiddi til þess að sumum leyfðist það sem öðrum var bannað. Í skáldsögunni *Sextíu kíló af sólskinu* eftir Hallgrím Helgason er sköpleg frásögn af jólamessu þar sem sóknarpresturinn var ofurölvi og lognaðist út af í miðri athöfn, eftir höfuðhögg sem orsakaðist af ástandi hans. Hún gefur stílfærða innsýn í þennan félagslega aðstöðumun og þá undirgefni sem ætlast var til af almenningi. Kirkjugestir í sögu Hallgríms kipptu sér ekki upp við ástand prestsins heldur biðu þolinmóðir í sætum sínum eftir því að sálusorgari þeirra raknaði úr rotinu.

⁶⁴¹ Kristleifur Þorsteinsson, *Úr byggðum Borgarfjarðar I*, 39.

⁶⁴² Jónas Jónasson, *Íslenskir þjóðbættir*, 358.

⁶⁴³ Óli Guðbrandsson, „Heydalaprestar“, 267.

⁶⁴⁴ *Her.Aust.* A6 159, 1. Dagbækur séra Þorsteins Þórarinnssonar í Eyðölum, Breiðdal. 1856–1915.

⁶⁴⁵ *Her.Aust.* A6 213, 8. Árni Torfason frá Brimnesi, Fáskrúðsfirði. Dagbækur 1892–1903.

⁶⁴⁶ *ÞÍ.* E.98, 1. Hákon Finnsson á Borgum, Hornafirði. Dagbækur 1897–1908.

Fáar þjóðir voru aumingjabetri en Íslendingar og aldrei voru þeir gjöfulli á þá manngæsku sína en þegar háttsett grey lögðust lágt. Umburðarlyndið var allt upp á við. Kannski var það vegna þess hve lífsbaráttan var hörð og fyrir þá staðreynd að dauðinn lúrdi bak við sérhvern hól (það eitt að ganga til gegninga gat verið lífshættulegt) að fólk kippti sér síður upp við það þótt sýslumaður hefði migið undir um nóttina, farið á húsfreyju að lokinni máltíð eða mólvað tanngarð vinnumanns. Allt var það fremur til fagnaðar og meðmæli með stórum mönnum, því af þessu fóru sögur, urðu til sögur, til skemmtunar á skemmtilausum vetrum.⁶⁴⁷

Þorkell Bjarnason (1839–1902) hélt því fram að virðing fyrir valdsmönnum hefði verið mun meiri fyrir og um miðja 19. öld en undir lok hennar. Um miðja öldina hafi prestar og hreppstjórar farið sínu fram hvað sem öðrum fannst og almenningur látið gott heita.⁶⁴⁸ Í stigveldisskiptu samfélagi þar sem siðferði grundvallaðist á dyggðum var það ekki aðeins boðun þeirra heldur líka iðkun áhrifamanna sem lagði línurnar um hegðun almennings. Það átti ekki síst við um drykkjuskap sem var fram eftir síðari helmingi 19. aldar stórt vandamál.

Árni Sigurðsson (1839–1931) ræddi í endurminningum sínum um drykkjuskap sem hann sagði hafa verið algengan blett á siðferði manna í Breiðdal um miðja 19. öld. Árni tilgreindi þrjár meginorsakir fyrir því: 1) Brennivín var mjög ódýrt enda enginn tollur á því; 2) engin vanvirðing þótti að því að drekka, svo lengi sem menn lágu ekki fyrir hunda og manna fótum, heldur mannsbragur að því að drekka mikið og bera sig vel; 3) sóknarpresturinn var mikill drykkjumaður líkt og algengt var um presta og aðra embættismenn á þessum tíma. Árni sagði að ódrukkinn hefði presturinn verið prúðmenni og snyrtimenni en hann stundaði að fara í drykkjutúra um sveitir með menn með sér. Athugasemdum við drykkjuskap og framkomu prestsins, fylgdarmanna hans og annarra drykkjumanna var jafnan svarað: „„Hvað höfðingjarnir hafast að, hinir ætla sér leyfist það.““⁶⁴⁹ Frásögn Árna sýnir líka þau afgerandi áhrif sem prestar höfðu í þessum efnum því arftaki prestsins sem hann lýsti var andsnúinn drykkjuskap. Það hafði skýr áhrif á samfélagið og varð til að stemma stigu við áfengisneyslu. Framkoma sem gekk í berhögg við boðaðar dyggðir fór ekki framhjá almenningi og átti sinn þátt í að grafa undan virðingu fyrir valdsmönnum og þar með stigveldi samfélagsins.

Það tækifæri sem almenningi gafst með tilkomu bindindishreyfingarinnar til að beita sér gegn drykkjuskap var því ekki aðeins til þess fallið að stemma stigu við honum heldur fólst það einnig í því að frumkvæði að því að viðhalda siðsemi í samfélaginu tók að flytjast til almennings frá gömlu valdhöfunum og draga þannig úr áhrifamætti þeirra í samfélaginu. „Stúkur voru því vettvangur siðbótar og betrunar einstaklingsins fyrir eigið tilstilli en í krafti félagsskaparins. Þar voru allar starfsstéttir meðlimir sem undirstrikaði jöfnuð. Góðtemplarareglan var því eins konar uppbot fyrir vanmátt kirkjunnar til að stuðla að siðbót og um leið andóf gegn henni.“⁶⁵⁰ Margir prestar höfðu í fyrstu horn í síðu bindindishreyfingarinnar enda var samkvæmt boðun lútersku kirkjunnar einungis hægt að fá aflausn synda fyrir trú á guð. En á síðasta áratug 19. aldar lagðist prestastéttin á árarnar í bindindisbaráttunni eftir að Stórstúka Íslands hafði sent prestastefnu áskorun þess efnis og tíðarandinn var mjög fylgjandi bindindishreyfingunni.⁶⁵¹

Sú gagnrýni og það andóf sem fór að verða áberandi undir lok 19. aldar, og beindist bæði gegn veraldlegum embættismönnum og prestum, var ekki aðeins til marks um aukið sjálfstraust og þátttöku almennings í almannarýminu, heldur líka merki þess að félags- og menningarleg áhrif

⁶⁴⁷ Hallgrímur Helgason, *Sextíu kíló af sólskinu*, 46–47.

⁶⁴⁸ Þorkell Bjarnason, „Fyrir 40 árum“, 237–239, 256–257.

⁶⁴⁹ Árni Sigurðsson, „Í Breiðdal fyrir sextíu árum“, 121. Brennivín var ekki tollað fyrr en árið 1872 en var eftir sem áður fremur ódýrt (sjá: *Lbs.-Hbs.* Nanna Þorbjörg Lárusdóttir, „Í trú von og kærleika“, 18).

⁶⁵⁰ *Lbs.-Hbs.* Nanna Þorbjörg Lárusdóttir, „Í trú von og kærleika“, 33.

⁶⁵¹ *Lbs.-Hbs.* Nanna Þorbjörg Lárusdóttir, „Í trú von og kærleika“, 14, 76–77.

embættismanna fóru minnkandi. Drykkjuskapur og ýmis framkoma sem áður var látin óátalin vann gegn stöðu þeirra. Það hægfara og stigveldisskipta dyggðasamfélag sem valdastéttin hafði haldið uppi var komið í vörn gagnvart félagsshreyfingum og einstaklingshyggju sem mótuðu hugsunarhátt yngri kynslóðanna. Hefðbundin kristin trúarmenning var að láta undan síga fyrir framfaratrú sem megineinkenni íslenskrar menningar. Forystumenn dyggðasamfélagsins áttu erfitt með að standa gegn framfaratrúnni sem hélt einni helstu dyggð samfélagsins (vinnusemi) ákaft á lofti. Nýir hugmyndastraumar félagsshreyfinga byggðu að verulegu leyti á framfaratrú og ýttu undir félagslega virkni og einstaklingsframtak meðal almennings. Stigveldisskipting dyggðasamfélagsins var að missa sín helstu úrræði við að halda samfélaginu í skorðum og gæta þess að hver þekkti sinn sess.



Á kortinu hér að ofan gefur að líta skiptingu Múlasýslna í hreppa. Þetta kort er fengið úr *Sveitum og jörðum í Múlaþingi* (5. bindi) sem kom út árið 1995. Helstu breytingar sem þá voru orðnar á hreppa- skiptingu frá árinu 1915 eru að Egilsstaðabær var stofnaður árið 1947 á landi sjö bújarða sem áður tilheyrðu Eiða- eða Vallahreppum. Einnig hafði Loðmundarfjarðahreppur verið sameinaður Borgarfjarðahrepp og föst búseta í Loðmundarfirði og Víkum lagðist af á sjötta og sjöunda áratug 20. aldar.

4. Austurland: samfélag, lýðræðisþróun, félög og fjölmiðlun

Doxa er eitt þeirra fræðilegu hugtaka sem franskir félagsfræðingurinn Pierre Bourdieu (1930–2002) beitti í rannsóknum sínum. Hann fór að nota það snemma á fræðaferli sínum, meðan hann rannsakaði samfélög í Alsír og Bearn í Suðvestur-Frakklandi. Þetta voru for-kapítalísk samfélög sem einkenndust af heildarhyggju og áherslu á dyggðir, þar sem ein sú helsta var að fólkið gaf það besta sem það átti frekar en að selja það. Táknrænt auðmagn viðhélst, óx eða dróst saman eftir því hversu vel fólk fylgdi „samskiptareglum“ samfélagsins. Gjafmildi, heiður og viðurkenndar dyggðir skiptu fólk meira máli en fjárhagsleg afkoma.⁶⁵²

Doxa er samstæða grundvallarskoðana og -trúar á hvernig samfélagið eigi að vera; hvað sé samþykkt og viðurkennd hegðun og framkoma. *Doxa* vísar til sjálfgefinna félagslegra venja og samskiptahátta – veruleika sem ekki verður dreginn í efa.

This experience we shall call *doxa*, so as to distinguish it from an orthodox or heterodox belief implying awareness and recognition of the possibility of different or antagonistic beliefs. Schemes of thought and perception can produce the objectivity that they do produce only by producing misrecognition of the limits of the cognition that they make possible, thereby founding immediate adherence, in the doxic mode, to the world of tradition experienced as a “natural world” and taken for granted.⁶⁵³

Doxa inniheldur sameiginlega sýn meðlima samfélags á samfélagsgerðina og myndar grundvöll þeirra sviða (e. *fields*) sem skapast innan þess. Í þessari sýn felst einnig viðurkenning á táknrænu auðmagni í samfélaginu og að það ráði félagslegri stöðu einstaklinga innan þess. Reglur samfélagsins myndast út frá *doxa* og byggja á hollustu og hlýðni við viðurkennd gildi. Þær styðjast við þekkingu byggða á reynslu viðkomandi samfélags og trú á réttmæti hennar, en hún getur á stundum gengið í berhögg við utanaðkomandi þekkingu.⁶⁵⁴

In this context, *doxa* is more specifically used to account for actions and practice in traditional social organizations where the near perfect correspondence between the social structures and mental structures, between the objective order and the subjective rationales make the natural and social world unquestionable. As such, *doxa* allows the socially arbitrary nature of power relations (e.g. classifications, values, categories, etc.) that have produced the *doxa* to continue being misrecognized, thereby reproducing this same *doxa* in a self-reinforcing manner.⁶⁵⁵

Frá *doxa* eru tvö meginfrávik. Rétttrúnaður (e. *orthodoxy*) vísar til þess þegar geðþótti eða gerræði sem styðst við félagslegt vald er viðurkennt og iðkað þó í því felist augljósar mótsagnir og óréttlæti. Vantrú (e. *heterodoxy*) viðurkennir frávik frá viðteknum gildum samfélagsins og þeir sem aðhyllast hana eru reiðubúnir að kanna aðra „trú“ á samfélagsgerð og mögulega innleiða hana. Þetta viðhorf er bæði opnara og hagrænna en rétttrúnaður og leitast auk þess við að skapa vettvang til skoðanaskipta (e. *field of opinion*). Það fólk sem helst hneigist til vantrúar er það sem býr að meira menningarauðmagni en almennt gerist í samfélaginu, en er að sama skapi ekki auðugt að fé eða táknrænu auðmagni; fólk sem hvorki telst sérlega hátt eða lágt sett í stigveldi samfélagsins.⁶⁵⁶

⁶⁵² Grenfell, „Interest“, 155.

⁶⁵³ Bourdieu, *Outline of a Theory of Practice*, 164.

⁶⁵⁴ Bourdieu, *Pascalian Meditations*, 16; Deer, „Doxa“, 115–117, 125.

⁶⁵⁵ Deer, „Doxa“, 116.

⁶⁵⁶ Deer, „Doxa“, 118.

Stærsta ógnin við doxa samfélaga eru hamfarir. Þar getur verið um að ræða náttúruhamfarir (t.d. harðindaár) en þó enn frekar félagslegar hamfarir (t.d. verulegan brottflutning úr samfélaginu). Slíkar aðstæður þurfa þó ekki að leiða til þess að innan samfélagsins skapist gagnrýnin umræða um ástandið. Þvert á móti eru líklegri viðbrögð þau að krefjast enn meiri samstöðu um viðurkennd gildi. Ráðandi öfl í samfélögum sem einkennast af doxa byggja vald sitt á að viðhalda ríkjandi samfélagsgerð og eigin menningarlegu forræði (e. *hegemony*). Þegar ógn steðjar að reyna þau að verja stöðu sína og þá aukast líkur á að þau hallist meira að rétttrúnaði en áður. Af því leiðir að þrengt getur að skoðana- og tjáningarfrelsi innan samfélagsins og þær skoðanir sem ekki samrýmast viðurkenndri samfélagsýn verði afgreiddar sem rangar, skaðlegar eða jafnvel „guðlast.“ Slík varnarviðbrögð miða að því að verja með öllum ráðum þær hugmyndir og þá samfélagsýn sem fram til þessa hafa verið sjálfgefna.⁶⁵⁷

Meðan doxa samfélags er óhaggað er erfitt að greina einkenni þess og áhrif enda byggir það á óskáðum reglum og lærðum gildum sem íbúar þekkja og þarfnast lítillar umræðu, a.m.k. ekki svo að eftir liggi heimildir. Það er ekki fyrr en röskun verður og vettvangur skapast fyrir gagnrýna umræðu (t.d. með blaðaútgáfu), þar sem ýmsar hliðar doxa eru dregnar fram og ræddar, að hægt er að fá skýrari innsýn í það á hverju doxa byggir og hvernig það virkar. Við röskun geta opinberast valdaafstæður í samfélögum sem áður kunna að hafa verið ósýnilegar (a.m.k. fyrir utanaðkomandi) en hafa alið af sér aðgreiningu í samfélaginu og viðhaldið stigveldi þess.⁶⁵⁸ Andstætt hugmyndinni um meirihlutaræði, þar sem umræða um ólík sjónarmið er leyfð en meirihlutinn (eða fulltrúar meirihluta) ræður niðurstöðunni, byggir doxa á að sú niðurstaða sem fæst sé sameiginleg af því að hún sé í samræmi við þá samfélagsýn sem allt samfélagið aðhyllist.⁶⁵⁹ Í raun þýðir þetta að ráðandi einstaklingar með skilgreiningarvald taka ákvarðanir og aðrir verða að setta sig við þær, hvað sem þeim kann að finnast.

Algengt er að táknræn átök um skilgreiningu á félagslegum veruleika taki á sig tvö meginform. Annað er hlutlægt þar sem einstaklingur eða hópur grípur til aðgerða til að draga fram ákveðinn veruleika (t.d. opinber mótmæli eða barátta verkalýðsfélaga fyrir bættum kjörum). Hitt meginformið er huglægt þar sem einstaklingur eða hópur reynir að hafa áhrif (t.d. með opinberum skrifum) á viðtöku og skilning annarra á tilteknum veruleika. Bourdieu lýsti því hvernig táknrænt vald birtist í yfirlæti eða lítilsvirðingu þeirra sem standa ofar í stigveldinu gagnvart þeim sem standa neðar – framkomu sem oft er einfaldlega kölluð hroki. Hún er til þess fallin að ala á skömm, kvíða og sektarkennd hjá þeim sem eru undirskipaðir. Þeir herra settu neita að viðurkenna þá sem standa neðar, leitast við að aðgreina sig frá þeim og halda þeim á „sínunum stað.“ Slík aðgreining er oftast byggð á efnahagslegri eða menningarlegri stöðu sem hinir herra settu leitast við að viðhalda því hún skapar táknrænt vald í hinu félagslega rými. Táknrænt vald sem beitt er til að hafa áhrif á hópa þarf að byggja á táknrænu auðmagni sem samfélagið viðurkennir.⁶⁶⁰ Þar eru embætti eða skírteini, sem staðfesta prófgráðu, dæmigerð staðfesting táknræns auðmagns. Önnur og óráðari atriði geta líka vegið þungt, t.d. sterkur efnahagur og ætterni sem nýtur sérstakrar virðingar.

Symbolic power relations are power relations that are set up and perpetuated through knowledge and recognition, which does not mean through intentional acts of consciousness. In order for symbolic domination to be set up, the dominated have to share with the dominant

⁶⁵⁷ Bourdieu, *Outline of a Theory of Practice*, 169–170.

⁶⁵⁸ Bourdieu, *Outline of a Theory of Practice*, 164, 168. Þetta má t.d. heimfæra upp á þau áhrif sem útgáfa *Skuldar* hafði á austfirskt samfélag og þá gagnrýni sem Jón Ólafsson ritstjóri *Skuldar* hafði uppi á yfirvöld, bæði veraldleg og andleg.

⁶⁵⁹ Deer, „Doxa“, 117.

⁶⁶⁰ Bourdieu, *Distinction*, 120; Bourdieu, *In other words*, 134–136; Bourdieu, „The Social Space and the Genesis of Groups“, 730–735; Bourdieu, *Pascalian Meditations*, 169.

the schemes of perception and appreciation through which they are perceived by them and through which they perceive them; they have to see themselves as they are seen.⁶⁶¹

Ísland við upphaf rannsóknartímans var dyggðasamfélag sem grundvallaðist á doxa, sveitasamfélag sem hafði breyst hægt frá byrjun aldarinnar, hvort sem litið er til stjórnsýslu, atvinnuhátta, menntunar eða menningar. Félagsgerðin einkenndist af lútersku stigveldi (feðraveldi) og lærðum dyggðum sem öllum íbúum var ætlað að undirgangast, temja sér og halda að öðrum. Á þessum tíma var að hefjast breytingaskeið og undanhald ríkjandi samfélagsgerðar. Sumu af því má lýsa sem náttúrulegum og samfélagslegum hamförum – harðindum, eldgosi, vesturferðum og þéttbýlis-myndun – en öðru sem stórstígari breytingum en áður þekktust, t.d. breyttum atvinnuháttum, auknum menntakröfum, lýðræðisumbótum, réttindaaukningu almennings o.fl. Dyggðasamfélagið byggði á siðrænni ögun, sem er samfélagslegur þrýstingur í átt til ákveðinnar hegðunar, og var forveri íslenska nútímasamfélagsins sem var að byrja að mótast á rannsóknartímanum. Markmið siðrænnar ögunar í íslensku samfélagi á 19. öld var í meginatriðum tvíþætt. „Annars vegar að skipuleggja nýtingu vinnuafis svo að flestir landsmenn ynnu í þágu heildarinnar (og þar með ríkisins) og hins vegar að efla og styrkja iðkun kristinnar trúar líkt og hún var skilgreind af valdhöfum hverju sinni. Undirstaða beggja markmiða var að koma á og viðhalda aga, reglu og virðingu fyrir stigveldisskipan og þar með ríkjandi valdakerfi samfélagsins.“⁶⁶²

Oft eru það yfirvöld sem hvetja til siðrænnar ögunar, en hún getur líka snúist gegn þeim ef þau hegða sér ekki í samræmi við doxa samfélagsins. Í doktorsritgerð sinni lýsti Vilhelm Vilhelmsson þeim viðbrögðum sem samfélög væru líkleg til að sýna gagnvart þeim einstaklingum sem vilja lifa lífi sínu „eftir eigin höfði“ í andstöðu við viðurkennd samfélagsgildi.

Á hverjum tíma er tiltekin form tilvistar einfaldlega andstaðar hugmyndum annarra um hið góða eða rétta líf, fólks sem gerir sér það að hlutverki sínu að aga „hina óstýrilátu“ með einhverjum hætti. Andspænis siðrænni ögun af því tagi verða þessi umdeildu form tilvistar að eins konar tilvistarlegu andófi þar sem litið er á þau sem ögrun sem samfélagið þarf á einhvern hátt að kljást við. Í því ferli hefur þetta tilvistarlega andóf margvísleg áhrif á valdaafstaður jafnvel þó að það hafi aldrei verið markmiðið með hegðuninni sem slíki.⁶⁶³

Heildarhyggja var ráðandi hugsunarháttur íslenska dyggðasamfélagsins og birtist oft í því að líkja samfélaginu við líkama sem allir landsmenn voru hluti af. „Röng“ breytni einstaklinga kom því niður á heilbrigði alls samfélagsins. „Samfélagsregla og stöðugleiki byggðu á þeim grunni að hver einstaklingur þekkti sinn stað í stigveldi þjóðfélagsins, væri „dugligur í sinni stétt“, og ynni þar með samfélaginu gagn.“⁶⁶⁴

Þessi hluti skiptist í fimm kafla og er markmið hans að varpa ljósi á þróun austfirskis almannarýmis. Sérstök áhersla er á áhrif austfirskra félaga og félagshreyfinga við að stækka almannarýmið og auka lýðræðislega virkni og þátttöku. Í fyrsta kafla er leitast við að gefa yfirlit yfir samfélagsþróun á Austurlandi. Rætt er um búsetuþróun og Vesturheimsferðir á tímabilinu og þær settar í samhengi við atvinnuþróun, einkum vöxt sjávarútvegs, umsvif erlendra athafnamanna og nýja atvinnumöguleika. Einnig er komið inn á áhrif bættra samgangna, bæði innanlands og við útlönd. Að endingu er rætt um þróun menningar og áhrif aukinnar alþýðumenntunar. Annar kafla fjallar um félagslega aðgreiningu og valdaafstaður í austfirskum samfélögum. Þar er sjónum beint að félagslegum hreyfanleika, hvaða möguleikar voru í boði og hvaða hindranir voru á vegi þeirra

⁶⁶¹ Bourdieu, *Pascalian Meditations*, 198.

⁶⁶² *Lbs.-Hbs.* Vilhelm Vilhelmsson, „Sjálfstætt fólk?“ 67.

⁶⁶³ *Lbs.-Hbs.* Vilhelm Vilhelmsson, „Sjálfstætt fólk?“ 30.

⁶⁶⁴ *Lbs.-Hbs.* Vilhelm Vilhelmsson, „Sjálfstætt fólk?“ 86.

sem vildu reyna aðra valkosti en þá sem sveitasamfélagið hafði að bjóða. Einnig er litið til valdaafstæðna og leitast, með stuðningi persónulegra heimilda, við að greina forsendur þeirra og áhrif á stöðu einstaklinga í nærsamfélögum. Að lokum er fjallað um birtingarmyndir breyttrar samfélagsgerðar og hvernig lýðræðisumbætur snertu nærsamfélög, einkum lögleiðing prests-kosninga. Í þriðja kafla er megináherslan á tilkomu og þróun austfirskra prentmiðla. Þar er leitast við að greina áhrif fjölmiðlunar og opinberra skoðanaskipta á valdaafstæður innan Austurlands. Sérstaklega er rætt um hvernig viðhorf til búsetubreytinga, menningar og lýðræðisþróunar birtust í almannarými útgáfunnar. Einnig er fjallað um átök um hvaða samfélagssýn skyldi vera ráðandi í breyttu samfélagi og um samspil fjölmiðlunar og lýðræðisþróunar. Fjórði kafli er helgaður félaga-starfi á Austurlandi. Þar er byrjað á að gera grein fyrir austfirsku félagastarfi frá fyrri hluta 19. aldar og fram til upphafs rannsóknartímans. Í framhaldinu koma fimm undirkaflar sem fjalla hver um sig um ákveðna gerð félaga (búnaðarfélög, lestrarfélög, bindindisfélög og stúkur, kvenfélög og málfundafélög). Útgáfa handskrifaðra sveitarblaða og félagsblaða fær sérstaka umfjöllun enda slík útgáfa oftast en ekki nátengd félagastarfi. Í lokin er svo fjallað um viðhorf og væntingar til félaga-starfs og er þar bæði leitað viðhorfa þess fólks sem var virkt í félagastarfi sem og þess sem stóð að mestu utan slíks starfs. Fimmti kaflinn byggir á þremur tilviksrannsóknum á lífshlaupi fólks sem bjó á Austurlandi. Áherslan er á þátttöku viðkomandi í félagastarfi og á þá starfs- og menntunarmöguleika sem fólki stóðu til boða. Tilvikin sem fjallað er um eru ólík og var það með vilja gert í viðleitni til að draga fram mismunandi aðstæður og ólíka aðkomu að samfélaginu.

4.1 Búsetuþróun, atvinnuhættir, menntun og menning

Meðal íslenskra bænda var fram eftir 19. öld rík tilhneiging til að leitast við að halda jafnvægi í því hvernig náttúruauðlindir voru nýttar, bæði á sjó og landi. Margir bændur við sjávarsíðuna stunduðu einnig útræði og því var aðgreining milli búskapar og sjávarútvegs víða óskýr.⁶⁶⁵ Það má fá dálitla innsýn í austfirsku samfélagsgerð og atvinnuhætti skömmu fyrir miðja 19. öld og aftur á fyrri hluta áttunda áratugarins af lestri sýslu- og sóknalýsinga Múlasýslna. Þær innihalda svör sóknarpresta og sýslumanna beggja sýslanna (frá árunum 1839–1843 og 1872–1874) við spurningalistum Hins íslenska bókmenntafélags. Af svörum presta við spurningum um helstu bjargræðisvegi (nr. 49) og um hvort kauptún eða kaupstaður væru í sókninni (nr. 48) má draga þá ályktun að atvinnulíf og búsetumynstur í Múlasýslum hafi lítið breyst frá 1840 og fram til 1874. Íbúarnir byggðu afkomu sína á kvikfjárrækt, sjósókn var lítil og uppbygging þéttbýlis var mjög skammt á veg komin.⁶⁶⁶

Við upphaf 19. aldar voru þrír löggiltir verslunarstaðir á Austurlandi (Vopnafjörður (Kolbeinstangi), Reyðarfjörður (Stóra-Breiðuvík) og Berufjörður (Djúpivogur)) og voru verslanir á þeim öllum reknar af Örum og Wulff. Fjórði verslunarstaður Austfjarða bættist við á fyrri helmingi 19. aldar, Fjarðaralda/Búðareyri við Seyðisfjörð. Á fyrsta áratug eftir að Alþingi fékk löggjafarvald (árið 1874) fylgjaði löggiltum verslunarstöðum á Austurlandi úr fjórum í níu. Þá bættust við: Vestdalseyri við Seyðisfjörð (1875) og Bakkafjörður, Lagarfljótsós, Selnesbót við Breiðdalsvík og Hrúteyri við Reyðarfjörð (1883).⁶⁶⁷

4.1.1 Vaxandi þéttbýli og bættar samgöngur

Á áttunda áratug 19. aldar urðu straumhvörf í austfirskri útgerð, sem hófust raunar árið 1868 þegar Norðmenn komu fyrst til Seyðisfjarðar til síldveiða. Þá fóru austfirskir sjómenn að fá síld til beitu

⁶⁶⁵ Magnús S. Magnússon, *Iceland in Transition*, 24.

⁶⁶⁶ *Múlasýslur*, 53, 125, 147, 384–385, 569.

⁶⁶⁷ Halldór Stefánsson, „Þættir úr sögu Austurlands á 19. öld,“ 21–25, 30, 32–33.

sem renndi stöðum undir sjálfstæðar útgerðir (ekki aðeins sjósókn sjávarbænda). Útflutningur á fiski var eftir sem áður mjög lítill. Fyrir tilkomu Norðmanna höfðu erlendir útvegsmenn haft skemmri viðdvöl á Austurlandi.⁶⁶⁸ Norski athafnamaðurinn Otto Wathne kom fyrst til Seyðisfjarðar árið 1868. Hann settist þar að árið 1880 og frá þeim tíma og fram yfir aldamót voru Wathne og síðar erfingjar hans mjög umsvifamiklir í verslun og útgerð, ásamt fleiri erlendum athafnamönnum. Með vexti útgerðar á Austfjörðum fjölgaði verslunarstöðum og útgerðarstöðvum. Fastar verslanir voru þá stofnaðar á Búðareyri við Reyðarfjörð (1890), Búðum við Fáskrúðsfjörð og Nesi við Norðfjörð (1893) og Kirkjubóli við Stöðvarfjörð og í Bakkagerði við Borgarfjörð (1895).⁶⁶⁹ Seyðisfjarðarkaupstaður óx hraðast austfirskra bæja á síðustu áratugum 19. aldar og var orðinn stöndugur bær þegar hann fékk kaupstaðarréttindi árið 1894. Veigamikill þáttur í eflingu austfirskrar útgerðar var tilkoma íshúsa til að geyma beitu. Það fyrsta á Austurlandi var reist í Mjóafirði árið 1894. Þekkingin á byggingu íshúsanna fluttist til landsins frá Ameríku með Ísak Jónssyni, austfirskum vesturfara sem sneri aftur til Íslands eftir búsetu vestra.⁶⁷⁰ Útlendingar sóttu einnig árstíðabundna vinnu til Austurlands undir lok 19. aldar.⁶⁷¹

Upp úr aldamótunum 1900 hófust umfangsmiklar hvalveiðar Norðmanna við Austfirði. Engin fyrirtæki höfðu áður ráðist í viðlíka fjárfestingar á Austurlandi eða haft eins mikil umsvif og hvalveiðifélögin á norska hvalveiðitímabilinu. Íslendingar störfuðu við hvalstöðvarnar en voru þó ávallt í miklum minnihluta starfsmanna. Þeir störfuðu einkum við byggingu húsa, uppskipanir og útskipanir en fáir fengu vinnu við veiðar og vinnslu. Hvalveiðifélögin greiddu laun í peningum, sem var nýlunda því að innlend fyrirtæki héldu þá enn fast í að greiða laun með innskriftum í verslanir. Skömmu fyrir aldamót hófust opinberar deilur um hvalveiðarnar, m.a. á síðum austfirsku blaðanna. *Austri* vildi bann en *Bjarki* vildi að Íslendingar hefðu meiri hag af veiðunum. Í þeirri deilu birtist ólík samfélagssýn ritstjóra og helstu stuðningsmanna blaðanna þar sem *Austri* stóð fyrir ríkjandi samfélagsgerð, þar sem landbúnaður var álitinn aðalatvinnugrein en sjávarútvegur og verslun skör neðar, meðan *Bjarki* tók fremur málstað útgerðar og vaxandi þéttbýlis. Gestkvæmt var í hvalveiðistöðvunum og Íslendingar áhugasamir um að kynnast starfsemiinni og hinni vélvæddu vinnslu. Samfélögin þar virðast þó hafa verið nokkuð einangruð frá byggðarlögunum í kring og ekki er að sjá að íbúar þeirra hafi tekið mikinn þátt í félagslífi heimamanna. Samfélagsleg áhrif önnur en efnahagsleg voru þó til staðar, með óbeinum hætti. Smári Geirsson sagnfræðingur bendir á hve mikið hvalbátarnir voru notaðir til fólksflutninga og dæmi voru líka (að vestan og austan) um að hvalbátar væru notaðir til að koma kjósendum til og frá kjörstað.⁶⁷²

Austfirsku sjávarþorpin höfðu ekki aðeins aðdráttarafl fyrir þá sem þangað vildu flytja til að setjast að. Þau drógu einnig til sín árstíðabundið vinnuafl, m.a. sunnlenska sjómenn sem mönnuðu báta eystra á sumarvertíð. Í sjálfsævisögu sinni sagði Torfi Þorsteinsson (1908–1990) frá því að faðir hans og fleiri Austur-Skaftfellingar hefðu sótt árstíðabundna atvinnu á Austfjörðum undir lok 19. aldar. „Á uppvaxtarárum föður míns [f. 1864] var fátt um bjargræðisvegi umfram búskapinn

⁶⁶⁸ Halldór Stefánsson, „Þættir úr sögu Austurlands á 19. öld,“ 111–121; Smári Geirsson, *Stórhvalaveiðar við Ísland til 1915*, 69–73.

⁶⁶⁹ Halldór Stefánsson, „Þættir úr sögu Austurlands á 19. öld,“ 135–137.

⁶⁷⁰ Halldór Stefánsson, „Þættir úr sögu Austurlands á 19. öld,“ 137–140. Annað dæmi um innflutning tækniþekkingar frá Ameríku um svipað leyti var þegar Frímenn B. Arngrímsson kom aftur til Íslands árið 1894 eftir búsetu vestra og gerði bæjarstjórn Reykjavíkur tilboð um raflýsingu bæjarins (sjá: Lýður Björnsson, *Saga sveitarstjórnar á Íslandi*, 2:322).

⁶⁷¹ Guðmundur Jónsson (frá Húsey), „Minningaþættir Guðmundar í Húsey,“ 220–223. Guðmundur sagði frá því þegar hann sigldi heim úr ferð sinni til Noregs og Danmerkur vorið 1899. Eftir viðkomu í Þórshöfn í Færeyjum voru farþegar orðnir 85 og nokkuð þröngt í skipinu. Megnið af farþegunum voru Færeyingar og Norðmenn á leið til sumurvinnu á Íslandi.

⁶⁷² Smári Geirsson, *Stórhvalaveiðar við Ísland til 1915*, 124, 417, 430–433, 473.

í Suðursveit og fór þá margt ungra manna í atvinnuleit til Austfjarða, þar á meðal faðir minn. Atvinnulíf í austfirskum sjávarþorpum varð ungum mönnum einskonar skóli, sem gæddi þá, sem þar dvöldu, nokkrum menningarbrag umfram þá, sem hvergi fóru.⁶⁷³ Þessi menningarmunur var gerður að umtalsefni í grein í sveitarblaðinu *Baldri* í Breiðdal árið 1906 og taldi höfundur hann koma skýrast fram á samkomum. Hann sagði: „Piltarnir við sjóinn ganga venjulega á samkomum og mannamótum í sniðfallegru og áferðarfinni fötum þótt hið gagnstæða eigi sér stað hversdagslega – eru málhreifnari og frjálsmannlegri í framkomu á mannamótum eða þegar þeir fara að halda sér til, sem eingöngu er að þakka meira félagslífi.“⁶⁷⁴ Greinarhöfundur sagði þennan mun vekja athygli, ekki síst meðal ungra kvenna. Honum þótti því ekki undarlegt þó sjávarbyggðirnar hefðu aðdráttarafl og hallmælti þeim ekki en beindi því til lesenda að nauðsynlegt væri að gera sveitalífið fjörugra og ánægjulegra.

Vöxtur atvinnulífs austfírskra bæja og þorpa byggði mest á aukinni útgerð og verslun en þó fylgdi líka ýmis konar iðnaður. Þar var mest um að ræða iðnað sem studdi við aðalatvinnu-greinarnar en líka mátti finna framleiðslu á „lúxusvörum“, s.s. súkkulaðiverksmiðju sem stofnuð var á Seyðisfirði á níunda áratug 19. aldar, brjóstsykursverksmiðjur sem tóku til starfa á Fáskrúðsfirði og Eskifirði á fyrsta og öðrum áratug 20. aldar og gosdrykkjaverksmiðju á Seyðisfirði sem hóf starfsemi árið 1913.⁶⁷⁵ Öll þessi iðnfyrirtæki sem hér eru nefnd áttu það sammerkt að það voru erlendir athafnamenn sem stóðu fyrir þeim.

Þéttbýli á Íslandi var í örum vexti á árunum 1890–1915. Frá upphafi þess tímabils til loka fjölgaði íbúum bæja og þorpa á landinu (með 200 íbúa eða fleiri) úr því að vera 12% landsmanna árið 1890 í að vera 40% árið 1915. Á sama tímabili fjölgaði Reykvíkingum úr því að vera 5% landsmanna í 19%. Um aldamótin bar Seyðisfjarðarkaupstaður (stofnaður árið 1894, með 841 íbúa árið 1901) höfuð og herðar yfir aðra austfírka bæi en næst komu Búðir í Fáskrúðsfirði með 246 íbúa og Eskifjarðarkaupstaður með 229. Árið 1915 voru sex austfírskir bæir með yfir 200 íbúa (Vopnafjörður, Bakkagerði í Borgarfirði, Seyðisfjarðarkaupstaður, Neskaupstaður, Eskifjarðarkaupstaður og Búðir í Fáskrúðsfirði) og auk þess þrjú þorp með yfir 100 íbúa (Brekka í Mjóafirði, Búðareyri við Reyðarfjörð og Djúpivogur).⁶⁷⁶ Þó austfirskt þéttbýli væri í vexti undir lok 19. og í byrjun 20. aldar var sá vöxtur ekki alls staðar samfelldur og er Eskifjarðarkaupstaður gott dæmi um það. Aldamótaárin voru tími samdráttar á Eskifirði. Síld og þorskur hurfu úr firðinum, atvinnurekstur dróst saman, gamlir verslunarhættir voru úr sér gengnir og margt fólk flutti burt. Íbúapróunin snerist síðan við á fyrsta áratug 20. aldar, einkum eftir 1906 þegar vélvæðing bátaflota bæjarins var hafin og voru íbúar Eskifjarðar orðnir 412 árið 1910. Í byggðasögunni *Eskju* gerði Einar Bragi grein fyrir fullorðnum íbúum bæjarins á þessum tíma og klykkti út með að segja að bærinn hefði þá í raun verið hálf danskur.⁶⁷⁷

Íbúum Seyðisfjarðarkaupstaðar fjölgaði hratt síðustu tvo áratugi 19. aldar, mest vegna aðflutnings fólks. Um aldamótin hafði íbúafjöldi bæjarins tvöfaldast á rétt rúmum áratug. Aðeins um þriðjungur íbúa árið 1901 var fæddur í kaupstaðnum og af innfæddum voru 86% börn og unglingar. Þá voru um 10% húsráðenda í bænum erlendir að uppruna. Mun hærri hlutfall ungra kvenna en ungra karla fluttist til Seyðisfjarðar um aldamótin 1900 og segir Ólöf Garðarsdóttir sagnfræðingur bæinn augljóslega hafa haft mikið aðdráttarafl fyrir konur. Kynjahlutfallið um

⁶⁷³ Torfi Þorsteinsson, *Lífsmörk í spori*, 19.

⁶⁷⁴ *Her Aust.* A6 324, 5. *Baldur*. Sveitarblað í Breiðdal 1905–1908. „Horfur sveitanna,“ *Baldur* 3:1 ([nóvember] 1906) [án blaðsíðutals].

⁶⁷⁵ Smári Geirsson, *Frá eldsmiði til eleksírs*, 131–136, 140–171.

⁶⁷⁶ *Hagskinna*, 72–75, 90; „Mannfjöldi í einstökum byggðakjörnum og strjálbýli eftir landsvæðum ár hvert 1889–1990,“ Helgi Skúli Kjartansson, „Vöxtur og myndun þéttbýlis á Íslandi 1890–1915,“ 151–152.

⁶⁷⁷ Einar Bragi Sigurðsson, *Í skólanum*, 10–12, 113.

aldamótin var 78,6 karlar fyrir hverjar 100 konur. Á Seyðisfirði var meiri iðnaður og þjónusta en almennt gerðist í íslenskum sjávarplássum á þessum tíma, þar sem karlar voru jafnan heldur fleiri en konur, og því var meiri þörf fyrir konur og fjölbreyttari atvinnumöguleikar fyrir þær.⁶⁷⁸

Nokkuð bar á ævintýramennsku í fyrirtækjarekstri og er útgerðarfyrirtækið Garðar á Seyðisfirði þar gleggsta dæmið. Það hafði mikil umsvif til skamms tíma en varð skyndilega gjaldþrota. Garðarsfélagið var stofnað árið 1898 fyrir erlent fjármagn og hóf útgerð bæði með þilskipum og togurum. Það lét byggja hús og bryggju, leggja vegi o.fl. Þegar umsvif félagsins voru mest (árið 1899) voru starfsmenn þess um 120. Félagið komst hins vegar fljótt í fjárhagsvanda og eignir þess voru seldar árið 1901. Undirstaða margra útgerða var ótrygg því stundum vildu veiðarnar bregðast. Atvinnuöryggi var því lítið og þegar uppsveifla var kom margt aðkomufólk í uppgripavinnu. Á hinn bóginn drógu Ameríkuferðir úr framboði á vinnuafli sem gerði stöðu verkafólks í sjávarplássunum sterkari gagnvart atvinnurekendum. Þar við bættist að algengara varð að kaup væri greitt í peningum sem losaði verkafólk undan áhrifum kaupmanna. Þegar fyrstu verkalyðs-félögin voru stofnuð undir lok 19. aldar var atvinnuástand gott og staða verkafólks því betri gagnvart atvinnurekendum.⁶⁷⁹

Eitt af megineinkennum samfélagsþróunar á Austurlandi á rannsóknartímanum voru framfarir í samgöngum, einkum á sjó. Það átti ekki aðeins við um strandsiglingar heldur ekki síður (og jafnvel enn frekar) við millilandasiglingar. Reglulegar strandferðir póstskipa (frá Danmörku) hófust árið 1876. Sameinaða danska gufuskipafélagið hafði þann rekstur með höndum fram yfir aldamót en jafnan var óánægja meðal landsmanna með þjónustu þess. Félagið var gagnrýnt fyrir óheppilegar tímasetningar ferða, of fá stopp o.fl.⁶⁸⁰ Deilt var um strandferðirnar allt fram til aldamóta en á síðasta áratug 19. aldar komust á reglulegar siglingar milli Austfjarða og Noregs og Danmerkur. Í upphafsávarpi *Austra* (árið 1891) fullyrti Skapti Jósefsson ritstjóri að Seyðisfjörður væri þá sá kaupstaður landsins sem væri í bestum tengslum við útlönd og þar væri auk þess mestur uppgangur á landinu. Strandferðaskipin kæmu fyrst til Seyðisfjarðar og þaðan væru auk þess reglulegar siglingar skipa Otto Wathne. Sex árum síðar benti Skapti á þá einkennilegu stöðu að frá Seyðisfirði væri einfaldara að senda bréf til útlanda en til Eskifjarðar.⁶⁸¹ Í sjálfsævisögu Guðmundar frá Húsey er að finna kafla með sögum frá ferðum til Reykjavíkur sumarið 1898 og til Noregs og Danmerkur vorið 1899. Athygli vekur að siglingin til Stavangurs í Noregi tók sex daga eða jafnlangan tíma og ferð Guðmundar austur með strandferðaskipinu frá Reykjavík, en ferðin suður tók átta daga.⁶⁸²

Meðan Guðrún Borgfjörð (1856–1930) dvaldi hjá Guðrúnu og Otto Wathne á Seyðisfirði, frá hausti 1890 og fram á mitt ár 1891, gat hún ítrekað í bréfum til fjölskyldu sinnar um tíðar skipaferðir til og frá Seyðisfirði, sem henni þótti mikið til koma í samanburði við það sem hún þekkti frá Reykjavík. Í bréfi til föður síns, Jóns Borgfirðings, rituðu skömmu eftir að Guðrún kom til Seyðisfjarðar sagði hún: „Hjer er altaf fult af skipum, sem fara til Englands og Hafnar. Jeg er nýbúin að skrifa bræðrunum [Finni og Klemens, sem bjuggu í Kaupmannahöfn] það er hægara að koma brjefum hjeðan, en úr Reykjavík.“⁶⁸³ Guðrún velti m.a. fyrir sér að fara að gamni sínu til Danmerkur því fargjaldið væri lágt. Í júlí 1891 svaraði hún boði Finns bróður síns um að koma til Kaupmanna-

⁶⁷⁸ Ólöf Garðarsdóttir, „Þáttur Færeyinga og annars aðkomufólks í vexti og viðgangi Seyðisfjarðar um aldamótin 1900,“ 11–13; Ólöf Garðarsdóttir, „Á faraldsfæti,“ 22, 25, 29, 38–41, 61.

⁶⁷⁹ Ólafur R. Einarsson, *Upphaf íslenskrar verkalyðsbreyfingar 1887–1901*, 59–60, 103, 112–113; Gunnar Karlsson, „Atvinnubylting og ríkismyndun,“ 79–80.

⁶⁸⁰ Gunnar Karlsson, „Atvinnubylting og ríkismyndun,“ 72–73.

⁶⁸¹ Skapti Jósefsson, „Kæru landar!“ 10. ágúst 1891, 2; „Póstgöngur,“ 8. janúar 1897, 2–3.

⁶⁸² Guðmundur Jónsson (frá Húsey), „Minningabættir Guðmundar í Húsey,“ 192–195, 197.

⁶⁸³ Sigrún Alba Sigurðardóttir, *Elskulega móðir mín, systir, bróðir, faðir og sonur*, 286. Bréf Guðrúnar Borgfjörð er dagsett 18. október 1890.

hafnar til að leita sér lækninga – „jeg kem í sumar með einhverju skipi frá Wathne.“⁶⁸⁴ Af orðfærinu að dæma voru ferðirnar tíðar og því ástæðulaust að ákveða brottför með löngum fyrirvara.

Sterk erlend tengsl voru víðar á Austfjörðum um aldamótin 1900. Í bók sinni *Fransí biskví* vitnar Elín Pálmadóttir í Þorvald Jónsson (1908–1995) sem var sonur Jóns Davíðssonar forstöðumanns Tulínúsarverslunar á Búðum við Fáskrúðsfjörð frá 1902, eða um það leyti sem kaupstaðurinn þar var að myndast. Þorvaldur sagði:

Ég veit ekki með vissu hvern þátt frönsku fiskimennirnir áttu í vexti og viðgangi Búðakaupþúns, en áreiðanlega hefðu ekki verið þar um 300 íbúar um aldamótin 1900, ef frönsku duggurnar hefðu ekki haft þar eina helstu bækistöð sína á Austurlandi. Þeir áttu þar spítala og sjómannaheimili, þegar veldi þeirra var mest. Faðir minn taldi einu sinni 120 skip inni. Áreiðanlega hafa þessi miklu samskipti við Fransmennina sett nokkurt svipmót á þetta litla samfélag. Þannig komu útlönd til okkar og voru í rauninni oft nær okkur en Reykjavík, sem var svo langt í burtu að stundum var auðveldast að komast þangað með því að fara fyrst til Kaupmannahafnar.⁶⁸⁵

4.1.2 Vesturferðir, landbúnaður og vinnufólk

Líkt og aðrir landsmenn fögnuðu Austfirðingar 1000 ára afmæli Íslandsbyggðar árið 1874. Samkomur voru haldnar í öllum byggðarlögum, t.a.m. fjölmenn hátíð í Atlavík um sumarið. „Samkomurnar á Austurlandi þjóðhátíðarárið vöktu bjartar og djarfar vonir til framtíðarinnar. Heit voru unnin, félagsleg samtök voru ráðin og hversslags framsókn.“⁶⁸⁶ En óvænt áfall hægði á og truflaði framsóknina; öskufallið úr Öskjugosinu árið 1875. Allmargar bújarðir á Austurlandi fóru tímabundið eða varanlega í eyði í kjölfar gossins. Þær sem fóru varanlega í eyði voru einkum lakari býli, s.s. heiðarbýli og hjáleigur. Árið 1876 fluttust um 1200 Íslendingar vestur um haf, þar af um 300 úr Norður-Múlasýslu. Stór hluti íslenskra vesturfara bjuggu á Norðaustur- og Austurlandi en frá 1870–1914 fluttust hátt í 3000 manns úr Norður-Múlasýslu og nærri 2000 úr Þingeyjarsýslum.⁶⁸⁷

Flutningur fólks úr Norður-Múlasýslu deildist þó ekki jafnt niður á hreppa. Sem dæmi um það má nefna að mikill fjöldi fólks fluttist úr Vopnafirði meðan vesturfarir stóðu sem hæst en fáir úr Fljótsdal. Helgi Hallgrímsson náttúrufræðingur þakkar það einkum landkostum í Fljótsdal að svo fáir fluttust þaðan.⁶⁸⁸ Sú ályktun fær stuðning í frásögn Kristjáns Jónssonar Vopna sem flutti árið 1877, þá sextán ára gamall, frá Vopnafirði til Fljótsdals. Hann lýsti flutningunum sem miklum viðbrigðum því velmegun hafi verið mun almennari í Fljótsdal. Sveitarþyngsli hafi ekki þekkt þar og framfarir verið meiri en Kristján hafði áður vanist.⁶⁸⁹

Vesturförum var oft bæði fyrr og síðar álasað fyrir að hafa yfirgefið Ísland og þarf ekki að leita lengi í opinberum skrifum frá rannsóknartímanum til að finna ásanir í þeirra garð. Vesturferðir snertu marga íbúa Múlasýslna og austfirsk samfélög vegna þess mikla fjölda sem þaðan fluttist. Því mætti e.t.v. halda að viðhorf þar til vesturferða hafi verið nær eingöngu neikvæð. Svo var í raun alls ekki, þó skrif í austfirsku þjóðmálablöðin um aldamótin væru oftar en ekki neikvæð í garð vesturfara. Víða í austfirskum heimildum má finna dæmi um skilning og samúð með því fólki sem fór enda þekktu heimildamenn persónulega fólk sem fluttist vestur, það var þeim jafnvel nákomid og þeir því kunnugir aðstæðum þess og ástæðum fyrir brottflutningi. Slíka umræðu er m.a. að finna

⁶⁸⁴ Sigrún Alba Sigurðardóttir, *Elskulega móðir mín, systir, bróðir, faðir og sonur*, 295.

⁶⁸⁵ Elín Pálmadóttir, *Fransí biskví*, 369.

⁶⁸⁶ Halldór Stefánsson, „Þættir úr sögu Austurlands á 19. öld,“ 79.

⁶⁸⁷ Júníus H. Kristinsson, *Vesturfaraskrá 1870–1914*, tafla 1; Gunnar Karlsson, „Atvinnubylting og ríkismyndun,“ 22–23.

⁶⁸⁸ Helgi Hallgrímsson, *Fljótsdala*, 297–298.

⁶⁸⁹ „Úr æviminningum Kristjáns Jónssonar Vopna,“ 50.

í skjölum Málfundafélags Vestradælinga í Vopnafirði árið 1907 og *Mána*, félagsblaði skólapilta við Búnaðarskólann á Eiðum, veturinn 1901–1902.⁶⁹⁰

Einn þeirra sem þar tók til máls var Ingjaldur Þórðarson (1872–1944). Hann taldi það almannaálit að vesturferðirnar hefðu verið skaðlegar fyrir samfélagið þó þær hefðu í sumum tilvikum létt á sveitarþyngslum. Ingjaldur sagði suma vesturfara hafa farið vegna síhækkandi opinberra gjalda hér heima og svo væri því ekki að neita að atvinnuhættir væru fjölbreyttari vestra og kaupgjald almennt herra.

Ég láí það heldur engum þó að hann vilji heldur leita fyrir sér annars staðar, en að verða hér upp á aðra kominn; því það er hægt að færa mörg dæmi til þess að í Ameríku hafa þeir orðið sjálfbjarga sem ekki hafa komist af hér.... Ég held nú að þótt við bærum hlýjan hug til ættjarðar okkar, að þá kæmi það að litlu gagni fyrir þeim sem efna litlir eru, og ekki geta komið neinu til vegar sem framfarir snertir; því það er ekki nóg að vilja, en geta ekkert.⁶⁹¹

Viðhorf í líkingu við þau sem hér er lýst tóku að sjást oft og víðar í opinberum skrifum í upphafi 20. aldar. Með þessari skoðun skipaði Ingjaldur sér í hóp vantrúarmanna gagnvart doxa sveitasamfélagsins, en var þó sjálfur námssveinn við búnaðarskóla.

Á áratugunum beggja vegna aldamótanna 1900 blés víða á móti í austfirskum sveitum meðan uppgangur og fólksfjölgun voru í flestum þorpum og bæjum. Atvinnuhættir landbúnaðarins höfðu lítið breyst og tækniþróun var hæg sem leiddi til þess að landbúnaðurinn dróst aftur úr öðrum atvinnugreinum. Sauðasölunni til Bretlands lauk um miðjan tíunda áratug 19. aldar og árferði á níunda áratugnum og fram á þann tíunda var erfitt á löngum köflum. Guðmundur frá Húsey (1862–1950) gat þess í sjálfsævisögu sinni að mikill manndauði hefði verið í Jökulsárhlíð á Fljótsdalshéraði á síðustu áratugum 19. aldar og kenndi hann þar um illu árferði og köldum og rökum húsakynnum. Við þetta bættust svo miklir flutningar úr sveitinni.⁶⁹² Annar uppallinn héraðsmaður, Ólafur Jónsson frá Freyshólum (1895–1980), lýsti í sjálfsævisögu sinni samfélagsþróun íslensku sveitanna undir lok 19. aldar svo:

Hið gamla íslenzka bændaþjóðfélag hafði eftir miklar og margar þrengingar þróast í nokkurs konar varnarstöðu. Höfuðviðfangsefnið var að framfleyta lífinu og viðhalda nokkurri andlegri reisu, hvað sem á dundi. Í þessari baráttu bar tvennt hæst, að vinna svo sem getan leyfði og búa sem mest að eigin framleiðslu og afla. Það var þetta, sem gaf þessu gamla bændaþjóðfélagi furðu mikla seiglu og viðnámsþrótt gegn alls konar óáran, stjórnarfarslegri, viðskiptalegri og veðurfarslegri, meðan ekki var vikið teljandi frá hefðbundnum reglum þess og venjum.⁶⁹³

Í byggðasögunni *Breiðdælu* segir Árni Sigurðsson (1839–1931) að búskapur í Breiðdal hafi verið allblómlegur um miðbik 19. aldar og tekur sérstaklega fram að skammarlegt hafi þótt að vera skuldugur. „Engir voru þar stórríkir, og engir heldur sárfátækir; efnahagurinn var nokkuð jafn.“⁶⁹⁴ Almenn regla hjá bændum á þeim tíma var að stofna ekki til meiri útgjalda en tekjur stóðu undir. Það hélt hins vegar aftur af ýmsum framkvæmdum í búskapnum, t.d. endurbótum á húsakosti. Guðmundur Árnason (1871–1966) sagði að á meðan breiðdæliskir bændur gátu selt sauði til

⁶⁹⁰ *Her.Aust.* Hrepp 2/Vop 16, 2. Vopnafjarðarhreppur. Málfundafélag Vestradælinga. Gjörðabók 1907; *Her.Aust.* Stofn 4/Eisk 51, 3. Búnaðarskólinn á Eiðum. Elliði G. Norðdal, „Um vesturheimsferðir“, *Máni* 2:8 (21. desember 1901), 119–127.

⁶⁹¹ *Her.Aust.* Stofn 4/Eisk 51, 2. Búnaðarskólinn á Eiðum. Ingjaldur Þórðarson, „Um Ameríkuferðir“, *Máni* 2:24 (6. apríl 1902) [án blaðsíðutals].

⁶⁹² Guðmundur Jónsson (frá Húsey), „Minningaþættir Guðmundar í Húsey“, 82.

⁶⁹³ Ólafur Jónsson, *Á tveimur jafnfljóttum*, 1:8.

⁶⁹⁴ Árni Sigurðsson, „Í Breiðdal fyrir sextíu árum“, 138.

Bretlands (á árunum 1879–1894) hafi tekjur þeirra aukist sem leiddi til þess að þeir gátu ráðist í stórfelldar endurbætur á húsakosti á síðustu tveimur áratugum aldarinnar. Á sama tímabili fóru verslunarskuldir bænda vaxandi og kenndi Guðmundur þar um harðindum á níunda áratugnum, einkum á árunum 1880–1886.⁶⁹⁵ Nýjum húsum fylgdi auk þess ekki aðeins byggingarkostnaður heldur einnig aukinn rekstrarkostnaður, m.a. umtalsverð viðbót í eldsneytisþörf þar sem breytt hífýlaskipan kallaði á meiri lýsingu og upphitun.⁶⁹⁶

Vinnuhjú voru um fjórðungur íslensku þjóðarinnar alla 19. öldina. Eins og landbúnaður var þá stundaður komst meginþorri bænda ekki af án vinnuafis þeirra. Vinnuhjúum fjölgaði á 19. öld, einkum frá miðri öldinni og fram til 1880. Ástæður þessa taldi Guðmundur Jónsson sagnfræðingur vera fólksfjölgun, þéttari byggð og jarðnæðisskort. Vinnuhjúum fór hins vegar fækkandi eftir 1880, sérstaklega á síðasta áratug aldarinnar þegar nýir atvinnuhættir voru að ryðja sér rúms og vesturferðir í fullum gangi. Hlutfallsleg fækkun vinnufólks undir lok 19. aldar var stærsti áhrifavaldurinn á að hækka laun þess. Tekjumunur vinnufólks í sveitum og verkafólks við sjávarsíðuna spilaði líka stóran þátt og leiddi til þess að vinnufólk í sveitum tók í auknum mæli að horfa til annarra atvinnumöguleika. Sífelldar kvartanir þingmanna og bænda yfir frekju vinnufólks og kröfur um að hert yrði að þeim bæði varðandi aga og kjör, voru síst til þess fallnar að efla áhuga vinnufólks á að ilengjast í sveitunum.⁶⁹⁷ Önnur ástæða var sú að það var ekki pláss fyrir alla. Víða í sveitum var margt ungt fólk um aldamótin, þar sem stórir systkinahópar voru að vaxa úr grasi. Sveitirnar gátu ekki boðið öllum upp á viðhlítandi lífsskilyrði og margt af unga fólkinu fluttist því að heiman og sneri ekki aftur.⁶⁹⁸

Tekjumunur vinnufólks í sveitum og sjávarbyggðum var orðinn afgerandi um og upp úr aldamótum og reyndu sumir bændur að hagnast á þeirri stöðu. Ólafur Jónsson (1895–1980) lýsir í sjálfsævisögu sinni hvernig húsbóndi hans, Halldór Þorkelsson í Klúku í Hjaltastaðapinghá, reyndi að hafa sem mest upp úr vinnu hans meðan Ólafur var vinnumaður þar og að slíkt hafi ekki verið einsdæmi. Algenzt var á þessum tíma að vinnumenn væru t.d. sendir í sjóróðra en bændurnir tækju launin. Ólafur var sendur í ýmsa kaupavinnu og Halldór hirti launin. „Nú mundi þetta nefnt arðrán, en það orð þekktist ekki í mínu ungdæmi.“⁶⁹⁹ Ólafur nefnir sem dæmi að fyrir níu vikna vinnu utan heimilis hafi hann fengið nærri tvöfalt hærri upphæð í beinhörðum peningum en árslaun hans sem vinnumaður hjá Halldóri, en vinnumannslaunin voru ekki nema að litlu leyti greidd í peningum.⁷⁰⁰

Í þessum efnum má líka finna birtingarmyndir breytts samfélags. Magnús Blöndal Jónsson prestur í Vallanesi lýsti í sjálfsævisögu sinni hvernig Vallanesbúið kom honum fyrir sjónir þegar hann fluttist þangað árið 1892. Búið var þá rekið með sjö vinnumönnum sem tóku kaup sitt í kindafóðrum fyrir 25–30 kindur hver, auk þess sem sumar vinnukonurnar höfðu 4–5 fóður. Bústofn vinnufólksins tók alls um þriðjung af fjárhúsakosti bæjarins. „Þannig hafði þetta verið um mannsaldra á Héraðinu. Vinnufólkið var að koma sér upp bústofni, og búanda var léttara að borga í fóðrum en öðru. Og peningar þekktust vart manna á milli. Þetta gamla búskaparlag hafði þann kost, að það var allra hagur eða óhagur, hvernig búrekstrinum reiddi af, og öllum því jafn-annt um hann.“⁷⁰¹ Þó hafa verði í huga að hér er lýst stóru búi á þess tíma mælikvarða verða orð Magnúsar ekki skilin öðruvísi en svo að um hafi verið að ræða almenna reglu á Fljótsdalshéraði, óháð bústærð.

⁶⁹⁵ Guðmundur Árnason, „Minningar úr Breiðdal,“ 143–144.

⁶⁹⁶ Björn Þorkelsson, „Tveir þættir um Fljótsdalshérað,“ 241–242; Sigurður Gylfi Magnússon og Davíð Ólafsson, *Minor Knowledge and Microhistory*, 77–81.

⁶⁹⁷ Guðmundur Jónsson, *Vinnuhjú á 19. öld*, 7, 9–13, 57–61, 66–68.

⁶⁹⁸ Ólafur Jónsson, *Á tveimur jafnsfjótum*, 1:102.

⁶⁹⁹ Ólafur Jónsson, *Á tveimur jafnsfjótum*, 1:162.

⁷⁰⁰ Ólafur Jónsson, *Á tveimur jafnsfjótum*, 1:168.

⁷⁰¹ Magnús Bl. Jónsson, *Endurminningar II*, 164.

Meðan meginþorri ungs vinnufólks eygði raunhæfa von um að komast með tímanum í sjálfstæðan búskap hefur þetta fyrirkomulag verið hentugt fyrir báða aðila. Við þær aðstæður hefur eftirfarandi lýsing Gunnars Karlssonar á afstöðu vinnufólks og bænda gagnvart hvort öðru að líkindum verið viðeigandi í flestum tilvikum. „Sambandi bænda og vinnufólks var þannig háttað að varla gátu komið upp átök milli þessara stétta sameinaðra. Hver vinnumaður og vinnukona stóðu í miklu nánara sambandi við húsbændur sína en við stéttarbræður og -systur á öðrum bæjum. Heimilið myndaði þar félagseiningu sem tryggði að kjaramál voru oftast einkamál bónda og vinnufólks hans, og frá fornu fari var lítið á tryggð og undirgefni hjúa sem sjálfsagða dyggð.“⁷⁰²

Engu að síður gat komið til átaka milli bænda og vinnufólks í sveitasamfélaginu. Dæmi um það var hið svokallað „Skrúfufélag“ vinnumanna í Fljótssdal um 1880 sem Kristján Jónsson Vopni lýsti í æviminningum sínum. „Eitt var enn sem mér þótti nýstárlegt í Fljótssdal. Það voru hinir svokölluðu „skrúfufundir.“ Þar voru margir vinnumenn, sem áttu fjölda fjár og hesta, en höfðu hins vegar – enginn – herra en 80 króna kaup, en það hrökk ekki til þess að þeir gætu haft gripastofn sinn á kaupinu, svo þeir vildu skrúfa kaupið upp í 100 krónur. Þeir höfðu fundahöld sín á milli um þetta mál; ekki vissi ég hvort þeir gátu komið kröfum sínum fram.“⁷⁰³ Þó þessi krafa vinnumannanna væri andstæð stigveldi dyggðasamfélagsins, þar sem undirsátar áttu að þekkja sinn sess, þá rúmaðist hún innan félagsgerðarinnar því markmið vinnumannanna var ekki að fá greitt í peningum heldur að geta haft stærri bústofn á fódrum og vera þannig betur undirbúnir fyrir eigin búskap síðar. En þegar svo var komið að sífellt fleira vinnufólk sá ekki framtíð sína í búskap, a.m.k. ekki á Íslandi, raskaðist afstaðan milli bænda og vinnufólks sem vildi uppskera meira fyrir vinnu sína og fá greitt í peningum til að eiga betri möguleika á að koma undir sig fótunum. Þessi röskun var ekki aðeins efnahagsleg heldur líka félagsleg því helsta stoð megindyggðar vinnufólks, undirgefnninnar, studdist við að þolinmæði og viðurkennd hegðun myndu með tímanum skila því í hóp bænda og húsmæðra.

Eftir að vistarbandið var losað varð vinnuaflosskortur víða í sveitum. Í byrjun 20. aldar var bæði reynt að stuðla að innflutningi erlends vinnufólks og gera menn út til að telja vesturfara á að snúa aftur heim. Hvorugt bar tilætlaðan árangur. Hugmyndir um þegnskylduvinnu voru af sama meiði. Ekki aðeins skorti vinnufólk heldur þótti sumum það sem bauðst ekki standa undir væntingum. Gremja vegna þessa kom m.a. fram í bréfum sem gengu milli fólks í fjölskyldunni í Stakkahlíð í Loðmundarfirði í byrjun 20. aldar. Í bréfi rituðu snemma árs 1904 kvartaði Sigurður Baldvinsson yfir því við Stefán bróður sinn að einu vinnumennirnir sem þá fengjust væru „dádlausir ræflar.“ Ingibjörg Stefánsdóttir, móðir þeirra bræðra, kvartaði yfir vinnukonum sínum í bréfi til Stefáns síðla vetrar 1904. Hún var þá með þrjár vinnukonur, eina eldri konu og tvær ungar stúlkur og fengu þær eftirfarandi umsögn: „kerlingin er hálfleiðinleg stelpurnar skeytingarlausar gálur.“ Af lýsingu Ingibjargar að dæma var staðan á heimilinu orðin enn verri tveimur árum síðar. Þá var aðeins ein vinnukona á bænum og gagnslítill að sögn Ingibjargar sem kvartaði undan versnandi heilsu og vinnuálagi sem væri að sliga hana. Hún yrði að þjóna þremur karlmönnum og vinna alls kyns hvímeið skítverk alla daga.⁷⁰⁴

Breyttir búskaparhættir í upphafi 20. aldar, með aflagningu fráfærna og tóskapar auk vélvæðingar, drógu úr vinnuafliþörf sveitanna. Skortur á vinnuafli hefur að líkindum átt sinn þátt í að knýja þessar breytingar.⁷⁰⁵ Dæmi um aðstæður sem bændur áttu við að etja upp úr aldamótum

⁷⁰² Gunnar Karlsson, „Atvinnubylting og ríkismyndun,“ 134.

⁷⁰³ „Úr æviminningum Kristjáns Jónssonar Vopna,“ 50.

⁷⁰⁴ *HerAust.* A6 187, 5. Bréf frá Sigurði Baldvinssyni til Stefáns Baldvinssonar, dags. 2. febrúar 1904; *HerAust.* A6 188, 2. Bréf frá Ingibjörgu Stefánsdóttur til Stefáns Baldvinssonar, dags. 22. mars 1904; *HerAust.* A6 188, 2. Bréf frá Ingibjörgu Stefánsdóttur til Stefáns Baldvinssonar, dags. 17. júní 1906.

⁷⁰⁵ Guðmundur Jónsson, *Vinnuhjú á 19. öld*, 76–77.

má sjá í bréfum sem Jón *Baldvin* Jóhannesson (1853–1942) í Stakkahlíð í Loðmundarfirði skrifaði Stefáni syni sínum um miðjan fyrsta áratug 20. aldar. Eins og margir bændur á þeim tíma stríddi Baldvin við erfiðan fjárhag en var á sama tíma að reyna að styrkja syni sína til náms. Hann hafði ekki efni á að ráða sér vinnufólk þó hann nauðsynlega þyrfti þess með.⁷⁰⁶ Megineinkenni bréfa Baldvins voru vangaveltur um framtíð búskapar í Stakkahlíð í samhengi við umræður um samfélagsþróun. Baldvin kvartaði yfir skorti á áhuga á félagastarfi sem stæði þróun sveitarinnar fyrir þrifum og gæti með tímanum leitt til að hún legðist í eyði.⁷⁰⁷ Búsetuskilyrðin ollu honum líka áhyggjum. „Ég sannfærist altaf betur um það hvað Loðmundarfjörður er að mörgu leiti illa settur bæði með harðindi og hafnleysi og fl. og því er slæmt að eiga hér fasteign og geta ekki losað sig við hana. Þegar mótorbáta úthald verður drifið á hinum fjörðunum í stórum stíl, verðum við hér alveg afturúr því hér verður ekki hægt að hafa þá því engin lending er til og þeim ekki óhætt að liggja hér heldur.“⁷⁰⁸ Baldvin sá þarna fyrir afdrif fastrar búsetu í Loðmundarfirði sem urðu þó ekki veruleiki fyrir en all löngu síðar. Af skrifum Baldvins má skilja að hann áleit að til að byggð héldist í fjörðum eins og Loðmundarfirði þyrfti bæði fjölbreyttara atvinnulíf og bætтар samgöngur. Í byggðarlögum við sjávarsíðuna þar sem samgöngur á landi voru erfiðleikum bundnar stóran hluta ársins var góð hafnaraðstaða lykilatriði til að byggð dafnaði.

4.1.3 Menntun og menning um aldamótin

Barnaskólar í stærstu bæjum og þorpum á Austurlandi voru að komast á fót um og upp úr aldamótunum 1900, fyrst í þéttbýlinu í Seyðisfirði og Vopnafirði. Í sveitahreppum var áfram stuðst við heimafræðslu og farkennslu.⁷⁰⁹ Í byggðarlögum sem voru að uppistöðu sveitir en með smáu en vaxandi þéttbýli var staðan nokkru flóknari. Það átti t.d. við um Breiðdal. Í sveitarblaðinu *Baldri* í Breiðdal árið 1907 lagði ritstjórn til stofnun barnaskóla, en vildi þó fara hægt í sakirnar. Af greininni má sjá að höfundar hennar álitu skólastofnun nauðsyn. Þeir gerðu sér hins vegar grein fyrir því að skólահald yrði bæði kostnaðarsamt og torvelt vegna stærðar sveitarinnar og að andstaða væri við stofnun skóla vegna þessa.⁷¹⁰

Ýmsar tilraunir til skólահalds ætluðu ungmennum voru gerðar á Austurlandi á rannsóknar-tímanum. Af þeim skólum sem hvað lengst störfuðu má nefna þann sem Guðrún Arnesen stóð fyrir á Eskifirði (1875–1882) og ungmennaskóla, á Fljótsdalshéraði og Seyðisfirði, sem Hákon Finnsson stóð fyrir (1907–1910).⁷¹¹ Hugmyndir um stofnun kvennaskóla á Austurlandi voru ítrekað reifaðar í austfirsku blöðunum, allt frá því á níunda áratug 19. aldar og út það tímabil sem hér um ræðir. Það mál kom líka inn á borð sýslunefnda Múlasýslna, en ekki varð af stofnun kvennaskóla á vegum opinberra aðila fyrir en löngu síðar þrátt fyrir útbreiddan stuðning við stofnun hans.⁷¹² Halldór Stefánsson getur kvennaskóla sem Guðlaug Eiríksdóttir Wium stofnaði á Seyðisfirði árið 1899. Guðlaug hafði menntast í Reykjavík og kennt við kvennaskólann í Ytri Ey tvo vetur. Hún rak skólann á Seyðisfirði aðeins tvo vetur, en giftist þá aftur (var ekkja) og fluttist burt.⁷¹³

⁷⁰⁶ *Her.Aust.* A6 188, 7. Bréf frá Jóni *Baldvin* Jóhannessyni til Stefáns Baldvinssonar, dags. 3. febrúar 1906.

⁷⁰⁷ *Her.Aust.* A6 188, 7. Bréf frá Jóni *Baldvin* Jóhannessyni til Stefáns Baldvinssonar, dags. 9. desember 1904.

⁷⁰⁸ *Her.Aust.* A6 188, 7. Bréf frá Jóni *Baldvin* Jóhannessyni til Stefáns Baldvinssonar, dags. 27. febrúar 1905.

⁷⁰⁹ Loftur Guttormsson, *Almenningsfræðsla á Íslandi*, 1:57–60, 62–65.

⁷¹⁰ *Her.Aust.* A6 324, 6. Baldur. Sveitarblað í Breiðdal 1905–1908. [Upphafsaávarp] Baldur 3:4 [1907, án blaðsíðutals].

⁷¹¹ Halldór Stefánsson, „Þættir úr sögu Austurlands á 19. öld,“ 149–150; Indriði Gíslason, *Skógargærðisbók*, 267–268; Hákon Finnsson, *Frá Brekkum á Rangárvöllum að Borgum í Hornafirði*, 123–124.

⁷¹² Dæmi um hvatningar til stofnunar kvennaskóla í austfirsku blöðunum fyrir aldamót eru: Arnbjörg Stefánsdóttir, „Meira um kvennaskóla,“ 19. nóvember 1886, 110–111; B., „Kvennaskólar,“ 30. júní 1892, 65; Austfirðingur, „Hollt er heima hvað,“ 21. mars 1894, 29–30; Jón Jónsson (frá Sleðbrjót), Jónas Eiríksson og Magnús Bjarnason, „Kvennaskólamálið – áskorun,“ 12. mars 1895, 26; „Um kvennaskóla,“ 2. mars 1895, 9–10; „Kvennafundurinn á Egilstöðum,“ 4. október 1895, 37–38; K.–r., „Skólamál Austfirðinga,“ 31. desember 1896, 45.

⁷¹³ Halldór Stefánsson, „Þættir úr sögu Austurlands á 19. öld,“ 151–156.

Einn skóli sem veitti ungmennamenntun var starfræktur á Austurlandi mestan hluta þess tímabils sem hér er til umfjöllunar. Það var Búnaðarskólinn á Eiðum sem stofnaður var árið 1883 og starfaði í rúma öld, lengstum sem alþýðuskóli en sem búnaðarskóli fram til ársins 1917. Aðdragandi að stofnun Eiðaskólans var nokkuð langur en stofnun búnaðarskóla kom fyrst til opinberrar umræðu á Þinghöfðafundi árið 1854. Tveir fyrstu skólastjórar Eiðaskólans, Guttormur Vigfússon og Jónas Eiríksson, voru upprunnir í Fljótsdal og höfðu ásamt tveimur sveitungum sínum farið til búnaðarnáms í Stend í Noregi árið 1875.⁷¹⁴ Starfsemi Eiðaskólans gekk erfiðlega fyrstu árin, reksturinn var erfiður og aðsókn að skólanum lítil, jafnvel þó í nágrenni hans byggi fjöldi ungra manna. Á ferð sinni um Austurland árið 1894 hafði Þorvaldur Thoroddsen viðkomu á Eiðum. Hann fór í *Ferðabók* sinni jákvæðum orðum um búnaðarskólann þar, sem hann sagði þó hafa átt örðugt uppdráttar. Þorvaldur taldi búnaðarskóla landsins hafa gert mikið gagn en hafa ekki nýst sem skyldi og ekki notið sannmælis í samfélaginu.

Efnaðir bændur senda sjaldan syni sína á búnaðarskóla, og þó yrðu skólarnir þá fyrst að verulegu gagni, þegar þeir sæktu þangað, sem á eftir hefðu bein í hendi til þess að framkvæma eitthvað og nota sér þekkingu þá, sem þeir hafa fengið á skólanum. Nú eru það helzt umkomulausir unglingar, fátækir vinnumenn og lausamenn, er læra á búnaðarskólunum. Þegar þeir svo fara að búa á eftir, fátækir og allslausir, þá geta þeir eðlilega ekkert framkvæmt sakir efnaleysis, en ófróður almúgi bendir svo á búskap þeirra, niðrar skólunum og segir, að þarna sé árangurinn, þeir séu búskussar og aumingjar og séu til engrar fyrirmyndar, skólarnir séu gagnslausir. Það er alengt að heyra þessar skökku ályktanir hjá gömlum bændum og jafnvel ungum, sem helzt vilja halda gamla laginu. Það er þægilegast að raska ekki værdinni.⁷¹⁵

Undir þessi orð Þorvaldar var tekið í *Mána*, blaði skólapilta við Búnaðarskólann á Eiðum, snemma árs 1902. Þar ræddi Jóhann P. Þórðarson (1874–1906) um alþýðumenntun og viðhorf til hennar. Jóhann taldi almenning jákvæðari gagnvart gagnfræðaskólum en búnaðarskólum. Þeir væru talaðir niður því fólk sæi að afkoma nýútskrifaðra búfræðinga væri ekkert betri en annarra bænda því margir búfræðingar væru efnalitlir þegar þeir kæmu frá námi og gætu því lítið framkvæmt. Ekki hjálpaði svo til að margir búnaðarskólanemar kæmu illa undirbúnir í skólana og hefðu því minna gagn af náminu en ella.⁷¹⁶ Í grein í næsta tölublaði *Mána* benti Elliði G. Norðdal (1878–1912) á að inntökuskilyrði í búnaðarskólana væru of væg og því ekki við því að búast að allir sem frá þeim útskrifuðust stæðu undir nafni sem búfræðingar. Það leiddi líka til þess að verja þyrfti drjúgum hluta námstímans í gagnfræðanám sem væri nauðsynleg undirstaða búfræðinámsins.⁷¹⁷ Sigurður Björnsson (1883–1932) var sammála skólabræðrum sínum, Jóhanni og Elliða og kallaði eftir því að efnaðir bændur sendu syni sína í ríkari mæli í búnaðarskóla en margir þeirra virtust fremur vilja mennta syni sína til annarra starfa.⁷¹⁸

Veruleg auking varð á ferðum Íslendinga til náms eða starfs í Danmörku undir lok 19. aldar. Einkum var það yngra fólk sem þá fór en flest sneri það aftur til Íslands. Um miðjan tíunda áratug 19. aldar var talið að um 500 Íslendingar væru í Kaupmannahöfn, um helmingur þeirra konur.⁷¹⁹

⁷¹⁴ Halldór Stefánsson, „Þættir úr sögu Austurlands á 19. öld,“ 88–91. Árið 1871 fór Sveinn Sveinsson frá Brekkuborg í Mjóafirði (síðar skólastjóri Búnaðarskólans á Hvanneyri) til búnaðarnáms í Stend.

⁷¹⁵ Þorvaldur Thoroddsen, *Ferðabók*, 3:291–292.

⁷¹⁶ *Her.Aust.* Stofn 4/Eisk 51, 3. Búnaðarskólinn á Eiðum. „Um búnaðarskóla og gagnfræðaskóla. Hvort er betra að ganga á gangfræðaskóla eða búnaðarskóla,“ *Máni* 2:16 (14. febrúar 1902), 252–261.

⁷¹⁷ *Her.Aust.* Stofn 4/Eisk 51, 3. Búnaðarskólinn á Eiðum. Elliði G. Norðdal, „Sundurlausir þankar,“ *Máni* 2:17 (21. febrúar 1902), 268–279.

⁷¹⁸ *Her.Aust.* Stofn 4/Eisk 51, 3. Búnaðarskólinn á Eiðum. Sigurður Björnsson, „Búfræðingar,“ *Máni* 2:18 (1. mars 1902), 284–293.

⁷¹⁹ Guðjón Friðriksson og Jón Þ. Þór, *Kaupmannahöfn sem höfuðborg Íslands*, 2:384–385.

Eftir aldamót fór ungt fólk á Austurlandi í sífellt meiri mæli að sækja sér menntun út fyrir fjórðunginn, bæði innanlands og til útlanda. Sú menntasókn var ein fjölmargra birtingarmyndar breyttrar samfélagsgerðar, þar sem tækifæri til náms og vinnu urðu fjölbreyttari og á færi fleira fólks en áður að bera sig eftir þeim. Þessi þróun olli þó mörgum sem eftir sátu áhyggjum. Dæmi um það má sjá í bréfum Guðrúnar Kristjánsdóttur (1850–1924) húsfreyju á Þorgrímsstöðum í Breiðdal sem hún skrifaði vinkonu sinni Ingibjörgu Hóseasdóttur (1867–1958) frá Jórvið í sömu sveit, sem þá var flutt til Vesturheims. Í bréfi sem Guðrún ritaði vorið 1909 sagði hún: „Rósa á Ósi og Beta á Brekkuborg fóru báðar suður til Reykjavíkur í haust, að læra fata saum. Það fer mesti fjöldi af ungum stúlkum og ungum piltum, víðsvegar til lærdóms, enda þó kvartað sje stórum, um peninga þraung.“⁷²⁰ Guðrún gat í mörgum bréfa sinna til Ingibjargar um svipuð dæmi og voru það oftast konur sem hún nefndi að hefðu farið til náms. Menntasóknin hafði áhrif á vinnuhjúahald á Þorgrímsstöðum því ein vinnukvenna Guðrúnar fór í ljósmóðurnám og ekki fékkst önnur í hennar stað. Árið 1913 ræddi Guðrún sama efni og sagði þá frá námi pílts af nágrannabæ, Stefáns Einarssonar á Höskuldsstöðum (síðar prófessors við Johns Hopkinsháskóla í Baltimore). „Hann á að verða einhver lærdomsmaður, en ekki bóndi á Höskuldsstöðum. Það er nú eins og sá hugsunarháttur sje orðinn ríkjandi hjá flestum, að vilja *ekki* byrja búskap í sveit.“⁷²¹

Skipulagt menningarstarf í sveitum um og upp úr aldamótum einkenndist af menningarviðburðum sem starfandi félög stóðu fyrir. Snemma á 20. öld var algengt, þar sem ekki voru komin félagsheimili, að kirkjur væru notaðar til veraldlegs samkomuhalds, t.d. fyrirlestra, söngskemmtana og tónleika.⁷²² Um menningu í sveitasamfélögum hefur þegar verið fjallað fyrr í ritgerðinni (sjá kafla 3.2) og um félagastarf í austfirskum sveitum er fjallað í kafla 4.4. Hér verður sjónum því beint að menningu og bærarbrag tveggja stærstu austfirsku bæjanna.

Seyðisfjörður var á síðasta áratug 19. aldar og fram á annan áratug 20. aldar í beinu og reglulegu sambandi við nágrannalöndin og í bænum bjó fjöldi útlendinga. Í þeim hópi voru Norðmenn fjölmennastir. Kaupstaðurinn bar um það leyti meir svipmót landnemabæja Norður-Ameríku en annarra íslenskra kaupstaða, t.d. Akureyrar. Þótt Akureyrarkaupstaður væri í örum vexti um aldamót var hann ólíkur „landnemabænum“ eystra. Á Akureyri var gamalgróin embættis- og kaupmannastétt sem setti mikinn svip á bærarbraginn og hlutfall útlendinga meðal íbúa var mun lægra en eystra. Á Akureyri var Gránufélagið umsvifamikið á síðasta fjórðungi 19. aldar og Kaupfélag Eyfirðinga í upphafi 20. aldar, bæði rekin af Íslendingum og með sterkar rætur í sveitunum.⁷²³

Þorsteinn Erlingsson (1858–1914) skáld og ritstjóri bjó á Seyðisfirði á árunum 1896–1900 og ritstýrði blaðinu *Bjarka*. Hann lýsti bærarbrag og vexti Seyðisfjarðarkaupstaðar um aldamótin í greinum sem birtust í tímaritinu *Eimreiðinni* árin 1902 og 1903. Þorsteinn sagði marga Austfirðinga af eldri kynslóðinni ekki kunna við „hversu fljótt Seyðisfjörður hefir „komist upp á hornið“, og svo finst þeim bragðið að honum útlenzkt, að minsta kosti óíslenzkt.“⁷²⁴ Þó íbúar af erlendum uppruna hafi um aldamótin verið um áttundi hluti íbúa Seyðisfjarðarkaupstaðar taldi Þorsteinn þá svo áberandi að halda mætti að þeir væru þriðjungur. Því ylli staða þeirra og atvinna. Hann sagði aðgreiningu innan bæjarins fremur vera persónubundna en bundna þjóðerni og lagði ríka áherslu á að sambúð fólks af ólíkum þjóðernum gengi vel og útlendingarnar væru almennt vel talandi á íslensku. Þeir hefðu sett svip á atvinnulíf og sæjust þess merki út fyrir Seyðisfjörð.⁷²⁵

⁷²⁰ Lbs. 3849 4to. Bréf frá Guðrúnu Kristjánsdóttur til Ingibjargar Hóseasdóttur, dags. 8. apríl 1909.

⁷²¹ Lbs. 3849 4to. Bréf frá Guðrúnu Kristjánsdóttur til Ingibjargar Hóseasdóttur, dags. 21. febrúar 1913.

⁷²² Hjalti Hugason, „Kristnir trúarhættir“, 157.

⁷²³ Ólafur R. Einarsson, *Upphaf íslenskrar verkafjösbreyfingar 1887–1901*, 70; Jón Hjaltason, *Saga Akureyrar*, 2:207–231.

⁷²⁴ Þorsteinn Erlingsson, „Seyðisfjörður um aldamótin 1900“, 190.

⁷²⁵ Þorsteinn Erlingsson, „Seyðisfjörður um aldamótin 1900“, 191–195.

Í sjálfsævisögu sinni lýsti Matthías Þórðarson (1872–1959) samfélaginu í Seyðisfjarðarkaupstað um aldamótin og er sú lýsing um margt samhljóða frásögn Þorsteins, t.a.m. hvað varðar blöndun þjóðerna og góða sambúð Íslendinga og útlendinga. Kaupstaðurinn var þrískiptur og að sögn Matthíasar bjuggu einkum Danir á Öldunni, Norðmenn og nokkuð af Íslendingum á Búðareyri en Vestdalseyri var eingöngu byggð Íslendingum. Matthías hélt því hins vegar fram að málið sem mest var talað í bænum hefði verið „norsk-danska“ en íslensku lítið gætt utan Vestdalseyrar.⁷²⁶ Þó þessi blöndun þjóðerna hafi líklega verið meiri á Seyðisfirði en í nokkrum öðrum íslenskum kaupstað um og upp úr aldamótum, þá var hún ekki einsdæmi. Íris Ellenberger sagnfræðingur lýsir því bæði í doktorsritgerð sinni og í grein í tímaritinu *Sögu* árið 2017 hvernig bæjarmenning Reykjavíkur var á fyrstu árum 20. aldar opin gagnvart fólki frá öðrum löndum og þar blandaðist saman menning útlendinga, aðflutts sveitafólks og innfæddra borgara. Það var ekki fyrr en árið 1920 sem Alþingi setti fyrst lög um útlendinga.⁷²⁷

Bæjarbragur í Eskifjarðarkaupstað, um og upp úr aldamótunum 1900, var nokkuð frábrugðinn svipmóti Seyðisfjarðarkaupstaðar á sama tíma, ef marka má lýsingu Thors J. Brand (1888–1986) á bæjarbrag og „stéttaskiptingu“ á Eskifirði sem birtist í endurminningum hans, sem Vilhjálmur S. Vilhjálmsson skráði. Thor hét upphaflega Þórarinn Íseld og var alinn upp á Eskifirði. Hann sagði bæjarbúa þar um aldamótin hafa greinst í þrjá hópa og réðu titlar eiginkvenna skiptingunni. Taldi Thor það til marks um að þær hafi verið megináhrifavaldar á að viðhalda þessari aðgreiningu.

Fyrst er þá að nefna „háadalinn“, en í honum voru taldir kaupmenn, faktorar, sýslumaður og lækni, en konur þessara heldrimanna voru nefndar **frúr**. Næstur kom „lágaðallinn“. Í honum voru svokallaðir millistéttarmenn, en í þeim flokki lenti fríkirkjupresturinn, stórbændur, formenn, útgerðarmenn og undirtyllur í skrifstofum. Í þessum hópi voru flestir erlendir menn, sem búsettir voru á Eskifirði, og þar af leiðandi tilheyrðu foreldrar mínir þessum flokki [faðir Thors var danskur og móðir hans hálfðönsk]. Konur „lágaðalsmanna“ voru nefndar **maddömur**. Loks komu svo þurraðarmennirnir, en eiginkonur þeirra voru réttar og sléttar konur – alltaf kenndar við menn sína.⁷²⁸

Þrátt fyrir þessa aðgreiningu eftir samfélagslegri stöðu sagði Thor sambúð bæjarbúa almennt hafa verið góða og aðgreininguna ekki áberandi í daglegum samskiptum, þó samheldni væri með fólki úr ákveðnum starfsstéttum, t.d. kaupmönum.

Þorsteinn Erlingsson gerði mikið úr gestrisni á Seyðisfirði og almennt í Norður-Múlasýslu, bæði meðal innfæddra og aðfluttra, sveitamanna sem bæjarbúa. Í heimsóknum ræddi fólk saman frjállega og einarðlega „sem aldrei næst með þurrum og stirðgengum fundarhöldum, því þangað koma Seyðisfirðingar albrynjaðir eins og aðrir og skilja vanalega samvitzkurnar eftir heima, þeir sem þær eiga.“⁷²⁹ Annars gaf Þorsteinn heldur lítið fyrir skipulagt félagslíf og menningarviðburði í bænum. Helstu viðburðir á veturnum væru ef „eitthvert aðskotadýr biðji um Bindindishúsið“ til að halda þar fyrirlestur. En hann taldi þó að aukið félagastarf væri á döfinni enda nóg af félagslyndum mönnum á staðnum sem gætu auðgað félagslífið tækju þeir höndum saman. Sá spádómur Þorsteins virðist hafa átt við rök að styðjast ef marka má frásögn Halldórs Stefánssonar sem flutti til Seyðisfjarðar úr Fljótsdal árið 1903 og bjó þar til ársins 1908. Í sjálfsævisögu sinni gerði Halldór mikið úr styrk félagslífs á Seyðisfirði á þeim árum sem hann bjó þar og sagði m.a. frá starfsemi fimm félaga sem þá störfuðu í bænum og hann var þátttakandi í.⁷³⁰

⁷²⁶ Matthías Þórðarson, *Lítið til baka*, 1:188–189.

⁷²⁷ Íris Ellenberger, „Kerfisvæðing flóttans“, 22–23, 27.

⁷²⁸ Vilhjálmur S. Vilhjálmsson, *Heim til Íslands*, 31.

⁷²⁹ Þorsteinn Erlingsson, „Seyðisfjörður um aldamótin 1900“, 100.

⁷³⁰ Halldór Stefánsson, *Ævislóð og mannaminni*, 86–87, 90.

Þegar lesið er lengra í frásögn Þorsteins Erlingssonar kemur fram að félagslíf í bænum var allnokkuð, þó Þorsteini þætti það ekki nóg. Spila- og dansfundir voru haldnir á hótélum bæjarins um og fyrir aldamótin og bæði leikfélag bæjarins og Kvenfélagið Kvik stóðu fyrir viðburðum sem stytta fólk stundir í skammdeginu. Í bænum var einnig nokkuð fjölmennt lestrarfélag sem studdi við að bæjarbúar gætu kynnst ýmsu því nýjasta úr skáldskap Dana og Norðmanna, sem og fræðslu- og skemmtiefni sem gefið væri út á íslensku. Þorsteinn var hins vegar neikvæður gagnvart Bókasafni Austuramtsins, sem var stofnað árið 1892. Þó þar væri megnið af þeim ritum sem Bókmenntafélagið og Þjóðvinafélagið höfðu þá gefið út, sagði Þorsteinn þar fátt af góðu erlendu efni. Hins vegar mætti þar finna „sumt af lélegasta ruslinu úr bókagerð Dana“ sem fæstir þarlendra hefðu litið við og hefði legið að mestu óselt.⁷³¹

Um samfélagsgerð Seyðisfjarðarkaupstaðar sagði Þorsteinn að þar væri hvorki embættis- né bæjaraðall og því „oflítill hefðarmunur“ til að skapa félagslega aðgreiningu. Ástæða þessa var að hans mati sú „að bæjarbúar hér eru, að kalla má, foknir saman úr öllum áttum, og hér er nálega enginn innborinn eldri manna eða borgara.... Eftir þekkingu minni og spurnum af öðrum bæjum og þorpum á Íslandi, hygg ég að þessi einkennilegi mannjöfnuður sé nokkuð einstakur hér og sé eitt af því sem gefur lífinu hér dálítið sérstakan svip og bænum sérstakan brag.“⁷³² Af orðum Þorsteins og því vægi sem þessi lýsing fær í frásögn hans má draga þá ályktun að hið gagnstæða hafi verið venjan í öðrum bæjum (og líklega einnig sveitum), þ.e. að félagsleg aðgreining hafi verið skýr og byggst á stöðu, efnahag og ætterni.

4.2 Félagsleg aðgreining og valdaafstæður í nærsamfélögum

Konur bjuggu við augljósa félagslega aðgreiningu í íslensku samfélagi 19. aldar. Sú aðgreining studdist ekki aðeins við venjur og eðlishyggju heldur var líka með ýmsum hætti bundin í lög. Þessi aðgreining hafði það illa dulda hlutverk að halda konum „á sínum stað“ (sem húsmæður og vinnukonur). Hún hefti möguleika þeirra til fjölbreyttrar atvinnu og menntunar umfram lögbundið skyldunám og takmarkaði ferðafrelsi flestra þeirra. Þátttaka kvenna í íslensku almannarými var afar lítil þar til á síðustu tveimur áratugum 19. aldar, þegar það tók að þenjast út. En þó konur tækju að stíga inn í almannarýmið á þessum tíma voru þær hlutfallslega fáar í samanburði við karla og félögum sem bæði kynin höfðu aðgang að var yfirleitt stýrt af körlum. Ríkjandi viðhorf í íslensku samfélagi fram til loka 19. aldar gerðu ráð fyrir að konur ættu að stefna að því að komast í hjónaband, eignast og ala upp börn. „Völd þeirra náðu eingöngu til barnauppeldis og matargerðar en að öðru leyti voru þær háðar vilja og valdi eiginmanna sinna.“⁷³³ Þær sem ekki náðu því markmiði að giftast og stofna fjölskyldu urðu flestar að setta sig við ævilanga vinnumennsku eða láglounastörf í þéttbýli. Doxa íslenska sveitasamfélagsins gerði ekki ráð fyrir að konur störfuðu sjálfstætt, með þeirri undantekningu að um væri að ræða ekkjur sem stæðu fyrir heimili. Sjálfstæðar konur töldust ógn við samfélagsgerðina.⁷³⁴

4.2.1 Félagslegur hreyfanleiki: möguleikar og hindranir

Á síðustu tveimur áratugum 19. aldar réðu karlar, sem ekki höfðu búsforráð (einkum ungir karlar), sig í vaxandi mæli í önnur störf en vinnumennsku, t.d. kaupamennsku hjá bændum, sjómennsku, kennslu, smíðar, vegghleðslur o.s.frv. Þó það viðhorf væri ríkjandi í sveitasamfélaginu að fólk ætti

⁷³¹ Þorsteinn Erlingsson, „Seyðisfjörður um aldamótin 1900,“ 100–101, 105.

⁷³² Þorsteinn Erlingsson, „Seyðisfjörður um aldamótin 1900,“ 190–191.

⁷³³ Erla Hulda Halldórsdóttir, *Núttímans konur*, 205.

⁷³⁴ Sigríður Kristín Þorgrímsdóttir, „Misstu þær marksins rétta?“ 43–44, 127–128.

að vera sjálfu sér nægt og sjálfbjarga um flest var engu að síður vaxandi eftirspurn eftir sérhæfðu vinnuafli. Það átti ekki aðeins við um bæi og þorp.

Í grein í tímaritinu *Sögu* gerði Erla Hulda Halldórsdóttir vaxandi atvinnufrelsi undir lok 19. aldar að umtalsefni og komst að þeirri niðurstöðu að það hefði einkum verið á færi karla að njóta þess. Hún tilfærir þó dæmi um konu sem starfaði sjálfstætt á þessum tíma, Arnbjörgu Stefánsdóttur (1853–1937) frá Stakkahlíð í Loðmundarfirði, sem m.a. hafnaði bónorði árið 1889 á þeim forsendum að hún vildi reyna að vera sjálfstæð (nánar er fjallað um Arnbjörgu í kafla 4.5.1).⁷³⁵ Önnur austfirsk kona sem starfaði sjálfstætt undir lok 19. aldar var Pálína Waage (1864–1935). Hún fór sautján ára gömul í skóla Guðrúnar Arnesen á Eskifirði. Tvítug lærði Pálína ensku, sem virðist hafa verið liður í undirbúningi undir ferð hennar til Kanada. Hún flutti vestur árið 1889 en kom aftur til Íslands árið 1893. Eftir heimkomuna gerði Pálína út fiskibát frá Mjóafirði samhliða því að stunda barnakennslu. Pálína giftist Eyjólfu Waage árið 1894 og fluttust þau til Seyðisfjarðar þar sem þau bjuggu eftir það og stunduðu verslun og veitingarekstur.⁷³⁶ Þó hér séu tekin dæmi af tveimur austfirskum konum sem náðu að starfa sjálfstætt til lengri tíma virðist slíkt þó engu að síður hafa verið undantekning í íslensku samfélagi um og fyrir aldamótin 1900. Í fyrrnefndri grein velti Erla Hulda fram þeirri spurningu hvort fleiri konur undir lok 19. aldar hefðu valið sjálfstæði hefðu þær átt þess kost að framfleyta sér sjálfar.⁷³⁷ Líklegt verður að telja að óvissa um framfærslu ásamt rötgrónum hugmyndum um samfélagslega stöðu kvenna hafi hvort tveggja verið til þess fallið að halda aftur af konum að taka það skref, viðhalda undirskipun þeirra í samfélaginu og halda þeim frá möguleikum sem stóðu körlum til boða í vaxandi mæli.

Árið 1999 kom út bókin *Elskulega móðir mín, systir, bróðir, faðir og sonur: Fjölskyldubréf frá 19. öld*. Meginefni hennar eru bréf sem gengu milli hjónanna Jóns Jónssonar Borgfirðings og Önnu Guðrúnar Eiríksdóttur og barna þeirra, Finns, Klemensar, Guðrúnar, Ingólfs, Vilhjálm og Guðnýjar. Sigrún Alba Sigurðardóttir sagnfræðingur, sem sá um útgáfuna, setti bréfaskrifturnar í sögulegt og fræðilegt samhengi, auk þess að rekja lífshlaup fjölskyldumeðlima og draga upp mynd af persónum þeirra eins og þær birtast í bréfunum.⁷³⁸ Efni bókarinnar er áhugavert í samhengi þessarar rannsóknar, þó sögusviðið sé að mestu utan Austurlands. Bókin dregur upp mynd af hjónum sem voru hvorki bláfátæk né velmegandi, heldur í áþekktum efnum og meginþorri íslenskra hjóna á þeim tíma. Fjölskyldan hafði sterka sameiginlega sjálfsmynd og var samtaka í því að bæta stöðu sína í samfélaginu með því að auka félags-, menningarlegt og táknrænt auðmagn sitt. Efni bréfanna dregur líka fram þá félagslegu aðgreiningu sem var í íslensku samfélagi undir lok 19. aldar og í upphafi 20. aldar, milli meginþorra landsmanna og fámenns hóps hinna betur megandi.

Jón Borgfirðingur naut sjálfur lítillar formlegrar menntunar en lagði ríka áherslu á að synir hans menntuðust. Hann leit á sig sem fræðimann og var vinur og samstarfsmaður mennta- og frammámanna í samfélaginu. Um lífsviðhorf Jóns sagði Sigrún:

Jón hafði ofurtrú á skynseminni sem lausn alls vanda. Hann lagði því mikla áherslu á að börn hans höguðu lífi sínu skynsamlega í stað þess að láta tilfinningarnar ráða. Í huga Jóns fór það saman að haga sér skynsamlega og að haga sér í samræmi við formgerðir samfélagsins; það er þær almennu hegðunarreglur sem byggjast á ríkjandi gildismati. Þannig taldi hann börn sín eiga betri möguleika á að komast áfram í stéttskiptu þjóðfélaginu og hefja sig upp úr fátæktinni.⁷³⁹

⁷³⁵ Erla Hulda Halldórsdóttir, „Að vera sjálfstæð“, 80.

⁷³⁶ Sigríður Matthíasdóttir og Þorgerður Einarsdóttir, „Auðmagn sem erfist og kynslóðir vesturfarakvenna“, 202, 205–206.

⁷³⁷ Erla Hulda Halldórsdóttir, „Að vera sjálfstæð“, 81.

⁷³⁸ Sigrún Alba Sigurðardóttir, *Elskulega móðir mín, systir, bróðir, faðir og sonur*, 12–32.

⁷³⁹ Sigrún Alba Sigurðardóttir, *Elskulega móðir mín, systir, bróðir, faðir og sonur*, 14–15.

Þess útlegging á lífssýn Jóns Borgfirðings sýnir mann sem leitaði leiða til árangurs sem byggðu ekki á andspyrnu eða andófi gegn samfélagsgerðinni heldur á aðlögun og tilburðum til að hagnýta sér hana. Þetta viðhorf var í grunninn íhaldssamt og í anda dyggðasamfélagsins og doxa íslensks samfélags þessa tíma, en þó með þeirri afgerandi undantekningu að setta sig ekki við stöðu sína innan samfélagsins heldur reyna með útsjónarsemi og dugnaði að búa þannig í hagin fyrir syni sína að þeir kæmust ofar í stigveldi ríkjandi samfélagsgerðar.

Í bréfunum birtast ekki aðeins viðhorf fjölskyldunnar, vonir og væntingar, heldur endurspeglast líka í þeim viðhorf samfélagsins til fjölskyldunnar og einstakra meðlima hennar því „velgengni eins úr hópnum hafði áhrif á viðhorf almennings til fjölskyldunnar allrar sem leit á sig sem eina heild.“⁷⁴⁰ Sigrún ræddi m.a. neikvæð viðbrögð samfélagsins í Reykjavík við því að elstu bræðurnir, Finnur (síðar prófessor í Kaupmannahöfn) og Klemens (síðar sýslumaður, landritari og ráðherra), fóru í háskólanám. Félagslegur hreyfanleiki og metnaður fyrir því að rísa hærra í stigveldisskiptu samfélagi var ekki endilega vel séður, hvorki meðal hærra né lægra settra. Fram á síðustu áratugi 19. aldar (og jafnvel lengur) var almennt litið á framhaldsmenntun pilta sem leið til embætta, betri afkomu og hærri sess í samfélaginu. En embættin sem voru til staðar voru ekki ótakmörkuð auðlind og því viðbúið að þær fjölskyldur sem áttu sína fulltrúa í þeim hafi reynt að viðhalda stöðu sinni og það hafi m.a. birst sem tilhneiging til að halda „lægra settum“ frá möguleikum til embætta. En andstaða gagnvart menntasókn alþýðu gat líka komið úr hennar eigin ranni.

Guðrún Borgfjörð var í miklum samskiptum við borgara í Reykjavík á árunum 1885–1889. Þau samskipti einkenndust bæði af ásókn Guðrúnar í félagsskap þeirra en líka af varnarstöðu gagnvart þeim. „Afstaða Guðrúnar til betri borgara var í meira lagi tvíþent. Hún fyrirleit borgarastéttina um leið og hún leitaðist við að tileinka sér hugsunarhátt þessa fólks og ýmsa þá siði sem féllu henni í geð.“⁷⁴¹ Þó fjölskylda Guðrúnar Borgfjörð hafi búið fjarri Austurlandi og í samfélagi (Reykjavík) sem var verulega frábrugðið austfirskum samfélögum (að Seyðisfirði undanskildum) er efni bókarinnar engu að síður gagnlegt fyrir þessa rannsókn. Fyrir það fyrsta eru bréfin í bókinni skrifuð innan þess tímabils sem þessi rannsókn tekur til og lýsa íslensku samfélagi þess tíma. Það sem er þó mikilvægast er greining á lífssýn fjölskylduföðurins sem aðrir fjölskyldumeðlimir virðast hafa tileinkað sér. Hún byggði á stigveldisskiptu dyggðasamfélagi þessa tíma, þar sem dugnaður, útsjónarsemi og þrautseigja voru álitin lyklar að árangri. Samheldni og innbyrðis stuðningur innan fjölskyldu og það að líta á frama og hag skyldra einstaklinga sem sameiginlegan en ekki einkamál hvers fjölskyldumeðlims, eru auk þess gildi sem ríma við samfélagssýn 19. aldar þar sem heildarhyggja var ríkjandi en einstaklingshyggja almennt litin hornauga.

Austfirskt samfélag rannsóknartímans var að mestu sveitasamfélag en þar var líka að finna félagslega aðgreiningu, þó birtingarmyndir hennar væru nokkuð aðrar en þær sem lýst er í fjölskyldubréfunum sem Sigrún Alba Sigurðardóttir fjallaði um. Persónulegar heimildir sem fjalla um Austurland þessa tíma víkja sumar að félagslegri aðgreiningu, en þeir vitnisburðir eru flestir mjög brotakenndir. Á því má þó finna afgerandi undantekningu, en það eru skrif Guðmundar Jónssonar frá Húsey bæði í sendibréfum og ritgerðum.

Guðmundur var mjög opin skár á efri árum um vonbrigði sín yfir því að fara á mis við formlega menntun sem ungur maður. Hann taldi skort á skólagöngu megináhrifavald á samfélagsstöðu sína og það að lífsbarátta hans varð harðari en ella. Í bréfum sínum og ritgerðum ræddi Guðmundur ekki aðeins um eigin stöðu heldur einnig um vini sína og kunningja sem ólust upp við áþekkar aðstæður og hann sjálfur. Dæmi um það voru skrif hans um Björn Þorkelsson (1880–1959) í Hnefilsdal á Jökuldal, sem Guðmundur átti í reglulegum bréfaskiptum við. Björn var bóndi en í

⁷⁴⁰ Sigrún Alba Sigurðardóttir, *Elskulega móðir mín, systir, bróðir, faðir og sonur*, 189.

⁷⁴¹ Sigrún Alba Sigurðardóttir, *Elskulega móðir mín, systir, bróðir, faðir og sonur*, 241.

bréfum hans til Guðmundar var hugurinn bundinn við „æðri vísindi“ og taldi Guðmundur að Björn hefði með réttu átt að verða vísindamaður. „Svona er það með okkur marga sem ólumst upp í fátækt. Við lentum á skakka hillu í lífinu og urðum því að litlum notum.“⁷⁴²

Í bréfi til Magnúsar Petersons bóksala í Norwood (Manitoba) rakti Guðmundur lífshlaup sitt frá æskuárum í stuttu máli og má sjá af biturri lýsingu hvernig erfiðar heimilisaðstæður, fátækt og áföll skópu farveg lífs hans.

Jeg átti engan kost á að læra neitt, eða fara neitt að heiman. Varð að kúldrast heima við að hirða grípi, og vinna hvað sem jeg var maður til, sem var mjer flest þvert um hug. Varð að beygja stórt skap fyrir vanstylingu annara og brjóta á móti eðlisfari mínu að flestu leyti. Fór svo að búa án þess að hafa löngun eða hæfileika til þess, en hafði smíðar og bóknám í hjáverkum, og komst lítið áfram í neinu. Konunni var það mest að þakka að búskapurinn gekk vonum betur. Svo hlóðust á mig öll þau opinber störf sem hægt var að koma á bónda í sveitinni, því ekki var á færum mönnum vól. Þau töfðu mig frá smíðum og heimaverkum, en þeim átti jeg það að þakka að jeg mátti til að afla mjer meiri þekkingar, en jeg hafði áður fengið, og þau æfðu mig í að hugsa og rita. Svo kom þessi „hjeraðsbrestur“ eins og í draumi Víga-Glúms. Jeg varð útlægur að mínum eigin dómi, því jeg gat ekki hugsað til að verða öðrum til þyngsla, þar sem jeg hafði áður notið trausts og mannvirðinga. – Síðan finnst mjer jeg aldrei hafa getað staðið upprjettur, eða föstum fótum. Hef því bælt skapið, og optast dregið mig í hlje. – Jeg nýt mín skást þegar jeg skrifa. – Þau fóru illa með mig fyrstu 15 árin sem jeg var í þessu landi. Þá barðist jeg við fátækt með þunga fjölskyldu. Vann eins og húðarklár hjá öðrum, skrifaði svo sem ekkert, og las fátt mjer til gagns. Hafði litla umgengni við aðra en sauðsvarta heimskinga, og – Hver dregur dām af sínum sessunaut. Þegar þetta lagaðist þá var jeg orðinn of gamall. – Og svona er jeg nú. Þú þekkir mig betur en flestir aðrir, en berð mjer þó of vel söguna. Jeg var brúklegt efni, en illa hagnýtt, að mestu mjer sjálfum að kenna.⁷⁴³

Afleiðing þeirra erfiðleika sem Guðmundur bjó við í uppvextinum var sú að hann vantreysti eigin getu og hæfileikum, sem hélt aftur af honum að leita tækifæra.⁷⁴⁴ Sú bæling eigin langana og skapsmuna sem einkenndu æsku- og unglingarárin virðast því ekki aðeins hafa haft áhrif á hver varð starfsvettvangur Guðmundur heldur ekki síður haft mótandi áhrif á sjálfsmynd hans og framkomu.

Guðmundur ræddi bæði í sendibréfum og sjálfsævisögu sinni um stöðu jafnaldra sinna í Jökulsárhlíð og Hróarstungu og hver afdrif þeirra urðu. Í sjálfsævisögunni sagði Guðmundur: „Þeir urðu flestir bændur, þessir jafnaldrar mínir, sem eg hef hér talið; voru flestir vel skynsamir, dugandi menn og góðir drengir; en enginn þeirra varð vel menntaður eða pennafær. Ekki varð neinn þeirri heldur áhrifamikill til framfara eða brautryðjandi í verklegum efnum. Þeir urðu aðeins góðir bændur og vantaði foringja.“⁷⁴⁵ Af orðum Guðmundar að dæma var ekki að vænta framþróunar í íslenskum sveitasamfélögum undir lok 19. aldar ef foringja skorti og undirstrikar sú ályktun að stigveldisskipting samfélagsins lifði enn góðu lífi á þeim tíma. Lýsingu Guðmundar má líka skilja svo að bændur, sem þó gegndu leiðtogahlutverki á heimilum sínum, höfðu fullan þegnrétt og sátu jafnvel í hreppsnefndum og sóknarnefndum sinna sveita, hafi almennt ekki verið líklegir til að taka forystu um almenn mál utan starfssviðs lýðræðisstofnana þó þeir kynnu að vera áhugasamir um ýmis konar framfarir. Einhver varð að vera leiðtogi og ef engum var til að dreifa að taka það hlutverk að sér varð niðurstaðan kyrrstaða. Guðmundur markaði ákveðin skil við árin fyrir og eftir aldamótin en þá hafi fleiri farið að taka forystu í sveitunum, bæði í félagslífi og atvinnuþróun.

⁷⁴² Lbs. 4612 4to. Bréf frá Guðmundi Jónssyni (frá Húsey) til Björns Hallssonar (á Rangá), dags. 10. júlí 1938. Björn Þorkelsson fékkst auk bústarfa við barna- og unglingakennslu á Jökuldal í byrjun 20. aldar.

⁷⁴³ Lbs. 4384 4to. Bréf frá Guðmundi Jónssyni (frá Húsey) til Magnúsar Petersons, dags. 29. janúar 1937.

⁷⁴⁴ Lbs. 4384 4to. Bréf frá Guðmundi Jónssyni (frá Húsey) til Magnúsar Petersons, dags. 26. mars 1933.

⁷⁴⁵ Guðmundur Jónsson (frá Húsey), „Minningaþættir Guðmundar í Húsey,“ 95.

Það voru þó ekki aðeins aðstæður og fátækt í uppvextinum sem höfðu áhrif á félagslega stöðu Guðmundar sem fullorðins manns og bjargálna bónda í Húsey. Hann ræddi hvernig efnahagur var stór áhrifavaldur á umgengni fólks við hvert annað og byggði þar bæði á eigin reynslu og á reynslu Jóns bróður síns meðan þeir bjuggu á Íslandi.

Jeg þekki það líka af eigin reynslu að þegar illa lítur út með fjárhaginn, þá fækka vinirnir ótrúlega fljótt, og mannvirðingar hverfa eins og í þoku. Jeg átti eitt sinn fjölda vina, – að jeg hugði; – og naut mannvirðinga, líklega meiri en jeg átti skilið. En svo komst það orð á að jeg væri að verða gjaldþrota. Þá fann jeg það fljótt að flestir sneyddu hjá mjer, og aðeins örfáir voru eptir. Svo mun flestum fara sem lenda í öngþveiti. Jeg var þá nærri gagnaður; því þá var jeg heilsutæpur með stóran hóp barna í ómegð, sem jeg sá engan veg að vinna fyrir heima. Því fór jeg hingað vestur.⁷⁴⁶

Um áhrif þess á samfélagsstöðu Jóns, sem þá var alþingismaður og hreppstjóri í Vopnafirði, þegar spurðist um fjárhagserfiðleika hans sagði Guðmundur: „Jón naut almennt trausts og virðingar heima í héraði, og jeg hygg hvar sem hann fór, eptir að hann varð þingmaður. Það var fyrst síðasta árið sem hann var heima [1902–1903] eptir að hljóðbært var orðið að hann væri í fjárþröng, að ýmsir af þeim er áður höfðu talið sig vini hans, fóru að draga sig í hlje.“⁷⁴⁷ Í sömu ritgerð er þess m.a. getið hvernig reynt var að nota persónulega hagi Jóns, meðan hann var þingmaður, til að stýra gjörðum hans á þingi. „Fáir hygg jeg hafi fylgt fastar sannfæringu sinni á þingi en hann. Eitt sinn átti að nota fjárþröng hans, til að vinna fylgi hans í máli sem hann var andstæður, en það tókst ekki. Var það þó freisting sem fáir stóðust.“⁷⁴⁸

Að Jón frá Sleðbrjót hafi náð að rísa upp til metorða, verða alþingismaður í rúman áratug og leiðtogi heima í héraði, er á margan hátt eftirtektarvert. Jón var að uppruna alþýðumaður, sem notið hafði lítillar formlegrar menntunar en tókst engu að síður að taka sér stöðu ofarlega í stigveldi samfélagsins, nærri mönnum sem flestir voru embættismenn og/eða afkomendur slíkra. Það sem gerir sögu Jóns frá Sleðbrjót ekki síður áhugaverða er að hann virðist um margt hafa verið jaðarmaður í samfélaginu og ekki endurspeglad uppruna sinn og félagslegt umhverfi nema að takmörkuðu leyti. Guðmundur frá Húsey segir að Jón hafi aldrei verið auðsæll, sem víða kemur fram í bréfum hans til Guðmundar, og það hafi honum verið fundið til foráttu af mörgum enda braut það gegn ímynd leiðtogans. Dæmi um erfiðleika Jóns birtast í bréfi hans til Guðmundar haustið 1892. Þar sagði Jón heyskap sinn sáralítinn þetta sumar og bjóst við að eiga hey handa þremur kúm, sex hestum og 60 ám. Jón kvaðst „kasta sér á ölduna“ og vona það besta en sig „hálfundli við framtíðarhorfunum.“⁷⁴⁹ Skoðanir Jóns voru auk þess að ýmsu leyti á skjön við viðteknar skoðanir í sveitasamfélaginu (sbr. stuðning hans við leysingu vistarbandsins) og það varð honum á stundum að fótakefli. Lestrarfýsn og stjórnmálaáhugi Jóns sem ungs manns þótti mörgum sem hann þekktu einkennilegur. „Á uppvaxtar- og fyrstu þroskaárum sínum var Jón því svo langt á undan samtíð sinni að fáir vissu eða skildu hvert hann stefndi. Margir álitu hann sjervitring, því hann var dulur og óframfærinn á þeim árum. Það sem fyrst vakti eptirtekt á honum var að hann [var] betur ritfær en aðrir menn.“⁷⁵⁰ Þetta er fremur lýsing á jaðarmanni í samfélaginu

⁷⁴⁶ Lbs. 4384 4to. Bréf frá Guðmundi Jónssyni (frá Húsey) til Magnúsar Petersons, dags. 20. maí 1934.

⁷⁴⁷ Lbs. 2198 4to. Guðmundur Jónsson frá Húsey, „Um Jón frá Sleðbrjót.“ Bréf til Rögnvaldar Péturssonar, án dagsetningar, ártals eða nafngreinds sendanda. Þetta bréf og ritgerðin um Jón eru vafalítið rituð af Guðmundi Jónssyni frá Húsey, sbr. að höfundur talar um „föður okkar“ í lýsingu á lífshlaupi Jóns.

⁷⁴⁸ Lbs. 2198 4to. Guðmundur Jónsson frá Húsey, „Um Jón frá Sleðbrjót.“

⁷⁴⁹ Sjá t.d.: Lbs. 2172 b 4to. Bréf frá Jóni Jónssyni (frá Sleðbrjót) til Guðmundar Jónssonar (frá Húsey), dags. 11. september 1892.

⁷⁵⁰ Lbs. 2198 4to. „Um Jón frá Sleðbrjót.“ Bréf til Rögnvaldar Péturssonar [án dagsetningar, ártals eða nafngreinds sendanda].

en leiðtoga, sem Jón þó engu að síður varð. Líklega var Jón á réttum stað og tíma til að grípa tækifæri. Þegar hann steig fram var almenningur að byrja að láta meira til sín taka í almannarýminu og sætti sig verr en áður við að láta embættis- og menntamönnum einum eftir forystu í samfélaginu.

4.2.2 Valdaafstæður og félagslegt tengslanet í nærsamfélögum

Efni þessa kafla hverfist um skrif og samfélagslega stöðu tveggja manna, sem báðir skildu eftir sig umtalsverðar heimildir um valdaafstæður í austfirsku samfélagi á tímabilinu. Annar þeirra var Jón Jónsson frá Sleðbrjót, bóndi, hreppstjóri og alþingismaður, alþýðumaður af Út-Héraði sem varð einn helsti forystumaður austfirskis samfélags í rúman áratug. Hinn var Magnús Blöndal Jónsson prestur í Vallanesi. Hann var alinn upp við Breiðafjörð en fluttist austur á Fljótsdalshérað árið 1891 til að taka við prestsembætti í Þingmúla (og síðar einnig í Vallanesi). Báðir þessir menn tókust á við austfirskar valdaafstæður, hvor á sinn hátt. Jón sem sonur óbreyttra bænda sem reis til metorða innan þess samfélags sem hann var upprunninn í og Magnús sem utanaðkomandi embættismaður sem þurfti að aðlagast austfirsku samfélagi.

Austfirskum heimildamönnum sem uppi voru á síðari hluta 19. aldar ber almennt saman um að efnahagur bænda í Múlasýslum hafi verið nokkuð jafn, fáir verið stórríkir eða bláfátækir, og því ekki mikil efnahagsleg aðgreining í þeirra hópi. Fjarlægð frá miðstjórnarvaldi í Reykjavík leiddi svo til þess að Austfirðingar voru alla jafna lítt truflaðir af afskiptum þess.⁷⁵¹ Sú staða hefur þó að líkindum stutt við innra stigveldi á Austurlandi, bæði á fjórðungsvísu og í nærsamfélögum. Skrifum samtímamanna ber einnig saman um að Halldór Jónsson (1810–1881), alþingismaður og prófastur á Hofi í Vopnafirði, hafi verið manna mest metinn á Austurlandi á sinni tíð.⁷⁵² Hann var af lýsingum að dæma holdgervingur jákvæðra hliða dyggðasamfélagsins og feðraveldisins. Honum er lýst sem mildum og óáleitnum höfðingja sem í hægfara sveitasamfélagi var ótvíráður leiðtogi, bæði í andlegum og veraldlegum eignum.⁷⁵³ Á árunum 1858–1874 var Halldór þingmaður Norður-Múlasýslu og á sama tímabili sátu Björn Pétursson bóndi (1858–1869) og síðar únitaraprestur í Vesturheimi, sonur Péturs Jónssonar prests á Valþjófsstað í Fljótsdal, og Sigurður Gunnarsson prestur á Hallormsstað (1869–1874) á þingi fyrir Suður-Múlasýslu. Á sjöunda áratug 19. aldar og fram eftir þeim áttunda voru Halldór og Sigurður helstu forystumenn Austfirðinga. Báðir fengu þeir lofleg eftirmæli samtímamanna.⁷⁵⁴ Í frásögn af lífshlaupi beggja er skýr áhersla á veraldleg áhrif þeirra, ekki síst forystuhlutverk í búskap sinna sveita, og kemur þar skýrt fram sú sýn að hlutverk presta hafi ekki síður falist í að leiða veraldlegar framfarir en að vera sálusorgarar og andlegir leiðtogar.

Halldór og Sigurður drógu sig í hlé frá þingmennsku árið 1874, þá orðnir rosknir. Hvorugur dró sig þó alfarið í hlé úr austfirsku almannarými, en það var þá að byrja að vaxa og breytast og valdaafstæður innan Austurlands að riðlast frá því sem áður var. Eitt af því sem hvað mest áhrif hafði á valdaafstæður á Austurlandi, og breytti þeim varanlega, var upphaf útgáfu prentaðra þjóðmálablaða í fjórðungnum. En fleira kom til. Frá því um miðjan áttunda áratug 19. aldar og fram á þann níunda urðu kynslóðaskipti meðal frammámanna í austfirsku samfélagi, einkum meðal

⁷⁵¹ Árni Sigurðsson, „Í Breiðdal fyrir sextíu árum,“ 138; Halldór Stefánsson, „Þættir úr sögu Austurlands á 19. öld,“ 9; Magnús Bl. Jónsson, *Endurminningar II*, 321–324.

⁷⁵² Einar Jónsson, „Æfiágrip Halldórs prófests Jónssonar á Hofi,“ i–xxxiv; *Lbs.* 564 fol. Jón Jónsson frá Sleðbrjót, „Pólitískar endurminningar,“ 4; Guðmundur Jónsson (frá Húsey), „Minningaþættir Guðmundar í Húsey,“ 151.

⁷⁵³ Einar Jónsson, „Halldór Jónsson prófastur,“ 115.

⁷⁵⁴ Greinar um ævi og störf Halldórs og Sigurðar birtust í tímaritinu *Andvara* árin 1886 og 1887. Sömu greinar voru síðar endurprentaðar í bókaflokknum *Merkir Íslendingar*. Greinin um Halldór var rituð af Einari Jónssyni, þá presti í Miklabæ í Skagafirði. Greinin um Sigurð var skrifuð af Jóni Jónssyni presti í Bjarnanesi í Hornafirði, síðar alþingimanni og prófasti á Stafafelli í Lóni. Jón var tengdasonur Sigurðar (giftur Margréti Sigurðardóttur) en þeirra tengsla getur hann ekki í greininni.

presta. Nýir prestar komu þá í flestar sóknir í Múlaprófastsdæmum – margir þeirra ungir.⁷⁵⁵ Guðmundur frá Húsey sagði að með þessum mönnum hefði komið kraftur, fjör og ákafi sem hafði áhrif á almenning. Annað sem breytti valdahlutföllum í samfélaginu var að vaxandi fjöldi yngra bænda á síðustu tveimur áratugum 19. aldar hafði sótt nám við búnaðar- og gagnfræðaskóla. Auk þess voru í hópi yngra bænda menn sem notið höfðu lítillar formlegrar fræðslu en höfðu engu að síður aflað sér víðtækari þekkingar en almennt gerðist um hina eldri. Hvort tveggja leiddi til þess að bilið milli bænda og skólagenginna embættismanna minnkaði.⁷⁵⁶

Í Handritasafni Landsbókasafnsins er í öskju með efni tengdu Páli Ólafssyni skáldi að finna ritgerð sem nefnist: „Um Jón frá Sleðbrjót.“ Þessi ritgerð er án höfundarmerkingar en er nær örugglega rituð af Guðmundi frá Húsey.⁷⁵⁷ Í ritgerðinni er dregin upp mynd af lífshlaupi Jóns, uppruna hans og óslökkvandi fróðleiksfýsn á uppvaxtarárum. Það var einkum tvennt sem þá vakti áhuga hans – stjórnmal og skáldskapur. Samneyti við Pál Ólafsson var skýr áhrifavaldur á áhuga Jóns á skáldskap enda átti Páll stórt safn úrvals skáldrita auk þess að vera sjálfur skáld. Jón fór sem unglingur að lesa allt sem hann komst yfir um stjórnmal og átti sá lestur eftir að reynast honum gagnlegur síðar þegar hann var sjálfur orðinn alþingismaður.⁷⁵⁸ Faðir Guðmundar frá Húsey og Jóns frá Sleðbrjót (Jón Jónsson (1831–1897) bóndi, lengstum í Hlíðarhúsum) var hreppsnefndarmaður í Jökulsárhlíð á búskaparárum sínum, en hann var illa skrifandi og þegar Jón yngri komst á unglingsaldur tók hann að skrifa allt fyrir föður sinn sem hann þurfti, bæði vegna hreppsmála og erindreksrar. Seta Jóns eldri í hreppsnefnd varð til þess að Jón yngri gat varist kjöri fyrst eftir að hann komst á kosningaaldur þar sem ólöglegt var að feðgar sætu í sömu hreppsnefnd samtímis.⁷⁵⁹ „En mörg ár skrifaði Jón flest sem hreppsn. varðaði áður en hann tók kosningu. Eptir að Jón fór að gefa sig við hjerðsmálum opinberlega, mátti kalla að hlaðið væri á hann öllum þeim störfum sem hægt var að koma á einn mann.“⁷⁶⁰

Eiðaskólamálið, sem hófst með gagnrýnum skrifum Jóns frá Sleðbrjót í *Austra* árið 1887 um starfsemi Búnaðarskólans á Eiðum (og fjallað er um í inngangi þessarar ritgerðar), var það sem fyrst vakti verulega athygli á Jóni frá Sleðbrjót utan hans eigin heimasveitar og nærsveita. Guðmundur frá Húsey lýsir ástandinu á Eiðum svo í greininni um ævi Jóns. „Skólabúskapurinn á Eiðum gekk mjög á trjefótum. Gripir horfjellu, og margt lenti í drasli. Skólastjórnin var Guttormi [Vigfússyni skólastjóra] hliðholl og ljet sem hún sæi ekki. En bændur voru gramir, en enginn hafði dug til að rísa á móti höfðingjavaldinu, með sýslumenn Múlasýslna báða í broddi fylkingar.“⁷⁶¹ Ádeiluskrif Jóns um ástandið í skólanum leiddu af sér langvinn málaferli en sköpuðu líka flokkadrætti innan Fljótshéraðs. Þó Jón tapaði dómsmálinu og yrði fyrir fjárhagstjóni vegna þess ávann hann sér með deilunni traust og álit margra og taldi Guðmundur það engum vafa undirorpið að Eiðaskólamálið hefði átt drjúgan þátt í því að Jón náði kjöri til Alþingis í aukakosningunum árið 1889. Í bréfi til Guðmundar skömmu fyrir lok árs 1891 ræddi Jón um dóm yfirréttar í máli hans og Guttorms. Dómurinn var þá ekki enn opinber en Jón virtist engu að síður

⁷⁵⁵ Lbs. 3543 4to. Bréf frá Jóhanni L. Sveinbjarnarsyni til Kristins Daníelssonar, dags. 3. ágúst 1891. Jóhann nefndi Jón Finnsson á Hofi í Álftafirði, Benedikt Eyjólfsson í Berufirði, Magnús Blöndal Jónsson í Þingmúla í Skriðdal og Jón Guðmundsson á Skorrastað í Norðfirði sem dæmi um unga presta sem þá voru nýlega teknir við embættum.

⁷⁵⁶ Guðmundur Jónsson (frá Húsey), „Minningaþættir Guðmundar í Húsey“, 151–152.

⁷⁵⁷ Lbs. 2198 4to. Páll Ólafsson, bréf, kvæði o.fl. Fyrstu tvær arkirnar í þessari öskju geyma bréf sem Guðmundur frá Húsey skrifaði Rögnvaldi Péturssyni árið 1924. Í sömu öskju eru líka, auk ritgerðarinnar um Jón frá Sleðbrjót, endurminningar um Pál Ólafsson sem Guðmundur skrifaði og sendi Rögnvaldi. Þær birtust síðar á prenti (sjá: Guðmundur Jónsson (frá Húsey), „Um Pál Ólafsson, skáld“, 140–147).

⁷⁵⁸ Lbs. 2198 4to. Guðmundur Jónsson frá Húsey, „Um Jón frá Sleðbrjót.“

⁷⁵⁹ *Lövsamling for Island XXI*, 356.

⁷⁶⁰ Lbs. 2198 4to. Guðmundur Jónsson frá Húsey, „Um Jón frá Sleðbrjót.“

⁷⁶¹ Lbs. 2198 4to. Guðmundur Jónsson frá Húsey, „Um Jón frá Sleðbrjót.“

vita niðurstöðuna. Hann sagðist vilja að þessu máli lyki og kvaðst ekki bera neinn kala til Guttorms heldur vænta góðs samstarfs við hann. Niðurstaða yfirréttar kom Jóni ekki á óvart „Jeg hef alltaf undir niðri búist við þeim svona síðan jeg vissi að H[annes] Hafst[ein] var fyrir Guttorm: Það er höfðingjafylgið með *honum* sem málafærslumanni sem unnið hefur málið, svo máske ríður mig sem „frelsismann“ á þingi.“⁷⁶² Í æviágripi Jóns frá Sleðbrjót sem Jóhann Pálsson ritaði og birtist árið 1914 sagði um dóminn og eftirmála hans:

Tapaði Jón málinu bæði í héraði og fyrir yfirdómi, og var dæmdur í 100 kr. sekt og allan málskostnað, er nam nær 600 kr. Var það margra mál, að þar hefði margur góður drengur svarið „loðinn eið“ á móti Jóni. Málskostnað og sekt borgaði Jón þegar að fullu, og átti þá fremur erfiðan hag. Valdimar verzlunarstjóri Davíðsson á Vopnafirði skoraði þá á sýslubúa að bæta Jóni málskostnaðinn, því hann hefði flutt rétt mál, þó alþýða hefði brugðist honum í vitnisburðum í málsvörninni. Urðu það eitthvað á þriðja hundrað kr., er saman komu til að bæta Jóni Skaðann.... Sigurður bóndi og læknir á Breiðavaði hitti Jón að máli, þegar dómur var fallinn, og mælti við hann: „Nú hefir réttvísinn dæmt þig, en nú á alþýða eftir að kveða upp sinn dóm. Þú verður kosinn þingmaður að ári.“⁷⁶³

Þó Jón næði kjöri árið 1889 var ekki sjálfgefið að hann byði sig fram á ný þegar næst var kosið til Alþingis. Í bréfi til Jóns Jónssonar í Múla sumarið 1892 var Jón frá Sleðbrjót á báðum áttum um hvort hann ætti að halda áfram þingmennsku. Meginástæðan var heilsuleysi hans en einnig höfðu nokkrir kjósendur, sem annars voru Jóni hliðhollir, sagst ekki myndu kjósa hann nema hann félli frá því að styðja leysingu vistarbandsins. „En jeg kaupi varla kosningu fyrir sannfæring mína.“⁷⁶⁴ Frásögn af þessari deilu er að finna í æviágripi Jóns sem birtist í *Almanaki Ólafs Thorgeirssonar* árið 1914. Þar kemur fram að Jón og Lárus Halldórsson (Jónssonar frá Hofi) prestur og alþingismaður Suður-Múlasýslu (1886–1892) studdu leysingu vistarbandsins en hinir þingmenn Múlasýslna á þeim tíma (Þorvarður Kjerúlf og Jón Ólafsson) voru andvígir, sem og nær allir bændur í sýslunum. Deilan leiddi til uppgjörs á fjölmönnum fundi í aðdraganda alþingiskosninganna árið 1893.

Var fundur haldinn af 200 kjósendum á Þórsnesi, úr báðum sýslunum fyrir kjörfund 1893, og var þar rætt um málið [leysingu vistarbandsins] af kappi. Voru að eins 6 atkvæði með málinu; skoruðu þá margir vinir Jóns á hann að breyta stefnu í því máli, svo þeir gætu veitt honum fylgi, og bar einn þeirra fram tillögu um það á fundinum. Þeirri tillögu svaraði Jón þannig: „Eg býð mig fram til þingmennsku, eins og hefi lýst yfir, og eg fylgi málinu um leysing vistarbandsins eins og eg bezt get. Það eru 3 mánuðir til kjörfundar, og nægur tími fyrir þá, er ekki vilja veita mér lið, að vera sér úti um annað þingmannsefni. Skoðun minni breyti eg ekki, enda munduð þið ekki virða mig meira, þó eg seldi sannfæring mína fyrir atkvæði ykkar.“⁷⁶⁵

Niðurstaðan varð sú að enginn bauð sig fram gegn Jóni og var hann því endurkjörinn sem alþingismaður Norður-Múlasýslu kjörtímabilið 1894–1900. Lárus Halldórsson féll hins vegar af þingi árið 1891 og náði ekki endurkjöri í Suður-Múlasýslu árið 1893.

⁷⁶² *Lbs.* 2172 b 4to. Bréf frá Jóni Jónssyni (frá Sleðbrjót) til Guðmundar Jónssonar (frá Húsey), dags. 26. desember 1891.

⁷⁶³ Jóhann Pálsson, „Safn til Landnámssögu Íslendinga í Vesturheimi,“ 109–110.

⁷⁶⁴ *Lbs.* 4538 4to. Bréf frá Jóni Jónssyni (frá Sleðbrjót) til Jóns Jónssonar, dags. 3. júlí 1892.

⁷⁶⁵ Jóhann Pálsson, „Safn til Landnámssögu Íslendinga í Vesturheimi,“ 110–111. Aftan við kaflann um Jón birtist eftirfarandi athugasemd útgefanda: „(Höfundur framanritaðra landnámsþátta, Jón Jónsson frá Sleðbrjót, vildi eigi rita um sjálfan sig. Varð það því að ráði að þáttinn um hann hefir skrifað Jóhann Pálsson, málari við Clarkleighpósthús. Jóhann er Austfirðingur eins og Jón og þó hann hafi dvalið hér vestra um mörg ár, hefir hann fylgst vel með því sem gjörst hefir á ættstöðvum hans; auk þess er hann búsettur meðal manna, sem bæði voru sveitungar og sumir heimamenn Jóns, og má því ætla að frásögn hans, sé eins rétt og kostur er á. *Útgef.*)“ 112.

Tengsl Jóns frá Sleðbrjót og Páls Ólafssonar skálds á Hallfreðarstöðum voru sterk allan þann tíma sem báðir bjuggu á Fljótsdalshéraði. Milli þeirra var traust vinátta en tengsl þeirra snerust líka um hagsmuni. Vorið 1896 var Páll á förum frá Hallfreðarstöðum og var þá líka að sleppa umboði Skriðuklaustursjarða sem hann hafði haldið í rúm 30 ár (1865–1896). Umboðsmennskan var ekki aðeins tekjulind heldur einnig virðingarstaða sem Guðmundur frá Húsey segir að hafi átt ríkan þátt í að auka vinsældir Páls og álit meðal almennings.⁷⁶⁶ Jóni var umhugað um að skil Páls á umboðinu yrðu honum ekki til hnjóðs. Helst vildi Jón ná umboðinu sjálfur en nafni hans í Múla hvatti hann til þess í bréfi vorið 1896.⁷⁶⁷ Í svarbréfi til Jóns í Múla lýsti Jón frá Sleðbrjót áhyggjum af stöðunni og endurspegluðu þær flokkadrætti innan Fljótsdalshéraðs. Meginrót áhyggja Jóns sneri að því að einhver mótstöðumanna Páls fengi umboðið því hann bjóst við að ekki væri alltof gott lag á hlutum og að Páll gæti mögulega lent í sektum sem væri slæmt þar sem hann væri þrotinn að fé og heilsu.⁷⁶⁸

Það er mikilvægt, til að fá skýrari mynd af valdaafstöðu og -togstreitu á Fljótsdalshéraði undir lok 19. aldar, að setja pólitískan framgang Jóns frá Sleðbrjót í samhengi við uppruna hans, búsetu og tengslin við Pál Ólafsson. Í bréfi til Rögnvaldar Péturssonar, sem vafalítið er skrifað af Guðmundi frá Húsey (en undirskrift vantar), skýrði hann valdatogstreituna innan Fljótsdalshéraðs, sem bæði var persónu- og búsetubundin.

Eiðaskólamálið vakti fyrst verulega eptirtekt á Jóni út á við. Til þess að skilja rjett tildrög þess máls verður að geta þess hvernig samkomulagið var á Fljótsdalshéraði áður. Frá því jeg man fyrst var ríður milli bænda á Útsveitum og Uppsveitum. En þannig voru aðgreindar sveitir þær er lágu upp til dala, og út við sjó í Fljótsdalshéraði. Hversu gamall sá ríður var veit jeg ekki, en talsvert mun hann hafa aukist á síðari árum Páls Ólafssonar útaf kosningasamkeppni, þar sem Páll og Útsveitarmenn voru andstæðingar Fljótsdæla, og sumra Uppsveitunga, er urðu hlutskarpari. Ljek orð á því að Fljótsdælir væru stærilátir, og litu smátt á Útsveitunga. En hinir voru þráir og þybbnir, og vildu ekki beygja sig. Jón varð snemma málsvari Útsveitunga, og varð því ekki vinsæll af Uppsveitungum. Guttormur Vigfússon skólastjóri var Fljótsdælingur og átti þar frændaafla mikinn. Þorv. Kjerúlf læknir og Sigurður próf. Gunnarsson voru fremstu forvígismenn Uppsveitunga, og urðu opt greinir milli þeirra og Jóns á fundum.⁷⁶⁹

Smám saman hlaut Jón þó almenna viðurkenningu, einnig meðal þeirra sem voru honum andstæðir í Eiðaskólamálinu. Þar var aðallega um að ræða uppsveitunga á Fljótsdalshéraði (einkum Fljótsdælinga) og velflesta embættismenn á Austurlandi.⁷⁷⁰ Eftir þá mótstöðu valdamikilla manna á Austurlandi sem Jón átti við að etja við upphaf þingferils og eftir að hafa staðið af sér áhlaupið vegna stuðnings við losun vistarbandsins virðist Jón hafa staðið sterkt sem þingmaður og notið vaxandi virðingar bæði á Austurlandi og á Alþingi.

Andstaða við Jón virðist þó hafa verið til staðar meðal Fljótsdælinga allt til loka þingmennskuferils hans. Í bréfi sem Ólafur Friðrik Davíðsson, verslunarmaður á Vopnafirði og þingmaður Norður-Múlasýslu 1902–1903, skrifaði Guttormi Vigfússyni skömmu fyrir árslok 1902 ræddi hann horfur í Norður-Múlasýslu fyrir komandi alþingiskosningar og möguleika Einars Jónssonar og Jóns frá Sleðbrjót að ná þar kjöri. Ólafur taldi Fljótsdælinga viljuga til að kjósa Einar. „En aftur veit eg að það mun eins og í vor [við alþingiskosningarnar 1902] verða ómögulegt, að fá

⁷⁶⁶ Guðmundur Jónsson (frá Húsey), „Um Pál Ólafsson skáld,“ 142–143; Hjörleifur Guttormsson, *Árbók Ferðafélags Íslands* 2018, 189.

⁷⁶⁷ Lbs. 2172 a 4to. Bréf frá Jóni Jónssyni til Jóns Jónssonar (frá Sleðbrjót), dags. 18. apríl 1896.

⁷⁶⁸ Lbs. 4538 4to. Bréf frá Jóni Jónssyni (frá Sleðbrjót) til Jóns Jónssonar, dags. 18. maí 1896.

⁷⁶⁹ Lbs. 2198 4to. Guðmundur Jónsson frá Húsey, „Um Jón frá Sleðbrjót.“ Bréf til Rögnvaldar Péturssonar [án dagsetningar, ártals eða nafngreinds sendanda].

⁷⁷⁰ Lbs. 2198 4to. Guðmundur Jónsson frá Húsey, „Um Jón frá Sleðbrjót.“

þá til að fylgja Jóni Sleða og er þó undarlegt hvað þeir hafa mikið á móti honum.⁷⁷¹ Sjálfur vék Jón frá Sleðbrjót í gamansömum tón að þeirri mótstöðu sem hann hafði átt við að etja í bréfi til Þorsteins Erlingssonar árið 1897. „Jeg var einu sinni ofsóktur af öllum höfðingjum austanlands að kalla mátti, fyrir bermælgum um Eiðaskólann, og sekur gjör eins og Gunnar, og enn lifir undir niðri í glæðunum!!! t.d. hjá Fljótsdælingum.“⁷⁷²

Lífshlaup þeirra tveggja manna sem eru aðalpersónur þessa kafla var um margt ólíkt. Magnús Blöndal Jónsson var fæddur árið 1861 að Efri Ey í Meðallandi. Hann var sonur Jóns Bjarnasonar prests í Meðallandsþingum og Helgu Árnadóttur.⁷⁷³ Æsku- og unglingsár sín bjó Magnús við Breiðafjörð. Hann lauk prófi frá Latínuskólanum sumarið 1886 og tók í kjölfar þess kandidatspróf í guðfræði frá Prestaskólanum. Magnús bjó í Reykjavík árin 1887–1891 ásamt fyrri eiginkonu sinni Ingibjörgu (Pétursdóttur) Eggerz og móður sinni. Hann fékk starf sem biskupsritari og var auk þess ihlaupakennari við Latínuskólann veturinn 1889–1890.⁷⁷⁴

Haustið 1890 lést Páll Pálsson prestur í Þingmúla í Skriðdal. Hallormsstaðar- og Þingmúla-prestakall varð því brátt laust til umsóknar en því fylgdi sú kvöð að taka einnig við Vallanessókn þegar prestsembættið þar losnaði. Magnús lét undan þrýstingi biskups, sótti um embættið og fékk. Snemmsumars 1891 lést Bergur Jónsson prestur í Vallanesi og um haustið bárust fréttir af því að Alþingi hefði synjað ósk Vallamanna um að horfið yrði frá sameiningu prestakallanna. Af þessu leiddi mikla ólgu. Vallamenn hótuðu stofnun frikirkjusafnaðar og kröfðust þess að presturinn sæti í Vallanesi en Skriðdælingar töldu hann eiga að sitja í Þingmúla. Fór svo að Magnús sat aðeins eitt ár í Þingmúla því vorið 1892 fluttist hann ásamt fjölskyldu sinni í Vallanes þar sem hann átti eftir að búa í 33 ár.⁷⁷⁵ Í sjálfsævisögu sinni lýsti Magnús móttökunum fyrir austan sumarið 1891 svo:

Það var glaður söfnuður, sem eg hitti þarna [í Þingmúla], og var okkur tekið mjög hlýlega. En ekki dettur mér í hug að eigna mér eða okkur alla gleðina. Eg varð var við, að þar var meðverkandi að ekki svo litlu leyti, ánægjan yfir því að geta skákað Skóga- og Vallamönnum um prestsvalið. En þeim hætti til að líta Skriðdæli smáum augum.... Næsta sunnudag heilsaði eg svo á Hallormsstað. Ekki voru viðtökurnar eins hlýlegar þar og í Þingmúla, að minnsta kosti ekki hjá broddunum í þeim söfnuði, enda gátu þeir ekki eða fannst víst ekki þeir geta tileinkað sér mig, þar sem þeir höfðu verið sammála Vallamönnum í ósk um, að frestað yrði veitingu prestakallsins, unz sýnt væri um skilnaðarmálið á alþingi. En í rauninni voru þessir broddar að eins tveir, á Hallormsstað og Hafursá. Hins vegar varð eg þess var hjá smærra fólkinu, að það var mjög ánægt yfir því að hafa fengið prest, þó það léti ekki mikið á því bera frammi fyrir broddunum þarna við kirkjuna.⁷⁷⁶

Magnús sagði að sóknarfólk í Hallormsstaðasókn hefði brátt orðið ekki síðri vinir sínir en Skriðdælir og „broddarnir“ í Skógum hefðu sýnt sér fyllstu kurteisi þrátt fyrir að vera ósáttir.

Skömmu eftir að Magnús kom í Þingmúla var staðurinn metinn. Magnús var ósáttur við niðurstöðu matsins, vildi herra álag vegna ástands kirkjunnar, og krafðist yfirúttektar. Í bréfi Jóhanns L. Sveinbjarnarsonar, þá aðstoðarprest á Hólum í Reyðarfirði og síðar sóknarprest þar, til Kristins Daníelssonar á Útskálum, sem ritað var skömmu eftir komu Magnúsar austur, sagði Jóhann frá stappi Magnúsar við yfirvöld vegna Þingmúla. Í máli Jóhanns kom fram að Magnús hefði haft fulla ástæðu til að vera óánægður með matið á staðnum enda lýsti Jóhann Þingmúla sem

⁷⁷¹ *HerAust.* A6 122, 22. Bréf frá Ólafi Davíðssyni til Guttorms Vigfússonar, dags. 12. desember 1902.

⁷⁷² *Lbs.* 4162 4to. Bréf frá Jóni Jónssyni (frá Sleðbrjót) til Þorsteins Erlingssonar, dags. 3. febrúar 1897.

⁷⁷³ Magnús Bl. Jónsson, *Endurminningar I*, 15.

⁷⁷⁴ Magnús Bl. Jónsson, *Endurminningar II*, 96–99.

⁷⁷⁵ Magnús Bl. Jónsson, *Endurminningar II*, 116–119, 137, 148–149.

⁷⁷⁶ Magnús Bl. Jónsson, *Endurminningar II*, 132.

„protabúi.“⁷⁷⁷ Til að framkvæma yfirúttektina í Þingmúla mættu þangað Jón Johnsen sýslumaður Suður-Múlasýslu og aðstoðarmaður hans Friðrik Möller verslunarmaður. Magnús lýsti Friðrik sem harðsnúnum andstæðingi sem reyndi á allan hátt að draga úr hækkun álagsins. „Leiddum við þar oft og all-óþyrmilega saman hesta okkar. Fann eg þar kenna anda yfirdrottunar og ofríkis, í fyrsta en ekki síðasta sinn þarna eystra.“⁷⁷⁸ Magnús bar framkomu sýslumanns hins vegar vel söguna. En Friðrik Möller var ekki sá eini sem Magnús átti við að etja. Af þeirri ákvörðun Alþingis að standa við sameiningu sóknanna leiddi að sóknarfólk í Vallanessókn fékk ekkert að segja um hvaða prest það fékk, þrátt fyrir nýleg lög um prestskosningar. Hluti þeirra sætti sig ekki við það og stofnaði frikirkjusöfnuð. Magnús var brátt eftir komuna austur staddur á því sem kalla mætti félagslegt jarðsprengjusvæði. Stofnun og starfsemi frikirkju innan sóknar skapaði honum mesta hættu. Hann lýsti eigin stöðu fyrst eftir komuna austur svo að hann hefði verið þar „einstæðingur í ókunnu héraði, umkringdur af rótgrónum sveitariböðum. Eg var að vísu alls óhræddur við þá.“⁷⁷⁹

Magnús gerði stofnun og starfsemi frikirkjusafnaðar í Vallasókn allnokkur skil í sjálfsævisögu sinni. Frásögn hans hefst á að segja frá heimsókn Jóns Bergssonar á Egilsstöðum (sonar Bergs Jónssonar prests í Vallanesi, forvera Magnúsar), Benedikts Rafnssonar á Höfða og Gunnars Pálssonar á Ketilsstöðum í Vallanes í ágúst 1892. Þar tilkynntu þeir Magnúsi um fyrirhugaða stofnun frikirkjusafnaðar en óskuðu jafnframt prestþjónustu hans. Magnús bar þá ósk undir biskup en fékk þvert nei, eins og hann hafði búist við. Brátt skapaðist óvissa um hver væri í hvaða söfnuði.⁷⁸⁰ Frikirkjan var stofnuð undir árslok 1892. Þá um veturinn gekk skæð influensa og létust m.a. fjórar manneskjur af bæjum sem tilheyrðu frikirkjunni, en enginn prestur var til að jarða þær. Líkin stóðu uppi í nokkrar vikur en dag einn kom Benedikt Rafnsson með þau til Vallaness og var byrjaður að láta taka grafir fyrir þau áður en hann knúði dyra hjá Magnúsi og krafði hann um að jarðsyngja. Magnús kvað sér það óheimilt nema fólkið væri í þjóðkirkjunni. Var fólkið þá jarðað án aðkomu prests. Þetta var fyrsti áreksturinn og fleiri fylgdu á eftir. Ósættið í Vallanessókn bitnaði óhjákvæmilega á Magnúsi þrátt fyrir að reiði frikirkjumanna beindist að kirkjufirvöldum en ekki sóknarprestinum sem frikirkjumenn höfðu leitað prestþjónustu hjá. Fór svo eftir nokkurn tíma að frikirkjusöfnuðurinn réði sér prest sem jafnframt starfaði sem barnakennari í sveitinni. Sá núningur sem skapaðist af þessari deilu þróaðist með tímanum yfir í persónulegar deilur milli Magnúsar og forsvarsmanna frikirkjusafnaðarins, m.a. málaferli vegna hluta Vallanessjarðar.⁷⁸¹

Þær deilur sem Magnús átti eftir að standa í virðast hafa einskorðast við þá þrjá menn sem fyrr voru nefndir, Benedikt Rafnsson, Jón Bergsson og Gunnar Pálsson. Magnús sagði þá alla hafa verið myndarmenn, hvern á sinn hátt en frikirkjustofnunin og deilurnar sem henni fylgdu hefði smækkað þá og spillt samstarfi þeirra við aðra. Magnús dró eftirfarandi ályktun af því hverjar orsakirnar voru að svona fór. „En nokkur afsökun mætti það ef til vill vera þeim, að þessi rembingur gegn öllu utanhéraðs, upp sprottinn í Fljótsdal, hafði undan farið verið að breiðast út á Héraði. Og þá máttu Vallahöfðingjarnir ekki verða eftirbátar. – En þetta, sem nefnt var Héraðsrembingur, var í því fólgið, að þegar bóndi komst talsvert yfir það að vera bjargálma, þá fór hann að leika höfðingja.“⁷⁸² Magnús lét að því liggja að hann hefði orðið fyrir aðkasti „héraðsaðalsins“ vegna tengsla sinna við Hallgrím Sveinsson biskup sem þurfti um það leyti sem Magnús flutti austur að setja tvo austfirski presta frá embætti vegna kvartana söfnuðanna yfir drykkjuskap þeirra. Annar var Stefán Halldórsson í Hofteigi, en hinn var Stefán Sigfússon á Hofi

⁷⁷⁷ Lbs. 3543 4to. Bréf frá Jóhanni L. Sveinbjarnarsyni til Kristins Daníelssonar, dags. 3. ágúst 1891.

⁷⁷⁸ Magnús Bl. Jónsson, *Endurminningar II*, 134.

⁷⁷⁹ Magnús Bl. Jónsson, *Endurminningar II*, 204.

⁷⁸⁰ Magnús Bl. Jónsson, *Endurminningar II*, 201–206.

⁷⁸¹ Magnús Bl. Jónsson, *Endurminningar II*, 209–211, 217.

⁷⁸² Magnús Bl. Jónsson, *Endurminningar II*, 222.

í Álftafirði. Sá var sonur Sigfúsar bónda á Skriðuklaustri í Fljótsdal. „En hann og Gunnar á Brekku, faðir sr. Sigurðar, báðir hárir en lífskröftugir öldungar, stóðu á þessum tíma sem klettur úr hafinu, svo sem leifar fornrar aðalsklíku Fljótsdalsins.“⁷⁸³

Sumarið 1893, við þinglok á Völlum, vék Jón Johnsen sýslumaður Suður-Múlasýslu að fríkirkjunni, kallaði hana óhappaverk og kvað Vallamenn mega vel una við þann prest sem þeir hefðu fengið. Í sjálfsævisögu sinni sagði Magnús að Benedikt Rafnsson hefði orðið til svara og sagt að fríkirkjufólk hefði ekkert við prestinn að athuga. „„En við viljum ekki láta taka af okkur kosningarréttinn og afhenda okkur, eins og skepnur.““⁷⁸⁴ Bæði á Völlum og í Reyðarfirði virðist sem það að standa á rétti sínum gagnvart fjarlægu miðstjórnarvaldi hafi verið ríkur þáttur í tilurð og viðgangi fríkirkjuhreyfinga þar. Ef marka má lýsingu Magnúsar voru það fyrst og fremst frammámenn í Skógum og Völlum sem voru ósáttir. Nokkur hluti annarra íbúa fylgdi þeim að málum en flestir virðast hafa látið sig litlu skipta hvort þeir yrðu að lúta fjarlægu valdi eða nærstöddu. Það er því freistandi að draga þá ályktun að viðbrögð frammámanna hafi litast að miklu leyti af varnarbaráttu fyrir eigin valdastöðu innan héraðs.

Magnúsi var augljóslega nokkuð uppsigað við Fljótsdælinga og þau samfélagslegu áhrif sem hann áleit þá hafa í öðrum hreppum á Fljótsdalshéraði.⁷⁸⁵ Frásagnir í sjálfsævisögu hans eru engu að síður áhugaverðar og lýsingar hans á stigveldi samfélagsins á Héraði eiga stóðir í öðrum heimildum, þó enginn ræði það eins ítarlega. Það er á margan hátt skiljanlegt að Fljótsdælingar hafi verið í forystu meðal Héraðsmanna á síðari helmingi 19. aldar. Áður hefur þess verið getið að velmegun var þar meiri en víðast annars staðar og ungir menn úr Fljótsdal sóttu sér menntun til útlanda áður en slíkt varð algengt eystra. Það hefur styrkt samfélagslega stöðu þeirra og fjölskyldna þeirra, sem og byggðarlagsins sem þeir voru upprunnir í.

Þeir menn sem sagt hefur verið frá í þessum kafla voru báðir á skjön við stigveldi sveitasamfélagsins á Fljótsdalshéraði og á ýmsan hátt óvelkomnir á valdsviði þess (e. *field of power*). Jón skorti ættstyrk og formlega menntun til að eiga tilkall til valdastöðu, sem hann þó náði. Á hinn bóginn naut hann stuðnings af táknrænu auðmagni Páls Ólafssonar en galt þó líka fyrir vináttu sína við Pál. Magnús mætti því viðhorfi á Héraði að vera álitinn fulltrúi fjarlægs valds sem forystumenn í héraði voru í andstöðu við. Aðlögun hans mótaðist því frá upphafi af varnarstöðu þar sem valdamiklir menn í Vallanessókn, sem við aðrar aðstæður hefðu getað orðið bandamenn, urðu andstæðingar hans. Bæði Jón og Magnús sóttu styrk til fólks sem ýmist var utan almannarýmis nærsamfélags þeirra eða var ekki fyrirferðarmikið innan þess. Saga beggja er því til marks um undanhald hins gamla stigveldis sveitasamfélagsins sem var að missa tökin á aðgengi að valdsviðinu og fara hallloka bæði gagnvart utanaðkomandi valdi og því að lægra settir risu til metorða.

4.2.3 Ráðgjafar almennings og átök í kjölfar lýðræðisumbóta

Um aldamótin 1900 voru ritstjórar þjóðmálablaða orðnir fyrirferðarmiklir í íslensku samfélagi og skýrir áhrifavaldar á almenn viðhorf. Auk þess að hafa með höndum víðtækt dagskrárvald voru ritstjórnarnir líka farnir að taka sér stöðu sem ráðgjafar fólks, einkum í gegnum greinaskrif en líka með því að svara fyrirspurnum lesenda. Ritstjórar austfirsku blaðanna voru engin undantekning frá þessu. Þorsteinn Erlingsson ritstjóri *Bjarka* (1896–1900) svaraði fyrirspurnum lesenda í blaðinu

⁷⁸³ Magnús Bl. Jónsson, *Endurminningar II*, 237.

⁷⁸⁴ Magnús Bl. Jónsson, *Endurminningar II*, 215.

⁷⁸⁵ Megnið af því tímabili sem þessi ritgerð tekur til skiptist Fljótsdalshérað í níu hreppa. Skriðdalshreppur, Vallahreppur og Eiðahreppur tilheyrdur Suður-Múlasýslu, en allir voru þeir austan Lagarfljóts. Hjaltastadahreppur (sem líka var austan Lagarfljóts og nær að Héraðsfloa), Tunguhreppur og Hlíðahreppur (sem báðir náðu að Héraðsfloa), Jökuldalshreppur (Jökuldals- og Hlíðahreppur voru einn hreppur til 1887), Fellahreppur og Fljótsdalshreppur tilheyrdur Norður-Múlasýslu.

og sama gerði Skapti Jónsson framan af ritstjórnartíð sinni hjá *Austra* (1891–1905).⁷⁸⁶ Slíkt ráðgjafahlutverk var áður í sveitasamfélaginu einkum á hendi presta eða annarra forystumanna í hverri sveit. Sú ráðgjöf gat verið margvísleg, allt frá ráðleggingum um bætt vinnubrögð og framkvæmdir í búskap yfir í ábendingar um stofnun hjúskapar og tilhögun heimilislífs. Að ritstjórar væru farnir að taka sér stöðu á þessu sviði var til marks um breytta samfélagsgerð og að tekið var að fjara undan leiðtogahlutverki presta.

Þess má líka finna dæmi að leitað væri ráðgjafar ritstjóra án þess að slíkar fyrirspurnir enduðu á síðum blaðanna. Bréfasafn Þorsteins Erlingssonar geymir vitnisburði um slíkt. Vorið 1898 ritaði Högni Sigurðsson (1874–1961), þá búsettur í Norðfirði, bréf til Þorsteins. Þeir þekktust ekki. Högni átti í útistöðum við sóknarprest sinn, Jón Guðmundsson, sem honum þótti of afskiptasamur um sína persónulegu hagi. Deilan snerist um hjúskaparstöðu Högna sem þá var nýbyrjaður í sambúð. Hann spurði Þorstein hvort sér bæri skylda til „að hlýða prestinum þótt hann skipi oss, annað hvort að giptast eða skilja, segja mjer hvort lög eru til, sem mæla þannig fyrir. Presturinn okkar rekur allar persónur hjer í hjónaband, hvort heldur þær hafa búið saman lengur eða skemur (10 ár eða 1 ár), átt mörg börn eða ekkert, og segir ef ekki sje hlýtt verði það byrt skriflega og kosti 8kr. auk mikillar sektar.“⁷⁸⁷ Högni kvaðst ekki fráhverfur því að giftast en vildi ráða því sjálfur hvenær það gerðist og ekki láta kúga sig til þess. Í ritinu *Heimilislífið* sem kom út árið 1889, og var útgáfa samnefnds erindis Ólafs Ólafssonar sóknarprests í Guttormshaga í Rangárþingi, gat höfundur um ferns konar ástæður hjúskapar. 1) af kærleika; 2) af fjárhagslegum ástæðum; 3) af praktískum ástæðum (bóndi giftist ráðskonu eða vinnukonu); 4) af skipun yfirvalds – „presturinn og hreppstjórinn reka þau í hjónabandið.“⁷⁸⁸

Bréf Högna til Þorsteins er vitnisburður um breytta tíma. Ekki aðeins leitaði Högni ráðgjafar manns sem hann þekkti ekki og bjó auk þess í öðru byggðarlagi, heldur var „vandamálið“ sem við var að etja sóknarpresturinn sem hélt að sóknarfólki hefðbundnum gildum samfélags og þjóðkirkju sem Högni var ekki tilbúinn að beygja sig fyrir. Högni bjó í Norðfirði frá 1895–1902. Hann starfaði við kennslu í Norðfirði, var fyrsti menntaði kennarinn í byggðarlaginu, en flutti árið 1902 ásamt eiginkonu og tveimur börnum til Vestmannaeyja. Þar gerðist hann útvegsbóndi og íshússtjóri.⁷⁸⁹

Það var ekki lengur tiltökumál um og eftir 1880 að íslensk blöð birtu greinar sem gagnrýndu trúarbrögð og kirkju. Þeir sem gagnrýndu þjóðkirkjuna á áttunda áratug 19. aldar beindu spjótum sínum einkum að trúarlegri og menningarlegri yfirburðastöðu hennar í þjóðlífinu sem og að óskilvirkni hennar sem stofnunar. Tónninn í slíkum blaðagreinum tók að harðna er nær dró aldamótum og birtist það m.a. í trúmálaskrifum Jóns Ólafssonar ritstjóra og alþingismanns, fyrst í *Skuld* og síðar í *Þjóðólfi* og *Nýju öldinni*, en hann krafðist aðskilnaðar ríkis og kirkju og var ötull stuðningsmaður stofnunar frikkirkjunnar í Reyðarfirði árið 1883.⁷⁹⁰

Þrátt fyrir opinbera gagnrýni á kirkjuna sem stofnun lét fólk sig varða hvaða prest það fékk þegar prestaskipti urðu. Skipanir presta ollu ítrekað gremju sem ýtti undir kröfur um að sóknarmenn ættu að hafa áhrif á hvaða prest þeir fengju.⁷⁹¹ Það skref til aukins lýðræðis sem fólst í innleiðingu prestskosninga árið 1886 var ekki aðeins viðbrögð yfirvalda við endurtekinni ólgu

⁷⁸⁶ Sjá t.d.: [Svör ritstjóra við fyrirspurnum lesenda] 23. desember 1892, 139; 12. desember 1896, 39; 31. desember 1896, 47. Í *Austra* í mars árið 1894 birtist auglýsing frá ritstjóra þar sem hann bauð lögfræðipjónustu og en tók fram að framvegis myndi hann ekki svara lögfræðilegum fyrirspurnum í blaðinu nema gegn greiðslu (10. mars 1894, 25).

⁷⁸⁷ *Lbs.* 4161 4to. Bréf frá Högna Sigurðssyni til Þorsteins Erlingssonar, dags. 19. maí 1898.

⁷⁸⁸ Ólafur Ólafsson, *Heimilislífið*, 19.

⁷⁸⁹ Smári Geirsson, *Norðfjarðarsaga II*, 2:473–474.

⁷⁹⁰ Pétur Pétursson, *Church and Social Change*, 125.

⁷⁹¹ Pétur Pétursson, *Church and Social Change*, 126, 130.

sem hlotist hafði af skipun presta, heldur færði þessi lagabreyting sóknarfólki líka ný völd sem á stundum leiddu til innbyrðis átaka og togstreitu sem röskuðu doxa viðkomandi samfélaga.

Á fardögum árið 1881 urðu prestaskipti á Hólum í Reyðarfirði. Sóknarpresturinn, Hallgrímur Jónsson, lést í byrjun árs 1880 og gegndi Jónas sonur Hallgríms kallinu eftir andlát föður síns, en hann hafði verið aðstoðarprestur á Hólum um árabil. „Vildi þorri sóknarmanna fá að halda honum til frambúðar, en háfyrvöldin veittu brauðið öldnum öðlingsklerki, séra Daníel Halldórsyni á Hrafnagili í Eyjafirði. Af þessu risu þær illvígu deilur, sem leiddu til stofnunar fyrsta fríkirkjusafnaðar á Íslandi.“⁷⁹² Þannig lýsti Einar Bragi Sigurðsson undirrót stofnunar fríkirkjusöfnuðar í Reyðarfirði. Sú venja hafði skapast hjá kirkjufyrirvöldum að láta eldri „góðpresta“ jafnan sitja fyrir bestu brauðunum, ef þeir sóttust eftir þeim þegar þau losnuðu. Þetta leiddi til þess að í sóknir sem töldust góð brauð, t.d. Kirkjubæ í Hróarstungu, Eydali í Breiðdal og Hólma í Reyðarfirði, völdust jafnan eldri prestar, jafnvel aldraðir, sem oft voru íhaldssamir og atkvæðalitlir í nærsamfélaginu. Þetta var áhyggjuefni fólks í þessum sóknum enda útbreitt viðhorf undir lok 19. aldar að prestar ættu að vera framfarasinnaðir og drifandi leiðtogar sinna sókna, ekki síst í veraldlegum efnum.

Svipaðar aðstæður þeim sem urðu í Hólmasókn árið 1881 sköpuðust í Hofssókn í Vopnafirði ári síðar. Halldór Jónsson prestur og fyrrum alþingismaður lést árið 1881 en í hans stað skipaði biskup Jón Jónsson prest á Mosfelli sem nýjan sóknarprest á Hofi. Sú skipan var í andstöðu við vilja sóknarfólks sem vildi fá Jón Halldórsson, son fyrrum sóknarprests og aðstoðarprest hans. Björn Halldórsson (1831–1920) frá Úlfsstöðum í Loðmundarfirði, sem þá var fluttur í Hauksstaði í Vopnafirði og var oddviti hreppsnefndar Vopnafjarðarhrepps, ritaði ítrekað í dagbók sína sumarið 1882 um prestsskipunina á Hofi. Þann 26. júní 1882 skrifaði Björn: „Reið á fund á Vopnafjörð. Var þar rætt um að mótmæla sjera Jóni frá Mosfelli sem hingað er von og kom flestum saman um að afsegja hann eða ganga úr þjóðkirkunni að öðrum kosti. 5 manna nefnd valin til að tala við prest nær hann kemur.“ Hálfum mánuði síðar (9. júlí) fór Björn til kirkju á Hofi. „Jón prestur Halldórsson kvaddi sóknarfólkið af stolnum. Eftir messu fundur, eg kosinn formaður á honum. Voru gjörð almenn samtök að því að þiggja ekki fyrst um sinn nein prestsverk af Jóni presti fra Mosfelli sem Hof er veitt og kemur bráðum. Urðu allir á eitt sattir.“ Þær móttökur sem hinn nýi sóknarprestur Vopnafirðinga fékk þegar hann vitjaði sóknarfólks síns sumarið 1882 hafa því að líkindum verið heldur kuldalegar. Fljótlega eftir komuna austur átti Jón fund með sóknarfólki. Sá fundur var haldinn 13. ágúst og lýsti Björn Halldórsson honum svo: „Við riðum í kaupstað. Þar haldinn almennur og fjölmennur sóknar fundur um prestsmálið (sjá 26. júní). Eg var kosinn formaður á fundi. Þar mætti prestur, eftir miklar umræður varð sú niðurstaða að prestur skrifaði undir þá skuldbindingu að hann segði lausu brauðinu nær lög um að söfnuðir mættu sjálfir kjósa presta sína næðu laga gildi og meirihluti soknarbúa oskar þess. Voru menn mjög ánægðir yfir þeim urslitum.“⁷⁹³ Þrátt fyrir þetta samkomulag var Jón Jónsson prestur á Hofi allt til ársins 1898. Hann virðist fljótt hafa aflað sér virðingar sóknarfólks því hann var kosinn oddviti hreppsnefndar árið 1883, þegar Björn Halldórsson fluttist til Seyðisfjarðar.

Þeir fríkirkjusöfnuðir sem stofnaðir voru á Íslandi á rannsóknartímanum urðu til vegna deilna um prestsskipan, en enginn þeirra boðaði aðrar trúarkenningar en þjóðkirkjan.⁷⁹⁴ Þrátt fyrir stjórnskrárbundið trúfrelsi voru áfram ýmsir annmarkar á framkvæmd þess sem leiddi m.a. til lagasetningar um utanþjóðkirkjumenn árið 1886. Það sem mest ýtti á eftir þeirri lagasetningu var

⁷⁹² Einar Bragi Sigurðsson, *Í skólanum*, 44.

⁷⁹³ *Lbs.* 3147 8vo. Dagbækur Björns Halldórssonar á Úlfsstöðum í Loðmundarfirði 1880–1884. Um ævi Björns ritaði Svavar Hávarðsson sagnfræðingur áhugaverða grein sem birtist árið 1998. Greinin byggir á dagbókum Björns sem hann skráði á árunum 1860–1894 (sjá: Svavar Hávarðsson, „Dauðastund“, 195–223).

⁷⁹⁴ Pétur Pétursson, *Church and Social Change*, 134.

stofnun fríkirkjusafnaðarins í Reyðarfirði árið 1883. Stofnun hans vakti mikla athygli en líka harða andstöðu, m.a. á Alþingi.⁷⁹⁵ Þó fríkirkja væri til staðar hafði sóknarprestur lagaheimild til að innheimta sóknargjöld af fríkirkjufólki og bar auk þess ábyrgð á eftirliti með menntun barna þeirra. Hvort tveggja var til þess fallið að skapa núning og togstreitu í samfélaginu.⁷⁹⁶ Átökin sem urðu í Hólma- og Hofssóknum voru vissulega persónuleg, þ.e. fólk vildi fá sem sóknarpresta menn sem það þekkti og voru þegar hluti samfélagsins, en þau má líka skoða sem valdatogstreitu milli sóknarfólks (eða ráðandi manna í sóknunum) og yfirstjórnar kirkjunnar. Presturinn var áhrifa- maður í sinni sókn og fólk leit á hann sem „sinn mann“ sem það ætti fá að taka þátt í að velja.

Réttindi almennings í trúmálum fóru vaxandi á níunda áratug 19. aldar. Árið 1882 setti Alþingi lög um lausn sóknarbands sem gerðu fólki kleift að segja skilið við sóknarprest sinn og velja sér annan. Árið 1886 komu svo til framkvæmda lög um prestskosningar sem veittu söfnuðum heimild til að kjósa milli tveggja til þriggja umsækjenda um prestsembætti, sem landshöfðingi valdi í samráði við biskup. Ef helmingur safnaðar greiddi atkvæði og einhver umsækjenda fékk meira en helming greiddra atkvæða var skylt að veita honum embættið.⁷⁹⁷ Ekki voru þó allir sáttir við breytinguna þegar lög um prestskosningar urðu að veruleika. Benedikt Gíslason í Hofteigi hélt því fram að sumum eldri bændum hefði alls ekki líkað þetta fyrirkomulag því þeir litu svo á að með því væru þeir látnir taka ábyrgð á sálusorgara sínum og það kærðu þeir sig ekki um.⁷⁹⁸

Árið 1889 fóru fram prestskosningar í tveimur austfirskum prestaköllum – Kirkjubæ og Eydölum. Hart var tekist á og mikil ólga varð í báðum. Magnús Bergsson var prestur í Eydalasókn í Breiðdal árin 1869–1889 en lét þá af embætti vegna blindu, níræður að aldri. Hann hafði áður verið prestur í Stöð í Stöðvarfirði (1835–1852) og í Kirkjubæ í Hróarstungu (1852–1869).⁷⁹⁹ Þegar Magnús Bergsson lét af embætti fengu Breiðdælingar í fyrsta sinn að kjósa sóknarprest og stóð valið milli Magnúsar Blöndal Jónssonar biskupsritara, síðar prests í Þingmúla og Vallanesi (sjá kafla 4.2.2), og Þorsteins Þórarinssonar prests í Berufirði.⁸⁰⁰ Svo fór að Þorsteinn sigraði með eins atkvæðis mun. Stuðningsmenn Magnúsar undu úrslitunum illa eins og sjá má í bréfi sem honum barst frá sóknarnefnd Eydalasóknar eftir kosninguna. Þar var lýst sárri óánægju með niðurstöðuna og fram kom að sóknarnefnd hefði skrifað biskupi í von um liðsinni hans við að fyrirbyggja „tvídrægni og ósamlinði, sem vafalaust leiðir af þessari prestskostningu í söfnuðinum, þeim flokkum, sem óhætt má telja hinn sjálfstæðari, sem að yfirvarpinu beið ósigur.“⁸⁰¹ Bréf sóknarnefndar birti ekki aðeins áhyggjur af samfélagslegum afleiðingum naumra úrslita kosningarinnar heldur einnig gremju yfir því að ráðandi menn í Breiðdal hefðu þar orðið undir.

Þrátt fyrir þetta lægði öldurnar í Eydalasókn því Þorsteinn varð brátt vinsæll meðal sóknarfólks. Hann þótti einstakt ljúfmenni og þjónaði sókninni í tuttugu ár. Guðrún Kristjánsdóttir (1850–1924) húsfreyja á Þorgrímsstöðum ræddi starfslok Þorsteins í bréfi árið 1909 og sagði: „Breiðdælingar hjeldu sjera Þorsteini eða þeim hjónum samsæti í september. Það var allra mesti fjöldi sem tók þátt í því, Axel sýslumaður var þar með, – Ræður haldnar. Ragnhildur hjelt ræðu og

⁷⁹⁵ Þórunn Valdimarsdóttir, „Öld frelsis, lýðvalds og jafnaðar“, 58.

⁷⁹⁶ Guðni Guðmundsson, „Síra Jóhann Sveinbjarnarson og Fríkirkjusöfnuðurinn í Reyðarfirði“, 13. desember 1901, 181–182. Í greininni sagði Guðni að Jóhann, þá aðstoðarprestur á Hólum, hefði reynt að innheimta sóknargjöld af fríkirkjumönnum meðan þeir voru prestslausir.

⁷⁹⁷ Gunnar Karlsson, „Atvinnubylting og ríkismyndun“, 166–167; [Lög um hluttöku safnaða í veitingu brauða] *Alþingistíðindi* 1885 A, 65–70, 101–107, 351–357, 452–453; B, 715–724, 1118–1124; C, 450.

⁷⁹⁸ Benedikt Gíslason, *Páll Ólafsson skáld*, 89–90.

⁷⁹⁹ Óli Guðbrandsson, „Heydalaprestar“, 263.

⁸⁰⁰ Í sjálfsævisögu sinni gat Magnús Blöndal Jónsson þess ekki að hann hefði sótt um prestsembættið í Eydölum.

⁸⁰¹ *Lbs.* 2822 b 4to. Bréf frá Guðna Árnasyni, Einari Gunnlögssyni og Páli Benediktssyni til Magnúsar Blöndal Jónssonar, dags. 3. febrúar 1891.

Margrjet sendi ræðu sem lesin var upp. (Þá var annað hljóð í strokknum, en þá sjera Þorsteinn var kosinn sem prestur að Eyðolum forðum daga).⁸⁰²

Þó þau sár sem að líkindum höfðu orðið til við kjör Þorsteins í Eyðolum hafi gróíð tiltölulega fljótt var ekki það sama að segja um prestskosninguna í Kirkjubæjarsókn í Hróarstungu. Aðdragandi hennar og eftirmál sköpuðu flokkadrætti og óvild sem lengi eimdi eftir af þó fljótt yrði almenn sátt meðal sóknarfólks um þann sem að endingu var skipaður í embættið.

Páll Ólafsson skáld á Hallfredarstöðum var í miðju átakanna í Kirkjubæjarsókn. Eftir að hann sagði af sér þingmennsku árið 1875 hélt hann sig frá pólitískum embættum en vann oft að kjöri annarra við þingkosningar. Um aðkomu Páls að þingkosningum skrifaði Guðmundur frá Húsey: „Mun þar hafa valdið mestu, að þingmannsefnið — sem oft var í fjarlægð — vissi um vinsældir hans heima fyrir og leitaði því liðveizlu hans. Þessi mál sótti hann oft með kappi og varð honum til óvinsælda.“⁸⁰³ Árið 1876 var aukakosning til Alþingis í Norður-Múlasýslu eftir að Páll sagði af sér þingmennsku. Í þeirri kosningabaráttu tókust á tveir prestar; Arnljótur Ólafsson, sem átti langan þingferil bæði fyrir og eftir 1876, og Eiríkur Briem, sem átti eftir að sitja 28 ár á þingi á árabílinu 1880–1915. Hvorugur þeirra bjó á Austurlandi. Páll, ásamt flestum Út-héraðsmönnum og Vopnfirðingum, studdi Arnljót og fór svo að hann náði kjöri. Eirík studdu frammámenn á Mið- og Upp-héraði, með Þorvarð Kjerúlf lækni, Pál Vigfússon bónda á Ási í Fellum og Þorvald Ásgeirsson prest í Hofteigi fremsta í flokki.⁸⁰⁴ Mikil harka var í baráttunni og birtist hún m.a. í opinberum blaðaskrifum. „Eftir það greri aldrei um heilt milli Páls og Upp-Héraðsmanna, enda varð þá margt fleira til sundurþykkju, einkum kveðlingar Páls, sem voru særandi um of.“⁸⁰⁵ Hagsmælskan sem aflaði Páli vinsælda á fyrri árum reyndist honum tveggjað sverð því hún varð honum til óvinsælda á efri árum.⁸⁰⁶ Páll lét þó ekki deigan síga í þessum efnum og var aftur miðpunktur baráttunnar um Kirkjubæ þrettán árum síðar.

Þrír sóttu um prestembættið í Kirkjubæ árið 1889 og einn þeirra var Halldór Bjarnarson, mágur Páls Ólafssonar sem hélt fast fram hans hlut. Yngri menn í sókninni vildu að presturinn væri yfirlýstur bindindismaður, en almenn þreyta var í samfélaginu vegna drykkjuskapar presta, og hölluðust þeir því flestir að öðrum umsækjanda, Eggert Pálssyni. Þriðji umsækjandinn var Einar Jónsson, þá prestur í Miklabæ í Skagafirði. Hann blandaðist þó lítt í baráttuna því umsókn hans kom fram mun síðar en hinna tveggja og hafði sóknarfólk þá þegar skipast í fylkingar. Á kjörfundi fékk Halldór flest atkvæði, en munurinn á honum og Eggert var mjög lítill og taldist niðurstaðan ekki bindandi. Endirinn varð sá að biskup fór að tillögu prófests og skipaði Einar Jónsson, sem fæst atkvæði fékk í kosningunni, í embætti sóknarprests í Kirkjubæ.⁸⁰⁷

Skömmu eftir prestskosninguna bárust Einari Jónssyni bréf frá tveimur mönnum búsettum í Kirkjubæjarsókn sem báðir lýstu áhyggjum af niðurstöðunni og mikillar togstreitu meðal sóknarfólks sem gæti leitt til klofnings. Báðir báru þeir framgöngu Páls Ólafssonar illa söguna og lýstu þrýstingi og hótunum sem hefði verið beitt í baráttunni, m.a. við þá sem hugðust skipta um skoðun og kjósa Einar. Frásagnir Benedikts frá Hofteigi og Guðmundar frá Húsey af þessum kosningum draga einnig skýrt fram hversu harðvítug og persónuleg baráttan varð og að af henni hlutust varanleg sárindi. Löngu síðar minntist Guðmundur þessa atburðar í bréfi. „Jeg man vel

⁸⁰² Lbs. 3849 4to. Bréf frá Guðrúnu Kristjánsdóttur til Ingibjargar Hóseasdóttur, dags. 8. apríl 1909. Ragnhildur og Margrét sem Guðrún nefnir í bréfinu hafa vafaltíð verið Ragnhildur Stefánsdóttir á Gilsá, eiginkona Páls Benediktssonar hreppstjóra, og Margrét Jónsdóttir á Höskuldsstöðum, eiginkona Einars Gunnlögssonar.

⁸⁰³ Guðmundur Jónsson (frá Húsey), „Um Pál Ólafsson, skáld,“ 145.

⁸⁰⁴ Lbs. 564 fol. Jón Jónsson frá Sleðbrjót, „Pólitískar endurminningar,“ 7.

⁸⁰⁵ Guðmundur Jónsson (frá Húsey), „Um Pál Ólafsson, skáld,“ 145.

⁸⁰⁶ Guðmundur Jónsson (frá Húsey), „Um Pál Ólafsson, skáld,“ 143.

⁸⁰⁷ Benedikt Gíslason, *Páll Ólafsson skáld*, 89–90, 93–94.

eptir kosningadeginum. Þetta varð svo ótrúlegt kappsmál á báðar hliðar að mig hryllir við því enn í dag. Það sjest best á því að framboði sjéra Einars sem kom of seint, var enginn gaumur gefinn. Var hann þó nógu þekktur til þess að honum hefðu allir átt að fylgja fremur en ókunnugum mönnum.⁸⁰⁸ Einar Jónsson var fæddur á Stóra Steinsvaði í Hjaltastaðahringhá en sá bær stendur nærri austurbakka Lagarfljóts. Skammt norðan Stóra Steinsvaðs, vestan Lagarfljóts, er Kirkjubær í Hróarstungu. Að Guðmundur skuli vísa til Halldórs og Eggerts sem „ókunnugra manna“ er eftirtektarvert í tilfelli Halldórs því hann var líkt og Einar upprunninn á Fljótsdalshéraði, frá Eyjólfsstöðum í Vallahreppi. Þessi aðgreining vekur spurningar um samgang milli sveita á Fljótsdalshéraði á síðari helmingi 19. aldar og hvort hann hafi almennt verið lítill við aðra en íbúa eigin hrepps og aðliggjandi hreppa.

Hörð framganga leiðandi manna í sóknum og ósamlyndi í aðdraganda og eftirmála prestskosninga átti sér víðar stað en á Austurlandi um þetta leyti. Sem dæmi um það má vitna til lýsingar í æviminningum Friðriks Guðmundssonar á framgöngu forystumanna í Sauðanesprestakalli í Norður-Pingeyjarsýslu árið 1890. Friðrik sagði: „Leiðandi menn gengu og riðu aftur á bak og áfram um sveitina til að reyna að afla þeim prestinum atkvæða, sem þeir vildu koma að.“⁸⁰⁹ Þeir árekstrar sem gátu orðið milli kirkjufirvalda og sóknarfólks fyrir setningu laganna um prestskosningar virðast hafa umbreytt í innbyrðis átök sóknarfólks í Kirkjubæjar- og Eydala-sóknum. Sú harka endurspeglar ekki aðeins stöðu prestsins í sveitasamfélögum 19. aldar heldur líka hvernig forystumenn í sóknum reyndu að styrkja eigin stöðu með því að koma „sínun manni“ í embætti eftir að prestskosningar voru teknar upp. Bæði í Kirkjubæ og Eydölum varð niðurstaðan að „ráðandi“ menn í sóknunum urðu undir í kosningunni og undu þeirri niðurstöðu illa.

4.3 Áhrif þjóðmálablaða á austfirskt almannarými

Í þessari umfjöllun um áhrif austfirska þjóðmálablaða á þróun austfirsks samfélags og almannarýmis verður lögð áhersla á tvo þætti. Sá fyrri er upphaf austfirskrar blaðaútgáfu og hlutverk *Skuldar* og *Austra* (fyrri) sem frumkvöðla við að ryðja braut blaðaútgáfu í austfirsku almannarými. Mestur þungi er þó á hlutverk *Austra* (síðari) og *Bjarka* sem opinberra umræðuvettvanga og málsvara fyrir mismunandi sýn á samfélagið um aldamótin 1900. Efni þeirra, innbyrðis átök og ólík afstaða gagnvart samfélaginu eru hér notuð til að rýna í þróun austfirsks samfélags og almannarýmis og verður í næsta kafla gerð stuttlega grein fyrir fyrrnefndum blöðum. Þrjú austfirsk þjóðmálablöð (*Framsókn*, *Dagfari* og *Austurland*) til viðbótar þeim sem þegar hafa verið nefnd komu út á rannsóknartímanum. Þau koma minna við sögu í þessum kafla.

Í Viðauka 1 er að finna grunnupplýsingar um hvert blað til skýringar fyrir lesendur, þ.e. upplýsingar um útgáfutíma, útgáfustað, ritstjóra, eigendur og pólitískar áherslur hvers blaðs.

4.3.1 Austfirsk þjóðmálablöð á rannsóknartímanum

Útgáfa prentaðra þjóðmálablaða á Austurlandi hófst á Eskifirði árið 1877 með útgáfu *Skuldar*. Engin prentsmiðja var fyrir á Austurlandi og hafði aldrei verið þegar Skuldarprentsmiðja var flutt þangað. Ritstjóri *Skuldar* var Jón Ólafsson (1850–1916), síðar alþingismaður og hálfbróðir Páls Ólafssonar skálds og fyrrum alþingismanns á Hallfreðarstöðum. Þó prentfrelsi væri lögleitt árið 1855 var rekstur prentsmiðja enn leyfisskyldur árið 1877 (og var svo til 1886).⁸¹⁰ Jón var áður útgefandi blaðanna *Baldurs* og *Göngu-Hrólfs*, sem komu út í Reykjavík, og fékk á sig ítrekaðar kærur

⁸⁰⁸ Lbs. 4612 4to. Bréf frá Guðmundi Jónssyni (frá Húsey) til Björns Hallssonar, dags. 12. október 1944.

⁸⁰⁹ Friðrik Guðmundsson, *Endurminningar*, 1:264.

⁸¹⁰ [Lög um prentsmiðjur] *Alþingistíðindi* 1886 A, 237; B, 179–180, 321–322; C, 17, 56–57.

vegna efnis þeirra. Það er líkleg skýring þess að amtmaður lagðist gegn því að Jón fengi leyfi til að reka prentsmiðju á Eskifirði, en Páll beitti sér í málinu fyrir hönd bróður síns og fór svo að lokum að leyfið fékkst.⁸¹¹

Fyrsta tölublað *Skuldar* kom út þann 8. maí 1877 og varð blaðið þá fimmta starfandi þjóðmálablað landsins á þeim tíma (en fyrir voru *Þjóðólfr* og *Ísafold* í Reykjavík og *Norðlingur* og *Norðri* á Akureyri). Í upphafsávarpi *Skuldar* lýsti Jón Ólafsson markmiðum útgáfunnar, sem voru einkum að flytja fréttir, ræða landsins gagn og nauðsynjar og birta skemmtiefni. En hann vildi líka fræða lesendur um helstu nýjungar og hugmyndastrauma erlendis. Blaðið átti að vera aðgengilegt, ekki aðeins fyrir menntamenn „heldr við almennings hæfi hér á landi og skiljanlegt mönnum með þeirri *litlu* mentun, sem hér er almenn.“⁸¹² Þessu markmiði náði Jón að mati nafna hans frá Sleðbrjót sem hrósaði honum fyrir að hafa haft lag á að ræða flókin og framandi málefni með þeim hætti að skilningur almennings á þeim ykist.⁸¹³ Jón Ólafsson lagði einnig ríka áherslu á að þó *Skuld* væri austfirskt blað þá væri það „fyrst og fremst íslenzkt.“ Hann vænti því bæði áskrifenda og efnis víða að af landinu og fékk hvort tveggja.⁸¹⁴ Þessi áhersla var á skjön við það útbreidda viðhorf í samfélaginu á þeim tíma að horfa fyrst og fremst til eigin heimilis og nærumhverfis þess.

Margvíslegir erfiðleikar biðu útgáfu *Skuldar*. Að stofna og starfrækja blað í fámennu þorpi í dreifbýlu héraði fjarri fjölmennustu þéttbýlisstöðum landsins var krefjandi verkefni, ekki síst fjárhagslega. Tvennt varð einkum til að skapa vanda. Annað voru óvissir póstflutningar og hitt vandræði við innheimtu áskrifta, sem jafnan voru greiddar með innskriftum hjá kaupmönnum. *Skuld* var gefin út á Eskifirði í rúm þrjú ár eða til október 1880. Það ár var rekstur Skuldarprentsmiðju orðinn svo erfiður að Jón fékk ekki lengur úttekt í verslunum á Eskifirði.⁸¹⁵ Jón hélt útgáfu blaðsins þó áfram í rúm tvö ár, fyrst í Kaupmannahöfn og svo í Reykjavík. Hann keypti útgáfu *Þjóðólfs* síðla árs 1882 og tók við ritstjórn blaðsins í byrjun árs 1883. Skömmu síðar sameinaði Jón blöðin undir nafni *Þjóðólfs*.

Hver eða hverjir stóðu að rekstri Skuldarprentsmiðju er ekki ljóst en leiða má líkur að því að bæði prentsmiðjan og *Skuld* hafi verið undir verndarvæng Carls Tulíníusar kaupmanns, sem flutti prentsmiðjuna til landsins á eigin skipi. Meðan Jón Ólafsson bjó á Eskifirði starfaði hann samhliða útgáfu *Skuldar* sem bókhaldari og heimiliskennari hjá Carli Tulíníus.⁸¹⁶ Síðar minntist Jón útgáfu *Skuldar* í blaðagrein og sagði Austfirðinga ekki hafa hlynnt sem skyldi að útgáfu blaðsins. Þeir „keyftu ekki „Skuld“ betur en í meðallagi og borguðu miður en skyldi. Alskonar eigingirni, hjeómaskapur og hreppapólitík reyndi og að vekja mjer mótspyrnu þá, svo að jeg varð að flytja mig burtu, og lagðist þá prentsmiðjan niður um hríð.“⁸¹⁷

Í grein í *Iðunni* árið 1919 ræddi Þorsteinn Gíslason (1867–1938, ritstjóri *Bjarka* 1900–1904) um ritstjórnarferil Jón Ólafssonar og útgáfu *Skuldar*. Þorsteinn sagði *Skuld* hafa markað tímamót. Ekki aðeins var þetta fyrsta þjóðmálablaðið sem gefið var út utan Reykjavíkur og Akureyrar heldur náði það allmikilli útbreiðslu og þótti fjölbreytt að efni. Auk þess að taka upp ýmis mál sem áður höfðu lítið verið rædd í blöðum innleiddi Jón nýjungar, s.s. myndbirtingar og dóma um nýjar bækur. *Skuld* átti einnig stóran þátt í að hrinda af stað bindindisumræðu á Íslandi. Sá maður sem var ötulastur að rita í *Skuld* (að ritstjóranum frátöldum) var Magnús Jónsson (1828–1901), þá prestur á

⁸¹¹ Jón Þ. Þór, „Upphaf prentlistar á Austurlandi,“ 319–320, 328; Smári Geirsson, *Frá eldsmiði til eleksírs*, 17–18.

⁸¹² Jón Ólafsson, „Ávarp til lesandanna,“ 8. maí 1877, d. 3.

⁸¹³ Jón Jónsson (frá Sleðbrjót), „Um Jón Ólafsson,“ 115–116.

⁸¹⁴ Jón Ólafsson, „Ávarp til lesandanna,“ 8. maí 1877, d. 1–5.

⁸¹⁵ Smári Geirsson, *Frá eldsmiði til eleksírs*, 23–24.

⁸¹⁶ Jón Þ. Þór, „Upphaf prentlistar á Austurlandi,“ 331–334, 345, 350; Þorsteinn Gíslason, „Jón Ólafsson blaðamaður,“ 63–65.

⁸¹⁷ „Bréf frá Jóni Ólafssyni til ritstjóra Bjarka,“ 26. febrúar 1897, 29.

Skorrastað í Norðfirði. Bindindishugvekjur hans voru stundum aðalgreinar blaðsins. Magnús var meðal fyrstu manna á landinu til að hefja opinbera umræðu um bindindismál og þar með að vekja landsmenn til umhugsunar um þau.⁸¹⁸

Eftir að útgáfu *Skuldar* lauk á Eskifirði lá prentsmiðjan þar ónotuð til 1883 eða þar til nýstofnað Prentfélag Austfirðinga keypti hana. Það flutti prentsmiðjuna til Seyðisfjarðar og hóf útgáfu *Austra* (1883–1888) undir ritstjórn Páls Vigfússonar (1851–1885). Útgáfa *Austra* var af hálfu útgefenda sett í samhengi við sjálfstæði fjórðungsins og framfarir innan hans. Blaðið var frá upphafi mun afmarkaðra við austfirsk málefni en *Skuld* hafði verið en má þó engu að síður flokka sem þjóðmálablað.⁸¹⁹ Smári Geirsson sagnfræðingur segir að Gránufélagið, Tryggvi Gunnarsson forstjóri þess og Sigurður Jónsson verslunarstjóri félagsins á Seyðisfirði (sem tók við ritstjórn blaðsins árið 1885), hafi verið bakhjarlar útgáfu *Austra* og staðið að kaupum á prentsmiðjunni sem fundinn var staður á Vestdalseyri, skammt frá aðalbækistöðvum Gránufélagsins á Austurlandi. Halldór Stefánsson eignaði hins vegar forgöngu manna á Fljótsdalshéraði, einkum Páls Vigfússonar og Þorvarðar Kjerúlfr, heiðurinn af stofnun *Austra* og sagði blaðið hið fyrsta sem var stofnað með „samtökum almennings.“⁸²⁰ Andlát prentara og ritstjóra *Austra* árið 1885 settu starfsemi blaðsins úr skordum og útgáfa þess gekk brösuglega eftir það, allt þar til henni var endanlega hætt snemma árs 1888.

Prentfélag Austfirðinga háði langt dauðastríð. Það var formlega enn til árið 1892 þó það væri í raun gjaldþrota. Prentsmiðja þess var loks seld á uppboði árið 1895. Norski athafnamaðurinn Otto Wathne leigði prentsmiðjuna árið 1891 og hóf útgáfu *Austra* (1891–1917), nýs blaðs með gömlu nafni. Blaðaleysi árána á undan þótti í mótsögn við þann uppgang sem þá var á Seyðisfirði og það var tímanna tákn að það skyldi vera athafnamaður af erlendum uppruna sem stóð á bak við endurreisn blaðaútgáfu á Seyðisfirði.⁸²¹ Þó *Austri* væri upphaflega í eigu Otto Wathne eignaðist Skapti Jónsson (1839–1905) ritstjóri blaðsins það strax á öðru ári útgáfunnar og var *Austri* í eigu Skapta og síðar fjölskyldu hans til loka útgáfunnar árið 1917.⁸²² Skapti var reyndur ritstjóri. Áður en hann kom að útgáfu *Austra* var hann ritstjóri *Norðlings* á Akureyri árin 1875–1882. *Austri* átti líkt og önnur blöð á þessum tíma í fjárhagserfiðleikum, einkum vegna lélegra skila á áskriftargjöldum. Dæmi um þá erfiðleika má sjá í bréfi Skapta til Péturs Jónssonar á Gautlöndum. Í því bað Skapti Pétur að greiða áskrift að *Austra* og ýta á aðra áskrifendur í nágrenninu að gera slíkt hið sama. Skapti tók þó sérstaklega fram að hann vildi ekki að greiðslan færi í gegnum Sigurð bróður Péturs, sem þá var verslunarstjóri á Seyðisfirði, „því þaðan fæ ég ekkert.“⁸²³ Það sem varð útgáfunni þó endanlega að falli var dýrtíð vegna heimsstyrjaldarinnar sem leiddi til fjórföldunar á verði á pappír og tvöföldunar á prentkostnaði samhliða samdrætti í tekjum.⁸²⁴

Stofnun *Bjarka* árið 1896 var sprottin upp úr innbyrðis valdatogstreitu á Seyðisfirði og pólitískum átökum þess tíma, sem og óánægju með *Austra* og pólitískar áherslur ritstjórans. Skapti Jónsson tilheyrði þeim hópi sem hafði verið handgenginn Jóni Sigurðssyni forseta en ýmsum þótti hann gerast íhaldssamur er fram liðu stundir. Skapti var ákafur heimastjórnarmaður og tilgreinir Guðjón Friðriksson það sem helstu ástæðu þess að tveir kaupmenn á Seyðisfirði, vinir

⁸¹⁸ Þorsteinn Gíslason, „Jón Ólafsson blaðamaður,“ 63. Sem dæmi um skrif Magnúsar Jónssonar um bindindismál í *Skuld* má nefna grein í fimm hlutum sem birtist á fyrsta útgáfuári blaðsins: M.J., „Herhvöt gegn þjóðfjanda (óvini guðs og manna),“ 7. júlí 1877, d. 41–43; 28. júlí 1877, d. 63–65; 27. september 1877, d. 86–88; 20. október 1877, d. 111–113; 3. nóvember 1877, d. 120–122.

⁸¹⁹ „Ávarp,“ 22. desember 1883, d. 1–6.

⁸²⁰ Smári Geirsson, *Frá eldsmíði til eleksírs*, 25–28; Halldór Stefánsson, „Þættir úr sögu Austurlands á 19. öld,“ 162.

⁸²¹ Smári Geirsson, *Frá eldsmíði til eleksírs*, 29–33.

⁸²² Vilhjálmur Þ. Gíslason, *Blöð og blaðamenn 1773–1944*, 206.

⁸²³ *HHús*. E-90, 1. Bréf frá Skapta Jónfssyni til Péturs Jónssonar, dags. 18. október 1895.

⁸²⁴ Smári Geirsson, *Frá eldsmíði til eleksírs*, 36–40.

Valtýs Guðmundssonar, tóku sig saman og stofnuðu *Bjarke*.⁸²⁵ Valtýr stóð um þessar mundir á hátindi síns pólitíska ferils og var óskoraður leiðtogi þeirrar stefnu í sjálfstæðismálum sem kennd var við hann og kölluð valtýska. Þorsteinn Erlingsson (1858–1914) skáld var fyrsti ritstjóri *Bjarke*. Síðar kom Þorsteinn Gíslason (1867–1938) að ritstjórn blaðsins með nafna sínum og tók svo við blaðinu eftir að Þorsteinn Erlingsson fluttist frá Seyðisfirði. *Bjarke* var gefinn út til ársins 1904 en þá var útgáfunni hætt. Rekstur blaðsins gekk löngum erfiðlega, eins og Jóhannes Jóhannesson, sýslumaður á Seyðisfirði og alþingismaður Norður-Múlasýslu, vék ítrekað að í bréfum til Valtýs Guðmundssonar.⁸²⁶ Líkt og við mátti búast urðu væringar milli *Austra* og *Bjarke* og flokkadrættir þeim tengdir, eins og nánar er vikið að í kafla 4.3.3.

4.3.2 Opinber skoðanaskipti og félagslegt stigveldi

Snemma á áttunda áratug 19. aldar kom til umræðu meðal frammámanna á Austurlandi að stofna prentað þjóðmálablað. Í bréfi til Halldórs Jónssonar á Hofi vorið 1872 ræddi Sigurður Gunnarsson á Hallormsstað áskorun sem honum hafði borist um að leita framlaga hjá almenningi við að koma á fót útgáfu pólitísks blaðs á Austurlandi. Sigurður taldi að slíkt blað myndi ekki þrífast en vildi engu að síður fá álit Halldórs á hugmyndinni.⁸²⁷ Líklega hefur Halldór verið sama sinnis, a.m.k. varð ekkert af stofnun blaðs fyrr en *Skuld* kom til.

Pó Sigurður Gunnarsson væri ekki áfjádur í að stofna þjóðmálablað árið 1872 var hann fljótlega eftir stofnun *Skuldar* árið 1877 farinn að vinna að því að fá leyfi fyrir prentsmiðju sem ætlunin var að setja upp á Seyðisfirði. „Mun Sigurður hafa verið í forsvari fyrir hóp Austfirðinga sem voru óánægðir með skömmótt skrif Jóns Ólafssonar í *Skuld* og töldu fulla ástæðu til að hefja útgáfu annars blaðs í landshlutanum.“⁸²⁸ Sigurður fékk prentsmiðjuleyfi 31. júlí 1878, við litla hrifningu Jóns Ólafssonar sem ítrekað var harðorður í hans garð á síðum *Skuldar*. Ekkert varð af prentsmiðjurekstri Sigurðar, en hann lést 22. nóvember 1878. Þremur dögum síðar birtist í *Skuld* greinin „Hnútukast“ eftir ritstjórnann Jón Ólafsson þar sem hann hellti sér yfir Sigurð fyrir nýleg skrif hans í *Norðanfara*.⁸²⁹ Við annan tón kvað í næsta tölublaði *Skuldar*, sem kom út fimm dögum síðar, en þá hafði Jón frétt af andláti Sigurðar og baðst afsökunar á skrifum sínum um Sigurð í blaðinu á undan og ritaði loflega um hann. Fyrri greinin fór engu að síður fyrir brjóstið á vinum Sigurðar eins og sjá má í bréfi Þorvaldar Ásgeirssonar prests í Hofteigi til Halldórs Jónssonar á Hofi. Í eftirmála bréfsins sagði Þorvaldur: „Jafnhliða brjefinu að austan barst mjer „Skuld“, og hefði jeg betur aldrei sjeð hana, svo viðbjóðsleg er hún í mínum augum og skelfing var það óhappalegt, að Jón skyldi verða til þess að þylja opinberar skammir yfir séra Sigurði dauðum.“⁸³⁰ Þorvaldur var augljóslega reiður sínum fyrrum lærisveini, en hann fósttraði Jón og kenndi honum eftir að Jón missti föður sinn árið 1861.⁸³¹

Tilkoma *Skuldar* var veigamikill þáttur í að stækka austfirskt almannaráymi og olli auk þess eðlisbreytingu á því þar sem umfjöllun um almenn mál varð þá aðgengilegri en áður fyrir austfirskan almenning. Útgáfa *Skuldar* hristi upp í doxa austfirsks samfélags þessa tíma enda hikaði Jón ekki við að beina spjótum sínum að venjum og valdsmönnum. Hann komst því brátt upp á kant við marga helstu forystumenn fjórðungsins sem kunnu ekki við að inn í austfirskt samfélag

⁸²⁵ Guðjón Friðriksson, *Nýjustu fréttir!* 64–65.

⁸²⁶ *Aldamót og endurreisn*, 91, 100.

⁸²⁷ *Lbs.* 2755 c 4to. Bréf frá Sigurði Gunnarssyni til Halldórs Jónssonar, dags. 9. apríl 1872.

⁸²⁸ Smári Geirsson, *Frá eldsmiði til eleksírs*, 25.

⁸²⁹ Jón Ólafsson, „Hnútukast“, 25. nóvember 1878, d. 417–419; Jón Ólafsson, „Að austan“, 30. nóvember 1878, d. 430–431.

⁸³⁰ *Lbs.* 2755 c 4to. Bréf frá Þorvaldi Ásgeirssyni til Halldórs Jónssonar, dags. 30. nóvember 1878.

⁸³¹ *Brautryðjendur*, 198–203.

væri komið blað með uppvöðslusömum ritstjóra. Björn Halldórsson hreppstjóri á Úlfsstöðum í Loðmundarfirði var meðal áhrifamanna í Norður-Múlasýslu á áttunda áratug 19. aldar og var ítrekað hvattur til þingframboðs. Af dagbókum hans má sjá að hann var í góðum tengslum við helstu forystumenn sýslunnar og skyldur sumum þeirra. Í færslu í dagbók Björns frá byrjun árs 1878 kemur fram að Ásmundur Sveinsson kandídat var þá kominn í Klyppstað til að kenna syni prestsins undir skóla. Þann 3. febrúar 1878 skrifar Björn í dagbókina: „Asm. kand. hjer við að skrifa í Norðurl. bloðin um „Skuld“.“ Þann 11. febrúar skrifar Björn: „Eg sendi Arnbjörn á Seiðisfjörð með 3 brjef. 1 til Bjarnar ritstj. Norðanf. með grein mót „Skuld“ um alþýðumentun; 2 til Skapta ritst. Nlings mót skömmum í Skuld um séra Þorf. og Sigurð verslunarst. Jónsson og 3 til Jóns ritst. Skuldar um innbrot og þjófnað Englendinga hjer á Seljamýri í sumar.“⁸³²

Jón Ólafsson aflaði sér allnokkurra óvinsælda, en þeir voru líka til eystra sem litu til áhrifa hans með velþóknun. Einn þeirra sem minntist Jóns á þann hátt var Guðmundur Jónsson frá Húsey. Hann taldi útgáfu *Skuldar* hafa gert Jón áhrifamikinn á Austurlandi og þau áhrif verið „ómetanleg“ fyrir samfélagið, þó deildar meiningar væru um starfsemi hans og ritsmíðar. „Gömlu prestunum“ hafi þótt nóg um Jón og kallað hann æsingamann.⁸³³ Jón frá Sleðbrjót minntist Jóns Ólafssonar sem áhrifamanns í austfirsku samfélagi eftir að hann fluttist austur og hóf útgáfu *Skuldar*. Margir hafi þó verið honum ósammála um ýmis mál og hann átt sér „mikilhæfa mótstöðumenn“ og lent í opinberum deilum við suma þeirra. Jón frá Sleðbrjót gat sérstaklega deilna Jóns Ólafssonar og Sigurðar Gunnarssonar sem ekki hefði skilið stefnu Jóns, heldur þótt hann ungæðislegur og ófyrirleitinn. Sigurður varð Jóni erfiður andstæðingur enda „mikilsmetinn og frændmargur.“⁸³⁴

Fleiri forystumenn samfélagsins áttu í útistöðum við Jón Ólafsson. Einn þeirra var Tryggvi Gunnarsson, kaupstjóri Gránufélagsins og samþingmaður Jóns í Suður-Múlasýslu 1880–1886. Þegar þeir voru kjörnir á þing árið 1880 var með þeim góð vinátta og vitnar Gils Guðmundsson til þess í bók um ævi Jóns að bréf hans og Tryggva sem skrifuð voru um og fyrir 1880 hafi jafnan hafist á ávarpinu „Elsku vinur.“ En það viðmót átti eftir að breytast og segir Gils að kastast hafi í kekki með þeim strax á fyrsta þinginu sem Jón sat (árið 1881).⁸³⁵ Eitt tölublað *Skuldar* árið 1882 var lagt undir deilu þeirra sem hófst á pólitískum nótum en varð svo persónuleg. Í ítarlegri grein svaraði Jón því sem hann kallaði dylgjur og lygar um sig í tveimur blaðagreinum Tryggva. Í eftirmála birtist svo hluti úr bréfi sem Tryggvi hafði skrifað Jóni og hann tók sem hótunarbréfi. Af tilvitnun *Skuldar* í bréf Tryggva að dæma mælir þar valdsmaður sem telur sig standa ofar í stigveldi samfélagsins en viðtakandinn sem ætti að þekkja sinn sess og sitja á sér. Að öðrum kosti var því hótad að frásagnir um lífnaðarhætti Jóns í Kaupmannahöfn og á Eskifirði yrðu á almanna vitorði. Skilningur Jóns á innihaldi bréfsins var ótvíráður: „Svona í óbrotnu máli þýðir þetta: Ef þú þorir að svara mjer, þá mun jeg reyna að vega mannorð þitt launvígi.“⁸³⁶ Átök Tryggva og Jóns (sem og deila Þorvarðar Kjerúlf og Jóns frá Sleðbrjót, sem rædd verður síðar í kaflanum) má skoða sem vitnisburði um stigveldisskiptingu í samfélaginu, einnig meðal þeirra sem töldust þar hærra settir. Þó menn væru samtímis þingmenn sama kjördæmis þýddi það ekki endilega að þeir litu á hvorn annan sem jafningja. Aldur og aðrir þættir í samfélagsstöðu virðast hafa spilað þar stóran þátt og leitt til aðgreiningar. Þeir sem töldu á sig hallað, mættu hótunum eða lítilsvirðandi framkomu, gátu þá gripið til þess ráðs (sem þeir nafnar gripu til) að knýja andstæðinga sína inn á opinberan vettvang

⁸³² Lbs. 3146 8vo. Dagbækur Björns Halldórssonar á Úlfsstöðum í Loðmundarfirði 1873–1879.

⁸³³ Guðmundur Jónsson (frá Húsey), „Minningaþættir Guðmundar í Húsey“, 151.

⁸³⁴ Jón Jónsson (frá Sleðbrjót), „Um Jón Ólafsson“, 114; Lbs. 564 fol. Jón Jónsson frá Sleðbrjót, „Pólitizkar endurminningar“, 6.

⁸³⁵ Gils Guðmundsson, *Ævintýramaður*, 141, 154.

⁸³⁶ Jón Ólafsson, „Einn lítill pistill um sannleiksást, ásamt fróðlegum eftirmála um hótunarbréf, hegningarlög og riddaraskap“, 19. október 1882, 96.

þjóðmálablaðanna og takast á við þá þar. Ljóst er af viðbrögðum Tryggva og Þorvarðar að þeim líkaði illa að deila við þá nafna, Jón Ólafsson og Jón frá Sleðbrjót, á opinberum vettvangi. Þessar deilur eru á vissan hátt tákmyndir átaka gamla tímans og hins nýja þar sem þjóðmálablöð gegndu sífellt veigameira hlutverki í almannarýminu.

Þó deildar meiningar um sambandsmál Íslands og Danmerkur væru meginátakaflötur milli *Austra* og *Bjarka* er ekki ætlunin að kafa í þá umræðu hér, því eins og færð hafa verið rök fyrir fyrr í þessari ritgerð (sjá kafla 3.3.3) virðist sú umræða fyrst og fremst hafa verið áhugamál ritstjóra, alþingismanna og fámenns hóps frammámanna í austfirsku samfélagi meðan almenningi var meira umhugað um atvinnumál, menntun og önnur „hversdagslegri“ stjórnsmál. Óhjákvæmilegt er þó að huga að samhengi milli málaflokka og hvernig umræða um eitt mál gat haft áhrif á önnur, t.d. með því að taka frá því rúm í opinberri umræðu.

Átök milli aðstandenda *Bjarka* og ritstjóra *Austra* voru byrjuð áður en *Bjarki* hóf útgáfu. Vorið 1896 skrifaði Skapti Jónsson harðorða grein í *Austra* um tvo seyðfirska kaupmenn, Sigurd Johansen og Stefán Th. Jónsson. Uppgefin ástæða skrifanna voru flugurit tvímenninganna og „níðskrif“ þeirra sem Skapti taldi stjórnast af hatri í garð Otto Wathne, en umsvif hans fengu töluverða umfjöllun á síðum *Austra*. Skapti kvað óhjákvæmilegt annað en að fjalla um umsvif Otto Wathne í blaðinu. „En þeirra Stefáns og Johansens hefir oss verið lífsinsómögulegt að geta optar í *Austra*, en gjört hefir verið, vegna ómerkilegheita mannanna sjálfra, enda sóma þeir sér bezst sem rithöfundar í auglýsinga kafla blaðsins.“⁸³⁷ Það sem olli þó líklega ekki síður gremju Skapta og viðbrögðum hans var að Stefán og Sigurd höfðu boðað stofnun nýs þjóðmálablaðs, en undirbúning þess hófu þeir síðla árs 1895. Í þremur bréfum til Þorsteins Erlingssonar, þá verðandi ritstjóra *Bjarka*, ræddu Sigurd og Stefán hugmyndir sínar að nýju blaði. Þeir drógu ekki dul á að blaðið væri stofnað til höfuðs *Austra* en viðruðu líka háleitari hugmyndir um hlutverk þess sem þjóðmálablaðs sem myndi njóta menningarlegrar stöðu Þorsteins sem ritstjóra.⁸³⁸ Í bréfi sem Skapti skrifaði Pétri Jónssyni á Gautlöndum í byrjun árs 1896 kemur skýrt fram að hann hafði verulegar áhyggjur af væntanlegri samkeppni. Í bréfinu leitaði Skapti stuðnings Péturs við *Austra*, bað hann að skrifa greinar í blaðið og standa vörð um áskrifendur þess í Þingeyjarsýslum.⁸³⁹

Þremur dögum eftir útgáfu áðurnefnds tölublaðs *Austra* skrifaði Skapti bréf til Þorsteins Erlingssonar. Bréfið er vinsamlegt en í því gætir þó bæði áhyggja Skapta af yfirvofandi samkeppni og nokkurs yfirlætis gagnvart Þorsteini. Skapti sagði Þorsteini til um hve hárra vinnulauna hann skyldi krefjast (mun hærri en þau sem Þorsteinn fékk) og hvatti hann til að styggja ekki Norðlendinga og þiggja heldur ritstjórarstarf á Akureyri.⁸⁴⁰ Skapti reyndi líka að leiða Þorsteini fyrir sjónir í hvaða félagsskap hann áleit Þorstein vera kominn. Um Stefán og Sigurd sagði Skapti að þeir hefðu þá þegar

búið í hagin fyrir yður og hið nýja blað, með beinum persónulegum árásum á mig að fyrra bragði með notalegum fyrirheitum um væntanlegt áframhald undir yðar heiðruðu ritstjórn, sem eg í rauninni persónulega hlakka til, því þó við kunnum, og séum sjálfsagt, ósammála í trúarefnum, þá eru þau eiginlega ekki blaðamál, en mér eru þér kunnur af orðspori sem góður Íslendingur, og þá mun okkur vel semjast í almennum málum, og eg hlakka til að kynnast yður sem menntuðum manni, sem hér er eigi mikil völ á, og sama gjöra ritstjórar Framsóknar, sem

⁸³⁷ [Skapti Jónsson] „Dymbilviku-undrin á Seyðisfirði,“ 23. apríl 1896, 42–43.

⁸³⁸ *Lbs.* 4167 4to. Bréf frá Sigurd Johansen og Stefáni Th. Jónssyni til Þorsteins Erlingssonar, dags. 20. desember 1895, 24. janúar 1896 og 18. mars 1896.

⁸³⁹ *HHús.* E-90, 1. Bréf frá Skapta Jónssyni til Péturs Jónssonar, dags. 15. janúar 1896.

⁸⁴⁰ Í bréfi til Péturs á Gautlöndum snemma árs 1897 varði Þorsteinn Erlingsson þá ákvörðun sína að taka við ritstjórn *Bjarka* en ekki *Stefnis* á Akureyri (sjá: *HHús.* E-90, 8. Bréf frá Þorsteini Erlingssyni til Péturs Jónssonar, dags. 15. febrúar 1897).

óhætt mun að telja með menntuðustu konum landsins og eg vona að þér hafið gaman af að kynnast, ef þér þá fáið leyfi til þess fyrir ofstæki mótstöðumanna okkar hér, en sem ekkert fylgi hafa utan bæjar, og það mun jafnan veita örðugt uppdráttar gegn okkur og Austru.... Gætið að því vel upp á styrkinn frá Alþingi framvegis. Allt er hér á landi svo fyrirsjáanlegt. Þetta er vinsamleg aðvörun, því ég vil láta yður hafa styrkinn framvegis vegna yðar miklu skáldagáfu.⁸⁴¹

Þó erfitt sé að líta á „vinsamlega aðvörun“ Skapta í tilvitnuninni hér á undan öðruvísi en sem illa dulbúna hótun og lið í tilraun til að bæjja Þorsteini frá ritstjórn *Bjarka*, þá virðist Skapti hafa verið einlægur í aðdáun sinni á Þorsteini sem ljóðskáldi. Í grein um fjárveitingar Alþingis árið 1897 var Skapti ekki aðeins argur yfir því að Austurland hefði orðið útundan í fjárveitingu til vegamála heldur skammaði hann þingmenn fyrir að neita Þorsteini um áframhaldandi skáldastyrk.⁸⁴²

Austri og *Bjarki* stóðu á margan hátt fyrir ólíka samfélagssýn (ekki aðeins í trúmálum) á tímum róttækra breytinga á íslenskri samfélagsgerð. Við greiningu á viðhorfum sem birtast í blöðunum eru lífssýn og skoðanir ritstjóranna (Skapta Jósefssonar ritstjóra *Austra* og Þorsteins Erlingssonar og Þorsteins Gíslasonar ritstjóra *Bjarka*) óhjákvæmilega nátengdar efnistöfum og áherslum blaðanna. Á þessum tíma var algengt að ritstjórnir skrifuðu meginhluta efnis blaðanna og annað efni sem blöðin birtu og varðaði umdeild mál, var yfirleitt í samræmi við skoðanir ritstjóranna. Í tilfelli austfirsku blaðanna um aldamótin á þessi lýsing þó fremur við *Austra* en *Bjarka*.⁸⁴³ Í grein um Seyðisfjörð í *Eimreiðinni* árið 1903 hélt Þorsteinn Erlingsson því fram að ritstjórar austfirsku blaðanna hefðu skrifað nær allt efni þeirra. Þá fullyrðingu verður þó að skoða með tilliti til fyrri væringa milli *Bjarka* og *Austra*. „Það gerir og blöðin einhliða og aflminni, að það má heita undantekning að nokkur maður skrifi hér í blöðin nema ritstjórnir einir, og þó Austri sé að merkja greinar sínar ýmsum nöfnum, þá villir hann víst ekki heimild á ritstjóra sínum, „þar“ mál og setningaskipun eru jafnan sama seyðið, „þá“ hann tekur þvöruna sjálfur.“⁸⁴⁴ Þorsteinn Erlingsson birti í *Bjarka* greinar sem hann var efnislega ósammála og andmælti í eftirmálum.⁸⁴⁵ Hann gagnrýndi jafnframt ritstjóra annarra blaða fyrir að hafna efni sem var öndvert þeirra eigin skoðunum.

4.3.3 Speglar samfélagslegrar togstreitu: búseta, atvinna og samfélagsstaða

Greiningin í þessum kafla og næsta byggir á rannsókn á efni *Austra* og *Bjarka*, en hún var liður í yfirferð yfir efni allra austfirskra þjóðmálablaða sem gefin voru út á rannsóknartímanum.⁸⁴⁶ Umfjöllunin er afmörkuð við tvo málaflokka sem ítrekað komu til umræðu: 1) Búsetubreytingar á Austurlandi og áhrif þeirra á atvinnu- og mannlíf; 2) lýðræðisþróun, samskipti almennings og kjörinna fulltrúa og hlutverk þjóðmálablaða í almannarýminu. Báðir þessir málaflokkar hafa tengingu við meginefni ritgerðarinnar sem tekur ekki aðeins til lýðræðisþróunar og félagastarfs heldur líka til samfélagsbreytinga og réttar almennings til að ákvarða eigin búsetu og atvinnu.

⁸⁴¹ *Lbs.* 4167 4to. Bréf frá Skapta Jósefssyni til Þorsteins Erlingssonar, dags. 26. apríl 1896.

⁸⁴² Skapti Jósefsson, „Frá alþingi“, 28. ágúst 1897, 94–95. Sjálfur var Þorsteinn reiður yfir þessari niðurstöðu eins og kemur fram í bréfi hans til Jóns frá Sleðbrjót (sjá: *Lbs.* 2172 b 4to. Bréf frá Þorsteini Erlingssyni til Jóns Jónssonar (frá Sleðbrjót), dags. 22. september 1897).

⁸⁴³ Áður hefur verið nefnd grein sem Jón Jónsson frá Sleðbrjót fékk ekki birta í *Austra*. Annað dæmi er opið bréf Jóns Jónssonar í Múla sem hann fékk birt í *Bjarka* eftir að Skapti Jósefsson neitaði að birta það í *Austra* (sjá: Jón Jónsson, „Herra ritstjóri Skafti Jósefsson“, 31. október 1900, 170–171).

⁸⁴⁴ Þorsteinn Erlingsson, „Seyðisfjörður um aldamótin 1900“, 107.

⁸⁴⁵ Dæmi um þetta er greinin „Blöðin“ eftir Jóhannes Sigurðsson. Í henni gagnrýndi Jóhannes blaðaútgáfu samtímans og var dómharður gagnvart nafngreindum blöðum. Í athugasemd við greinina andmælti Þorsteinn Erlingsson ýmsum ályktunum Jóhannesar (sjá: Jóhannes Sigurðsson, „Blöðin“, 8. desember 1896, 33–34).

⁸⁴⁶ Blaðið *Frækorn* var gefið út á Seyðisfirði árin 1902–1903, en fyrir og eftir þann tíma var það gefið út í Reykjavík. Útgefandi þess var Davíð Östlund (1870–1931), einn helsti forgöngumaður adventista á Íslandi. Þar sem efni *Frækorns* var að langmestu leyti trúarlegs eðlis (greinar, sögur, ljóð o.fl.) og það getur vegna efnistaka ekki talist eiginlegt þjóðmálablað er því sleppt úr umfjöllun minni hér.

Upphafsásvörp þjóðmálablaða eru einkum vitnisburðir um fyrirætlanir og væntingar aðstandenda til útgáfunnar, en þróun hennar getur síðan tekið aðra og jafnvel andstæða stefnu. Í tilfelli *Austra* og *Bjarka* verður t.d. dálítið broslegt að sjá að bæði lögðu blöðin upp með sérstaka áherslu á málefnalega umræðu með það að markmiði að ræða málefni en ekki mennina og forðast í lengstu lög persónuleg hnútuköst.⁸⁴⁷ Raunin varð á tíðum alger andstaða þessa fyrirheits enda voru væringar milli blaðanna næsta samfelldar þar til útgáfu *Bjarka* lauk árið 1904. Meðal helstu ástæðna sem tilgreindar voru fyrir stofnsetningu *Austra* voru þörf fyrir austfirskt blað, almennt of lítið félagslíf og góðar og reglulegar samgöngur við útlönd, sem nýta ætti til að kynna landsmönnum erlenda framfarastreuma.⁸⁴⁸ Þó upphafsávarp *Bjarka* væri frekar stutt og mest almenns eðlis voru þar tilgreindir málaflokkar sem blaðið lofaði að láta sig varða og voru þar sérstaklega nefnd viðskiptamál, stjórnsmál, öreigamál, menntamál og bindindismál.⁸⁴⁹

Það var engin nýlunda um miðjan síðasta áratug 19. aldar að ólík samfélagssýn íbúa sveita og bæja gagnvart hvor öðrum birtist í blaðagreinum, einkum þegar rætt var um atvinnuþróun. Sú skýra áhersla sem kom með Þorsteini Erlingssyni og *Bjarka*, á að gera umfjöllun um (ó)jöfnuð, félagslegt (ó)réttlæti og stöðu verkafólks (einkum í sjávarþorpum) að stórum þætti í útgáfu þjóðmálablaðs var hins vegar nýlunda. Þorsteinn var á þessum tíma einn róttækasti talsmaður jafnréttis og sósíalisma á Íslandi og notaði *Bjarka* til að víðra og þróa hugmyndir sínar í þeim efnum.⁸⁵⁰ Þorsteinn var gagnrýninn á yfirvöld, atvinnurekendur í bæjum og bændur. Í *Bjarka* greindi hann frá réttinda- og kjarabaráttu erlendis og setti innlend mál í samhengi við erlenda þróun. Sú áhersla var t.d. vel sýnileg í frétt af stofnun verkalyðsfélags á Seyðisfirði árið 1897. Þorsteinn birti lög félagsins og gerði ítarlega grein fyrir tilgangi þess, sem hann sagði vera víðtækari en einungis að bæta launakjör félagsmanna. Félagið væri því ekki „skrúfufélag“ og vísaði Þorsteinn þar til eldri kaupkröfufélaga.⁸⁵¹

Þorsteinn Erlingsson fór víða í umfjöllunum sínum um stöðu fólks sem var félagslega undirskipað, bæði innanlands og utan. Sú umfjöllun spannaði allt frá því að ræða um mansal í Evrópu og Suður-Ameríku⁸⁵² yfir í að segja frétt af góðgerðartónleikum á Seyðisfirði „til styrktar fátækum manni, sem lánar til að vera laus við öreigastjórnina, en á fyrir miklum barnahóp að sjá.“⁸⁵³ Áherslur Þorsteins Erlingsssonar á stöðu verkafólks, jöfnuð og félagslegt réttlæti fengu líka stuðning í aðsendum greinum sem *Bjarki* birti, einkum meðan hann ritstýrði blaðinu en líka eftir að Þorsteinn Gíslason tók við ritstjórninni.⁸⁵⁴ Áramótaávarp sem birtist í fyrsta tölublaði *Bjarka* árið 1899 er nokkuð lýsandi fyrir samfélagssýn Þorsteins Erlingsssonar. Þar fór hann yfir þróun heims- og innanlandsmála og ræddi m.a. uppgang sósíalista í Danmörku og þakkaði þeim að þurfamenn þar ættu orðið rétt á framfærslu frá ríki en ekki sveit. Auk þess höfðu sósíalistar borið fram frumvarp um að konur yrðu fullveðja í fjármálum. Þorsteinn beindi svo orðum að löndum sínum og sagði: „Sveitabændurnir eru voldugasta stjettin í landinu og því verður að fara allra varlegast við þá; þeir eru auk þess þjóðlegastir að náttúru og viðkvæmastir.... Annars er óhættast að finna að við sjávarmenn, því þeir eru fremur rjettlitlir í landinu og hafa nær eingin áhrif á þingkosningar.“⁸⁵⁵ Síðar sama ár brást Þorsteinn harkalega við tillögu þess efnis að stjórnvöld legðu

⁸⁴⁷ Skapti Jósefsson, „Kæru landar!“ 10. ágúst 1891, 1; „Til kaupenda Bjarka“, 9. október 1896, 1.

⁸⁴⁸ Skapti Jósefsson, „Kæru landar!“ 10. ágúst 1891, 1.

⁸⁴⁹ „Til kaupenda Bjarka“, 9. október 1896, 1.

⁸⁵⁰ Ragnheiður Kristjánsdóttir, *Nýtt fólk*, 44–45.

⁸⁵¹ „Verkamannafélag Seyðisfjarðar“, 29. apríl 1897, 65–66.

⁸⁵² „Verslun með ungar stúlkur“, 15. janúar 1897, 7.

⁸⁵³ [Innlendar fréttir] 10. október 1899, 158.

⁸⁵⁴ Sjá t.d.: Anton Sigurðsson [án titils], 22. apríl 1897, 63; Verkamaður, „Kartöflurækt verslunarmannafélagsins“, 6. mars 1903, 1–2. Anton gagnrýndi bakburð kvenna við uppskipun í Reykjavík en Verkamaður ræddi misskiptingu og fátækt í Seyðisfjarðarkaupstað.

⁸⁵⁵ „Árið 1898“, 10. janúar 1899, 2.

verndartolla á innflutt smjörliki og kartöflur, því slíkur tollur kæmi hart niður á þeim íbúum sjávarbyggða sem lítið hefðu milli handa. Líkt og í áramótaávarpinu setti Þorsteinn málið í samhengi við að stórir hópar landsmanna hefðu ekki fullan þegnrétt.⁸⁵⁶

Sterk réttlætiskennd og umhyggja fyrir þeim sem stóðu höllum fæti í samfélaginu voru meðal helstu höfundareinkenna Þorsteins Erlingssonar og sjást þess víða merki í skrifum hans, bæði í ljóðum og lausu máli. Það þarf því ekki að undra að til hans væri biðlað sem ritstjóra að beita áhrifum sínum til aðstoðar bágstöddum. Dæmi um það má sjá í bréfi sem Jón frá Sleðbrjót skrifaði Þorsteini snemma árs 1897. Þar ræddi Jón um fráfali Guðmundar Hallasonar bónda á Hreimstöðum í Hjaltastaðarþinghá, sem lést af slysförum. Jón sagði: „Hann lætur eptir sig ekkju og 5 eða 6 börn. Dugmikla og sjálfstæða konu, sem nú stendur uppi fjelaus með börnin, og ekki liggur annað fyrir en „sveitin“ – þetta stálkalda viðbjóðslega orð, fyrir hverja sjálfstæða sál. Hjer væri nú tækifæri fyrir göfuglynda mannvini, að forða henni frá að þiggja af sveit.“⁸⁵⁷ Þorsteinn brást við hvatningunni. Hann birti frétt af slysinu í *Bjarka* skömmu eftir að Jón skrifaði bréfið. Þar endurómaði hann orð Jóns um „stálkaldan“ veruleika þeirra sem þyrftu að fara á sveitina og hvatti til samskota. Í framhaldinu birtist í blaðinu áskorun um fjársöfnun til handa ekkjunni og börnum hennar.⁸⁵⁸ Með þessari framgöngu nýtti Þorsteinn Erlingsson aðstöðu sína sem ritstjóri *Bjarka* til þess að ýta undir samtakamátt og samhug í samfélaginu. Þó ýmis konar samhjálp væri vel þekkt og stunduð í íslensku samfélagi 19. aldar vógu hvatningar sem þessi þungt þar sem opinber áskorun í blaði barst víðar en ákall innan sveitar eða bæjar og hefur e.t.v. líka orðið til þess að fá lesendur til að huga meira en áður að bágstöddum.

Fréttir af verkföllum og vinnudeilum í nágrennalöndum Íslands birtust bæði í *Austra* og *Bjarka* um aldamótin. Í *Bjarka* var árið 1899 fjallað um umfangsmikið verkban í Danmörku. „Þessi atburður í Danmörku mun vera eins dæmi í veraldarsögunni. Það mun ekki fyr hafa að borið, að verkgjafar heillar þjóðar hafi rekið frá vinnu allt sitt fólk, til þess að láta sultinn beygja það til auðmýktar.“⁸⁵⁹ Í fyrstu fréttum í *Austra* af sama atburði var taumur atvinnurekenda dreginn mjög ákveðið en í langri umfjöllun um verkfallið að því loknu var að finna mun hlutlægari frásögn af átökum atvinnurekenda og verkálýðs.⁸⁶⁰ *Austri* tók hins vegar skýra afstöðu með yfirvöldum í Belgíu í frétt af verkföllum þar árið 1902. „Þar hafa um 300.000 verkamanna gjört verkfall í þeim tilgangi að neyða stjórnina til þess að veita þjóðinni almennan kosningarrétt; hefir vinnulýðurinn í ýmsum bæjum barizt bæði við lögregluliðið og herliðið, og töluvert fallið af báðum. Nýlega umkringdi skrállinn í Bryssel Leopold konung, og rak hinn rauða frelsisfána framan að honum og hrópaði: „Lífi þjóðveldið.“ Komst konungur nauðlega úr greipum skrálsins.“⁸⁶¹ Hér er litla samúð að finna með kröfum belgísku verkálýðs um aukin lýðrættindi, en á sama tíma voru kröfur um samsvarandi réttindi að gerast háværari á Íslandi. *Austri* var almennt mun íhaldssamara blað en *Bjarki* og höfðingjahollara en *Bjarki* virðist hafa höfðað meira til yngra fólks.⁸⁶²

Þegar kom að kvenréttindum og bindindisbaráttu er hins vegar óhætt að segja að *Austri* hafi fylgt straumi tímans af meiri þunga en *Bjarki* gerði og sést það bæði í ritstjórnarefni og innsendum greinum. Andóf gegn áfengisneyslu og nóturlegar lýsingar af afleiðingum hennar má þó líka finna á síðum *Bjarka*, t.d. hvatti Þorsteinn Gíslason lesendur til að hætta áfengis kaupum í grein þar sem hann lýsti því hvernig fátækir menn slönguðu blindfullir um Búðareyrina meðan eiginkonur þeirra

⁸⁵⁶ „Búfræðingafundur,“ 22. júlí 1899, 114.

⁸⁵⁷ *Lbs.* 4162 4to. Bréf frá Jóni Jónssyni (frá Sleðbrjót) til Þorsteins Erlingssonar, dags. 26. febrúar 1897.

⁸⁵⁸ „Annað sorgarsliðið til,“ 5. mars 1897, 35–36; Vigfús Ólafsson, „Áskorun,“ 20. mars 1897, 43.

⁸⁵⁹ [Fréttir af erlendum verkföllum] 31. júlí 1899, 117.

⁸⁶⁰ [Fréttir af erlendum verkföllum] 21. september 1899, 101–102.

⁸⁶¹ [Fréttir af erlendum verkföllum] 3. maí 1902, 51.

⁸⁶² Bjarni Benediktsson, *Þorsteinn Erlingsson*, 80.

og börn liðu skort.⁸⁶³ *Austri* studdi réttindabaráttu kvenna af krafti. Í þeim efnum má þó ætla að framsækin viðhorf til kvenréttinda í ritstjórnarefni *Austra* hafi verið undir áhrifum (eða jafnvel skrifuð af) eiginkonu og dóttur ritstjórans, Sigríðar Þorsteinsdóttur (1841–1924) og Ingibjargar Skaptadóttur (1867–1945), sem ritstýrðu *Framsókn*. Róttæk kvenfrelsisorðræða einkenndi *Framsókn* enda aukin réttindi kvenna og bætt staða þeirra í samfélaginu yfirlýst markmið útgáfunnar og stór hluti efnis blaðsins, bæði innsent efni og ritstjórnarefni, litaðist af þeim áherslum. *Framsókn* fékk á sig gagnrýni fyrir áherslur sínar en líka þakkir frá lesendum. Sigríður og Ingibjörg voru markvisst að vekja umræðu um konur og kvenréttindi, enda töldu þær þögn kvenna á opinberum vettvangi skýrast af því að þeim hefði verið kennt að halda sig til hlés og þegja og talin trú um að það væri ókvenlegt að tjá sig opinberlega. Bætt siðferði, boðun bindindis og kristilegra gilda voru líka mikilvægir þættir í efni blaðsins, ekki síst ritstjórnarefnis.⁸⁶⁴

Þó finna megi sameiginlegar eða áþekkar skoðanir á einstökum málum gerir mismunur á samfélagssýn ritstjóra *Austra* og *Bjarka* um aldamótin samanburð á efni þeirra áhugaverðan með tilliti til samfélagsþróunar þess tíma sem og stöðu og hlutverks fjölmiðla. Eftir að Þorsteinn Erlingsson var hættur ritstjórn *Bjarka* og fluttur burt frá Seyðisfirði gerði hann afstöðu blaðanna gagnvart hvort öðru og austfirsku samfélagi að umtalsefni.

Samkomulagið hefir verið dálítið köflótt, sem búast er við, þar sem menn og stefnur eru dálítið ólíkar, og hvor á sína vini. Norðmýlingar standa í heild sinni nær *Austra* en *Bjarka*, einkum Héraðsbændur og eins er um Sunnmýlinga. Aftur á Bjarki góða vini í fjörðunum, og er raunin þar ólygnust, því það sáu allir, að ritstjóri *Austra* fór einsamall með son sinn héðan á kjörfund síðast. Héraðsbændur una því ekki, sem von er, að geta ekki keypt ritstjóra eins og hvað annað, þegar þeir ríða á Seyðisfjörð. Þetta verða menn að vita, til þess að geta skilið blöðin til fulls og bæjarbraginn hér um þessar mundir.⁸⁶⁵

Hér er vitanlega mælt frá annarri hliðinni og verður að skoða tilvitnunina með það í huga. Engu að síður má af efni blaðanna og ritstjórnaráherslum sjá að *Bjarki* var næsta eindregið „bæjarblað“ meðan áherslur *Austra* leituðust við að rúma hagsmuni bæði sveita sem og þorpa og bæja við sjávarsíðuna, einkum Seyðisfjarðar. Þessi mismunur birtist líka í því að talsmenn sveitanna sem kváðu sér hljóðs á síðum austfirsku blaðanna skrifuðu jafnan í *Austra*. Hreppapólitík gat á stundum torveldað samstarf pólitískra samherja, eins og sjá má í bréfi Sigfúsar Daníelssonar á Eskifirði til Guttorms Vigfússonar alþingismanns í Geitagerði. Sigfús hélt því fram að Suðurfirðingar gætu ekki unnið með *Austra* þó þeir væru almennt sammála áherslum blaðsins í stórpólitíkinni. Þar yrði hreppapólitíkin til að aðgreina.⁸⁶⁶

Þegar rætt er um togstreitu og hagsmunabaráttu innan Austurlands á þessum tíma væri það misvísandi einföldun að stilla henni upp sem einhliða átökum milli sveita og bæja. Togstreitan var líka milli byggðarlaga – ekki síst milli austfirskra þorpa og bæja. Þar var mest áberandi tortryggni og hagsmunabaráttu milli Seyðisfjarðar og Eskifjarðar/Reyðarfjarðar. Samsvarandi togstreita var líka til staðar milli Fljótsdalshéraðs, fjölmennasta sveitasamfélags Austurlands, og stærstu bæjanna við sjávarsíðuna. Átökin milli kaupstaðanna áttu sér ýmsar birtingarmyndir. Gott dæmi um það voru átök um staðsetningu spítala, sem síðar reis á Seyðisfirði. Í *Bjarka* birtust árið 1897 tvær áskoranir um það mál sem voru samhljóða um mikilvægi byggingar spítala á Austurlandi. Í annarri var lagt til að spítalinn risi á Seyðisfirði (sú áskorun var undirrituð af níu seyðfirskum fyrimönnum)

⁸⁶³ „Athugasamtal ástand,“ 4. febrúar 1901, 13.

⁸⁶⁴ [Sigríður Þorsteinsdóttir og Ingibjörg Skaptadóttir, án titils] 8. janúar 1895, 2–3; Erla Hulda Halldórsdóttir, *Núttímans konur*, 311–313.

⁸⁶⁵ Þorsteinn Erlingsson, „Seyðisfjörður um aldamótin 1900,“ 108.

⁸⁶⁶ *Her-Aust.* A6 122, 41. Bréf frá Sigfúsi Daníelssyni til Guttorms Vigfússonar, dags. 14. nóvember 1905.

en hin lagði til Eskifjörð eða Reyðarfjörð (og var hún undirrituð af þremur eskfirskum fyrimönnum). Í eftirmála ritstjóra *Bjarka* við áskoranirnar var mikilvægi spítalans undirstrikað en jafnframt harmað að ekki væri samstaða um að hann risi á Seyðisfirði.⁸⁶⁷ Sú skoðun fór illa í þá sem lagt höfðu til Eskifjörð/Reyðarfjörð sem staðsetningu og svöruðu þeir á síðum *Austra*.⁸⁶⁸ Nokkrum dögum áður gat Þorsteinn Erlingsson þess í bréfi að allt væri komið „í bál og brand“ milli Seyðfirðinga og Eskfirðinga vegna spítalamálsins og að Eskfirðingar og *Austri* ætluðu að taka sig saman við að „löðruna“ *Bjarka* vegna þess.⁸⁶⁹ Raunar virðist hafa leitt af þessu langvarandi óvild í garð *Bjarka*, ef marka má bréf sem Jóhannes Jóhannesson sýslumaður Norður-Múlasýslu ritaði Valtý Guðmundssyni árið 1899. Þar hélt Jóhannes því fram að kollegi hans í Suður-Múlasýslu, Axel Tulinius, væri talinn hafa í bigerð að koma upp prentsmiðju á Eskifirði með blaðaútgáfu í huga. „Hann ofsækir *Bjarka* það sem hann getur og er sagt að hann banni sýslubúu[m] sínum að halda hann, en *Austra* er hann hlynntur og styður hann.“⁸⁷⁰ Hafa ber í huga að Jóhannes var einn af aðstandendum *Bjarka*.

Orð Jóhannesar eru þó ekki eina dæmið um að ráðandi menn í byggðarlögum reyndu að hafa áhrif á skoðanamyndun íbúa með því að stýra aðgengi að blöðum. Í bréfi til Guttorms Vigfússonar alþingismanns í Geitagerði vorið 1906 ræddi Ólafur Oddsson á Búðum við Fáskrúðsfjörð stjórnsmálaástand og blaðaútgáfu. Ólafur var heimastjórnarmaður líkt og Guttormur og taldi hann að andstæðingar þeirra væru að ná fótfestu í Fáskrúðsfirði þó Guttormur héldi því fram að „pólitískt illgresi“ þrífist ekki þar. Ólafur ræddi útbreiðslu „óæskilegra“ blaða og nefndi sérstaklega *Dagfara*, sem þá var nýlega byrjað að gefa út á Eskifirði. Ólafur taldi að erfitt yrði „að tálma því að það fái nokkra útbreiðslu hjer þar sem það er svo nálægt og ekki síður fyrir það að Austri greyið er orðin alveg ónýtur.“⁸⁷¹ En það vakti líka áhyggjur hjá Ólafi að pólitískir andstæðingar heimastjórnarmanna hefðu með höndum útsölu blaða þeirra í Fáskrúðsfirði, t.d. *Austra*, *Gjallarborns* og *Þjóðólfs*, og að þeim gengi ótrúlega vel að fækka kaupendum.

Ein birtingarmynd byggðatogstreitu á Austurlandi um aldamótin sneri að búsetu alþingismanna, áherslum þeirra og staðsetningu kjörstaða. Skoðanaskipti á síðum *Bjarka* árið 1900, milli Jóns frá Sleðbrjót og greinarhöfundar sem kallaði sig „Fjarðarbúa“, varpa ljósi á átakalínur um þessi efni. Í fyrri grein sinni lýsti Fjarðarbúi þeirri skoðun að þingmenn væru fyrst og síðast fulltrúar sinna kjördæma og yrðu því að þekkja vel hagsmuni og þarfir sinna sýslubúa. „Nú hefur svo óhappalega staðið á um langan tíma, að þingmenn vorir hafa allajafnan verið kosnir úr landbændu flokki úr Hjeraði.“⁸⁷² Höfundur kvaðst ekki vilja lasta sitjandi þingmenn eða forvera þeirra en þeir hefðu eðlilega hagsmuni landbúnaðarins helst fyrir augum og hefðu takmarkaða innsýn í sjávarútveg og hagsmuni sjávarbyggða. Hann benti á að allir fjórir sitjandi þingmenn Múlasýslu væru búsettir á Fljótsdalshéraði en réttlátt væri að annar þingmaður hvors kjördæmis kæmi úr sjávarbyggð. Þetta setti hann í samhengi við að kjörstaðir beggja sýslu væru á Fljótsdalshéraði sem væri augljós áhrifavaldur á að þingmenn Múlasýslu væru búsettir þar. Höfundur taldi þó að Fjarðamenn yrðu líka að líta í eigin barm yfir þessari stöðu því þeir hefðu mátt vera duglegri við að gefa kost á sér til þingmennsku. Máli sínu lauk Fjarðarbúi á að stinga upp á frambjóðendum fyrir komandi alþingiskosningar og kalla eftir að ritstjórar blaðanna gerðu slíkt hið sama.⁸⁷³ Efni greinar Fjarðarbúa dregur fram þrjá þætti sem tala sérstaklega inn í þessa rannsókn. Í fyrsta lagi eru það

⁸⁶⁷ Jóhann L. Sveinbjarnarson, A.V. Tulinius, Fr. V. Zeuthen, „Áskoranir“, 22. janúar 1897, 9–10.

⁸⁶⁸ A.V. Tulinius, Fr. Zeuthen og Jóhann L. Sveinbjarnarson, „Spítalamál“, 18. febrúar 1897, 17.

⁸⁶⁹ *Lbs.* 2172 b 4to. Bréf frá Þorsteini Erlingssyni til Jóns Jónssonar (frá Sleðbrjót), dags. 14. febrúar 1897.

⁸⁷⁰ *Aldamót og endurreisn*, 117.

⁸⁷¹ *Her.Aust.* A6 122, 27. Bréf frá Ólafi Oddssyni til Guttorms Vigfússonar, dags. 24. maí 1906.

⁸⁷² Fjarðarbúi, „Þingkosningarnar næstu“, 9. febrúar 1900, 17.

⁸⁷³ Fjarðarbúi, „Þingkosningarnar næstu“, 9. febrúar 1900, 17–18.

áhrif staðsetningar kjörstaða á niðurstöður kosninga, þar sem þeir frambjóðendur sem bjuggu nærri kjörstað áttu hægara um vik að fá sína stuðningsmenn til að mæta og kjósa. Í öðru lagi koma ákveðin áttahaghyggja og sveitarígur fram hjá höfund, sem og það sjónarhorn að alþingismenn væru fyrst og síðast fulltrúar sinna kjördæma. Í þriðja lagi er svo það viðhorf sem birtist til ritstjóra þjóðmálablaða og stöðu þeirra í samfélaginu, þ.e. að þeir væru öðrum færi til að stinga upp á heppilegum frambjóðendum til Alþingis.

Alþingismenn Norður-Múlasýslu frá 1874 og fram að kosningunum 1900 voru alls átta talsins. Af þeim bjuggu fjórir á Fljótsdalshéraði, þrír voru búsettir utan sýslu og einn bjó á Seyðisfirði. Í Suður-Múlasýslu náðu sjö menn kjöri til Alþingis á sama tímabili; tveir af Fljótsdalshéraði, þrír af Fjörðum og tveir búsettir utan sýslu (annar þeirra var Jón Ólafsson ritstjóri sem raunar bjó enn á Austurlandi þegar hann náði kjöri árið 1880 en flutti burt skömmu síðar). Þess ber að geta að frá kosningunum 1892 og fram til 1900 voru báðir þingmenn Suður-Múlasýslu af Fljótsdalshéraði og þaðan komu báðir þingmenn Norður-Múlasýslu frá aukakosningunni árið 1889 og til aldamóta. Það viðhorf Fjarðarbúa að alþingismenn væru fremur fulltrúar eigin kjördæma en landsins alls fær víða stuðning í efni þjóðmálablaða þessa tíma og virðist sú skoðun hafa verið næsta almennt viðhorf. En þeir voru til sem andæfðu þessu viðhorfi og töldu að þingmönnum bæri að hafa víðara sjónarhorn. Í bréfi til Jóns frá Sleðbrjót síðla árs 1897 var Pétur Jónsson á Gautlöndum, samþingmaður Jóns, reiður fyrir hans hönd og annarra þingmanna Múlasýslna fyrir skrif um þá í *Austra* og *Bjarka*. Pétur kvaðst ætla að senda ritstjórum blaðanna ádrepu því honum þótti slæmt að þingmenn Múlasýslna fengju ofanígjöf heima í héraði fyrir að sjá út fyrir sitt eigið kjördæmi.⁸⁷⁴

Jón frá Sleðbrjót, sem þá var alþingismaður Norður-Múlasýslu, svaraði Fjarðarbúa í grein sem birtist í *Bjarka* í mars 1900. Hann notaði þar jafnframt tækifærið til að lýsa því yfir að hann byði sig ekki fram til endurkjörs af heilsufarsástæðum (kraftleysi í fæti). Jón andæfði því að hagsmunum sjávarbænda og sveitabænda væri stillt upp sem andstæðum, eins og honum þótti Fjarðarbúi gera, og hafnaði því að þingmenn af Fljótsdalshéraði hefðu verið andsnúnir sjávarútvegi eða staðið gegn framfaramálum Fjarðamanna. Samstarf meðal sjávar- og sveitamanna á þingi hafi verið gott og vildi Jón að menn leituðust við að sjá hlutina í stærra samhengi og styðja hvern annan frekar en að vegast á. „Það er hagur Hjeraðsins að Seyðisfjörður nái sem mestum vexti og viðgangi, verði sem blómlegastur höfuðstaður Austurlands. Það er mikilsvert atriði fyrir hverja þjóð, að verslunarbær vaxi og blómgi og þá auðvitað ekki síst þýðingarmikið fyrir þann landshluta sem bærinn er í. En á hina hliðina er það líka skilyrði fyrir þroska verslunarbæjanna að nærliggjandi hjeruð blómgi og auðgi.“⁸⁷⁵ Jón hnykkti enn frekar á þessu viðhorfi í grein um sama efni sem birtist í næsta tölublaði *Bjarka*. Þar vitnaði hann til andstöðu kaupmanna á Seyðisfirði við tilraunir Otto Wathne til siglinga upp Lagarfljót og sagði: „Öllum slíkum ríggættum við Múlsýslungar að hætta og taka höndum saman til að styðja viðreisn landsfjórðungs vors.“⁸⁷⁶

Jóni frá Sleðbrjót var innbyrðis togstreita Austfirðinga og neikvæðar afleiðingar hennar ofarlega í huga og gerði hana ítrekað að umræðuefni, bæði í blaðagreinum og einkabréfum. Fleiri deildu áhyggjum hans, eins og sjá má í bréfi Jóns Guðmundssonar sóknarprests á Skorrastað í Norðfirði til Jóns Jónssonar í Múla árið 1903. Þar vék hann að möguleikum Jóns í Múla á þingframboði í Suður-Múlasýslu sem hann taldi ekki góðar þar sem margir Sunnmýlingar litu á hann sem Seyðfirðing (Jón í Múla var upprunninn Þingeyingur sem þá hafði búið þrjú ár á Seyðisfirði). „Seyðisfjörð skoða margir sem höfuðóvin Suður-Múlasýslu á framfara brautinni, en vitanlega er það ástæðulaust, en sú skoðun er nú einu sinni útbreidd og rótgróin, svo það þarf mikið fyrir að

⁸⁷⁴ *Lbs.* 2172 b 4to. Bréf frá Pétri Jónssyni til Jóns Jónssonar (frá Sleðbrjót), dags. 18. nóvember 1897.

⁸⁷⁵ Jón Jónsson (frá Sleðbrjót), „Þingkosningarnar næstu“, 15. mars 1900, 37.

⁸⁷⁶ Jón Jónsson (frá Sleðbrjót), „Þingkosningarnar næstu“, 21. mars 1900, 41.

hafa, til að uppræta hana.⁸⁷⁷ Sveinn Ólafsson í Firði í Mjóafirði tók í svipaðan streng í bréfi til Jóns í Múla um sama leyti. Sveinn var ekki hissa á að búseta Jóns í Múla væri notuð gegn honum og talaði um að „pólitísk óöld“ ríkti: „Kosningar hér eru mér fullkomin ráðgáta, og mér þykir nærri skömm að blanda mér í þann grímuleik. Rógur, lastmælgí, getsakir, kotungsleg hreppapólitík og fáránlegur atvinnu- og metorðakritur er undirstaðan, – varla brú af heilbrigðri skynsemi.“⁸⁷⁸

Fjarðarbúi brást við skrifum Jóns frá Sleðbrjót í grein sem birtist í *Bjarka* í lok mars 1900. Þar þakkaði hann Jóni skrif hans og harmaði að hann gæfi ekki kost á sér til endurkjörs „því að mínu viti er hann sá þingmaður okkar, Múlasýslubúa, er jeg mundi síst hafa kosið að hyrfi úr hópnum.“ Fjarðarbúi lýsti sig ósammála þeirri skoðun Jóns að hagsmunir sýslubúa væru að mestu sameiginlegir og rakti ýmis dæmi um ólík hagsmunamál og misjafna meðferð þeirra á þingi. „Síðast en ekki síst skal jeg svo nefna kosningarlögin okkar; þau hafa líklega verið brúkleig á sínum tíma, en hvað stóðar það nú? Nú eru þau alveg óhafandi, því á seinni árum hefur myndast heil stjett manna, útvegsbændurnir, er eigi hafa ábúð úr jörðu, sem mjög bagalega er bægt frá kosningu með svo heimskulegu ákvæði, að slíks eru víst fá dæmi.“⁸⁷⁹

Um sama leyti og Fjarðarbúi og Jón á Sleðbrjót skiptust á skoðunum á síðum *Bjarka* kvaddi „bóndi úr Fjörðum“ sér hljóðs á síðum *Austra*. Hann lagði sérstaka áherslu á hversu mikil áhrif bændur gætu haft á niðurstöður kosninga ef þeir tækju betur þátt í kjörfundi, verandi fjölmennasti hópur kjósenda. „Oss hefir opt verið borið það á brýn, að vér færum illa með þennan rétt vörn, kosningarréttinn, og það vald sem honum fylgir. Vér verðum líka að viðurkenna, að sá áburður sé á rökum byggður.“ Ljóst er að höfundur taldi að afstaða til uppbyggingar atvinnuveganna ætti að vera í forgrunni (um þetta leyti var deila heimastjórnarmanna og Valtýinga í sambandsmálinu að ná hámarki) og vildi að leitað yrði frambjóðenda sem hefðu góða þekkingu á bæði landbúnaði og sjávarútvegi. Hann lýsti enn fremur andstöðu við að embættismenn (prestar og sýslumenn) væru kjörnir á þing: „þeir eiga að sitja heima og annast embætti sín, en ekki hafa þau í hjáverkum eins og sumum prestum sýnist nú vera kærast ... Vér eigum nú orðið nóg af bændum og alþýðumönnum svo upplýstum, að þeir geta dugað sem þingmenn.“⁸⁸⁰

Við nokkuð annan tón kvað í skrifum Skapta Jósefssonar ritstjóra *Austra* skömmu fyrir alþingiskosningarnar árið 1900. Þar kom hann til varnar frambjóðanda heimastjórnarmanna, Jóni Jónssyni lækni á Vopnafirði, sem Skapta þótti hafa mætt ómálefnalegri meðferð af hendi *Bjarka*. Til áhersluauka við réttmæti þess að kjósa Jón lækni til þings sagði Skapti: „Loks er Jón héraðslæknir Jónsson kominn af einhverjum beztu ættum á Héraði, og sjálfur Héraðsmönnum að góðu kunnur um fleiri ár, og ætti því vel við, að hann yrði þingmaður þessa kjördæmis.“⁸⁸¹ Þessi orð má skilja svo að ekki einungis búseta heldur (og jafnvel enn frekar) ætterni og uppruni innan kjördæmis ættu að vega þungt í afstöðu til þingmannsefna.

Innbyrðis togstreita í austfirsku samfélagi um aldamótin 1900 var margslungin. Hún birtist ekki aðeins í ólíkum áherslum og tortryggni milli fólks í ólíkum samfélagsgerðum (sveitum og bæjum) eða í formi hagsmunabaráttu milli einstakra byggðarlaga. Togstreitan kom líka fram í félagslegri aðgreiningu milli búsvæða (Fjarða og Héraðs), ólíkri sýn á hverjir ættu að hafa forystu (bændur, embættismenn eða íbúar sjávarbyggða) og á hverju ætti að byggja þegar forystumenn væru valdir (þekkingu á atvinnuvegum, menntun eða ætterni). Gömul og ný viðhorf tókust á og blönduðust jafnvel saman í málflutningi sömu einstaklinga. Sumir litu til landsins sem heildar með sameiginlega

⁸⁷⁷ *Lbs.* 4538 4to. Bréf frá Jóni Guðmundssyni til Jóns Jónssonar, dags. 17. apríl 1903.

⁸⁷⁸ *Lbs.* 4541 4to. Bréf frá Sveini Ólafssyni til Jóns Jónssonar, dags. 25. apríl 1903.

⁸⁷⁹ Fjarðarbúi, „Sveitabændur og sjávarmenn á þingi“, 31. mars 1900, 49.

⁸⁸⁰ „Bréf frá bónda í Fjörðum til kunningja hans í Héraði“, 17. febrúar 1900, 19.

⁸⁸¹ [Skapti Jósefsson] „Þingmannaefti“, 1. september 1900, 110.

hagsmuni meðan aðrir héldu fast í áttahaghyggju. Gamla stigveldið var enn til staðar en var tekið að veikjast verulega, sem birtist m.a. í ítrekuðum áköllum um að kjörnir fulltrúar endurspegluðu almenning betur en fyrr og kæmu ekki sjálfkrafa úr efri lögum samfélagsins. Þessi togstreita var ákveðin birtingarmynd vaxandi lýðræðisþróunar í samfélagi sem var að taka breytingum. Þeir þættir sem Charles Tilly tilgreindi sem fjórar meginundirstöður lýðræðisþróunar voru orðnir virkari en áður (sjá kafla 3.1.3).⁸⁸² Almennarýmið hafði stækkað með aukinni þátttöku, félagslegt misrétti hafði minnkað og þær kröfur urðu sífellt háværari að stjórn málin snerust meira en áður um beina hagsmuni almennings og daglegt líf fólks.

4.3.4 Þjóðmálablöð og lýðræðisþróun: efling opinberra skoðanaskipta

Á fyrsta áratug 20. aldar voru ekki aðeins stjórn málin að breytast, og ofuráhersla undangenginna ára á sambands- og stjórnarskrármál að láta undan síga fyrir víðtækari pólitískri umræðu, heldur var hlutverk blaðanna líka tekið að breytast. Þær breytingar birtust m.a. í viðleitni til að hlúa að opinni lýðræðislegri umræðu fremur en að standa fyrir einhliða boðun tiltekins málstaðar. Á þessum tíma stigu fram ritstjórar sem litu á hlutverk sitt sem það að vera fremur umræðustjórar en pólitískir stefnuberar og töldu sig frekar eiga að hlúa að umræðunni og hleypa að mismunandi skoðunum en að innræta lesendum „réttar“ skoðanir. Það væri svo lesenda að dæma um réttmætið.⁸⁸³ Þetta viðhorf var í andstöðu við þá „föðurlegu umhyggju“ ritstjóra gagnvart lesendum sínum sem var ríkjandi viðhorf meðal ritstjóra þjóðmálablada á þessum tíma. Meðal þeirra sem vildu breytingar voru báðir ritstjórar *Bjarka*, sem engu að síður beittu sér fyrir málstað valtyðskunnar.

Í mars árið 1900, meðan Þorsteinn Erlingsson og Þorsteinn Gíslason ritstýrðu *Bjarka* í sameiningu,⁸⁸⁴ birtust í blaðinu greinar án tilgreinds höfundar sem fjölluðu um blaðaútgáfu samtímans og má gera ráð fyrir að annar hvor ritstjórinn (eða báðir) hafi verið höfundar þeirra, en greinarnar eru augljóslega ritaðar af þekkingu á blaðaútgáfu.⁸⁸⁵ Aðsendar greinar í *Bjarka* voru jafnan merktar sem slíkar eða þá að undir þær var ritað nafn höfundar eða dulnefni. Í greinunum sem hér um ræðir er bæði að finna gagnrýni á blaðaútgáfu samtímans en líka framtíðarsýn á það hvernig blöðin ættu að verða. Sú sýn var lýðræðisleg og gerði ráð fyrir þátttöku almennings, bæði þeirra sem fullan þegnrétt höfðu sem og hinna sem ekki höfðu hann. Höfundur taldi að blað sem best næði tilgangi sínum væri það sem engum flokki fylgdi að málum heldur gerði öllum stefnum „jafn hátt undir höfði. Það ætti, að því leyti sem það tekur þátt í að rökræða almenn mál, að skoðast sem fundarsalur, þar sem öll þjóðin er áheyrandi og allir hafa málfrælsi, hverja skoðun eða stefnu sem þeir vilja rýfa niður eða verja.“ Samtíma blaðaútgáfa gekk að dómi höfundar ekki aðeins erinda boðunar ákveðinna skoðana heldur einnig útlökunar annarra.

Því gætum að á hverju sú skoðun er byggð, að hvert blað eigi að berjast fyrir einhverri vissri stefnu. Hugmyndin er þessi: þeir af almenníngi sem lesa mitt blað og ekkert annað, drekka inn í sig þær skoðanir sem jeg berst fyrir. Hjer má eingum hleypa að sem aðra skoðun hefur; hann kynni þá að geta snúið einhverjum á sitt mál. Aðferðin verður sú, að alt sem mótflokkurinn segir er í blaðinu fært úr lagi og sagt, að frá hans hálfu sje alt öðru haldið fram en satt er. Svo hefur mótflokkurinn annað blað, þar sem eins er farið að.⁸⁸⁶

⁸⁸² Tilly og Wood, *Social Movements, 1768–2008*, 131.

⁸⁸³ „Tímarit – blöð“, 30. júní 1900, 101.

⁸⁸⁴ Þorsteinn Gíslason kom til starfa hjá *Bjarka* skömmu fyrir árslok 1899 og var ritstjóri blaðsins með Þorsteini Erlingssyni árið 1900 en hann lét af störfum við lok þess árs (sjá: „Til kaupenda *Bjarka*,“ 11. nóvember 1899).

⁸⁸⁵ Greinarnar sem hér um ræðir voru fjórar og birtust í *Bjarka* fyrri helming árs 1900. Þær fyrri tvær undir yfyrskriftinni „Tímarit – blöð – skólar“ en hinar síðari tvær nefndust „Tímarit – blöð.“ Hér er vitnað til efnis annarrar og fjórðu greinar (sjá: 24. febrúar 1900, 25–26; 3. mars 1900, 29; 16. júní 1900, 93–94; 30. júní 1900, 101).

⁸⁸⁶ „Tímarit – blöð – skólar“, 3. mars 1900, 29.

Höfundur gekkst þó við því að það væri almenn skoðun að blöðin ættu að fylgja og berjast fyrir ákveðinni stefnu í landsmálum en forsenda þeirrar skoðunar var að hans mati einfaldlega sú að fólk væri ekki öðru vant. Starfandi ritstjórar landsins væru flestir íhaldssamir að þessu leyti og vildu halda í ríkjandi ástand. Þess finnast þó dæmi að aðrir ritstjórar og frammámenn í þjóðmálum tækju upp þá afstöðu til blaðaútgáfu sem birtist í *Bjarka* árið 1900. Í aðdraganda alþingiskosninganna árið 1902 átti Páll Briem amtmaður þátt í að stofna blaðið *Norðurland* á Akureyri og eignar Helgi Skúli Kjartansson sagnfræðingur Páli valið á Einari H. Kvaran sem ritstjóra. Þó *Norðurlandi* væri ætlað að vera flokksmálagn Valtýinga var markmiðið að það yrði hófsamara en t.d. *Ísafold* og *Þjóðviljinn* og forðaðist þær „illvígu skammir“ sem þá voru helsta einkenni íslenskrar stjórnmálaumræðu. Páll og Einar settu sér markmið um siðbót í stjórnmálaumræðu með áherslu á samstarf í stað flokks-haturs og þjóðarhag umfram flokkshagsmuni.⁸⁸⁷

Þau viðhorf sem hér er lýst voru þó heldur hjáróma í almennri umræðu um og upp úr aldamótunum meðan mestur hiti var í deilunni um sambandsmálið og hávær krafa um að blöðin tækju upp eindregna stefnu og fylgdu henni af hörku. Það viðhorf birtist í mörgum blaðagreinum frá þessum tíma. Dæmi um það er grein í *Austra* árið 1897. Þar gerði Sigurður Jónsson í Ystafelli það að umtalsefni að þekkt skáld væru þá ritstjórar þriggja nýlegra blaða, þ.e. *Bjarka* (Þorsteinn Erlingsson), *Íslands* (Þorsteinn Gíslason) og *Dagskrár* (Einar Benediktsson). „Þeir eru allir af flokki hinna yngri námsmanna, og hafa allir, um lengri eða skemmri tíma, dvalið erlendis við nám, og jafnvel átt kost á að kynna sjer heimslífið og strauma þess, betur en flestir hinna, sem heima sitja.“ Sigurður var tortrygginn á að skáld væru heppilegir ritstjórar því blöðin þyrftu „að hafa ákveðna stefnu, þá stefnu, sem sé vissulega holl fyrir þjóðlífið og framsókn þess.“⁸⁸⁸ Sigurður gagnrýndi *Dagskrá* fyrir að leggja um of áherslu á að „rífa niður“ en megináhyggjur hans voru þó þær að hinir ungu menntamenn og skáld yrðu sem ritstjórar ekki nógu harðdrægir í stórpólitíkinni. Sveinn Ólafsson í Firði tók í svipaðan streng og Sigurður í bréfi til Jóns í Múla árið 1906. Þar ræddi Sveinn um blaðið *Norðra* sem þá hafði nýlega hafið útgáfu á Akureyri. Hann taldi af formála þess að dæma að því væri ætlað að þjóna tveimur herrum. Þar átti hann við að blaðið gæfi sig út fyrir að vera óháð en allir vissu að aðstandendur þess væru heimastjórnamenn. Sveinn leit svo á að blöðin ættu að standa fyrir ákveðinn málstað í stjórnmálum og sagði: „Blöðin flokka sig með stjórninni og móti henni. Þetta hlýtur svo að vera.“ Í sama bréfi kvartaði Sveinn hins vegar yfir „flokkssofstæki“ sem mörg blaðanna og sumir stjórnmálamenn, í báðum fylkingum, héldu að almenningi.⁸⁸⁹

Valtýr Guðmundsson sem í fyrstu var ánægður með störf Þorsteins Erlingssonar hjá *Bjarka* var orðinn mjög óánægður með frammistöðu hans um aldamótin. Í bréfi til Jóhannesar Jóhannessonar aldamótaárið 1900 kvartaði Valtýr yfir ritstjórn Þorsteins og vildi að Jóhannes gerðist yfirritstjóri yfir honum. Valtýr var reiður yfir því að *Bjarki* hafði skömmu áður birt tvær greinar með hvatningum til yfirlýstra andstæðinga Valtýs að bjóða sig fram til Alþingis. Þær hefði *Bjarki* birt án nokkurra athugasemda frá ritstjóra. „Slíkt er þó óbrúkandi af blaði, sem þykist vera að berjast fyrir ákveðinni stefnu.“⁸⁹⁰ Sýn Valtýs á blaðaútgáfu var einmitt sú sem andæft var í áðurnefndum greinaflokki í *Bjarka*, þ.e. að hvert blað ætti með oddi og egg að berjast fyrir ákveðinni stefnu. Valtýr átti ekki formlega aðkomu að rekstri eða ritstjórn *Bjarka* en gerði ítrekaðar tilraunir til að fá Jóhannes til að „fjarstýra“ blaðinu eftir sínu höfði. Hvort sem Jóhannes varð við kröfum Valtýs

⁸⁸⁷ Helgi Skúli Kjartansson, „Leiðtoginn sem ekki varð“, 54.

⁸⁸⁸ Sigurður Jónsson, „Dagskrá“, 30. apríl 1897, 45–46.

⁸⁸⁹ *Lbs.* 4541 4to. Bréf frá Sveini Ólafssyni til Jóns Jónssonar, dags. 17. febrúar 1906.

⁸⁹⁰ *Aldamót og endurreisn*, 134.

eður ei varð árangurinn ekki sá sem hann ætlaðist til og Valtýr varð sífellt gramari og illyrtari í garð ritstjóra *Bjarka* í bréfum til Jóhannesar.⁸⁹¹

Áhugaverðar samtímaheimildir um umræðu um blaða- og bókaútgáfu á fyrsta áratug 20. aldar, meðal manna sem sjálfir voru hvorki beinir né óbeinir þátttakendur í útgáfu þjóðmálablaða, er að finna bæði í *Mána*, blaði skólapilta við Búnaðarskólann á Eiðum veturinn 1902 og í fundagerðabók Málfundafélags Vestradælinga í Vopnafirði árið 1907. Eiðapiltar voru gagnrýnir á blaðaútgáfu samtímans. Þeir voru almennt sammála um að blöðin væru of mörg, þau skorti nytsemd, efni þeirra væri of einsleitt og framganga ritstjóra ein helsta ástæða vaxandi ósamlyndis meðal landsmanna. En í þeirra hópi heyrðust líka raddir sem andæfðu og töldu einsleitni verða enn meiri og sjónarhornið þrengra með færri blöðum.⁸⁹² Á félagsfundi í Málfundafélagi Vestradælinga þann 17. febrúar 1907 voru þjóðmálablöð til umræðu og skiptar skoðanir meðal félagsmanna. Einn þeirra mat gildi blaða eftir gæðum neðanmálssaga sem þau birtu og taldi þær ráða mestu um útbreiðslu blaðanna. Annar lýsti sérstöku uppáhaldi á þeim blöðum sem Einar H. Kvaran ritaði í og sá þriðji vildi helst þau blöð sem birtu fæstar skammargreinar um pólitíska andstæðinga. Sá fjórði benti á að á sumum bæjum væri aðeins keypt blað sem styddi annan stjórnmálaflokkinn og því fengi fólk einungis aðra hlið helstu pólitísku álitamála. Sá kallaði eftir því að heimili sameinuðust um blaðakaup og skiptust á blöðum. Undir það viðhorf var tekið af fleirum og bent á fordæmi sem væri blaðakaupafélag skólapilta við Möðruvallaskóla sem keyptu í sameiningu öll þjóðmálablöð sem þá komu út.⁸⁹³

Fram til aldamóta skrifaði aðeins einn þingmaður Múlasýslna reglulega greinar í austfirsku blöðin um þingmál og önnur landsmál. Það var Jón Jónsson frá Sleðbrjót. Greinaflokkar um stjórnmál eftir Jón birtust bæði í *Austra* og *Bjarka* á tíunda áratug 19. aldar.⁸⁹⁴ Hann virðist raunar hafa lagt nokkuð upp úr góðum samskiptum við ritstjóra blaðanna og urðu sumir þeirra vinir hans. Í bréfi Rögnvaldar Péturssonar til Jóns árið 1913 bar hann kveðjur til Jóns frá Þorsteini Erlingssyni, Þorsteini Gíslasyni og Jóni Ólafssyni (Rögnvaldur hafði þá nýlega verið á Íslandi). Allir voru þeir (eða höfðu verið) ritstjórar og virkir í stjórnmálastarfi. Allir voru þremenningarnir líka skáld, en sem fyrr greinir voru stjórnmál og skáldskapur helstu áhugamál Jóns frá Sleðbrjót.⁸⁹⁵ Sérstaklega skapaðist vinátta með honum og Þorsteini Erlingssyni, eins og sjá má í mörgum bréfum sem gengu á milli þeirra. Í bréfi Þorsteins til Jóns haustið 1897 lofar hann vináttu þeirra þrátt fyrir ágreining í stjórnmálum. „Jeg vildi gefa til að þú værir mín megin í pólitíkinni, því mjer er leitt að við stöndum þar andvígir *hveru reidilaust* sem það er.“⁸⁹⁶

Þorvarður Kjerúlf læknir, sem var samþingmaður Jóns í Norður-Múlasýslu fyrstu þrjú þingmennskuár Jóns, sneiddi að honum í grein í *Fjallkonunni* árið 1893 fyrir blaðaskrif hans um stjórnmál. Þorvarður ritaði um það leyti tvær greinar í *Fjallkonuna* og voru þær framhald ritdeilu þeirra Jóns um breytingar á lögum um atvinnufrelsi (vistarskylduna), sem þá voru til meðferðar á

⁸⁹¹ *Aldamót og endurreisn*, 210. Í bréfi dagsettu 22. febrúar 1904 hnýtti Valtýr í Þorstein Gíslason ritstjóra *Bjarka* og líka í forvera hans Þorstein Erlingsson, sem þá var fyrir þremur árum horfinn til annarra starfa.

⁸⁹² *Her.Aust.* Stofn 4/Eisk 51, 3. Búnaðarskólinn á Eiðum. Elliði G. Norðdal, „Um blaða og bókagerð hér á landi. Eru blöðin of mörg?“ *Máni* 2:15 (7. febrúar 1902), 236–243; *Her.Aust.* Stofn 4/Eisk 51, 3. Búnaðarskólinn á Eiðum. Hallgrímur Þorbergsson, „Um blaða og bókagerð hér á landi,“ *Máni* 2:21 (15. mars 1902), 341–354.

⁸⁹³ *Her.Aust.* Hrepp 2/Vop 16, 2. Vopnafjarðarhreppur. Málfundafélag Vestradælinga. Gjörðabók 1907.

⁸⁹⁴ Jón skrifaði margar stakar greinar í austfirsku blöðin en líka greinaflokkka. Dæmi um þá eru: Jón Jónsson (frá Sleðbrjót), „Smáplistar um landsmál,“ 22. janúar 1893, 6–7; 22. febrúar 1893, 17–18; 4. mars 1893, 21; 6. apríl 1893, 33; Jón Jónsson (frá Sleðbrjót), „Smágreinar,“ 23. janúar 1895, 5; 30. janúar 1895, 9–10; 19. febrúar 1895, 17–18; 18. apríl 1895, 41–42; Jón Jónsson (frá Sleðbrjót), „Smágreinar um þingmál,“ 12. desember 1896, 37; 5. febrúar 1897, 17; 12. febrúar 1897, 21.

⁸⁹⁵ *Lbs.* 4535 4to. Bréf frá Rögnvaldi Péturssyni til Jóns Jónssonar (frá Sleðbrjót), dags. 14. janúar 1913.

⁸⁹⁶ *Lbs.* 2172 b 4to. Bréf frá Þorsteini Erlingssyni til Jóns Jónssonar (frá Sleðbrjót), dags. 16. nóvember 1897.

Alþingi. Þorvarður hafði ritað grein um þau mál í *Austra* sem Jón svaraði í sama blaði.⁸⁹⁷ Þorvarður hóf fyrri grein sína í *Fjallkonunni* með að lýsa því yfir að hann hefði litla löngun til að eiga orðastað við Jón um þetta efni í blöðunum en teldi sig knúinn til þess þar sem Jón hefði „abbast“ upp á sig í *Austra*.⁸⁹⁸ Af greinum beggja má sjá að litlir kærleikar voru með þeim, andstætt því sem virðist hafa verið meðan þeir voru báðir þingmenn. Í bréfi til Guðmundar frá Húsey, sem Jón skrifaði í Reykjavík eftir þinglok sumarið 1891, kvaðst hann ætla að biða með heimferð. Ástæðan var sú að Þorvarður lá í „blóðspýting“ (lungnaberklum). Hann var að ná sér en var enn ekki ferðafær. Jón vildi ekki fara á undan honum enda sagði hann að Þorvarður hefði verið sér góður og hlýlegur.⁸⁹⁹

Þorvarður talaði í grein sinni í *Fjallkonunni* af lítilsvirðingu um Jón sem svaraði fullum hálsi: „Grein hans [Þorvarðar] er lítið um málefni það er um er að ræða, heldur er hún mestmegnis brigzlyrði til mín og „pillur“ sem eiga víst að vera ósköp fínar; þær er nú samt ofurhægt að leiða hjá sér, því við þekkjum það allir sem búum í læknishéraði hans, að inngjafir hans eru að öllum jafnaði ekki áhrifamiklar.“ Jón sakaði Þorvarð um vísvitandi rangfærslur og að vega úr launsátri að sitjandi þingmönnum Norður-Múlasýslu (sér og Einari Jónssyni presti í Kirkjubæ) eftir að hann sjálfur fór af þingi. Jón sagði Þorvarð vera að reyna „að gjöra mig hlægilegan fyrir það að eg sé að skrifa í blöðin um þingmál, því hann hefir sjálfsagt veður af því að eg hafi fengið þökk margra kjósenda fyrir að hafa gjört meiri tilraun enn hann, til að lýsa á málunum fyrir kjósendum.“⁹⁰⁰ Með greinaskrifum sínum leitaðist Jón frá Sleðbrjót við að efla samskipti og samvinnu þingmanna og kjósenda og ef marka má orð hans í grein frá 1896 var full þörf á. „Það er ekki svo sjaldgæft að þær raddir heyrast sem bregða þinginu í heild sinni, og einstökum þingmönnum, um áhugaleysi og ódugnað í löggjafar starfinu, og aftur á hinn bóginn að þingmenn bregða kjósendum um vanþekking og áhugaleysi á þjóðmálum.“⁹⁰¹ Í þessari grein kom fram að Jón vildi nota blöðin til að ræða þjóðmál og rjúfa þá „pólitísku dauðapögn“ sem honum þótti ríkja.

Ekki aðeins tóku fæstir alþingismenn Múlasýslna þátt í stjórn málaumræðu á síðum austfirsku blaðanna á rannsóknartímanum heldur má finna vitnisburði um viðhorf úr þeirra hópi sem voru beinlínis andstæð slíkri þátttöku og því að vera í beinum samskiptum við kjósendur, hvort sem var með skrifum eða fundahöldum. Í *Austra* árið 1905 sagði „Viðstaddur“ af leiðarþingi á Djúpavogi sem þingmenn Suður-Múlasýslu héldu að afloknu Alþingi það ár. Guttormur Vigfússon fékk ágætan vitnisburð hjá greinarhöfundi fyrir frammistöðu sína, en hann var þá í fyrsta sinn á ellefu ára ferli sem þingmaður Suður-Múlasýslu að halda pólitískan fund á Djúpavogi. Það var hins vegar framganga hins þingmanns kjördæmisins, Ólafs Thorlacius læknis (sem var búsettur á Djúpavogi), sem olli greinarhöfundi vonbrigðum.

O.Th. hafði tekið sér að skýra frá, lögum þeim sem þingmennirnir hefðu átt upptökin að, en sagðist hafa verið óundirbúinn að halda leiðarþing enda teldi hann þau nú á þessari miklu blaðaöld ónauðsynleg þó þau hefðu verið hagfeld á þjóðveldistímanum þegar engin blöð voru til. Þessu var síðar á fundinum mótmælt ýtarlega, einkum af kaupfélagsstjóra Birni R. Stefánssyni á Breiðdalsvík, sem benti á að pólitískar blaðafréttir sumra flokksblaða væri opt mjög óáreiðanlegar og stundum villandi.⁹⁰²

⁸⁹⁷ Jón Jónsson (frá Sleðbrjót), „Smá pistlar um landsmál“, 22. janúar 1893, 6–7; [Þorvarður Kjerúlf] „Kvennfrelsi og afnám vistarskyldunnar“, 7. desember 1892, 129–130; 16. desember 1892, 134–135. Greinin er ekki höfundarmerkt en í grein sem merkt er Þorvarði og birtist í *Austra* hálfu ári síðar kom fram að hann var höfundur þessarar greinar (sjá: Þorvarður Kjerúlf [án titils], 20. júní 1893, 66).

⁸⁹⁸ Þorvarður Kjerúlf, „Vistarbands málið“, 5. apríl 1893, 53–54; 11. apríl 1893, 58–59.

⁸⁹⁹ *Lbs.* 2172 b 4to. Bréf frá Jóni Jónssyni (frá Sleðbrjót) til Guðmundar Jónssonar (frá Húsey), dags. 2. ágúst 1891.

⁹⁰⁰ Jón Jónsson (frá Sleðbrjót), „Svar til Þorv. læknis Kjerúlfs“, 2. júní 1893, 58.

⁹⁰¹ Jón Jónsson (frá Sleðbrjót), „Smágreinar um þingmál“, 12. desember 1896, 37.

⁹⁰² Viðstaddur, „Leiðarþing“, 20. desember 1905, 161.

Þrátt fyrir þau orð sem greinarhöfundur hafði eftir Ólafi að blöðin væru vettvangur pólitískrar umræðu ritaði hann aldrei grein um stjórnsmál í austfirsku blöðin. Ári síðar gaf að líta í *Austra* harða gagnrýni á Ólaf fyrir að halda ekki þingmálafundi með kjósendum en greinarhöfundur bar hins vegar blak af frammistöðu hans á þingi.⁹⁰³ Gagnrýni á viðleitni til að stýra kjósendum fremur en að sannfæra þá kom fram í grein í *Bjarka* árið 1903. Þar kvartaði höfundur yfir þeim aðferðum sem þá var beitt við að afla frambjóðendum fylgis. Hann sagði:

Í fyrravetur, þegar brjefadrífan gekk sem þykktast úr Vopnafirðinum austur um Hjeraðið, þá fjekk einn góðkunningi minn eitt slíkt brjef er hann átti að safna atkvæðum á handa mönnum, sem alls einga tryggingu höfðu gefið kjósendum fyrir því, hvaða skoðun þeir hefðu á hinum mestu áhugamálum þjóðarinnar, handa mönnum, sem vildu svívirða pólitískt sjálfræði þjóðarinnar. Jeg fyrir mitt leyti hafði hreinustu fyrirlitningu á þessu athæfi.⁹⁰⁴

Í aðdraganda alþingiskosninganna árið 1903 tilkynnti Jón frá Sleðbrjót framboð sitt til Alþingis og birti stefnufirlýsingu. Hún birtist í *Austra* og er langítarlegasta stefnufirlýsing frambjóðanda sem birtist í austfirsku blaði á rannsóknartímanum. Í upphafi hennar lýsti Jón þeirri skoðun að það væri eðlileg krafa kjósenda að frambjóðendur lýstu opinberlega afstöðu sinni til helstu mála tímanlega svo kjósendur hefðu tíma til að meta frambjóðendur. Hins sama hafði Jón getið í framboðs-tilkynningu fyrir kosningarnar árið 1900.⁹⁰⁵ Á því var þó mikill misbrestur hvort eða hvernig frambjóðendur kynntu sig fyrir kjördag. Framboðsyfirlýsingar fyrir aldamót voru jafnan stuttar, jafnvel aðeins í formi stuttra fréttu um að nafngreindur einstaklingur byði sig fram.

Stefnufirlýsing Jóns frá Sleðbrjót árið 1903, sem fyllti næstum tvær síður í *Austra*, er ekki aðeins áhugaverð heimild um pólitíska sýn hans heldur líka um austfirskt samfélag þessa tíma. Jón kom víða við en eitt þeirra mála sem hann ræddi varðaði sérstaklega opinbera umræðu. Hann vildi að gjafsóknarréttur embættismanna í meiðyrðamálum yrði lagður niður, nokkuð sem væri mikilvægur liður í að efla opna og gagnrýna umræðu. Jón rökstuddi mál sitt svo: „Mín skoðun er sú, að sá réttur ali upp málalpras í embættismönnum, opt að óþörfu.... Gjafsóknirnar eru menjar einveldistímanna, þegar embættismennirnir skoðuðu sig nærri því einsog aðrar æðri verur en alþýðuna.“⁹⁰⁶ Jón vildi með þessu jafna aðstöðu fólks til þátttöku í opinberri umræðu og styrkja stöðu þjóðmálablaðanna sem höfðu fengið á sig ítrekaðar meiðyrðakærur. Sá þáttur í starfsumhverfi þjóðmálablaða hefur, auk þess sem Jón nefndi, verið til þess fallinn að ýta undir sjálfsritskoðun greinahöfunda og ritstjóra.

Annað mál sem Jón frá Sleðbrjót gerði að umtalsefni í stefnufirlýsingunni frá 1903 voru vesturferðir sem hann taldi einkum orsakast af því að landið væri ekki nógu aðlaðandi til búsetu með tilliti til samfélagsaðstæðna og atvinnumöguleika.

Fjöldi manna flýr landið sárnaðugur, atvinnugreinarnar eru hér svo fáar, að sá sem ekki er lagaður til að vera bóndi, eða reka sjávarútveg fyrir eigin reikning, og sem ekki getur orðið embættismaður eða verzlunarstjóri, eða annað sem veitir viss laun, – hann á nærri að segja einskis úrkosta nema vera vinnumaður, fyrir 100–200 kr. á ári, og eigi hann fjölskyldu, hrekkur það skammt henni til framfærslu, í því viðskiptalífi sem mestur hluti þjóðarinnar á við að búa.⁹⁰⁷

⁹⁰³ Án bogasveigir, „Þingmennirnir í Suður-Múlasýslu,“ 7. apríl 1906, 41–42.

⁹⁰⁴ K.-r., „Eftir dúk og disk,“ 19. febrúar 1903, 2–3.

⁹⁰⁵ Jón Jónsson (frá Sleðbrjót), „Þingkosningarnar næstu,“ 21. mars 1900, 41.

⁹⁰⁶ Jón Jónsson (frá Sleðbrjót), „Ávarp til kjósenda í Norður-Múlasýslu,“ 14. febrúar 1903, 19.

⁹⁰⁷ Jón Jónsson (frá Sleðbrjót), „Ávarp til kjósenda í Norður-Múlasýslu,“ 14. febrúar 1903, 20.

Premur mánuðum eftir að stefnuyfirlýsing Jóns birtist dró hann framboð sitt til baka og fluttist nokkru síðar til Kanada þar sem hann bjó til æviloka. Einn þeirra sem fluttist til Vesturheims nauðugur þetta sumar var Guðmundur bróðir Jóns (þeir fóru saman vestur með fjölskyldum sínum). Jóni hefur vafalaust verið kunnugt um fyrirhugaðan flutning bróður síns og fjölskyldu hans þegar hann ritaði stefnuyfirlýsinguna því í janúar 1903 ræddi Guðmundur væntanlega brottför og ástæður hennar í bréfi til Þorsteins Magnússonar í Höfn á Borgarfirði. Þar kvaðst Guðmundur hafa gefist upp á búskap í Fagradal í Vopnafirði, afhent sýslumanni búið upp í skuldir og ganga slyppur frá öllu með vorinu. Vanhöld á gripum, grasleysi og dýrt mannahald hafi gert útslagið ofan á skuldir. „Jeg vildi síður fara á sveitina og fer því til Vesturheims, ef guð lofar, ekki samt á stjórnarláni eins og þú hefur frjett heldur með hjálp frænda minna og vina fyrir vestan.“⁹⁰⁸

Þó stórpólitíkin væri ráðandi í efnisvali prentaðra blaða um aldamótin, og leiðandi menn í stjórnámálum héldu þeirri áherslu fast fram og leituðust við að knýja aðra til hins sama, má sjá skýr merki um að ný sjónarmið um hlutverk blaðanna í samfélaginu voru þá tekin að ryðja sér til rúms. Merki um það má bæði sjá í skrifum sumra ritstjóra en líka meðal almennings. Sífellt fleiri stigu fram, er kom fram á fyrsta áratug 20. aldar, sem andæfðu ríkjandi áherslum þjóðmálablaðanna og vildu snúa burt frá þeirri rótgrónu átakefð og þrönga sjónarhorni á stjórnámál sem einkenndi blöðin á síðasta áratug 19. aldar. Þjóðmálablöðin voru um aldamótin orðin bæði fyrirferðar- og áhrifameira afl í samfélaginu en áður. Þrátt fyrir vöxt félagsstarfs og aukin fundahöld því samfara voru blöðin áhrifaríkur hluti almennarýmisins þegar kom að því að dreifa hugmyndum og skapa umræðu, ekki síst um málefni sem ekki voru endilega efst á baugi í félögum og félagsshreyfingum.

4.4 Félagsstarf: tegundir félaga, áherslur og þátttaka

Meðal þess sem fylgdi breytttri samfélagsskipan um aldamótin 1900 var tilkoma nýrra þjóðfélagshópa – nýs fólks. Til urðu þéttbýlishópar með aðra hagsmuni en íbúar sveitasamfélagsins og þessir nýju hópar tóku að skapa sína eigin sjálfsmynd.⁹⁰⁹ Innan sveitasamfélagsins voru líka að eiga sér stað breytingar. Ungt sveitafólk leitaði nýrra tækifæra og aðgreindi sig frá eldri kynslóðum, líka það sem helst vildi búa áfram í sveitum. Um aldamótin var sá tími liðinn þegar flest fólk var einkum (eða jafnvel einungis) virkir þátttakendur í einum hópi, þ.e. samfélagi heimilisins þar sem það bjó. Aukin félagsleg virkni leiddi til þess að kraftar fólks, einkum yngra fólks, dreifðust víðar en áður og það skapaði fjölþættari félagsleg tengsl en almennt gerðist um eldri kynslóðir. Þetta hafði óhjákvæmilega áhrif á sjálfsmynd fólks og hvernig það leit á sig sem hluta af hóp sem markaðist af skoðunum, áhugasviði eða hagsmunum frekar en heimilisstöðu. Um aldamótin höfðu aðstæður í íslensku samfélagi breyst í átt til þess að styðja betur við lýðræðisþróun. Svo vísað sé til þeirra forsendna sem Charles Tilly taldi þurfa að vera til staðar til að félagsshreyfingar og lýðræðisþróun styddu hvort annað (sjá kafla 3.1.3) þá höfðu félagslegar tilslakanir af hálfu stjórnvalda, t.d. leysing vistarbandsins, aukið félagslegan jöfnuð í samfélaginu og dregið úr aðgreiningu. Bættar samgöngur gerðu fleira fólki kleift að sækja sér menntun í aðra landshluta eða til annarra landa. Þær áttu þannig sinn þátt í að fjölga þeim sem nutu formlegrar menntunar umfram barnalærdóm og þar með þeim sem líklegir voru til að taka forystu í félagsmálum. Vaxandi útgáfustarfsemi jók magn aðgengilegra upplýsinga og síðast en ekki síst var stigveldi gamla dyggðasamfélagsins að missa tókin á fólkinu, einkum yngra fólki, þar sem sífellt fleiri fylltu flokk vantrúarfólks á doxa ríkjandi samfélagsgerðar.

⁹⁰⁸ *Her.Aust.* A6 185, 7. Bréf frá Guðmundi Jónssyni (frá Húsey) til Þorsteins Magnússonar, dags. 27. janúar 1903.

⁹⁰⁹ Ragnheiður Kristjánsdóttir, *Nýtt fólk*, 31–63.

Þéttbýlismyndun á síðasta fjórðungi 19. aldar kallaði á nýjar leiðir til að skapa félagsleg tengsl fyrir fólk af misjöfnum uppruna og þar var skipulagt félagslíf veigamikill þáttur. En félög og félagshreyfingar skutu líka rötum í sveitum og voru þar ríkur þáttur í að skapa viðnám og efla trú á framtíð og möguleika þess að búa í sveitunum. Þó ekki megi gera lítið úr áhuga fólks undir lok 19. aldar á starfi og markmiðum félaga sem það gekk til liðs við, m.a. einlægri bindindislöngun eða vilja til að bæta samfélagið, þá spiluðu fleiri þættir inn í að hvetja fólk til þátttöku. Sé lítið til vitnisburða sjálfsævisagna fólks sem fætt var um miðbik síðari helming 19. aldar má bæði sjá vísbendingar um hvað það var sem helst dró fólk að félagastarfi, einkum ungt fólk, og líka hvenær félög með almennri þátttöku náðu fótfestu. Sú ástæða sem hvað oftast er nefnd fyrir áhuga á félagastarfi voru þeir möguleikar sem það skapaði til samfunda og skemmtunar. Gildir þá einu hvar á landinu var. Þó félagastarf væri víða í vexti á tveimur síðustu áratugum 19. aldar var það annars staðar í frumbersku allt fram á fyrstu áratugi 20. aldar. Kristleifur Þorsteinsson (1861–1952) sagði helstu skemmtanir Borgfirðinga á síðasta fjórðungi 19. aldar hafa verið réttar- og kirkjuferðir auk brúðkaupsveislna. Í þær var boðið virðingarmönnum en æskufólk, einkum það fátækara, mátti sitja heima og láta sér nægja þá skemmtun sem heimilið gat veitt þeim. Áþekk frásögn Kristleifs er lýsing Guðmundar Jónssonar (1873–1957) á félagslífi í Örafum um 1890. Guðmundur sagði formbundið félagslíf ekki hafa verið til staðar, skemmtanalíf lítið og fábreytt, helst útreiðar og spil. Fundahöld voru engin nema hreppa- og manntalsþing.⁹¹⁰

Mat á styrk og áhrifum félagastarfs er ýmsum takmörkunum háð og óhjákvæmilegir óvissuþættir eru fylgifiskur þess, eins og fram kemur víða í þessum kafla. Stór óvissuþáttur er varðveisla heimilda. Því fer fjarri að varðveist hafi skjöl eða aðrar heimildir um öll félög sem voru stofnuð og náðu að starfa til lengri eða skemmri tíma á Austurlandi á rannsóknartímanum. Jafnvel þó skjöl allra félaga sem náðu að komast á legg væru varðveitt myndu þau ekki segja alla söguna um starfsemina, þó þau séu vissulega mjög mikilvæg og gagnleg. Á hinn bóginn eru líka í skjalasöfnum varðveitt skjöl nokkurra félaga sem líklega náðu aldrei flugi, voru jafnvel aðeins undirbúin en ekki stofnuð. Svipaða sögu má segja um sveitar- og félagsblöð. Mikið vantar á að þau hafi varðveist heildstætt en það sem aðgengilegt er af þeim eru engu að síður mjög verðmætar heimildir.

Efni þessa kafla byggist að mestu leyti á skjölum sem varðveitt eru í Héraðsskjalasafni Austfirðinga og í Handritasafni Landsbókasafns. Við rannsóknina var ákveðið að leggja ekki í leit að skjölum sem kunna að vera varðveitt hjá einstaklingum. Slík leit hefði getað skilað verðmætum heimildum en hún hefði orðið tímafrek og óvíst um árangur hennar.

Í þessum kafla verður fjallað um félög sem störfuðu á Austurlandi og er þá lítið bæði til einstakra félaga sem og þeirra sem voru hluti félagshreyfinga. Þau félög sem um ræðir eru þau sem höfðu samfélagsleg markmið sem ekki voru beintengd afkomu eða efnahag félagsmanna. Af þeim sökum falla t.d. kaupfélög og hlutafélög utan rannsóknarinnar. Verkalýðsfélögum eru hins vegar gerð ákveðin skil þar sem markmið um eflingu samhugar, félagslegrar virkni og þjálfun í lýðræðislegum vinnubrögðum voru mjög veigamiklir þættir í starfi þeirra um aldamót og á upphafsárum 20. aldar.

Áherslan hér er á lýðræðislega virkni félaga, aðgengi að þeim og þátttöku í þeim. Einnig er leitast við að meta áhrif félaga á nærsamfélagið, hvaða væntingar voru til félagastarfs og hvaða viðhorfum það mætti í nærsamfélaginu. Tilkoma og uppgangur félaga var mishraður milli byggðarlaga og heimildir benda til að samsvarandi félög hafi ekki myndast alls staðar á svæðinu um svipað leyti. Á því er engin augljós skýring. Þó má greina áhrif þess að stofnsetning félags í einu byggðarlagi þrýsti á um stofnun samsvarandi félaga í nágrannabyggðarlögum. Áherslan er meira á félög sem störfuðu í austfirskum sveitum en á félagastarf í vaxandi þéttbýli, t.d. í Seyðisfjarðarkaupstað. Helgast það

⁹¹⁰ Kristleifur Þorsteinsson, *Úr byggðum Borgarfjarðar I*, 41; Guðmundur Jónsson, *Endurminningar Guðmundar frá Nesi*, 13–14.

bæði af tiltækum heimildum og af þeirri áherslu ritgerðarinnar að leitast fremur við að meta áhrif samfélagsbreytinga á íslensk sveitasamfélög. Í sveitunum voru búnaðar- og lestrarfélög þau sem jafnan risu fyrst og urðu stundum grundvöllur stofnunar annars konar félaga. Bindindisfélög, stúkur og kvenfélög voru einnig hluti austfirskrar félagaflóru og urðu á rannsóknartímanum og síðar hlutar stórra og áhrifamikilla félagsshreyfinga. Málfundafélög og sveitar- og félagsblöð eru einnig afar mikilvæg í samhengi þessarar rannsóknar enda endurspeglar þær heimildir betur en flestar aðrar sem hér eru til umfjöllunar áhugasvið þátttakenda og greinahöfunda þegar kom að umræðu um samfélagsmál. Við lok kaflans er svo litið til þeirra tækifæra og hindrana sem félagastarf mætti og leitast við að meta möguleika þess og hvað helst knúði það áfram.

4.4.1 Austfirskt félagastarf fram til 1874

Elsta þekkta félag sem starfaði á Austurlandi var Matsöfnunarfélagið sem stofnað var í Fljótsdal um aldamótin 1800 að forgöngu Vigfúsar Ormssonar sóknarprests á Valþjófsstað. Tilgangur félagsins var að fyrirbyggja skort, í sókn þar sem langar og torfærar leiðir voru í næstu kaupstaði, og vinna gegn „útmánaðasulti“ og „vorþreytu“ af völdum skorts. Félaginu var líka ætlað að sporna gegn fátækt og upplausn heimila í sókninni. Öllum íbúum hreppsins var boðið að ganga í félagið og leggja til þess eftir efnum og skilmálum.⁹¹¹ Þeim sem þurftu á hjálp að halda var ætlað að skila útteknum matvælum aftur þegar betur stæði á. Lög félagsins voru nokkuð ítarleg og andi þeirra gagnkvæm ábyrgð samfélagsins á einstaklingum og einstaklinga á samfélaginu. Undir samþykktir félagsins voru rituð fjórtán nöfn (þar af tveggja kvenna). Sigurður Óskar Pálsson notaði manntalið 1801 og *Ættir Austfirðinga* til að gera grein fyrir þeim einstaklingum sem undirrituðu samþykktirnar. Konurnar tvær voru mæðgur frá Arnheiðarstöðum, önnur prestsekkja og hin ekkja eftir gullsmið sem var sonur læknisins á Brekku. Þau sex sem voru skráð sem „félagsins fyrstu höfundar“ voru öll forstandsfolk, þ.e. presturinn, læknirinn, ekkjurnar tvær, sonur þeirrar eldri og klausturhaldarinn. Hinir átta voru flestir bændur. Engu að síður var hvatningin til almennrar þátttöku í félaginu í lögum þess eftirtektarverð og óvenjuleg fyrir félag sem stofnað var svo snemma á 19. öld. Það sýnir að þessi viðleitni var meira en orðin tóm að tekið skyldi tillit til ólíks efnahags sóknarfólks varðandi þátttöku í félaginu.⁹¹² Hve lengi félagið starfaði er óljóst en Ágúst Sigurðsson leiddi líkur að því að félagið hafi starfað a.m.k. til loka prestskapar Vigfúsar á Valþjófsstað, en hann lét af embætti árið 1818.⁹¹³

Helgi Hallgrímsson telur Fljótsdælinga á 19. öld hafa á ýmsan hátt verið á undan sinni samtíð, bæði í félagsmálum og verklegum efnum og nefnir hann margvísleg félög sem störfuðu í Fljótsdal máli sínu til stuðnings. Meðal þeirra elstu sem Helgi getur um eru búbótafélagið sem stofnað var skömmu fyrir miðja 19. öld (1846–1848), hófsemdarfélag (bindindisfélag) sem stofnað var árið 1838, en var liðið undir lok árið 1858 og kaupkröfufélag (skrúfufélag) vinnumanna í Fljótsdal á síðari hluta áttunda áratugar 19. aldar. Það síðasttalda ber Helgi saman við sambærilegt félag í Árnessýslu árið 1881 og getur sér þess til að hugmyndin að félaginu í Árnessýslu hafi komið úr Fljótsdal.⁹¹⁴ Tilgáta Helga um forystuhlutverk Fljótsdælinga í félagastarfi fær einnig stuðning í því hve margir frammámenn í austfirsku samfélagi á síðari helmingi 19. aldar voru ýmist upprunnir í Fljótsdal eða búsettir þar. Í því sambandi má nefna að Guttormur Vigfússon (1804–1856) alþingismaður á Arnheiðarstöðum (sonur Vigfúsar Ormssonar) var helsti forgöngumaður þess að tekið var að halda árlega sýslufundi í Norður-Múlasýslu á sjötta áratug 19. aldar. Guttormur hafði

⁹¹¹ Sigurður Óskar Pálsson, „Matsöfnunarfélag í Fljótsdal,“ 192–194.

⁹¹² Sigurður Óskar Pálsson, „Matsöfnunarfélag í Fljótsdal,“ 198–203.

⁹¹³ Ágúst Sigurðsson, „Síra Vigfús Ormsson 1751–1841,“ 57–58. Ágúst var prestur í Vallanesi 1966–1970.

⁹¹⁴ Helgi Hallgrímsson, *Fljótsdæla*, 291; Helgi Hallgrímsson, „Skrúfufélagið í Fljótsdal,“ 38–39.

með höndum formennsku á fundunum fyrstu árin en síðan tók Sigurður Gunnarsson prestur á Desjarmýri í Borgarfirði (og síðar alþingismaður og prestur á Hallormsstað) við henni.

Sýslufundur Norður-Múlasýslu virðast hafa hafist árið 1850, þó fyrsta varðveitta fundargerðin sé frá árinu 1852. Fyrstu þrjú árin voru fundirnir haldnir að Fremra Seli í Hróarstungu á Fljótshálsbænum en frá 1853 að Þinghöfða við Krakalæk í sömu sveit. Í elstu varðveittu fundargerð vorfunda Norðmýlinga (frá árinu 1852) má sjá að fundunum var ekki ætlað að vera stakir viðburðir heldur áttu þeir að ýta undir félagastarf í hreppum Norður-Múlasýslu, m.a. var lögð til stofnun búbótafélaga í hverri sveit sem væru deildir í stærra félagi sem næði til allra hreppa sýslunnar. Í fundargerð vorfundarins árið 1852 kemur fram að átta búbótafélög höfðu þá verið stofnuð í sýslunni. Frekari félagastofnun var þá í bígerð því rétt var um stofnun verslunar- og vöruvöndunarfélags, skipan nefnda í hverri sveit til að ráðleggja bændum um ásetning og samtök til að sporna við óhófi í innkaupum á „óþarfa“, t.d. kaffi og brennivíni.⁹¹⁵ Þessi austfirski félagsbylgja sem reis í byrjun sjötta áratugarins virðist þó hafa hnigið fljótt (að jarðabótafélaginu í Vopnafirði frátöldu – sjá kafla 3.1.1) því fátt er vitað um flest þeirra félaga sem þá voru stofnuð eða til stóð að stofna. Líklega hefur þróunin í Breiðdal verið dæmigerð fyrir austfirsk byggðarlög þessa tíma. Þar stofnaði Benedikt Þórarinnsson sóknarprestur í Eyðölum jarðabótafélag vorið 1853 og allur þorri bændanna gekk í það. En eftir dauða Benedikts við árslok 1856 lognaðist félagið út af. Um svipað leyti sameinuðust breiðdæliskir bændur í pöntunarfélagi sem virðist einnig hafa orðið skammlíft.⁹¹⁶ En þó árangurinn hafi ekki orðið sá sem til var ætlast voru þessar tilraunir undanfari félaga sem síðar komu, bæði félaga bændanna og embættismanna sem og félaga sem höfðu víðari skírskotun og almennari þátttöku.

Árið 1851 voru vorfundum Norðmýlinga sett ítarleg lög í alls þrettán greinum. Þau voru skráð í fundargerðarbókina eftir fundargerð vorfundarins 1852. Um tilgang vorfundanna segir í þriðju grein laganna: „Á vorþingum skal meiga ræða öll mál, sem þingmönnum kemur saman um, og horfa til almennings heilla á einhvern hátt, t.a.m: búnaðar – verslunar – og héraðs stjórnarmál, laga uppástungur og bænaskrár, hvort heldur eru til alþingis eða konungs.“⁹¹⁷ Þó hlutverk forseta vorþinganna væri að vera afgerandi leiðtogi þeirra og halda uppi siðsemi og hlýðni við lögin höfðu þau á sér lýðræðislegt yfirbragð. Á hverju vorþingi skyldi kjósa til embætta á þinginu og formennsku í hreppum. Í því tilliti er vert að staldra sérstaklega við aðra grein laganna, sem hljóðar svo: „Til vorþinga vorra þessara skulu velkomnir vera allir þeir sem þau vilja sækja, hvört heldur eru einstakir menn eða heilir hreppar, og skulu þeir hafa fullan þingmannsrétt meðan þeir halda í öllu þessi þinglög vor.“⁹¹⁸ Atkvæðagreiðslur um mál skyldu fara fram með handauppréttingum og voru atkvæði allra þingmanna jafngild.

Þrátt fyrir lýðræðislegt yfirbragð laga vorfundanna verður að teljast ólíklegt að almenningur hafi sýnt þessum fundum mikinn áhuga. Þó er skráð í fundargerð ársins 1853 að 120 manns hafi mætt til fundar úr öllum hreppum sýslunnar. En þegar frá leið er ekki getið um fjölda á vorfundunum. Á vorfundi ársins 1857 var bókuð kvörtun fundarmanna yfir lélegri fundarsókn og árið eftir varð fundarfall vegna lélegrar mætingar, en árið 1859 var fundað á ný. Næsti fundur sem bókaður er í fundargerðabókina var ekki haldinn fyrr en þrettán árum síðar (1872). Halldór Stefánsson benti á að engar beinar frásagnir væru til af síðustu Þinghöfðafundunum og kvaðst hann ekki vita hvers vegna Sigurður Gunnarsson hætti að birta opinberar frásagnir af fundunum. Þeirra var þó getið í

⁹¹⁵ *Her.Aust.* A6 13, 10. Gjörðabók Þinghöfða- og Þórsnesfunda 1852–1878; Halldór Stefánsson, „Þættir um menn og viðburði“, 57–58, 67.

⁹¹⁶ Árni Sigurðsson, „Í Breiðdal fyrir sextíu árum“, 131–132.

⁹¹⁷ *Her.Aust.* A6 13, 10. Gjörðabók Þinghöfða- og Þórsnesfunda 1852–1878.

⁹¹⁸ *Her.Aust.* A6 13, 10. Gjörðabók Þinghöfða- og Þórsnesfunda 1852–1878.

Akureyrarblöðunum sem gefin voru út á þessum tíma. Halldór taldi líklega ástæðu þessa þá að síðustu Þinghöfðafundirnir hefðu verið fásóttir og fjörlitlir.⁹¹⁹

Af fundargerðum vorfunda Norðmýlinga árin 1850–1859 að dæma voru þeir samráðs-vettvangur presta, hreppstjóra og betur staðra bændu sýslunnar þar sem jarðabætur, verslun og önnur hagsmunamál bændu voru aðalumræðuefnin. Óbreyttir bændur gætu þó hafa sótt fundina, einkum þeir sem næst bjuggu fundarstað. Vitnisburður Guðmundar frá Húsey (1862–1950), um félagslíf á Út-Héraði upp úr miðri 19. öld, hnígur í þá átt að svo hafi verið – en í litlum mæli.

Almennir málfundir voru þá engir í sveitinni, aðeins manntalsþing og hreppaskilaping, sem haldin voru árlega sí og æ eftir sömu nótum og voru lítt fjörgandi. Að vísu voru héraðsfundir haldnir árlega í Þinghöfða og þar rætt um stjórnsmál og ýmis önnur mál, en fáir bændur úr Hlíð [Jökulsárhlíð á Fljótsdalshéraði] sóttu þá fundi; faðir minn og nokkrir fleiri sóttu þá þó árlega, og var ekki laust við, að gert væri gys að þeim fyrir það og þeim virt það til yfirlætis.⁹²⁰

Guðmundur bætti því við að opinberum samkomum sem stofnað var til sem slíkra hefði hann ekki kynnst fyrr en hann var kominn af unglingaaldri. Í *Frelsisbaráttu Suður-Þingeyinga* birti Gunnar Karlsson töflu yfir fundasókn á sýslufundi Þingeyinga á árunum 1855–1877. Af henni má sjá að yfirleitt voru fundarmenn á bilinu 20–30 og oft kom um eða yfir helmingur þeirra úr Ljósavátns-hrepp, úr öðrum hreppum komu jafnan örfáir (einn til fimm) eða engir. Gunnar taldi það einkum hafa verið efnaðri bændur sýslunnar sem sóttu fundina enda hafi lítil áhersla verið lögð á þátttöku almennings í þeim.⁹²¹

Helgi Hallgrímsson telur að harðindi á sjöunda áratug 19. aldar, með fjársköðum og öðrum áföllum, hafi dregið þrótt úr því félagastarfi sem stofnað var til áratuginn á undan og verið meginorsakavaldur þess að sýslufundir Norður-Múlasýslu lögðust af.⁹²² Þegar þeir voru endurvaktir árið 1872 voru þeir haldnir á nýjum stað, í Þórsnesi í landi Kollsstaða á Völlum, og voru þá fyrir báðar Múlasýslur. Þeir fundir voru haldnir árlega fram til 1880 og var meginefni þeirra verslunarmál, einkum málefni Gránufélagsins. Starfsemi þess hófst á Austurlandi árið 1872 og virðist tilkoma félagsins hafa verið einn helsti hvati þess að sýslufundirnir voru endurvaktir. Eldri verslunarsamtök í austfirskum sveitum höfðu ýmist runnið sitt skeið áður eða lögðust niður við tilkomu Gránufélagsins eystra.⁹²³

Sigurður Gunnarsson (1812–1878) prestur á Hallormsstað hafði forystu um boðun og stjórn Þórsnesfunda fram til 1878. Árið 1879 var Sigurður fallinn frá en þá boðuðu Páll Vigfússon í Hrafnsgarði, Þorvarður Kjerúlfr læknir og Jón Ólafsson ritstjóri til fundarins.⁹²⁴ Sömu menn boðuðu til fundarins árið 1880. Segja má að þessi breyting á fundarboðendum endurspegli kynslóðaskipti í hópi forystumanna austfirsks samfélags um þetta leyti. Fundurinn árið 1880, sem um 200 manns sóttu, snerist mestmegnis um framboðsmál og varð einróma niðurstaða hans að skora á Jón Ólafsson og Þorvarð Kjerúlfr til þingframboðs – Jón í Suður-Múlasýslu og Þorvarð í Norður-Múlasýslu. Ekki voru fleiri sýslufundir haldnir í Þórsnesi. Næstu tvö ár féllu fundirnir niður vegna vorharðinda (árið 1881) og mislingafaraldurs (árið 1882). Halldór Stefánsson sagði að

⁹¹⁹ *Her.Aust.* A6 13, 10. Gjörðabók Þinghöfða- og Þórsnesfunda 1852–1878; Halldór Stefánsson, „Þættir um menn og viðburði,“ 85–86.

⁹²⁰ Guðmundur Jónsson (frá Húsey), „Minningaþættir Guðmundar í Húsey,“ 138.

⁹²¹ Gunnar Karlsson, *Frelsisbaráttu Suður-Þingeyinga og Jón á Gautlönðum*, 112–115.

⁹²² Helgi Hallgrímsson, *Fljótsdala*, 292.

⁹²³ *Her.Aust.* A6 13, 10. Gjörðabók Þinghöfða- og Þórsnesfunda 1852–1878; Halldór Stefánsson, „Þættir úr sögu Austurlands á 19. öld,“ 32–35, 90.

⁹²⁴ Páll Vigfússon (1851–1885) var sonarsonur Guttorms Vigfússonar alþingismanns á Arnheiðarstöðum. Eldri bróðir Páls var Guttormur Vigfússon skólastjóri Búnaðarskólans á Eidi og síðar alþingismaður. Páll var kvæntur Elísabetu Sigurðardóttur, dóttur Sigurðar Gunnarssonar prests á Hallormsstað.

tvívegis hefðu fundir verið boðaðir í Þórsnesi eftir þetta en hvorugur verið haldinn þar heldur á Höfða og Egilsstöðum á Völlum.⁹²⁵ Meginástæða þess hefur að líkindum verið að stórt samkomutjald (Þinghöfðatjaldið), sem keypt var fyrir samskotafé á sjötta áratugnum og notað til að hýsa fundina á Þinghöfða og í Þórsnesi, var ónýtt um 1880 og annað ekki keypt í þess stað.⁹²⁶

Eftir að Þórsnesfundirnir lögðust af var ekki stofnað aftur til sambærilegra samkoma á Austurlandi á rannsóknartímanum. Lögbundir hreppsfundir og kirkjuferðir auk tilfallandi viðburða héldu áfram að skapa vettvang til kynna og samveru fyrir flesta sem á annað borð fóru af bæ. „Brúðkaupsveislur og jarðarfarir voru oft margar á ári og höfðu því talsverða þýðingu fyrir félagslífið. Þar kynntust menn og ræddu um búskap og almenn sveitarmál.“⁹²⁷ Dæmi voru um að mikið væri lagt í brúðkaupsveislur og getur Guðmundur frá Húsey um veislu á Fljótsdalshéraði árið 1877 sem 200 manns sóttu og þurfti að fá Þinghöfðatjaldið til að hýsa veislugesti. Fjölmennar brúðkaupsveislur voru einnig algengar á Fjörðunum á síðustu áratugum 19. aldar.⁹²⁸

Flest félög sem stofnuð voru á Austurlandi fyrir aldamótin 1900 störfuðu aðeins í einni sókn eða sveitarfélagi. Skýrt frávik frá þessu var Pöntunarfélag Fljótsdalshéraðs, sem stofnað var árið 1885. Helstu hvatamenn að stofnun þess voru Þorvarður Kjerúlf læknir og Páll Vigfússon, þá ritstjóri *Austra*, en í fyrstu stjórn félagsins voru Þorvarður, Guttormur Vigfússon þá skólastjóri á Eiðum og Jón Bergsson í Vallanesi (síðar bóndi á Egilsstöðum).⁹²⁹ Pöntunarfélögin voru meira í anda eldri félaga að því leyti að þau voru fyrst og fremst tengd fjárhagslegum hagsmunum félagsmanna (sem langflestir voru bændur) og í forystu þeirra völdust jafnan menn sem fyrir gegndu forystuhlutverki í sinni sveit eða héraði. Starfsemi pöntunarfélaga fellur líkt og kaupfélögin utan þess sviðs sem þessi rannsókn tekur til og verður því ekki fjallað frekar um þau.

4.4.2 Búnaðarfélög

Landbúnaður var mikið til umræðu á Þinghöfðafundum Norðmýlinga á sjötta áratug 19. aldar og á þeim vettvangi var hvatt til stofnunar búbótafélaga (búnaðarfélaga). Þrátt fyrir þá viðleitni gekk ekki sem skyldi að festa búnaðarfélög í sessi og varð að bíða áttunda og níunda áratugarins eftir því að þau festu varanlega rætur og störfuðu til lengri tíma – en sum þeirra búnaðarfélaga sem þá voru stofnuð eru enn starfandi. Þó má finna dæmi þess að búnaðarfélag væri stofnað á sjöunda áratug 19. aldar, þegar austfirskt félagastarf virðist almennt hafa verið lítið sem ekkert. Í Hróarstungu á Fljótsdalshéraði var „sveitarfélag“ (búnaðarfélag) stofnað þann 12. mars 1864. Lög félagsins voru ítarleg, alls nítján greinar, og undirrituð af fjórum mönnum. Fyrstur í röð þeirra var sóknarpresturinn Magnús Bergsson. Félaginu var ætlað nokkuð víðtækt hlutverk, ekki aðeins að efla jarðabætur og kynbætur búfjár heldur einnig að hlúa að vöruvöndun og styðja við samtök meðal félagsmanna um verslun og skapa samstöðu um að kaupa ekki „óþarfar“ vörur. Stjórn félagsins skyldi kosin til eins árs í senn og skyldu atkvæði „búandi“ félagsmanna vera jafngild. Þó það sé ekki sagt berum orðum er ljóst að félagið var einungis ætlað bændum. Síðasta grein laganna mælti fyrir um að lögin skyldu ræðast á fyrsta fundi félagsins og undirritast af félagsmönnum með þeim breytingum sem fundurinn gerði á þeim. Hvort þetta félag tók til starfa eður ei er óvíst því ekki eru aðrar heimildir um það en þessi ósamþykktu lög.⁹³⁰

Undir lok áttunda áratugar 19. aldar komst skriður á stofnun búnaðarfélaga í Múlasýslum. Bæði var þar um að ræða stofnun nýrra félaga en líka endurreisn félaga sem störfuðu um miðja öldina.

⁹²⁵ Halldór Stefánsson, „Þættir um menn og viðburði,“ 92–93.

⁹²⁶ Guðmundur Jónsson (frá Húsey), „Minningabættir Guðmundar í Húsey,“ 133–135.

⁹²⁷ Guðmundur Jónsson (frá Húsey), „Minningabættir Guðmundar í Húsey,“ 137–138.

⁹²⁸ Anna Aradóttir, „Minningar úr Breiðdal,“ 161–162.

⁹²⁹ Halldór Stefánsson, „Þættir úr sögu Austurlands á 19. öld,“ 37–38, 88.

⁹³⁰ *HerAust.* A6 576, 64. Lög fyrir Sveitarfélagið í Hróarstungu.

Meðal þeirra félaga sem voru endurreist var Búnaðarfélag Breiðdæla. Í *Skuld* birtist síðla árs 1879 skýrsla eftir Jónas Eiríksson búfræðing (síðar skólastjóra Búnaðarskólans á Eiðum) um ferð hans um Suður-Múlasýslu sumarið áður. Jónas kom þá meðal annars við í Breiðdal. Í skýrslunni kom hann inn á þroskuld við upphaf þroskaferlis félaga sem mörgum þeirra reyndist erfitt að yfirstíga. Jónas sagði: „Þó þótti mér furðu sæta og næstum óþolandi, hvað fáir af bændum sveitarinnar tóku þátt í hinu nýstofnaða búnaðarfélagi, og var ég að geta mér í vonirnar, að þeir, sem ekki vildu ganga í félagið, mundu vilja sjá hvernig fyrirtæki þess heppnuðust, áður enn þeir tækju þátt í því.“⁹³¹ Sú hugsun að bíða og sjá til hvernig nýjungar reyndust virðist hafa verið ofarlega í huga margra um þetta leyti og þessi tregða stóð viðgangi félaga víða fyrir þrifum. Ári áður en skýrsla Jónasar birtist í *Skuld* birti blaðið grein eftir höfund sem nefndi sig „A. Breiðdæling.“ Hann kallaði eftir eflingu fjölbreytts félagastarfs með víðtækri þátttöku til að stuðla að framförum. Þrenns konar félög taldi höfundur brýnast að stofna: jarðabóta-, sjávarútvegs- og menntunarfélög.

Til þess að byrja á einhverjum framförum, þurfum vér fyrst að halda marga og fjölmenna fundi, — ekki af eintómum bændum, heldr skuli þá sækja eins vinnumenn og búlausir sem bændr, því andi sumra eldri bænda er að frjósa, og þarf því eldgneista innar yngri kynslóðar til að þýða hann — hvar ræða skal um mentun, félagsskap og fleira; fá menn til að ganga í félög til jarðabóta, — sem oss er svo nauðsynlegt, — sjávarútvegs og mentunar. ... það er mjög svo tilfinnanlegt, hvað vér alþýðumenn erum illa að oss.⁹³²

Þrátt fyrir litla þátttöku og mótdrægni í byrjun komst Búnaðarfélag Breiðdæla á legg en það virðist þó hafa átt erfitt uppdráttar fyrstu árin. Í grein um starfsemi félagsins í byggðasögunni *Breiðdælu* markar Björgvin Magnússon (1903–1984) ákveðin tímamót í starfi þess við árið 1885. Það ár útskrifaðist fyrsti breiðdælski búfræðingurinn frá Búnaðarskólanum á Eiðum, Guðmundur Þórðarson (1863–1936) frá Tóarseli. Við heimkomu hans færðist meira líf í búnaðarfélagið og farið var að vinna meira en áður að jarðabótum. Starfsemi félagsins virðist þó hafa dottið niður aftur og ekki náð að verða samfelld og öflug fyrr en eftir að annar breiðdælskur búfræðingur, Guðmundur Árnason frá Þorvaldsstöðum (síðar bóndi á Gilsárstekk), kom heim að loknu námi árið 1895. Hann stóð fyrir endurreisn búnaðarfélagsins ári síðar með þátttöku sextán bænda í sveitinni. Af lögum félagsins (frá árinu 1896) má sjá að markmið þess voru í aðalatriðum tvíþætt, annars vegar jarðrækt félagsmanna og hins vegar að félagið fengi búfræðing til starfa fyrir félagsmenn og til að leiðbeina bændum. Fundargerðir félagsins næstu ár sýna að þetta voru helstu umræðuefni funda. Félagið var opið til þátttöku þeim sem þess óskuðu en virðist eingöngu hafa verið skipað bændum og mæting á fundi var jafnan tólf til fimmtán manns. Upp úr aldamótum fóru viðfangsefni félagsins að verða fjölbreyttari og þá fjölgaði félagsmönnum, en þeir voru orðnir 25 árið 1905.⁹³³

Af þeim austfirsku búnaðarfélögum sem stofnuð voru á síðasta fjórðungi 19. aldar og skjöl eru varðveitt frá í Héraðsskjalasafni Austfirðinga voru öll starfandi í hreppum á Fljótsdalshéraði, að Búnaðarfélagi Breiðdæla frátöldu. Þó ekki sé hægt að draga af því afgerandi ályktanir um að búnaðarfélög hafi fyrr fest rætur á Héraði en Fjörðunum (misgóð varðveisla skjala félaganna og nálægð við safnið á Egilsstöðum getur þar haft áhrif) verður þó að telja líklegt að svo hafi verið,

⁹³¹ „Skýrsla eftir Jónas Eiríksson búfræðing um ferð hans um nokkrar sveitir í Suður-Múlasýslu sumarið 1879,“ 2. desember 1879, d. 312–313.

⁹³² A. Breiðdælingur, „Hvað stendur oss Íslendingum helst fyrir framförum?“ 7. nóvember 1878, d. 374–375. Í *Breiðdælu hinn nýju* leiddi Eiríkur Sigurðsson trúverðug rök að því að höfundur þessarar greinar hafi verið Ari Brynjólfsson bóndi á Þverhamri í Breiðdal (sjá: Eiríkur Sigurðsson, „Lestrarfélag Breiðdæla,“ 20–21).

⁹³³ *Her.Aust.* Stofn 59/BúBre 1, 1. Búnaðarfélag Breiðdæla. Gjörðabók 1896–1938; Björgvin Magnússon, „Búnaðarfélag Breiðdæla,“ 184. Guðmundur Þórðarson fluttist til Vesturheims árið 1903 en var fram til þess búsettur í Tóarseli.

enda Fljótshérað stærsta landbúnaðarhérað Múlasýslna og eini búnaðarskóli Austurlands þá starfandi í héraðinu.

Á Fljótshéraði voru búnaðarfélög stofnuð í Skriðdal árið 1881 og í Eiðabíngahá árið 1884. Í lögum beggja var tekið fram að bæði búendur og búlausir gætu gengið í félagið, en í félaginu í Eiðabíngahá voru búlausir undanþegnir skylduvinnu. Hlutverk þess félags var nokkuð hefðbundið fyrir búnaðarfélög þessa tíma, þ.e. að bæta búnaðarhætti og stuðla að verklegum framförum í landbúnaði.⁹³⁴ Félaginu í Skriðdal virðist hins vegar hafa verið ætlað víðtækara hlutverk. „Tilgangur þess er, að efla samheldni sveitarmanna, styrkja nytsöm fyrirtæki er stofnuð kynni að verða í sveitinni, og sérstaklega að hlynna að landbúnaðinum.“⁹³⁵ Þó megináherslan væri vissulega á landbúnað opna lög félagsins á stuðning við „nytsöm fyrirtæki“ sem ekki endilega töldust til hefðbundins landbúnaðar. Áherslan á eflingu samheldni er líka eftirtektarverð og bendir til að Búnaðarfélagi Skriðdalshrepps hafi verið ætlað víðtækt félagslegt hlutverk, t.d. það að stuðla að uppbyggingu annars konar félagastarfs í sveitinni. Um aldamótin var félagið einnig tekið að starfa í Vallahrepp og var þá orðið deildaskipt. Félagið í Eiðabíngahá virðist hafa verið fámennt framan af, en líkt og í Búnaðarfélagi Breiðdæla fjölgaði félagsmönnum umtalsvert eftir aldamótin 1900.⁹³⁶

Á Út-Héraði voru stofnuð tvö búnaðarfélög um miðjan síðasta áratug 19. aldar, annað í Hróarstungu (árið 1895) og hitt í Hjaltastaðabíngahá (árið 1896).⁹³⁷ Félagið í Hróarstungu var stofnað að afloknu hreppamóti haustið 1895 og gengu tuttugu bændur í það. Meðal stofnenda voru Guðmundur Jónsson frá Húsey og Einar Jónsson prestur í Kirkjubæ, sem fékk flest atkvæði í fyrsta stjórnarkjöri félagsins. Ekki sjást þess merki að vísað sé í skjölum félagsins til „sveitafélagsins“ sem stofnað var (eða til stóð að stofna) árið 1864. Starfsemi félagsins í Hjaltastaðabíngahá virðist hafa verið öflugri og samfelldari en nágrannafélagsins, en á fundi í félaginu í Hróarstungu árið 1900 kom til umræðu hvort félaginu skyldi haldið áfram eða það lagt niður. Bæði voru félögin hefðbundin búnaðarfélög með áherslu á jarðrækt og að ráða búfræðinga til starfa og leiðbeininga. Lög búnaðarfélagsins í Hróarstungu geta ekki um neinar takmarkanir á inngöngu í félagið en í endurnýjuðum lögum félagsins í Hjaltastaðabíngahá (frá árinu 1911, upprunaleg lög félagsins er ekki að finna í skjölum þess) er aðild að félaginu einskorðuð við „búandi“ menn.⁹³⁸

Í Fellahrepp á Mið-Héraði var stofnað búnaðarfélag árið 1889 og eru sögu þess gerð ítarleg skil í grein Helga Gíslasonar (1910–2000) í *Fellamannabók* sem kom út árið 1991. Félagið hét upphaflega Búnaðarfélag Út-Fella og Fram-Tungu og voru stofnendur þess bæði úr Fella- og Tunguhreppum. Árið 1895 var sem fyrr greinir stofnað búnaðarfélag í Tunguhrepp og sögðu bændur þar þá skilið við félagið með Fellamönnum sem eftir það nefndist Búnaðarfélag Fellahrepps. Fyrstu lög félagsins (giltu til ársins 1915) gerðu ráð fyrir almennu aðgengi að því, árlegum kosningum til embætta og að tilgangur þess væri að bæta búnaðarhætti félagsmanna.⁹³⁹ Af frásögn Helga Gíslasonar að dæma virðist félagið ekki hafa vikið frá upphaflegum markmiðum sínum fyrstu starfsárin.

Austfirsku búnaðarfélögin störfuðu sem stök félög án formlegra tengsla þar til Búnaðar-samband Austurlands var stofnað árið 1904. Öll búnaðarfélögin sem hér hefur verið fjallað um og stofnuð voru innan rannsóknartímans byggðu starf sitt á lögum þar sem lýðræðisleg gildi voru áberandi. Almennir félagsfundir voru æðsta vald félagsins og töldust aðeins löglegir væri meirihluti félagsmanna mættur. Það var bundið í lög þeirra allra að kosið væri til stjórnar og embætta á eins

⁹³⁴ *Her.Aust.* Stofn 50/BúEi 1, 1. Búnaðarfélag Eiðabíngahármanna. Gjörðabók 1884–1905.

⁹³⁵ *Her.Aust.* Stofn 44/BúSkr 1, 2. Búnaðarfélag Skriðdalshrepps. Gjörðabók og reikningar 1881–1940.

⁹³⁶ *Her.Aust.* Stofn 50/BúEi 1, 1. Búnaðarfélag Eiðabíngahármanna. Gjörðabók 1884–1905.

⁹³⁷ Félagið í Hjaltastaðabíngahá gæti hafa verið stofnað fyrr, en skráningar í fundagerðabók hefjast árið 1896.

⁹³⁸ *Her.Aust.* Stofn 35/BúTu 1, 1. Búnaðarfélag Tunguhrepps. Gjörðabók 1895–1942; *Her.Aust.* Stofn 43, 6. Búnaðarfélag Hjaltastaðahrepps. Gjörðabók 1897–1926.

⁹³⁹ Helgi Gíslason, „Búnaðarfélag Fellahrepps – 100 ára saga,“ 139, 142–143.

til þriggja ára fresti og væri getið um vægi atkvæða í lögum félaganna var tekið fram að atkvæði félagsmanna væru jafngild. Þó misjafnt væri milli félaga hvort þau væru opin öllum hreppsþúum eður ei voru búnaðarfélögin oftast einvörðungu félög bænda og snerist starf þeirra einkum um hagsmuni bænda og búrekstur. Þrátt fyrir augljósa hagsmunatengingu flestra búnaðarfélaga eru þau höfð með í umfjölluninni hér vegna þess að þau voru oftast en ekki fyrstu félögin sem stofnuð voru í sveitahreppum og voru lýðræðislegar áherslur í starfi þeirra skýrar. Í forystu búnaðarfélaganna voru þó jafnan ráðandi menn í hverju samfélagi. Þau voru því sjaldan vettvangur almennrar þátttöku, hvort sem þau voru öllum opin eður ei. Tilvist búnaðarfélaganna hefur þó að líkindum verið stuðningur við önnur félög, a.m.k. óbeint. Þar sem búnaðarfélög komust á legg, störfuðu til lengri tíma og sönnuðu gagnsemi sína, sönnuðu þau um leið gagnsemi félagsformsins. Þar má því ætla að betri jarðvegur hafi verið til staðar fyrir fjölbreyttara félagastarf. Ráðandi menn í þeim byggðarlögum hafa væntanlega átt erfiðara með að standa gegn uppgangi annars konar félagsstarfs, jafnvel þó þeir kynnu að vera lítt hrifnir af starfseminni og ættu þar ekki aðkomu.

4.4.3 Lestrarfélög

Haustið 1901 hófu skólapiltar við Búnaðarskólann á Eiðum útgáfu annars árgangs skólablaðsins *Mána*. Í upphafsávarpi fyrsta tölublaðs þessa skólaárs vék Elliði G. Norðdal að hlutverki lestrarfélaga. Elliði sagði að sú menntun sem fólk gæti aflað sér með lestri fræðandi rita væri góðra gjalda verð en hún væri í sífelldri hættu að gleymast og koðna niður án þess að bera sýnilegan ávöxt. Að hans mati voru félögin þó mjög mikilvæg, einkum „fyrir þann hluta þjóðarinnar er eigi hefir ástæður, til að leyta sjer meiri og betri þekkingar.“⁹⁴⁰ Fyrir í þessari ritgerð (sjá kafla 3.2.2) er fjallað almennt um lestrarfélög á landinu. Þar er auk þess fjallað um Hið austfirska lestrarfélag sem stofnað var árið 1835 og starfaði fram á sjötta áratug 19. aldar.

Líkt og fyrir greinir var fyrsta alþýðulestrarfélagið sem komst til þroska og starfaði samkvæmt félagslögum Lestrarfélagið í Gufudalshrepp á Barðaströnd sem var stofnað árið 1843.⁹⁴¹ Árið 1849 voru stofnuð tvö lestrarfélög á Austurlandi. Annað þeirra var í Norðfirði og starfaði það a.m.k. til ársins 1857. Í fyrsta bindi *Norðfjarðarsögu* fjallaði Ögmundur Helgason um það félag og birti þar síðari helming upphaflegra laga þess (fyrstu sex greinarnar og hluti þeirrar sjöundu hafa glatast) en þar vantar upplýsingar um aðgengi að félaginu og hvernig því skyldi stjórnað.⁹⁴² Hitt félagið var Lestrarfélag Klyppstaðarprestakalls sem stofnað var af sextán körlum í Klyppstaða- og Húsavíkursóknum. Þó stofnendur hafi flestir verið bændur kemur skýrt fram í lögum félagsins að því hafi verið ætlað að gagnast almenningi og öllum íbúum, fjórtán ára og eldri, verið heimilt að ganga í það ef viðkomandi greiddi félagsgjald og hét því að fylgja lögum þess. Bókakosti félagsins var ætlað að vera til sameiginlegra nota í sóknunum og allar bækur sem félagið keypti skyldu vera á íslensku, nema félagsmenn kæmu sér saman um kaup á einstökum bókum á öðrum tungumálum. Félagið hafði tvo lögbundna fundi á ári (vor og haust). Á vorfundinum var kosið í embætti félagsins (umsjónarmanns, fêhirðis og bókavarðar) og reikningar þess yfirfarnir. Samkvæmt lögunum var það hins vegar ákvörðun almennra funda (en ekki embættismanna félagsins) hvaða efni var keypt og skyldi kosið um það á vor- og haustfundum. Skýrt var tekið fram í lögum að félagsmönnum bæri að fara vel með eigur félagsins og bann var lagt við að lána bækur til utanfélagsmanna.

Lestrarfélag Klyppstaðarprestakalls sá félagsmönnum sínum ekki aðeins fyrir lesefni heldur var því ætlað að vera vettvangur umræðna. Í lögum félagsins var gert ráð fyrir umræðum á fundum

⁹⁴⁰ *Her.Aust.* Stofn 4/Eisk 51, 3. Búnaðarskólinn á Eiðum. Elliði G. Norðdal, „Ávarpsorð Mána,“ *Máni* 2:1 (2. nóvember 1901), 1–6 (hér vitnað í blaðsíðu 6).

⁹⁴¹ Lýður Björnsson, *Saga sveitarstjórnar á Íslandi*, 2:259.

⁹⁴² Ögmundur Helgason, *Norðfjarðarsaga I*, 111–119.

um keyptar bækur, efni þeirra og nytsemi. Það markmið var stofnendum ofarlega í huga, líkt og sjá má af fimmtu grein laga félagsins þar sem félagsmönnum voru lagðar línur um framkomu:

- a) Á hvorjum fundi skal þess gætt að aldrei tali nema einn í senn og beri álit sitt fram, með svo fáum og ljósum orðum, sem faung er á. b) Tala skal um hvort málefni utaf fyrir sig, sem félagsmönnum þykir þurfa; og leita svo atkvæða um hvað gylða skuli. c) Allir hafa fundarmenn jafnan rétt til að tala á fundum. d) Komi ágreiningur eða meiningamunur félagsmanna; í þeim málefnum sem felaginu viðkoma, hvort það er á fundum eður þess utan, skal með atkvæða fjölda kjósa 5 menn, í nefnd innan félagsins og skulu félagsmenn láta sér lina urskurð nefndarmanna.⁹⁴³

Félagið var því öðrum þræði málfundafélag sem stuðlaði að því að þjálfa félagsmenn sína í að tjá sig á opinberum vettvangi. Ákveðins aga var því krafist af félagsmönnum sem birtist ekki aðeins í kröfum um framkomu á fundum, heldur einnig í því að félagsmönnum var skylt að sækja fundi nema viðurkennd forföll kæmu til. Á fundi árið 1850 var úrsögn eins félagsmanna úr felaginu ekki tekin til greina og var bókað að viðkomandi yrði „að gæta skyldu sinnar sem félagsmaður þangað til hann segði sig úr því á löglegan hátt.“⁹⁴⁴ Fundurinn kaus fimm manna nefnd til að fjalla um úrsögnina og ræða við viðkomandi félagsmann.

Af fundargerðum fyrstu starfsára félagsins sést að það keypti fyrst og fremst þau íslensku tímarit og blöð sem þá voru gefin út. Starfsemi félagsins var nokkuð í sömu skorðum fyrsta áratuginn. Fundir voru haldnir tvisvar á ári og meginefni þeirra voru bókakaup og innganga nýrra félagsmanna eða útganga eldri. Fjöldi félagsmanna hélst lítt breyttur, þó nokkur hreyfing væri á hverjir voru í felaginu. Það átti í augljósum erfiðleikum á sjöunda og áttunda áratug 19. aldar og voru engar fundargerðir bókaðar á árunum 1864–1866. Fundir voru árin 1867, 1869 og 1871 en það sem eftir lifði áttunda áratugarins voru ekki skráðir fundir í fundargerðabókina. Hins vegar voru þar skráð bókakaup og félagatali var viðhaldið, en félagsmenn voru orðnir mjög fáir við lok áttunda áratugarins.⁹⁴⁵ Félagið taldist þó enn starfandi vorið 1880. Þann 5. apríl það ár skráði Björn Halldórsson hreppstjóri á Úlfstöðum í Loðmundarfirði í dagbók sína frásögn af sveitarfundi sem hann hélt (en Björn var þá að flytjast búferlum til Vopnafjarðar). Svo bætti hann við: „þar á eftir um lestrarfélag það sem búið er nú að standa hjer í sveit í rúm 30 ár og jeg hefi lengst veitt forstöðu en verð nú að yfirgefa.“⁹⁴⁶

Ári síðar virðist færast nýr kraftur í félagið. Þá gengu átta manns í það og voru félagsmenn þá tíu talsins, þar af tvær konur. Önnur þeirra var Þorbjörg Pálsdóttir á Árnastöðum, sem fram til þessa var eina konan sem finna má í félagatali (hún virðist hafa gengið í félagið árið 1876, eftir andlát eiginmanns síns). Hin var Arnbjörg Stefánsdóttir í Stakkahlíð, en hún er horfin úr félagatalinu ári síðar. Aðrar konur virðast ekki hafa gengið í félagið meðan það starfaði.⁹⁴⁷ Á níunda áratugnum voru félagsmenn jafnan um tíu talsins og félagið keypti á bilinu átta til þrettán bækur á ári. Yfirleitt var um eða yfir helmingur þess íslensk tímarit og annað efni nær alfarið fræðirit. Þó sést að félagið keypti líka fagurbókmenntir, t.d. kvæðasöfn (Bjarna Thorarensen og Stefáns Ólafssonar) og íslenskar þýðingar á verkum Shakespeare (*Óþelló* og *Rómeó og Júlía*). Þegar kom fram á tíunda áratuginn fór félagsmönnum fækkandi og félagið reyndi að fjármagna kaup á nýju efni

⁹⁴³ Lbs. 4500 8vo. Lestrarfélag Klyppstaðaprestakalls.

⁹⁴⁴ Lbs. 4500 8vo. Lestrarfélag Klyppstaðaprestakalls.

⁹⁴⁵ Lbs. 4500 8vo. Lestrarfélag Klyppstaðaprestakalls.

⁹⁴⁶ Lbs. 3147 8vo. Dagbækur Björns Halldórssonar á Úlfstöðum í Loðmundarfirði 1880–1884.

⁹⁴⁷ Lbs. 4504 8vo. Lestrarfélagið í Loðmundarfirði. Lög félagsins eru ekki skráð í fundargerðabókina. Því er óvíst hvort felaginu voru gerð ný lög árið 1881 eða hvort félagið starfaði eftir sömu lögum og áður.

með sölu eldri bóka.⁹⁴⁸ Samkvæmt orðum höfundar fréttabréfs úr Loðmundarfirði sem birtist í *Austra* árið 1891 var félagið þá orðið máttlítið. Þar segir: „Lestrarfélag hefir verið hér síðan 1849, en sjaldan jafn fámennt sem nú, því helzt lítur út fyrir að það sé að hverfa.“⁹⁴⁹ Félagið starfaði þó fram til 1896 en það ár ákvað félagsfundur að leita til hreppsnefndar Loðmundarfjarðarhrepps um að taka við félaginu. Sú varð raunin vorið 1897 og lagðist þá lestrarfélagið niður.⁹⁵⁰

Lestrarfélög tóku að ná útbreiðslu á Austurlandi á síðustu tveimur áratugum 19. aldar, þó dæmi séu um félög sem stofnuð voru fyrr. Lestrarfélag í Breiðdal og Stöðvarfirði var stofnað árið 1878.⁹⁵¹ Það félag var því stofnað sama ár og fyrrnefnd grein „A. Breiðdælings“ birtist í *Skuld*, þar sem hann hvatti til stofnunar félaga með almennri þátttöku. Eiríkur Sigurðsson vildi eigna Ara Brynjólfssyni á Ósi (síðar bónda á Þverhamri) heiðurinn af stofnun lestrarfélagsins þó Anna Aradóttir (Brynjólfssonar) hafi áður tilgreint Magnús Magnússon, son Magnúsar Bergssonar þáverandi sóknarprests í Eyðölum, sem helsta forgöngumann að stofnun þess.⁹⁵² Hvað sem rétt er í þeim efnum var Magnús Magnússon kosinn fyrsti formaður félagsins en Ari Brynjólfsson var með honum í stjórn ásamt Einari Gíslasyni alþingismanni og bónda á Höskuldstöðum. Stofnfélagar voru 44 talsins (eingöngu karlar) og mættu 25 þeirra á stofnfundinn. Það er ekki aðeins athyglisvert hversu margir meðlimir félagsins voru í byrjun heldur einnig að þeir komu af nær öllum bæjum sveitarinnar og voru allt að þrír frá sama bæ, en í flestum tilvikum þó aðeins einn. Athygli vekur líka að sóknarpresturinn, Magnús Bergsson, sem árið 1864 var einn fjórmenninganna sem sömdu lög „sveitarfélagsins“ í Hróarstungu var ekki meðal skráðra stofnfélaga lestrarfélagsins. Þar sem Breiðdalurinn er stór sveit að flatarmáli og Stöðvarfjörður skýrt aðgreindur landfræðilega frá Breiðdal var félaginu skipt í þrjár deildir. Félagið keypti því þrjú eintök af hverri bók og sjö eintök af hverju blaði. Innkaup miðuðust við innlent efni, tímarit, þjóðmálablöð og bækur.⁹⁵³

Í fundagerðabók Lestrarfélagsins í Breiðdal og Stöðvarfirði vantar blaðsíður framarlega í bókinni, eftir fyrstu þrjú starfsárin, og því verður að byggja á öðrum heimildum um starfsemi félagsins fram til fyrstu ára 20. aldar. Í *Breiðdælu* víkja bæði Anna Aradóttir (1891–1960) og Guðmundur Árnason (1871–1966) að hlutverki félagsins í byggðarlaginu. Þau voru sammála um að félagið hefði verið mjög öflugt, þátttaka í því góð og áhrif þess á menningarlíf sveitarinnar mikil.⁹⁵⁴ Félagið reiddi sig ekki aðeins á árstíllög félagsmanna til rekstrar heldur stóð það einnig fyrir árlegum hlutaveltum sem Anna sagði að hefðu verið „góð tilbreyting í fábreyttu skemmtanalífi sveitarinnar.“⁹⁵⁵ Hún taldi íbúa almennt hafa verið jákvæða gagnvart félaginu og styrkt það sem leiddi til þess að félagið eignaðist brátt sjóð sem það gat lánað úr gegn vöxtum. Sjóður félagsins var líka notaður til bókakaupa þegar árstíllögin hrukku ekki til.

Árið 1904 stóð félagið á tímamótum. Á fundi sem haldinn var í húsnæði Breiðdalshrepps á Breiðdalsvík síðla vors 1904 var leitast við að fá botn í hverjir væru í raun í félaginu. Aðeins níu félagsmenn mættu á þann fund og af fundargerðinni má skilja að starfsemi félagsins hafði legið niðri árin á undan. Ári síðar voru félagsmenn (sem þá töldust vera fimmtán) ákveðnir í að halda starfinu áfram. Áherslan í innkaupum var á þjóðmálablöð og „nýjar og nytsamar“ bækur. Næstu tíu ár (til loka rannsóknartímans) virðist starfsemin hafa verið samfelld og félagsmenn á bilinu fimmtán til tuttugu. Meginefni funda á þessu tímabili voru fjármál félagsins og bókakaup. Í skrá

⁹⁴⁸ Lbs. 4501 8vo. Lestrarfélagið í Loðmundarfirði.

⁹⁴⁹ [Fréttabréf úr Loðmundarfirði] 20. desember 1891, 56.

⁹⁵⁰ Lbs. 4503–4504 8vo. Lestrarfélagið í Loðmundarfirði.

⁹⁵¹ *Her.Aust.* Hrepp 26/Bre 29, 7. Breiðdalshreppur. Lestrarfélag Breiðdalshrepps. Gjörðabók 1878–1923.

⁹⁵² Anna Aradóttir, „Minningar úr Breiðdal,“ 159; Eiríkur Sigurðsson, „Lestrarfélag Breiðdæla,“ 20–21.

⁹⁵³ Eiríkur Sigurðsson, „Lestrarfélag Breiðdæla,“ 22–23; Guðmundur Árnason, „Minningar úr Breiðdal,“ 150.

⁹⁵⁴ Anna Aradóttir, „Minningar úr Breiðdal,“ 159; Guðmundur Árnason, „Minningar úr Breiðdal,“ 150.

⁹⁵⁵ Anna Aradóttir, „Minningar úr Breiðdal,“ 159.

yfir bókaeign félagsins við árslok 1909 má sjá að það átti 105 bækur, 33 nýjar og 72 gamlar, en félagið seldi jafnan eldri bækur sínar til að fjármagna kaup á nýjum. Nýju bækurnar í skránni voru flestar skáldverk (bæði innlend og erlend) en þær gömlu einkum útgefin fornrit og fræðirit. Frá árinu 1904 virðist lestrarfélagið vera félag betur staðra bænda og þorpsbúa á Breiðdalsvík og getur það skýrst af því að árgjaldið var frekar hátt (þrjár krónur árið 1905). Ekki verður þess vart að nein kona gengi í félagið, hvorki fyrir 1904 né áratuginn á eftir. Þrátt fyrir að vera ekki fjölmennt var lestrarfélagið vel stætt fjárhagslega og fært um að lána fé. Á fundi í félaginu þann 30. apríl 1915 var felld á jöfnum atkvæðum tillaga um að félagið lánaði ungmennafélagi byggðarlagsins 300 krónur vegna kostnaðar við byggingu samkomuhúss sem ungmennafélagið byggði árið 1914. Fram kom að lestrarfélagið hafði þá þegar lánað ungmennafélaginu 166 krónur. Sami fundur samþykkti hins vegar að lána tveimur félagsmönnum peninga, öðrum 100 krónur og hinum 50 krónur.⁹⁵⁶

Lestrarfélögunum í Loðmundarfirði og Breiðdal/Stöðvarfirði er gert herra undir höfði í umfjöllun hér en öðrum austfirskum lestrarfélögum af þeim sökum að aðgengilegar frumheimildir um starfsemi þeirra eru ríkulegri en annarra austfirska lestrarfélaga á rannsóknartímanum. Heimildir um starfsemi austfirska lestrarfélaga eru annars almennt litlar og brotakenndar. Það á t.d. við um Lestrarfélag Jökuldals, en um það félag (og annað lestrarfélag í sömu sveit sem starfaði eftir það tímabil sem hér er til umfjöllunar) fjallaði Þórður Vilhjálmsson í lokaritgerð í bókasafns- og upplýsingafræði. Litlar upplýsingar eru til um starfsemi eldra lestrarfélagsins á Jökuldal aðrar en lög þess. „Ekki eru til neinar gerðabækur eða aðrar heimildir um starfsemi félagsins eða tilgang og verður því að styðjast eingöngu við lögina enda gefa þau allgóða hugmynd um það hvernig stofnendur ætluðu því að starfa.“⁹⁵⁷ Í lögunum kom ekki fram hvaða ár félagið var stofnað en tilgáta Þórðar er að það hafi verið stofnað seint á níunda áratug 19. aldar og verið leyst upp einhvern tímann á árabílinu 1902–1907.⁹⁵⁸

Samkvæmt lögum lestrarfélagsins á Jökuldal gátu allir þeir íbúar hreppsins orðið félagsmenn sem vildu stuðla að framförum og markmiðum félagsins. Sérstaklega var tekið fram í lögunum að bæði karlar og konur gætu gengið í félagið, greiddu þau árgjald það sem aðalfundur ákveddi. Aðeins einn fundur í félaginu (aðalfundur) var bundinn í lögina og skyldu félagsmenn þar samþykkja áætlun um bókakaup og kjósa þriggja manna stjórn félagsins (formann, gjaldkera og bókavörð) til eins árs og var hlutverk hvers fulltrúa skilgreint í lögunum. Stjórn skyldi leggja fyrir aðalfund tillögu að bókum sem félagið skyldi kaupa.⁹⁵⁹ Af lögunum má sjá að félaginu var ætlað víðtækara hlutverk en það eitt að sjá félagsmönnum fyrir lesefni. Lögina einkennast af skýrri framfarahyggju. Félaginu var ætlað að útvega bækur og blöð sem styddu við menntun félagsmanna og framfarir í hreppnum. Til að ná því markmiði var leitast eftir almennri þátttöku í félaginu, óháð kyni og samfélagsstöðu. Þó viðleitnin sem birtist í lögunum sé skýr er vafa bundið hver áhrif félagsins voru í samfélaginu þar sem frekari samtímaheimildir skortir. Raunar benda orð Jóns Kjartanssonar, bónda á Arnórstöðum á Jökuldal, í bréfi til Sigurðar Sigurðssonar fóstursonar síns vorið 1891 til þess að lestrarfélagið hafi fljótt misst flugið. Í bréfinu vék Jón að félaginu með eftirfarandi orðum: „Lestrarfélagið virðist vera á förum.“⁹⁶⁰ Þó kann að vera að félagið sem Jón taldi vera að leggja upp laupana árið 1891 hafi verið forveri þess lestrarfélags sem starfaði um aldamótin 1900. Í grein í sveitarblaðinu *Jökuldælingi* (sem líklega kom út um aldamótin) vísaði Halldór Stefánsson (1878–1901) á Giljum til eldra lestrarfélags í sveitinni í umfjöllun sinni um það félag sem þá var starfandi.

⁹⁵⁶ *Her.Aust.* Hrepp 26/Bre 29, 7. Breiðdalshreppur. Lestrarfélag Breiðdalshrepps. Gjörðabók 1878–1923; Anna Aradóttir, „Minningar úr Breiðdal,“ 160.

⁹⁵⁷ *Lbs.-Hbs.* Þórður Vilhjálmsson, „Lestrarfélag Jökuldæla,“ 15.

⁹⁵⁸ *Lbs.-Hbs.* Þórður Vilhjálmsson, „Lestrarfélag Jökuldæla,“ 40–41.

⁹⁵⁹ *Her.Aust.* Hrepp 4/Jök 7, 8. Jökuldalshreppur. Lestrarfélag Jökuldals.

⁹⁶⁰ *Her.Aust.* A6 48, 15. Bréf frá Jóni Kjartanssyni til Sigurðar Sigurðssonar, dags. 25. apríl 1891.

Halldór gagnrýndi fyrirkomulag eldra félagsins, bæði innkaup þess og takmarkanir á útlánum, en lýsti jafnframt áhyggjum af lítilli þátttöku í nýja félaginu og lagði fram tillögur að breytingum á starfsháttum þess.⁹⁶¹

Eitt félag sem stofnað var undir lok 19. aldar hafði nokkra sérstöðu í hópi austfirskra lestrarfélaga. Það var Lestrarfélag Seyðisfjarðar sem var stofnað árið 1889 og nefndist í upphafi Seyðisfjörð Læseselskab. Í skrá yfir stofnfélaga þess kemur fram að þeir voru 27, eingöngu karlar, og voru nær öll helstu fyrimenni bæjarins í félaginu: sýslumaður, prestur, kaupmenn, verslunarmenn, apótekari o.fl. Um þriðjungur félagsmanna á fyrstu starfsárum félagsins var af dönskum eða norskum uppruna. Eini félagsmaðurinn sem ekki var skráður með titli af stofnfélögunum var Teitur Andriesson (1856–1905). 22 félagsmenn greiddu þrjár krónur til félagsins fyrsta árið en fimm félagar greiddu tvær krónur.⁹⁶² Færslur í fundargerðabókina fyrsta starfsárið voru skrifaðar á dönsku en upp frá því á íslensku. Þetta félag var arftaki eldra lestrarfélags og hafði tekið við bókakosti þess. Félaginu var stýrt af formanni sem kosinn var árlega en einnig kusu félagsmenn árlega tveggja manna nefnd sem sá um bókapantanir. Í skrá yfir bókaeign félagsins frá árinu 1890 má sjá að nær allar bækur þess voru á dönsku. Af fundargerðum félagsins að dæma snerist starfsemin annars vegar um innkaup á lesefni og hins vegar um árleg bókauppböð. Af uppböðsskýrslunum má sjá að bæði félagsmenn og utanfélagsmenn keyptu þar bækur. Fjöldi félagsmanna var á bilinu 20–27 fram til aldamóta og starfsárið 1900–1901 gekk fyrsta konan í félagið (Rakel Imsland). Meðlimum félagsins fjölgaði verulega starfsárið 1902–1903 og voru þá orðnir 37, þar af þrjár konur.

Færslum í fundargerðabókina lýkur árið 1903 en miðað við stöðu félagsins hefur starfsemi þess vafalítið haldið áfram. Innihald þessarar bókar er fyrst og fremst árleg skráning á rekstraruppgjöri, félagatal, bóka kaup (titlar og verð) og bóksölu (titlar, kaupendur, verð). Fundargerðir eru jafnan mjög stuttar og fundir sjaldan nema einu sinni á ári. Félagið keypti eingöngu bækur á dönsku, yfirleitt á bilinu 25–50 bækur árlega (oftast í kringum 40), en síðasta árið sem skráð er í bókina (1902–1903) voru keyptar 74 bækur. Miðað við fólksfjölda á Seyðisfirði á þessum tíma var félagið ekki stórt og virðist mega draga þá ályktun af félagatali þess, árgjöldum og innkaupastefnu að þetta hafi fremur verið „klúbbur“ herra setts fólks í samfélaginu fremur en almennt félag. Eini „óbreytti“ meðlimurinn við upphaf félagsins (Teitur Andriesson) hverfur úr félagatali eftir fjögur ár.

Þegar kom fram á fyrsta áratug 20. aldar var stofnun lestrarfélaga enn til umræðu. Á fundi Málfundafélags Vestradælinga í Vopnafirði í febrúar 1907 var rætt um lestrarfélög. Fundarmenn kölluðu eftir stofnun slíks félags í sveitinni þar sem það sem þá starfaði í þorpinu þótti bæði lélegt og lítt aðgengilegt sveitamönnum. Kæmi til stofnunar lestrarfélags vildu fundarmenn að það einbeitti sér að kaupum á bókum og tímaritum fremur en þjóðmálablöðum. Fundarmenn álitu að félagið myndi þurfa mikið fé til að kaupa bækur árlega „til að geta fylgst með tímanum“ og því yrði að selja að vori þær bækur sem lesnar hefðu verið um veturinn.⁹⁶³ Hvort varð af stofnun félagsins er óvíst en umræðan endurspeglar áhuga á aðgengi að meira lesefni og virðist þar mega greina áhrif meiri einstaklingslesturs á heimilum.

Af efni þessa kafla má sjá að þó lestrarfélög hefðu það sameiginlega markmið að sjá meðlimum sínum fyrir lesefni var verulegur breytileiki í virkni þeirra og aðgengi að þeim. Félögin á Seyðisfirði og í Breiðdal (eftir 1904) líktust frekar klúbbum en almennum félögum meðan áhersla hinna var á

⁹⁶¹ *Her.Aust.* Hrepp 4/Jök 7, 11. Jökuldalshreppur. Halldór Stefánsson, „Nokkrar athugasemdir,“ *Jökuldælingur* [án árs, árgangs- eða tölublaðsmerkingar] 1–13.

⁹⁶² *Her.Aust.* Hrepp 15/Sey 8, 4. Seyðisfjarðarhreppur. Seyðisfjörð Læseselskab/Lestrarfélag Seyðisfjarðar. Gjörðabók 1889–1903.

⁹⁶³ *Her.Aust.* Hrepp 2/Vop 16, 2. Vopnafjarðarhreppur. Málfundafélag Vestradælinga. Gjörðabók 1907.

almenna þátttöku íbúa. Áherslur á hvaða efni var keypt og á hvaða tungumáli voru breytilegar. Umfjöllunin sýnir líka að sum félögin ætluðu sér (einkum félagið á Jökuldal) viðtækara samfélagslegt hlutverk en það eitt að sjá félagsmönnum fyrir lesefni og önnur (félagið í Breiðdal) studdu við annað félagastarf og einstaklinga með lánastarfsemi. Lýðræðislegir starfshættir voru iðkaðir í öllum félögunum en eftirtektarvert er það markmið félagsins í Klyppstaðarsókn að „ala félagsmenn upp“ í lýðræðislegum starfsháttum.

4.4.4 Bindindisfélög og stúkur

Þegar rætt er um íslenska bindindishreyfingu þessa tíma er einkum átt við Góðtemplararegluna en líka bindindisfélög sem stóðu utan hennar. Íslenskir góðtemplarar sóttu sinn styrk einkum til stærstu þéttbýlisstaða landsins en stúkur fyrirfundust líka í þorpum og sveitum. Bindindisfélög voru mun algengari í dreifbýlinu en stúkur. Á árabílinu 1884–1900 voru stofnaðar 93 stúkur í landinu og voru 50 þeirra enn starfandi árið 1901. 86 nýjar stúkur voru stofnaðar á árunum 1901–1908 og voru 62 þeirra starfandi við lok tímabilsins. Þá voru líka starfandi 37 stúkur frá fyrrnefnda tímabilinu. Stúkur í landinu voru því 99 árið 1908 en við árslok 1912 hafði þeim fækkað í 75.⁹⁶⁴ Undir lok fyrsta áratugar 20. aldar var íslensk bindindishreyfing á hátindi sinna samfélagslegu áhrifa og vann sinn stærsta sigur með samþykkt Alþingis á lögum um aðflutningsbann á áfengi, sem tóku gildi árið 1908. Upp úr því tók bindindishreyfingunni að fatast flugið og rísandi ungmennafélags-hreyfing tók smám saman hennar sess sem áhrifamesta félagshreyfing landsins. Í þessum kafla er rætt um tilurð og framgang austfirskra bindindisfélaga. Áður hefur verið fjallað almennt um tilkomu og vöxt íslenskrar bindindishreyfingar (sjá kafla 3.1.3). Engin íslensk félög og félagshreyfingar á rannsóknartímanum falla eins vel að skilgreiningu Charles Tilly á WUNC (*worthiness, unity, numbers, commitment*) og bindindishreyfingin, og þá einkum stúkurnar. Bindindisfélög gerðu skýrar kröfur á félagsmenn (að halda bindindi), stóðu fyrir menningarstarfi sem ýtti undir samhug, leituðu markvisst eftir fjöldaþátttöku og félagsmenn lögðu oft á sig mikla vinnu í þágu málstaðarins (t.d. við húsbyggingar).

Í júní 1878 birtist í *Skuld* greinin „Bindindisfélagið í Norðfjarðarprestakalli“ og var hún undirrituð af níttján félagsmönnum. Höfundar greindu þar frá tilurð og starfsemi félagsins, sem þá var að verða ársgamalt. Formaður var Magnús Jónsson sóknarprestur á Skorrastað. Félagið var aðeins ætlað fermdum körlum og voru félagsmenn 25, eða um fimmtungur fermdra karla í sókninni. Í greininni kom fram að fundir félagsins væru jafnan haldnir eftir messur og tengdu greinarhöfundar baráttuna fyrir útrýmingu ofdrykkju með ákveðnum hætti við kristindóm (kölluðu félag sitt „afkvæmi kristindómsins“), þó barátta félagsins væri veraldleg.⁹⁶⁵ Magnús á Skorrastað fluttist úr Norðfirði árið 1883 og virðist hafa dregið úr krafti bindindisstarfs í byggðarlaginu við brotthvarf hans. Bindindisfélagið lifði þó áfram, a.m.k. til ársins 1887. Árið 1893 var stofnuð stúka í Norðfirði sem varð skammlíf. Önnur (Nýja öldin nr. 65) var stofnuð árið 1899. Hún starfaði af krafti fyrsta áratug 20. aldar en var orðin mjög fámenn árið 1912.⁹⁶⁶

Í skýrslu um bindindisfélög á Íslandi sem birtist í *Skuld* ár 1878 (og var líklega tekin saman af Jón Ólafssyni ritstjóra *Skuldar*) kom fram að Norðfjarðarfélagið var þá eina starfandi bindindisfélagið á Austurlandi.⁹⁶⁷ Í kjölfar áður nefndrar greinar norðfirsku bindindismannanna birtust í *Skuld* allmargar greinar um bindindi, margar þeirra eftir Magnús á Skorrastað. Greinar Magnúsar

⁹⁶⁴ *Lbs.-Hbs.* Nanna Þorbjörg Lárusdóttir, „Í trú von og kærleika,“ 20–21.

⁹⁶⁵ Árni Marteinsson, o.fl., „Bindindisfélagið í Norðfjarðarprestakalli,“ 8. júní 1878, d. 171–174.

⁹⁶⁶ Smári Geirsson, *Norðfjarðarsaga II*, 2:550–554. Ögmundur Helgason, *Norðfjarðarsaga I*, 119–129. Ögmundur fjallaði ítarlega um skrif Magnúsar um bindindismál í *Skuld* og viðbrögð við þeim.

⁹⁶⁷ [Jón Ólafsson] „Skýrsla um bindindi á Íslandi,“ 9. ágúst 1878, d. 251–252.

bera þess merki að hann áleit að bindindishugsjónin væri lesendum blaðsins framandi og því fór mikið rúm í að skýra inntak hennar.⁹⁶⁸ Undir orð Magnúsar var kröftuglega tekið í greininni „Bindindi og þjóðbindindi“ sem birtist í *Skuld* snemma árs 1879. Þar var bindindismálið frekar rætt á veraldlegum nótum, en siðferði- eða trúarlegum. Höfundur hvatti til þess að bindindisfélög yrðu stofnuð í öllum sveitarfélögum og talaði fyrir gagnsemi bindindis auk þess að svara ýmsum mótbárum sem hann taldi vera notaðar gegn því.⁹⁶⁹ Þrátt fyrir ítrekuð skrif um bindindismál í *Skuld* um og fyrir 1880 virðist ekki hafa komist mikil hreyfing á stofnun bindindisfélaga á Austurlandi fyrr en nokkuð var liðið á níunda áratuginn. Þó er getið stofnunar félags í Seyðisfirði árið 1879.⁹⁷⁰

Árið 1887 voru a.m.k. fimm bindindisfélög starfandi á Austurlandi því það ár birtist í *Austra* pistill þar sem fjallað var um myndun samtaka austfirska bindindisfélaga sem félög á Seyðisfirði, Reyðarfirði, Norðfirði og Mjóafirði stóðu að og var nýstofnað félag í Fáskrúðsfirði hvatt til þátttöku í samtökunum. Í pistlinum kom fram að félögin fjögur höfðu þá 374 félaga (201 karl, 119 konur og 54 börn yngri en fimmtán ára).⁹⁷¹ Ljóst er að markmiðið var að koma á fót öflugri félagshreyfingu sem ætlað var veigamikið hlutverk við útbreiðslu hugsjóna bindindisfólks. Það gekk þó hægar en vonir stóðu til. Sumarið 1892 var haldinn almennur bindindisfundur Múlasýslna í kjölfar þingmálafundar á Egilsstöðum. Á fundinn mættu fulltrúar fjögurra bindindisfélaga og tveggja stúka. Í frásögn af fundinum kom fram að alls voru tíu bindindisfélög og fjórar stúkur starfandi í Múlasýslum (þrjár stúkur og eitt bindindisfélag á Seyðisfirði, ein stúka á Vopnafirði, þrjú bindindisfélög á Fljótshéraði en hin félögin sex á fjörðunum, frá Norðfirði til Djúpavogs).⁹⁷² Sex árum síðar birtist í *Austra* skýrsla um bindindisstarf á Austurlandi og kom þar fram að þá voru fimm stúkur og átján bindindisfélög starfandi í Múlasýslum.⁹⁷³ Sameiginlegir bindindisfundir í sýslunum voru haldnir nær árlega á síðasta áratug 19. aldar og opinber áköll héldu áfram að birtast um að félögin mynduðu sameiginlega félagshreyfingu.⁹⁷⁴ Frá því að *Austri* hóf útgáfu (árið 1891) birtust í blaðinu margar greinar og fréttir um bindindismál, einkum starfsemi bindindismanna á Seyðisfirði, en Skapti Jósefsson ritstjóri og fjölskylda hans voru þar framarlega í flokki. Stuðningur blaðsins hefur vafalítið verið þýðingarmikill fyrir útbreiðslu bindindisfélaga á Austurlandi.

Þó félagið í Norðfirði, sem stofnað var sumarið 1877, hafi verið fyrsta austfirska bindindisfélagið eru heimildir um fyrrnefnt hófsemdarfélag sem var stofnað í Fljótssdal árið 1838 en var liðið undir lok árið 1858. Það félag var endurreist sem bindindisfélag árið 1892 að frumkvæði Sigurðar Gunnarssonar sóknarprests á Valþjófsstað.⁹⁷⁵ Sigurður lét af embætti árið 1894 og við tók Þórarinn Þórarinsson. Það vekur athygli við lestur fundagerða félagsins að Þórarinn gekk ekki í bindindisfélagið fyrr en árið 1899, fimm árum eftir að hann tók við embætti sóknarprests. Fundagerðabók Bindindisfélags Fljótssdælinga spannar tímabilið 1893 til 1900. Fyrsti fundur félagsins, sem er skráður í bókina, er frá því síðla árs 1893 en ljóst er að það var ekki stofnfundur. Fremst í bókinni gefur að líta lög félagsins. Þau eru án dagsetningar og ártals en í fundargerð frá árinu 1895 kemur fram að þá voru liðin þrjú ár frá stofnun félagsins. Þó meginmarkmið þess væri að sporna við neyslu áfengis og halda félagsmönnum frá því hafði félagið líka önnur markmið. Stjórn bar ekki

⁹⁶⁸ Magnús Jónsson, „Ritgjörð um bindindi,“ 19. júlí 1878, d. 217–222; Magnús Jónsson, „Bindindi,“ 14. október 1878, d. 330–335; Magnús Jónsson, „Skólabindindi,“ 31. október 1878, d. 362–367.

⁹⁶⁹ [Jón Ólafsson] „Bindindi og þjóðbindindi,“ 26. apríl 1879, d. 115–121. Greinin er ekki höfundarmerkt, en aðsent efni í *Skuld* var það jafnan, svo ætla má að þessi grein hafi verið skrifuð af ritstjóranum.

⁹⁷⁰ [Innlendar fréttir] 10. maí 1879, d. 149–150.

⁹⁷¹ „Bindindisfélagsfundur,“ 17. júní 1887, 36.

⁹⁷² „Almennan bindindisfund,“ 8. júlí 1892, 69.

⁹⁷³ „Hinn almenni bindindisfundur á Vestdalseyri 21. maí 1898,“ 9. júní 1898, 61–62.

⁹⁷⁴ Jóhann L. Sveinbjarnarson, Fr. Zeuthen og Sigurður Gíslason, „Sameining bindindisfélaganna í Múlasýslum,“ 18. febrúar 1897, 17.

⁹⁷⁵ Helgi Hallgrímsson, *Fljótssdala*, 291; *HerAust.* Hrepp 7/Flj 13, 13. Fljótssdalshreppur. Skjöl ýmissa félaga.

aðeins að standa fyrir erindum og fræðslu um bindindismál innan félagsins heldur einnig að gera það að vettvangi fræðilegra fyrirlestra, upplestra og skemmtunar. Auk þess var sérstök áhersla á að félagsmenn létu sér annað um hagi hvers annars, einkum ef sjúkdóma eða áföll bæri að höndum. Félagið var opið öllum íbúum Fljótsdals og var árgjaldið (árið 1893) ein króna fyrir fermda karla en 50 aurar fyrir konur og ófermda karla. Í lögum félagsins var tekið fram að afl atkvæða réði niðurstöðu mála, en krafist var aukins meirihluta (2/3 atkvæða) við lagabreytingar. Stjórn félagsins mynduðu formaður, féhirðir og skrifari en ekki var tekið fram í lögnum hvernig þeir skyldu valdir. Af fundargerðum má sjá að stjórn var kosin á félagsfundum.

Í fyrstu varðveittu fundargerð félagsins (frá 28. desember 1893) kemur fram að félagsmenn voru þá 39. Íbúar Fljótsdalshrepps voru að jafnaði um 300 talsins á síðasta áratug 19. aldar. Enginn bindindisfyrirlestur var á þessum fundi en fundarmenn hlýddu þess í stað á fyrirlestur um grasafræði og að loknum fundi „skemtu menn sjer all lengi með söng, og samræðum, og dans.“⁹⁷⁶ Í allmörgum fundargerðum félagsins kemur fram að fundir þess voru ekki aðeins sóttir af meðlimum heldur einnig af utanfélagsmönnum. Á fundi árið 1894 fór formaður félagsins þess á leit við utanfélagsmenn sem voru á fundinum að þeir gengju í félagið, en allir neituðu nema einn. Nokkur hreyfing var á fólki inn í og úr félaginu, t.d. voru félagsmenn 29 árið 1896, þar af sautján karlar og tólf konur en ári síðar voru meðlimir félagsins 33, þar af 24 karlar og níu konur. Á síðari helmingi þess tímabils sem fundagerðabókin nær til var starfsemi félagsins orðin fjölbreytt. Innan þess var stofnað lestrarfélag og félagsblað var sett á laggirnar. Auk þess voru haldnar hlutaveltur til fjáröflunar. Fyrir hlutaveltu sem haldin var síðsumars árið 1897 var ákveðið að bregða út af venjunni og panta muni frá Þýskalandi þar sem illa hefði gengið að safna þeim heima fyrir. Undir aldamót var fyrirhuguð húsbygging félagsins orðin helsta umræðuefni funda þess.

Bindindisfélag Fljótsdælinga var sjálfstætt félag og ekki hluti stærri félagshreyfingar. Í fundargerðum þess endurspeglast þó áður nefndar umræður meðal austfirskra bindindismanna um frekara samstarf eða samruna þeirra bindindisféлага sem þá voru starfandi á Austurlandi og sendi félagið fulltrúa á fundi um þau efni.⁹⁷⁷ Einnig leituðu Fellamenn eftir sameiningu bindindisféлага Fljótsdals- og Fellahreppa í eitt félag en því var hafnað af Fljótsdælingum á þeim forsendum að miklar vegalengdir myndu hafa neikvæð áhrif á fundasókn.

Hvernig Bindindisfélag Fljótsdælinga þróaðist á fyrsta áratug 20. aldar er óvíst þar sem heimildir skortir um starfsemina. Þó virðist sem félagið hafi koðnað niður fljótlega upp úr aldamótum. Í bréfi sem Margrét Þorsteinsdóttir á Karlsskála við Reyðarfjörð ritaði mágkonu sinni, Ingunni Jónsdóttur í Víðivallagerði í Fljótsdal, síðla árs 1904 sagði Margrét frá bindindisstarfi við utanverðan Reyðarfjörð (síðar Helgustaðahrepp). Sjálf var Margrét virk í starfinu sem hún áleit vera „mjög góðan og nauðsynlegan fjelagsskap, sem betur ætti sjer stað og þróaðist í hverri sveit.“ Hún sagði bindindismál vera þau þjóðmál sem hún hefði langmestan áhuga á en harmaði að margar ranghugmyndir væru á sveimi meðal almennings um Góðtemplararegluna sem stæðu vexti hennar og útbreiðslu víða fyrir þrífum. Þar á meðal lýsti Margrét áhyggjum af stöðu bindindismála í Fljótsdal, sem bendir eindregið til að bindindisfélagið þar hafi annað hvort verið óvirkt eða liðið undir lok. Margrét sagði: „Það gat samt ekki gengið að stofna þenna fjelagsskap [góðtemplarastúku] í Fljótsdal, sem tæpast var við að búast, fyrst Fljótsdælingar eru svo óheppnir að höfuð sveitarinnar, sóknarpresturinn, gengur á undan einmitt í hinu gagnstæða – óreglunni –, enda ljæt ekki reglubodinn, sem hjer stofnaði stúkuna neitt yfir því að koma í Fljótsdal hvað erindi hans snerti, víða væri honum betur tekið, hjer gekk það ágætlega.“⁹⁷⁸ Af orðum Margrétar má greina þá skoðun

⁹⁷⁶ *Her.Aust.* Hrepp 7/Flj 13, 13. Fljótsdalshreppur. Fundagerðabók Bindindisfélags Fljótsdælinga 1893–1900.

⁹⁷⁷ *Her.Aust.* Hrepp 7/Flj 13, 13. Fljótsdalshreppur. Bindindisfélag Fljótsdælinga. Gjörðabók 1893–1900.

⁹⁷⁸ *Her.Aust.* A6 554, 2. Bréf frá Margréti Þorsteinsdóttur til Ingunnar Jónsdóttur, dags. 19. nóvember 1904.

að prestar væru afgerandi forystumenn í sínum sóknum og án stuðnings þeirra væri ekki við því að búast að félagastarf efldist.

Helgi Hallgrímsson segir Ungmennafélag Fljótsdæla, sem stofnað var árið 1910, vera arftaka bindindisfélagsins en getur ekki um hvenær það var lagt niður. Lestrarfélagið, sem stofnað var innan bindindisfélagsins árið 1897, segir Helgi hafa verið endurreist árið 1910 og tengir það við stofnun ungmennafélagsins. Nokkur kraftur var í félagastarfi í Fljótsdal við lok fyrsta áratugar 20. aldar því ári áður en lestrar- og ungmennafélag komu til var Kvenfélagið Eining stofnað í Fljótsdal, en um það félag er fjallað í næsta kafla.⁹⁷⁹

Á Borgarfirði voru bæði bindindisfélag og góðtemplarastúka stofnuð undir lok 19. aldar. Bindindisfélagið var stofnað árið 1893 með 35 félagsmönnum. Félagið virðist hafa starfað í fimmtán ár en árið 1908 var ákveðið að sameina það starfandi stúku byggðarlagsins (Skjaldborg) og var félagið lagt niður ári síðar. Fyrsta stúkan var stofnuð á Borgarfirði árið 1890 og nefndist hún Tilraun nr. 12. Hún var hætt starfsemi árið 1895 en var endurvakin í nóvember árið 1899. Einari Vigfússyni, sóknarpresti Borgfirðinga, og fjölskyldu hans er eignuð forganga að endurvakningu stúkunnar og varð Einar fyrsti umsjónarmaður hennar. Bæði karlar og konur voru meðlimir í stúkunni þó óvíst sé hver hlutföll kynjanna voru í félagatölu. Á öðrum fundi eftir að stúkan var endurreist (sem haldinn var í febrúar árið 1900) gengu prestfrúin, Björg Jónsdóttir, og dóttir presthjónanna úr stúkunni og kemur fram í fundargerð að það vakti undrun stúkufólks þar sem Björg var meðal helstu hvatamanna að endurreisn stúkunnar og hafði lýst undrun yfir að ekki gengju allir hreppsþúgar í hana. Bókuð er í fundargerð sú skýring að brotthvarf Bjargar væri vegna óreglu við upphaf funda.⁹⁸⁰

Stúkan Tilraun virðist aðeins hafa lifað í tvö ár (1899–1901) eftir endurreisnina en árið 1904 var næst skráður fundur í fundagerðabókina og þá í nafni Bindindisfélags Borgfirðinga. Í fundargerð þess fundar kemur fram að 22 félagsmenn voru mættir. Tvívegis áður þennan vetur var boðað til funda sem fallið höfðu niður og eru í fundargerðinni bókaðar kvartanir yfir almennu áhugaleysi á bindindismálum í hreppnum. Fundarsókn var engu að síður góð næstu tvö ár (þrívégis á bilinu 40–50 manns) en fundir strjálir, öfugt við það sem var hjá Tilraun á árunum 1899–1901 þegar fundað var mjög þétt, jafnvel vikulega. Bindindisfélagið starfaði á lýðræðislegum grunni og kaus sér embættismenn og þátttaka í því var góð miðað við íbúafjölda (árið 1901 voru 312 íbúar í Borgarfjarðarhrepp). Af fundagerðum að dæma virðist félagið hafa lagt meiri áherslu á hagsmunamál nærsamfélagsins en á bindindismál, t.d. söfnun fjár til orgelkaupa, húsbyggingu og stofnun sundfélags. Þó var greinileg eftirfylgni af hálfu félagsins gagnvart því að félagsmenn héldu bindindi og er áhugavert að brot á því virðast jafnan tengd ferðum hinna brotlegu til Seyðisfjarðar.

Stúkan Skjaldborg nr. 106 var stofnuð á Borgarfirði árið 1905 og voru stofnendur 25 talsins, bæði karlar og konur. Embættismenn stúkunnar á stofnárinu voru alls fjórtán, átta karlar og sex konur. Skjaldborg var stofnuð fyrir atbeina Ingunnar Loftsdóttur, eiginkonu Einars Þórðarsonar sóknarprests Borgfirðinga, og Lofts sonar þeirra.⁹⁸¹ Skjaldborg starfaði til ársins 1930 en innan stúkunnar var barnastúkan Æskubraut nr. 62 stofnuð árið 1911. Í byggðasögu Borgarfjarðar segir Magnús H. Helgason sagnfræðingur að starfsemi Skjaldborgar hafi verið öflug á árunum 1910–1917 (félagsmenn 50 árið 1910) og áherslur stúkunnar ekki síður á menningarstarf en á bindindi.⁹⁸²

⁹⁷⁹ Helgi Hallgrímsson, *Fljótsdæla*, 302–305, 313.

⁹⁸⁰ *Her.Aust.* Hrepp 13/ Bor 36, 15. Borgarfjarðarhreppur. Fundagjörðabók stúkunnar Tilraun nr. 12 Borgarfirði; *Her.Aust.* Hrepp 13/ Bor 36, 13. Borgarfjarðarhreppur. [Án tilgreinds höfundar] „Af gefnu tilefni.“ Samantekt um Bindindisfélag á Borgarfirði (stofnað 1893) og stúkuna Skjaldborg (stofnuð 1905); *Saga Borgarfjarðar eystra*, 231–234.

⁹⁸¹ *Her.Aust.* Hrepp 13/ Bor 36, 13. Borgarfjarðarhreppur. [Án tilgreinds höfundar] „Af gefnu tilefni.“ Samantekt um Bindindisfélag á Borgarfirði (stofnað 1893) og stúkuna Skjaldborg (stofnuð 1905).

⁹⁸² *Saga Borgarfjarðar eystra* (1995), 234–235.

Í *Mjófirðingasögum* vitnaði Vilhjálmur Hjálmarsson, fyrrum alþingismaður og ráðherra á Brekku, til dagbóka Benedikts Sveinssonar á Borgareyri um stofnun bindindisfélags í Mjóafirði árið 1881. Þó um það félag og starfsemi þess séu litlar heimildir taldi Vilhjálmur það hafa starfað í um 30 ár en samhliða reis einnig stúkustarf í firðinum.⁹⁸³ Í Mjóafirði var stúkan Vetrarbrautin starfandi frá því um miðjan síðasta áratug 19. aldar og fram yfir aldamót. Elsta varðveitta fundargerð hennar er frá árinu 1895 en þá hafði hún starfað um nokkurn tíma (líklega á annað ár) því þessi fundur var númer 91. Félagið fundaði vikulega (á sunnudögum, líka yfir sumarið) og var mæting að jafnaði á bilinu frá fimmtán og allt upp í 30 manns. Strangt aðhald var um mætingu á fundi og félagsmenn sektaðir fyrir bindindisbrot og óútskýrðar fjarverur. Mikils aga var krafist, langt gengið í eftirfylgni og umfjallanir um brot og endurreisn félaga fá mikið rúm í fundagerðunum. Stúkan hélt úti blaði og var ötul við að skipa nefndir um hin ýmsu málefni. Almenn virðist sjónarhorn stúkufólks í Mjóafirði hafa verið inn á við (þ.e. á félagsmenn sjálfa og athafnir þeirra) en minna út á við (nema hvað snerti boðun bindindis og öflun nýrra félagsmanna). Vetrarbrautin fékkst við fleira, t.d. stóð stúkan að húsbyggingu fyrir félagsstarfið og stofnaði sjúkrasjóð. Nafngreindir félagsmenn voru langflestir karlar en þó sjást nöfn nokkurra kvenna. Konum virðist fjölga eftir því sem á líður og voru teknar að fá embætti í stúkunni síðustu árin sem skráð eru í fundagerðabókina.⁹⁸⁴

Það einkennir austfirsku bindindisfélögin og stúkurnar sem störfuðu fyrir aldamótin 1900 að þau drógu að sér meiri fjölda þátttakenda en önnur félög á sama tíma. Innan þeirra var umtalsverður fjöldi fólks sem ekki var með fullan þegnrétt, einkum konur og ungir karlar. Þrátt fyrir vaxandi áhuga á bindindi virðist menningarlegt hlutverk félaganna og sú skemmtun og afþreying sem fylgdi starfi þeirra einnig hafa verið stórt aðdráttarafl. Vegna mikillar þátttöku í félögunum og sterks lýðræðislegs skipulags þeirra (einkum meðal góðtemplara) voru bindindisfélögin öðrum félögum öflugri við að þjálfa félagsmenn sína í lýðræðislegum starfsháttum.

4.4.5 Kvenfélög

Þrátt fyrir að austfirsk kvenfélög hafi ekki komið fram á sjónarsviðið fyrr en undir lok rannsóknartíma þessarar ritgerðar voru austfirskar konur byrjaðar að taka þátt í skipulögðu félagastarfi mun fyrr. Má í því sambandi nefna Framfarafélag Loðmundarfjarðar sem stofnað var af fjórum konum og þremur körlum árið 1880.⁹⁸⁵ Ekki var þó svo að austfirskar konur væru áberandi í félagastarfi fyrir aldamót og er Framfarafélagið ákveðið frávik í þeim efnum. Konur voru lítt sýnilegar í búnaðar- og lestrarfélögum á þessum tíma en meginvettvangur austfirska kvenna til þátttöku í félagastarfi um aldamótin 1900 var innan bindindisfélaga og stúka. Telja verður líklegt að þegar aðflutningsbann á áfengi, sem konur tóku virkan þátt í að berjast fyrir, var í höfn hafi það skapað grundvöll fyrir austfirskar konur til að takast á við nýjar áskoranir í félagsstarfi á eigin forsendum. Stofnun kvenréttindafélags Íslands árið 1907 og árangur kvennaframboða í bæjarstjórnarkosningunum árið 1908 eru einnig líkleg til að hafa hreyft við austfirskum konum að stofna kvenfélög. Um tilkomu og starf kvenfélaga á Íslandi er fjallað í kafla 3.1.2 og er þar bæði vikið að megináherslum þeirra og hlutverki í baráttu kvenna fyrir jöfnuði og fullum þegnrétti.

Tvö kvenfélög voru starfandi á Seyðisfirði upp úr aldamótunum, Kvenfélagið Kvik (stofnað 1900) og Kvenfélag Seyðisfjarðar (stofnað 1902). Þau höfðu veruleg samfélagsleg áhrif og þeirra var getið í fréttum austfirsku blaðanna á þessum tíma, jafnan í tengslum við menningar- og

⁹⁸³ Vilhjálmur Hjálmarsson, *Mjófirðingasögur*, 1:155.

⁹⁸⁴ *Her.Aust.* Hrepp 16/Mjó 13, 1–2. Mjóafjarðarhreppur. Stúkan Vetrarbrautin. Gjörðabók 1895–1903.

⁹⁸⁵ Nánar er fjallað um Framfarafélag Loðmundarfjarðar síðar í þessari ritgerð í tengslum við einn stofnenda þess, Arnbjörgu Stefánsdóttur frá Stakkahlíð (sjá kafla 4.5.1).

líknarstarf.⁹⁸⁶ Félagaflóran á Seyðisfirði upp úr aldamótum var mun fjölbreyttari en í smærri þéttbýlisstöðum og sveitum á Austurlandi á þessum tíma og því á margan hátt skiljanlegt að kvenfélög kæmu fyrr fram á sjónarsviðið þar. Við síðari tímamörk þessarar rannsóknar (1915) voru tíu austfirsk kvenfélög tekin til starfa. Auk áður nefndra félaga á Seyðisfirði voru þetta kvenfélög Vopnafjarðar (1907) og Vallahrepps (1907), Nanna í Norðfirði (1907), Keðjan á Fáskrúðsfirði (1907), Einingin í Fljótsdal (1909), Döggin á Eskifirði (1906), Dagsbrún í Fellahreppi (1912) og Eining á Borgarfirði (1915).⁹⁸⁷ Hér verður gerð grein fyrir starfi tveggja þessara félaga auk eins félags sem ekki var eiginlegt kvenfélag en var undir forystu kvenna allan sinn starfstíma.

Þann 12. febrúar 1907 var stofnfundur kvenfélags Vopnafjarðar haldinn í skólahúsi bæjarins. 25 konur gerðust stofnfélagar en tveimur mánuðum síðar voru félagskonur orðnar 36. Litlar upplýsingar er annars að hafa í fundargerðunum um fundasókn og félagafjölda fyrstu starfsár félagsins. Það var stofnað af konum í þéttbýlinu og var ein af ákvörðunum fyrsta fundarins að bjóða konum í sveitinni að ganga í félagið. Af lögum félagsins og fundargerðum að dæma var félagið líknarfélag sem hafði það að markmiði að safna fé fyrir sjúkraskýli á Vopnafirði, berklahæli í Reykjavík og í sjóð til hjálpar bágstöddum á Vopnafirði. Kosid var árlega til embætta í félaginu og ákvæði var um lágmarksfjölda á fundum til að þeir teldust löglegir. Lög félagsins gerðu auk þess ráð fyrir kosningu nefnda til að hafa umsjón með tilfallandi viðfangsefnum. Árgjald var 1 króna og virðist aðild að félaginu hafa verið opin þeim konum í Vopnafjarðarhrepp sem þess óskuðu, en ekkert er þó tekið fram í lögum félagsins um aðgengi.

Þó félagið hafi í lögum sett sér að funda mánaðarlega varð fljótt misbrestur á því. Félagið starfaði þó af verulegum krafti og fór m.a. að standa fyrir leiksýningum og samkomum til fjáröflunar, bæði eitt og í samstarfi við ungmennafélagið í hreppnum eða góðtemplara. Samstarf vopnfirskra félaga virðist hafa verið allmikið á þessum tíma og má t.d. sjá að á fundi kvenfélagsins snemma árs 1910 var rædd tillaga góðtemplara um samstarf við þá og ungmennafélagið um fund um bannlögin. Einnig kom til umræðu innan kvenfélagsins að það beitti sér pólitískt. Á fundi þann 5. júlí 1908 kom fram tillaga frá Guðlaugu Eiríksdóttur, formanni kvenfélagsins, þess efnis að félagið beitti sér fyrir því að aukið réttindi kvenna yrðu borin upp til umræðu á næsta þingmálafundi. Í fundargerðinni kemur fram að málið var rætt nokkra stund en að endingu fallið frá því að greiða atkvæði um tillöguna þar sem fáar konur voru á fundi.⁹⁸⁸ Af fundargerðum fram til 1915 að dæma virðist félagið hafa haldið sig að mestu við upphafleg markmið um fjáröflun fyrir líknarstarf og náð þar umtalsverðum árangri. Frávik frá markmiðum félagsins voru bundin við samstarf við önnur félög í byggðarlaginu.

Snemma árs 1907 var kvenfélagið Nanna stofnað af fimmtán konum í Norðfirði. Í lögum félagsins kom fram að aðgengi að því hefðu allar fermdar konur í byggðarlaginu sem undirrituðu lög þess og hétu því að greiða árgjald. Í frásögn *Norðfjarðarsögu* af starfsemi félagsins kemur fram að hún var bæði öflug og fjölbreytt. Líknar- og framfaramál voru ofarlega á baugi en strax frá upphafi var einnig mikil áhersla á söngstarf og var af hálfu félagsins fljótlega stofnað til sönghóps. Það lét sig líka skólamál varða og keypti bækur og kom á fót lestrarfélagi.⁹⁸⁹

⁹⁸⁶ [Fréttir af starfi seyðfirskra kvenfélaga] 27. janúar 1901, 10; 4. febrúar 1901, 14; 25. apríl 1901, 44; 31. desember 1901, 195; 1. desember 1902, 155; 31. desember 1904, 159. Í grein sem rituð var í tilefni af 50 ára afmæli Kvenfélagsins Kvik kemur fram að það voru ungar norskar stúlkur sem höfðu frumkvæði að stofnun félagsins og fengu íslenskar stúlkur í kaupstaðnum í lið með sér. Í upphafi átti Kvik að verða skemmtifélag en varð brátt einnig líknarfélag (sjá: „Elzta kvenfélag á Austurlandi,“ 7–8).

⁹⁸⁷ *Samband austfirskra kvenna 60 ára*, 23, 29–31, 39–43.

⁹⁸⁸ *Her Aust.* Hrepp 2/Vop 16, 3. Vopnafjarðarhreppur. Kvenfélag Vopnafjarðar. Gjörðabók 1907–1947.

⁹⁸⁹ Smári Geirsson, *Norðfjarðarsaga II*, 2:639–648.

Þann 11. júlí 1909 boðaði Hansína Benediktsdóttir á Brekku í Fljótsdal til fundar á heimili sínu í þeim tilgangi að stofna kvenfélag í sveitinni. Fimmtán konur urðu stofnfélagar félagsins sem fékk nafnið Eining. Samkvæmt fundargerðum bættust tólf konur í hópinn síðar á stofnárinu. Erfitt er að gera sér grein fyrir fjölda kvenna í félaginu næstu árin því félagatalið var uppfært með þeim hætti að nöfnum nýrra félaga var bætt við skrána en strikað var yfir nöfn þeirra sem hurfu úr félaginu. Lög félagsins voru ekki færð inn í fundargerðabókina en af skráðum fundargerðum má sjá að fram til ársins 1915 lét félagið sig margvísleg málefni varða, safnaði fé fyrir samkomutjaldi og hélt samkomur. Á fundum þess var rætt um kvenbúning, efnahag heimila og ræktun garðblóma og trjáa, svo fátt eitt sé nefnt. Félagið styrkti sjúka, safnaði fé til styrktar Vífilsstaðahælinu og lagði fram hlutafé þegar Eimskipafélagið var stofnað árið 1913. Ágæt virkni var í félaginu, allt upp í fjórir fundir á ári og mæting á bilinu tíu til sautján konur á hvern fund. Árið 1913 var tekin upp sú nýbreytni að ræða fyrirfram ákveðnar spurningar á fundum og var sú fyrsta hvort selja ætti lausamönnum greiða. Félagið virðist með þessu hafa breyst að nokkru leyti í málfundafélag þar sem samfélagsmál voru rökrædd en félagið hélt sig líka við fyrri markmið.⁹⁹⁰ Af fundargerðum Einingar má sjá að félagið var mjög virkt strax frá byrjun. Fundargerðirnar gefa mynd af félaginu sem áraðnu afli sem fljótt lét til sín taka í samfélaginu. Það bendir til að í forystu þess hafi verið konur með reynslu af félagastarfi sem gátu gengið óhikað til verka.

Síðasta félagið sem fjallað er um í þessum kafla var ekki kvenfélag en hafði áþekkar áherslur og þau og var auk þess undir forystu kvenna frá stofnun og þar til það var lagt niður. Félagið sem um ræðir var Góðgjörðafélagið Eining í Breiðdal.

Í bygðasögunni *Breiðdalur binni nýju*, sem kom út árið 1986, ritaði Guðjón Sveinsson rithöfundur kafla um starfsemi Einingar. Þar gat hann þess að aldraðir Breiðdælingar minntust félagsins með miklum hlýhug, ekki síst samkomanna. Guðjón skrifar: „Við fyrstu yfirsýn mætti ætla, að hér hafi verið kvenfélag á ferð. Svo var aldeilis ekki. Aftur á móti munu kvenmenn hafa starfað fullt svo mikið í félaginu, einkum við stjórnun þess, fremur en karlar.“⁹⁹¹ Þetta var síst ofmælt því á starfstíma félagsins (1912–1948) voru formenn þess tveir, Margrét Jónsdóttir á Höskuldsstöðum (1912–1915) og Þorbjörg R. Pálsdóttir á Gilsá (1915–1948). Ritarar á starfstíma félagsins voru sjö, allt konur, og af sjö gjaldkerum voru fjórar konur og þrír karlar.

Þann 4. nóvember 1911 var fyrsti fundur Einingar haldinn á Gilsárstekk. Til fundarins höfðu boðað Sigríður Marteinsdóttir á Ásunnarstöðum og Þorbjörg R. Pálsdóttir á Gilsárstekk (síðar búsett á Gilsá) og var markmið fundarins að stofna góðgjörðafélag sem hefði það að markmiði að létta kostnaðarbyrði fátækra berklasjúklinga í sveitinni, sem þá dvöldu eða kynnu síðar að dvelja á berklahælinu á Vífilsstöðum. Fyrir fundinn höfðu 96 manns skráð sig í félagið og af þeim mættu 44 til þessa fyrsta fundar. Þriggja manna undirbúningsstjórn var kosin og henni falið að semja stefnuskrá fyrir félagið. Félagið hélt sinn fyrsta aðalfund og samkomu sumarið 1912 og mættu á bilinu 60–70 félagsmenn á fundinn, en félagar voru þá orðnir 102. Á fundinum var stefnuskrá félagsins samþykkt og var hún í samræmi við markmiðin sem lagt var upp með í upphafi, þ.e. öflun fjár til styrktar berklasjúkum, en auk þess var opnað á víðtækari stuðning við sjúklinga. Árlega skyldi verja 2/3 af fjármunum félagsins til styrktar sjúkum en 1/3 skyldi ávaxta. Meiri áhersla virðist hafa verið á samningu stefnuskrár félagsins en á lög þess. Þau voru mjög stutt og innihéldu einkum ákvæði um kosningar til embætta og almennt aðgengi að félaginu. Á fyrsta aðalfundi félagsins var kosin fimm manna stjórn og voru konurnar þrjár sem skipuðu undirbúningsstjórnina allar kjörnar í hana og með þeim ein kona og einn karl (og fékk hann fæst atkvæði í stjórnarkjörinu). Ári síðar voru fimm konur kjörnar í stjórn félagsins. Félagsmenn voru orðnir 114 árið 1913 og voru konur

⁹⁹⁰ *Her. Aust.* Hrepp 7/Flj 12, 1. Fljótsdalshreppur. Kvenfélagið Einingin. Gjörðabók 1909–1927.

⁹⁹¹ Guðjón Sveinsson, „Sagt frá félagslífi“, 193.

heldur fleiri en karlar. Árgjald Einingar var lágt, aðeins 50 aurar fram til ársins 1920 þegar það hækkaði í eina krónu.

Af fundagerðum félagsins má sjá að þar voru styrkveitingar og fjáraflanir meginviðfangsefnin, en í því síðartalda var árlegt samkomuhald stærsti viðburðurinn og mikilvægasta fjáröflunin.⁹⁹² Anna Aradóttir (sem kosin var í stjórn félagsins árið 1913) lýsti í *Breiðdælu* tveimur samkomum á vegum Einingar, árin 1912 og 1914. Hin fyrri var haldin á Höskuldsstöðum (en þar bjó þáverandi formaður félagsins) og hin síðari á Ásunnarstöðum (heimili þáverandi gjaldkera). Eftir að ungmennafélag Breiðdælinga (sem stofnað var árið 1911) byggði samkomuhús skammt frá prestssetrinu í Eydölum voru samkomur félagsins haldnar þar. Þær voru jafnan mjög vel sóttar, því ekki aðeins fjölmenntu heimamenn í Breiðdal á þær heldur drógu þær einnig að sér í verulegum mæli fólk úr nágrennanabyggðarlögum.⁹⁹³

Góðgjörðafélagið Eining starfaði fram á miðjan fimmta áratug 20. aldar en á aðalfundi þess árið 1947 var ákveðið að breyta félaginu í slysavarnarfélag. Ári síðar var Eining lögð niður sem góðgjörðafélag en samnefnt slysavarnarfélag stofnað í þess stað.⁹⁹⁴ Kvenfélagið Hlíf í Breiðdal var stofnað árið 1961 og má leiða líkur að því að forysta kvenna innan Einingar hafi átt stóran þátt í því að kvenfélag var stofnað svo seint í byggðarlaginu.⁹⁹⁵

Þó sameiginleg áhersla félaganna sem fjallað er um í þessum kafla hafi verið á líknar- og góðgerðastarf, líkt og almennt gerðist með íslensk kvenfélög í byrjun 20. aldar, er tvennt sem sérstaklega vekur athygli. Annað er að hvert félag fyrir sig mótaði eigin áherslur til viðbótar hinum fyrrnefndu, t.d. á fræðslu bæði innan félags og utan. Mestur þungi var þó í menningarstarfi og samkomuhaldi sem tengdist líknar- og góðgerðaáherslunni en hafði líka mikið gildi í sjálfu sér og var vafalítið ein meginstöð mikillar þátttöku í starfi Einingar í Breiðdal. Hitt er að starf þessara félaga sýnir að þegar kom fram á byrjun 20. aldar var félögum með almennri þátttöku og augljósum áhrifum á samfélagið stjórnað af fólki (konum) sem ekki naut fulls þegnréttar en hafði engu að síður öðlast næga virðingu samfélagsins til að forystuhlutverk þeirra væri viðurkennt.

4.4.6 Málfundafélög

Innan þeirra félaga sem hér hefur verið fjallað um átti sér stað umræða, bæði um samfélagsmál og um sértækari viðfangsefni sem snertu markmið og tilgang hvers félags. Hvort sem um var að ræða búnaðarfélög, lestrarfélög, bindindisfélög eða kvenfélög var meiri áhersla á virkni og athafnir félagsmanna en á umræðu um viðfangsefnin, þó þetta tvennt hafi augljóslega haldist í hendur og umræða jafnan verið undanfari athafna. Í málfundafélögum og handskrifuðum blöðum (sveitar- og félagsblöðum) var umræðan hins vegar aðalatriðið, þó þau styddu líka við félagslega virkni. Blöðin voru sum hver gefin út af starfandi félögum eða voru í sterkum tengslum við þau. Það er því við hæfi að fjalla um málfundafélög og sveitarblöð í samliggjandi köflum vegna áherslu beggja á umræðu og þjálfun í opinberri tjáningu.

Í Mjóafirði var í nóvember árið 1886 stofnað málfundafélag sem nefndist Nútíðin. Í Héraðsskjalasafni Austfirðinga eru varðveitt endurskoðuð lög félagsins (dagsett 24. mars 1889) ásamt fundarsköpum þess og er hvort tveggja allítarlegt.⁹⁹⁶ Aðrar samtímaheimildir um tilvist þessa félags er ekki að finna. Af þessari einu heimild að dæma virðist félagið hafa starfað í a.m.k. tvö og hálft ár og markmið þess verið að æfa félagsmenn í ræðuhöldum og ritun. Árgjald félagsins var 25

⁹⁹² *Her.Aust.* Hrepp 26/Bre 11, 2. Breiðdalshreppur. Góðgjörðafélagið Eining. Gjörðabók 1911–1931.

⁹⁹³ Anna Aradóttir, „Minningar úr Breiðdal,“ 160–162.

⁹⁹⁴ Guðjón Sveinsson, „Sagt frá félagslífi,“ 197–201. Þess má geta að Þorbjörg R. Pálsdóttir var langamma höfundar þessarar ritgerðar. Móðir Þorbjargar var Ragnhildur Stefánsdóttir frá Stakkahlíð í Loðmundarfirði, systir Arnbjargar.

⁹⁹⁵ Eiríkur Sigurðsson og Guðjón Sveinsson, *Breiðdala hin nýja*, 1:227.

⁹⁹⁶ *Her.Aust.* Hrepp 16/Mjó 11, 9. Mjóafjarðarhreppur. Málfundafélagið Nútíðin.

aurar og var tekið fram að innganga í félagið væri heimil öllum fermdum einstaklingum, bæði konum og körlum. Félagsmenn áttu að mæta á alla fundi og skyldi hver sá sem ekki mætti á tvo fundi í röð, án þess að leggja fram viðunandi skýringu á fjarveru sinni, greiða sekt til félagsins. Jafnframt var ætlast til þátttöku allra félagsmanna í umræðu og við að koma með uppástungur um umræðuefni. Þeim var stranglega bannað að ræða það sem fram fór á fundum við utanfélagsmenn.

Endurnýjuð fundarsköp Nútíðarinnar hafa sömu dagsetningu og lögin og eru skráð í beinu framhaldi af þeim. Fundarsköpin mæltu fyrir um að öllum félagsmönnum skyldi gefast kostur á að þjálfast í fundarstjórn. Mælendaskrá skyldi halda á fundum en röðun ræðumanna réðist af aldri þeirra sem beðið höfðu um orðið. Sá elsti tók til máls fyrst og svo koll af kolli. Þau frávik voru þó leyfð að þeim væri hleypt framfyrir sem lítt hefðu tjáð sig um það mál sem var til umræðu eða ef einhver fundarmanna þyrfti að „bera sig undan áburði.“ Þegar fundarmenn tóku til máls bar þeim að rísa úr sæti. Einn skyldi tala í einu, framíköll voru óheimil, ræðutími að hámarki tíu mínútur og hverjum fundarmanni heimilt að taka til máls allt að fjórum sinnum um hvert málefni. Persónulegar ávirdingar voru bannaðar og raunar var fundarmönnum óheimilt að nefna hvern annan á nafn í ræðum. Fundarstjóri hafði afgerandi vald á fundum Nútíðarinnar. Hann réði framkvæmd atkvæðagreiðslna og enginn mátti yfirgefa fund áður en honum var slitið nema með leyfi fundarstjóra. Öllum viðstöddum bar að taka þátt í atkvæðagreiðslum. Þau mál sem taka þurfti ákvarðanir um með atkvæðagreiðslu, t.d. lagabreytingar og „öll mál er almenning snerta, og sveitarfélagið“, ⁹⁹⁷ skyldu tekin til umræðu og samþykkt á þremur fundum áður en þau teldust afgreidd.

Það sem einkennir lög og fundarsköp Nútíðarinnar er skipulag, stíf krafa um aga og um leynd yfir innra starfi félagsins. Afgerandi leiðtogahlutverk fundarstjóra samræmist þessu en er líka til marks um að lýðræðislegar áherslur voru ekki eins sterkar í starfi félagsins og almennt gerðist um sambærileg félög á Austurlandi sem heimildir eru um og stofnuð voru síðar á rannsóknartímanum. Aldurstengdur forgangur félagsmanna að mælendaskrá er einsdæmi meðal þeirra félaga sem hér eru til umfjöllunar og virðist til þess fallinn að skapa aðgreiningu innan félagsins og skipa yngri félagsmönnum neðar en þeim eldri.

Ungir karlar voru áhrifamiklir innan Málfundafélagsins Öldunnar sem starfaði á Fljótsdalshéraði á fyrsta áratug 20. aldar. Félagið var stofnað 13. apríl 1903. Það starfaði á Mið-Héraði og virðast flestir félagsmenn hafa verið úr Fella- og Tunguhreppum. Á fyrsta fundi félagsins var fimm manna stjórn þess kjörin en í hana völdust fimm karlar. Á öðrum fundi voru lög félagsins lögð fram, rædd og samþykkt. Í lögunum var tilgangi félagsins lýst sem þeim að æfa félagsmenn í að tjá sig í ræðu og riti. Í því augnamiði hugðist félagið halda mánaðarlega fundi og gefa út félagsblað (sexstán blaðsíðna í áttblaðabroti) sem skyldi lesið upp í byrjun hvers fundar. ⁹⁹⁸ Á hverjum fundi voru kosnir þrír félagsmenn til að undirbúa næsta fund og útgáfu blaðsins. Í lögunum var hvorki getið um skilyrði fyrir aðgangi að félaginu né um félagsgjöld.

Stofnun Öldunnar virðist hafa átt sér nokkurn aðdraganda. Í bréfi sem Björn Hallsson, bóndi á Rangá í Hróarstungu og síðar alþingismaður, skrifaði Sigurði Sigurðssyni kennara síðla árs 1902 sagði Björn frá þreifingum um stofnun málfundafélags.

Byrjað er að halda málfundum hér í Fram-Tungunni og Út-Fellunum. 8 Marz átti að verða fundur í Bót, fyrsti fundurinn, en þá var blindhríð, svo af því varð lítið. Svo var heilmikill fundur haldinn á annan í páskum af Runólfi á Hafrafelli. Fundurinn var víst fjörugur. Ég komst ei þangað vegna þess að litli drengurinn var, og er ennþá, veikur. Mér líka svona fundir vel. Talað er um að hafa næsta fund að mánuði liðnum, og halda þannig fundi á mánaða fresti, hvernig

⁹⁹⁷ *Her.Aust.* Hrepp 16/Mjó 11, 9. Mjóafjarðarhreppur. Málfundafélagið Nútíðin.

⁹⁹⁸ Gísli Helgason, *Austfirðingapættir og aðrar frásagnir*, 16. Í formála Indriða Gíslasonar kemur fram að lítið hafi varðveist af félagsblaðinu *Öldunni* sem samnefnt málfundafélag hélt úti.

sem það gengur. Fyrst í stað blessast það eflaust, hvort, sem áhuginn dofna eða ekki; úr því verður reynslan að skera. En hugmynd þessara funda er góð, hvernig sem gengur að halda þeim við.⁹⁹⁹

Björn reyndist nokkuð sannspár um þróun félagsins. Það byrjaði af krafti en tuttugu manns gerðust stofnfélagar í Öldunni, tólf karlar og átta konur. Félagsmönnum fjölgaði ört á fyrsta starfsárinu og höfðu fimmtán bæst við (sjö karlar og átta konur) við upphaf fjórða fundar.

Umræðuefni á fundum Öldunnar voru jafnan mál sem voru ofarlega á baugi í samfélaginu. Á fyrsta fundinum var t.d. rætt um Ameríkuferðir og aðflutningsbann á áfengi og á öðrum fundi um fækkun presta og eftirlaun þeirra, barnaskóla og fjárkláðamál. Fundagerðabókin er hins vegar fáorð um viðhorf félagsmanna til þeirra mála sem voru rædd. Sjaldan er getið um fjölda félagsmanna sem mættu til funda en þegar atkvæðagreiðslur fóru fram má fá mynd af mætingu. Í flestum fundargerðum fram til loka árs 1904 var skráð hverjir tóku til máls á fundum og hve oft. Af því má t.d. sjá að á öðrum fundi félagsins tóku tólf fundarmenn til máls (ellefu karlar og ein kona). Af fundargerðum fyrstu tólf funda félagsins sést að aðeins á fimm þeirra (fjórum fyrstu og þeim tólfta) tók kona til máls – ávallt sú sama. Eftir það verður þess ekki vart í fundargerðum að kona taki til máls á fundum félagsins.

Þó umræður væru lítt bókaðar og fundargerðir frá félagsfundum Öldunnar séu jafnan frekar stuttar, er fundagerðabókin engu að síður góð heimild um hvaða málefni brunnu á félagsfólki á þessum tíma. Fjölbreytt málefni voru rædd, sum hagræns eðlis (t.d. ýmsar hliðar búskapar) en þó mun fleiri samfélagsleg (t.d. menntun, bindindi, réttindi kvenna o.fl.). Miðað við fjölda kvenna sem gekk í félagið er lítil þátttaka þeirra í umræðum eftirtektarverð. Á áttunda fundi félagsins var meðal umræðuefna „Kröfur kvenna.“ Þar var framsögumaðurinn karl og engin kona tók til máls. Á sama fundi voru hins vegar þrjár konur kosnar til að undirbúa næsta fund.¹⁰⁰⁰

Eftir fjöruga byrjun var farið að bera á erfiðleikum í starfi Öldunnar undir lok árs 1904. Fyrirhugaður desemberfundur það ár og janúarfundur árið eftir féllu báðir niður vegna lélegrar mætingar. Starfsemin hélt þó áfram en viðfangsefni félagsins tóku breytingum. Á fundi í febrúar 1905 var ákveðið að stofna garðyrkjufélag og á fundi í apríl var samþykkt með öllum atkvæðum (tólf) að taka höndum saman með góðtemplurum til að byggja fundahús. Sami fundur skoraði á þingmenn Norður-Múlasýslu að boða til þingmálafundar. Félagið stóð fyrir samkomu sumarið 1905 en næsti fundur var ekki haldinn fyrr en í desember það ár. Á honum spunnust umræður um starfsemi félagsins og var samþykkt að halda henni óbreyttri. Félagið virðist hins vegar hafa átt í viðvarandi erfiðleikum upp úr þessu. Síðasti fundur sem skráður er í fundagerðabókina var haldinn í lok mars 1906. Af bréfum sem gengu milli félagsmanna má þó sjá að félagið starfaði lengur og var enn starfandi vorið 1908. Þá svaraði Sveinn Bjarnason á Staffelli í Fellum bréfi frá Gísla Helgasyni í Skógargærði og sagði þar m.a.:

Þú minnst á Öldu. Ég hefi aldrei gengið úr þeim félagsskap, heldur reynt að styrkja hann eftir mætti. En daufl. gengur að halda líftórunni í honum. Nú eru það aðallega 6 til 8 menn sem segja eitthv. á fundum, hinir þegja. Fyrir skömmu var fundur í Bót og ræddum við um þingmannsefni og þjóðarmálefnið stærstu og að endingu kusum við 3 menn til þess að boða fund fyrir Tungu og Fella og á þar að ræða hið sama og væntanlega verður þá gerðar áhrifameiri ályktanir.¹⁰⁰¹

⁹⁹⁹ *Her.Aust.* A6 48, 4. Bréf frá Birni Hallssyni til Sigurðar Sigurðssonar, dags. 14. nóvember 1902.

¹⁰⁰⁰ *Her.Aust.* Hrepp 5/Tun 7, 4. Tunguhreppur. Málfundafélagið Aldan. Gjörðabók 1903–1906.

¹⁰⁰¹ *Her.Aust.* A6 498, 3. Bréf frá Sveini Bjarnasyni til Indriða Gíslasonar, dags. 10. apríl 1908.

Ljóst er af skrifum Sveins að félagið stóð höllum fæti. Einnig má skilja af bréfinu að Gísli hafi ekki lengur verið félagi í Öldunni, þrátt fyrir að vera einn stofnfélaga, virkur þátttakandi í starfi félagsins fyrstu árin og enn búsettur í Skógargærði. Samkvæmt bréfi Þórhalls Helgasonar frá Skógargærði til Indriða bróður síns síðla árs 1908 var Aldan þá úr sögunni og félagastarf í sveitinni mátti muna betri daga. Þó var ljósglætur að finna. „Félagslíf er fremur dauft hér engin samkoma hefur verið haldin í vetur. Málfundaf. er úr sögunni glímufél. víst í andaslitrinum. En B. Blöndal á Eiðum víst í hyggju að stofna ungmennafélag og verður það mäske með einhverju lagi sem þörf væri á. Annars er það ilt að vita hvernig allur félagskapur þrífst illa hjá okkur Íslendingum.“¹⁰⁰²

Annað málfundafélag var starfandi í nágrenni við Ölduna á sama tíma og hún starfaði. Það félag nefndist Báran og virðist starfssvæði þess hafa verið Jökulsárhlíðar- og Tunguhreppar. Eina samtímaheimildin um tilvist þess félags er annað tölublað af félagsblaðinu *Kára* sem Báran gaf út. Óljóst er hve lengi Báran starfaði, hver þátttaka í félaginu var, hvernig lög þess voru o.s.frv. Útgáfutími þessa tölublaðs *Kára* var janúar 1906 en í því kemur fram að fyrsti fundur félagsins hafi verið haldinn þann 12. nóvember 1905 á Sleðbrjót í Jökulsárhlíð. Efnishöfundar í *Kára* voru búsettir bæði í Jökulsárhlíðar- og Tunguhreppum en meginefni blaðsins voru fjórar greinar, tvær um líftryggingar (búfjár og fólks) og ein um meðferð búfjár. Fjórða greinin var svar umsjónarmanns blaðsins við ákúrum sem hann hafði fengið um brot á lögum félagsins með því að leyfa birtingu greinar undir dulnefni í fyrsta tölublaði *Kára*. Umsjónarmaðurinn hafnaði því að hann hefði brotið lögin en lagði til að þeim yrði breytt og þau gerð skýrari hvað þetta varðaði. Hann vildi einnig bæta við ákvæðum um skyldur utanfélagsmanna sem sæktu fundi félagsins (þær ættu að vera hinar sömu og félagsmanna meðan þeir væru á fundi) og að atkvæðisréttur væri bundinn við að lágmarki átján ára aldur. Í máli umsjónarmannsins kom fram að *Kári* var „að nokkru leyti opinbert blað.“ Hvað í þeim orðum fólst er ekki fyllilega ljóst, en þó er líklegt að þar sé vísað til þess að utanfélagsfólk sótti fundi Bárunnar og heyrði þar efni blaðsins.¹⁰⁰³

Um sama leyti og verulega var farið að halla undan fæti fyrir Öldunni á Fljótssdalshéraði var stofnað málfundafélag í Vopnafirði. Það nefndist Málfundafélag Vestradælinga og var stofnað 19. janúar 1907. Varðveitt fundagerðabók félagsins spannar tímabilið frá stofnun þess og fram í maí það sama ár. Óvíst er hvort félagið starfaði eftir það en á þessu tímabili var fundað alls tólf sinnum. Um tilgang stofnunar félagsins segir í inngangsorðum að lögum þess: „Við höfum fundið sárt til þess hversu óskipulega okkur hefir tekist, að koma hugsunum okkar í ljós á öllum mannfundum, og vildum fegnir úr því bæta ef að unt væri.“ Lög félagsins voru stutt. Tilgangur þess var sá sem áður greinir en félagsmenn einsettu sér að funda hvern sunnudag ef veður leyfði, eigi lengur en þrjár klukkustundir í senn og skyldu fundirnir fara fram fyrir luktum dyrum. Formaður félagsins skyldi kosinn til eins árs og fundarstjóri við lok hvers fundar til að stýra næsta fundi. Í lögnum var sérstaklega tekið fram að fundarstjórn skyldi dreifast sem jafnast á félagsmenn. „Hver félagsmaður skal hafa það hugfast, að ætlast er til, að allir taki þátt í umræðunum á sem flestum fundum.“¹⁰⁰⁴ Tólf karlar rita nöfn sín undir lög félagsins.

Ólíkt því sem tíðkaðist við ritun fundargerða hjá Öldunni voru fundagerðir Málfundafélags Vestradælinga ítarlegar og í þeim fór mikið rúm í að skrá helstu atriði sem fram komu í umræðum. Í fundagerðunum var ávallt tilgreindur fjöldi fundarmanna (voru á bilinu fimm til níu) auk þess sem fundarstaður var tilgreindur, en hann færðist milli bæja í Vesturárdal. Á öðrum fundi félagsins var ákveðið að hefja útgáfu félagsblaðs og var einum félagsmanni falin ritstjórn þess. Aðeins eitt tölublað virðist hafa komið út á því tímabili sem fundagerðabókin spannar. Umræðuefni fundanna

¹⁰⁰² *HerAust.* A6 497, 1. Bréf frá Þórhalli Helgasyni til Indriða Helgasonar, dags. 28. nóvember 1908.

¹⁰⁰³ *HerAust.* A6 616, 1. *Kári*. Blað Málfundafélagsins Bárunnar.

¹⁰⁰⁴ *HerAust.* Hrepp 2/Vop 16, 2. Vopnafjarðarhreppur. Málfundafélag Vestradælinga. Gjörðabók 1907.

voru fjölbreytt, allt frá umræðu um kvikfjárrækt yfir í gagnrýni og greiningu á nýútíðum skáldsögum. En þau þrjú umræðuefni sem fengu ítarlegustu skráningarnar í fundargerðum voru barna- og unglingakennsla; útgáfa blaða og bóka; og Ameríkuferðir og þjóðerni.

Málfundafélag Vestradælinga var fámennnt og virðist hafa lagst í varanlegan dvala vorið 1907. Það hélt sig við upphaflega markmiðið um þjálfun í ræðuhöldum, og hafði ekki tilburði til útfærslu þess. Félaginu virðist ekki hafa verið ætlað að hafa bein áhrif á samfélagið í Vopnafirði heldur að vera umræðuklúbbur bænda í Vesturárdal. Ítarlegar fundargerðir félagsins eru þó áhugaverður vitnisburður um víðfeðmt áhugasvið félagsmanna. Eftirtektarvert er hversu ólík viðhorf mátti finna í hópi manna úr sama þjóðfélagshópi sem bjuggu í sama byggðarlagi.

Að síðustu er hér vert að geta Málfundafélags Eiðamanna, sem skólapiltar búnaðarskólans og starfsmenn skólans mynduðu. Fundagerðabók þess frá árunum 1913–1915 er varðveitt í Héraðs-skjalasafni Austfirðinga. Af henni má sjá að þetta félag hóf starfsemi sína nokkru fyrir.¹⁰⁰⁵ Á fundi félagsins þann 8. nóvember 1913 voru lög þess endurskoðuð og gerð ítarlegri en áður. Þau voru þó engu að síður fremur stutt og snerust einvörðungu um framkvæmd funda. Þeir skyldu haldnir hvert laugardagskvöld og standa að lágmarki í tvær klukkustundir. Fundarstjóri skyldi kosinn til tveggja funda í senn en auk hans voru vara-fundarstjóri og ritari kosnir til sama tíma. Kosning til embætta var skrifleg og bannað að endurkjósa þá sem voru starfandi við hverja kosningu. Fundarstjóra bar að halda reglu á fundum og skipa þrjá félagsmenn sem hver hefði framsögu um eitt mál á næsta fundi. Í þeim efnum kváðu lögin einnig á um að þátttöku væri dreift meðal félagsmanna.¹⁰⁰⁶

Í lögum félagsins var ekki getið um hverjir hefðu rétt til inngöngu í félagið. Það virðist þó hafa verið opið þeim sem vildu taka þátt því bókað er í fundargerðir að utanskólámennt gengu í félagið auk þess sem að á fyrsta fundi skólaársins 1914–1915 var lagt að nýnemum og „húskörum“ á Eiðum að ganga í félagið, sem allir nýnemar og tveir húskarlar gerðu. Haustið 1913 ákvað félagsfundur að hefja útgáfu blaðs og voru samþykktar reglur um útgáfu þess. Það skyldi koma út a.m.k. einu sinni í mánuði og skyldu þrír félagsmenn sem til þess væru kosnir sjá um útgáfu hvers tölublaðs. Sérstaklega var tekið fram í reglunum að höfundar efnis skyldu skrifa undir eigin nafni eða þekktu ritnafni og að meiðyrði og persónulegar skammir væri bannað að setja í blaðið. Mæting á fundi félagsins er ekki skráð í fundagerðabókina og yfirleitt er afar lítið bókað um efni og áherslur framsagna og umræðna. Umræðuefni eru hins vegar skráð samviskusamlega og má sjá að þau voru margvísleg. Félagsmenn ræddu mikið um innra starf og útgáfumál félagsins en meðal annarra umræðuefna má nefna landbúnað, vinnumennsku og lausamennsku, jafnrétti kynjanna, bókmenntir, stöðu presta og hvort betra væri að vera giftur eða ógiftur.¹⁰⁰⁷

Málfundafélag Eiðamanna starfaði með áþekktum hætti og önnur málfundafélög. Meginmunurinn er sá að þetta félag starfaði innan stofnunar (skóla) meðan starfssvæði hinna félaganna afmarkaðist við ákveðin byggðarlög (oftast eitt en stundum tvö). Innan allra málfundafélaganna átti sér stað umræða um samfélagsmál. Þau voru fremur vettvangur umræðna en framkvæmda, enda umræða og þjálfun í tjáningu helstu markmið þessara félaga sem sum höfðu fremur yfirbragð lokaðra eða hálflokaðra klúbba þó samkvæmt lögum væri aðgengi að þeim opið.

¹⁰⁰⁵ Í varðveittum tölublöðum blaðsins *Mána*, sem skólapiltar á Eiðum gáfu út í upphafi 20. aldar og fjallað er um síðar í þessum kafla, kemur bæði beint og óbeint fram að þá starfaði málfundafélag við skólann og hefur það væntanlega verið útgefandi *Mána*.

¹⁰⁰⁶ *HerAust.* Stofn 4/Eisk 51, 4. Búnaðarskólinn á Eiðum. Málfundafélag Eiðamanna. Gjörðabók 1913–1915.

¹⁰⁰⁷ *HerAust.* Stofn 4/Eisk 51, 4. Búnaðarskólinn á Eiðum. Málfundafélag Eiðamanna. Gjörðabók 1913–1915.

4.4.7 Sveitar- og félagsblöð

Málfundafélög lögðu megináherslu á þjálfun félagsmanna í ræðuhöldum en líka í ritun og greinaskrifum. Starfsemi þeirra var því náskyld útgáfu handskrifaðra blaða (sveitarblaða) sem voru útbreidd um landið á þeim tíma sem þessi rannsókn tekur til. Algengt var að félög stæðu að útgáfu blaða (t.d. málfunda- og lestrarfélög) en einnig þekktist að einstaklingar eða óformleg samtök stæðu að útgáfu þeirra. Í meistararitgerð minni í sagnfræði fjallaði ég um útgáfu sveitarblaða í níu sýslum á árabílinu 1866–1908 og var rannsóknarsvæðið allar sýslur Norðurlands, auk Múlasýslna og Strandsýslu.¹⁰⁰⁸ Hér verður fjallað um varðveitt austfirsk sveitarblöð, en almennari umfjöllun um sveitarblöðin er að finna í kafla 2.3.2.

Handskrifuð blöð sem gefin voru út í Múlasýslum á tímabilinu 1874–1915 og varðveitt eru eintök af í Héraðsskjalasafni Austfirðinga eru ellefu talsins, auk eins sem varðveitt er í Handritasafni Landsbókasafnsins. Þessi blöð komu út víða um sýslurnar og er ekki að sjá að íbúar eins byggðarlags hafi verið öðrum ötulli við slíka útgáfu.¹⁰⁰⁹ Af austfirsku blöðunum ellefu í Héraðsskjalasafni Austfirðinga hafa aðeins varðveist eitt til fimm eintök af níu þeirra og átta eintök af einu. Afgerandi undantekning er *Máni*, blað skólapilta við Búnaðarskólann á Eiðum, en af því eru varðveittir tugir tölublaða. Það blað var skrifað í bækur og lesið upp á málfundum skólapilta. *Máni* myndi verðskulda frekari athygli en vegna eðlis blaðsins sem skólablaðs, útgefnu í afmörkuðu rými og lesnu á fundum innan skólans, verður að ætla að það hafi haft lítil áhrif utan hans. Þær hugmyndir sem birtust í blaðinu og þær umræður sem sköpuðust vegna efnis þess eru þó líklegar til að hafa haft áhrif á skólapilta og þeir mögulega tekið þau áhrif með sér heim að loknu námi. Þar er þá um að ræða óbein áhrif sem mjög erfitt er að henda reiður á. Markmið *Mána*, sem komu fram í upphafsávarpi blaðsins miðuðu einnig meira inn á við en út á við, eða svo vitnað sé til ávarpsins:

Við, sem hér erum nú saman, höfum áformað og talað saman um, að nota einmitt þennan vetrartíma til að æfa sálargáfurnar, til að afla okkur nauðsynlegrar og gagnlegrar þekkingar og jafnframt gera tilraunir til að efla okkar andlega þroska á fleiri vegu. Í þeim tilgangi höfum við stofnað félag með okkur til að æfa okkur í að setja fram hugsanir okkar í ræðu og riti, og er þetta blaðkríli stofnað til að vera sem meðal til hins síðarnefnda.¹⁰¹⁰

Máni er eina skólablaðið í hópi handskrifaðra austfirskra blaða sem fjallað er um hér. Hin blöðin voru ýmist félagsblöð eða sveitarblöð sem óformleg samtök stóðu að. Flestum var þessum blöðum dreift en sum voru lesin á fundum. Auk *Mána* hefur útgáfu *Minervu* og *Kára* þegar verið getið. Af þeim blöðum sem aðeins eru til eitt, tvö eða þrjú varðveitt eintök af (*Unglingi* á Borgarfirði, *Þór* og *Vopna* í Vopnafirði, *Jökuldalíngi* og *Bjarma* á Jökuldal, *Mjölmi* í Eiðaþinghá og *Baldri* í Hjaltastaðaþinghá) er erfitt að draga ályktanir um markmið útgáfunnar þar sem ekkert þessara tölublaða er hið fyrsta. Auk þeirra austfirsku sveitarblaða sem hér verður rætt um vitna heimildir um allnokkur blöð til viðbótar sem gefin voru út á Austurlandi á rannsóknartímanum, en eintök af þeim hafa ekki ratað inn í skjalasöfn eða eru glötuð.¹⁰¹¹

¹⁰⁰⁸ Hrafnkell Lárusson, *Í óræðri samtíð með óvissa framtíð*.

¹⁰⁰⁹ Þau sveitarblöð sem gefin voru út í Múlasýslum á árabílinu 1874–1915 og varðveitt eru í Héraðsskjalasafni Austfirðinga á Egilsstöðum eru eftirfarandi (útgáfustaður/byggðarlag og þekkt útgáfuár eru tilgreind innan sviga): *Unglingur* (Borgarfjörður eystri 1892), *Jökuldalíngur* (Jökuldalur 1900), *Þór* (Vopnafjörður 1900), *Vopni* (Vopnafjörður 1901–1902), *Máni* (Eiðaþinghá 1900–1906), *Baldur* (Breiðdalur 1905–1907), *Ung-Templar* (Mjóifjörður 1905–1908), *Kári* (Hróarstunga/Jökulsárhlið 1906), *Baldur* (Hjaltastaðaþinghá 1913), *Mjölmi* (Eiðaþinghá 1914–1915), *Bjarma* (Jökuldalur 1915). Í Handritasafni Landsbókasafns eru varðveitt eintök af *Minervu* (Reyðarfjörður 1895–1896).

¹⁰¹⁰ *HerAust*. Stofn 4/Eisk 51, 2. Búnaðarskólinn á Eiðum. Benedikt Jónasson og Bjarni Sigurðsson [upphafsávarp], *Máni* 1:1 (10. nóvember 1900), 5.

¹⁰¹¹ Sveitarblöð sem getið er í heimildum þessarar ritgerðar, en höfundur er ekki kunnugt um varðveitt eintök af, eru t.d. *Hróar* í Hróarstunga sem hóf útgáfu árið 1900. Þess blaðs gat Björn Hallsson á Rangá í bréfi skömmu fyrir lok

Unglingur er elst þessara blaða, en eina varðveitta tölublað þess blaðs er frá árinu 1892. Meginefni þess er aðsend grein þar sem komið er til varnar útgáfu blaðsins. Höfundur lofaði framfarahug og þrautseigju ritstjórnar „þrátt fyrir öll þau ónot og ílagsyrði er hún hefir orðið að sæta, af sumum lesendum blaðsins; og sem helzt lítur út fyrir, að ætli að verða framhald af.“ Tilefni greinarinnar voru hörð viðbrögð við grein í fyrsta tölublaði þessa árgangs.

En það get jeg ekki fundið, að sveitinni sje neitt til óvirðingar, þó bent sje á ýmislegt er miður þykir fara í henni, eins og greinarhöfundurinn gjörir, sem skrifar greinina með fyrirsögninni: „Hreinlæti, hirtni“; og sem jeg get mjer helzt til, að þessum fyrstjeðu lesendum „Unglings“, hafi þótt skerða sóma sveitarinnar. En sú grein finnst mjer ekkert aðfinningarverð; því það sem höfundur lýsir þar, mun flest, eða allt, eiga sjer stað.¹⁰¹²

Gagnrýni á nærsamfélagið og kröfur um úrbætur bökuðu *Unglingi* óvinsældir og beina andstöðu hluta samfélagsins, þó ekki komi fram hverjir helst beittu sér gegn blaðinu. Í þessu sambandi er freistandi að álykta að ritstjórn *Unglings* hafi verið skipuð ungu fólki sem vildi opinbera umræðu um breytingar og úrbætur (í varðveittu tölublaði eru engar upplýsingar um ritstjórn) en var neðarlega í stigveldi samfélagsins og galt þeirrar stöðu í viðbrögðum þess.

Bór og *Vopni* komu út í Vopnafirði um aldamótin 1900. Eina varðveitta eintak *Bórs* gefur þá mynd af blaðinu að það hafi fremur verið afþreyingar- og skemmtiblað en vettvangur samfélagsumræðu. Að baki blöðunum stóðu félög og bæði virðast hafa verið látin berast milli heimila. *Vopni* var stórt blað af sveitarblaði að vera, en bæði tölublöðin sem eru varðveitt voru 60 síður. Meginefni varðveittra tölublaða *Vopna* eru greinar um samfélagsmál.¹⁰¹³ Hluti efnis þeirra hefur almenna skírskotun (bindindismál, tungumálið, þjóðerni og staða kristinnar trúar) en meginhlutinn er um málefni sem snertu nærsamfélagið og þróun þess beint.

Í báðum tölublöðum *Vopna* sem hér er fjallað um er að finna greinar sem voru viðbrögð við eldri skrifum í blaðinu eða umræðum á fundum í sveitarfélaginu. Af einstökum efnum um nærsamfélagið er fyrirferðarmest deila um orsakir byggðapróunar í Vopnafirði síðustu þrjá áratugi 19. aldar. Greinarhöfundur sem merkti grein sína EMK átti fyrstu greinina í varðveittu tölublaði *Vopna* um það efni. Hann vitnaði til fyrri skrifa í blaðinu um sama efni og sagði:

Mér skildist svo á sparnaðarfundinum í vetur og eins í „Vopna“ sem það sé álitid að öll eyðileggjng sveitarinnar sé okkur bændunum að kenna. Byrjun hennar á að vera vesturfaraflutningur mikilla og góðra bænda, og þar af leiðandi hafi allt leitað niður á við í stað þess að hefjast upp. En er þetta þrennt, Vesturfarir, ómennska, og eyðslusemi, aðalorsök í hnignun sveitarfélagsins? Eg neita ekki að allt þetta hafi átt sér stað. En ekkert af þessu hygg eg vera aðalorsökin í apturför vorri efnalega.¹⁰¹⁴

EMK kenndi hækkun vöruverðs um erfiðleika sveitarinnar, sem og auknum álögum á íbúa, sem hann tengdi við tilkomu hreppsnefnda um miðjan áttunda áratug 19. aldar. Hann benti líka á að ýmsar framfarir hefðu orðið og nefndi bættu húsagerð og eflingu barnafræðslu í því sambandi. Í kjölfar greinar EMK fylgdi önnur um sama efni, merkt ÁJ. Sá höfundur var á svipuðum nótum og

þess árs og sagði það þá nýlega hafa hafið útgáfu (sjá: *HerAust.* A6 496, 4. Bréf frá Birni Hallssyni til Gísla Helgasonar, dags. 17. desember 1900). Annað slíkt dæmi er sveitarblaðið *Vonin* í Fáskrúðsfirði. Árni Torfason á Brimnesi í Fáskrúðsfirði gat þess í dagbók sinni, þann 2. desember 1894, að sér hefði þá borist fyrsta tölublað *Vonarinnar* (sjá: *HerAust.* A6 213, 1. Árni Torfason bóndi á Brimnesi, Fáskrúðsfirði. Dagbækur 1892–1903).

¹⁰¹² *HerAust.* Hrepp 13/Bor 32. Borgarfjarðarhreppur. *Unglingur*.

¹⁰¹³ *HerAust.* A6 365. *Bór*. Sveitarblað í Vopnafirði 1900; *HerAust.* Hrepp 2/Vop 16. Vopnafjarðarhreppur. *Vopni*.

¹⁰¹⁴ *HerAust.* Hrepp 2/Vop 16, 1. Vopnafjarðarhreppur. EMK, „Bréf úr sveitinni“, *Vopni* 1:3 (15. mars 1901), 16–17. Höfundur sagdist hafa verið fimmtán ára árið 1870.

EMK þegar kom að orsakaskýringum á hnignun landbúnaðarins og ræddi í því sambandi sérstaklega fólksflutninga frá sveitum til sjávarbyggða. Líkt og EMK andæfði hann því að vesturferðir væru meðal helstu ástæða hnignunar byggðarinnar. ÁJ sagði: „Og hafi Ameríkuferðir verið sveitinni til tjóns fyrir það að efnamenn hafi fluttst héðan þá hafa þær á hinn bóginn verið til hagsmuna, bæði í því að héðan fluttust þá ýmsir aumingjar, og ráðleysingar, og margir dugnaðarmenn sem eptir sátu keyptu sér til stórra hagsmuna, bæði lönd og lausa aura af vesturförum.“¹⁰¹⁵

Síðara tölublað *Vopna* sem varðveitt er í Héraðsskjalasafni Austfirðinga inniheldur þrjár greinar sem allar fjalla um málefni byggðarlagsins. Í þeirri fyrstu, sem nefnist „Sveitamál“ brást Þórður Jónasson í Ljósalandi við áskorun Jón Jónssonar hreppstjóra (frá Sleðbrjót) um að bændur tjáðu sig um sveitamál opinberlega í stað þess að „nöldra í barm sér“ heima fyrir. Þórður notaði tækifærið og skammaði hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps fyrir of háar álögur og framkvæmdagleði – þar horfði hann einkum í kostnað við réttarbyggingu og drátt yfir Selá. Í beinu framhaldi af grein Þórðar birtist svar Jóns Hallgrímssonar oddvita Vopnafjarðarhrepps þar sem hann skýrði gerðir hreppsnefndar.¹⁰¹⁶ Síðasta greinin í þessu tölublaði nefndist „Skammdegishugsanir“ og var höfundur hennar Guðmundur Jónsson bóndi í Fagradal (áður í Húsey í Hróarstungu). Grein Guðmundar var innlegg í fyrri umræðu um þróun byggðarlagsins síðustu áratugi 19. aldar og taldi hann Vopnfirðinga líkt og aðra Íslendinga standa á tímamótum. Guðmundur dró upp eftirfarandi lýsingu af stöðu og horfum.

Síðasti fjórðungur aldarinnar hefir að mörgu leyti verið merkilegur tími fyrir oss Íslendinga. Hann hefir verið nokkurskonar undirbúningsstími, eða sáðtími, mætti segja, fyrir oss. Og það er undir okkur sjálfum komið, hvað við uppskerum, hvort það verður hveiti eða illgresi. Á þessu tímabili hafa margar nýjar hugmyndir rutt sér til rúms hjá okkur, sem hafa komið á stað ýmsum nýjum tilraunum til þjóðþrifa. Þessar tilraunir hafa eðlilega verið misjafnlega stofnaðar, og því borið mjög misjafnan ávöxt, oft fyrir vanhugsaða byrjun. Á þessum tíma hafa mannfrelshugmyndir rutt sér mikið til rúms bæði í lífi og löggjöf þjóðarinnar. En úr því þykir nú ýmsum orðið offrelsi. Nú er miklu hægra að mentast fyrir unglingana, en áður var á æsku árum okkar eldri mannanna. En nú er hinna ungu kynslóð borin á brún af ýmsum: dádleysi, vinnuleysi, tildur og tepruskapur. Verzlunin er nú miklu frjálsari en áður, og meiri samkepní en áður, en samt er fjöldi fólks nærri ánauðugt í verzlunarviðskiftum, bundin við vissa verzlun vegna skulda.¹⁰¹⁷

EMK og ÁJ litu inn á við eftir skýringum á byggðapróun í Vopnafirði en Guðmundur setti hana í víðara samhengi og kom einnig inn á þá andstöðu sem ýmsar breytingar og framfarir mættu. Þessi umræða í *Vopna* er til marks um viðleitni samfélags til viðspyrnu gegn neikvæðri byggðapróun með því að greina ástæður hennar og ræða á opinberum vettvangi.

Í samhengi þessarar umræðu um byggðapróun í Vopnafirði undir lok 19. aldar er vert að víkja hér stuttlega að kandidatsritgerð Júníusar H. Kristinssonar um Vesturheimsferðir úr Vopnafirði og aðdraganda þeirra í samhengi við byggðapróun. Í ritgerðinni kom fram að kaupún tók að vaxa á Vopnafirði síðustu tvo áratugi 19. aldar en fram til þess var byggðarlagið nær algert sveita-samfélag. Það var engu að síður fjölmennt en allmiklar sveiflur voru í íbúafjölda þar á 19. öld. Íbúum í Vopnafjarðarhrepp fjölgaði úr um 400 árið 1820, í um 600 árið 1840 og í tæp 1000 árið 1860. Þeim fækkaði svo heldur næstu ár en snarfjölgaði um miðbik áttunda áratugarins og voru

¹⁰¹⁵ *HerAust.* Hrepp 2/Vop 16, 1. Vopnafjarðarhreppur. ÁJ, „Athugasemdir við grein M.J. í 1 bl. „Vopna“,“ *Vopni* 1:3 (15. mars 1901), 41–42.

¹⁰¹⁶ *HerAust.* Hrepp 2/Vop 16, 1. Vopnafjarðarhreppur. Þórður Jónasson, „Sveitarmál“, *Vopni* 2:1 (30. janúar 1902), 1–16; Jón Hallgrímsson, „Svar til Þórðar á Ljósalandi“, *Vopni* 2:1 (30. janúar 1902), 17–36.

¹⁰¹⁷ *HerAust.* Hrepp 2/Vop 16, 1. Vopnafjarðarhreppur. Guðmundur Jónsson, „Skammdegishugsanir“, *Vopni* 2:1 (30. janúar 1902), 42–44.

tæp 1100 árið 1875. Fram til aldamóta sveiflaðist íbúafjöldinn allnokkuð en var yfirleitt á bilinu 850–950 manns, fór þó í tæp 1000 árið 1886 en niður í tæp 750 árin 1893 og 1894. Um aldamótin 1900 voru íbúar um 950. Íbúar kaupsinsins voru 149 árið 1890 og 203 árið 1900.¹⁰¹⁸ Samkvæmt skrá Jónúsar fluttust 756 manns úr landi frá Vopnafirði á árabílinu 1873–1893, langflestir árið 1893 (150 manns), en margir árin 1876 (88), 1878 (66), 1879 (87), 1887 (61), 1888 (74) og 1889 (74). Hin árin voru brottfluttir undir 50 og níu ár voru þeir færri en 10, þar af fór enginn vestur árin 1877, 1881 og 1885. Brottför fyrsta stóra hóps vesturfara úr Vopnafirði (1876) tengdi Jónús við afleiðingar Öskjugossins árið 1875. Hann dró þá ályktun að hnignun byggðarinnar hefði verið hafin fyrir upphaf vesturferða og benti á að á árunum 1880–1886, meðan vesturferðir frá Vopnafirði lágu að mestu niðri, fjölgaði íbúum í þorpinu verulega, eða úr 49 árið 1880 í 109 árið 1886.¹⁰¹⁹

Frá Jökuldal eru varðveitt eintök tveggja sveitarblaða, eitt tölublað af hvoru. Blaðið *Jökuldalingur* virðist hafa verið gefið út um aldamótin 1900 en *Bjarma* árið 1915.¹⁰²⁰ Það er eftirtektarvert að þessi stöku tölublöð, sem gefin voru út með meir en áratugs millibili, endurspeglu hvort annað. Í báðum birtast tvær greinar og eru þessi greinapör efnislega náskyld. Önnur grein *Jökuldalings* er um lestrarfélög en í *Bjarma* er grein um fyrirhugað bókasafn. Í báðum birtust greinar um barnakennslu.

Blöðin *Baldur* í Hjaltastaðapinghá og *Mjölhir* í Eiðapinghá komu út undir lok rannsóknartímans. Bæði voru þau félagsblöð. *Baldur* var blað ungmennafélagsins Fram en ekki kemur fram í *Mjölni* hvaða félag stóð að því blaði. Í varðveittum tölublöðum beggja er að finna brýningar til félagsmanna um að sinna félagsstarfinu og útgáfunni betur. Aðeins eitt blað er varðveitt af *Baldri* en þrjú af *Mjölni*. Efni *Mjölnis* einkennist af ýmis konar siðaboðskap, einkum um skyldurækni og bindindi. Bæði hafa blöðin það yfirbragð að efni þeirra hafi verið hluti innra samtals meðal félagsmanna, sem að líkindum náði lítið út fyrir félögin. Það vekur sérstaka athygli að í fimm manna ritnefnd *Baldurs* voru þrjár konur og tveir karlar.¹⁰²¹

Blaðið *Ung-Templar* var gefið út af stúkumönnum í Mjóafirði og eru varðveitt af blaðinu fimm tölublöð frá árunum 1905–1908. Öll eru þau stutt. Efni varðveittra tölublaða má skipta í tvo hluta, annars vegar dæmisögur með bindindis- og/eða kristilegum boðskap og hins vegar greinar um innra starf félagsins. Samkvæmt þeim virðist nokkuð hafa skort bæði á aga á fundum og að félagsmenn héldu bindindisheit sín.¹⁰²²

Sveitarblaðið *Baldur* í Breiðdal er það blað sem mest er til af í Héraðsskjalasafni Austfirðinga, að skólablaðinu *Mána* undanskildu. Af *Baldri* eru varðveitt átta tölublöð frá árunum 1905–1907 og eru þau úr öðrum og þriðja árgangi blaðsins.¹⁰²³ Ritnefnd *Baldurs* var skipuð þremur körlum sem bjuggu hver í sínum sveitarhluta Breiðdals og var hvert tölublað skrifað í þremur eintökum. Sama aðferð var höfð við dreifingu sveitarblaðsins *Vopna* í Vopnafirði, sem er landstór sveit líkt og Breiðdalur. *Baldur* birti fjölbreytt efni. Í blaðinu má m.a. sjá kvæði og ferðasögur en meginhluti efnis varðveittra tölublaða eru ýmis konar greinar, flestar um hagræn efni (t.d. byggingu vatnsmylla, meðferð búfjár, bættar samgöngur o.fl.) en líka allnokkrar um félagastarf, m.a. um kaupfélagið sem

¹⁰¹⁸ *Lbs.-Hbs.* Jónús H. Kristinsson, „Vesturheimsferðir úr Vopnafirði og aðdragandi þeirra,“ 24, 36, 43.

¹⁰¹⁹ *Lbs.-Hbs.* Jónús H. Kristinsson, „Vesturheimsferðir úr Vopnafirði og aðdragandi þeirra,“ 51, 82, 94, 96.

¹⁰²⁰ *Her.Aust.* Hrepp 4/Jök 7, 11. Jökuldalshreppur. Sveitarblaðið *Jökuldalingur*; *Her.Aust.* Hrepp 4/Jök 7, 12.

Jökuldalshreppur. Sveitarblaðið *Bjarma*, 20. mars 1915. Í varðveittu tölublaði *Jökuldalings* er ekki getið útgáfudags, árs eða tölublaðsnúmers og ekkert í efni blaðsins gefur ákveðið til kynna hvaða ár það kemur út. Í því er að finna grein eftir Halldór Stefánsson á Giljum (1878–1901) sem var viðbrögð við skrifum Einars Þórðarsonar sóknarprests í Hofteigi í eldra tölublaði *Jökuldalings*. Einar var prestur í Hofteigi á árunum 1891–1904 og Halldór lést síðla árs 1901. Því má gera ráð fyrir að þetta tölublað *Jökuldalings* hafi komið út um aldamótin 1900.

¹⁰²¹ *Her.Aust.* Hrepp 12/Hja 19, 4. Hjaltastaðahreppur. *Baldur*. Blað Ungmennafélagsins Fram í Hjaltastaðapinghá (1913); *Her.Aust.* Hrepp 11/Eið 10, 3. Eiðahreppur. *Mjölhir*. Handskrifað blað í Eiðapinghá (1914).

¹⁰²² *Her.Aust.* Hrepp 16/Mjó 14, 8. Mjóafjarðahreppur. *Ung-Templar*. Blað stúkufólks í Mjóafirði (1905–1908).

¹⁰²³ *Her.Aust.* A6 324, 5; *Her.Aust.* Hrepp 26/Bre 32, 1. Breiðdalshreppur. *Baldur*. Sveitarblað í Breiðdal 1905–1908.

þá starfaði í Breiðdal. Ekki verður séð að teljandi ritdeilur hafi skapast á síðum *Baldurs* en útgefendur þess sendu íbúum ítrekað tóninn fyrir sinnuleysi við að senda blaðinu efni.

Fyrstu tölublöð annars og þriðja árgangs *Baldurs* hófust á upphafsávarpi og má af þeim sjá að útgefendur töldu útgáfuna nauðsynlega fyrir innra samtal meðal hreppsbúa og til að efla framfarir. Í upphafsávarpi þriðja árgangs var mælt fyrir munn blaðsins og sagt:

Í stórum og strjálbýlum sveitum þar sem samfundir manna eru miklum erfiðleikum bundnir, eiga menn harla lítinn kost á að reyna skoðanir sínar, til farsældar fyrir sig og fjöldan í sameiningu. Ég og mínir líkar erum rétt kjörnir meðalgangar manna innan sveita, til þess að leiða saman hugi þeirra.... Ef vér erum rétt notaðir ættum vér að geta verið sú talandi rödd er bergmálaði sérhvert orð einstaklingsins inn á hvert einasta heimili sveitanna, og leiða þannig fram á skoðunar sviðið margar gagnrýndar hugmyndir manna til eflingar sjálfstæði sveitarfél., en sem má ské, annars mundu lifa og deya á sama stað og þær fæddust á, án þess að bera nokkurn gagnlegan ávöxt. Mig furðar stórlega á því hversu fáir hafa trúað mér fyrir að birta mönnum ýmsar uppástungur sínar og athugasemdir sem þeir vita að þörf er að dreifa. Ég veit eigi hvað því veldur, en mig grunir að það stafi af litlu sjálfstrausti fyrir sumum en menningarleysi fyrir hinum. Hvoru þessu eða hverju öðru, er um að kenna gildir einu, en hitt varðar meiru að menn nú hristi af sér mókið og hætti hljóðskrafinu en láti hið kjarnbesta af baðstofuhjali sínu berast með mér út um sveitina.¹⁰²⁴

Í framhaldi af þessu upphafsávarpi birtist í blaðinu fyrsti hluti ítarlegrar greinar eftir ónefndan höfund sem nefndist „Horfur sveitanna. Með sérstöku tilliti til Breiðdals.“ Þessi fyrsti hluti innihélt samanburð á afkomu og menningu í sveita- og sjávarbyggðum, en líka framtíðarspá um samfélagsþróun þar sem höfundur taldi að félagsstarf og fundahöld myndu spila stórt hlutverk.¹⁰²⁵ Þessi fyrsta grein ber þess merki að hafa átt að verða fyrsti hluti lengri umfjöllunar og því kemur á óvart að niðurlag hennar birtist strax í næsta blaði og var það einungis stutt orðsending. Efni hennar var það að höfundur teldi ekki rétt að halda skrifunum áfram þar sem hann væri ákveðinn í að flytjast burt úr byggðarlaginu – líklega til Vesturheims, þó það sé ekki sagt berum orðum. Í eftirmála brást ritstjórn *Baldurs* illa við þessum málalýktum og sagði að höfundi hefði verið nær að halda þessu niðurlagi greinarinnar fyrir sjálfan sig.¹⁰²⁶ Útgáfa *Baldurs* virðist hafa haldið áfram til vors 1908 en á „einmánuðardag“ árið 1909 sendi ritstjórn blaðsins umburðarbréf til íbúa Breiðdals þar sem skýrt var hvers vegna ekkert blað hefði komið út þann vetur.

Að ég sá ekki fært að halda starfi mínu áfram, eins og liðna vetra, stafar af því að allur fjöldinn, virðir það að vettugi, það sýnir ljósast hversu fáir sjá mér fyrir verkefni, og auk þess er alveg **dæma laust**, hvað lítið er hirt um að greiða fyrir mér á ýmsum svæðum; já, er fyrir munað að fara mína ákvörðun leið, svo ef til vill margir þeir, sem hefðu máské getað haft not og skemtun af mér, *fá aldrei að sjá mig*; til þessa eru nokkur dæmi. Þetta eina atriði, að mér er fyrir munaður, af tómun trassaskap, alfaravegurinn, þá er ómögulegt fyrir mig að rækja köllun mína; það ég né útgef. mínir, sem eru orsök í því, að ég legg niður verk mitt; heldur almenningur.¹⁰²⁷

Þó erfitt sé að fullyrða um samfélagsleg áhrif þeirra málfundafélaga og sveitarblaða sem hér hefur verið fjallað um má lesa úr heimildunum meginþræði í samfélagssýn þátttakendanna; sýn sem í aðalatriðum miðaðist við aukna þátttöku almennings í umræðu um málefni samfélagsins og innbyrðis stuðning meðal þátttakenda við að efla tjáskiptahæfileika sína með það í huga að láta meira

¹⁰²⁴ *HerAust.* A6 324, 5. [Upphafsávarp] *Baldur* 3:1 ([nóvember] 1906) [án blaðsíðutals].

¹⁰²⁵ *HerAust.* A6 324, 5. „Horfur sveitanna,“ *Baldur* 3:1 ([nóvember] 1906) [án blaðsíðutals].

¹⁰²⁶ *HerAust.* A6 324, 5. „Horfur sveitanna,“ *Baldur* 3:2 (desember 1906) [án blaðsíðutals].

¹⁰²⁷ *HerAust.* A6 324, 5. *Baldur*. Umburðarbréf, dagsett á einmánuðardag 1909.

að sér kveða í almannarýminu. Í tilfelli sveitarblaðanna stríddi þessi samfélagssýn við tómlæti íbúa gagnvart því að styðja við útgáfuna auk þess sem dæmi sjást um beina mótspyrnu (gegn ritstjórn *Unglings*) þegar spjótum var beint að nærsamfélaginu. Ritstjórar sveitarblaða litu margir á það sem hlutverk sitt það að skapa samtal meðal íbúa um hagsmuni og framtíðarsýn, sem er lýðræðisleg áhersla því hún miðaði að breiðri þátttöku, ekki aðeins þeirra sem nutu fulls þegnréttar.

4.4.8 Félagastarf: framtak, viðhorf og væntingar

Þegar reynt er að meta árangur af starfi félaga og möguleika þeirra til að skjóta rótum þarf að beina augum að samfélögunum sem þeim er ætlað að starfa í. Þar skiptir ekki aðeins máli framkvæmdavilji þess fólks sem vildi drífa félagastarf áfram, viðhorf þess og væntingar til starfsins, heldur líka hvernig aðrir brugðust við. Sýndi það stuðning, áhuga, tómlæti eða andúð á framtakinu? Í þessum kafla verður fjallað um félagslega áhrifaþætti sem bæði knúðu félagastarf og hömluðu því.

Í samtímaheimildum og sjálfsævisögum fólks sem var komið á fullorðinsár um og fyrir aldamótin 1900 má víða sjá vitnisburði um áhrif samfélagsleiðtoga á félagslíf. Þrátt fyrir vaxandi félagastarf, með sífellt almennari þátttöku, lýðræðislegum vinnubrögðum í félögum og nýjum ábyrgðarhlutverkum sem fylgdu starfi þeirra, sem kölluðu á forgöngu fleira fólks, var enn grunnt á því viðhorfi allt fram undir lok rannsóknartímans að árangur af félagastarfi réðist af því að fram kæmi afgerandi leiðtogi. Framan af þessu tímabili var yfirleitt litið til presta að taka forystu í samfélagsmálum, þ.m.t. félagastarfi, og margir þeirra gripu það kefli og báru áfram, einkum í búnaðar-, lestrar- og bindindisfélögum. Upp úr aldamótum var hið gamla stigveldi sveita-samfélagsins tekið að riðlast vegna samfélagsbreytinga og því óljósara en áður hver eða hverjir ættu að taka að sér leiðtogahlutverk. Eftir sem áður voru þó áköll eftir afgerandi leiðtogum.

Í félögum sem störfuðu á fyrstu árum 20. aldar var yngra fólk orðið meira áberandi í forystu, einkum fólk sem hafði hleypt heimdraganum og sótt atvinnu eða menntun fjarri heimabyggð. Í þeim hópi voru mest áberandi ungir karlar sem lokið höfðu námi við búnaðar- eða gagnfræðaskóla. Þó freistandi sé að draga línu kynslóðaskipta við stofnun ungmennafélaga var sú þróun að yngra fólk leiddi félagastarf í nokkrum mæli hafin fyrir tilkomu þeirra. Það fólk hafði aflað sér reynslu af félagsmálum, ýmist í skólum eða undir handarjaðri eldra félagsmálafólks. Á fyrsta áratug 20. aldar tók einnig að verða áberandi að fólk sem var áhugasamt um félagastarf og taldi það mikilvægt fyrir þróun samfélagsins hefði miklar (jafnvel óraunhæfar) væntingar til þess og væri á stundum óþreyjufullt. Erfiðasti andstaðingurinn sem það fólk átti við að etja virðist þó ekki hafa verið andstaða samfélagsins gagnvart félagastarfi heldur fremur tómlæti þess.

Vorið 1904 lýsti Baldvin Benediktsson (1855–1909), bóndi á Þorgerðarstöðum í Fljótssdal, áhyggjum af stöðu félagslífs í sveitinni í bréfi til Halldórs Stefánssonar sem þá bjó á Seyðisfirði. Baldvin gat þess í bréfinu að árlegir fundir sem haldnir hefðu verið á sumardaginn fyrsta hefðu fallið niður um nokkurra ára skeið. Hann taldi það slæmt því þessir fundir hefðu verið gagnlegir og skellti Baldvin skuldinni á formann búnaðarfélags hreppsins (tengdaföður Halldórs). Það væri á hans ábyrgð að kalla til funda, þó ekki væri til annars en að kanna hug manna til þess að halda félaginu áfram. Baldvin kvaðst hafa hvatt formanninn til að boða til fundar þó hann væri óviss um að það myndi „blása einhverjum lífsneista í sveitarfélagið ... Það getur auðvitað verið að bændur og búaliðar kunni ekki fyllilega að nota þenna rjett sinn meðan þeir ekki aukast að andlegum skilningi og þroska betur en enn er orðið, en við skulum þó von hins besta.“¹⁰²⁸ Út frá umkvörtun Baldvins má velta vöngum yfir því hvort formaðurinn hafi verið dragbítur á félagastarfið eða hvort

¹⁰²⁸ *HerAust.* A6 177, 2. Bréf frá Baldvin Benediktssyni til Halldórs Stefánssonar, dags. síðasta vetrardag 1904.

hann hafi metið það svo að ekki væri fyrirhafnar virði að standa fyrir viðburðum þar sem áhuga skorti, sem er nokkuð sem Baldvin virðist raunar sjálfur hafa gert ráð fyrir að væri líkleg skýring.

Finna má mörg dæmi í sjálfsævisögum og sendibréfum um að efling og vöxtur félagslífs væri beinlínis tengdur við framtak og hvatningu sóknarpresta. Eitt skýrasta dæmið voru áhrif Einars Jónssonar sóknarprests í Kirkjubæ í Hróarstungu, sem tók við embætti árið 1889. Guðmundur Jónsson frá Húsey hélt því fram í sjálfsævisögu sinni að sveitarlíf í Hróarstungu hefði tekið að lifna með komu Einars. „Hann var menntamaður mikill og félagslyndur framfaramaður. Kennari var hann góður og lét sér mjög umhugað um að efla bæði bóklega og verklega þekkingu.“¹⁰²⁹ Fyrir hans tilstuðlan fóru ungir menn í sveitinni að sækja skóla, bæði á Eiðum og Möðruvöllum, en fram að því hafði enginn sótt þá. Jón Jónsson á Nefbjarnarstöðum í Hróarstungu las yfir handrit að sjálfsævisögu Guðmundar. Í bréfi til hans sagði Jón að ályktanir Guðmundar um félagsleg áhrif Einars Jónssonar síst orðum aukin og taldi Jón að enn eimdi eftir af þeim (árið 1933).¹⁰³⁰

Eins og áður hefur komið fram gat skipan presta í embætti valdið deilum og verið meðal þess sem helst skapaði langvarandi togstreitu og flokkadrætti meðal fólks í nærsamfélögum. Hvernig valdaþræðir í nærsamfélögum lágu er oft á tíðum erfitt að greina, sem og áhrif stigveldis á daglega umgengni fólks við hvert annað. Frásögn Ólafs Jónssonar (1895–1980) frá Freyshólum er áhuga-vert innlegg í athugun á valdaafstæðum í nærsamfélögum þessa tíma. Ólafur ræddi í sjálfsævisögu sinni um félagastarf í Vallahrepp. Hann var kosinn formaður ungmennafélagsins skömmu eftir að hann flutti í hreppinn (árið 1914) og segir Ólafur kosningu sína í það embætti hafa verið málamiðlun vegna togstreitu innan sveitarinnar. Ólafur reyndi með fulltingi frænda síns, Jóns Kjerúlfs á Hafursá, að koma á fót lestrarfélagi og bókasafni og fluttu þeir tillögu um það efni á almennum hreppsfund. Sú tillaga mætti tómlæti flestra, sem þó tóku jákvætt í hana, en beinni andstöðu sóknarprestsins, Magnúsar Blöndal Jónssonar í Vallanesi. Málið fékk ekki afgreiðslu og dagaði uppi, Ólafi til sárra vonbrigða. Í sjálfsævisögu sinni skýrir Ólafur þessi málalok svo: „Síðar sá ég svo, að við höfðum hagað okkur mjög óhyggilega. Við hefðum auðvitað átt að vera búnir að tryggja okkur stuðning einhverra áhrifamanna í hreppnum, áður en við komum með málið á fundinn, og helzt að fela þeim flutning málsins, en koma sjálfir hvergi nærri. Þess var engin von, að stórbændur í Vallahreppi létu svona unga angurgapa segja sér fyrir verkum.“¹⁰³¹ Þessi ályktun Ólafs er eftirtektarverð og bendir til þess að stigveldi feðraveldisins hafi þá enn staðið sterkt í Vallahrepp og að móttökur tillagna hafi fremur ráðist af því hvaðan þær komu en af innihaldi þeirra. Þeim sem voru undirskipaðir í stigveldinu var ekki ætlað að innleiða almenn mál. Ólafur var vinnumaður á Egilsstöðum hjá Jóni Bergssyni fyrst eftir flutning sinn í Vallahrepp árið 1914. Leiða má líkur að því að andstaða Magnúsar Blöndal við tillögu Ólafs og Jóns frá Hafursá hafi litast af átökum milli hans og Jóns Bergssonar sem hófust með stofnun fríkirkjunnar.

Þó fólk styddi ákveðna tegund félagastarfs var ekki þar með sagt að það væri hrifið af öðrum. Starfsemi bindindisfélaga og stúka var t.d. fjarri því öllum að skapi og sjást þess dæmi að tilkomu þeirra væri kennt um að annað félagsstarf lagðist af.¹⁰³² Tilburðir til að stofna bindindisfélög mættu víða tómlæti eða jafnvel beinni andstöðu. Sum samfélög voru lítt móttækileg fyrir bindindisboðskap. Ef marka má orð Jón Kjartanssonar, bónda á Arnórsstöðum á Jökuldal, í bréfi vorið 1891 var hans sveit dæmi um það. „Bindindi ekki nefnt á nafn. Bakkus dýrkaður og fl. er gerir sveitinni meynri hneisu en sóma ... spilamennska, brall og fl. meðal hinna yngstu manna.“¹⁰³³

¹⁰²⁹ Guðmundur Jónsson (frá Húsey), „Minningaþættir Guðmundar í Húsey“, 147.

¹⁰³⁰ *Lbs.* 4382 4to. Bréf frá Jóni Jónssyni til Guðmundar Jónssonar (frá Húsey), dags. 3. maí 1933.

¹⁰³¹ Ólafur Jónsson, *Á tveimur jafnfljóttum*, 1:297.

¹⁰³² *HerAust.* A6 494, 5. Bréf frá Indriða Helgasyni til Gísla Helgasonar, dags. 8. janúar 1907; *HerAust.* A6 494, 6. Bréf frá Indriða Helgasyni til Gísla Helgasonar, dags. 14. janúar 1908.

¹⁰³³ *HerAust.* A6 48, 15. Bréf frá Jóni Kjartanssyni til Sigurðar Sigurðssonar, dags. 25. apríl 1891.

Bindindismenn kvörtuðu líka yfir því að sumir andstæðingar þeirra sættu færiss að halda áfengi að meðlimum bindindisfélaga í þeim tilgangi einum að freista þeirra til að brjóta bindindisheit sín. Væntanlega hafa orðaskipti fólks úr andstæðum fylkingum verið algengasta birtingarmynd núnings, sem og táknað andstaða við bindindisstarf. Skoplegt dæmi um slíkt má finna í ferðasögu sem Guðmundur Jónsson frá Húsey ritaði um ferð sína með strandferðaskipi frá Borgarfirði eystri til Reykjavíkur síðsumars 1898. Guðmundur gat í frásögninni ýmissa fyrimanna sem voru með í ferðinni og sagði frá samkomu sem haldin var um borð í skipinu. Á Seyðisfirði kom Hallgrímur Sveinsson biskup um borð ásamt eiginkonu og syni. „Var þar haldinn mikill bindindisfundur um kvöldið, og voru þeir þar heiðursgestir, biskup, Friðrik sonur hans og Sigurður Júl. Jóhannesson; héldu þeir langar ræður, en þunnar. Biskup talaði nokkur orð á eftir af miklum vísdomi; en fundurinn hafði þau áhrif á mig, að eg fékk með sóðavatn og koníak á eftir, og hafði þó ekki ætlað mér að gera það.“¹⁰³⁴

En tortryggni gagnvart félagastarfi beindist ekki aðeins að bindindisfélögum. Frammámenn kaupfélaga og ungmennafélagsfólk þurftu líka að takast á við neikvæð viðhorf. Í júní 1907 skrifaði Jón Jónsson bóndi á Þorgrímsstöðum í Breiðdal bréf til Hóseasar Bjarnasonar (1842–1917), fyrrum sveitunga síns sem þá var fyrir nokkru fluttur til Vesturheims. Bréfið er hefðbundið vinarbréf og einkennist af fréttum, frásögnum af heimilishögum og lýsingum af tíðarfari. Jóni virðist þó hafa verið dálítið niðri fyrir þegar hann skrifaði bréfið og var ástæðan ósamlyndi í byggðarlaginu. „Ekki væri rjett sagt frá ef jeg segði að alt gengi hjer fryðsamlega í sveitinni. Það er nú orðið töluvert sundurlyndi – meira ætla jeg ekki að hafa það – með kaupfélagsmönnum.“¹⁰³⁵ Vorið 1908 vék Jón aftur að því sama í bréfi til Hóseasar. Þar sagði hann frá versnandi stöðu kaupfélagsins og viðvarandi ólgu meðal félagsmanna þess. „Jeg held nú það fari að rætast sem suma grunaði um fjelagskap þenna, að hann mundi ekki verða sem heilla drýgstur eða lang gæfur.“¹⁰³⁶

Guðrún Kristjánsdóttir húsfreyja á Þorgrímsstöðum skrifaðist á við Ingibjörgu dóttur Hóseasar Bjarnasonar. Guðrún virðist, líkt og eiginmaður hennar, hafa verið nokkuð tortryggin á félagastarf. Í bréfi sem hún ritaði Ingibjörgu snemma árs 1913 sagði hún frá starfi Ungmennafélags Breiðdæla. Félagsfundum hafði fækkað og einum af upphafsmönnum félagsins hafði verið vikið úr því árið áður „því einhvert ósamkomulag kom uppí fjelagi þessu, sem þó átti að vera stofnað í því augnamiði, að vinna þar að öllu, sem bezt mætti sóma, inn og útá við, svo sem með góðu samkomulagi, frið, og eindrægni. Því varð nú þessi útkoman.“¹⁰³⁷

Finna má allmörg dæmi í sendibréfum um frásagnir af félagastarfi. Það voru þó skemmtanirnar sem félög stóðu fyrir sem helst komu til umræðu og þar bar dansinn hæst. Hann var orðinn útbreiddur um aldamótin 1900 og var þá stór þáttur í félagslífi fólks bæði í bæjum og sveitum. Í grein í *Vorboða*, félagsblaði ungmennafélagsins Egils rauða í Norðfirði, árið 1919 hélt Jón Bjarnason á Skorrastað því fram að dansinn hefði komið til Austurlands á níunda áratug 19. aldar og tengdi hann tilkomu hans við kynni Austfirðinga af norskum síldveiðimönnum.¹⁰³⁸ Algengt var að samkomur og fundir félaga, einkum bindindisfélaga um aldamótin, enduðu með balli þar sem dansað var lengi dags og jafnvel fram til morguns. Fámennar sveitir voru þar ekki undanskildar. Í bréfi veturinn 1903 sagði Sigurður Baldvinsson frá Stakkahlíð í Loðmundarfirði Stefáni bróður sínum frá fimm vikna dvöl sinni á Fljótsdalshéraði (í Eiða- og Hjaltastaðapínghám) þar sem Sigurður var að leita sér tilsagnar. Hann kvaðst hafa orðið ánægðari eftir því sem lengur dróst að

¹⁰³⁴ Guðmundur Jónsson (frá Húsey), „Minningaþættir Guðmundar í Húsey“, 185.

¹⁰³⁵ *Lbs.* 3849 4to. Bréf frá Jóni Jónssyni til Hóseasar Bjarnasonar, dags. 11. júní 1907.

¹⁰³⁶ *Lbs.* 3849 4to. Bréf frá Jóni Jónssyni til Hóseasar Bjarnasonar, dags. fyrsta föstudag í sumri 1908.

¹⁰³⁷ *Lbs.* 3849 4to. Bréf frá Guðrúnu Kristjánsdóttur til Ingibjargar Hóseasdóttur, dags. 21. febrúar 1913.

¹⁰³⁸ Smári Geirsson, *Norðfjarðarsaga II*, 2:755–756. Smári birti alllanga beina tilvitnun úr grein Jóns í *Vorboða* og bætir við að fleiri heimildir styðji orð Jóns um tilkomu og útbreiðslu dansins á Austurlandi.

hann væri sóttur og ein helsta ástæða þess voru böllin. „Það er alltaf verið að dansa og halda böll, þarna í héraðinu fá böll voru nú haldin, meðan eg var í efra, það var haldinn bindindisfundur, og dansað svo heila nótt á eptir.“¹⁰³⁹ Síðla árs 1903 skrifaði Sigurður aftur bréf til Stefáns og þar greindi hann frá balli sem haldið var á Úlfsstöðum í Loðmundarfirði þar sem dansað var alla nóttina og fram á bjartan dag við fiðluundirleik. Sex manns fóru frá Stakkahlíð, en foreldrar þeirra bræðra sátu heima. Sigurður sagði að búið væri að halda annað ball hefði tíðin ekki verið svo slæm.¹⁰⁴⁰ Í bréfi til Stefáns skömmu síðar gat Sigurður um ball sem haldið var á Klyppstað á nýársdagskvöld. Þangað fór allt heimilisfólk í Stakkahlíð nema Baldvin, faðir þeirra bræðra.

Þrátt fyrir ánægju með danssamkomur sá Sigurður þó líka vankanta á dansáhuga fólks og taldi hann leiða til að glímur ungra manna væru á undanhaldi í Loðmundarfirði. Það þótti honum slæm þróun. Sigurður kvaðst vilja hafa hvort tveggja og hugðist hann reyna að koma á reglulegum glímufundum.¹⁰⁴¹ Ingibjörg Stefánsdóttir, móðir Stefáns og Sigurðar, ræddi einnig um dans í bréfi til Stefáns síns síðla árs 1904 – en með nokkuð öðrum formerkjum en Sigurður. Ingibjörg sagði: „Hér verður að líkindum lítið um böll í vetur þar það er æði dömu fátt þar sem nú er 5 dömum færri en í fyrra vetur þau mega líka missa sig böllin að mér fýnst.“¹⁰⁴² Mjófirðingar stigu dans oft og ítrekað á upphafsárum 20. aldar, að því er fram kemur í bréfum frá þeim tíma. Þar voru dansskemmtanir hluti af starfi bindindismanna og virðast hafa verið eitt helsta aðdráttaraflið að samkomum þeirra.¹⁰⁴³ Benedikt Sveinsson (1846–1931) á Borgareyri kvartaði yfir því í bréfi árið 1902 að stúkustarfi í Mjóafirði hefði hnignað enda hefði fólkið meiri áhuga á dansi en stúkustarfi. „Það er þetta gamla: valla og ekki fundafært á lögboðnu fundunum, en svo húsfullir og meira til, ef dans er á eftir.“¹⁰⁴⁴

Af heimildum frá Fljótsdalshéraði má sjá dæmi þess að tíðni dansskemmtana væri notuð sem mælikvarði á styrk félagslífs. Í bréfi sem Gísli Helgason frá Skógargærði (sem var þá við nám í Möðruvallaskóla) skrifaði Indriða bróður sínum veturinn 1902 átaldi hann Indriða og aðra Fellamenn fyrir framtaksleysi að hafa ekki einu sinni komið á einu balli allan veturinn og taldi það til marks um félagslega deyfð.¹⁰⁴⁵ Næstu ár færðist aukinn kraftur í félagslíf Fellamanna sem virðist mega tengja við tilkomu Málfundafélagsins Öldunnar, sem áður var fjallað um. Er nær dró lokum fyrsta áratugar 20. aldar dofnaði yfir félagslífi í Fellahreppi og má sjá vitnisburði um óánægju með það í bréfum frá þeim tíma. Síðla árs 1907 skrifaði Gunnlaugur Eiríksson í Bót í Hróarstungu bréf til Indriða Helgasonar frá Skógargærði (sem þá var búsettur í Danmörku). Þar sagði Gunnlaugur: „Engar samkomur og ekkert skemt sér. Málfundafélagið er alveg að sofna.“¹⁰⁴⁶ Rúmu ári síðar sagði Gunnlaugur fátt af félagslífi í sinni sveit en meira af framtaki nágretta Fellamanna í Eiðáþinghá: „Á Eiðum var stofnað ungmennafélag fyrir hálfum mán. sem heldur skemmtanir á hverjum sunnudegi til sumarmála, innan takmarka félagsins. Aðallega er þar glímt og sungið og talað eða haldnar ræður en sem komið er, en fleira verður víst gert þar sér til skemtunar þegar því vex fiskur um hrygg.“¹⁰⁴⁷ Í bréfi sem Gunnlaugur skrifaði skömmu fyrir árslok 1910 lofaði hann starfsemi ungmennafélagsfólks í Eiðáþinghá en að sama skapi þótti honum lítið um að vera í sinni sveit: „Mér þykir nú í rauninni samt heldur dauft hér í kringum mig, það er svo nauða þunnskipað af

¹⁰³⁹ *HerAust.* A6 187, 5. Bréf frá Sigurði Baldvinssyni til Stefáns Baldvinssonar, dags. 22. mars 1903.

¹⁰⁴⁰ *HerAust.* A6 187, 5. Bréf frá Sigurði Baldvinssyni til Stefáns Baldvinssonar, dags. 10. desember 1903.

¹⁰⁴¹ *HerAust.* A6 187, 5. Bréf frá Sigurði Baldvinssyni til Stefáns Baldvinssonar, dags. 4. janúar 1904.

¹⁰⁴² *HerAust.* A6 188, 2. Bréf frá Ingibjörgu Stefánsdóttur til Stefáns Baldvinssonar, dags. 19. nóvember 1904.

¹⁰⁴³ *HerAust.* A6 280, 6. Bréf frá Páli Vilhjálmsyni til Hjálmars Vilhjálmssonar, dags. 30. janúar 1904; *HerAust.* A6 280, 22. Bréf frá Hermanni Benediktssyni til Hjálmars Vilhjálmssonar, dags. 6. mars 1903.

¹⁰⁴⁴ *HerAust.* A6 280, 22. Bréf frá Benedikt Sveinssyni til Páls Vilhjálmssonar, dags. 4. desember 1902.

¹⁰⁴⁵ *HerAust.* A6 183, 19. Bréf frá Gísla Helgasyni til Indriða Helgasonar, dags. 24. febrúar 1901.

¹⁰⁴⁶ *HerAust.* A6 497, 1. Bréf frá Gunnlaugi Eiríkssyni til Indriða Helgasonar, dags. 27. nóvember 1907.

¹⁰⁴⁷ *HerAust.* A6 497, 1. Bréf frá Gunnlaugi Eiríkssyni til Indriða Helgasonar, dags. 15. mars 1909.

þessu yngra fólki. Ég þarf helzt að fara út úr sýslunni til að fá mér snúning, hvað þá ef um eitthvað meira væri að ræða.¹⁰⁴⁸ Jón Hallgrímsson frá Skeggjastöðum í Fellum sagði Indriða Helgasyni frá fjörugu félagslífi Fljótisdælinga í bréfi árið 1907. „Það er líf og fjör í því í Fljótisdalnum sífeld böll 5 í rennu maður fréttir ekki um annað en böll, við strákarnir vorum á einu á Arnheiðarstöðum.“¹⁰⁴⁹ Þó Fellamönnum þætti dauðlegt heima fyrir um þetta leyti bera bréf þeirra vitni um að öflugt félagslíf hafi verið í nágrennabygðum.

Ekki aðeins virðist félagastarf víða hafa risið af framtaki fárra einstaklinga sem drógu vagninn, heldur verður að hafa í huga það viðbótarálag sem því fylgdi að standa fyrir skipulögðu félagastarfi ofan á annir í daglegu lífi. Ólafur Jónsson (1895–1980) var virkur í starfsemi ungmennafélagsins Fram í Hjaltastaðapinghá undir lok fyrsta og í byrjun annars áratugar 20. aldar og sagði hann frá starfi þess í sjálfsævisögu sinni. Félagið fundaði mánaðarlega en fundirnir voru tímafrekir vegna langra ferða og á stundum torveldra. Illa gekk að safna efni í félagsblaðið *Baldur* og forsjá þess var tímafrek. Ungmennafélagið var fámennt og að sögn Ólafs voru flestir félagsmenn „fákunnandi“ en áhugasamir.¹⁰⁵⁰ „Smám saman varð ég þátttakandi í öllum viðfangsefnum ungmennafélagsins, fór jafnvel að skrifa í blaðið, bæði laust og bundið mál, en ósköp held ég það hafi nú verið vanburða og barnalegt. Þar kom að lokum, að ég var gerður að formanni félagsins. Um það var ég auðvitað algerlega ófær, aðeins 16–17 ára strákur, án menntunar og lífsreynslu. Má af þessu marka, að mannval hafi ekki verið mikið í félaginu.“¹⁰⁵¹ Af frásögn Ólafs að dæma var félagastarfi í sveitinni tekið að hnigna í byrjun annars áratugar 20. aldar miðað við það sem hafði verið árin á undan. Ólafur fluttist í Kóreksstaði í Hjaltastaðapinghá árið 1907 en þar var þinghús sveitarinnar. Þar voru næstu ár haldnir fundir og samkomur og einkum var það ungmennafélagið sem hélt reglulega fundi, ýmist málfundir eða glímuæfingar. Auk þess var kraftur í starfi búnaðarfélags og lestrarfélags.¹⁰⁵²

Gott dæmi um það álag og þann tíma og fyrirhöfn sem þurfti að leggja í félagsstarf og þátttöku í fundum má finna í dagbókum Ara Brynjólfssonar bónda á Þverhamri í Breiðdal. Eftirfarandi brot eru tekin úr dagbók hans frá 14. júní til 16. júlí 1908.

Jón Ólafsson kominn til Björns, ætlar að halda fund á morgun [14.6] ... Hreppamót [17.6] ... Almennur safnaðarfundur haldinn að lokinni messu [21.6] Þá hjelt jeg Lestrarfélagsfund og Bústofnsleigusjóðsfund og Björn R. Stefánsson fund um kvennaskólann og yfirsetukonur. Í tjaldi við Lögrjetti. Fáir sóttu fundinn. [27.6] ... Manntalsþing [3.7] ... Fórum við hjónin uppað Stekk. Bústofnsleigusjóðsfundur [9.7] ... Hólar komu til Breiðdalsvíkur og með þeim þrjú þingmannsefni. [10.7] ... Þingmálafundur að lokinni messu í Eyðölum. Viðstaddir þrír frambjóðendur, Jón Múli, Jón Ólafsson og Sveinn í Firði, þar voru flestir bændur og margir fl. á annað hundrað manns [16.7].¹⁰⁵³

Forganga að stofnun félaga og þátttaka í starfi þeirra var vissulega ekki bara álag og erfiði. Víða náðist sýnilegur árangur og mörg félög sem stofnuð voru á rannsóknartímanum urðu áhrifamikil í samfélaginu og lifðu í ár og áratugi. Einstaklingar sem voru drífandi og fullir áhuga á að rífa upp félagastarf gátu haft viðtæk og langvarandi áhrif með athöfnum sínum. Einn slíkur var Þorsteinn M. Jónsson frá Útnyrðingsstöðum í Vallahreppi, síðar alþingismaður og bókaútgefandi, sem var einn helsti brautryðjandi ungmennafélagshreyfingarinnar á Austurlandi. Hann útskrifaðist frá Möðruvallaskóla vorið 1905 og bjó veturinn á eftir (1905–1906) á Akureyri þar sem hann starfaði

¹⁰⁴⁸ *Her.Aust.* A6 497, 1. Bréf frá Gunnlaugi Eiríkssyni til Indriða Helgasonar, dags. 26. desember 1910.

¹⁰⁴⁹ *Her.Aust.* A6 497, 1. Bréf frá Jóni Hallgrímssyni til Indriða Helgasonar, dags. 6. febrúar 1907.

¹⁰⁵⁰ Ólafur Jónsson, *Á tveimur jafnfljótum*, 1:91, 132–133.

¹⁰⁵¹ Ólafur Jónsson, *Á tveimur jafnfljótum*, 1:93.

¹⁰⁵² Ólafur Jónsson, *Á tveimur jafnfljótum*, 1:91, 102–103.

¹⁰⁵³ *Her.Aust.* A6 65, 3. Dagbækur Ara Brynjólfssonar á Þverhamri í Breiðdal 1907–1911.

sem heimiliskennari. Þorsteinn tók þátt í stúkustarfi á Akureyri og í starfi Ungmennafélags Akureyrar sem stofnað var á nýársdag 1906.¹⁰⁵⁴ Um vorið fór Þorsteinn austur í Útnyrðingsstaði. Þar stofnaði hann fyrsta ungmennafélagið á Austurlandi, Morgunstjörnuna í Vallahreppi. Haustið 1907 fluttist hann til Seyðisfjarðar til að gerast verslunarmaður en varð brátt afhuga því og sneri sér að barnakennslu. Á Seyðisfirði tók Þorsteinn þátt í að stofna stúkuna Freyju og varð æðstitemplar hennar. Snemma árs 1908 stofnuðu Þorsteinn og Halldór Stefánsson, þá forstöðumaður söludeildar Pöntunarfélagsins á Seyðisfirði, ungmennafélag í kaupstaðnum. Með þeim í fyrstu stjórn þess var Hákon Finnsson unglingakennari (sem fjallað er um í kafla 4.5.3).¹⁰⁵⁵ Þorsteinn tók virkan þátt í kosningabaráttunni fyrir alþingiskosningarnar haustið 1908, bæði gegn uppkastinu en þó einkum á vegum bindindismanna. Stórstúka Íslands réði Þorstein til að ferðast um Austfirði og vinna menn til fylgis við málstaðinn.¹⁰⁵⁶

Lífslíkur félaga byggðu einkum á því að frumkvöðlunum tækist að vinna bug á tómlæti samfélagsins og fá fleiri til þátttöku í starfinu. Það var þó upp og ofan hvernig það gekk. Misheppnaðar tilraunir til stofnunar og starfrækslu félaga voru til þess fallnar að sá tortryggni meðal fólks um möguleika félagastarfs og gera þeim erfitt fyrir sem síðar reyndu að koma slíku á lagginar. Nýtsemi félagsskapar var meginhvatinn framan af rannsóknartímanum, sem reynt var að virkja og nýta til að efla þátttöku í félagastarfi. Þegar 20. öldin gekk í garð voru þau tækifæri sem félagastarf gaf til samveru og skemmtunar hins vegar orðin veigamesti þátturinn í tilvist og viðgangi félaga. Ein helsta ógnin sem stafaði að félagastarfi í sveitum í upphafi 20. aldar var brottflutningur fólks, einkum yngra fólks sem þá bar víða uppi félagastarfið.

4.5 Austfirsk tilvik: fólk á tvennum tímum

Í þessari ritgerð hefur sjónarhornið færst smám saman frá hinu almenna til hins sértæka og því er við hæfi að síðasti kafli þessa hluta fjalli um einstaklinga sem bjuggu á Austurlandi á rannsóknartímanum og tóku virkan þátt í félags-, menningar- og menntalífi sinna nærsamfélaga. Efni þessa kafla er ætlað að koma með persónulegra sjónarhorn á þær samfélagsbreytingar sem hér hefur verið fjallað um. Þar er einkum vísað til vaxandi félagastarfs sem og fjölbreyttari möguleika til menntunar, atvinnu og búsetu. Sú leið var farin að velja fólkið með það að markmiði að ná sem breiðustu sjónarhorni en valið ræðst líka óhjákvæmilega af þeim heimildum sem eru aðgengilegar. Hér verður sjónum beint að athafnasamri og sjálfstæðri konu úr fámennri byggð á Austfjörðum, systkinahóp á Fljótsdalshéraði sem var að komast á fullorðinsár um og upp úr aldamótum og aðfluttum karlmanni sem átti lítil tengsl við Austurland þegar hann kom þangað en varð engu að síður virkur þátttakandi í fleiru en einu austfirsku samfélagi. Líkt og mikill meirihluti Íslendinga á síðari helmingi 19. aldar var allt þetta fólk upprunnið í sveit. Þau voru börn venjulegs íslensks sveitafólks og ólust upp í sveitasamfélaginu.

4.5.1 Arnbjörg Stefánsdóttir og Framfarafélag Loðmundarfjarðar

Lífshlaup Arnbjargar Stefánsdóttur (1853–1937) var um margt sérstætt og heimildir um það gefa skýrt til kynna að hún hafi verið bæði framkvæmdasöm og ákveðin en umfram allt mjög áfram um að vera sjálfstæð og ekki öðrum háð. Það var þó ekki auðhlaupaverk fyrir konu í íslensku samfélagi 19. aldar og bæði í trássi við ríkjandi samfélagsgerð og hugmyndir um eðlislæg hlutverk kvenna.

¹⁰⁵⁴ Viðar Hreinsson, *Gafuleit*, 38.

¹⁰⁵⁵ Viðar Hreinsson, *Gafuleit*, 39–40.

¹⁰⁵⁶ Viðar Hreinsson, *Gafuleit*, 40–42.

Arnbjörg var fædd og uppalin í Stakkahlíð í Loðmundarfirði, dóttir húsráðenda þar, Stefáns Gunnarssonar (1816–1894) og Þorbjargar Þórðardóttur (1811–1887). Einn bræðra Stefáns í Stakkahlíð var Sigurður Gunnarsson (1812–1878) alþingismaður og prestur, síðast á Hallormsstað. Systkinahópurinn í Stakkahlíð var stór, en ein systra Arnbjargar var Ingibjörg Stefánsdóttir (1851–1929) sem síðar varð húsfreyja í Stakkahlíð og kvæntist Baldvin Jóhannessyni (1853–1942). Ingibjargar og Baldvins sem og sona þeirra, Stefáns (1883–1964) og Sigurðar (1887–1952), hefur áður verið getið í þessari ritgerð og koma þau einnig við sögu í þessum kafla.

Arnbjörg fór til Danmerkur með tilstyrk bróður síns árið 1876 eða 1877. Þar vann hún á smjörgerðarþú og keypti þrjónavél sem hún lærði á. Arnbjörg kom heim árið 1878 og hafði meðferðis þrjónavélina sem hún notaði til að skapa sér atvinnu. Hún settist að á Seyðisfirði og tók að starfa sjálfstætt við þrjónaskap. Með því skipaði Arnbjörg sér í fámennan hóp einhleypra íslenskra kvenna sem störfuðu sjálfstætt undir lok 19. aldar og létu með því reyna á þanþol samfélagsins. Arnbjörg gekk enn lengra í þeim efnum á árunum 1904–1909, þegar hún gerði út fiskibát frá Seyðisfirði.¹⁰⁵⁷

Arnbjörg hafði hugmyndir um stofnun kvennaskóla á Austurlandi sem hún vildi reka í samvinnu við Búnaðarskólann á Eiðum, en sjálf hugðist hún vera kennari við fyrirhugaðan kvennaskóla. Um þá hugmynd ritaði hún í *Austra* haustið 1886 og sendi erindi sama efnis til sýslunefndar Norður-Múlasýslu, en sýslunefndin sinnti ekki erindinu og áformin runnu út í sandinn.¹⁰⁵⁸ Þau málalok ollu Arnbjörgu verulegum vonbrigðum. Hún sýndi þeim þó vissan skilning vegna margra misheppnaðra tilrauna til skólalahlds auk þess sem basl, harðæri og vond stjórn spilltu fyrir. Aðalvandamálið taldi hún þó að lægi í almennu hugarfari gagnvart menntun; „það er nú svona hörmulegt með hugsunarhátt alþýðu, eða margra, að álíta því fje illa varið sem eytt er til skólaveru eða náms í þeim.“¹⁰⁵⁹

Grein Arnbjargar um kvennaskóla í *Austra* er um margt áhugaverð, einkum fyrir þá samfélagssýn sem í henni birtist. Skoðanir Arnbjargar á því hvað bæri að kenna í kvennaskólum voru ekki það nýstárlega í skoðunum hennar, en kvennaskólana taldi hún eiga að vera eins konar „búnaðarskóla fyrir konur“ sem kenndu hagnýtar iðnir sem nýttust í daglegu heimilishaldi og væru starfræktir í tengslum við starfandi búnaðarskóla fyrir karla. Það sem var nýstárlegt voru þau hugarfarslegu og félagslegu áhrif sem hún ætlaði skólunum að hafa:

Ég óska eptir skólum, er hefðu af alvöru það mark og mið að umskapa tíðarandann, að útrýma þeim hugsunarhætti hjá þjóðinni, er stendur í vegi fyrir sönnum félagsskap og framförum, sem rýmdu burtu félagsleysi, tortryggni og eigingirni, er helzt til lengi hefur við brunnið hér á landi, sökum vanþekkingar, og sem hefur staðið mörgum lífsnauðsynlegum framförum fyrir þrifum; sem störfuðu að því að útrýma óhófsemi, glisgirni og leti, en innrættu nemendunum sparsemi, manndád og dugnað, og kenndu mönnum að verða gagnlegir í mannfélaginu.... eg álít rétt og sjálfsagt, að konum á Íslandi verði hið fyrsta gefinn kostur á að mennta sig á hverjum þeim skóla, sem þær gætu og vildu nota, líkt og nú er farið að tíðkast erlendis.¹⁰⁶⁰

Þessi skoðun Arnbjargar er undir ólíkum og á vissan hátt andstæðum áhrifum. Hér birtist skýrt ákall um breytingar og brýning til lesenda um að taka félagsformið til nota til að knýja framfarir af

¹⁰⁵⁷ Hjálmar Vilhjálmsson, „Arnbjörg Stefánsdóttir frá Stakkahlíð,“ 69–71, 79–81; Erla Hulda Halldórsdóttir, *Nútímans konur*, 266–267.

¹⁰⁵⁸ Erla Hulda Halldórsdóttir, *Nútímans konur*, 280–281; Arnbjörg Stefánsdóttir, „Meira um kvennaskóla,“ 19. nóvember 1886, 111.

¹⁰⁵⁹ Erla Hulda Halldórsdóttir, „Elskulega Margrét,“ 41. Tilvitnunina sem hér um ræðir tók Erla Hulda úr bréfi Arnbjargar til Margrétar, dags. 27. nóvember 1888.

¹⁰⁶⁰ Arnbjörg Stefánsdóttir, „Meira um kvennaskóla,“ 19. nóvember 1886, 111.

meiri þunga. En orð Arnbjargar fela líka í sér ákveðin einkenni nytjahyggju og dyggðasamfélagsins þar sem hún talar gegn löstum og fyrir viðurkenndum dyggðum sem beri að hafa að leiðarljósi. Það sem er eftirtektarverðast er að Arnbjörg setti fram skýlausa kröfu um jafnrétti til náms og rökstuddi hana með erlendum samanburði. Þessi grein var framhald greinar sem rituð var undir dulnefni og birtist í *Austra* skömmu áður. Í greininni sem vitnað var til hér á undan gekkst Arnbjörg við því að vera höfundur hinnar fyrri. Efni þeirrar greinar voru andmæli við fyrirhugaðan kvennaskóla á Seyðisfirði. Arnbjörgu þóttu hugmyndir um kennslu í þeim skóla ekki nógu hagnýtar heldur um of bundnar við finni hannyrðir.¹⁰⁶¹ Þessar greinar Arnbjargar eru mikilsvert framlag til stækkunar austfirskis almannarýmis. Þegar þær voru ritaðar var afar fátítt að konur tjáðu sig á síðum íslenskra blaða. Arnbjörg tók ekki aðeins það skref að blanda sér í opinbera umræðu, sem fram til þessa var nær einokun af kjósendum, heldur setti hún fram eigin tillögur að stofnsetningu og tilhögun opinbers skóla.

Erla Hulda Halldórsdóttir segir að bréf Arnbjargar til Margrétar Sigurðardóttur á Stafafelli í Lóni (þær voru bræðradætur) frá síðustu tveimur áratugum 19. aldar sýni „konu með sjálfstæðan vilja, konu sem breytti gegn viðteknu hegðunarmynstri.“¹⁰⁶² Arnbjörg kallaði hugsjónir sínar „mannalæti“ og „dirfsku“ í bréfum til Margrétar og skilgreindi sig sem „vandráðagrip.“ Erla Hulda segir að slík orðanotkun og sú vantrú á eigin getu sem í þeim felst sé dæmigerð fyrir margar konur á 19. öld sem ólust upp í karlasamfélagi og höfðu ekki sömu réttindi og möguleika og karlar.¹⁰⁶³ Arnbjörg sigldi til Kaupmannahafnar haustið 1883 með Margrétu, sem fór þangað að leita sér lækninga, og dvöldu þær í Kaupmannahöfn um veturinn.¹⁰⁶⁴ Hvað Arnbjörg fékkst við þann vetur er óvíst. Hún lærði ensku um 1890 en áform hennar um að sigla til náms urðu að engu þar sem enginn fékkst til að fjármagna námið. Þá niðurstöðu tengir Erla Hulda við kyn Arnbjargar.¹⁰⁶⁵

Eftir heimkomuna frá Danmörku árið 1878 beitti Arnbjörg sér fyrir stofnun Framfarafélags Loðmundarfjarðar. Í grein í tímaritinu *Hlin* árið 1939 sagði Halldór Pálsson (1887–1967) bóndi á Nesi í Loðmundarfirði, þáverandi formaður Framfarafélagsins, frá starfi félagsins og upphafi þess, en það hafði þá starfað í 59 ár. Mestu rúmi varði Halldór í að segja frá Arnbjörgu og hlut hennar í stofnun og starfsemi félagsins. „Eftir heimkomu sína átti hún frumkvæði að því að koma á fjelagi, er hefði það markmið að styrkja æskulýð sveitarinnar til mentunar og manndóms. — Stofnendur voru 7 ungmenni sveitarinnar, piltar og stúlur.“¹⁰⁶⁶ Fyrstu árin var áherslan í starfi Framfarafélagsins á að auka sjóð félagsins og ná honum upp í 1000 krónur. Það tókst árið 1898 og það ár var fyrsti styrkurinn veittur. Árstíllög félagsmanna og hlutaveltur voru aðaltekjulind félagsins. Tveimur árum áður lagði félagið fram styrk til stofnunar fyrirhugaðs kvennaskóla í Múlasýslum en þá höfðu vindar snúist með þeim hætti að sýslunefnd Norður-Múlasýslu, sem áratug áður sinnti ekki erindi Arnbjargar um stofnun kvennaskóla, var nú tekin að beita sér í málinu og leita stuðnings og fjárframlaga.¹⁰⁶⁷

Halldór Pálsson daldi ekki aðdáun sína á Arnbjörgu og þeim áhrifum sem hún hafði á samfélagið í Loðmundarfirði og kallaði hana „einn af boðberum menningar og manndóms, sem flutti vorgeisla og endurreisnarþrótt heim í sveitina sína.“ Um þau áhrif sem forganga Arnbjargar

¹⁰⁶¹ x+y [án titils], 29. september 1886, 95–96.

¹⁰⁶² Erla Hulda Halldórsdóttir, „Elskulega Margrét“, 43.

¹⁰⁶³ Erla Hulda Halldórsdóttir, „Elskulega Margrét“, 43, 46.

¹⁰⁶⁴ Jón Jónsson, *Minningarit*, 17–18, 22–23.

¹⁰⁶⁵ Erla Hulda Halldórsdóttir, „Elskulega Margrét“, 42.

¹⁰⁶⁶ Halldór Pálsson, „Loðmundarfjörður“, 112. Undir stofnskrána rita sjö einstaklingar nöfn sín: Arnbjörg Stefánsdóttir, Sigurður Einarsson, Þórunn Rustikusdóttir, Finnur Einarsson, Ingibjörg Þorbergsdóttir, Jóhann Þorbergsson og Sigríður Árnadóttir (sjá: *HerAust*. Hrepp 14/Loð 3, 8. Loðmundarfjarðarhreppur. Framfarafélag Loðmundarfjarðar. Stofnskrá frá árinu 1880 (afrit)).

¹⁰⁶⁷ Halldór Pálsson, „Loðmundarfjörður“, 112–113; Kvennaskólamálið, 2. apríl 1895.

hafði á samfélag heimabyggðar sinnar sagði Halldór: „Henni hugkvæmdist það snjallræði að stofna fjelag með hinum uppvaxandi ungmennum sveitar sinnar, sem hafði það markmið að styrkja æskulýð til menningar. Hún sá það 1880, sem ríkisstjórnin framkvæmdi ekki fyr en 1907, og þótt unga fólkið í Loðmundarfirði væri orðið fullorðið fólk, þegar fyrsti styrkurinn var veittur, þá hefur fjelagsstarfið án efa borið tilætlaðan árangur, að þroska fólkið og bæta það.“¹⁰⁶⁸ Halldór gefur það sterklega í skyn í grein sinni að framkvæmda- og umbótahug Arnbjargar megi rekja til dvalar hennar erlendis og hann heldur því fram að starfsemi Framfarafélagsins hafi eftir menningu byggðarinnar, einkum uppvaxandi kynslóða á síðustu áratugum 19. aldar. Félagið hafi haft langtímaáhrif á íbúa og leikið stórt hlutverk í því að vekja og viðhalda félagshugsun meðal þeirra. Langur líftími Framfarafélagsins sýnir að fjöldi félagsfólks þarf ekki að segja af eða á um líftíma félags. Í því voru að jafnaði tólf félagsmenn fyrstu sex áratugina, fæstir árið 1901 (6) en flestir árið 1925 (25).¹⁰⁶⁹

Arnbjörg giftist Sigurði Einarssyni (1859–1901) frá Sævarenda í Loðmundarfirði árið 1894 og bjuggu þau fyrst í Loðmundarfirði og síðan á Seyðisfirði. Sigurður bjó í Vesturheimi 1887–1893 en eftir heimkomuna varð hann oddviti Loðmundarfjarðarhrepps og síðar hreppstjóri Seyðisfjarðarhrepps og fulltrúi Norður-Múlasýslu á Þingvallafundi árið 1895.¹⁰⁷⁰

Veruleg ólga var í trúarlífi Seyðisfjarðar um aldamótin 1900 og var undirrot hennar langvarandi óánægja meðal sóknarfólks með Björn Þorláksson prest á Dvergasteini. Í *Austra* var árið 1898 sagt frá fyrirhugaðri stofnun fríkirkjusafnaðar á Seyðisfirði og var helsta forystufólk þessa sagt vera hjónin Sigurður Einarsson og Arnbjörg Stefánsdóttir á Hánefsstöðum.¹⁰⁷¹ Ekki varð þó af stofnun fríkirkju en óánægja innan sóknarinnar hélt áfram og neitaði hluti sóknarfólks að þiggja prestþjónustu af séra Birni. Þetta ósætti tók nýja stefnu síðla árs 1901 eftir andlát Sigurðar Einarssonar. Um miðjan desember það ár birtist í *Austra* frétt undir fyrirsögninni „Einkennileg greftrun.“ Þar sagði frá greftrun Sigurðar sem var jarðsettur hjá íbúðarhúsi sínu á Hánefsstöðum, utan vígðrar moldar og án hefðbundinna kirkjusiða. Í fréttinni sagði að sóknarpresturinn hefði neitað að leyfa að jarðsetja Sigurð í kirkjugarðinum þar sem aðstandendur frábáðu sér prestþjónustu. Við athöfnina á Hánefsstöðum hafi aðventistinn Davíð Östlund talað og sálmar verið sungnir, en sleppt versum þar sem minnst var á Jesú.¹⁰⁷² Arnbjörg Stefánsdóttir brást harkalega við frétt *Austra* af útför eiginmanns síns. Í grein í *Bjarka* tveimur vikum síðar lýsti Arnbjörg fréttinni í *Austra* sem villandi og til þess fallinni að sá tortryggni í garð hennar og annarra þeirra sem ekki fylgdu trúarkenningum þjóðkirkjunnar en teldu sig engu að síður kristin. Hún sagði ritstjóra *Austra* vega að trúfrelsi og mannréttindum utanþjóðkirkjufólks með skrifum sínum.¹⁰⁷³ Arnbjörg tók aftur til máls um sama efni í *Bjarka* nokkru síðar. Þar lýsti hún sjálfri sér sem trúaðri konu en í andstöðu við þjóðkirkjuna og taldi hún alþýðu engin hætta búin þó þjóðkirkjan liði undir lok. „Aumíngja íslenska þjóð! sem virðist svo lítið þora að hugsa sjálfstætt í trúarefnum, viltu nú ekki reyna að taka stakkaskiftum við nýu aldarbyrjunina og fara að hreinsa dálítið til í hugskotum þínum, en dragnast ekki lengur áfram hálfsofandi og hálfhræsnandi í trúarlegum efnum?“¹⁰⁷⁴ Vegna greftrunar Sigurðar í óvígðum reit höfðaði landshöfðingi mál á hendur Arnbjörgu, en því máli lauk með sýknu.

Bréfasafn fjölskyldunnar í Stakkahlíð, hjónanna Ingibjargar og Baldvins og sona þeirra Stefáns og Sigurðar, veitir nokkra innsýn í líf og athafnir Arnbjargar. Bréfin eru þó fyrst og fremst vitnisburður um sýn ættingja á lífshlaup konu sem hagaði sér oft í trássi við viðtekin gildi og viðmið

¹⁰⁶⁸ Halldór Pálsson, „Loðmundarfjörður,“ 113.

¹⁰⁶⁹ Halldór Pálsson, „Loðmundarfjörður,“ 114–115.

¹⁰⁷⁰ Hjálmar Vilhjálmsson, „Arnbjörg Stefánsdóttir frá Stakkahlíð,“ 72–74, 79–81.

¹⁰⁷¹ „Fríkirkjufundurinn,“ 30. mars 1898, 35.

¹⁰⁷² „Einkennileg greftrun,“ 12. desember 1901, 160–161.

¹⁰⁷³ Arnbjörg Stefánsdóttir, „Skafti Jósefsson sem leiðandi maður,“ 24. desember 1901, 190.

¹⁰⁷⁴ Arnbjörg Stefánsdóttir, „Trúarbragðafrelsi,“ 23. mars 1901, 42.

og sem einnig þurfti að takast á við þá stöðu að milli fjölskyldu systur hennar (í Stakkahlíð) og eiginmanns hennar (á Sævarenda) ríkti stæk andúð og tortryggni sem spillti samskiptum þessara nágranna sem byggðu samliggjandi jarðir. Arnbjörg var í erfiðri stöðu eftir fráfall Sigurðar árið 1901, ekkja með tvö ung börn. Málsókn landshöfðingja á hendur Arnbjörgu vegna greftrunar Sigurðar gerði henni svo enn erfiðara fyrir. Í bréfi sem Ingibjörg Stefánsdóttir ritaði Stefáni syni sínum í mars 1903 kom fram að Arnbjörg hefði þá hugleitt að flytja til Vesturheims en væri nú hætt við þar sem hún væri loksins búin að fá greidda lífsábyrgðina eftir eiginmann sinn. Allnokkur hluti þess fjár fór þó í málskostnað.¹⁰⁷⁵ Fjórum árum síðar ræddi Ingibjörg hjúskaparmál í bréfi til Stefáns og vék þar að systur sinni.

Mer gétur ekki annað en dottið í hug hverninn Arnbjörg sistir mín talaði á áronum hún var nokkrum sinnum búin að seigja að hún ætlaði ekki að giftast, og eftir tali hennar fanst henni ekki gjörlegt að giftast vondri ætt og var mjög vandlætingasöm fyrir hönd sistra sinna, enn hverninn fór fyrir henni hún hefur þennan hugsunarhátt að giftast ekki þar til hún er búin að tapa bestu heilsunni og auðvitað æsku áronum þá tekur hún uppá að gipta sig kominn undir fertugt já og giftir sig argasta ættarhraki meira seigja þjófaætt og það skal ég seigja þér að afi þinn hafði skömm á því Sævarenda pakki, og ég bið fyrir mér ef hann hefði þurft að lifa það að sjá hana fara svona í hundana, en hún hefði aldrei að ég held bakað honum slíka hörmúng, því hún vissi mjög vel hvaða skömm hann hafði á því, svo bætir hún þeirri kórónu ofaná líklega til að heiðra eða öllu heldur smána okkar ætt að sleinga saman nafni pabba og gömlu Viggu [...] á krakka sína á þessu fer ekki vel í mínum augum því krakka greiginn seigja sig svo vel í föður ætt sína. Góði Stebbi minn ég bið þig að flíga ekki þessu sem ég seigi nú því ég hef hingað til haft mig í stilli eins og ég hef gэтаð þó svona færi því Arnbjörg hefur einlægt verið mér svo æleg.¹⁰⁷⁶

Í orðum Ingibjargar birtast systurnar sem fulltrúar ólíkrar samfélagssýnar. Ingibjörg líkamnar hina hefðbundnu sýn þar sem hún festi ráð sitt ung og hóf búskap, en sýn Arnbjargar einkenndist af einstaklingshyggju og því að setja sjálfstæði sitt ofar félagslegu öryggi hjúskapar. Þær systur virðast þó hafa deilt þeirri sýn að gott ætterni og virðing sem í því fælist ætti að vera skýr áhrifavaldur á ráðahag, þó Ingibjörgu þætti Arnbjörg hafa hagað sér í andstöðu við það. Gott orðspor var mikilvæg dyggð og það virðist oft hafa skapast um fjölskyldur frekar en einstaklingana sem mynduðu þær. Í þessu bréfi kemur líka glögglega fram sú andúð sem var milli heimilanna og að hún var fjarri því nýtilkomin. Þó víða sé vikið að samskiptum milli bæjanna í bréfum Stakkahlíðarfólks kemur hvergi beinlínis fram hvað olli því að svona fór.

Snemma árs 1909 var farið að halla undan fæti fyrir Arnbjörgu í efnalegu tilliti. Hún hafði þurft að lóga kúnni sem hún átti og virðist hafa ákveðið að leigja út heimili sitt á Seyðisfirði. Í bréfi til Stefáns í janúar 1909 gat Ingibjörg þess að Arnbjörg væri komin í Sævarenda. Hún „er eflaust orðin nokkuð aðþreingd af reinslunni ég held það fari á endanum með hana og hennar mikla kjark, hún kom og var nótt hún sagði mér að sér hefði liðið illa frá því í haust og stundum gengið illa að sofa.... Enn ætlar hún að halda áfram þó til einskis verði eða það er mín trú því mér hefur einlægt fundist að raðlag hennar og hugur mundi aldrei ná því takmarki sem hún vill.“¹⁰⁷⁷ Þrátt fyrir erfiðleika Arnbjargar og það að hún væri flutt í Sævarenda mýktust samskiptin milli bæjanna ekki, eins og sjá má í bréfi sem Baldvin ritaði Stefáni í febrúar 1909. „Arnbjörg kemur hér opt en ekkert okkar mun stíga fæti til að heimsækja hana á Sævarenda. Það mun eg sjá um.“¹⁰⁷⁸

¹⁰⁷⁵ *HerAust.* A6 188, 2. Bréf frá Ingibjörgu Stefánsdóttur til Stefáns Baldvinssonar, dags. 23. mars 1903.

¹⁰⁷⁶ *HerAust.* A6 188, 2. Bréf frá Ingibjörgu Stefánsdóttur til Stefáns Baldvinssonar, dags. 1. janúar 1907.

¹⁰⁷⁷ *HerAust.* A6 188, 2. Bréf frá Ingibjörgu Stefánsdóttur til Stefáns Baldvinssonar, dags. 13. janúar 1909.

¹⁰⁷⁸ *HerAust.* A6 188, 7. Bréf frá Baldvini Jóhannessyni til Stefáns Baldvinssonar, dags. 21. febrúar 1909.

Sumarið 1909 varð Arnbjörg gjaldþrota. Um það skrifaði Sigurður Baldvinsson, sem þá var búsettur á Seyðisfirði, í bréfi til Stefáns bróður síns. „Nú er Arnbjörg loksins uppgefin og selur allt sitt og afhendir í skuldir og ætlar nú til Ameríku í þessum mánuði, hún var sokkin svo djúft að engin viðreisnar von var framar möguleg, fá margir skell af braski hennar, og þar á meðal eg, sem asnaðist til að skrifa uppá víxil fyrir hana í vetur, þegar átti að selja húsið ofan af henni, býst eg aldrei við að fá þann skaða bættan, en hins vegar mun eg ekki oftast brenna mig á því soðinu.“¹⁰⁷⁹ Þó Sigurður væri svekktur yfir þessum málalokum má sjá af skrifum hans, sem og Ingibjargar og Stefáns, að þrátt fyrir að mislíka ýmislegt sem Arnbjörg gerði var kærleikur á milli þeirra og hennar. Eftir að Arnbjörg flutti til Kanada skrifaði hún Stefáni og eru allnokkur bréf frá henni varðveitt í bréfasafni hans. Meiri vafi er á því hvernig samskipti Arnbjargar og Baldvins voru. Ef marka má bréf Stefáns til föður síns árið 1909 virðist ekki hafa verið kært með þeim Arnbjörgu og Baldvin. Stefán skrifar: „Ekki varð endirinn góður á braski Arnbjargar, sem ekki var heldur við að búast, heppinn varst þú að lenda ekki í þeirri flækju og má þjer í ljettu rúmi liggja hvort hún leggur fæð á þig eða ekki fyrir það að þú vildir ekki vera við það riðinn.“¹⁰⁸⁰

Arnbjörg virðist hafa dvalist í Loðmundarfirði síðasta veturinn áður en hún flutti til Kanada. Ætla má að sá tími hafi verið henni erfiður, konu sem náð hafði að standa á eigin fótum og taka sér stöðu á sviðum samfélagsins sem karlar höfðu að mestu eða öllu einokað fram að því, en var þá orðin upp á aðra komin. Í desember 1909 skrifar Baldvin í bréfi til Stefáns: „Arnbjörg bíður altaf eptir peningum frá Ameríku vonast eptir að geta komist á stað um jól, en ef það bregst, þá ekki fyrr en í vor.“¹⁰⁸¹ Hið síðarnefnda varð raunin.

Sumarið 1910 birtust í *Austra* tvær greinar eftir Arnbjörgu, sem þá var komin til Kanada. Þó meginefni greinanna sé ferðasaga frá Íslandi til Gimli í gegnum Winnipeg hóf Arnbjörg mál sitt á að gera grein fyrir ástæðum brottflutnings síns.

Það voru mikilfengleg atvik í lífi mínu sem drifu mig út í þessa för með börnin mín til Vestur-álfunnar, eg hafði misst alla fótfestu sem sjálfstæð manneskja þar heima, og gat alls enga von haft um að rétta þar við neitt af því sem eg var svo óheppin að vinna öðrum til tjóns, eg fór því bæði viljug og ókvíðin í þessa för eins og til verks, sem þarf að vinna og mér bar skylda til að vinna, því það er tilraun af minni hálfu í þá áttina, að geta fyr eða seinna komist að því takmarki sem eg hef sett mér að ná ef mögulegt væri, því takmarki, að skila aptur því fé annara, sem eg var svo óhygginn að spila með í hættuspili sjávarútgjörðarinnar heima.¹⁰⁸²

Af þessum orðum er ljóst að Arnbjörg gat ekki hugsað sér að lifa ósjálfstæð og kaus því heldur að yfirgefa Ísland en að vera upp á aðra komin til frambúðar. Hún gekkst við því að hafa valdið öðrum tjóni og það olli henni augljósri sektarkennd. Síðari greinina endaði Arnbjörg á bæn til gamla landsins um að íbúum þess tækist að snúa anda samfélagsins og velferð þess til betri vegar „en eyddu ekki kröptum sínum og fé landsins í gegndarlausu rifrildi og hatursfullum flokksdrætti útaf tómri hégómasemi, metorða- og valdafíkn, gleymandi allri virðingu fyrir sjálfum sér, með því að fótum troða sannleika og dyggð, eins og nú gefast svo mörg dæmi upp á að gjört er.“¹⁰⁸³

Þó Arnbjörg væri horfin á braut og sneri ekki aftur til Íslands var henni áfram annst um Framfarafélagið sem hún stofnaði á æskustöðvum sínum. Árið 1931, þá orðin rosken og búin að búa vestra í rúma tvo áratugi, sá Arnbjörg sig knúna til að senda sveitungum sínum eftirfarandi yfirlýsingu vegna Framfarafélagsins sem hún stofnaði hálfri öld áður.

¹⁰⁷⁹ *HerAust.* A6 187, 6. Bréf frá Sigurði Baldvinssyni til Stefáns Baldvinssonar, dags. 10. september 1909.

¹⁰⁸⁰ *HerAust.* A6 188, 4. Bréf frá Stefáni Baldvinssyni til Baldvins Jóhannessonar, dags. 31. október 1909.

¹⁰⁸¹ *HerAust.* A6 188, 4. Bréf frá Baldvini Jóhannessyni til Stefáns Baldvinssonar, dags. 9. desember 1909.

¹⁰⁸² Arnbjörg Stefánsdóttir, „Fáein orð til vina og kunningja,“ 30. júlí 1910, 98.

¹⁰⁸³ Arnbjörg Stefánsdóttir, „Fáein orð til vina og kunningja,“ 6. ágúst 1910, 102.

Hjer með lýsi jeg undirrituð Arnbjörg Stefánsdóttir höfundur að Framfarafjelagi Loðmundarfjarðar yfir því að nefnt fjelag var eingöngu stofnað í þeim tilgangi að safna fje, sem á sínum tíma verði varið til mentunar ungdómsins í Loðmundarfirði. Önnur fjársöfnun innan fjelagsins hvort heldur hún er ákveðin eða óbein, er eigi samkvæmt tilgangi þess. Og þó fjelagið vildi breyta stefnu sinni og starfssviði kæmi það alls ekki til mála að það ætti sjer stað á meðan fjelagið er mjög langt fjærri því að ná því takmarki sem því var ætlað. Því krefst jeg þess að það sem þegar hefur verið gert innan fjelagsins og eigi er samkvæmt tilgangi þess (sjúkrasjóðsmyndunin) sje úr gildi felt og þess vandlega gætt framvegis að brjóta ekki stofnskrá fjelagsins.¹⁰⁸⁴

4.5.2 Systkinin frá Skógargerði

Um aldamótin 1900 bjuggu í Skógargerði í Fellahrepp á Fljótsdalshéraði hjónin Helgi Indriðason (1855–1904) og Ólöf Margrét Helgadóttir (1853–1919). Sögu þeirra og afkomenda þeirra rakti Indriði Gíslason (1926–2009) prófessor við Kennaraháskóla Íslands (sonarsonur Helga og Ólafar), í *Skógargerðisbók* sem kom út árið 1995. Við ritun *Skógargerðisbókar* studdist Indriði m.a. við viðamikið bréfasafn fjölskyldunnar sem hann síðar afhenti Héraðsskjalasafni Austfirðinga til varðveislu. Hér er stuðst við þau bréf í safninu sem rituð voru á rannsóknartímanum og er áherslan á þátttöku systkinanna í félagslífi í Fellum í byrjun 20. aldar, sem og á þá valkosti til náms og starfa sem ungu fólk stóðu til boða upp úr aldamótunum 1900.

Systkinin í Skógargerði, börn Helga og Ólafar, voru alls sjö talsins. Þau voru: Gísli (1881–1964), Indriði (1882–1976), Guðlaug (1884–1958), Þórhallur (1886–1974), Margrét (1888–1961), Guðrún Soffía (1889–1974) og Hallgrímur (1892–1940). Í bréfasafninu eru bréf Gísla og Indriða áberandi stærsti hlutinn og verða þeir fyrirferðarmestir í umfjöllun þessa kafla. Þórhallur, Guðrún og Margrét koma einnig nokkuð við sögu en Guðlaugar og Hallgríms verður ekki frekar getið.

Helgi og Ólöf voru óbreyttir bændur og lítt efnuð. Indriði Gíslason segir fáar bækur hafa verið til á heimili þeirra en þau hafi þó bæði verið bókhneigð. Framan af einkenndist bókaeign heimilisins af guðsorðabókum en síðan bættust Íslendingasögur og ljóðabækur við auk tímarita um búskap. Elstu bræðurnir (Gísli og Indriði) voru orðnir vel læsir og skrifandi ungir (sjö og átta ára gamlir). Gísli fór til náms í Möðruvallaskóla haustið 1900 og útskrifaðist þaðan vorið 1902. Þá um haustið fór Indriði bróðir hans í Búnaðarskólann á Eiðum og útskrifaðist þaðan vorið 1904. Indriði Gíslason segir óljóst hvernig þeir bræður fjármögnuðu skólagöngu sína því þeir gátu aðeins fengið takmarkaðan stuðning að heiman. Haustið 1904 lést Helgi Indriðason og tók Gísli þá við búsföráðum ásamt móður sinni. Gísli keypti svo Skógargerði árið 1906. Þá um haustið héldu Indriði og Þórhallur til Danmerkur þar sem Indriði fór í lýðskólann í Askov en Þórhallur í nám í húsgagnsmíði í Kaupmannahöfn.¹⁰⁸⁵

Indriði Gíslason segir Ólöfu hafa átt við andleg veikindi að stríða sem hann getur sér til að hafi átt upptök sín við barnsmissi árið 1887 (sonur Ólafar og Helga lést tveimur dögum eftir fæðingu). Fráfall eiginmannsins árið 1904 varð henni svo mikið áfall. Í bréfum sem gengu milli barna Ólafar má víða sjá skrif um heilsufar hennar og versandi samskipti Ólafar og Gísla eftir að hann tók við búinu. Í þeim efnunum virðist sem áköf trú Ólafar og trúleysi Gísla hafi átt stóran þátt í að spilla sambúð þeirra. Í bréfi til Indriða haustið 1910 greindi Gísli frá brottför móður þeirra af heimilinu og lýsti ástandinu áður sem „óþolandi“ og „eitruðu.“ Hann tók sérstaklega fram að það hefði verið sameiginleg ákvörðun systkinanna að fá ábúendur á Geirólfsstöðum til að taka móður þeirra inn á

¹⁰⁸⁴ *HerAust.* A6 189, 12. Yfirlýsing frá Arnbjörgu Stefánsdóttur um tilganginn með stofnun Framfarafélags Loðmundarfjarðar, dags. 13. júní 1931.

¹⁰⁸⁵ Indriði Gíslason, *Skógargerðisbók*, 156, 159, 161, 164–165.

heimili sitt. Ólöf var langdvölum að heiman árin 1910–1913. Hún flutti til Guðrúnar dóttur sinnar í Reykjavík árið 1913 og lést þar árið 1919.¹⁰⁸⁶

Eftir að Indriði Helgason lauk búfræðinámi frá Eiðum vorið 1904 starfaði hann sem farkennari á Austurlandi í tvo vetur áður en hann hélt til Askov. Farkennslan virðist ekki hafa átt við hann ef marka má dagbókarfærslu frá 1905 sem birt er í *Skógargerðisbók*. „Kenni átta klukkustundir. Í dag er eg lokinn með að vera hér og þykir mér ekkert að því. Mér hefir leiðst allan mánuðinn út. Krakkarnir eru hortugir og óþægir og enginn sem neitt verulega getur glatt mann í geði.“¹⁰⁸⁷ Í Askov fékk Indriði áhuga á rafmagnsfræði og stundaði nám og störf við rafvirkjun og rafmagnsiðnað í Danmörku 1908–1911. Eftir heimkomuna vann hann að smíði rafstöðvar á Eskifirði og síðar að Fjarðarárvirkjun í Seyðisfirði.¹⁰⁸⁸

Þórhallur Helgason kom heim frá smíðanáminu í Danmörku árið 1908, en fór síðar (1915) til ársdvalar í Noregi þar sem hann bætti við smíðakunnáttu sína. Eftir heimkomuna starfaði Þórhallur við smíðar og búskap, bæði á Fljótsdalshéraði og Seyðisfirði. Margrét Helgadóttir sótti ungmennaskóla Hákonar Finnssonar á Seyðisfirði veturinn 1907–1908. Hún fluttist haustið 1909 til Reykjavíkur þar sem hún og Guðrún systir hennar gengu í verslunarskóla. Næstu tvö ár var Margrét í vinnumennsku á Héraði en fór haustið 1912 til Danmerkur og lærði kjólasaum. Eftir heimkomu árið 1916 settist hún að í Reykjavík og kom upp eigin saumastofu. Guðrún fór til Reykjavíkur haustið 1908. Hún var líka tvö ár í vinnumennsku eystra eftir námið í verslunarskólanum en flutti til Reykjavíkur haustið 1912. Guðrún og Margrét fluttu aftur austur árið 1920.¹⁰⁸⁹

Gísli og Indriði Helgasynir voru árið 1903 meðal stofnenda málfundafélagsins Öldunnar (sem fjallað er um í kafla 4.4.6) en þegar félagið var stofnað voru þeir rétt rúmlega tvítugir.¹⁰⁹⁰ Af bréfum sem gengu þeirra á milli má sjá að þeim var annt um viðgang félagsins en þeir höfðu á stundum ólíka sýn á hvaða leiðir væru heppilegastar til að efla félagsstarf í Fellum. Í febrúar 1907 skrifaði Indriði bréf til Gísla frá Askov. Af bréfinu má sjá að Aldan var þá enn starfandi en brösuglega gekk að halda félaginu gangandi. „Lítið líf þykir mér í málfundafél. og undrar mig það ekkert en líf lítið, sem það var, og vænt þykir mér um ef sendingin mín hefir orðið til að koma blaðinu á fót er fyrirhöfn mín vel goldin.“¹⁰⁹¹ Indriði bætti við að ef Gísli sæi eitthvað nothæft til birtingar í bréfinu þá mætti hann nota það í félagsblaðið. Fyrr sama ár ávitaði Indriði bróður sinn fyrir hvernig komið væri fyrir Öldunni. Hann kvaðst harma það lítt þó illa gengi hjá góðtemplurum í sveitinni og bætti við: „hygg eg hefði verið fyrir ykkur stúkumenn, að byrja aldrei þann félagsskap; ég álít hann hafi gert Öldufélaginu hið mesta ógagn.“¹⁰⁹² Í bréfi til Gísla haustið 1907 spurði Indriði um Ölduna og var áhyggjufullur yfir stöðu félagsins. Þremur mánuðum síðar vék hann aftur að félagastarfi í heimasveit sinni. Þar fagnaði hann því að stúkan hefði lagst af og bætti við: „Stúkan ykkar hafði gert nóga bölvun, þar sem hún var eitt af því sem mest og best drap málfundafélagið.“¹⁰⁹³

Hluti af starfi málfundafélagsins Öldu var útgáfa félagsblaðs sem einnig nefndist *Aldan*. Efni blaðsins var fjölbreytt. Þar birtust m.a. skrif um búnaðarmál, verslun, bókmenntir og líkamsrækt auk frumsaminna ljóða og sagna. Í *Skógargerðisbók* eru birtar þrjár greinar úr *Öldunni* sem ritaðar voru af fjölskyldumeðlimum í Skógargerði; ein eftir Gísla, önnur eftir Indriða og hin þriðja eftir

¹⁰⁸⁶ Indriði Gíslason, *Skógargerðisbók*, 182–183, 186, 192; *HerAust.* A6 183, 20. Bréf frá Ólöfu Helgadóttur til Indriða Helgasonar, dags. 19. nóvember 1904; *HerAust.* A6 183, 16. Bréf frá Gísla Helgasyni til Indriða Helgasonar, dags. 22. október 1910. Um ágreining bræðranna og foreldra þeirra um trúarbrögð er fjallað í kafla 3.3.5.

¹⁰⁸⁷ Indriði Gíslason, *Skógargerðisbók*, 246–247. Æviágrip Indriða var ritað af Margréti dóttur hans.

¹⁰⁸⁸ Indriði Gíslason, *Skógargerðisbók*, 232–233.

¹⁰⁸⁹ Indriði Gíslason, *Skógargerðisbók*, 266–273, 276–277, 280–282.

¹⁰⁹⁰ Gísli Helgason, *Austfirðingapættir og aðrar frásagnir*, 16.

¹⁰⁹¹ *HerAust.* A6 494, 3. Bréf frá Indriða Helgasyni til Gísla Helgasonar, dags. 18. febrúar 1907.

¹⁰⁹² *HerAust.* A6 494, 3. Bréf frá Indriða Helgasyni til Gísla Helgasonar, dags. 8. janúar 1907.

¹⁰⁹³ *HerAust.* A6 494, 5–6. Bréf frá Indriða Helgasyni til Gísla Helgasonar, dags. 8. október 1907 og 14. janúar 1908.

Ólöfu. Greinar Ólafar og Indriða fjalla báðar um skemmtanir, einkum um dans. Ólöf var gagnrýninn á dansinn sem hún taldi ágæta hreyfingu en hann væri oft stundaður í óhófi svo að fólk færi kófsveitt af danssamkomum út í grimmdarkulda og þyrfti að ganga heim og stofnaði þannig heilsu sinni í hættu. Ólöf var hrifnust af þeim skemmtunum sem fælust í munnlegri menningu, samtölum og sögum. Gleðin væri nauðsynleg og eldra fólk ætti að hugsa til eigin æsku áður en það færi að amast við skemmtunum hinna yngri. Skemmtilegra heimilislíf yrði til að fólk sækti minna í kaupstaðina og lausamennsku. Indriði var sammála móður sinni um að oft kynni fólk sér ekki hóf þegar kæmi að dansinum og var gagnrýninn á hann. Hann vildi bæta dansiðkunina sjálfa og benti á að danssamkomur krefðust rýmra og betra húsnæðis en þá var notað. Helstu kostir danssamkoma voru að mati Indriða að þær gæfu ungu fólki tækifæri til að kynnast og væru góð hreyfing, einkum fyrir konur sem margar hefðu miklar kyrrsetur. Indriði andæfði því að dansinn væri eina skemmtunin þar sem konur stæðu jafnfætis karlmönnum og nefndi söng, spil, ræðuhöld og ýmsa leiki sem dæmi um skemmtanir sem þær gætu staðið karlmönnum jafnfætis í.¹⁰⁹⁴

Af bréfum sem gengu milli Gísla og Indriða á fyrstu árum 20. aldar (meðan báðir bjuggu á Fljótsdalshéraði) sést að þeir voru áhugasamir um að sækja danssamkomur og að hvetja aðra, ekki síst ungar konur, til að mæta á þær. Á slíkum samkomum var þó oft fleira til skemmtunar og fræðslu, t.d. glímur, söngur, ræðuhöld og fyrirlestrar.¹⁰⁹⁵ Björn Eiríksson (1881–1918), skólabróðir Gísla frá Möðruvöllum, lýsti því í bréfi til hans snemma árs 1903 að það sem helst drægi hann að þátttöku í starfi góðtemplara á Vopnafirði væri dansinn og tækifærin sem hann gæfi til að komast í snertingu við fallegar stúlkur.¹⁰⁹⁶ Fleiri pennavinir bræðranna lýstu áþekkri skoðun. Í bréfunum má líka sjá að sums staðar fór danssamkomum fækkandi í sveitum og þær lögðust jafnvel af undir lok fyrsta áratugar 20. aldar. Meginástæða þess var að ungu fólki hafði fækkað, einkum ungum konum. Í greininni sem Gísli skrifaði í *Ölduna* (og birt er í *Skógargærðisbók*) kvartaði hann yfir lítilli þátttöku kvenna í starfi félagsins. Hann taldi skýringa þess helst að leita í gömlum vana sem héldi aftur af konum. Framsetning hans er á köflum nokkuð ögrandi og yfirlætisfull gagnvart konum. Markmið Gísla var þó greinilega að hvetja konur til að taka virkari þátt í félagastarfi og æfa sig í opinberri tjáningu og kallaði hann eftir viðbrögðum kvenna við skrifum sínum. Jafnframt lagði Gísli til stofnun kvenfélags í hreppnum og vísaði til kvenfélags Vallahrepps sem fyrirmyndar.¹⁰⁹⁷

Vilji einstaklinga til að koma á fót félagastarfi var ekki nægur einn og sér ef samfélagið var sinnulítið um þátttöku eða jafnvel andstætt henni. Indriði Helgason ræddi eina hlið þessa vanda í bréfi til Gísla. „Nú heyrast engvar sögur hér innan úr Fellunum, og er reyndar enginn skaði skeður þó að slúður sögur þær fækki og minki því þær eru til skaða og skammar hverju sveitarfélagi og mannfélaginu yfir höfuð, og eitt hvert versta átumein í félagsskapnum þegar enginn þorir öðrum að trúa. Það hefur líka fækkað um slefbera og flækinga, nú í seinni tíð.“¹⁰⁹⁸ Indriði gaf þarna skýrt til kynna að ótti fólks við illt umtal hefði haldið aftur af því og haft bein áhrif á að spilla fyrir félagastarfi. Af þessu má ætla að hluti hugarfars dyggðasamfélagsins, þ.e. að fólk væri mjög umhugað um eigið orðspor og forðaðist aðstæður sem kynnu að spilla því, var enn sterkur í vitund fólks og hélt aftur af því.

Í æviagripí Gísla í *Skógargærðisbók* vék Indriði Gíslason sérstaklega að þeim sterku áhrifum sem dvölin á Möðruvöllum hafði á hann. Þau áhrif koma víða fram í bréfum sem Gísli skrifaði á árunum

¹⁰⁹⁴ Indriði Gíslason, *Skógargærðisbók*, 163, 171–173, 176–178.

¹⁰⁹⁵ *HerAust.* A6 183, 16. Bréf frá Gísla Helgasyni til Indriða Helgasonar, dags. 9. maí 1902 og 9. nóvember 1903.

¹⁰⁹⁶ *HerAust.* A6 494, 12. Bréf frá Birni Eiríkssyni til Gísla Helgasonar, dags. 20. febrúar 1903.

¹⁰⁹⁷ Indriði Gíslason, *Skógargærðisbók*, 163, 179–181.

¹⁰⁹⁸ *HerAust.* A6 494, 3. Bréf frá Indriða Helgasyni til Gísla Helgasonar, dags. á skírdagskvöld [Án ártals. Indriði Gíslason taldi bréfið skrifað árið 1902].

eftir heimkomuna, en hann átti þá í bréfaskiptum við allmarga skólabræður sína.¹⁰⁹⁹ Í *Skógargerðisbók* birtast tvær ævisögulegar greinar eftir Gísla og fjallar önnur þeirra um dvöl hans á Möðruvöllum. Í henni gerði Gísli mikið úr þeirri sterku efnishyggju og trúleysi sem einkenndi skólalífið. Sjálfur sagðist hann brátt hafa fyllt þar flokk harðra efnishyggjumanna sem gagnrýndu trú og trúarbrögð. Gísli tók fram að þessa viðhorfsbreytingu mætti þó ekki skrifa á reikning kennara og skólastjóra. Þeir hafi sjaldan vikið að trúmálum en heldur ekki andæft viðhorfum nemenda í þeim efnum.¹¹⁰⁰ Ekki verður séð af bréfum Indriða að dvöl hans við Búnaðarskólann á Eiðum hafi haft viðlíka áhrif á hann og Möðruvalladvölin hafði á Gísla. Í tilfelli Indriða var það mun frekar námsdvöl hans í lýðskólanum í Askov í Danmörku sem var skýr áhrifavaldur á lífssýn hans og stefnu í lífinu. Skynsemistrú og gagnrýni á kristni og kirkju voru sameiginleg með þeim bræðrum þó uppruni þeirra viðhorfa sé óljósari í tilfelli Indriða.

Það skýtur nokkuð skökku við að af loknu námi á Möðruvöllum og Eiðum skyldi Gísli gera búskap að ævistarfi sínu en Indriði ekki. Af bréfum Indriða að dæma var hann orðinn afhuga búskap skömmu eftir útskrift frá Eiðum. Mennta- og útþráin var raunar tekin að gera vart við sig hjá honum áður en hann fór í Eiða. Í bréfi sem Indriði skrifaði Gísla vorið 1902 ræddi hann Ameríkuferðir. Indriði taldi það landinu almennt til skaða þegar heilar fjölskyldur færu og kæmu ekki aftur. Hins vegar taldi hann til bóta að fólk færi utan til að leita sér þekkingar sem það svo flytti með sér heim aftur. „Ekki hef eg neitt á móti því að fara til Ameríku eða eitthvað annað út í buskann því eg held að menn hafi gott af að sjá dálítið af heiminum og hans lystisemdir, það er hægt að telja marga sem hafa farið af landi burt um lengri eða skemmri tíma, og hafa orðið landi og líð til miklu meira gagns heldur en ef þeir hefðu altaf húkt heima.“¹¹⁰¹ Indriði vildi komast til mennta en langaði ekki að festa ráð sitt og „gróðursetja“ sig einhvers staðar. Gísli settist hins vegar að í Skógargerði eftir heimkomuna frá Möðruvöllum og taldi í bréfi til Indriða árið 1908 að hann hefði gott af því að komast í sveit þegar hann kæmi heim frá Danmörku. „Eg efast samt ekki um, að þér muni finnast skemmtilegt í sveitinni þegar þú er afkomin úr kaupstaðnum. Þá finnur maður sætuna, sem um er kveðið, að sveitin hafi að bjóða.“¹¹⁰² Þá „sætu“ virðist Þórhallur bróðir þeirra ekki hafa fundið í Skógargerði um þetta leyti. Í bréfi til Indriða síðla hausts 1908 kvartaði Þórhallur yfir erfiðum samskiptum á heimilinu. „Mamma er alltaf lasin og er það mest ímyndun sem hrjáir hana, og spillir það miklu að Gísli kann aldrei að stilla skap sitt og er það illa farið.“¹¹⁰³ Þórhallur sá eftir því að hafa snúið aftur heim til Íslands og sagði sér næst skapi að fara aftur út. Helst vildi hann komast til Þýskalands en kunnáttuleysi í þýsku og fjárskortur héldu aftur af honum. Félagslíf í sveitinni var þá afar dauft, að dómi Þórhalls, og jók það á óánægju hans.

Þó atvinnu- og búsetumöguleikum íslensks alþýðufólks hafi fjölgað í byrjun 20. aldar, frá því sem var lengst af 19. öld, var ekki þar með sagt að það væri auðhlaupaverk að finna störf eða búsetu þar sem fólk helst kaus og aðstaður voru oft mótdrægar. Glögg dæmi um þetta má sjá í bréfum sumra skólabræðra Gísla og Indriða til þeirra. Þeir væntu nýrra tækifæra að loknu námi en tókust á við misvægi milli veruleika og væntinga. Sjóndeildarhringurinn hafði víkkað frá því sem áður var í sveitasamfélaginu, en veruleikinn takmarkaðist af hinu mögulega. Þessa aðstöðu fólks ræddi þýski sagnfræðingurinn Reinhart Koselleck út frá hugtakaparinu „Space of experience“ og „Horizon of expectation.“ Koselleck lýsti aðstöðu einstaklings út frá væntingum hans svo: „at once person-specific and interpersonal, expectation also takes place in the today; it is the future made

¹⁰⁹⁹ *HerAust.* A6 494, 17. Bréf til Gísla Helgasonar frá fjórum skólabræðrum hans á Möðruvöllum árin 1902–1906.

¹¹⁰⁰ Indriði Gíslason, *Skógargerðisbók*, 199, 219–230.

¹¹⁰¹ *HerAust.* A6 494, 3. Bréf frá Indriða Helgasyni til Gísla Helgasonar, dags. á skírdagskvöld [1902].

¹¹⁰² *HerAust.* A6 494, 9. Bréf frá Gísla Helgasyni til Indriða Helgasonar, dags. 14. apríl 1908.

¹¹⁰³ *HerAust.* A6 497, 2. Bréf frá Þórhalli Helgasyni til Indriða Helgasonar, dags. 28. nóvember 1908.

present; it directs itself to the not-yet, to the nonexperienced, to that which is to be revealed. Hope and fear, wishes and desires, cares and rational analysis, receptive display and curiosity: all enter into expectation and constitute it.”¹¹⁰⁴ Einn skólabræðra Gísla Helgasonar var Vopnfirðingurinn Björn Eiríksson (1881–1918). Í bréfum sem hann skrifaði Gísla árin 1903 og 1904 kom fram að hann átti erfitt með að fóta sig eftir heimkomuna. Sumarið 1903 var mikill „Ameríkuhugur“ í Vopnfirðingum og litla atvinnu að hafa. Vorið 1904 var Björn að ljúka farkennslu sem hann hafði stundað þá um veturinn. Hann var óviss um hvað tæki við og óskaði liðsinnis Gísla kæmi hann austur á Fljótsdalshérað í atvinnuleit. Af því virðist þó ekki hafa orðið því seint í júlí 1904 skrifaði Björn og kvaðst vera bæði leiður og hugsí yfir framtíðinni. Foreldrar hans og bræður voru þá farin til Ameríku og hann sat einn eftir.¹¹⁰⁵

Skólabræður Indriða voru líka sumir tvístígandi yfir því hvaða stefnu þeir skyldu taka að loknu námi. Jón Guðmundsson (1883–1961) skrifaði Indriða tvívegis sumarið eftir útskrift þeirra frá Eiðum. Í fyrra bréfinu (sem ritað var á Raufarhöfn) lýsti Jón löngun sinni til frekari menntunar og ferðalaga (sem peningaleysi hélt honum frá) en kvaðst ekki hafa hug á að fara í búskap.¹¹⁰⁶ Þegar Jón ritaði síðara bréfið var hann kominn til Þistilfjarðar. Hann var óánægður þar, lítt hrifinn af samfélaginu og kvaðst ekki hafa fundið nokkurn hugsandi mann. „Þeirra háfleygustu hugsanir eru: hvernig þeir eigi að nurla eða svíkja nokkra aura út úr náunga sínum. Enginn maður á þar eyrisvirði, enda er það engin von, þar sem engin maður hugsar um að bjarga sér sjálfur heldur einungis að lifa á öðrum.“¹¹⁰⁷ Þrátt fyrir þennan áfellsdóm hóf Jón nokkru síðar búskap í Þistilfirði og bjó þar til frambúðar. Konráð Erlendsson (1885–1957), skólabróðir Indriða frá Askov, skrifaði honum ítrefkað síðla árs 1909 og fram á ársbyrjun 1910. Konráð var þá staddur í Reykjavík þar sem hann sagði hlutskipti sitt ekki öfundsvært. Hann var blankur og atvinnulaus og átti hvergi heima. Konráð harmaði það mjög að hafa farið frá Danmörku því sér hafi aldrei liðið verr. Hann sá aðeins atvinnubrest og harðæri á Íslandi og hvatti Indriða til að finna sér góða vinnu ytra til að losast úr skuldum. Konráð var mjög áhyggjufullur yfir framtíð sinni og velti því fyrir sér að fara til Ameríku.¹¹⁰⁸ Lítið hafði ræst úr fyrir honum snemma árs 1910. Þá kvartaði Konráð við Indriða yfir slæmri líðan, atvinnuleysi og ásókn skuldheimtumanna. Hann vildi komast burt frá Íslandi en vissi ekki hvert hann ætti helst að fara. „Ég hefi ekki neinar skyldur við föðurlandið, það hefir reynst mér illa.“¹¹⁰⁹ Í lok bréfsins sagðist Konráð ætla norður í Þingeyjarsýslu með vorinu.

Þegar Gísli var að hefja ævistarf sitt við búskap í Skógargerði um miðjan fyrsta áratug 20. aldar voru Indriði, Þórhallur, Margrét og Guðrún öll á leið til náms. Meðan Gísli var við nám á Möðruvöllum átti hann í bréfaskiptum við foreldra sína og í þeim bréfum birtist víða kynslóðamunur og ólík sýn á samfélagið, gildi þess og stefnu. Eftir fráfall Helga árið 1904 virðist Gísli taka sér stöðu „föður“ gagnvart systkinum sínum (einkum systrunum) og hafa afskipti af ákvörðunum þeirra. Gísli, sem gagnvart foreldrum sínum hafði áður verið gagnrýninn á ýmsar helstu dyggðir sveitasamfélagsins, tók að halda gildum þess að systkinum sínum eftir að hann var sjálfur orðinn bóndi. Skoðanaskipti systkinanna í bréfum sem gengu þeirra á milli næstu árin endurspeglar þær breytingar sem voru að verða á íslensku samfélagi þessa tíma þar sem

¹¹⁰⁴ Koselleck, *Futures Past*, 259.

¹¹⁰⁵ *Her.Aust.* A6 494, 12. Bréf frá Birni Eiríkssyni til Gísla Helgasonar, dags. 4. júní 1903, 20. apríl 1904 og 28. júlí 1904. Samkvæmt „Íslendingabók“ (www.islendingabok.is) fluttist Björn frá Vopnafirði til Vesturheims árið 1906.

¹¹⁰⁶ *Her.Aust.* A6 498, 1. Bréf frá Jóni Guðmundssyni til Indriða Helgasonar, dags. 26. júní 1904.

¹¹⁰⁷ *Her.Aust.* A6 498, 1. Bréf frá Jóni Guðmundssyni til Indriða Helgasonar, dags. 25. ágúst 1904. Jón var bóndi í Garði í Þistilfirði 1911–1953 (sjá: *Land og fólk*, 419).

¹¹⁰⁸ *Her.Aust.* A6 498, 2. Bréf frá Konráð Erlendssyni til Indriða Helgasonar, dags. 19. september 1909 og 16. nóvember 1909.

¹¹⁰⁹ *Her.Aust.* A6 498, 2. Bréf frá Konráð Erlendssyni til Indriða Helgasonar, dags. 31. janúar 1910. Samkvæmt „Íslendingabók“ (www.islendingabok.is) var Konráð búsettur í Þingeyjarsýslu til áviloka.

samfélagsgerðin var meira fljótandi en fyrr og möguleikarnir fleiri en óvissan oft mikil um hvaða stefnu lífið tæki. Þess má líka finna dæmi að ólík lífssýn skapaði áhyggjur af félagslegri aðgreiningu. Þær koma m.a. fram í bréfi sem Indriði skrifaði Gísla snemma árs 1907. Þar svaraði hann ákúrum bróður síns um að hann væri orðinn of mikill menntamaður.

Leitt þykir mér að heyra um áhrifin sem þú segir að bréfið mitt hafi gert á þig. Leitt, vegna þess að ég vil svo ógjarna teljast með finu mönnunum. Ég á heima í alþýðuhópnum, og ef ég get ekki skrifað svo að alþýðan, finni að það er einn af hennar meðlimum vil ég aldrei stinga niður penna framar. Að upplýsa alþýðuna er það starf, sem ég vil helga krafta mína, svo litlir sem þeir eru, og það get ég ekki, nema hún finni að ég tilheyri henni. Og ef þér finst eg vera orðinn „skafinn“ og „finni“, hvað munu þá hinir hugsa.¹¹¹⁰

Gísli var ekki sáttur við að bróðir hans dveldi langdvölum erlendis og reyndi að telja hann af því að læra rafmagnsfræði. Gísli taldi að Indriði ætti fremur að sækja kennaraskóla því það gæfi honum meiri atvinnumöguleika á Íslandi.¹¹¹¹ Indriði svaraði þessari gagnrýni: „Mín fyrirætlan var þessi. Vera hér á þriggja mánaða rafmagnsfræðiskóla, með 6 vikna verklegri æfingu á eftir, fara síðan til Noregs með haustinu, ráðast þar á verksmiðju er framleiddi rafmagn með vatnsaflí. Sigla síðan heim og drífa upp raflýsingu með vatnskrafti, t.d. á Seyðisfirði eða hverjum öðrum stað sem líklegur væri til að það gæti borgað, og menn vildu vinna því.“¹¹¹² Gísli lét ekki sannfærast. Hann var enn ósáttur haustið 1910 og taldi Indriða geta gert margt þarflegt heima á Íslandi.¹¹¹³

Það voru fleiri en Gísli hugsi yfir því hvaða stefnu Indriði hafði tekið að loknu námi við Búnaðarskólann á Eiðum. Fyrrum sveitungi hans, Sveinn Bjarnason (1879–1970) á Staffelli, leitaði skýringa hjá Indriða í bréfi sem hann ritaði vorið 1908. Þar sagði Sveinn:

Ég hef opt spurt sjálfan mig að því, hvað til þess hafi komið, að þú tókst þig út úr hópnum, og tókst þessa lífsstefnu. Eg hugði eins og þú sjálfur jatar, að þú hefðir haft ánægju af að eiga kindur, og stunda þær sjálfur. Mig hefir alltaf grunað að á bak við það læu ástæður, sem þú vildir halda leyndum, og ég er þeirra trúar ekki. Mér þótti leitt að missa þig, við áttum optast svo vel saman. Við stefndum báðir að sama markmiði, og það var gróði fyrir okkur, fyrst við vorum ekki svo miklir keppninautar að hvor vildi annan niður. Reynslan var búin að sýna að við gátum unnið í félagi.¹¹¹⁴

Sumarið 1911 var Indriði farinn að huga að heimferð og þá svaraði Gísli fyrirspurn hans um mögulega vinnu á Austurlandi. Vöruhússtjóri hjá Kaupfélaginu á Egilsstöðum yrði hann ekki því byggingu hússins hafði verið slegið á frest. Kennarastöðuna á Eiðum fengi hann tæplega því nýr skólastjóri, Metúsalem Stefánsson, gæti vart annað en ráðið Benedikt Blöndal sem væri vel látinn kennari. Farkennslu gæti Indriði líklega fengið en Gísli sagði hann þekkja kjörin sem þar byðust auk þess sem fólki myndi lítið þykja leggjast fyrir hann að taka slíkt.¹¹¹⁵

Þó Gísli viðraði skoðanir sínar á námi og störfum Indriða í bréfum til hans voru þau afskipti á mun meiri jafnræðisgrundvelli en afskipti hans af þeirri ákvörðun systranna, Margrétar og Guðrúnar, að sækja nám í Verslunarskólanum í Reykjavík veturinn 1909–1910. Haustið 1909 skrifaði Gísli systur sínum um þessa ákvörðun þeirra og svöruðu þær báðar bréfi hans skömmu fyrir jól 1909. Guðrún svaraði Gísla fullum hálsi og skaut til baka þegar hún spurði hann hvort

¹¹¹⁰ *HerAust.* A6 494, 5. Bréf frá Indriða Helgasyni til Gísla Helgasonar, dags. 18. febrúar 1907.

¹¹¹¹ *HerAust.* A6 183, 16. Bréf frá Gísla Helgasyni til Indriða Helgasonar, dags. 12. desember 1907.

¹¹¹² *HerAust.* A6 494, 6. Bréf frá Indriða Helgasyni til Gísla Helgasonar, dags. 14. janúar 1908.

¹¹¹³ *HerAust.* A6 183, 16. Bréf frá Gísla Helgasyni til Indriða Helgasonar, dags. 22. október 1910.

¹¹¹⁴ *HerAust.* A6 498, 2. Bréf frá Sveini Bjarnasyni til Indriða Helgasonar, dags. 19. apríl 1908.

¹¹¹⁵ *HerAust.* A6 183, 16. Bréf frá Gísla Helgasyni til Indriða Helgasonar, dags. 19. júní 1911.

skoðanir sem hann setti fram á þjóðmálum í bréfinu væru byggðar á þekkingu eða slúðri. Um nám sitt sagði Guðrún: „Eg skil ekki hvaða ástæður þú hefir til þess að halda á móti verzlunarskólanum, hann er sérskóli en ekki fyrir almenning. Þó þú kallir þá snýkjudyf sem ganga á svoleiðis skóla finst mér ekkert á móti því að kaupmenn séu vel að sér, þeir þurfa beinlínis að vera mentaðir, sérstaklega í málunum. Þeir sem hafa svo mikið saman að selda við aðrar þjóðir. Þú getur ekki dæmt skólann eftir mér, og þar sem ég er búin að vera svo stuttan tíma á honum.“¹¹¹⁶ Í lok bréfsins hafnaði Guðrún því að gerast vinnukona í Skógargarði en bauðst til að gerast kaupakona þar.

Bréf Margrétar til Gísla er dagsett degi síðar en bréf Guðrúnar og fær hann þar áþekk viðbrögð. Systurnar höfðu farið til Reykjavíkur með það markmið að fara í húsmæðra- eða kvennaskóla en hætt við það og farið í verslunarskólann. Um þá ákvörðun sagði Margrét:

Eg get ekkert fundið athugavert við það að vera í verslunarskólanum því mega stúlkur ekki vera eins vel að sér og karlmenn? Má eg bara spyrja þig að einu? Hvers vegna hafðir þú löngun til að menta þig á okkar aldri? Því fyrstu t.d. ekki á búnaðarskóla, þar sem bæði er kend munnleg og verkleg kennsla? Nú þetta var alveg rétt hugsað hjá þér, svo framarlega sem þú ætlar þér nokkuð að læra, þá að læra eingöngu til munnsins, þú hefir náttúrulega séð það, að það þurfti ekki að kenna þér handavinnu, hana kunnir þú að mestu leyti. Er ekki miklu hyggilegra fyrir stúlkur, sem vilja afla sér mentun, að ganga fyrst í skóla, sem eingöngu er munnleg kensla, og svo aftur þá á klæðskeraverkstæði en ekki vera að grauta með alt í einu, og verða svo ekki neitt í neinu.¹¹¹⁷

Margrét sagðist vel geta aflað sér þekkingar í húshaldi og matreiðslu með því að ferðast og án þess að ganga í húsmæðraskóla. Hún kvaðst hafa „mikið betri hæfileika til þess að stunda búskap nú, en eg hafði á meðan eg fór ekkert að heiman, þótt að eg hafi ekki gengið í matarskóla. Eitt er þó verst, ef að þær hafa ekki einu sinni grautarvit þegar þær koma út lærðar úr matarskóla. Hvar er þá ávinningurinn? Að geta bukkað sig og strokið.“¹¹¹⁸

Þó Indriði væri undrandi og ekki allskostar sáttur við það val systra sinna að sækja verslunarskóla má sjá af bréfum sem gengu milli hans og þeirra að þar á milli var kærleikur. Í bréfi haustið 1908 lofaði Margrét það að eiga „jafn gáfaðan og góðan bróðir í fjarlægðinni, sem þig.“¹¹¹⁹ Indriði virðist hafa verið lítt afskiptasamur um athafnir og framtíðaráform systra sinna. Undantekningar frá þessu eru viðbrögð hans við því að systurnar ætluðu aftur austur eftir nám sitt í Reykjavík veturinn 1909–1910. Indriði skrifaði: „Hvað viljið þið heim? Þið hafið ekki neitt fyrir nám ykkar í vetur, ef þið viljið vera fjósakonur uppi í sveit.“¹¹²⁰ Áður hafði Indriði varað Guðrúnu við umgengni við andatrúarfólk en lét afskiptalaust að hún héldi í kristnina. „Eg get ekki tekið þá trú frá þér, en eg vil biðja þig um, ekki að ganga í neitt andatrúar félag, ef þú vilt hafa taugar þínar óskemmdar. Mér er illa við allt andatrúarkukl.“¹¹²¹

Það að Guðrún og Margrét hleyptu heimdraganum og færu til mennta hafði átt sér nokkurn aðdraganda. Í bréfi til Indriða snemma árs 1907 sagði Margrét frá áformum systranna.

Gísli kenndi okkur í hálfan mánuð fyrir jól, að nafninu, hann er oft ekki heima, og sleppa þá úr dagar, við Rúna byrjuðum á reikningi og íslensku ... Nú erum við systur búnar að fastákveða

¹¹¹⁶ *HerAust.* A6 494, 8. Bréf frá Guðrúnu Helgadóttur til Gísla Helgasonar, dags. 19. desember 1909. Bréf Gísla til Margrétar og Guðrúnar þar sem hann lýsti andstöðu við nám þeirra í verslunarskólanum er ekki að finna í bréfasafninu sem varðveitt er í Héraðsskjalasafni Austfirðinga. Hins vegar er þar að finna bréf sem Gísli skrifaði Margréti snemma haustið 1909. Þar lýsti hann undrun yfir ákvörðun þeirra og kvaðst vilja ræða hana betur síðar (sjá: *HerAust.* A6 494, 9. Bréf frá Gísla Helgasyni til Margrétar Helgadóttur, dags. 17. september 1909).

¹¹¹⁷ *HerAust.* A6 494, 8. Bréf frá Margréti Helgadóttur til Gísla Helgasonar, dags. 20. desember 1909.

¹¹¹⁸ *HerAust.* A6 494, 8. Bréf frá Margréti Helgadóttur til Gísla Helgasonar, dags. 20. desember 1909.

¹¹¹⁹ *HerAust.* A6 497, 13. Bréf frá Margréti Helgadóttur til Indriða Helgasonar, dags. 27. september 1908.

¹¹²⁰ *HerAust.* A6 500, 24. Bréf frá Indriða Helgasyni til Margrétar Helgadóttur, dags. 9. apríl 1910.

¹¹²¹ *HerAust.* A6 500, 24. Bréf frá Indriða Helgasyni til Guðrúnar Helgadóttur, dags. 31. maí 1910.

það með okkur að fara héðan annað hvort í vor eða haust, reyndar hefir Gísli ekki beðið okkur, hann veit það, að það er ekki til neins nema þá kaupakonur, en við viljum vera þar sem við getum fengið hátt kaup, því við þurfum líklega á peningum að halda næsta vetur. Okkur langar til að fara suður til Reykjavíkur annað hvort á Hússtjórnar skólan, og kaupa okkur tíma kenslu, eða þá að fara á kvennaskólann.¹¹²²

Í sama bréfi kom fram að Margrét hafði áhyggjur af ónógum undirbúningi sínum og Guðrúnar undir frekara nám og óskaði ráða frá Indriða. Sama dag skrifaði Guðrún bréf til Indriða og ræddi þar m.a. um fjarlægðina á milli þeirra og óvissuna um hvenær þau myndu sjást næst. Þá yrði líklega margt breytt. Guðrún leitaði einnig ráða hjá bróður sínum. „Gréta er búin að segja þér hvað við erum að hugsa að gjöra framvegis, og verðurðu að ráðleggja okkur það, sem þú getur, við höfum gott traust til þín.“¹¹²³ Ekki varð þó af því að systurnar færu til náms í Reykjavík haustið 1907. Skömmu fyrir árslok 1907 skrifaði Guðrún til Indriða og sagði: „Þú ert sjálfsagt búin að fréttu að Gréta er kominn á Seyðisfjörð, og þótti mér vænt um að önnur okkar gat komist í burtu héðan, eg veit að við Gréta fáum aldrei gæfu okkar hér í Skógargærði. Það er ekki eingöngu mömmu að kenna að við höfum það svona.“¹¹²⁴ Það sótti leiði að Guðrúnu sem las oft langt fram á nætur eftir að Margrét fór. Í bréfi til Indriða vorið 1908 ræddi Margrét framtíðaráform sín og nýliðinn vetur:

Ekki ætlaði eg mér í sumar að vera hér í vetur, en svona fór það. Þegar á átti að herða gagnaði mamma sem fyrr, þessvegna mátti ég ekki fara lengra, svo var Gísli ekki heldur með því að ég færi lengra, og alveg af tók að við færum báðar, og ég iðrast líka ekkert eftir því, því Hákon er ágætur kennari, og hefir gert allt hvað í hans valdi stendur til þess að við hefðum sem mest gagn af þessu námi okkar, þá tala eg ekki um siðferði hans og í allri framkomu, slíkt er nú hafandi fyrir eftir dæmi, en að svona mönnum gefur æskan sig oft lítið.¹¹²⁵

Haustið 1908 var Guðrún farin til Reykjavíkur þar sem hún hafði sótt um í Kvennaskólanum en ekki fengið inni þar sem umsóknin kom of seint. Margrét var þá í Skógargærði en kvartaði í bréfi til Indriða yfir því að sér leiddist þar. Hún sagðist ætla til Seyðisfjarðar og reyna að fá vinnu þar en hugleiddi líka að fara til Reykjavíkur því hún hafði áhyggjur af Guðrúnu einni þar. „Nú hefi eg þó enþá meiri löngun til þess að halda áfram að læra en ég hafði nokkurn tíma áður.“ Margrét gat þess að Hákon Finnsson væri fluttur í Eiðabínghá og ætlaði „að hafa skóla í Mýrnesi í vetur, hann er miklu meir fyrir sveitina en kaupstaðarlífið svo hafa unglingarnir gott af því líka.“¹¹²⁶

Sú innsýn sem hér er gefin í líf og störf systkinanna í Skógargærði leiðir í ljós hve mikið íslenskt samfélag á fyrsta áratug 20. aldar hafði breyst frá því sem var við upphaf rannsóknartímans. Börn efnalítilla bænda sem voru að komast á fullorðinsár við upphaf 20. aldar áttu úr fleiri möguleikum að velja varðandi nám og starfsvettvang en áður var, þegar valkostir flestra með samsvarandi uppruna voru annað hvort að brjótast til sjálfstæðs búskapar eða eyða ævinni í vinnumennsku. Breytingunum fylgdi þó á tíðum óvissa um hvert skyldi halda og hvert það leiddi að feta nýjar brautir, ekki síst varðandi hvaða störf væru í boði að loknu námi. Indriði, Margrét og Guðrún leituðu tækifæra utan sveitasamfélagsins. Þrátt fyrir að vera upprunnin í sveit hugðu þau ekki á búskap. Eftir andlát föður þeirra varð Gísli fulltrúi sveitasamfélagsins í systkinahópnum og hélt kostum þess á loft. Af því leiddi fróðleg skoðanaskipti (á stundum núning) sem endurspeglar ólíka samfélagssýn. Sá mismunur var ekki aðeins milli kynslóða heldur líka meðal fólks af sömu kynslóð.

¹¹²² *HerAust.* A6 497, 13. Bréf frá Margréti Helgadóttur til Indriða Helgasonar, dags. 15. janúar 1907.

¹¹²³ *HerAust.* A6 497, 14. Bréf frá Guðrúnu Helgadóttur til Indriða Helgasonar, dags. 15. janúar 1907.

¹¹²⁴ *HerAust.* A6 497, 14. Bréf frá Guðrúnu Helgadóttur til Indriða Helgasonar, dags. 20. desember 1907.

¹¹²⁵ *HerAust.* A6 497, 13. Bréf frá Margréti Helgadóttur til Indriða Helgasonar, dags. 6. apríl 1908.

¹¹²⁶ *HerAust.* A6 497, 13. Bréf frá Margréti Helgadóttur til Indriða Helgasonar, dags. 27. september 1908.

4.5.3 Hákon Finnsson: kennari, félagsmálamaður og bóndi

Árið 2016 kom út bókinn *Frá Brekkum á Rangárvöllum að Borgum í Hornafirði*. Hún fjallar um ævi og störf Hákonar Finnssonar (1874–1946) og er meginefni bókarinnar ritað af honum sjálfum. Tveir afkomenda Hákonar sáu um útgáfuna. Fyrsti hluti bókarinnar er áður óbirt sjálfsævisaga sem nær frá æsku fram til ársins 1906. Hana virðist Hákon hafa ritað á árunum 1904–1906. Annar hlutinn er *Saga smábýlis 1920–1940*, sem Hákon ritaði um búskap sinn á Borgum og Búnaðarfélag Íslands gaf út árið 1943. Þriðji hlutinn nefnist „Hver var Hákon Finnsson?“ og inniheldur hann frásagnir af ævi Hákonar á árunum 1906–1920. Á þeim tíma var hann búsettur á Fljótsdalshéraði og Seyðisfirði. Margt í efni þess kafla er byggt á skjölum úr fótum Hákonar.¹¹²⁷

Þegar Hákon Finnsson kom fyrst til Austurlands sumarið 1898, að lokinni útskrift frá Möðruvallaskóla, var hann ókunnugur í fjórðungnum. Fyrir milligöngu ónefnds skólabróður síns (líklega Björns Hallssonar á Rangá) hafði Hákon von um vinnu á Austurlandi þetta sumar. Hákon sigldi austur í maí 1898 með strandferðaskipi. Það hafði viðkomu bæði á Vopnafirði og Seyðisfirði og á báðum stöðum fór Hákon í land og leitaði fyrir sér með vinnu, en árangurslaust. Að lokum fór hann í land í Mjóafirði og fékk þar vinnu í viku. Í byrjun júní var Hákon kominn í Rangá í Hróarstungu þar sem hann hélt til um hríð. Honum gekk illa að fá fasta vinnu og flæktist milli bæja á Fljótsdalshéraði um sumarið. Þar tók Hákon tímabundin störf en dvaldist þess á milli á Rangá.¹¹²⁸ Meðal þeirra bæja sem hann starfaði á sumarið 1898 var Skriðuklaustur í Fljótsdal. Þar átti Hákon eftir að ilengjast síðar þó hann yfirgæfi Austurland haustið 1898 og dvaldi í Reykjavík veturinn á eftir. Þar bjuggu þá móðir hans og systkini. Vorið 1899 flutti Hákon í Skriðuklaustur. Hann bjó á Fljótsdalshéraði og Seyðisfirði í tuttugu ár, ef frá eru talin tæp tvö ár sem hann dvaldi erlendis.¹¹²⁹

Hákon Finnsson var fæddur á Brekkum á Rangárvöllum þar sem foreldrar hans voru bændur. Þau neyddust til að bregða búi þegar Hákon var tveggja ára gamall, þar sem sandfok hafði gert Brekkur óbyggilegar, og misstu þar aleigu sína. Næstu ár var Hákon með foreldrum sínum en síðan með föður sínum, sem var verkstjóri í Kirkjubæ á Rangárvöllum. Tíu ára gamall fór Hákon í vist til vandalausra og var í vistum á þremur bæjum á Rangárvöllum (ef frá er talin ársdöl í Reykjavík 1891–1892), allt þar til hann fór í Möðruvallaskóla haustið 1896. Þaðan lauk Hákon prófi vorið 1898 sem dúx síns árgangs.¹¹³⁰

Saga Hákonar er um margt eftirtektarverð enda gefa heimildir þá mynd af honum að hann hafi verið óvenju fjölhæfur og afar eljusamur maður. Hann varð vinsæll kennari, afkastasamur við skriftir (sem hann þó stundaði í hjáverkum), fékkst við smíðar, var organisti og söngstjóri en starfaði þó lengstum við búskap. Það gerir sögu Hákonar áhugaverða í samhengi þessarar ritgerðar hve vel hann komst áfram í mennta-, menningar- og félagslífi á Austurlandi án þess að eiga þar rætur eða frændgarð, hafa með höndum embætti eða standa vel fjárhagslega.

Hákonar er getið í nokkrum sendibréfum og öðrum austfirskum heimildum sem nýttar hafa verið við gerð þessarar ritgerðar. Í þessum kafla verður þó mest byggt á áðurnefndri sjálfsævisögu hans og dagbókum sem Hákon hélt frá 1897 til 1944 og varðveittar eru í Þjóðskjalasafni Íslands.¹¹³¹ Það er eftirtektarvert hversu nákvæmur Hákon var við færslu dagbóka sinna og á köflum ítarlegur. Dagbækur hvers árs eru á bilinu 200–300 blaðsíður í áttblöðungsbroti (8vo). Dæmigerð færsla hefst á stuttri veðurlýsingu, síðan frásögn af unnum störfum og endar á að tíunda tónlistaræfingar, lestur

¹¹²⁷ Hákon Finnsson, *Frá Brekkum á Rangárvöllum að Borgum í Hornafirði*. Útgefendur bókarinnar voru Karl Skírnisson líffræðingur og Hákon Hansson dýralæknir. Þeir eru barnabörn Hákonar Finnssonar.

¹¹²⁸ ÞÍ. E.98, 1. Hákon Finnsson á Borgum, Hornafirði. Dagbækur 1897–1908. Hákon kom til Mjóafjarðar þann 18. maí en var kominn í Rangá 6. júní.

¹¹²⁹ Hákon Finnsson, *Frá Brekkum á Rangárvöllum að Borgum í Hornafirði*, 43–45.

¹¹³⁰ Hákon Finnsson, *Frá Brekkum á Rangárvöllum að Borgum í Hornafirði*, 7–32, 40.

¹¹³¹ ÞÍ. E.98, 1–4. Hákon Finnsson á Borgum, Hornafirði. Dagbækur 1897–1944.

eða afþreyingu. Dæmi um nákvæmni Hákonar eru skráningar hans á veikindum, bæði eigin og síðar einnig eiginkonu sinnar, sem og á skemmtun og afþreyingu á heimilum (t.d. getur hann þess oft að hafa verið við spilamennsku á kvöldin og þá kemur jafnan fram hvað var spilað og við hverja). Þó dagbækur Hákonar séu líkt og margar aðrar dagbækur einkum skráning atburða og upplýsinga má líka finna í þeim færslur sem eru tilfinningaríkar, t.d. upplifanir á ferðalögum og frásögn Hákonar af því er hann byrjaði skólahald sitt á Seyðisfirði haustið 1907. Þrátt fyrir nákvæmnina sjást þess líka dæmi að Hákon væri varfærinn í færslum í dagbókum sínum, stundum svo að erfitt er fyrir utanaðkomandi að átta sig á hvað nákvæmlega er átt við. Einnig sjást stöku setningar á ensku. Hvort tveggja má ætla að hafi verið öryggisráðstöfun, með það í huga að annað heimilisfólk gæti komist í dagbókina og lesið hana og því hafi Hákon ekki skráð viðkvæmar upplýsingar berort eða ítarlega, eða gert það með þeim hætti (á ensku) að ekki væri á færi hvers sem var að skilja það.

Eftir að Hákon kom austur í Skriðuklaustur vorið 1899 starfaði hann við búið og sinnti auk þess heimiliskennslu. Það ár varð hann 25 ára. Þessara tímamóta minntist Hákon svo í sjálfsævisögu sinni: „Þetta áminnta vor varð ég 25 ára og þar með fullmyndugur. En yfir hverju var að vera myndugur? Ég átti þá ekkert til og þurfti enga fjármunalega eða annars konar samninga að gera, því stétt mín og staða í mannfélaginu var eigi þannig. En ég vonaði að mér tækist einhvern tíma á myndugleikaskeiðinu að hafa mig svo fram að myndugleikinn yrði mér ekki þýðingarlaus.“¹¹³² Hákon leit á sig á þessum tíma sem fullþroskaðan mann að kröftum og vexti og búinn að afla sér þeirrar formlegu menntunar sem hann ætlaði sér. Hann tók því að vinna baki brotnu til að afla sér fjár. „Efaðist ég eigi að svo framarlega sem mér hlotnaðist heilsa og aldur til þá gæti ég orðið lánsamur og uppbyggilegur maður, svo framarlega sem mér tækist að vinna mér álit góðra og greindra manna fyrir dugnað og ráðvendni í mínum smáa verkahring.“¹¹³³ Af þessum orðum má sjá að markmið Hákonar var að skapa sér álit og vinna sig upp í stigveldi dyggðasamfélagsins með því að ástunda tvær helstu dyggðir þess, dugnað og ráðvendni. Hann lagði raunar áherslu á fleiri dyggðir og má í sjálfsævisögu hans sjá að Hákon lagði t.d. mikið upp úr sparsemi þó hann vildi forðast allan nirfilshátt. Að mati greinarhöfundar í tímaritinu *Gerpi* árið 1948 náði Hákon fljótt að vekja athygli fólks eftir flutninginn austur og varð Fljótsdælingum eftirsjá að honum er hann fluttist burt. „Varð hann brátt þekktur um alla sveitina fyrir framúrskarandi dugnað og fjölhæfni.“¹¹³⁴

Veturinn 1900–1901 dvaldi Hákon um tveggja mánaða skeið í Kirkjubæ í Hrórastungu þar sem hann kenndi börnum Einars Jónssonar prests og alþingismanns og naut um leið tilsagnar í orgelleik, en þess hafði verið óskað að hann gerðist organisti við Valþjófsstaðarkirkju. Í dagbókum Hákonar má sjá að hann varði miklum tíma til æfinga í orgelleik, bæði meðan hann var í Kirkjubæ og eftir að hann kom aftur í Skriðuklaustur. Eftir tveggja ára dvöl á Skriðuklaustri samdi Hákon við húsbónda sinn um að starfa að búinu á sumrin en hafa veturna lausa til að sinna kennslu, lestri og orgelæfingum.¹¹³⁵

Á árunum 1898 til 1904 og svo aftur eftir heimkomuna frá Danmörku og Bretlandi árið 1906 stundaði Hákon barna- og unglingakennslu öll árin fram til 1911. Fyrst var hann heimiliskennari en 1907–1911 hélt hann eigin ungmennaskóla, fyrsta veturinn á Seyðisfirði en hina síðari á Fljótsdalshéraði, í Mýrnesi (nú Mýnesi) og á Breiðavaði í Eiðapinghá og loks á Arnhólsstöðum í Skriðdal. Hákon og Ingiríður Guðmundsdóttir (1877–1946) eiginkona hans hófu búskap á

¹¹³² Hákon Finnsson, *Frá Brekkum á Rangárvöllum að Borgum í Hornafirði*, 46. Að verða fullmyndugur þýddi að Hákon gat gengið í hjónaband án þess að leita undanþágu, hann gat fjárfest í eigin nafni og fékk kosningarétt til Alþingis, uppfyllti hann önnur ákvæði kosningalaga.

¹¹³³ Hákon Finnsson, *Frá Brekkum á Rangárvöllum að Borgum í Hornafirði*, 46–47.

¹¹³⁴ Elísabet Baldvinsdóttir, „Hákon Finnsson“, 21.

¹¹³⁵ Hákon Finnsson, *Frá Brekkum á Rangárvöllum að Borgum í Hornafirði*, 47–48; *ÞÍ. E.* 98, 1. Hákon Finnsson á Borgum, Hornafirði. Dagbækur 1897–1908.

Arnhólsstöðum árið 1910 og bjuggu þar til 1919 er þeim var sagt upp leigunni. Þá fluttust þau ásamt börnum sínum til Hornafjarðar þar sem þau bjuggu til æviloka.¹¹³⁶

Í dagbókum Hákonar sést að hann hafði hug á að fara erlendis allt frá því að hann lauk námi á Möðruvöllum. Af því varð þó ekki fyrr en haustið 1904 en þá leiddi nefmeini sem hann átti við að stríða til þess að Hákon fór til Kaupmannahafnar að leita sér lækninga. Eftir að unnin hafði verið bót á meininu fékk Hákon starf sem vinnumaður á herragarði á Jótlandi og dvaldi þar veturinn 1904–1905. Dvölin þar varð honum nokkurs konar námsdvöl í búfræðum. Hákon nýtti einnig tímann til að kynna sér nýjungar í kennslu auk þess að sækja fyrirlestra í lýðskólum (hann heimsótti skólana í Askov, Ribe og Djursland). Hvort tveggja gerði hann með það að markmiði að gera sig færari til kennslu eftir heimkomu til Íslands þó ætlun hans væri að búskapur yrði hans aðalatvinnuvegur í framtíðinni. Haustið 1905 sigldi Hákon til Englands þar sem hann dvaldi í Cambridge og nágreinni mestan hluta vetrarins, starfaði á búgarði og var heimagangur hjá Eiríki Magnússyni bókaverði. Vorið 1906 fór Hákon til Skotlands þar sem hann starfaði við landbúnað um nokkurra vikna skeið áður en hann hélt heim til Íslands.¹¹³⁷

Eftir heimkomuna 1906 opinberuðu Hákon og Ingiríður trúlofun sína, en þau höfðu kynnst og starfað saman á Skriðuklaustri. Þau giftu sig vorið 1907, skömmu áður en þau fluttu til Seyðisfjarðarkaupstaðar. Einstaklingar þar í bænum höfðu haft frumkvæði að því að bjóða Hákon að koma þangað og styðja hann við að koma upp ungmennskóla í bænum. Í byrjun nóvember 1907 hóf hann kennslu og voru nemendur tuttugu talsins, sex stúlkur og fjórtán piltar, á aldrinum 15–22 ára. Innan við helmingur nemendanna var frá Seyðisfirði en tólf þeirra voru búsettir á Fljótsdalshéraði. Hákon stóð fyrir samsvarandi skólahaldi næstu tvo vetur í Eiðapinghá á Fljótsdalshéraði, fyrst í Mýrnesi (1908–1909) og svo á Breiðavaði (1909–1910). Nemendur voru færri þar en höfðu verið á Seyðisfirði (tíu fyrri veturinn og fjórtán þann seinni).¹¹³⁸ Hákon fékk hrós fyrir skólahald sitt, m.a. frá Jónasi Eiríkssyni, fyrrum skólastjóra Búnaðarskólans á Eiðum. Hann ritaði grein í *Austra* árið 1909 þar sem hann lauk lofsorði á skólahald Hákonar í Mýrnesi og lagði áherslu á þörfina fyrir slíka skóla, m.a. til að veita nauðsynlegan undirbúning fyrir nám við búnaðar- eða gagnfræðaskóla.¹¹³⁹ Jónas var búsettur á Breiðavaði og kenndi með Hákon eftir að skólinn fluttist þangað. Eftir að Hákon fékk Arnhólsstaði til búsetu vorið 1910 reyndi hann að koma á fót ungmennskóla þar en aðsókn var lítil (fimm nemendur) og varð veturinn 1910–1911 sá síðasti sem hann fékkst við kennslu.¹¹⁴⁰ Fleiri en Jónas Eiríksson minntust kennslu Hákonar með velþóknun. Í fyrrnefndri grein í *Gerpi* árið 1948 var sagt að nemendur hefðu almennt lofað kennslu Hákonar sem oft brá út af hefðbundnum kennsluháttum.¹¹⁴¹

Líkt og fyrr var nefnt var falast eftir því við Hákon veturinn 1900–1901 að hann gerðist organisti við Valbjófsstaðarkirkju og varð það raunin eftir að hann hafði leitað sér frekari leiðsagnar í orgelleik. Á sumardaginn fyrsta árið 1901 var haldin aldamótahátíð í Fljótsdal. Hákon var aðal- skipuleggjandi hennar og annar tveggja aðalræðumanna, en hinn var Guttormur Vigfússon alþingismaður Suður-Múlasýslu. Hákon söng dúett á hátíðinni með Halldóri Stefánssyni, spilaði á orgel og stýrði söng, m.a. á frumortu kvæði eftir hann sjálfan. Á hátíðinni stóð Hákon fyrir stofnun söngfélags í sveitinni sem 25 manns gengu þá þegar í. Eftir að Hákon var fluttur í Skriðdal hafði

¹¹³⁶ Hákon Finnsson, *Frá Brekkum á Rangárvöllum að Borgum í Hornafirði*, 60, 123–124.

¹¹³⁷ Hákon Finnsson, *Frá Brekkum á Rangárvöllum að Borgum í Hornafirði*, 48–53; *Í.* E.98, 1. Hákon Finnsson á Borgum, Hornafirði. Dagbækur 1897–1908.

¹¹³⁸ Hákon Finnsson, *Frá Brekkum á Rangárvöllum að Borgum í Hornafirði*, 116, 124–126.

¹¹³⁹ Jónas Eiríksson, „Um unglingaskóla í Fljótsdalshéraði,“ 17. apríl 1909, 41.

¹¹⁴⁰ Hákon Finnsson, *Frá Brekkum á Rangárvöllum að Borgum í Hornafirði*, 126–127.

¹¹⁴¹ Elísabet Baldvinsdóttir, „Hákon Finnsson,“ 21.

hann þar forgöngu um stofnun sönghóps og lestrarfélags. Söngkennsla var raunar fastur liður í unglingakennslu Hákonar á árunum 1907–1910.¹¹⁴²

Snemma árs 1908 var stofnað ungmennafélag á Seyðisfirði og hafði Þorsteinn M. Jónsson kennari og síðar alþingismaður og bókaútgefandi forgöngu að því. Með honum í fyrstu stjórn félagsins voru Halldór Stefánsson, þá forstöðumaður söludeildar Pöntunarfélags Fljótsdalshéraðs á Seyðisfirði og síðar alþingismaður, og Hákon Finnsson sem var kosinn gjaldkeri. Hákon skrifaði um stofnfundinn í dagbók sína og þar má sjá að félagið fór af stað af krafti, fundaði reglulega og var mjög virkt frá byrjun.¹¹⁴³ Hákon flutti opinberan fyrirlestur („Stefnur og framtíð ungra manna“) á Seyðisfirði árið 1908 og þremur árum síðar flutti hann samnefndan fyrirlestur í Reykjavík, Keflavík, Hafnarfirði og á Akranesi.¹¹⁴⁴

Hákon Finnsson stefndi frá unga aldri að því að verða bóndi og byggja upp og þróa eigin búskap. Hann gerði sér þó grein fyrir því, áður en hann hóf eigin búskap, að elja og dugnaður við bústörfin væru ekki næg ein og sér heldur ætti hvert bú mikið undir því að sveitirnar döfnuðu og því yrði ekki aðeins að huga að þróun landbúnaðarins heldur einnig hlúa að félags-, mennta- og menningarlífi sveitanna. Í sjálfsævisögunni lýsti Hákon lífi sínu á Rangárvöllum á árunum áður en hann hélt í Möðruvelli sem „skemmtanasnaudu.“ Helsta ánægjan hafi verið að fá blöðin en tónlist, söngur og spil þekktust ekki. Hákon áleit þetta ástand hafa átt ríkan þátt í þeim samfélagsbreytingum sem áttu sér stað á þessum tíma. „Skemmtanaleysið í sveitunum er líka ein orsök til þverrandi hjúatölu þar. Þetta er líka ofur eðlilegt. Mestur hluti hjúa er úr yngri flokkum og elskar því lífið og gleðina, leitar því náttúrulega þangað sem hún er, sem er í kaupstöðum og svo í Ameríku.“¹¹⁴⁵ Þetta var ómetanlegur skaði fyrir sveitirnar að mati Hákonar sem taldi að bændur hefðu átt að hlynna að saklausum og uppbyggilegum skemmtunum, bæði á heimilunum sjálfum og í félagsskap utan þeirra, í stað þess að hafa ímugust á þeim eða leggjast gegn þeim eins og algengt var víða um og fyrir aldamótin. Sjálfur var Hákon lítt gefinn fyrir eina vinsælustu skemmtun aldamótakynslóðarinnar, dansinn, meðan hann var við nám á Möðruvöllum. Þá minnst hann í dagbók sinni ítrekað á skemmtanir sem innihéldu dans en tók jafnan fram að hann hefði ekki tekið þátt. Þetta viðhorf breyttist eftir að Hákon var fluttur austur og má sjá í dagbókunum að hann tók virkan þátt í dansskemmtunum fljótlega eftir að hann flutti í Skriðuklaustur.¹¹⁴⁶ Af dagbókinni má sjá að Hákon tók upp úr þessu að leggja metnað í að taka þátt í sem flestu sem haft var til skemmtunar á samkomum. Fyrstu árin sem Hákon bjó í Fljótsdal virðist félagastarf í sveitinni hafa verið lítið, a.m.k. sést þess lítt getið í dagbókunum og aðrar heimildir benda til hins sama. Í dagbókunum eru þó nefndir pöntunarfélagsfundir sem bændur sóttu og upp úr aldamótum fór glímuáhugi vaxandi. Forganga Hákonar í félagslífi Fljótsdals, bæði við hátíðahöldin 1901 og stofnun sönghópsins, eru merki þess að hann tók sér stöðu sem forystumaður við að efla félags- og menningarlíf í Fljótsdal aðeins fáum árum eftir komuna þangað.

Húsbóndi Hákonar á þessum árum, Halldór Benediktsson á Skriðuklaustri, var virðingarmaður í samfélaginu og mikill samgangur var milli Klausturs og nágrannanna á prestssetrinu á Valþjófsstað. Einnig kemur víða fram í dagbókum Hákonar að vinátta og samgangur hafi verið með Skriðuklaustursfólki og íbúum í Geitagerði og Arnheiðarstöðum í Fljótsdal, m.a. kenndi

¹¹⁴² Helgi Hallgrímsson, *Fljótsdala*, 300; Hákon Finnsson, *Frá Brekkum á Rangárvöllum að Borgum í Hornafirði*, 128–129.

¹¹⁴³ Viðar Hreinsson, *Gafuleit*, 39–40; *ÞÍ*. E.98, 1. Hákon Finnsson á Borgum, Hornafirði. Dagbækur 1897–1908. Stofnfundur félagsins var haldinn þann 26. janúar 1908 og voru stofnfélagar 28 talsins. Viku síðar var haldinn félagsfundur og mættu 30 manns á hann.

¹¹⁴⁴ Hákon Finnsson, *Frá Brekkum á Rangárvöllum að Borgum í Hornafirði*, 133.

¹¹⁴⁵ Hákon Finnsson, *Frá Brekkum á Rangárvöllum að Borgum í Hornafirði*, 34.

¹¹⁴⁶ *ÞÍ*. E.98, 1. Hákon Finnsson á Borgum, Hornafirði. Dagbækur 1897–1908 (sjá færslur frá 14. febrúar og 17. október 1897 og frá 1. janúar 1901).

Hákon börnum frá þessum bæjum. Á þeim voru bændur bræðurnir Guttormur og Sölvi Vigfússynir sem báðir voru forystumenn í samfélaginu. Guttormur var alþingismaður og Sölvi sinnti ýmsum trúnaðarstörfum í héraði og var ítrekað orðaður við þingframboð. Meðan Hákon dvaldist hjá Einari Jónssyni prófasti og alþingismanni í Kirkjubæ í Hróarstungu veturinn 1900–1901 hafði hann kynni af Jóni Jónssyni frá Sleðbrjót og Guðmundi bróður hans frá Húsey. Ítrekað sjást þess dæmi að þegar hjónin á Skriðuklaustri brugðu sér í heimsóknir á aðra bæi, jafnvel utan sveitar, var Hákon með í för, m.a. tóku þau hann með sér í útför í Hróarstungu sumarið 1903 og í skemmtiferð eftir hana.¹¹⁴⁷

Af þessum dæmum og öðrum vitnisburðum dagbóka Hákonar má sjá að hann náði því markmiði sínu að njóta viðurkenningar í samfélaginu. Þar hefur velvild háttsettra manna vafalítið verið honum mikill styrkur og ekki síður þegar kom að því að hann yfirgaf Skriðuklaustur nýkvæntur vorið 1907 og fór að hasla sér völl í unglingakennslu og ryðja þar næsta óplægðan akur í austfirsku menntalífi. Hákon leitaði frama innan ríkjandi samfélagsgerðar og náði þar árangri sem er eftirtektarverður, ekki síst fyrir þær sakir að hann byrjaði með tvær hendur tómar bæði í efnalegu og félagslegu tilliti, sem fátækur aðkomumaður í framandi landshluta.

¹¹⁴⁷ ÞÍ. E.98, 1. Hákon Finnsson á Borgum, Hornafirði. Dagbækur 1897–1908.

5. Niðurstöður

Íslenskt samfélag þróaðist í átt til aukins lýðræðis á tímabilinu 1874–1915. Réttarbætur juku frelsi almennings og lýðræðisleg réttindi, þó meginþorri fullorðinna Íslendinga byggði við skertan þegnrétt allt til ársins 1915 og hluti þeirra nokkru lengur (vegna aldursákvæða í stjórnarskrárbreytingunni 1915 og ákvæðis um að skuld á opinberum fjárstyrk leiddi til missis kosningaréttar). Fram til aldamóta var kjörsókn í alþingiskosningum almennt svo lítil að langsótt er að halda því fram að niðurstöður kosninga hafi endurspeglað almenn viðhorf og að kjörnir fulltrúar hafi staðið undir nafni að vera fulltrúar almennings. Erfiðleikar stórs hluta kjósenda við að nýta kosningarétt sinn vegna fárra kjörstaða, afskipti af kjósendum, óeðlilegur þrýstingur sem þeir voru á stundum beittir og ekki síst viðvarandi og afgerandi munur milli áherslna forystumanna í stjórnmálum og almennings átti allt sinn þátt í að viðhalda „fámennisstjórn“ þar sem karlar úr efstu lögum samfélagsins réðu, án teljandi áhrifa annarra landsmanna.

Ísland rannsóknartímans var samfélag lýðræðisþróunar en ekki fullburða lýðræðis. Annmarkar á þátttöku voru margir og fullur þegnréttur bundinn við fámennan hóp sem leiddi til þess að áherslur í stjórnmálum voru á tíðum fjarri almenningi. Fullur þegnréttur felur í sér að einstaklingur sé sjálfráða og njóti einstaklingsfrelsis, m.a. um atvinnu sína og búsetu, og hafi tjáningarfrelsi og fullan þátttökurétt í lýðræðislegum stofnunum (kosningarétt og kjörgengi). Hinir pólitískt virku – „fólkið“ – voru framan af þessu tímabili aðeins lítill hluti landsmanna, í raun aðeins hluti kjósenda. Breski stjórnmálafræðingurinn Albert Weale dregur afgerandi línu um lýðræðislega stöðu samfélaga þegar hann segir að þau sem útiloki stóra hópa (t.d. konur) frá fullum þegnrétti sé einfaldlega ekki hægt að kalla lýðræðisleg.¹¹⁴⁸ Í þessu samhengi má einnig minna á orð Jean Grugel og Francis Sejersted um að lýðræðisþróun sé ekki einungis kosningaréttur heldur félagsleg þátttaka og útvíkkaður þegnréttur.¹¹⁴⁹ Á Íslandi vantaði mikið upp á það fram á síðasta áratug 19. aldar að þau fimm skilyrði sem Robert Dahl skilgreindi sem nauðsynlegar forsendur lýðræðisþróunar væru til staðar. Á því tímabili var almenningur ekki virkur þátttakandi í opinberri umræðu og átti litla möguleika á að tjá skoðanir sínar opinberlega. Kosningaréttur var mjög takmarkaður og konur og fátækir karlar voru útilokuð frá honum. Aðgengi almennings að upplýsingum um pólitíska stefnumótun var takmarkað lengst af rannsóknartímanum og möguleikar almennings litlir til áhrifa á efni opinberrar umræðu eða viðfangsefni valdhafa.¹¹⁵⁰

Sú einstaklingshyggja sem var að ryðja sér til rúms um aldamótin 1900 fól m.a. í sér hugmyndina um að hver fullorðinn einstaklingur ætti tilkall til fulls þegnréttar og þar með atkvæðisréttar í alþingiskosningum. En rótgróin heimilishyggja var einn helsti þröskuldurinn á vegi útfærslu þegnréttar til hópa sem voru útilokaðir frá honum á tímabilinu. Útbreitt viðhorf í íslensku samfélagi 19. aldar var að hvert heimili hefði eitt atkvæði og með það atkvæði færi húsbóndinn. Það viðhorf var í anda hins þrískipta feðraveldis þar sem húsbóndinn var ótvíræður leiðtogi síns heimilis og andlit þess út á við.

Sóknarprestar voru meðal helstu veraldlegu leiðtoga í íslenska dyggðasamfélaginu og oft afgerandi leiðtogar sinna sökna. Þó tekið væri að fjara undan samfélagslegu valdi þeirra snemma á rannsóknartímanum og sú þróun héldi áfram til loka hans var félagslegt mikilvægi presta enn mjög mikið allt tímabilið, einkum í sveitum. Ein birtingarmynd þess eru þau átök sem leitt gat af prestskipunum og prestskosningum. Fólk lét sig miklu varða hvaða sóknarprest það fékk, jafnvel þó kirkjusókn færi minnkandi og kvartað væri yfir vaxandi vantrú, því til prestanna var litið sem

¹¹⁴⁸ Weale, *Democracy*, 20.

¹¹⁴⁹ Grugel, *Democratization*, 5; Sejersted, *The Age of Social Democracy*, 98.

¹¹⁵⁰ Dahl, *On Democracy*, 37–38.

lykilmanna í veraldlegri framþróun í sóknum. Prestssetrin höfðu um langa hrið verið menningar- miðstöðvar sinna sókna, og fyrir tilkomu skipulagðs félagastarfs helsti vettvangur fólks til að svara félagsþörf sinni utan heimilis. Lögum um prestskosningar var ætlað að vera réttarbót sem veitti sóknarfólki tæki til að hafa áhrif á hvaða sóknarprest það fékk þegar prestskipti urðu. En áhrif þeirra urðu víðtækari. Lögin áttu sinn þátt í að raska fyrra valdajafnvægi. Ítrekuð dæmi eru um að ráðandi menn í sóknum þyrftu að sæta því að þeirra prestsefni yrði undir í kosningu. Prestskosningar leiddu líka til þess að forystuhlutverk í byggðarlögum gátu riðlast þar sem ráðandi menn skipuðu sér í fleiri en eina fylkingu og því var óhjákvæmilegt að einhverjir þeirra yrðu undir. Þetta veikti samfélagslegt vald þeirra en valdefldi almenning, gróf undan stigveldinu og ýtti undir trú á styrk og möguleikum samtakamáttar.

Fjölmíðlar áttu stóran þátt í að veikja stigveldi íslenska dyggðasamfélagsins og stækka almannarýmið. Uppgangur þeirra þrengdi að menningarlegu forræði presta og annarra ráðandi manna í nærsamfélögunum og gerði það að verkum að erfiðara varð að stýra upplýsingum. Blaðadeilur Jóns Ólafssonar og Jóns frá Sleðbrjót við Tryggva Gunnarsson og Þorvarð Kjerúlf (sem fjallað er um í köflum 4.3.2 og 4.3.4) draga fram kynslóðamun meðal stjórnámamanna þessa tíma, þar sem hinir yngri vildu opinbera umræðu um pólitísk álitamál en þeir eldri voru fráhverfir því að skiptast á skoðunum á síðum blaðanna. Þar var erfiðara en í samtölum eða á fundum að beita sterkri samfélagslegri stöðu gegn andófi og andstæðum skoðunum og nýta tæki stigveldisins til að láta „læggra setta“ þekkja sinn sess og sitja á sér.

Þessi rannsókn er byggð í kringum grundvallarspurninguna: Hafði íslenskur almenningur, starfandi félög og félagshreyfingar merkjanleg áhrif á þróun íslenskra stjórnamála, lýðræðis og samfélags á rannsóknartímanum? Væri svarið já var afleidd spurning: Hvaða áhrif? En væri svarið nei væri næsta spurning: Hvers vegna?

Svarið við grundvallarspurningu rannsóknarinnar er já. Almenningsur hafði með þátttöku í félagastarfi greinileg áhrif á ákveðnum sviðum samfélags og stjórnamála. Sá styrkur sem bindindishreyfing og kvennahreyfing náðu á tímabilinu hafði augljós áhrif á þau mál sem þessar hreyfingar beittu sér fyrir af mestum þunga. Aðflutningsbann á áfengi sem Alþingi setti árið 1908 hefði ekki orðið að veruleika án tilverknaðar bindindishreyfingarinnar. Að sama skapi er óvíst hvenær íslenskar konur hefðu fengið kosningarétt til Alþingis ef ekki hefði myndast öflug kvennahreyfing sem barðist fyrir réttarbótum og aflaði sér virðingar og stuðnings í samfélaginu langt út fyrir eigin raðir. Víðtæk samfélagsleg áhrif ungmenna- og verkálýðshreyfinganna komu hins vegar meira fram eftir það tímabil sem hér um ræðir, enda þær hreyfingar enn í mótun við lok rannsóknartímans. Hér varð þó ekki um neina byltingu að ræða heldur þróun í átt til meiri félagslegrar virkni og aukinna áhrifa almennings. Samfélagsgerðin tók breytingum en fyrri valdhafar héldu velli þó staða þeirra veiktist.

Ein veigamestu áhrifin sem félög og félagshreyfingar höfðu voru að þau efldu samkennd og samhug meðal almennings og færðu fólki heim sanninn um að það gæti í samtökum verið sterkt afl sem valdhafar yrðu að taka tillit til. Framlag félaga og félagslífs alþýðuskóla til að þjálfa almenning í opinberri tjáningu, sem er lykillinn að þátttöku í almannarýminu, var mjög þýðingarmikill hluti samfélagslegra áhrifa þeirra og mikilvægt framlag til þess að minnka félagslega aðgreiningu milli menntamanna og almennings. Þetta skipti líka miklu varðandi lýðræðisþróun eftir 1915 því þegar hópar sem haldið hafði verið frá fullum þegnrétti fengu hann árið 1915 var margt fólk innan þeirra vel undirbúið til fullrar lýðræðislegrar þátttöku. Meginástæða þess að áhrif almennings á íslensk stjórnámál urðu ekki enn meiri á rannsóknartímanum liggur augljóslega í því að fullan þegnrétt skorti en þó ekki síður í því að fyrirferðarmesta stjórn málefni aldamótanna, þráteflið um sambandið við Danmörku, virðist hafa verið flestu fólki fjarlæggt og almenningur haft

lítinn áhuga að blanda sér í það. Stórpólitíkin var í opinberri umræðu PÓLÍTÍK þessa tíma. Almenníngur hafði hins vegar mun meiri áhuga á þeirri „pólitík“ sem birtist í áherslum félaga og félagshreyfinga. Hún stóð almenningi nær og snerti daglegt líf fólks. Þessi aðgreining hins pólitíska sviðs frá öðrum hlutum almennarýmisins birtist m.a. í því að í sveitarblöðum sér þess vart stað að vikið sé að stórpólitík og að þau þjóðmálablöð sem voru hófstílltust í stórpólitíkinni seldust jafnan betur en önnur. Sá mikli áhugi sem skapaðist meðal almennings á sambandsmálinu fyrir alþingis- kosningarnar 1908 var því óvæntur, en virðist skýrast af því að þá lágu fyrir samningsdrög (uppkastið) sem kjósendur gátu tekið afstöðu til með atkvæði sínu. Leiða má líkur að því að þá hafi áhrifa þjóðernishyggi líka verið tekið að gæta meðal landsmanna í meiri mæli en fyrr og það hafi ýtt undir áhuga.

Aukin félagsleg þátttaka, sem skapaðist með þeim vexti félagastarfs sem hófst á áttunda og níunda áratug 19. aldar, lék stórt hlutverk í þeim breytingum sem urðu á íslenskri félagsgerð á rannsóknartímanum. Fyrir fólk sem fluttist búferlum var þátttaka í félagastarfi m.a. leið til að skapa félagsleg tengsl í nýjum heimkynnum. Skýrar framfaraáherslur voru í starfi flestra félaga og markmið þeirra að efla samheldni, samhug og samtakamátt. Í sveitunum bættist við viðleitni til að skapa viðspyrnu gagnvart búsetuþróun og gera sveitirnar vænlegri til búsetu. Þó gamla samfélags- gerðin, dyggðasamfélag byggt á doxa, lifði lengur og stæði sterkar um aldamótin í sveitum en bæjum voru sífellt fleiri að gera sér grein fyrir því að byggð í dreifbýli þrífist ekki nema með því að efla samfélögin í sveitunum og virkja félags- og samveruþörf fólks í þeirra þágu. Aldamóta- kynslóðin aðgreindi sig frá eldri kynslóðum með því að vera félagslega virkari en líka kröfuharðari um möguleika til starfs og menntunar.

Í auknu félagastarfi birtist tilhneiging til að færa mörk ábyrgðar einstaklingsins út fyrir túngarðinn (eigið heimili) og yfir á allt nærsamfélagið. Í því fólst hugarfarsbreyting sem var í trássi við eldri viðhorf. Ein skýrasta birtingarmynd hennar er að einstaklingar sem tilheyrðu þjóðfélags- hópum sem áður voru undirskipaðir tóku sér í auknum mæli stöðu í hinu félagslega rými, létu þar til sín taka og sættu sig ekki við „áskapaða“ stöðu sína í stigveldi dyggðasamfélagsins. Þetta átti bæði við um það fólk sem andæfði stigveldinu og líka það sem reyndi að hagnýta sér samfélags- gerðina til að bæta eigin félagslega stöðu og taka forystu í uppbyggingu félagastarfs. Hákon Finnsson var vel meðvitaður um austfirsku samfélagsgerð þess tíma sem hann bjó í fjórðungnum. Hann var ekki andófsmaður gegn henni en náði engu að síður að vinna sig upp innan samfélagsins. Að Jón frá Sleðbrjót næði að rísa til metorða er líka til marks um það los sem var komið á samfélagsgerðina fyrir aldamótin 1900. Þetta los skapaði nýja möguleika til félagslegs hreyfanleika. Þó Jón nýtti sér aðferðir gamla samfélagsins til að komast áfram var tilvist hans sem leiðtoga og andóf hans gegn ýmsum viðteknum gildum til marks um breytta tíma. Arnbjörg Stefánsdóttir tók sér á hinn bóginn afgerandi stöðu sem andófsmanneskja gegn ríkjandi samfélagsgerð og varð með athöfnum sínum og orðum brautryðjandi á sviði félagslífs, atvinnuþátttöku og siðferðis. Saga systkinanna frá Skógargærði dregur svo fram þær breytingar sem voru orðnar á samfélagsgerðinni í upphafi 20. aldar þar sem ungt alþýðufólk leitaði hiklaust nýrra tækifæra utan sveitasamfélagsins og ekki var lengur tiltökumál að það sækti sér reynslu og menntun utan héraðs og til annarra landa. Saga alls þessa fólks sýnir vaxandi gerendahæfni alþýðufólks á rannsóknartímanum, hvernig það aðlagði sig að samfélagsbreytingum, leitaðist við að hagnýta sér þær og hafði líka áhrif á þær.

Í upphafi fjórða hluta var eftirfarandi spurningu varpað fram: „Hvernig mynduðust þessi rými, hver var virkni þeirra og hverjir höfðu aðgang að þeim?“ Þau félagslegu rými sem sköpuðust um og uppúr aldamótunum 1900 voru undir augljósum erlendum áhrifum. Öflugustu félagshreyfingar landsins sóttu fyrirmyndir til nágrannalanda eða voru beinlínis innfluttar (bindindishreyfingin). Landsmenn voru þá teknir að horfa meira en fyrr til útlanda, sem birtist m.a. í áhuga á erlendum

fréttum og frásögnum í þjóðmálablöðunum og má sjá bæði af efni blaðanna og frásögnum ritstjóra. Ásókn í tungumálakennslu og framboð af henni á Austurlandi er líka til marks um þennan áhuga. Hann má tengja bæði við vesturferðir og við fjölda útlendinga sem bjuggu á Austurlandi og áhrif þeirra á samfélögin þar. Búseta fólks af erlendum uppruna var til þess fallin að skapa og viðhalda tengingum við nágrannalönd og bæta möguleika Austfirðinga til að nálgast erlent lesefni sem og auðvelda þeim sem það vildu að ferðast erlendis til lengri eða skemmri dvalar.

Hagrænar áherslur voru áberandi í starfi félaga og leiðarstef þeirra flestra voru framfarir. Þegar félög voru að skjóta rótum á Austurlandi á áttunda og níunda áratug 19. aldar voru áherslur flestra þeirra nær eingöngu hagrænar og miðuðu að því að efla nærsamfélagið. Þessi félög áttu flest í erfiðleikum með að festa rætur í samfélaginu og njóta þess stuðnings og þátttöku sem frumkvöðlarnir væntu. Af umfjöllun í kafla 4.4 um austfirsk félög má sjá að fjöldi félagsfólks á tímabilinu var mjög misjafn og þátttaka ekki endilega mælikvarði á langlífi félaga. Afgerandi breyting varð um og upp úr aldamótum þar sem þátttaka í félagastarfi óx til muna, einkum í þeim félögum sem lögðu áherslu á menningarstarf og samkomuhald. Möguleikarnir til skemmtunar og afþreyingar voru ótvíráður styrkur bindindishreyfingarinnar og drógu margt fólk að henni. Við upphaf 20. aldar virðist það hafa verið almennt viðurkennt að til að félagastarf næði að blómstra væri ekki aðeins verðugur málstaður nauðsyn heldur yrði félagið líka að leita leiða til að færa meðlimum sínum ánægju. Þetta sést ekki aðeins í aukningu í menningarstarfi og skemmtunum heldur má einnig greina breytingu í innkaupum lestrarfélaga sem tóku að víkja frá fræðslu-markmiðum fyrri ára og gefa afþreyingu og skáldskap meira rými.

Það jók áhrifamátt félaga til muna þegar aðgengi að þeim varð opnara, ekki aðeins í orði heldur á borði. Félög sem voru ætluð afmörkuðum hópum, t.d. búnaðarfélög sem aðeins miðuðu að þátttöku bænda (jafnvel þó þau væru að nafninu til öllum opin), höfðu ekki sömu samfélagsleg áhrif og félög sem síðar risu. Tilkoma þeirra var þó þýðingarmikill liður í að virkja féлагаformið og festa það í sessi. Ný félög og félagshreyfingar með víðtækari þátttöku höfðu meiri slagkraft og breiddu út þekkingu á lýðræðislegum starfsháttum. Almennari þátttaka átti líka veigamikinn þátt í að draga úr félagslegri aðgreiningu innan samfélaga og efla trú á sameiginlega hagsmuni.

Margt af því fólki sem var leiðandi í félagastarfi við upphafi 20. aldar var fólk sem ekki naut fulls þegnréttar – konur og ungir karlar. Sú samfélagslega virðing sem fólk úr þessum hópum náði að ávinna sér, sem leiddi til þess að það fékk leiðtogahlutverk var í skýrri mótsögn við gömlu samfélagsgerðina og til marks um breytta tíma. Uppgangur félagastarfs fól í sér „æskubyltingu“ þar sem ungt fólk varð sífellt meira áberandi í almannarýminu og mikilvægara fyrir vöxt og viðgang félagastarfsins. Þetta unga fólk sætti sig ekki við að möguleikar til menntunar, samfélagslegrar þátttöku og frama væru aðeins á færi fárra. Þessi atbeini ungu kynslóðarinnar leiddi hins vegar bæði til uppgangs og bakslaga víða í sveitum. Ungu fólkið lék stórt hlutverk við að rífa upp félagslífið en bakslag varð þegar það fór að heiman til náms eða starfa. Áhrifin voru engu að síður víðtæk og langvarandi og meginstoð þess að aldamótakynslóðin lét snemma til sín taka í íslensku samfélagi.

Summary

The goal of this dissertation is to analyse democratization in Iceland between 1874 and 1915, whether the general public influenced this development and, if so, how. The focus is on the public's activity and participation in associations and social movements which directly and indirectly supported the promotion and development of democracy, with an emphasis on East-Iceland. An attempt is made to cast light on the public's attitude towards democratic institutions and elected representatives, although other factors are also taken into consideration such as the development of education during this period, changes in residential and employment issues, and power relations in the local society. In brief, this work is a social, cultural and political-historical research of the influence (or lack thereof) of the general public on democratic development in Iceland between 1874 and 1915.

The research is based on the following fundamental question: Did the Icelandic public, associations and social movements markedly influence the development of Icelandic politics, democratization and society during the research period (1874–1915)? If yes, then in what way? If no, then why not? This fundamental question directs the treatment of material and approach in the three main parts of the dissertation, and an attempt is made to provide an answer to this and other derivative questions in the concluding chapter.

The research is divided into three main parts (after introduction which is the first part): “Democracy, Community Structure and Mass Communication”; “The Public, The Households and The Public Sphere”; and “East-Iceland – Community, Democratization, Social Activities and Mass Communication”. Through these parts, the viewpoint moves from the general to the specific. The second part considers the whole of Iceland. The third part also considers the whole country, but has a clear East-Iceland emphasis. The fourth part focuses exclusively on East-Iceland. This demarcation deepens the research and gives a better view of the interplay of individuals, associations and power units than could be had by focusing on the whole country.

The middle of the 1870s saw the beginning of a period of expansion for associations and increased publishing activities in Iceland which seems to be connected to the ratification of the constitution in 1874 and celebrations to mark the millennium of settlement in Iceland in the same year. This development started slowly but gained momentum as the turn of the century approached, and even more at the start of the 20th century. It mostly manifested itself on the one hand in increased social activity of the general public, and on the other hand in changes in public discourse. These factors are intertwined but also separate. The social space was not equally accessible to everyone, for example some associations encouraged general participation while others recruited members from particular groups. There was also a clear difference in advantage between social groups when it came to breaking through in various fields of society, for example in politics. Thus, an analysis of this development must always take into account the social power and power relations within the micro-society, in districts, regions and the whole country. An individual with considerable social influence in a micro-society could wield little power outside it. On the other hand, the sphere of the government's authority could be limited, both because of geographical distance from the central seat of power, and also because of power relations within a particular area. Although this research aims at analysing the influence of public participation in shaping society, the interplay between democratic institutions and local communities, local social activities and the residents' everyday life must be taken into account. In this regard, consideration is given to how candidates for Parliament were chosen, who influenced this choice and who did not, what was expected of elected representatives, and what their position was in the micro-society.

Earlier research in the field of Icelandic social and cultural history has demonstrated the growth in social movement activity between 1874 and 1915. We have, however, limited knowledge of how this growth influenced democratization in Iceland. The main focus of recent research into democratization in the country in the late 19th and early 20th century has been on general changes in the country's government (constitutional reforms, introduction of Icelandic home-rule etc.), on the activities of democratic institutions and on the words and actions of political leaders. This development is not unique to Iceland but is similar to many other European countries.

Meanwhile, and earlier, in Denmark and Norway the development was driven by both social movements and individuals. There, and in Sweden, democracy developed partly "from the bottom up" (from the public and social movements) and partly "from above" (from political reformers). Icelandic mass movements at the time (mostly the temperance movement, women's rights organizations, youth associations and labour unions) were influenced by, and sought moral support from, comparable movements abroad, particularly in the Nordic countries but also in North-America. Participation in public associations trained people in public communication, both oral and written. In addition to meetings and gatherings, many associations published journals and newsletters which were meant to distribute information and strengthen discourse and exchange of views.

One of the social characteristics of the research period was a growth in publication (newspapers and magazines). Most national newspapers at the time were first and foremost organs for their owners' and editors' political message. For most of the research period, there was little demand for public participation in providing these papers with material and it would seem that the public's need for expression mainly sought an outlet within associations or in handwritten journals (some of them published by associations).

This research draws its methodology and theoretical base from many scholars. In the second part, the focus is on *democracy* and *democratization*. It is based on methods and theories on *democratization*, particularly in the works of Jean Grugel, Charles Tilly and David Held. This is the backbone of the theoretical foundation of the research, and touches on all content in this thesis. The third part is founded on Jürgen Habermas's theory on the *public sphere* and discusses its creation, activity and development in Iceland. The fourth part places Pierre Bourdieu's use of the *doxa* concept in the context of the development of East-Iceland society during the research period.

Research on democratization is an interdisciplinary field which for a long while was characterised by the empirical theories of Joseph Schumpeter and later by Robert Dahl's pluralism. In his book, *On Democracy*, the latter put forward the following criteria for the public's possibility to participate in the democracy: 1) Effective participation = Citizens must have equal rights to form their preference and express their opinions; 2) Voting equality = All citizens have an equal right to vote and their judgements are equal in weights; 3) Enlightened understanding = Everyone has equal opportunities for discovering and affirming what choice would best serve their interests; 4) Control of the agenda = The people must have the opportunity to decide what political matters should be brought up for deliberation and call for information regarding matters being handled; 5) Inclusiveness = All adult individuals with permanent residency have full civil rights and all the above rights – including women and men without means.

Although state power as such does not create democracy, its presence is a necessary premise for democracy. A focus on elites and leaders has led to a lack of analysis on associations, social and political conflict and the role which the common citizen plays in the development and establishment of democracy. Thus, activities of social movements and social activism have often been dismissed as insignificant factors in democratization. However, this attitude has changed in

recent years, and recent research into social movements shows a clear focus on the connection between social systems changes and the instigation of the public. Real democracy occurs through democratization both in the political and the social field. No single approach can capture the diverse manifestations of democracy, nor can any one theory explain democratization to the fullest. It is best understood as the advancement of boundaries of civil rights, alongside state power's development towards increased democracy.

Full citizenship entails that the individual is self-determining and has individual freedom, for example regarding her or his employment and place of residence, freedom of expression and full rights to participate in democratic institutions (voting and eligibility). In the 19th century, full citizenship was not the unquestioned right of all adult individuals, as all women were denied the right to participate in politics and voting rights were usually limited to men of certain social status. As a result, the main problem with liberal democracy until the 20th century was defining who should be counted as "citizens", which rights they should have and which duties it entailed.

In the third part, the focus is on associations and social movements, and their connection and interplay with both the culture in the micro-society and with democratic institutions. The discussion is based on Jürgen Habermas's theory on the *public sphere*, i.e. a social space which is created between the public and the government, where people discuss and advance particular social issues and represent the public will in relation to those issues. In defining these spaces in Iceland during the research period, there are two basic types; *private space* and *social space*. The households were people's private spaces, where the masters of the house controlled almost everything and other residents were supposed to obey their power. In rural society, the private space was also the scene for work, social life and leisure. For the first half of the research period, most people in each household had very limited access to the social space, apart from going to church. The social space is a broader term for various public spaces outside the home. It refers not only to associations and social movements which can be regarded as public space, but also to social participation more broadly, for example trips to town and church-going, working outside the home, projects etc. In the beginning of the research period, participation in social spaces outside of the home was almost solely confined to the masters, as other residents hardly ever left the home. This research discusses democratization both as participation (in social activities and public expression) and in relation to citizen's rights. Therefore, there is particular focus on public spaces in communities which may be counted as parts of the public sphere, with an aim of examining their democratic influence.

The fourth part begins with a discussion of the concept *doxa*, which is used to analyse social changes in the research period. The discussion relies on Pierre Bourdieu's interpretation of the concept and his usage of it in his own research. Doxa encompasses all fundamental views and faith about how society is meant to function; society's acknowledged behaviours and attitudes. Doxa refers to social practices and manners of communication which are thought to be self-evident – an unquestioned reality. It contains the shared views of members of a society on the social structure and creates the foundation for the social fields within it. The analysis also makes use of other concepts used by Bourdieu, albeit to lesser degree. These concepts include *field*, *field of power*, *capital* and *habitus*. The fields which are created within the social space are better-defined and emerge around a communal interest or the concerns of those who participate. An individual can participate simultaneously in many fields within the social space, for example by being active in more than one association. They can also occupy a leading position in one field but not in another, although they are active in both. Each person's position within the field is then largely determined by how much or little they possess of the four types of capital defined by Bourdieu, the key factor being

language skills and competence in expressing oneself. The more capable a person is at this, the more likely they are to gain power and influence in the field.

Mention must also be made here of two concepts which were extremely important in 19th-century public discourse in Iceland. *Education* referred not only to formal schooling but had a much more extensive meaning, including informal gathering of knowledge and even gaining new experiences. Education was academic, technical and physical. It was not only practical but also aesthetic, although the demand for practical value was always central to all discussions about schooling.

It is not simple to express the meaning of the concept *progress* in public discourse during the research period. It is very wide-ranging because the concept is often used rather as a slogan than a descriptive term. With some simplification, it can be stated that progress refers to everything which leads to improvements in all fields of the society, in practical matters, education, technology, science etc. Progress is, however, a “political” concept, so one person’s progress can be another’s regression.

Empirically, this thesis primarily utilises three source categories: 1) archival documents, i.e. letters, diaries, association files and handwritten publications; 2) newspapers printed in East-Iceland during the research period; and 3) autobiographies and memoirs. Although these three categories are the most substantial, additional sources include academic publications (particularly regarding folk customs in the 19th century), studies on East-Iceland’s regional history, and responses to ethnographic surveys conducted by the National Museum of Iceland. The academic publications were used to create a picture of the social structure of the research period. The regional histories were mostly used to describe community development in East-Iceland, and the survey responses contained information about the cultural conditions during the research period, especially in regard to power relations in micro-societies.

To make up for the “shortage” of common people’s letters, data was found in handwritten journals, autobiographies and memoirs. Although the journals are different from letters, both are contemporary sources containing information about community structure and people’s views which are rarely found in official documents and academic publications. Although autobiographies contain first hand testimony, they are most often written long after the events in question took place, and the author’s memory, second-hand information and later experiences may influence both choice and treatment of the material.

Between 1874 and 1915, Icelandic society gradually moved towards increased democracy. Judicial reforms increased people’s personal freedom as well as democratic rights, although only a minority of adult Icelanders enjoyed full citizenship rights until 1915 and even beyond that date. Iceland of the research period was a society of democratization but not a fully-fledged democracy. There were too many shortcomings regarding participation, and full citizenship was limited to a small, select group, which meant that politics focused often on issues which were far removed from the interests of most people. In the beginning of the research period, the politically active – “the people” – were only a small part of the nation, only a part of the voters. In Iceland, the five conditions which Robert Dahl defined as necessary for democratization were far from being a reality for over half the research period. The public was not an active voice in social discourse and had little chance of expressing themselves publicly. Voting rights were severely limited, as women and poor men were excluded. The public’s access to information regarding political strategy was limited for most of the research period, and the people had very little chance of influencing the topics of social discourse or the authorities’ business.

Among other things, the emerging individualism during the research period entailed the idea that every adult individual had a claim on full citizenship, including the right to vote. However, deep-rooted “domesticity” was the main obstacle when it came to granting full citizenship to groups that had previously been excluded from it. In 19th century Iceland, the view was widespread that each household had one vote and that vote was that of the master of the house. This attitude was consistent with the spirit of the tripartite patriarchy which was the foundation of how society was viewed in 19th century Iceland, where the master of the house was the undisputed head of his household and its public face.

The influence of associations grew enormously when access to various societies became more open, not only in theory but also in practice. The oldest associations, which were only open to a select few, did not have the same social influence as those that came later. However, their initiative was a significant factor in instigating the public into establishing associations. New associations and social movements with more diverse goals and more comprehensive participation had more momentum and spread knowledge of democratic practices. More widespread participation also played a large part in decreasing social separation within communities and strengthening people’s faith in common interests.

The contribution of associations and social activities in folk high schools towards training the public in public expression and communication – the key to participation in the public sphere – was a vital part of their social influence and an important factor in bridging the social gap between academics and the public. This was also very important regarding democratization after 1915, because when the groups who had previously been excluded from full citizenship received it that year, many of them were well prepared for full democratic participation.

Many people who led social and association activities at the start of the 20th century did not enjoy full citizenship – women and young men. The social respect that these people earned for themselves led to them taking on leadership roles in the society. This was a clear contrast to the old social structure and marked a new era. The rise of association activities meant a “youth revolution” where young people constantly became more prominent in the public sphere and more important for the growth and development of the associations. The effects were extensive and long-term, the backbone of the turn-of-the-century generation’s diverse impact in Icelandic society.

Heimildaskrá

Óútgefnar heimildir

Skjöl

Lbs. (Handritasafn Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns):

Lbs. 95 nf. Stefán Einarsson prófessor í Baltimore. Bréfasafn.

Lbs. 174 nf. *Minerva*. Handskrifað blað í Reyðarfirði 1895–1896.

Lbs. 564 fol. Jón Jónsson alþingismaður og bóndi frá Sleðbrjót. „Pólítískar endurminningar.“

Lbs. 689 fol. Gjörðabók Hins austfirska lestrarfélags.

Lbs. 487 4to. Fundabók Kvöldfélagsins 1866–1871.

Lbs. 2172 a-b 4to. Jón Jónsson alþingismaður og bóndi frá Sleðbrjót. Bréfasafn.

Lbs. 2198 4to. Páll Ólafsson skáld og bóndi á Hallfreðarstöðum. Bréf, kvæði o.fl. Meðal efnis er ritgerðin „Um Jón frá Sleðbrjót“ eftir Guðmund Jónsson frá Húsey.

Lbs. 2561 4to. Skapti Jósefsson, Sigríður Þorsteinsdóttir og Ingibjörg Skaptadóttir ritstjórar á Seyðisfirði. Bréf, skjöl o.fl.

Lbs. 2755 a-c 4to. Halldór Jónsson alþingismaður og prófastur á Hofi. Bréfasafn.

Lbs. 2757 4to. Halldór Jónsson alþingismaður og prófastur á Hofi. Skjöl.

Lbs. 2822–2825 4to. Magnús Blöndal Jónsson prestur í Vallanesi. Bréfasafn.

Lbs. 3543 4to. Kristinn Daníelsson alþingismaður og prestur, síðast á Útskálum. Bréfasafn.

Lbs. 3848–3849 4to. Ingibjörg Hóseasdóttir frá Jórvík í Breiðdal. Bréfasafn.

Lbs. 4156–4184 4to. Þorsteinn Erlingsson skáld og ritstjóri, síðast í Reykjavík. Bréf, ritgerðir o.fl.

Lbs. 4380–4384 4to. Guðmundur Jónsson smiður og bóndi frá Húsey. Bréfasafn.

Lbs. 4535 4to. Jón Jónsson alþingismaður og bóndi frá Sleðbrjót. Bréfasafn.

Lbs. 4537–4543 4to. Jón Jónsson alþingismaður í Múla. Bréfasafn.

Lbs. 4612 4to. Björn Hallsson alþingismaður og bóndi á Rangá. Bréfasafn.

Lbs. 3144–3148 8vo. Björn Halldórsson bóndi á Úlfstöðum. Dagbækur 1860–1893.

Lbs. 4500 8vo. Lestrarfélag Klyppstaðaprestakalls. Skjalasafn.

Lbs. 4501–4504 8vo. Lestrarfélagið í Loðmundarfirði. Skjalasafn.

HerAust. (Héraðsskjalasafn Austfirðinga):

HerAust. A6 13. Sigurður Gunnarsson alþingismaður og prestur á Hallormsstað. Bréfabók, sjálfsævisaga, gjörðabók Þinghöfða- og Þórsnesfunda 1852–1878 o.fl.

HerAust. A6 48–50. Sigurður Sigurðsson kennari á Seyðisfirði. Bréfasafn.

HerAust. A6 65. Ari Brynjólfsson alþingismaður og bóndi á Þverhamri. Dagbækur 1907–1911.

HerAust. A6 121–122. Guttormur Vigfússon alþingismaður og bóndi í Geitagerði. Bréfasafn.

HerAust. A6 159. Þorsteinn Þórarinnsson prestur í Eyðölum. Dagbækur 1856–1915.

HerAust. A6 177. Halldór Stefánsson alþingismaður og bóndi. Bréfasafn.

HerAust. A6 183. Gísli Helgason bóndi í Skógargerði. Bréfasafn.

HerAust. A6 185. Þorsteinn Magnússon bóndi í Höfn. Bréfasafn.

HerAust. A6 187–189. Stefán Baldvinsson bóndi í Stakkahlíð. Bréfasafn.

HerAust. A6 195. Safnaskja: sendibréf. Margir bréfritarar og viðtakendur.

HerAust. A6 197. Einar Jónsson alþingismaður og prestur í Kirkjubæ. Bréfasafn.

HerAust. A6 213. Árni Torfason bóndi á Brimnesi. Dagbækur 1892–1903.

HerAust. A6 280. Bréfasafn frá Brekku í Mjóafirði. Margir bréfritarar og viðtakendur.

HerAust. A6 324. *Baldur*. Sveitarblað í Breiðdal 1905–1908.

HerAust. A6 365. *Þór*. Sveitarblað í Vopnafirði 1900.

HerAust. A6 494–500. Bréfasafn frá Skógargerði. Margir bréfritarar og viðtakendur.

HerAust. A6 511. Jónas Jónasson bóndi í Kolmúla. Bréfasafn.

HerAust. A6 554. Margrét Sigurðardóttir í Víðivallagerði. Bréfasafn.

HerAust. A6 576. Eiríkur Eiríksson frá Dagverðargerði. Skjalasafn.

HerAust. A6 616. *Kári*. Blað Málfundafélagsins Bárunnar 1906.

HerAust. Hrepp 2/Vop 16. Vopnafjarðarhreppur. Skjöl félaga, sveitarblaðið *Vopni* o.fl.

HerAust. Hrepp 4/Jök 7. Jökuldalshreppur. Skjöl félaga, sveitarblöðin *Jökuldælingur* og *Bjarmi* o.fl.

HerAust. Hrepp 5/Tun 7. Tunguhreppur. Málfundafélagið Aldan. Gjörðabók 1903–1906.

HerAust. Hrepp 7/Flj 12. Fljótsdalshreppur. Kvenfélagið Einingin. Gjörðabók 1909–1927.

HerAust. Hrepp 7/Flj 13. Fljótsdalshreppur. Bindindisfélag Fljótsdælinga. Gjörðabók 1893–1900.

HerAust. Hrepp 11/Eið 10. Eiðahreppur. *Mjölmir*. Félagsblað í Eiðarþinghá 1914.

HerAust. Hrepp 12/Hja 19. Hjaltastaðahreppur. *Baldur*. Félagsblað Ungmennafélagsins Fram í Hjaltastaðarþinghá 1913.

HerAust. Hrepp 13/Bor 32. Borgarfjarðarhreppur. *Unglingur*. Sveitarblað í Borgarfirði 1892.

HerAust. Hrepp 13/Bor 36. Borgarfjarðarhreppur. Skjöl félaga, stúkan Tílaun o.fl.

HerAust. Hrepp 14/Loð 3. Loðmundarfjarðarhreppur. Framfarafélag Loðmundarfjarðar. Skjöl.

HerAust. Hrepp 15/Sey 8. Seyðisfjarðarhreppur. Seyðisfjörð Læseselskab/Lestrarfélag Seyðisfjarðar. Gjörðabók 1889–1903.

HerAust. Hrepp 16/Mjó 11. Mjóafjarðarhreppur. Málfundafélagið Nútíðin 1886–1889.

HerAust. Hrepp 16/Mjó 13. Mjóafjarðarhreppur. Stúkan Vetrarbrautin. Gjörðabók 1895–1903.

HerAust. Hrepp 16/Mjó 14. Mjóafjarðarhreppur. *Ung-Templar*. Blað stúkufólks 1905–1908.

HerAust. Hrepp 26/Bre 11. Breiðdalshreppur. Góðgjörðafélagið Eining. Gjörðabók 1911–1931.

HerAust. Hrepp 26/Bre 29. Breiðdalshreppur. Lestrarfélag Breiðdalshrepps. Gjörðabók 1878–1923.

HerAust. Hrepp 26/Bre 32. Breiðdalshreppur. *Baldur*. Sveitarblað í Breiðdal 1905–1908.

HerAust. Stofn 4/Eisk 51. Búnaðarskólinn á Eiðum. *Máni*. Blað skólapilta 1900–1906. Málfundafélag Eiðamanna. Gjörðabók 1913–1915.

HerAust. Stofn 35/BúTu 1. Búnaðarfélag Tunguhrepps. Gjörðabók 1895–1942.

HerAust. Stofn 43. Búnaðarfélag Hjaltastaðahrepps. Gjörðabók 1897–1926.

HerAust. Stofn 44/BúSkr 1. Búnaðarfélag Skriðdalshrepps. Gjörðabók og reikningar 1881–1940.

HerAust. Stofn 50/BúEi 1. Búnaðarfélag Eiðapinghármanna. Gjörðabók 1884–1905.

HerAust. Stofn 59/BúBre 1. Búnaðarfélag Breiðdæla. Gjörðabók 1896–1938.

HerAk. (Héraðsskjalasafnið á Akureyri):

HerAk. F-9. Félagið Skjaldborg. Gjörðabók 1905–1910.

HHús. (Héraðsskjalasafn Þingeyinga):

HHús. E-88–94. Pétur Jónsson alþingismaður og bóndi á Gautlöndum. Bréfasafn.

HHús. E-106–110. Sigurður Jónsson alþingismaður og bóndi í Ystafelli. Bréfasafn.

ÞÍ. (Þjóðskjalasafn Íslands):

ÞÍ. E.10. Personalía Jóns Sigurðssonar forseta.

ÞÍ. E.98. Hákon Finnsson bóndi í Borgum í Hornafirði. Dagbækur 1897–1944.

Námsritgerðir

Lbs.-Hbs. (Landsbókasafn Íslands-Háskólabókasafn):

Elfa Hlín Pétursdóttir, „Líf og störf Sigríðar Þorsteinsdóttur og Ingibjargar Skaptadóttur. mæðgur, ritstjórar, kaupstaðabúar, kvenréttindakonur, bindindisfrömuðir.“ MA-ritgerð í sagnfræði. Háskóli Íslands, 2008.

Guðmundur Hálfðanarson, „Old Provinces, Modern Nations. Political Responses to State Integration in Late Nineteenth and Early Twentieth-Century Iceland and Brittany.“ Doktorsritgerð í sagnfræði. Cornell University, 1993.

Júníus H. Kristinsson, „Vesturheimsferðir úr Vopnafirði og aðdragandi þeirra.“ Ritgerð til kandidatsprófs í sagnfræði. Háskóli Íslands, 1972.

Nanna Þorbjörg Lárusdóttir, „Í trú von og kærleika. Góðtemplarareglan á Íslandi frá 1884 og fram á fjórða áratuginn. Félagsleg, menningarleg og hugmyndaleg áhrif.“ MA-ritgerð í sagnfræði. Háskóli Íslands, 2014.

Ólöf Garðarsdóttir, „Á faraldsfæti. Fólksflutningar og félagsgerð á Seyðisfirði 1885–1905.“ BA-ritgerð í sagnfræði. Háskóli Íslands, 1993.

Sigríður Kristín Þorgrímsdóttir, „Misstu þær marksins rétta? Ógiftar konur á Íslandi um aldamótin 1900.“ MA-ritgerð í sagnfræði. Háskóli Íslands, 1999.

Vilhelm Vilhelmsson, „Sjálftætt fólk? Vald og andóf á Íslandi á tímum vistarbands.“ Doktorsritgerð í sagnfræði. Háskóli Íslands, 2015.

Þórður Vilhjálmsson, „Lestrarfélag Jökuldæla. Saga og starfsemi lestrarfélaga á Jökuldal á 9. áratug 19. aldar til 1996.“ BA-ritgerð í bókasafns- og upplýsingafræði. Háskóli Íslands, 1996.

Útgefnar heimildir

÷ 3. „Um búnaðarfélög.“ *Ný félagsrit* 12 (1852): 145–168.

A. Breiðdælingur. „Hvað stendur oss Íslendingum helst fyrir framförum?“ *Skuld*, 7. nóvember 1878, d. 373–376.

A.V. Tulinius, Fr. Zeuthen og Jóhann L. Sveinbjarnarson. „Spítalamál.“ *Austri*, 18. febrúar 1897, 17. *Að vestan*. Árni Bjarnarson safnaði efni og ritar formála. 4. bindi, 2. útgáfa (Akureyri: Skjaldborg, 1983).

„Af þingmálafundum: Stjórnarskrármálið.“ *Bjarki*, 1. júlí 1899, 101.

Aldamót og endurreisn: Bréfaskipti Valtýs Guðmundssonar og Jóhannesar Jóhannessonar 1895–1909. Jón Þ. Þór bjó til prentunar (Reykjavík: Nýja bókafélagið, 1999).

Almanak fyrir árið 1914, 20. bindi (Winnipeg: Ólafur S. Thorgeirsson, 1913).

Almeida, Paul. *Social Movements: The Structure of Collective Mobilization* (Oakland (CA): University of California Press, 2019).

„Almennan bindindisfund.“ *Austri*, 8. júlí 1892, 69.

„Alþingiskosningarnar næstu.“ *Austri*, 3. maí 1902, 54.

Alþingistíðindi 1881.

Alþingistíðindi 1885.

Alþingistíðindi 1886.

Alþingistíðindi 1893.

Alþingistíðindi 1907.

Alþingistíðindi 1909.

Alpýðumaður. „Hvað á alþingi að gjöra í alpýðumenntamálinu.“ *Austri*, 22. mars 1892, 31–32.

Anna Aradóttir. „Minningar úr Breiðdal.“ Í *Breiðdala: Drög að sögu Breiðdals*, Jón Helgason og Stefán Einarsson gáfu út, 151–177 (Reykjavík: Nokkrir Breiðdælir, 1948).

„Annað sorgarsliskið til.“ *Bjarki*, 5. mars 1897, 35–36.

Anton Sigurðsson [án titils]. *Bjarki*, 22. apríl 1897, 63.

Arnbjörg Stefánsdóttir. „Fáein orð til vina og kunningja.“ *Austri*, 30. júlí 1910, 98; 6. ágúst 1910, 102.

Arnbjörg Stefánsdóttir. „Meira um kvennaskóla.“ *Austri*, 19. nóvember 1886, 110–111.

Arnbjörg Stefánsdóttir. „Skafti Jósefsson sem leiðandi maður.“ *Bjarki*, 24. desember 1901, 190.

Arnbjörg Stefánsdóttir. „Trúarbragðafrelsi.“ *Bjarki*, 23. mars 1901, 42.

[Arnbjörg Stefánsdóttir] x+y [án titils]. *Austri*, 29. september 1886, 95–96.

Aronsson, Peter. „Local Politics – The Invisible Political Culture.“ Í *The Cultural Construction of Norden*, ritstj. Øystein Sørensen og Bo Stråth, 172–205 (Oslo: Scandinavian University Press, 1997).

„Athugavert ástand.“ *Bjarki*, 4. febrúar 1901, 13.

Auður Styrkárdsdóttir. „Forspjall.“ Í John Stuart Mill. *Kúgun kvenna*, ritstj. Vilhjálmur Árnason og Ólafur Páll Jónsson, 9–65 (Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2003).

Auður Styrkárdsdóttir og Kristín Ástgeirsdóttir, ritstj. *Kosningaréttur kvenna 90 ára: Erindi frá málþingi 20. maí 2005* (Reykjavík: Kvennasögusafn Íslands og Rannsóknastofa í kvenna- og kynjafræðum, 2005).

[Auglýsing] *Bjarki*, 2. október 1897, 160.

[Auglýsing] *Bjarki*, 14. október 1899, 163.

Austfirðingur. „Hollt er heima hvað.“ *Austri*, 21. mars 1894, 29–30.

„Austri!“ *Austri*, 29. ágúst 1896, 92.

Ágúst Helgason (í Birtingaholti). *Endurminningar* (Akureyri: Bókaútgáfan Norðri, 1951).

Ágúst Sigurðsson. „Síra Vigfús Ormsson 1751–1841.“ *Múlaping* 9 (1976): 51–62.

Án bogasveigir. „Þingmennirnir í Suður-Múlasýslu.“ *Austri*, 7. apríl 1906, 41–42.

„Árið 1898: Stutt yfirlit.“ *Bjarki*, 10. janúar 1899, 1–2.

Ármann Halldórsson, Sigmar Magnússon og Þorsteinn Bergsson, ritstj. *Sveitir og jarðir í Múlapingi: Búkolla sveita og jarða í Múlapingi: sveitabréppar í Múlasýslum frá Langanesi að Lónsheiði*, 5. bindi (Egilsstaðir: Búnaðarsamband Austurlands, 1995).

Árni Daníel Júlíusson. *Bændur og nútími: sveitasamfélagið á 19. og 20. öld: Landbúnaðarsaga Íslands*, 2. bindi (Reykjavík: Skrudda, 2013).

Árni Marteinsson, Árni Finnbogason, Bjarni Jónsson, Davíð Jónsson, Elis Eiríksson, Guðni Stefánsson, Hermann Davíðsson, Hinrik Þorsteinsson, Jón Davíðsson, Jón Sigfússon, Jón Þorleifsson, Jón Þorsteinsson, Magnús Jónsson, Ólafur Magnússon, Stefán Bjarnason, Sveinn Bjarnason, Sveinn Sveinsson, Torfi Jónsson, Þorsteinn Jónsson. „Bindindisfélagið í Norðfjarðarprestakalli.“ *Skuld*, 8. júní 1878, d. 171–174.

Árni Sigurðsson. „Í Breiðdal fyrir 60 árum.“ *Lögberg*, 21. desember 1911, 11–12; 28. desember 1911, 2; 4. janúar 1912, 2–3; 11. janúar 1912, 2–3; 18. janúar 1912, 2–3; 25. janúar 1912, 2; 1. febrúar 1912, 2.

Árni Sigurðsson. „Í Breiðdal fyrir sextíu árum.“ Í *Breiðdala: Drög að sögu Breiðdals*, Jón Helgason og Stefán Einarsson gáfu út, 59–139 (Reykjavík: Nokkrir Breiðdælir, 1948).

„Áskorun um blaðakaup.“ *Þjóðviljinn*, 31. október 1890, 14.

„Ávarp.“ *Austri*, 22. desember 1883, d. 1–6.

B. „Kvennaskólar.“ *Austri*, 30. júní 1892, 65.

Benedikt Eypórsson og Hrafnkell Lárusson, ritstj. *Þriðja íslenska sögupingið 18.–21. maí 2006: Ráðstefnurit* (Reykjavík: Aðstandendur Þriðja íslenska sögupingsins, 2007).

Benedikt Gíslason (frá Hofteigi). *Páll Ólafsson skáld* (Reykjavík: Leiftur, 1956).

Berggren, Henrik. „Modernity and the Nordic Concept of Youth.“ Í *The Cultural Construction of Norden*, ritstj. Øystein Sørensen og Bo Stråth, 231–252 (Oslo: Scandinavian University Press, 1997).

Bernharð Stefánsson. *Endurminningar ritaðar af honum sjálfum*, 1. bindi (Akureyri: Kvöldvökuútgáfan, 1961).

Bernskuminningar Kristins á Núpi. Menn og minjar, 9. bindi (Reykjavík: Útgáfan Menn og minjar, 1960).

- Berrenberg, Christian og Kirsti Salmi-Niklander. „Handwritten Newspapers and Community Identity in Finnish and Norwegian Student Societies and Popular Movements.“ Í *Handwritten Newspapers: An Alternative Medium during the Early Modern and Modern Periods*, ritstj. Heiko Droste og Kirsti Salmi-Niklander. *Studia Fennica Historica* 26, 131–146 (Helsinki: Finnish Literature Society (SKS), 2019).
- „Bindindisfélagsfundur.“ *Austri*, 17. júní 1887, 36.
- „Bindindismaður.“ *Bjarki*, 13. ágúst 1902, 4.
- Birgir Hermannsson. „Þjóðmenning og lagaleg réttindi.“ *Skírnir* 191 (haust 2017): 310–338.
- Bjarni Benediktsson (frá Hofteigi). *Þorsteinn Erlingsson* (Reykjavík: Mál og menning, 1958).
- Bjarni Sigurðsson. „Minningar um frú Margrétu Sigurðardóttur frá Hallormsstað.“ *Hlín* 16 (1932): 65–81.
- Björgvin Magnússon. „Búnaðarfélag Breiðdæla.“ Í *Breiðdæla hin nýja*, 1. bindi, 181–189 ([án útgáfustaðar] Breiðdalshreppur, 1986).
- Björn Jónsson. „Á aldamótum.“ *Ísafold*, 2. janúar 1901, 2.
- Björn Jónsson [upphafsávarp]. *Ísafold*, 19. september 1874, 1.
- Björn Þorkelsson. „Tveir þættir um Fljótsdalshérað.“ Í *Austurland: Safn austfirzka fræða III*, ritstj. Halldór Stefánsson, Sigurður Baldvinsson og Bjarni Vilhjálmsson, 234–258 (Akureyri: Sögusjóður Austfirðinga og Bókaútgáfan Norðri, 1951).
- Bloom, Ida. *Det er forskjell på folk – nå som før: Om kjønn og andre kriterier for sosial differensiering* (Oslo: Universitetsforlaget, 1995).
- Bluntschli, Johann Kaspar. *Allgemeine Staatslehre: Lehre vom modernen Staat*, 1. bindi, 6. útgáfa (Stuttgart: J. G. Cotta'schen Buchhandlung, 1886).
- Bohman, James og William Rehg. „Jürgen Habermas.“ *Stanford Encyclopedia of Philosophy*. Sótt 18. ágúst 2020. <https://plato.stanford.edu/entries/habermas/>
- Bourdieu, Pierre. *Distinction: A Social Critique of the Judgement of Taste* (Cambridge (MA): Harvard University Press, 1984).
- Bourdieu, Pierre. *In other words: Essays Towards a Reflexive Sociology* (Stanford (CA): Stanford University Press, 1990).
- Bourdieu, Pierre. *Outline of a Theory of Practice*. Cambridge Studies in Social Anthropology 16 (Cambridge: Cambridge University Press, 1977).
- Bourdieu, Pierre. *Pascalian Meditations* (Stanford (CA): Stanford University Press, 1997).
- Bourdieu, Pierre. „The Social Space and the Genesis of Groups.“ *Theory and Society* 14 (nóvember 1985): 723–744.
- Bourdieu, Pierre og Loïc Wacquant. *An invitation to Reflexive Sociology* (Cambridge: Polity 1992).
- Brantryðjendur: Þrjár sjálfsævisögur: Páll Melsted, Tryggvi Gunnarsson, Jón Ólafsson, Vilhjálmur Þ. Gíslason sá um útgáfuna* (Reykjavík: Bókafélagið, 1950).
- Breiðdæla: Drög að sögu Breiðdæla*, Jón Helgason og Stefán Einarsson gáfu út (Reykjavík: Nokkrir Breiðdælir, 1948).
- „Bréf af Sléttu 26. okt. 1891.“ *Austri*, 10. desember 1891, 49–50.
- „Bréf frá bónda í Fjörðum til kunningja hans í Héraði.“ *Austri*, 17. febrúar 1900, 19–20.

- „Bréf frá Jóni Ólafssyni til ritstj. Bjarka.“ *Bjarki*, 26. febrúar 1897, 29.
- „Bréf til ritstj. Bjarka frá Þorgils gjallanda.“ *Bjarki*, 15. maí 1897, 74.
- „Bréf úr Reykjavík.“ *Austri*, 3. júlí 1909, 82.
- Bríet Bjarnhéðinsdóttir. *Sveitalífið og Reykjavíkerlífið: Fyrirlestr* (Reykjavík: 1894).
- Bríet Héðinsdóttir. *Strá í breiðrið: Bók um Bríeti Bjarnhéðinsdóttur byggð á bréfum hennar* (Reykjavík: Svart á hvítu, 1988).
- „Búfræðingafundur.“ *Bjarki*, 22. júlí 1899, 114.
- Building the Nation: N.F.S. Grundtvig and Danish National Identity*, ritstj. John A. Hall, Ove Korsgaard og Ove A. Pedersen (Montreal og Kingston: McGill-Queen's University Press, 2015).
- Calhoun, Craig, ritstj. *Habermas and the Public Sphere* (Cambridge (MA) og London: The MIT Press, 1992).
- Capoccia, Giovanni og Daniel Ziblatt. „The Historical Turn in Democratization Studies: A New Research Agenda for Europe and Beyond.“ *Comparative political studies* 43 (2010:8–9): 931–968.
- Castrén, Anna-Maija, Markku Lonkila og Matti Peltonen, ritstj. *Between Sociology and History: Essays on Microhistory, Collective Action, and Nation-Building* (Helsinki: Finnish Literature Society (SKS), 2004).
- „Christian IX [mynd].“ *Skuld*, 23. júní 1880, d. 85–87.
- Cronin, Ciaran og Pablo De Greiff. „Editors' Introduction.“ Í Jürgen Habermas, *The Inclusion of the Other: Studies in Political Theory*, ritstj. Ciaran Cronin og Pablo De Greiff, xii–xiii (Cambridge (MA): The MIT Press, 1998).
- Dahl, Robert A. *On Democracy* (New Haven: Yale University Press, 1998).
- Davíð Ólafsson. „Að skrá sína eigin tilveru: Dagbækur, sjálfsmynd og heimsmynd á 18. og 19. öld.“ Í *Einsagan – ólíkar leiðir: Átta ritgerðir og eitt myndlistarverk*, ritstj. Erla Hulda Halldórsdóttir og Sigurður Gylfi Magnússon, 51–88 (Reykjavík: Háskólaútgáfan, 1998).
- Davíð Ólafsson. „Í frásögur færandi: Vesturheimsferðir í persónulegum heimildum.“ Í *Burt – og meir en bjarleið: Dagbækur og persónuleg skrif Vesturheimsfara á síðari bluta 19. aldar*. Sýnisbók íslenskrar alþýðumenningar 5, 71–128 (Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2001).
- Davíð Ólafsson. „Handritasamfélag og textaheimur í Kaldrananeshreppi á Ströndum.“ Í *Þriðja íslenska söguþingið 18.–21. maí 2006: Ráðstefnurit*, ritstj. Benedikt Eypórsson og Hrafnkell Lárusson, 448–457 (Reykjavík: Aðstandendur Þriðja íslenska söguþingsins, 2007).
- Davíð Ólafsson og Sigurður Gylfi Magnússon. *Burt – og meir en bjarleið: Dagbækur og persónuleg skrif Vesturheimsfara á síðari bluta 19. aldar*. Sýnisbók íslenskrar alþýðumenningar 5 (Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2001).
- Deer, Cécile. „Doxa.“ Í *Pierre Bourdieu: Key Concepts*, 2. útgáfa, ritstj. Michael Grenfell, 114–125 (London og New York: Routledge, 2012).
- Della Porta, Donatella. „Democracy in Social Movements.“ Í *The Oxford Handbook of Social Movements*, ritstj. Donatella Della Porta og Mario Diani, 767–780 (Oxford: Oxford University Press, 2015).
- Della Porta, Donatella og Mario Diani. „Introduction: The Field of Social Movement Studies.“ Í *The Oxford Handbook of Social Movements*, ritstj. Donatella Della Porta og Mario Diani, 1–27 (Oxford: Oxford University Press, 2015).

Della Porta, Donatella og Mario Diani, ritstj. *The Oxford Handbook of Social Movements* (Oxford: Oxford University Press, 2015).

Droste, Heiko og Kirsti Salmi-Niklander, ritstj. *Handwritten Newspapers: An Alternative Medium during the Early Modern and Modern Periods*. Studia Fennica Historica 26 (Helsinki: Finnish Literature Society (SKS), 2019).

Eggert Þór Bernharðsson. *Alþingismenn og úrslit þingkosninga á landshöfðingjatímanum: Kosningabandbók fyrir árin 1874–1904* [án útgáfustaðar, útgefanda og árs].

Einar Arnórsson. *Réttarsaga Alþingis*. Saga Alþingis 1 (Reykjavík: Alþingissögufélag, 1945).

Einar Hjörleifsson [Kvaran]. „Alþýðumenntun hér á landi.“ *Tímarit hins íslenska bókmenntafélags* 22 (1901): 36–63.

Einar Jónsson. „Halldór Jónsson prófastur.“ Í *Merkir Íslendingar: Ævisögur og minningargreinar*, [1. bindi] Þorkell Jóhannesson bjó til prentunar, 97–130 (Reykjavík: Bókfellsútgáfan, 1947).

Einar Jónsson. „Æfiágrip Halldórs prófests Jónssonar á Hofi.“ *Andvari* 12 (1886): i–xxxiv.

Einar Bragi Sigurðsson. *Í skólanum: Um barnafræðsluna á Eskifirði 1874–1939*. Eskja: Sögurit Eskfirðinga III (Eskifjörður: Byggðasögufélag Eskifjarðar, 1981).

„Einkennileg greftrun.“ *Austri*, 12. desember 1901, 160–161.

Eiríkur Eiríksson. „Lifnaðarhættir Skagfirðinga á 19. öld.“ *Skagfirðingabók* 14 (1985): 57–105.

Eiríkur Sigurðsson. „Lestrarfélag Breiðdæla: Aldarminning.“ Í *Breiðdæla hin nýja*, 1. bindi, 19–25 ([án útgáfustaðar] Breiðdalshreppur, 1986).

Eiríkur Sigurðsson og Guðjón Sveinsson. *Breiðdæla hin nýja*, 1. bindi ([án útgáfustaðar] Breiðdalshreppur, 1986).

Eiríkur Þormóðsson. „Handskrifuð blöð.“ Í *Alþýðumenning á Íslandi 1830–1930: Ritað mál, menntun og félagsbreyfingar*, ritstj. Ingi Sigurðsson og Loftur Guttormsson, Sagnfræðirannsóknir – Studia Historica, 18. bindi, 67–90 (Reykjavík: Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands, 2003).

Eley, Geoff. „Nations, Publics, and Political Cultures: Placing Habermas in the Nineteenth-Century.“ Í *Habermas and the Public Sphere*, ritstj. Craig Calhoun, 289–339 (Cambridge (MA) og London: The MIT Press, 1992).

Elísabet Baldvinsdóttir. „Hákon Finnsson.“ *Gerpir* 2 (desember 1948): 20–21.

Elín Pálmadóttir. *Fransí biskví: Franskir fiskimenn við Íslandsstrendur: Þriggja alda baráttusaga*, 2. útgáfa (Reykjavík: Opna, 2009).

Erla Hulda Halldórsdóttir, ritstj. *2. íslenska sögupingið 30. maí – 1. júní 2002: Ráðstefnurit 1* (Reykjavík: Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands, Sagnfræðingafélag Íslands og Sögufélag, 2002).

Erla Hulda Halldórsdóttir. „Að vera sjálfstæð: Ímyndir, veruleiki og frelsishugmyndir kvenna á 19. öld.“ *Saga* 35 (1997): 57–94.

Erla Hulda Halldórsdóttir. „Af bréfaskiptum kvenna á 19. öld.“ Í *Alþýðumenning á Íslandi 1830–1930: Ritað mál, menntun og félagsbreyfingar*, ritstj. Ingi Sigurðsson og Loftur Guttormsson, Sagnfræðirannsóknir – Studia Historica, 18. bindi, 247–267 (Reykjavík: Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands, 2003).

Erla Hulda Halldórsdóttir. „„Elskulega Margrét.“ Úr bréfasafni Margrétar prófestsfrúar á Stafafelli.“ *Skafthellur* 8 (1992): 29–52.

Erla Hulda Halldórsdóttir. „Fræðslu- og menntaviðleitni kvenfélaga 1870–1930.“ Í *Alþýðumenning á Íslandi 1830–1930: Rítað mál, menntun og félagsbreyfingar*, ritstj. Ingi Sigurðsson og Loftur Guttormsson, Sagnfræðirannsóknir – Studia Historica, 18. bindi, 269–290 (Reykjavík: Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands, 2003).

Erla Hulda Halldórsdóttir. „„gleimdu ecki þinni einlægt Elskandi Sistir.“ Skriftarkunnátta sem félagslegt og menningarlegt auðmagn.“ Í *4. íslenska sögubíngið 7.–10. júní 2012: Ráðstefnurit*, ritstj. Kristbjörn Helgi Björnsson, 99–108 (Reykjavík: Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands, 2013). Sótt 10. mars 2020. https://skemman.is/bitstream/1946/17296/1/r%C3%a1%C3%b0stefnurit_9_final.pdf

Erla Hulda Halldórsdóttir. *Nútímans konur: Menntun kvenna og mótun kyngeris á Íslandi 1850–1903* (Reykjavík: Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands – RIKK og Háskólaútgáfan, 2011).

Erla Hulda Halldórsdóttir og Sigurður Gylfi Magnússon, ritstj. *Einsagan – ólíkar leiðir: Átta ritgerðir og eitt myndlistarverk* (Reykjavík: Háskólaútgáfan, 1998).

Erlendur Guðmundsson. *Heima og heiman* (Reykjavík: Mál og menning, 2002).

Fellamannabóki, 1. bindi (Fellabær: Fellahreppur, 1991).

Finnur Jónsson. *Þjóðhættir og ævisögur frá 19. öld: Minnisblöð Finns á Kjörseyri* (Akureyri: Pálmi H. Jónsson, 1945).

Finnur Jónsson. *Ævisaga Finns Jónssonar* (Kaupmannahöfn: Hið íslenska fræðafjelag í Kaupmannahöfn, 1936).

Fjarðarbúi. „Sveitabændur og sjávarmenn á þingi.“ *Bjarki*, 31. mars 1900, 49–50.

Fjarðarbúi. „Þingkosningarnar næstu.“ *Bjarki*, 9. febrúar 1900, 17–18.

François, Pieter, Taina Syrjämaa og Henri Terho, ritstj. *Power and Culture: New Perspectives on Spatiality in European History* (Pisa: Plus-Pisa university press, 2008).

Fraser, Nancy. „Rethinking the Public Sphere: A Contribution to the Critique of Actually Existing Democracy.“ Í *Habermas and the Public Sphere*, ritstj. Craig Calhoun, 109–142 (Cambridge (MA) og London: The MIT Press, 1992).

„Frá Birni R. Stefánssyni.“ *Austri*, 12. júní 1902, 74.

[Frétt af kjörfundi í Norður-Múlasýslu] *Bjarki*, 15. september 1900, 145.

[Fréttabréf frá Akureyri] *Austri*, 31. janúar 1901, 12.

[Fréttabréf úr Loðmundarfirði] *Austri*, 20. desember 1891, 56.

[Fréttabréf úr Skagafirði] *Austri*, 20. maí 1897, 54.

„Fréttabréf úr Skagafirði.“ *Austri*, 30. apríl 1898, 46.

[Fréttabréf úr Þingeyjarsýslu] *Austri*, 11. janúar 1894, 2.

„Fréttabréf úr Þingeyjarsýslu.“ *Bjarki*, 4. ágúst 1900, 123.

[Fréttir af erlendum verkföllum] *Bjarki*, 31. júlí 1899, 117; *Austri*, 21. september 1899, 101–102; 3. maí 1902, 51.

[Fréttir af starfi seyðfírskra kvenfélaga] *Austri*, 27. janúar 1901, 10; 25. apríl 1901, 44; 1. desember 1902, 155; 31. desember 1904, 159; *Bjarki*, 4. febrúar 1901, 14; 31. desember 1901, 195.

Friðrik Guðmundsson. *Endurminningar*, 1. bindi, 2. útgáfa (Reykjavík: Víkurútgáfan, 1972).

Friðrik Guðmundsson. *Endurminningar*, 2. bindi, 2. útgáfa (Reykjavík: Víkurútgáfan, 1973).

- Frosti F. Jóhannsson, ritstj. *Íslenskt þjóðmenning V: Trúarhættir* (Reykjavík: Bókautgáfan Þjóðsaga, 1988).
- Fultner, Barbara, ritstj. *Jürgen Habermas Key Concepts* (Durham: Acumen, 2011).
- G.S. „Ennþá eitt! Ennþá eitt!“ *Austri*, 26. mars 1906, 33–34.
- Gestur Pálsson. *Menntunarástandið á Íslandi: Fyrirlestur* (Reykjavík: Bókaverzlun Sigfúsar Eymundssonar, 1889).
- Geymdar stundir: Frásagnir af Austurlandi*, Ármann Halldórsson bjó til prentunar ([án útgáfustaðar] Víkurútgáfan, 1988).
- Gils Guðmundsson. *Ævintýramaður: Jón Ólafsson ritstjóri* (Reykjavík: Vaka – Helgafell, 1987).
- Gísli Ágúst Gunnlaugsson. „Bændasamfélagið: Félagsleg og efnahagsleg einkenni.“ Í *Saga og samfélag: Þættir úr félags sögu 19. og 20. aldar*, ritstj. Guðmundur Hálfðanarson, Loftur Guttormsson og Ólöf Garðarsdóttir, 147–152 (Reykjavík: Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands og Sögufélag, 1997).
- Gísli Ágúst Gunnlaugsson. *Family and Household in Iceland 1801–1930: Studies in the relationship between demographic and socio-economic development, social legislation and family and household structures* (Uppsala: Uppsala Universitet, 1988).
- Gísli Ágúst Gunnlaugsson. „Fjölskyldan: Mælikvarði á þjóðfélagsbreytingar.“ Í *Saga og samfélag: Þættir úr félags sögu 19. og 20. aldar*, ritstj. Guðmundur Hálfðanarson, Loftur Guttormsson og Ólöf Garðarsdóttir, 30–39 (Reykjavík: Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands og Sögufélag, 1997).
- Gísli Ágúst Gunnlaugsson. „Ljós, lestur og félagslegt taumhald.“ *Ný saga* 5 (1991): 62–66.
- Gísli Ágúst Gunnlaugsson og Loftur Guttormsson. „Heimilisgerð og þéttbýlismyndun í þremur sjávarbyggðum á Íslandi 1880–1930.“ Í *Saga og samfélag: Þættir úr félags sögu 19. og 20. aldar*, ritstj. Guðmundur Hálfðanarson, Loftur Guttormsson og Ólöf Garðarsdóttir, 159–183 (Reykjavík: Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands og Sögufélag, 1997).
- Gísli Helgason. *Austfirðingapættir og aðrar frásagnir*, Indriði Gíslason bjó til prentunar (Reykjavík: Mál og mynd, 2000).
- „Gjafsóknir.“ *Austri*, 2. september 1893, 89–90.
- Grenfell, Michael. „Interest.“ Í *Pierre Bourdieu: Key Concepts*, 2. útgáfa, ritstj. Michael Grenfell, 151–168 (London og New York: Routledge, 2012).
- Grenfell, Michael, ritstj. *Pierre Bourdieu: Key Concepts*, 2. útgáfa (London og New York: Routledge, 2012).
- Grenfell, Michael. „Politics.“ Í *Pierre Bourdieu: Key Concepts*, 2. útgáfa, ritstj. Michael Grenfell, 250–264 (London og New York: Routledge, 2012).
- Grugel, Jean. *Democratization: A Critical Introduction* (New York: Palgrave MacMillan, 2002).
- Grugel, Jean og Matthew Louis Bishop. *Democratization: A Critical Introduction*, 2. útgáfa (New York: Palgrave MacMillan, 2014).
- Guðbjörg Jónsdóttir (frá Broddanesi). *Minningar frá bernsku og æskuárum* (Reykjavík: 1929).
- Guðjón Friðriksson. *Ég elska þig stormur: ævisaga Hannesar Hafstein* (Reykjavík: Mál og menning, 2005).
- Guðjón Friðriksson. *Nýjustu fréttir! Saga fjölmiðlunar á Íslandi frá upphafi til vorra daga* (Reykjavík: Iðunn, 2000).

Guðjón Friðriksson. „Tímabil flokksfjölmíðla – ris og hnig.“ Í *Íslenska sögubíngið 28.–31. maí 1997: Ráðstefnurit 1*, ritstj. Guðmundur J. Guðmundsson og Eiríkur K. Björnsson, 305–316 (Reykjavík: Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands og Sagnfræðingafélag Íslands, 1998).

Páll Björnsson. „Að búa til íslenska karlmenn: Kynjaímyndir Jóns forseta.“ Í *2. íslenska sögubíngið 30. maí – 1. júní 2002: Ráðstefnurit 1*, ritstj. Erla Hulda Halldórsdóttir, 43–53 (Reykjavík: Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands, Sagnfræðingafélag Íslands og Sögufélag, 2002).

Guðjón Friðriksson og Jón Þ. Þór. *Kaupmannahöfn sem höfuðborg Íslands*, 2. bindi (Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2013).

Guðjón Sveinsson. „Sagt frá félagslífi.“ Í *Breiðdala hin nýja*, 1. bindi, 190–202 ([án útgáfustaðar] Breiðdalshreppur, 1986).

Guðmundur Árnason. „Minningar úr Breiðdal: Frá seinni hluta nítjándu aldar.“ Í *Breiðdala: Drög að sögu Breiðdals*, Jón Helgason og Stefán Einarsson gáfu út, 141–150 (Reykjavík: Nokkrir Breiðdælir, 1948).

G[uðmundur] Björnsson. „Björn Jónsson ritstjóri – ráðherra.“ *Lögrjetta*, 27. nóvember 1912, 223.

Guðmundur J. Guðmundsson og Eiríkur K. Björnsson, ritstj. *Íslenska sögubíngið 28.–31. maí 1997: Ráðstefnurit 1* (Reykjavík: Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands og Sagnfræðingafélag Íslands, 1998).

Guðmundur Hálfðanarson. „Defining the Modern Citizen: Debates on Civil and Political Elements of Citizenship in Nineteenth-Century Iceland.“ *Scandinavian Journal of History* 24 (1999:1): 103–116.

Guðmundur Hálfðanarson. „Icelandic Modernity and the Role of Nationalism.“ Í *Nordic Paths to Modernity*, ritstj. Jóhann Páll Árnason og Björn Wittrock, 251–274 (New York og Oxford: Berghahn Books, 2012).

Guðmundur Hálfðanarson. *Íslenska þjóðríkið – uppruni og endimörk* (Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag og ReykjavíkurAkademían, 2001).

Guðmundur Hálfðanarson. „Íslensk þjóðfélagsþróun á 19. öld.“ Í *Íslensk þjóðfélagsþróun 1880–1990: Ritgerðir*, ritstj. Guðmundur Hálfðanarson og Svanur Kristjánsson, 9–58 (Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands og Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands, 1993).

Guðmundur Hálfðanarson. „Kemur sýslumanni [það] nokkuð við ...? Um þróun ríkisvalds á Íslandi á 19. öld.“ *Saga* 31 (1993): 7–31.

Guðmundur Hálfðanarson. „Kosningaréttur kvenna og afmörkun borgararéttar – umræður um þátttöku og útilokun í íslenskum stjórnmálum.“ Í *Kosningaréttur kvenna 90 ára: Erindi frá málþingi 20. maí 2005*, ritstj. Auður Styrkársdóttir og Kristín Ástgeirsdóttir, 22–41 (Reykjavík: Kvennasögusafn Íslands og Rannsóknastofa í kvenna- og kynjafræðum, 2005).

Guðmundur Hálfðanarson. „Private Spaces and Private Lives: Privacy, Intimacy, and Culture in Icelandic 19th-Century Rural Homes.“ Í *Power and Culture: New Perspectives on Spatiality in European History*, ritstj. Pieter François, Taina Syrjämaa og Henri Terho, 109–124 (Pisa: Plus-Pisa university press, 2008).

Guðmundur Hálfðanarson. „Rannsóknir í menningar- og hugmyndasögu 19. og 20. aldar.“ *Saga* 38 (2000): 187–205.

Guðmundur Hálfðanarson. „Saga fullveldishugtaksins frá frjálsu fullveldi konungs til fullveldis þjóðar.“ Í *Frjálst og fullvalda ríki: Ísland 1918–2018*, ritstj. Guðmundur Jónsson, 27–58 (Reykjavík: Sögufélag, 2018).

- Guðmundur Hálfðanarson. „To Become a Man: The Ambiguities of Gender Relations in late 19th and early 20th century Iceland.“ Í *Political Systems and Definitions of Gender Roles*, ritstj. Ann-Katherine Isaacs, 43–51 (Pisa: Edizioni Plus, 2001).
- Guðmundur Hálfðanarson. „Verði ljós!“ *Skírnir* (vor 1992): 194–210.
- Guðmundur Hálfðanarson og Svanur Kristjánsson, ritstj. *Íslenskt þjóðfélagsþróun 1880–1990: Ritgerðir* (Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands og Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands, 1993).
- Guðmundur Hjaltason. „Íslenskt æskumannafélög.“ *Austri*, 18. ágúst 1906, 105–106.
- Guðmundur Hjaltason. *Æfisaga Guðmundar Hjaltasonar skráð af bonum sjálfum og þrír fyrirlestrar* (Reykjavík: U.M.F.Í., 1923).
- Guðmundur Jónsson. *Bændaskólinn á Hvanneyri 90 ára* (Reykjavík: 1979).
- Guðmundur Jónsson. *Endurminningar Guðmundar frá Nesi* (Reykjavík: 1948).
- Guðmundur Jónsson ritstj. *Frjálst og fullvalda ríki: Ísland 1918–2018* (Reykjavík: Sögufélag, 2018).
- Guðmundur Jónsson (frá Húsey). „Minningapættir Guðmundar í Húsey.“ Í *Að vestan*, Árni Bjarnarson safnaði efni og ritar formála, 4. bindi, 2. útgáfa (Akureyri: Skjaldborg, 1983).
- Guðmundur Jónsson (frá Húsey). „Um Pál Ólafsson skáld.“ *Eimreiðin* 50 (1944:2): 140–147.
- Guðmundur Jónsson. *Vinnuhjú á 19. öld. Ritsafn Sagnfræðistofnunar* 5 (Reykjavík: Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands, 1981).
- Guðni Guðmundsson. „Síra Jóhann Sveinbjarnarson og Fríkirkjusöfnuðurinn í Reyðarfirði.“ *Bjarki*, 13. desember 1901, 181–182.
- Guðni Jónsson. *Minningarrit Flensborgarskólans 1882–1932* (Reykjavík: Nemendasamband Flensborgarskólans, 1932).
- Gunnar Karlsson. „Atvinnubylting og ríkismyndun.“ Í *Saga Íslands X*, ritstj. Sigurður Líndal og Pétur Hrafn Árnason, 5–312 (Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag og Sögufélag, 2009).
- Gunnar Karlsson. *Frelsisbarátta Suður-Þingeyinga og Jón á Gaultlöndum* (Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 1977).
- Gunnar Karlsson. „Sagan af þjóðríkismyndun Íslendinga 1830–1944.“ *Saga* 38 (2000): 109–134.
- Gunnar Karlsson. „Upphafsskeið þjóðríkismyndunar 1830–1874.“ Í *Saga Íslands IX*, ritstj. Sigurður Líndal og Pétur Hrafn Árnason, 167–374 (Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag og Sögufélag, 2008).
- Gunnar Helgi Kristinsson. „Lýðræði: Drög að greiningu.“ *Stjórnsmál og stjórnsýsla, Vefútgáfa* 4 (2008:1): 89–111. Sótt 26. janúar 2018. <https://skemman.is/bitstream/1946/8971/1/a.2008.4.1.4.pdf>
- Gunnar Helgi Kristinsson. „Valdakerfið fram til viðreisnar 1900–1959.“ Í *Íslenskt þjóðfélagsþróun 1880–1990: Ritgerðir*, ritstj. Guðmundur Hálfðanarson og Svanur Kristjánsson, 321–354 (Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands og Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands, 1993).
- Gunnar M. Magnúss. *Saga alþýðufræðslunnar á Íslandi* (Reykjavík: Samband íslenskra barnakennara, 1939).
- Guttormur Vigfússon. „Svar til Jóns Jónssonar í Húsey.“ *Austri*, 17. júní 1887, 35–36; 25. júní 1887, 38–39.
- Habermas, Jürgen. „Concluding Remarks.“ Í *Habermas and the Public Sphere*, ritstj. Craig Calhoun, 462–479 (Cambridge (MA) og London: The MIT Press, 1992).

Habermas, Jürgen. „Further Reflections on the Public Sphere.“ Í *Habermas and the Public Sphere*, ritstj. Craig Calhoun, 421–461 (Cambridge (MA) og London: The MIT Press, 1992).

Habermas, Jürgen. *The Inclusion of the Other: Studies in Political Theory*, ritstj. Ciaran Cronin og Pablo De Greiff (Cambridge: The MIT Press, 1998).

Habermas, Jürgen. *The Structural Transformation of the Public Sphere: An Inquiry into a Category of Bourgeois Society* (Cambridge (MA): The MIT Press, 1989).

Hagskinna: Sögulegar bagtölur um Ísland, ritstj. Guðmundur Jónsson og Magnús S. Magnússon (Reykjavík: Hagstofa Íslands, 1997).

Halldór Pálsson. „Loðmundarfjörður.“ *Hlín* 22 (1939): 111–116.

Halldór Stefánsson. „Þættir um menn og viðburði.“ Í *Austurland: Safn austfirzka fræða III*, ritstj. Halldór Stefánsson, Sigurður Baldvinsson og Bjarni Vilhjálmsson, 55–167 (Akureyri: Sögusjóður Austfirðinga og Bókaútgáfan Norðri, 1951).

Halldór Stefánsson. „Þættir úr sögu Austurlands á 19. öld.“ Í *Austurland: Safn austfirzka fræða IV*, ritstj. Halldór Stefánsson, Bjarni Vilhjálmsson og Jón Ólafsson, 7–176 (Akureyri: Sögusjóður Austfirðinga og Bókaútgáfan Norðri, 1952).

Halldór Stefánsson. *Ævislöd og mannaminni: Ævisaga* (Reykjavík: Prentsmiðja Jóns Helgasonar, 1971).

Halldór Stefánsson, Sigurður Baldvinsson og Bjarni Vilhjálmsson, ritstj. *Austurland: Safn austfirzka fræða III* (Akureyri: Sögusjóður Austfirðinga og Bókaútgáfan Norðri, 1951).

Halldór Stefánsson, Bjarni Vilhjálmsson og Jón Ólafsson, ritstj. *Austurland: Safn austfirzka fræða IV* (Akureyri: Sögusjóður Austfirðinga og Bókaútgáfan Norðri, 1952).

Hallgrímur Helgason. *Sextíu kíló af sólskinu* (Reykjavík: JPV útgáfa, 2018).

Hannes Þorsteinsson. „Þjóðólfur 1848 – 5. nóv. – 1898: Stutt söguágrip.“ *Þjóðólfur*, 5. nóvember 1898, 201–206.

Hardy, Cheryl. „Social space.“ Í *Pierre Bourdieu: Key Concepts*, 2. útgáfa, ritstj. Michael Grenfell, 229–249 (London og New York: Routledge, 2012).

Hákon Finnsson: Frá Brekkum á Rangárvöllum að Borgum í Hornafirði, búið hafa til prentunar Karl Skírnisson og Hákon Hansson (Kópavogur: Karl Skírnisson og Hákon Hansson, 2016).

Heimir Þorleifsson. *Póstsaga Íslands 1873–1935* (Reykjavík: Íslandspóstur, 2004).

Held, David. *Models of Democracy*, 3. útgáfa (Cambridge: Polity Press, 2008).

Helgi Gíslason. „Búnaðarfélag Fellahrepps – 100 ára saga.“ Í *Fellamannabók*, 1. bindi, 137–174 (Fellabær: Fellahreppur, 1991).

Helgi Hallgrímsson. *Fljótsdæla: mannlíf og náttúrufur í Fljótsdalsbreppi* (Reykjavík: Skrudda, 2016).

Helgi Hallgrímsson. „Skrúfufélagið í Fljótsdal: Fyrsta spor jafnaðarmennskunnar hér á landi.“ *Glettingur* 13 (2003:2): 37–40.

Helgi Skúli Kjartansson. „Leiðtoginn sem ekki varð: Endurkoma stjórnmálamanns.“ Í *Hugmyndabeimur Páls Briem*, ritstj. Ragnheiður Kristjánsdóttir og Sverrir Jakobsson, 43–77 (Reykjavík: Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands, 2019).

Helgi Skúli Kjartansson. „Næstum algerar andstæður: Barnafræðsla á Íslandi og Nýfundnalandi 1880–1930.“ Í *Þriðja íslenska söguþingið 18.–21. maí 2006: Ráðstefnurit*, ritstj. Benedikt Eypórsson og Hrafnkell Lárusson, 298–306 (Reykjavík: Aðstandendur Þriðja íslenska söguþingsins, 2007).

Helgi Skúli Kjartansson. „Vöxtur og myndun þéttbýlis á Íslandi 1890–1915.“ *Saga* 16 (1978): 151–174.

Helgi Skúli Kjartansson og Halldór Bjarnason. „Fríhöndlun og frelsi: Tímabilið 1830–1914.“ Í Helgi Skúli Kjartansson, Halldór Bjarnason og Guðmundur Jónsson. *Líftaug landsins: Saga íslenskrar utanlandsverslunar 900–2010*, 2. bindi, ritstj. Sumarliði R. Ísleifsson, 11–109 (Reykjavík: Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands og Skrudda, 2017).

Helgi Skúli Kjartansson, Halldór Bjarnason og Guðmundur Jónsson. *Líftaug landsins: Saga íslenskrar utanlandsverslunar 900–2010*, 2. bindi, ritstj. Sumarliði R. Ísleifsson (Reykjavík: Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands og Skrudda, 2017).

Helgi Valtýsson. „Íslensk alþýðumenntun.“ *Bjarki*, 4. júlí 1902, 1–2.

Helgi Valtýsson. „Íslenskur kennaraskóli.“ *Bjarki*, 21. mars 1902, 1.

„Hinn almenni bindindisfundur á Vestdalseyri 21. maí 1898.“ *Austri*, 9. júní 1898, 61–62.

„Hirðuleysi eða viljaleysi?“ *Bjarki*, 9. apríl 1898, 53.

Hjalti Hugason. „Kristnir trúarhættir.“ Í *Íslensk þjóðmenning V: Trúarhættir*, ritstj. Frosti F. Jóhannsson, 75–339 (Reykjavík: Bókaútgáfan Þjóðsaga, 1988).

Hjálmar Vilhjálmsson. „Arnbjörg Stefánsdóttir frá Stakkahlíð.“ *Múlaping* 11 (1981): 69–82.

Hjörleifur Guttormsson. *Árbók Ferðafélags Íslands 2018: Uppbæað og öræfin suður af* (Reykjavík: Ferðafélag Íslands, 2018).

Hohendahl, Per Uwe. „The Public Sphere: Models and Boundaries.“ Í *Habermas and the Public Sphere*, ritstj. Craig Calhoun, 99–108 (Cambridge (MA) og London: The MIT Press, 1992).

Hrafnkell Lárusson. „Áttavíllt við aldahvörf: Sveitarblöð, vesturferðir og samfélagsbreytingar um aldamótin 1900.“ Í *Þriðja íslenska söguþingið 18.–21. maí 2006: Ráðstefnurit*, ritstj. Benedikt Eypórsson og Hrafnkell Lárusson, 458–465 (Reykjavík: Aðstandendur Þriðja íslenska söguþingsins, 2007).

Hrafnkell Lárusson. „Handwritten Journals in 19th- and Early 20th-Century Iceland.“ Í *Handwritten Newspapers: An Alternative Medium during the Early Modern and Modern Periods*, ritstj. Heiko Droste and Kirsti Salmi-Niklander. *Studia Fennica* 26, 147–169 (Helsinki: Finnish Literature Society (SKS), 2019).

Hrafnkell Lárusson. *Í óræðri samtíð með óvissa framtíð: Íslensk sveitarblöð og samfélagsbreytingar um aldamótin 1900* (Reykjavík: Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands, 2006).

Hrefna Róbertsdóttir. *Reykjavíkurfélög: Félagsbreyfing og menntastarf á ofanverðri 19. öld* (Reykjavík: Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands, 1990).

Hugsi í dölum. „Hvernig eigum vjer að byrja hina nýju þúsund-ára-öld?“ *Norðanfari*, 4. september 1876, 77.

„Hugsunarleysi.“ *Bjarki*, 23. apríl 1901, 57.

Hulda S. Sigtryggisdóttir. „Alþýðuskólar og ungmennafélög – leiðir til samfélagslegrar virkni.“ Í *Alþýðumenning á Íslandi 1830–1930: Ritað mál, menntun og félagsbreyfingar*, ritstj. Ingi Sigurðsson og Loftur Guttormsson, Sagnfræðirannsóknir – *Studia Historica*, 18. bindi, 149–167 (Reykjavík: Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands, 2003).

„Hundstönn.“ *Bjarki*, 22. júlí 1899, 113–114.

„Hvöt.“ *Framsókn*, [án dagsetningar] júní 1897, 21–22.

Indriði Einarsson. „Um kosningar og kjósendr til alþingis.“ *Tímarit hins íslenska bókmenntafélags* 5 (1884): 1–35.

Indriði Gíslason. *Skógargærðisbók* (Reykjavík: Þjóðsaga, 1995).

Ingi Sigurðsson. „Arfleifð upplýsingarinnar og útgáfa fræðslurita á íslensku.“ *Skírnir* 168 (vor 1994): 135–160.

Ingi Sigurðsson. „Áhrif fjölþjóðlegra hugmyndastefna á alþýðu.“ Í *Alþýðumenning á Íslandi 1830–1930: Ritað mál, menntun og félagsbreyfingar*, ritstj. Ingi Sigurðsson og Loftur Guttormsson, Sagnfræðirannsóknir – Studia Historica, 18. bindi, 217–246 (Reykjavík: Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands, 2003).

Ingi Sigurðsson. *Erlendir straumar og íslenskt viðborf: Áhrif fjölþjóðlegra hugmyndastefna á Íslendinga 1830–1918* (Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2006).

Ingi Sigurðsson. „Hvernig breiddust áhrif fjölþjóðlegrar hugmyndastefnu út meðal Íslendinga 1830–1918.“ Í *Íslenska söguþingið 28.–31. maí 1997: Ráðstefnurit 1*, ritstj. Guðmundur J. Guðmundsson og Eiríkur K. Björnsson, 296–304 (Reykjavík: Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands og Sagnfræðingafélag Íslands, 1998).

Ingi Sigurðsson. „Upplýsingin og hugmyndaheimur Íslendinga á síðustu áratugum 19. aldar og öndverðri 20. öld.“ *Ritmennt* 6 (2001): 112–141.

Ingi Sigurðsson. „Útbreiðsla og viðtökur alþýðlegra fræðirita.“ Í *Alþýðumenning á Íslandi 1830–1930: Ritað mál, menntun og félagsbreyfingar*, ritstj. Ingi Sigurðsson og Loftur Guttormsson, Sagnfræðirannsóknir – Studia Historica, 18. bindi, 115–147 (Reykjavík: Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands, 2003).

Ingi Sigurðsson og Loftur Guttormsson, ritstj. *Alþýðumenning á Íslandi 1830–1930: Ritað mál, menntun og félagsbreyfingar*, Sagnfræðirannsóknir – Studia Historica, 18. bindi (Reykjavík: Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands, 2003).

Ingi Sigurðsson og Loftur Guttormsson. „Inngangur.“ Í *Alþýðumenning á Íslandi 1830–1930: Ritað mál, menntun og félagsbreyfingar*, ritstj. Ingi Sigurðsson og Loftur Guttormsson, Sagnfræðirannsóknir – Studia Historica, 18. bindi, 9–34 (Reykjavík: Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands, 2003).

Ingi Sigurðsson og Loftur Guttormsson. „Niðurlag.“ Í *Alþýðumenning á Íslandi 1830–1930: Ritað mál, menntun og félagsbreyfingar*, ritstj. Ingi Sigurðsson og Loftur Guttormsson, Sagnfræðirannsóknir – Studia Historica, 18. bindi, 291–297 (Reykjavík: Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands, 2003).

Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir. „Lestrarfélög presta: Athugun á aðföngum, bókakosti og útlánum Möllersku lestrarfélaganna.“ *Ritmennt* 4 (1999): 57–83.

Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir. „Upphaf og þróun lestrarfélaga.“ Í *Sál aldanna: Safn greina um bókasöfn og skyld efni*, ritstj. Guðrún Pálsdóttir og Sigrún Klara Hannesdóttir, 25–35 (Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands og Háskólaútgáfan, 1997).

Ingunn Jónsdóttir. *Gömul kynni* (Akureyri: Þorsteinn M. Jónsson, 1946).

[Innlendar fréttir] *Austri*, 18. febrúar 1897, 19.

[Innlendar fréttir] *Austri*, 31. janúar 1906, 10.

[Innlendar fréttir] *Bjarki*, 10. október 1899, 158.

[Innlendar fréttir] *Skuld*, 10. maí 1879, d. 149–150.

Íris Ellenberger. „Kerfisvæðing flóttans.“ *Saga* 55 (vor 2017): 21–27.

- Isaacs, Ann-Katherine, ritstj. *Political Systems and Definitions of Gender Roles* (Pisa: Edizioni Plus, 2001). „Íslendingabók“ (www.islendingabok.is).
- J.J. „Menntafýsn æskulýðsins og landbúnaðurinn.“ *Ísafold*, 15. ágúst 1903, 209; 29. ágúst 1903, 217.
- Jóhann Páll Árnason og Björn Wittrock, ritstj. *Nordic Paths to Modernity* (New York og Oxford: Berghahn Books, 2012).
- [Jóhann Pálsson, 107–112] Jón Jónsson frá Sleðbrjót. „Safn til Landnámssögu Íslendinga í Vesturheimi: Nokkrir þættir um Íslendinga austan Manitoba-vatns í Siglunes-bygð, Narrows-bygð, við Dog Lake og Moose Horn Bay.“ Í *Almanak fyrir árið 1914*, 20. bindi, 61–115 (Winnipeg: Ólafur S. Thorgeirsson, 1913).
- Jóhann L. Sveinbjarnarson, A.V. Tulinius, Fr. Zeuthen. „Áskorun.“ *Bjarki*, 22. janúar 1897, 9–10.
- Jóhann L. Sveinbjarnarson, Fr. Zeuthen og Sigurður Gíslason. „Sameining bindindisfélaganna í Múlasýslum.“ *Austri*, 18. febrúar 1897, 17.
- Jóhannes Sigurðsson. „Blöðin.“ *Bjarki*, 8. desember 1896, [33–34].
- Jón Bjarnason. *Ísland að bláa upp* (Reykjavík: Bókaverzlun Sigfúsar Eymundssonar, 1888).
- Jón Hjaltason. *Saga Akureyrar: Kaupstaðurinn við Pollinn 1863–1905*, 2. bindi (Akureyri: Akureyrarbær, 1994).
- Jón Ólafur Ísberg og Sigurður Gylfi Magnússon. *Fátækt og fúlga: Þurfalingarnir 1902*. Sýnisbók íslenskrar alþýðumenningar 19 (Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2016).
- Jón Baldvin Jóhannesson. „Ágrip af ævisögu.“ *Múlaping* 22 (1995): 20–41.
- Jón Jónsson. *Á mörkum mennskunnar: Viðhorf til fjarfólks í sögnum og samfélagi*. Sýnisbók íslenskrar alþýðumenningar 23 (Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2018).
- Jón Jónsson. „Lestrarfélög fyrir almenning.“ Í *Alþýðumenning á Íslandi 1830–1930: Ritað mál, menntun og félagsbreyfingar*, ritstj. Ingi Sigurðsson og Loftur Guttormsson, Sagnfræðirannsóknir – Studia Historica, 18. bindi, 171–193 (Reykjavík: Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands, 2003).
- Jón Jónsson (frá Sleðbrjót). „Ávarp til kjósenda í Norður-Múlasýslu.“ *Austri*, 14. febrúar 1903, 19–20.
- Jón Jónsson (frá Sleðbrjót). „Ei er héra at borgnara þó hæna beri skjöld.“ *Austri*, 10. júní 1887, 31–32.
- Jón Jónsson (frá Sleðbrjót). „Smágreinar: Um landsins gagn og nauðsynjar.“ *Austri*, 23. janúar 1895, 5; 30. janúar 1895, 9–10; 19. febrúar 1895, 17–18; 18. apríl 1895, 41–42.
- Jón Jónsson (frá Sleðbrjót). „Smágreinar um þingmál.“ *Bjarki*, 12. desember 1896, 37; 5. febrúar 1897, 17; 12. febrúar 1897, 21.
- Jón Jónsson (frá Sleðbrjót). „Smá pistlar um landsmál.“ *Austri*, 22. janúar 1893, 6–7; 22. febrúar 1893, 17–18; 4. mars 1893, 21; 6. apríl 1893, 33.
- Jón Jónsson (frá Sleðbrjót). „Svar til Þorv. lækis Kjerúlfs.“ *Austri*, 2. júní 1893, 58.
- Jón Jónsson (frá Sleðbrjót). „Um búnaðarskóla og alþýðumenntun.“ *Austri*, 29. mars 1887, 9–10.
- Jón Jónsson (frá Sleðbrjót). „Um Eyðaskólann: Svar til Guttorms Vigfússonar.“ *Austri*, 6. september 1887, s. 62–64.
- Jón Jónsson (frá Sleðbrjót). „Um Jón Ólafsson.“ *Iðunn, nýr flokkur* (1917–1918): 100–122.
- Jón Jónsson (frá Sleðbrjót). „Þingkosningarnar næstu.“ *Bjarki*, 15. mars 1900, 37; 21. mars 1900, 41.

- Jón Jónsson (frá Sleðbrjót), Jónas Eiríksson og Magnús Bjarnason. „Kvennaskólamálið – áskorun.“ *Austri*, 12. mars 1895, 26.
- Jón Jónsson (frá Stafafelli). *Minningarit* (Reykjavík: 1922).
- Jón Jónsson (í Múla). „Herra ritstjóri Skafti Jósefsson.“ *Bjarki*, 31. október 1900, 170–171.
- Jón M. Ívarsson. *Vormenn Íslands: Saga UMFÍ í 100 ár* (Reykjavík: Ungmennafélag Íslands, 2007).
- Jón Ólafsson. „Að austan.“ *Skuld*, 30. nóvember 1878, d. 430–431.
- Jón Ólafsson. „Ávarp til kaupendanna.“ *Baldur*, 2. febrúar 1870, 1–2.
- Jón Ólafsson. „Ávarp til lesandanna.“ *Skuld*, 8. maí 1877, d. 1–5.
- [Jón Ólafsson] „Bindindi og þjóðbindindi.“ *Skuld*, 26. apríl 1879, d. 115–121.
- Jón Ólafsson. *Bóka-skrá Lestrar-félags Eskifjarðar 1880, ásamt ágripi af lögum þess* (Eskifjörður: 1880).
- Jón Ólafsson. „Einn lítill pistill um sannleiksást, ásamt fróðlegum eftirmála um hótunarbréf, hegningarlög og riddaraskap.“ *Skuld*, 19. október 1882, 93–96.
- Jón Ólafsson. „Hálfyrði um lestrarfélög.“ *Skuld*, 7. nóvember 1878, d. 382–384.
- Jón Ólafsson. „Hnútukast.“ *Skuld*, 25. nóvember 1878, d. 417–419.
- „Jón Ólafsson, sjálfsævisaga.“ Í *Brautryðjendur: Þrjár sjálfsævisögur. Páll Melsted, Tryggvi Gunnarsson, Jón Ólafsson, Vilhjálmur Þ. Gíslason* sá um útgáfuna, 165–230 (Reykjavík: Bókfellsútgáfan, 1950).
- [Jón Ólafsson] „Skýrsla um bindindi á Íslandi.“ *Skuld*, 9. ágúst 1878, d. 251–252.
- Jón Sigurðsson. „Um alþing á Íslandi.“ *Ný félagsrit* 1 (1841): 59–134.
- Jón Sigurðsson. „Um blaðleysi og póstleysi á Íslandi.“ *Ný félagsrit* 6 (1846): 105–122.
- Jón Sigurðsson. „Um bændaskóla á Íslandi.“ *Ný félagsrit* 9 (1849): 86–101.
- Jón Sigurðsson. „Um félagskap og samtök.“ *Ný félagsrit* 4 (1844): 1–27.
- Jón Sigurðsson. *Sigurður í Yztafelli og samtíðarmenn* (Reykjavík: Bókaútgáfa Menningarsjóðs, 1965).
- Jón Þ. Þór. *Doktor Valtýr: ævisaga* (Akureyri: Hólar, 2004).
- Jón Þ. Þór. „Upphaf prentlistar á Austurlandi: Jón Ólafsson og Skuldarprentsmiðja.“ *Tímarit Máls og Menningar* 31 (1970): 318–352.
- Jón Þórðarson. „Kosningin á Seyðisfirði 1909.“ Í *Geymdar stundir: Frásagnir af Austurlandi* IV, Ármann Halldórsson bjó til prentunar, 53–58 ([án útgáfustaðar] Víkurútgáfan, 1988).
- Jónas Eiríksson. „Um unglingaskóla í Fljótsdalshéraði.“ *Austri*, 17. apríl 1909, 41.
- Jónas Jónasson (frá Hrafnagili). *Íslenzkir þjóðbattir*, 4. útgáfa (Reykjavík: Bókaútgáfan Opna, 2010).
- Jónas Stefánsson. *Frá Kotá til Kanada: Eyfirzkur Vestur-Íslendingur segir frá* (Akureyri: Prentsmiðja Björns Jónssonar, 1957).
- Jósef Björnsson (frá Svarfhóli). *Æskustöðvar* (Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja, 1954).
- Júníus H. Kristinsson. *Vesturfaraskrá 1870–1914* (Reykjavík: Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands, 1983).
- K.–r. „Eftir dúk og disk.“ *Bjarki*, 19. febrúar 1903, 2–3.
- K.–r. „Skólamál Austfirðinga.“ *Bjarki*, 31. desember 1896, 45.

- Kjósandi. „Heiðruðu kjósendur Seyðisfjarðarkaupstaðar.“ *Austri*, 8. mars 1909, 28.
- „Kjósendafundur Þingeyinga.“ *Austri*, 3. apríl 1900, 39.
- „Kjör vinnufólks í sveitum.“ *Alþýðublaðið*, 4. mars 1906, 25–26.
- Korsgaard, Ove. „How Grundtvig Became a Nation Builder.“ Í *Building the Nation: N.F.S. Grundtvig and Danish National Identity*, ritstj. John A. Hall, Ove Korsgaard og Ove A. Pedersen, 192–209 (Montreal og Kingston: McGill-Queen's University Press, 2015).
- Koselleck, Reinhart. *Futures Past: On the Semantics of Historical Time* (New York: Columbia University Press, 2004).
- Kosningaskýrslur 1874–1946*, 1. bindi (Reykjavík: Hagstofa Íslands, 1988).
- „Kosningaúrslitin.“ *Austri*, 20. mars 1909, 30.
- Kraftbirtingarhljómur guðdómsins: dagbók, sjálfsævisaga, bréf og kvæði Magnúsar Hj. Magnússonar skáldsins á Þróm*, Sigurður Gylfi Magnússon tók saman. Sýnisbók íslenskrar alþýðumenningar 2 (Reykjavík: Háskólaútgáfan, 1998).
- Kristbjörn Helgi Björnsson, ritstj. *4. íslenska sögubíðið 7.–10. júní 2012: Ráðstefnurit* (Reykjavík: Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands, 2013). Sótt 10. mars 2020.
https://skemman.is/bitstream/1946/17296/1/r%c3%a1%c3%b0stefnurit_9_final.pdf
- Kristleifur Þorsteinsson. *Héraðssaga Borgarfjarðar* (Reykjavík: Útgáfufélagin, 1935–1938).
- Kristleifur Þorsteinsson. *Úr byggðum Borgarfjarðar 1* (Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja, 1944).
- Kuismin, Anna og M.J. Driscoll, ritstj. *White Field, Black Seeds: Nordic Literacy Practices in the Long Nineteenth Century* (Helsinki: Finnish Literature Society (SKS), 2013).
- „Kvennafundurinn á Egilsstöðum.“ *Framsókn*, 4. október 1895, 37–38.
- „Kvennaskólamálið. Áskorun.“ *Framsókn*, 2. apríl 1895, 13.
- „Kvennfólk og pólitík.“ *Framsókn*, 2. ágúst 1895, 29–30.
- „Kæru landar.“ *Austri*, 10. ágúst 1891, 1–2.
- Land og fólk: Byggðasaga Norður-Þingeyinga* (Reykjavík: Búnaðarsamband Norður-Þingeyinga, 2003).
- Landsins útvöldu synir: Ritgerðir skólapilta Lærða skólans í íslenskum stíl 1846–1904*, Bragi Þorgrímur Ólafsson tók saman. Sýnisbók íslenskrar alþýðumenningar 7 (Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2004).
- Landsýfirjettardómar og hæstarjettardómar í íslenskum málum: Frá 1890–1894*, 4. bindi (Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja 1895).
- Liljewall, Britt. „Recollections of Reading and Writing. Another Picture of Swedish Literacy.“ Í *White Field, Black Seeds: Nordic Literacy Practices in the Long Nineteenth Century*, ritstj. Anna Kuismin og M.J. Driscoll, 30–39 (Helsinki: Finnish Literature Society (SKS), 2013).
- Loftur Guttormsson. *Almenningsfræðsla á Íslandi: Skólalæsi í bæ og sveit 1880–1945*, 1. bindi (Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2008).
- Loftur Guttormsson. „Framleiðsla og dreifing ritaðs máls.“ Í *Alþýðumenning á Íslandi 1830–1930: Ritað mál, menntun og félagsbreytingar*, ritstj. Ingi Sigurðsson og Loftur Guttormsson, Sagnfræðirannsóknir – Studia Historica, 18. bindi, 37–65 (Reykjavík: Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands, 2003).
- Loftur Guttormsson. „Frá kristindómslestri til móðurmáls: Hugmyndafræðileg hvörf í lestrarefni skólabarna um síðustu aldamót.“ *Uppeldi og menntun* 2 (1993): 9–23.

- Loftur Guttormsson. „Lestarahættir og bókmenning.“ Í *Alþýðumenning á Íslandi 1830–1930: Ritað mál, menntun og félagsbreyfingar*, ritstj. Ingi Sigurðsson og Loftur Guttormsson, Sagnfræðirannsóknir – Studia Historica, 18. bindi, 195–214 (Reykjavík: Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands, 2003).
- Loftur Guttormsson. „Rannsóknir í félagssögu 19. og 20. aldar.“ *Saga* 38 (2000): 135–160.
- Lovsamling for Island XVI* (Kjöbenhavn: Andr. Fred. Höst og Søn, 1871).
- Lovsamling for Island XXI* (Kjöbenhavn: Andr. Fred. Höst og Søn, 1871–1874).
- Lúðvík Kristjánsson, *Vestlendingar*, 1. bindi, 2. útgáfa (Hafnarfjörður: Skuggsjá, 1993).
- Lyons, Martyn. *The Writing Culture of Ordinary People in Europe, c. 1860–1920* (Cambridge: Cambridge University Press, 2013).
- Lýður Björnsson. *Saga sveitarstjórnar á Íslandi*, 2. bindi (Reykjavík: Almenna bókafélagið, 1979).
- Magnús Hólm Árnason. *Ljúfa vor: Bernskuminningar og eyfirþekkir þættir* (Akureyri: Prentsmiðja Björns Jónssonar hf., 1961).
- Magnús Gíslason. *Kvällsvaka: En isländsk kulturtradition belyst genom studier i bondebefolkningens vardagsliv och miljö under senare hälften av 1800-talet och början av 1900-talet* (Uppsala: Uppsala universitet, 1977).
- Magnús H. Helgason, ritstj. *Saga Borgarfjarðar eystra* (Borgarfjörður eystra: Söguhópurinn, 1995).
- Magnús Jónsson. „Bindindi.“ *Skuld*, 14. október 1878, d. 330–335.
- Magnús Jónsson. *Bindindisfræði handa Íslendingum* (Akureyri: 1884).
- [Magnús Jónsson] M.J. „Herhvöt gegn þjóðfjanda (óvini guðs og manna).“ *Skuld*, 7. júlí 1877, d. 41–43; 28. júlí 1877, d. 63–65; 27. september 1877, d. 86–88; 20. október 1877, d. 111–113; 3. nóvember 1877, d. 120–122.
- Magnús Jónsson. „Ritgjörð um bindindi.“ *Skuld*, 19. júlí 1878, d. 217–222.
- Magnús Jónsson. „Skólabindindi.“ *Skuld*, 31. október 1878, d. 362–367.
- Magnús Bl. Jónsson. *Endurminningar I: Bernska og námsár* (Reykjavík: Ljóðhús, 1980).
- Magnús Bl. Jónsson. *Endurminningar II: Prestur og bóndi* (Reykjavík: Ljóðhús, 1980).
- Magnús S. Magnússon. *Iceland in Transition: Labour and socio-economic change before 1940* (Lund: Ekonomisk-historiska föreningen i Lund, 1985).
- Magnús Snædal og Turið Sigurðardóttir, ritstj. *Frændafundur 7: Fyrirlestrar frá íslensk-færeyskri ráðstefnu í Reykjavík 21.–22. ágúst 2010* (Reykjavík: Hugvísindastofnun, 2012).
- „Mannfjöldi í einstökum byggðakjörnum og strjálbýli eftir landsvæðum ár hvert 1889–1990.“ Hagstofa Íslands. Sótt 6. febrúar 2020. www.hagstofa.is
- „Manntal 1901. Seyðisfjarðarkaupstaður.“ Sótt 18. desember 2019. <http://manntal.is/leit/%22marteinn%20bj%C3%B6rnsson%22/1901/1/1901/56743> og <http://manntal.is/leit/%22Benedikt%20Sigmundsson%22/1901/1/1901/56743,56771>.
- Maton, Karl. „Habitus.“ Í *Pierre Bourdieu: Key Concepts*, 2. útgáfa, ritstj. Michael Grenfell, 48–64 (London og New York: Routledge, 2012).
- Matthías Þórðarson. *Litið til baka: Endurminningar*, 1. bindi. *Æskuárin: Fiskeveiðar og önnur störf* (Reykjavík: Leiftur, 1946).
- Max. „Stjórnmál og alþingiskosningar 1911.“ *Austri*, 30. júlí 1911, 113.

- „Málaferli Lárusar sýslumanns.“ *Djóðviljinn ungi*, 15. september 1893, 110.
- „Málfundrinn 23. nóvbr. 1889 (út af „fyrirlestri“ hr. Gests Pálssonar: Um menntunarástandið á Íslandi).“ Í *Menntunarástandið á Íslandi: Fyrirlestur*, 1–37 (Reykjavík: Bókaverzlun Sigfúsar Eymundssonar, 1889).
- „Málsókn.“ *Djóðólfur*, 10. nóvember 1893, 210.
- Mill, John Stuart. *Frelsið* (Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2009).
- Mill, John Stuart. *Kúgun kvenna*, ritstj. Vilhjálmur Árnason og Ólafur Páll Jónsson (Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2003).
- Monika Magnúsdóttir. „Það var fæddur krakki í koti: Um fósturbörn og ómaga á síðari hluta nítjándu aldar.“ Í *Einsagan – ólíkar leiðir: Átta ritgerðir og eitt myndlistarverk*, ritstj. Erla Hulda Halldórsdóttir og Sigurður Gylfi Magnússon, 113–144 (Reykjavík: Háskólaútgáfan, 1998).
- Múlasýslur: Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839–1874* (Reykjavík: Sögufélag og Örnefnastofnun Íslands, 2000).
- Nanna Þorbjörg Lárusdóttir. „Góðtemplarareglan á Íslandi: Orð, athafnir og áhrif á íslenskt samfélag.“ *Saga* 54 (vor 2016): 13–54.
- „Neðanmálssagan.“ *Bjarki*, 4. desember 1897, 193.
- Nevers, Jeppe. *Fra skældsord til slagord: Demokratibegrebet i dansk politisk historie* (Odense: Syddansk Universitetsforlag, 2011).
- Neveu, Catherine, John Clarke, Kathleen Coll og Evelina Dagnino. „Introduction: Questioning Citizenships/Questions de citoyennetés.“ *Citizenship Studies* 15 (desember 2011): 945–964.
- Nielsen, Niels Kayser. *Bonde, stat og hjem: Nordisk demokrati og nationalisme – fra pietismen til 2. verdenskrig* (Aarhus: Aarhus Universitetsforlag, 2009).
- Nielsen, Niels Kayser. „Denmark 1740–1940: A Centralized Cultural Community.“ Í *Nordic Paths to Modernity*, ritstj. Jóhann Páll Árnason og Björn Wittrock, 69–88 (New York og Oxford: Berghahn Books, 2012).
- Olson, Kevin. „Deliberative democracy.“ Í *Jürgen Habermas Key Concepts*, ritstj. Barbara Fultner, 140–155 (Durham: Acumen, 2011).
- Ólafur R. Einarsson. *Upphaf íslenskrar verkahjðsbreyfingar 1887–1901* (Reykjavík: Menningar- og fræðslusamband alþýðu, 1970).
- Ólafur Jónsson. *Á tveimur jafnfljótum: Minningabættir*, 1. bindi (Reykjavík: Leiftur, 1971).
- Ólafur Ólafsson. *Heimilislífið: Fyrirlestur* (Reykjavík: Bræðrafélagið á Eyrarbakka, 1889).
- Ólafur Rastrick. „Lestrarkennsla og ritþjálfun í barnaskólum og alþýðlegum framhaldsskólum 1880–1930.“ Í *Alþýðumenning á Íslandi 1830–1930: Ritað mál, menntun og félagsbreyfingar*, ritstj. Ingi Sigurðsson og Loftur Guttormsson, Sagnfræðirannsóknir – Studia Historica, 18. bindi, 93–113 (Reykjavík: Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands, 2003).
- Óli Guðbrandsson. „Heydalaprestar.“ Í *Breiðdæla: Drög að sögu Breiðdals*, Jón Helgason og Stefán Einarsson gáfu út, 243–274 (Reykjavík: Nokkrir Breiðdælir, 1948).
- Ólöf Garðarsdóttir. „Þáttur Færeyinga og annars aðkomufólks í vexti og viðgangi Seyðisfjarðar um aldamótin 1900.“ Í *Frændafundur 7: Fyrirlestrar frá íslensko-færeyskri ráðstefnu í Reykjavík 21.–22. ágúst 2010*, ritstj. Magnús Snædal og Turið Sigurðardóttir, 11–21 (Reykjavík: Hugvísindastofnun, 2012).

- Páll Björnsson. *Jón forseti allur? Tákennyndir þjóðbetju frá andláti til samtíðar* (Reykjavík: Sögufélag, 2011).
- Páll Briem. „Um kosningar.“ *Eimreiðin* 6 (1900): 1–28.
- „Páll Melsteð, sjálfsævisaga.“ Í *Brautryðjendur: Þrjár sjálfsævisögur: Páll Melsted, Tryggvi Gunnarsson, Jón Ólafsson*, Vilhjálmur Þ. Gíslason sá um útgáfuna, 1–97 (Reykjavík: Bókfellsútgáfan, 1950).
- Páll Vigfússon [pistill um póstsamgöngur]. *Austri*, 19. mars 1884, d. 80.
- Pensky, Max. „Historical and Intellectual contexts.“ Í *Jürgen Habermas Key Concepts*, ritstj. Barbara Fultner, 13–32 (Durham: Acumen, 2011).
- „Persónulegt frelsi.“ *Framsókn*, [án dagsetningar] febrúar 1897, 5–6.
- [Pétur G. Guðmundsson] P.G.G. „Nokkrar athugasemdir.“ *Alþýðublaðið*, 25. ágúst 1906, 94–96.
- Pétur Ólafsson. *Æviminningar Péturs Ólafssonar bónda á Hranastöðum* (Akureyri: útgefendur Jónas Pétursson og Kristbjörg Pétursdóttir, 1987).
- Pétur Pétursson. *Church and Social Change: A Study of the Secularization Process in Iceland 1830–1930* (Reykjavík: 1990).
- Pétur Sigfússon. *Enginn ræður sínum naturstað: Endurminningar* (Akureyri: Bókaforlag Odds Björnssonar, 1962).
- „Póstar og póstaðgreiðsla.“ *Skuld*, 12. október 1877, d. 102–104.
- „Póstgöngur.“ *Austri*, 21. nóvember 1893, 125–126.
- „Póstgöngur.“ *Austri*, 8. janúar 1897, 2–3.
- Prestur. „Hálfyrði um íslenska alþýðumenntun.“ *Austri*, 25. júlí 1901, 89.
- Ragnheiður Kristjánsdóttir. „Eru atkvæðaseðlarnir við höndina? Páll Briem og reglur um kosningar.“ Í *Hugmyndaheimur Páls Briem*, ritstj. Ragnheiður Kristjánsdóttir og Sverrir Jakobsson, 135–163 (Reykjavík: Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands, 2019).
- Ragnheiður Kristjánsdóttir. *Nýtt fólk: Þjóðerni og verkafélagsstjórnun 1901–1944* (Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2008).
- Ragnheiður Kristjánsdóttir og Sverrir Jakobsson, ritstj. *Hugmyndaheimur Páls Briem* (Reykjavík: Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands, 2019).
- Ragnhildur Helgadóttir, Helgi Skúli Kjartansson og Þorsteinn Magnússon, ritstj. *Þingræði á Íslandi: Samtíð og saga* (Reykjavík: Forlagið, 2011).
- Salmi-Niklander, Kirsti. „Monologic, Dialogic, Collective: The Modes of Writing in Hand-Written Newspapers in 19th- and Early 20th-Century Finland.“ Í *White Field, Black Seeds: Nordic Literacy Practices in the Long Nineteenth Century*, ritstj. Anna Kuusmin og M.J. Driscoll, 76–88 (Helsinki: Finnish Literature Society (SKS), 2013).
- Samband austfirskra kvenna 60 ára: Afmálsrit* (Fellabær: Samband austfirskra kvenna, 1988).
- Sambandslög Ungmennafélaga Íslands* (Akureyri: 1907).
- „Samtök um blaðakaup.“ *Þjóðviljinn*, 19. september 1890, 2–3.
- Schubert, J. Daniel. „Suffering/symbolic violence.“ Í *Pierre Bourdieu: Key Concepts*, 2. útgáfa, ritstj. Michael Grenfell, 179–194 (London og New York: Routledge, 2012).

- Schudson, Michael. „Was There Ever a Public Sphere? If So, When? Reflections on the American Case.“ Í *Habermas and the Public Sphere*, ritstj. Craig Calhoun, 143–163 (Cambridge (MA) og London: The MIT Press, 1992).
- Sejersted, Francis. *The Age of Social Democracy: Norway and Sweden in the Twentieth Century* (Princeton og Oxford: Princeton University Press, 2011).
- Sigfús Blöndal. *Endurminningar* (Reykjavík: Hlaðbúð, 1960).
- Sigríður Th. Erlendsdóttir. *Veröld sem ég vil: Saga Kvenréttindafélags Íslands 1907–1992* (Reykjavík: Kvenréttindafélag Íslands, 1993).
- Sigríður Matthíasdóttir. *Hinn sanni Íslendingur: Þjóðerni, kyngervi og vald á Íslandi 1900–1930* (Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2004).
- Sigríður Matthíasdóttir. „Karlar og viðhorf þeirra til kvenréttinda á Íslandi um aldamótin 1900.“ *Ritið* 8 (2008:1): 33–61.
- Sigríður Matthíasdóttir. „Uppnám og uppbrot: Kvenfrelsisstefnan á árunum 1907–1911 og þáttur Hins íslenska kvenfélags.“ Í *Kosningaréttur kvenna 90 ára: Erindi frá málþingi 20. maí 2005*, ritstj. Auður Styrkarsdóttir og Kristín Ástgeirsdóttir, 65–77 (Reykjavík: Kvennasögusafn Íslands og Rannsóknastofa í kvenna- og kynjafræðum, 2005).
- Sigríður Matthíasdóttir og Þorgerður Einarsdóttir. „Auðmagn sem erfist og kynslóðir vesturfarakvenna: Athafnasemi og þverþjóðleiki.“ *Saga* 56 (vor 2018): 182–212.
- [Sigríður Þorsteinsdóttir og Ingibjörg Skaptadóttir, án titils] *Framsókn*, 8. janúar 1895, 2–3.
- Sigrún Alba Sigurðardóttir. *Elskelega móðir mín, systir, bróðir, faðir og sonur: Fjölskyldubréf frá 19. öld*. Sýnisbók íslenskrar alþýðumenningar 3 (Reykjavík: Háskólaútgáfan, 1999).
- Sigurður Árnason. *Með straumnum: Nokkrar æviminningar* (Reykjavík: Bókaútgáfa Guðjóns Ó. Guðjónssonar, 1950).
- [Sigurður Baldvinsson] Angantýr. „Þingmannsefni Seyðfirðinga.“ *Austri*, 8. mars 1909, 27.
- Sigurður Jónsson. „Dagskrá.“ *Austri*, 30. apríl 1897, 45–46.
- Sigurður Gylfi Magnússon. „Alþýðumenning á Íslandi 1850–1940.“ Í *Íslensk þjóðfélagsþróun 1880–1990: Ritgerðir*, ritstj. Guðmundur Hálfðanarson og Svanur Kristjánsson, 265–320 (Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands og Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands, 1993).
- Sigurður Gylfi Magnússon. „Kynjasögur á 19. og 20. öld? Hlutverkaskipan í íslensku samfélagi.“ *Saga* 35 (1997): 137–177.
- Sigurður Gylfi Magnússon. *Menntun, ást og sorg: Einsögurannsókn á íslensku sveitasamfélagi 19. og 20. aldar*, Sagnfræðirannsóknir – Studia Historica, 13. bindi (Reykjavík: Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands og Háskólaútgáfan, 1997).
- Sigurður Gylfi Magnússon. „Sársaukans land: Vesturheimsferðir og íslensk hugsun.“ Í *Burt – og meir en bjarleik: Dagbækur og persónuleg skrif Vesturheimsfara á síðari hluta 19. aldar*. Sýnisbók íslenskrar alþýðumenningar 5, 13–69 (Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2001).
- Sigurður Gylfi Magnússon. „Siðferðilegar fyrirmyndir á 19. öld.“ *Ný saga* 7 (1995): 57–71.
- Sigurður Gylfi Magnússon. *Sjálfssögur: Minni, minningar og saga*. Sýnisbók íslenskrar alþýðumenningar 11 (Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2005).

- Sigurður Gylfi Magnússon. *Wasteland with Words: A Social History of Iceland* (London: Reaktion Books, 2010).
- Sigurður Gylfi Magnússon og Davíð Ólafsson. *Minor Knowledge and Microhistory: Manuscript Culture in the Nineteenth Century* (London: Routledge, 2017).
- Sigurður Línadal og Pétur Hrafn Árnason, ritstj. *Saga Íslands IX* (Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag og Sögufélag, 2008).
- Sigurður Línadal og Pétur Hrafn Árnason, ritstj. *Saga Íslands X* (Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag og Sögufélag, 2009).
- Sigurður Óskar Pálsson. „Matsöfnunarfélag í Fljótsdal.“ *Múlaping* 12 (1982): 192–203.
- Silja Aðalsteinsdóttir. *Skáldið sem sólin kyssti: Ævisaga Guðmundar Böðvarssonar* (Reykjavík: Hörpuútgáfan, 1994).
- [Skapti Jósefsson] „Dymbilviku-undrin á Seyðisfirði.“ *Austri*, 23. apríl 1896, 42–44.
- Skapti Jósefsson. „Frá alþingi.“ *Austri*, 28. ágúst 1897, 94–95.
- Skapti Jósefsson. „Kæru landar!“ *Austri*, 10. ágúst 1891, 1–2.
- [Skapti Jósefsson] „Þingmannaefni.“ *Austri*, 1. september 1900, 110.
- Skapti Jósefsson [án titils]. *Austri*, 9. september 1896, 96.
- Skirbekk, Gunnar. „Alternative Processes of Modernization?“ Í *Nordic Paths to Modernity*, ritstj. Jóhann Páll Árnason og Björn Wittrock, 167–190 (New York og Oxford: Berghahn Books, 2012).
- „Skýrsla eftir Jónas Eiríksson búfræðing um ferð hans um nokkrar sveitir í Suður-Múlasýslu sumarið 1879.“ *Skuld*, 2. desember 1879, d. 312–314.
- Smári Geirsson. *Frá eldsmíði til eleksírs: Iðnsaga Austurlands, fyrri hluti*, ritstj. Jón Böðvarsson. Safn til Iðnsögu Íslendinga, 4. bindi A (Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 1989).
- Smári Geirsson. *Norðfjarðarsaga II: Frá 1895–1929*, 2. hluti (Fjarðabyggð: Bókaútgáfan Hólar, 2009).
- Smári Geirsson. *Stórhvalaveiðar við Ísland til 1915* (Reykjavík: Sögufélag, 2015).
- Snorri Sigfússon. *Ferðin frá Brekku: Minningar*, 1. bindi (Reykjavík: Iðunn, 1968).
- Snæbjörn Arnljótsson. „Áskorun.“ *Austri*, 16. janúar 1902, 5–6.
- Steingrímur Jónsson. „Yfirlit um þróun bókasafna á Íslandi.“ *Saga* 21 (1983): 162–183.
- Steinþór Þórðarson (á Hala). *Nú – Nú, bókin sem aldrei var skrifuð* (Reykjavík: Bókaútgáfa Guðjóns Ó. Guðjónssonar, 1970).
- Stenius, Henrik. „Paradoxes of the Finnish Political Culture.“ Í *Nordic Paths to Modernity*, ritstj. Jóhann Páll Árnason og Björn Wittrock, 207–228 (New York og Oxford: Berghahn Books, 2012).
- „Stjórnarskrármálið.“ *Bjarki*, 17. júní 1899, 94.
- Stjórnartíðindi* 1915.
- Stråth, Bo. „Nordic Modernity: Origins, Trajectories, Perspectives.“ Í *Nordic Paths to Modernity*, ritstj. Jóhann Páll Árnason og Björn Wittrock, 25–48 (New York og Oxford: Berghahn Books, 2012).
- Sumarliði R. Ísleifsson. *Í samtök: Saga Alþýðusambands Íslands 1* (Reykjavík: Forlagið og ASÍ, 2013).
- Svanur Kristjánsson. „Ísland á leið til lýðræðis: Frá kvenfrelsi og frjálsræði til feðraveldis.“ *Ritið* 8 (2008:1): 63–90.

Svanur Kristjánsson. „Íslensk kvennahreyfing, valdakarlar og þróun lýðræðis 1907–1927.“ *Saga* 47 (haust 2009): 89–115.

Svanur Kristjánsson. „Stofnun lýðveldis – nýsköpun lýðræðis.“ *Skírnir* 176 (vor 2002): 7–45.

Svavar Hávarðsson. „Dauðastund: Glíma Björns Halldórssonar í Loðmundarfirði við líf og dauða.“ *Einsagan – ólíkar leiðir: Átta ritgerðir og eitt myndlistarverk*, ritstj. Erla Hulda Halldórsdóttir og Sigurður Gylfi Magnússon, 195–223 (Reykjavík: Háskólaútgáfan, 1998).

„Svar til Jóns Jónssonar í Húsey.“ *Austri*, 2. maí 1887, 19.

Sveinn Máni Jóhannesson. „Farsældarríki Jóns Sigurðssonar: Ríkisvísindi og ríkisþróun frá endurreisn Alþingis til byltinganna árið 1848.“ *Saga* 57 (haust 2019): 51–82.

[Svör ritstjóra við fyrirspurnum lesenda] *Austri*, 23. desember 1892, 139; 10. mars 1894, 25.; *Bjarki*, 12. desember 1896, 39; 31. desember 1896, 47.

Sørensen, Øystein og Bo Stråth. „Introduction.“ Í *The Cultural Construction of Norden*, ritstj. Øystein Sørensen og Bo Stråth, 1–24 (Oslo: Scandinavian University Press, 1997).

Sørensen, Øystein og Bo Stråth, ritstj. *The Cultural Construction of Norden* (Oslo: Scandinavian University Press, 1997).

Tarrow, Sidney. *Power in Movement: Social Movements and Contentious Politics*, 2. útgáfa (Cambridge: Cambridge University Press, 1998).

Thomson, Patricia. „Field.“ Í *Pierre Bourdieu: Key Concepts*, 2. útgáfa, ritstj. Michael Grenfell, 65–80 (London og New York: Routledge, 2012).

„Til kaupenda Bjarka.“ *Bjarki*, 9. október 1896, 1.

„Til kaupenda Bjarka.“ *Bjarki*, 11. nóvember 1899, 177.

„Til lesanda vorra og kaupanda.“ *Skuld*, 24. ágúst 1877, d. 71–72.

Tilly, Charles. *Democracy* (Cambridge: Cambridge University Press, 2007).

Tilly, Charles. „Social Movements and Democratisation.“ Í *Between Sociology and History: Essays on Microhistory, Collective Action, and Nation-Building*, ritstj. Anna-Maija Castrén, Markku Lonkila, and Matti Peltonen, 177–193 (Helsinki: Finnish Literature Society (SKS), 2004).

Tilly, Charles. „Trust and rule.“ *Theory and Society* 33 (2004:1): 1–30.

Tilly, Charles og Lesley J. Wood. *Social Movements, 1768–2008* (London: Paradigm Publishers, 2009).

Torfi Þorsteinsson. *Lífsmörk í spori: Minningar og fróðleikspættir* (Akureyri: Skjaldborg, 1982).

Turunen, Risto. „From the Object to the Subject of History: Writing Factory Workers in Finland in the Early 20th Century.“ Í *Handwritten Newspapers: An Alternative Medium during the Early Modern and Modern Periods*, ritstj. Heiko Droste og Kirsti Salmi-Niklander. *Studia Fennica Historica* 26, 170–192 (Helsinki: Finnish Literature Society (SKS), 2019).

„Um félagsskap (aðfengin grein).“ *Fróði*, 31. mars 1880, d. 88–90; 16. apríl 1880, d. 101–102; 20. apríl 1880, d. 112–113.

„Um kvennaskóla.“ *Framsókn*, 2. mars 1895, 9–10.

„Um póstmál.“ *Austri*, 24. nóvember 1884, d. 293–295.

Úlfar Bragason. *Frelsi, menning, framför: Um bréf og greinar Jóns Halldórssonar* (Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2017).

- „Úr æviminningum Kristjáns Jónssonar Vopna.“ *Múlaping* 41 (2015): 46–59.
- Valdimar Ásmundsson. „Til kaupenda og lesenda.“ *Fjallkonan*, 29. febrúar 1884, 1–2.
- Verkamaður. „Kartöflurækt verslunarmannafélagsins.“ *Bjarki*, 6. mars 1903, 1–2.
- „Verkamannafélag Seyðisfjarðar.“ *Bjarki*, 29. apríl 1897, 65–66.
- „Verslun með ungar stúlkur.“ *Bjarki*, 15. janúar 1897, 7.
- Viðar Hreinsson. *Gæfuleit: Ævisaga Þorsteins M. Jónssonar* (Akureyri: Bókaútgáfan Hólar, 2005).
- Viðstaddur. „Leiðarþing.“ *Austri*, 20. desember 1905, 161–162.
- Vigfús Guðmundsson. *Æskudagar, hjarðmaður í „Villta vestrinu“ og á Borgarfjarðarheiðum* (Reykjavík: Bókaútgáfan Einbúi, 1960).
- Vigfús Ólafsson. „Áskorun.“ *Bjarki*, 20. mars 1897, 43.
- Vilhelm Vilhelmsson. „Siðspillandi lögbrot.“ Í *Hugmyndabeimur Páls Briem*, ritstj. Ragnheiður Kristjánsdóttir og Sverrir Jakobsson, 165–193 (Reykjavík: Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands, 2019).
- Vilhelm Vilhelmsson. *Sjálfstætt fólk: Vistarband og íslenskt samfélag á 19. öld* (Reykjavík: Sögufélag, 2017).
- Vilhjálmur Finsen. „Morgunblaðið.“ *Morgunblaðið*, 2. nóvember 1913, 1.
- Vilhjálmur Hjálmarsson. *Mjófirðingasögur*, 1. hluti (Reykjavík: Bókaútgáfa Menningarsjóðs, 1987).
- Vilhjálmur Þ. Gíslason. *Blöð og blaðamenn 1773–1944* (Reykjavík: Almenna bókafélagið, 1972).
- Vilhjálmur Þ. Gíslason. „Íslensk blaðamenska: Hundrað og fimtíu ára minning.“ *Eimreiðin* 29 (1923:5–6): 330–350.
- Vilhjálmur S. Vilhjálmsson. *Heim til Íslands: Endurminningar hjónanna Elísabetar Helgadóttur og Thor J. Brand* (Reykjavík: Setberg, 1967).
- Warner, Michael. „The Mass Public and the Mass Subject.“ Í *Habermas and the Public Sphere*, ritstj. Craig Calhoun, 377–401 (Cambridge (MA) og London: The MIT Press, 1992).
- Weale, Albert. *Democracy*, 2. útgáfa (New York: Palgrave MacMillan, 2007).
- „Þingmálafundur.“ *Austri*, 23. október 1911, 156.
- „Þingmennska lögð niður.“ *Ísafold*, 25. maí 1887, 93.
- „Þjóðhættir. Þjóðháttaskráning Þjóðminjasafnsins. 40. Spurningaskrá, þættir um kirkju og prest. Nóvember 1979.“ Sarpur. Menningarsögulegt gagnasafn. Sótt 20. maí 2019, <https://sarpur.is/Spurningaskra.aspx?ID=531398>
- Þorgerður H. Þorvaldsdóttir. „„Því miður eruð þér ekki á kjörskrá.“ Samtíðin sem greiningartæki í sagnfræði.“ *Saga* 55 (vor 2017): 74–112.
- Þorkell Bjarnason. „Fyrir 40 árum.“ *Tímarit hins íslenska bókmenntafélags* 13 (1892): 170–258.
- Þorleifur Friðriksson. *Við brún nýs dags: Saga Verkamannafélagsins Dagsbrúnar 1906–1930* (Reykjavík: Efling stéttarfélag og Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands, 2007).
- Þorleifur Jóakimsson (Jackson). „Íslenskar sagnir: Minningar úr Hjaltastaðarþinghá 1851–1876.“ *Goðasteinn* 12 (1973:2): 53–54.
- Þorsteinn Erlingsson. „Alþýðumentun.“ *Bjarki*, 3. júlí 1897, 105–106; 9. júlí 1897, 109–110; 6. ágúst 1897, 125–126.
- Þorsteinn Erlingsson. „Seyðisfjörður um aldamótin 1900.“ *Eimreiðin* 8 (1902): 189–199.

- Þorsteinn Erlingsson. „Seyðisfjörður um aldamótin 1900.“ *Eimreiðin* 9 (1903): 85–110.
- Þorsteinn Gíslason. „Ávarp.“ *Löggrjetta*, 1. janúar 1906, 1.
- Þorsteinn Gíslason. „Jón Ólafsson blaðamaður.“ *Iðunn – Nýr flokkur* 5 (1919:1–2): 50–74.
- Þorsteinn Gíslason. „Tímarit – blöð.“ *Bjarki*, 16. júní 1900, 93–94; 30. júní 1900, 101.
- [Þorsteinn Gíslason] „Tímarit – blöð – skólar.“ *Bjarki*, 24. febrúar 1900, 25–26; 3. mars 1900, 29.
- Þorsteinn Stefánsson. „Verzlun í Breiðdal.“ Í *Breiðdala: Drög að sögu Breiðdals*, Jón Helgason og Stefán Einarsson gáfu út, 179–190 (Reykjavík: Nokkrir Breiðdælir, 1948).
- Þorvaldur Thoroddsen. *Ferðabók: Skýrslur um rannsóknir á Íslandi 1882–1898*, 1.–4. bindi (Kaupmannahöfn: Hið íslenska fræðafélag, 1913–1915).
- Þorvaldur Thoroddsen. „Hugleiðingar um aldamótin. Tveir fyrirlestrar.“ *Andvari* 26 (1901): 1–52.
- Þorvaldur Thoroddsen. *Lýsing Íslands*, 1.–4. bindi (Kaupmannahöfn: Hið íslenska bókmenntafélag, 1908–1922).
- Þorvaldur Thoroddsen. *Minningabók*, 1. bindi (Kaupmannahöfn: Hið íslenska bókmenntafélag, 1922).
- [Þorvarður Kjerúlf] „Kvennfrelsi og afnám vistarskyldunnar.“ *Austri*, 7. desember 1892, 129–130; 16. desember 1892, 134–135.
- Þorvarður Kjerúlf. „Vistarbandsmálið: Svar til Jóns á Sleðbrjót.“ *Fjallkonan*, 5. apríl 1893, 53–54; 11. apríl 1893, 58–59.
- Þorvarður Kjerúlf [án titils]. *Austri*, 20. júní 1893, 66.
- Þórarinn Gr. Víkingur. *Komið víða við: Endurminningar og sagnapættir* (Akureyri: Bókaútgáfan Norðri, 1954).
- Þórunn Valdimarsdóttir. „Öld frelsis, lýðvalds og jafnaðar.“ Í *Til móts við nútímann: Kristni á Íslandi*, 4. bindi, 11–195 (Reykjavík: Alþingi, 2000).
- Þórunn Valdimarsdóttir og Pétur Pétursson. *Til móts við nútímann: Kristni á Íslandi*, 4. bindi (Reykjavík: Alþingi, 2000).
- Ögmundur Helgason. *Norðfarðarsaga I: Frá upphafi byggðar til 1895* (Fjarðabyggð: Bókaútgáfan Hólar, 2006).
- Østergård, Uffe. „The Danish Path to Modernity.“ Í *Nordic Paths to Modernity*, ritstj. Jóhann Páll Árnason og Björn Wittrock, 49–68 (New York og Oxford: Berghahn Books, 2012).

Viðauki 1: Austfirsk þjóðmálablöð 1874–1915

Útgáfa austfirska þjóðmálablaða var samfelld frá árinu 1877 (er *Skuld* hóf útgáfu) til loka rannsóknartímans, að undanskildum árunum 1888–1890 (frá því að fyrri *Austri* hætti útgáfu þar til sá síðari hóf útgáfu). Þessum viðauka er ætlað að draga saman grunnupplýsingar um hvert blað til skýringar fyrir lesendur. Hér birtast upplýsingar um útgáfutíma, útgáfustað, ritstjóra, eigendur og pólitískar áherslur hvers blaðs. Ítarlegri upplýsingar er að finna í meginmáli ritgerðarinnar, einkum í kafla 4.3.

***Skuld* (1877–1883)** var fyrsta þjóðmálablaðið sem gefið var út á Austurlandi og kom fyrsta tölublað þess út í maí 1877. *Skuld* var gefin út á Eskifirði og var prentsmiðja flutt inn frá Danmörku skömmu áður en útgáfa hófst. Jón Ólafsson (1850–1916) skáld og alþingismaður var ritstjóri blaðsins allan útgáfutíma þess. Hver eða hverjir stóðu að rekstri *Skuldar* og prentsmiðjunnar er ekki ljóst en leiddar hafa verið líkur að því að hvort tveggja hafi verið eign Carls Tulínúasar kaupmanns á Eskifirði, a.m.k. til að byrja með. *Skuld* varð snemma umdeilt blað, enda hikaði Jón ekki við að beina spjótum sínum að venjum og valdsmönnum. Hann komst því fljótt upp á kant við marga helstu forystumenn fjórðungsins. Jón aflaði sér allnokkurra óvinsælda en þeir voru líka til eystra sem litu til áhrifa hans með velþóknun. *Skuld* var gefin út á Eskifirði í rúm þrjú ár eða til október 1880. Jón hélt áfram útgáfu í rúm tvö ár, fyrst í Kaupmannahöfn og svo í Reykjavík. Skömmu eftir að Jón keypti *Þjóðólf*, síðla árs 1882, sameinaði hann blöðin undir nafni *Þjóðólfs* og lauk þá útgáfu *Skuldar*.

***Austri* (1883–1888)** hóf útgáfu á Seyðisfirði skömmu fyrir árslok 1883. Eftir að útgáfu *Skuldar* lauk á Eskifirði lá prentsmiðjan þar ónotuð þar til þá nýstofnað Prentfélag Austfirðinga keypti hana. Deildar meiningar eru um hverjir voru ráðandi í félaginu og höfðu forgöngu um stofnun þess. Eru þar ýmist nefndir forsvarsmenn Gránufélagsins á Austurlandi eða samtök meðal íbúa fjórðungsins. Ritstjóri og ábyrgðarmaður *Austra* fram á fyrri helming árs 1885 var Páll Vigfússon (1851–1885) á Hallormsstað en að honum látnum tók Sigurður Jónsson (1849–1896) verslunarstjóri Gránufélagsins á Seyðisfirði við ritstjórn og stýrði hann blaðinu þar til útgáfu þess lauk snemma árs 1888. Útgáfa *Austra* var af hálfu útgefenda sett í samhengi við sjálfstæði fjórðungsins og framfarir innan hans. Blaðið var frá upphafi mun afmarkaðra við austfirsk málefni en *Skuld* hafði verið en má þó engu að síður flokka sem þjóðmálablað.

***Austri* (1891–1917)** var langlífasta austfirska þjóðmálablað rannsóknartímans. Norski athafnamaðurinn Otto Wathne leigði prentsmiðju Prentfélags Austfirðinga árið 1891 og hóf útgáfu *Austra*, nýs blaðs með gömlu nafni. Fyrsta tölublaðið kom út í ágúst 1891. Þó *Austri* væri upphaflega í eigu Wathne eignaðist Skapti Jósefsson (1839–1905) ritstjóri blaðsins það strax á öðru ári útgáfunnar og var *Austri* í eigu Skapta og síðar fjölskyldu hans til loka útgáfunnar árið 1917. Að föður sínum látnum varð Þorsteinn J.G. Skaptason (1873–1915) ritstjóri blaðsins. Líklegt verður þó að telja að móðir hans og systir, sem áður ritstýrðu *Framsókn*, hafi ritstýrt blaðinu með Þorsteini. Eftir að átök heimastjórnarmanna og Valtýinga hófust tók *Austri* brátt afgerandi afstöðu með heimastjórnarmönnum og málflutningi þeirra og var það meginástæða átaka milli *Austra* og *Bjarka*. Þessi tvö seyðfirsku blöð stóðu á margan hátt fyrir ólíka samfélagssýn á tímum róttækra breytinga. *Austri* stóð frekar fyrir ríkjandi samfélagsgerð, þar sem landbúnaður var álitin aðalatvinnugrein en sjávarútvegur og verslun skör neðar, meðan *Bjarki* tók fremur málstað útgerðar og vaxandi þéttbýlis.

Framsókn (1895–1899) var gefin út á Seyðisfirði á árunum 1895–1899 af mæðgunum Sigríði Þorsteinsdóttur (1841–1924) og Ingibjörgu Skaptadóttur (1867–1945) sem jafnframt voru eigendur blaðsins. Sigríður var eiginkona Skapta Jósefssonar ritstjóra *Austra* og Ingibjörg dóttir þeirra hjóna. *Framsókn* beitti sér fyrir auknum réttindum kvenna og styrkari stöðu þeirra í samfélaginu. Bætt siðferði og boðun bindindis og kristilegra gilda voru líka mikilvægir þættir í efni blaðsins, ekki síst ritstjórnarefnis. *Framsókn* stóð hins vegar utan við háværustu pólitísku deilur samtímans. Sigríður og Ingibjörg seldu *Framsókn* til Reykjavíkur snemma árs 1899 og þar var blaðið gefið út til ársins 1901.

Bjarki (1896–1904) kom út á Seyðisfirði og hófst útgáfa blaðsins í október 1896. Stofnun *Bjarka* var sprottin upp úr innbyrðis valdatogstreitu á Seyðisfirði og meginátökum í stjórnámálum þess tíma, milli heimastjórnarmanna og Valtýinga. *Bjarki* var stofnaður fyrir forgöngu tveggja kaupmanna á Seyðisfirði sem studdu málstað Valtýs Guðmundssonar í sambandsmálinu við Dani og virðast fleiri Valtýingar á Seyðisfirði hafa tekið þátt í rekstri blaðsins með þeim. Þorsteinn Erlingsson (1858–1914) skáld var fyrsti ritstjóri *Bjarka*. Árið 1900 kom Þorsteinn Gíslason (1867–1938) að ritstjórn blaðsins með nafna sínum og tók svo við blaðinu eftir að Þorsteinn Erlingsson fluttist frá Seyðisfirði um áramótin 1900–1901. *Bjarki* virðist hafa höfðað betur til yngra fólks en *Austri* sem almennt séð var mun íhaldssamara blað og höfðingjahollara. *Bjarki* var gefinn út til ársins 1904 en þá var útgáfunni hætt og virðast fjárhagslegar ástæður hafa ráðið þar mestu.

Dagfari (1906–1907) hóf útgáfu á Eskifirði í byrjun árs 1906. Ritstjóri var Ari Jónsson (1872–1957), þá nýútskrifaður lögfræðingur frá Kaupmannahafnarháskóla og fyrrum blaðamaður hjá *Verdens gang* í Noregi. Hann var jafnframt skráður eigandi blaðsins. Óhætt er að kalla *Dagfara* andófsblað. Ýmis konar samfélagsleg gagnrýni var fyrirferðarmikil í blaðinu, bæði í skrifum ritstjórans sem og í mörgum aðsendum greinum. Blaðið rak opinberan áróður fyrir tilteknum pólitískum málstað (landvarnarstefnunni) og bar sá áróður á köflum aðra þjóðmálaumræðu ofurlíði á síðum þess. Í febrúar 1907 neituðu eigendur Prentsmiðju Eskifjarðar að prenta *Dagfara* og varð það endirinn á útgáfu blaðsins. Það átti þá yfir höfði sér málsókn vegna meiðyrða.

Austurland (1907–1908) var gefið út á Eskifirði og hófst útgáfa blaðsins í byrjun ágúst 1907. Ábyrgðarmaður þess var Björn Jónsson (1854–1920) blaðaútgefandi á Akureyri en óvíst er hvort hann átti blaðið. *Austurland* var gagnrýnið á íslensk samtímastjórnámál sem þá tóku enn mjög mið af sambandsmálinu. Blaðið birti fréttir og greinar sem komu málstað verkafólks og lausamanna til varnar en var líka jákvætt í garð kaupmanna. *Austurland* var blað sem bar hagsmuni bæja og sjávarþorpa einkum fyrir brjósti. Útgáfu *Austurlands* lauk í október 1908 en hún hafði þá verið óregluleg síðustu mánuðina. Í kjölfar þess var prentun hætt á Eskifirði og prentsmiðjan seld til Reykjavíkur.